Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		

		18. gr.	
		þús. kr.	þús. kr.
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Steinunn Tómasdóttir	10000.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Sveindís Hansdóttir	6000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	6000.00		
Þóra Sigurðardóttir	6000.00		
Þóra Skaftason	6000.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	9000.00		
Þórey Jóhannsdóttir	6000.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
		1 545	
c. Barnastyrkur:			
Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur		6	
			4 194
III. Framlög ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna			42 000
IV. Framlag ríkissjóðs til uppbóta á lífeyri			51 000
V. Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. I. a. og II.			4 079
Samtals		. . .	102 115

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	þús. kr.	þús. kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði		478 000
2. Til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		248 000
3. Útgjöld samkvæmt 22. og 24. gr.		5 000
4. Launaskattur		17 000
5. Fyrningar		8 000
6. Kostnaður við kjarasamninga		1 000
7. Hækkun útgjalda vegna launahækkunar		108 000
8. Til óvissra útgjalda		20 000
Samtals ...	. . .	885 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	þús. kr.	þús. kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		6 000
Samtals ...	. . .	6 100
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs		16 166
II. Framlag til ríkisábyrgðasjóðs		50 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 600
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		4 500
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		480
VI. 1. Til viðbyggingar við Landspítalann	15 000	
2. Til áhaldakaupa í viðbygg. við Landspítalann	5 600	
3. Til byggingar eldhúss fyrir Landspítalann ..	13 000	
4. Til byggingar þvottahúss fyrir ríkisspítalana .	3 200	
5. Til byggingar fávitahælis	400	
6. Til byggingar ketilhúss o. fl. fyrir geðveikrahælið á Kleppi (lokagreiðsla)	900	
7. Til viðbyggingar við fæðingardeild Landspítalans	1 600	
		39 700
VII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		2 400
VIII. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		18 580
IX. Til sjúkraflugvalla		400
X. Til byggingar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands		1 500
XI. 1. Til bygginga við Menntaskólann á Akureyri	6 000	
2. Til byggingar menntaskóla í Reykjavík	6 000	
3. Til bygginga Menntaskólans á Laugarvatni	6 000	
4. Til byggingar Sjómannaskólans	640	
5. Til bygginga að Hólum	800	
6. Til byggingar æfingaskóla við Kennaraskóla Íslands	5 000	
7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum .	2 000	
8. Til byggingar hjúkrunarskóla	340	
9. Til byggingar fyrir bændaskólann á Hvanneyri	3 200	
10. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	20	
11. Til Íþróttakennaraskóla Íslands	1 000	
12. Tækniskólinn, stofnkostnaður	3 500	

	20. gr.	
	þús. kr.	þús. kr.
13. Til byggingar menntaskóla á Ísafirði	1 500	
14. Til byggingar menntaskóla á Austurlandi	1 500	
		37 500
XII. Til bygginga á prestssetrum		4 000
XIII. Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		175
XIV. Til útihúsa á prestssetrum		560
XV. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		2 400
XVI. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		3 500
XVII. Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri (lokagr.)		600
XVIII. Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		2 000
XIX. Til kaupa á Skaftafelli í Öræfum		360
XX. Til rannsóknarstofnunar landbúnaðarins vegna byggingar á Hvanneyri		300
XXI. Til byggingar upptökuheimilis í Kópavogi		850
XXII. Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, sem ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs		160
XXIII. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		400
XXIV. Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum		75
XXV. Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		400
XXVI. Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna .		2 000
XXVII. Til greiðslu á afborgunum og vöxtum af láni til kaupa á varðskipinu Óðni (lokagreiðsla)		3 450
XXVIII. Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		400
XXIX. Til byggingar biskupsbústaðar		240
XXX. Til byggingar prestsseturs í Odda		800
XXXI. Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða ..		85
XXXII. Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða		4 000
XXXIII. Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til byggingar vitaskips (lokagreiðsla)		900
XXXIV. Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði		6 240
XXXV. Til byggingar handritahúss		3 200
XXXVI. Til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Austurlandsumdæmis		500
XXXVII. Til byggingar norræns húss í Reykjavík		1 900
XXXVIII. Til byggingar á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni		125
XXXIX. Til byggingar íbúðarhúss fyrir forstöðumann vinnuhælisins að Kvíabryggju		250
XL. Til kaupa á Mávahlíð í Lundarreykjadal fyrir fjárræktarbúið að Hesti (lokagreiðsla)		200
XLI. Til greiðslu á stofnkostnaði holdanauta- og hænsnabús á Bessastöðum		370
XLII. Til byggingar háloftastöðvar á Keflavíkurflugvelli		1 076
XLIII. Til aukningar hlutafjár í Flugfélagi Íslands, fyrsta greiðsla af þrem		1 734
XLIV. Til atvinnujöfnunarsjóðs		15 000

	20. gr.	
	þús. kr.	þús. kr.
XLV. Til undirbúnings byggingar fyrir Veðurstofu Íslands		300
XLVI. Til lánasjóðs sveitarfélaga		5 000
Samtals ...	. . .	236 376

21. gr

I. Rekstrar

		þús. kr.	þús. kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		4 063 600
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		549 430
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		8 000
5. gr.	Óvissar tekjur		25 000
	Samtals ...	. . .	4 646 105

II. Sjóðs

		þús. kr
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	4 646 105
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	6 000
	Samtals ...	4 652 205

firlit.

firlit. 21. gr.

		Gjöld:	þús. kr.	þús. kr.
7. gr.		Vextir		11 008
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		3 359
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		36 790
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		107 526
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	249 181	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	98 439	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	5 200	
				352 820
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		213 323
13. gr.	A.	Vegamál	500	
—	B.	Samgöngur á sjó	38 192	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	79 732	
—	D.	Flugmál	27 546	
—	E.	Veðurþjónusta	12 932	
—	F.	Ýmis mál	16 356	
				175 258
14. gr.	A.	Kennslumál	646 063	
—	B.	Til opinb. safna, bókaútgáfu, listastarfsemi o. fl.	51 098	
				697 161
15. gr.		Kirkjumál		43 511
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	221 463	
—	B.	Sjávarútvegsmál	236 595	
—	C.	Iðnaðarmál	19 425	
—	D.	Raforkumál	53 117	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	40 552	
				571 152
17. gr.		Til félagsmála		1 066 016
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		102 115
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		885 000
		Rekstrarafgangur		381 066
		Samtals	. . .	4 646 105

firlit.

	Út:	þús. kr.
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	4 265 039
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána og til eignaaukningar	236 376
	Greiðslujöfnuður	150 790
	Samtals	4 652 205

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavarna hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1967 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í norðurhöfum.

VII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

VIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

IX. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

X. Að ákveða, að ein króna af tekjum Landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XI. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkissjóður setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XIII. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengu við gildistöku laga nr. 29/1963.

XIV. Að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

XV. Að kaupa upplag og útgáfurétt Geodætisk Institut að íslenzkum landakortum fyrir allt að kr. 700 þús.

XVI. Að kaupa fasteignir Sambands íslenzkra samvinnufélaga við Kirkjustræti, vestan Alþingishúss.

XVII. Að kaupa hús til afnota sem vistheimili fyrir sjúklinga af Kleppsspítala, allt að kr. 6 millj.

XVIII. Að endurgreiða Rannsóknastofnun iðnaðarins aðflutningsgjöld af „spectrometer“, kr. 135 þús.

XIX. Að festa kaup á lóðinni nr. 4 við Amtmannsstíg í Reykjavík.

XX. Að kaupa grasasafn Ingimars Óskarssonar handa grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands.

XXI. Að leyfa Ríkisútgáfu námsbóka að kaupa húsnæði fyrir skrifstofu í húsinu Tjarnargötu 10 í Reykjavík og húsnæði fyrir lager í húsinu Brautarholti 6 í Reykjavík.

XXII. Að kaupa bústað fyrir ambassador Íslands í Stokkhólmi og taka lán í því sambandi allt að s.kr. 500 þús.

XXIII. Að ráðstafa af óafturkræfu framlagi Bandaríkjastjórnar 1960:
a. allt að 150 millj. kr. til Búrfellsvirkjunar samkv. lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun;
b. allt að 55 millj. kr. til Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966 og
c. allt að 20 millj. kr. til Kísiliðjunnar h/f.

XXIV. Að ríkisstjórninni sé heimilt: að verja söluandvirði m/s Esju, m/s Skjaldbreiðar og m/s Þyrils til endurnýjunar á skipakosti Skipaútgerðar ríkisins og til þess að bæta aðstöðu við vöruafgreiðslu útgerðarinnar við Reykjavíkurhöfn, og enn fremur, að leggja fram fé eða taka að láni allt að 15 millj. kr. í sama skyni.

XXV. Að taka allt að 140 millj. kr. lán eða jafnvirði í erlendri mynt og endurlána féð Hafnarfjarðarkaupstað, til byggingar hafnarmannvirkja í Straumsvík, samkvæmt samningi, dags. 28. júní 1966, milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Íslenzka Álfélagsins h/f.

23. gr.

Heimilt er að greiða uppbót á greiðslur, samkvæmt liðum I.a og II. á 18. grein fjárlaga, samsvarandi almennri hækkun, sem verða kann á launum starfsmanna ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1966 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það fjárlagafrumvarp, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er hið fyrsta, sem samið er á vegum þeirrar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sett var á stofn innan fjármálaráðuneytisins fyrr á þessu ári. Frumvarpið er í öllum megindráttum samið með sama hætti og gert hefur verið undanfarin ár, en breytingar, sem taldar eru æskilegar við undirbúning og samningu fjárlaga og uppsetningu þeirra, eru látnar bíða næsta árs, þegar nýsett lög um það efni koma til framkvæmda.

Með þessu fjárlagafrumvarpi er ráðgert að ráðstafa 4 265 039 þús. kr. til ýmissa rekstrarútgjalda ríkissjóðs. Rekstrarútgjöld fjárlaga fyrir árið 1966 eru áætluð 3 608 159 þús. kr., þannig að hækkunin er 656 880 þús. kr., eða rétt rúm 18%.

Af hækkuninni stafa 76.9 m. kr. af hækkun á liðunum dómgæzla og lögreglustjórn, kostnaði vegna innheimtu tolla og skatta, og sameiginlegum kostnaði við embættisrekstur. Vegna hækkunar á framlögum til læknaskipunar og heilbrigðismála hækkar frumvarpið um 67.5 m. kr., vegna hækkunar á framlögum til ýmissa samgöngumála verður 30.4 m. kr. hækkun, vegna kennslumála, opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi verður 138 m. kr. hækkun,

vegna framlaga til ýmissa atvinnumála og til rannsókna í þágu atvinnuveganna verður 144.5 m. kr. hækkun, þar af til landbúnaðar 25.4 m. kr., en til sjávarútvegs 93.9 m. kr. Uppistaðan í þessari hækkun til sjávarútvegsmála er framlag til aðstoðar vegna sjávarútvegsins, sem ekki var tekið með í fjárlög ársins 1966, jafnvel þótt til þeirra greiðslna hafi komið á árinu. Hækkun vegna framlaga til félagsmála, aðallega almannatrygginga, er 190.9 m. kr. Á hinn bóginn lækka áætluð framlög til óvissra útgjalda, vegna lækkunar á niðurgreiðslum um 42.8 m. kr.

Með frumvarpinu er ráðgert að verja til afborgana af lánum og til eignaaukningar á eignahreyfingalið 236 376 þús. kr. í stað 190 752 þús. kr. í fjárlögum ársins 1966. Hækkunin er þannig rúmlega 45.6 m. kr. eða 24%. Mestur hluti hækkunarinnar stafar af hækkuðum framlögum til byggingar Landspítalans, til byggingar fyrir menntaskólana, til flugvallagerðar og flugöryggistækja, til Atvinnujöfnunarsjóðs, sem er fluttur á 20. gr. af 17. gr. fjárlaga, og til lánasjóðs sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir rekstrartekjum, sem samtals nema 4 646 105 þús. kr. í stað 3 794 375 þús. kr. í fjárlögum ársins 1966. Hækkun tekna er þannig 851 730 þús. kr. eða 22.4%. Gert er ráð fyrir að skattar og tollar verði 4 063 600 þús. kr., en tekjur af rekstri ríkisstofnana 549 430 þús. kr.

Á rekstraryfirliti er gert ráð fyrir rekstrarafgangi, sem nemur 381 066 þús. kr., en á sjóðsyfirliti er gert ráð fyrir hagstæðum greiðslujöfnuði, sem nemur 150 790 þús. kr.

Áætlun um tekjur er byggð á athugunum Efnahagsstofnunarinnar, sem gerðar voru í ágústmánuði. Verður ekki talin von til, að tekjur verði hærri en hér er gert ráð fyrir að óbreyttum aðstæðum.

Meginstefna fjárlagafrumvarps.

Fjárlagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, miðast í öllum megindráttum við óbreytta stefnu að því er varðar verksvið ríkisins og þá þjónustu, sem það lætur í té. Mjög mikill hluti fjárveitinga í frumvarpinu er eins og kunnugt er lögbundinn með einhverjum hætti, eða aðstöðu ríkisins gagnvart þeim má jafna til lagaskyldu. Ætla má, að slíkar fjárveitingar séu í námunda við 75% af heildarútgjöldum fjárlaga og raunar yfir 85%, ef niðurgreiðslur á vöruverði teljast útgjöld af þessu tagi.

Við samningu frumvarpsins hefur verið lögð áherzla á að kanna eftir því sem frekast hafa verið tök á þær tillögur, sem hlutaðeigandi stofnanir og ráðuneyti hafa gert um fjárveitingar. Öllu því aðhaldi hefur verið beitt, sem unnt hefur verið á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fært hefur verið að safna á undirbúningstíma fjárlagafrumvarpsins. Jafnframt hefur verið leitazt við að gera fjárlagafrumvarpið svo úr garði, að fjárveitingar séu raunhæfar og líkindi til þess, að koma þurfi til umframgreiðslna, verði sem minnst. Í því skyni að ná þessu marki hafa verið haldnir umræðufundir um fjárlagatillögur með eins mörgum forstjórum ríkisstofnana og frekast hafa verið tök á.

Útreiknuð laun í fjárlögunum hafa verið miðuð við núverandi grunnkaup samkvæmt Kjaradómi, sem tók gildi 1. janúar 1966, að viðbættu kaupgjaldsvísitöluálagi 15.25%. Allmiklar breytingar á launum leiðir enn fremur af síðasta dómi Kjaradóms, eins og sjá má víða í greinargerð. Hækkun fastra launa frá fjárlögum 1966 er þannig um 25%.

Venjulegur skrifstofukostnaður hefur almennt verið ráðgerður sem nemur 20—25% hærri en í gildandi fjárlögum. Ferðakostnaður innanlands hefur á hinn bóginn hækkað nokkru meir eða 25—30% vegna óhjákvæmilegrar hækkunar, sem kom til framkvæmda á þessu ári á dagpeningum ríkisstarfsmanna í ferðalögum innanlands, auk hækkunar á gjaldi fyrir notkun eigin bifreiða starfs-

manna í þágu ríkisins, sem leiddi af hækkun benzínverðs o. fl. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar almennt um 16—20%. Pappír og einkum prentkostnaður hækkar einnig talsvert mikið eða nálægt 25%.

Þessar hækkanir undirstrika hin tæknilegu vandkvæði, sem eru á gerð fjárhagsáætlana við verðbólguaðstæður. Áætlunin hefur þá þegar misst gildi sitt, þegar hafið er að framkvæma hana og er þannig ekki lengur fast markmið til að keppa að fyrir hvern þann, sem ber ábyrgð á verki eða starfsemi, sem unnin er á vegum ríkisins.

Annað tæknilegt viðfangsefni, sem ekki kemur fram í þeim athugasemdum, sem hér að framan hafa verið gerðar, er skortur á upplýsingum fyrir miðstjórn ríkisrekstrarins, til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, við þær fjárhæðir, sem um er beðið eða veittar eru í fjárlögum.

Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinna stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingum síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkunum.

Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða dregur athyglina frá þeim verkefnum, sem þessi skipulagseining á að afkasta. Hið rökrétta undirstöðuatriði ríkisrekstrarins hlýtur að vera það safn verkefna, sem unnið er að, en ekki þær skipulagseiningar, sem upp hafa verið settar til að sinna þessum verkefnum.

Með þessum hætti fæst oft ekkert mat á því, hversu vel eða illa stofnun hefur sinnt sínum viðfangsefnum, þar eð fjárveiting til stofnunarinnar miðaðist ekki við ákveðið viðfangsefni, heldur við rekstur stofnunar.

Við skoðun ríkisreiknings vill gjarna verða sama uppi á teningnum. Meginatriðið verður, hversu miklu fé stofnun hefur eytt, einna helzt umfram það, sem henni var ætlað, en ekki hversu miklu verki stofnunin hefur afkastað. Upplýsingar um það fást að sjálfsögðu engan veginn með útgjaldatölum einum saman, heldur þurfa þar að koma til viðbótarupplýsingar, sem nú liggja almennt ekki fyrir.

Í fjármálastjórn ríkisins er sægur viðfangsefna af þessu tagi, sem bíða úrlausnar. Öll eiga þau sameiginlega uppistöðu, þ. e. viðleitnina til að bæta aðstöðu fjármálaráðherra, ríkisstjórnar og ekki sízt Alþingis, til að hafa yfirsýn og fullt vald á hinu flókna kerfi ríkisafskipta, sem myndar hið íslenzka velferðarþjóðfélag. Jafnframt verður að treysta aðstöðu þessara aðila til að móta stefnu í fjármálum ríkisins á hverjum tíma og framkvæma þá stefnu.

Vegna þessarar aðstöðu er ef til vill í þessu fjárlagafrumvarpi seilzt lengra en oftast áður til móts við óskir ýmissa ríkisstofnana um fjárveitingar. Þetta er þó ekki vottur um útþenslu ríkisrekstrarins heldur viðleitni til að taka upp í fjárlagafrumvarp öll þau útgjöld, sem ekki verður komizt hjá að ríkissjóður beri á árinu 1967, þannig að fjárlagagerðin verði sem raunhæfust.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 3. gr. A.

1. *Póstur og sími.* Fjárhagsáætlun fyrir póst og síma er sett upp með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið undanfarin ár. Miðað er í stórum dráttum við þá meginreglu, sem upp verður tekin á næsta ári í sambandi við framkvæmd nýsettra laga um ríkisreikning og fjárlög. Miðast framsetningin við, að glögg skil séu milli rekstrartekna og rekstrargjalda annars vegar, en á hinn bóginn inn- og útborgana vegna eignahreyfinga stofnunarinnar. Með þessum hætti verður áætlun ársins 1967 ekki fyllilega sambærileg við fjárlagafrumvarpið 1966.

Rekstrartekjur stofnunarinnar, að meðtöldum flutningsgjöldum og stofngjöldum, sem áður hafa ekki verið talin með rekstrartekjum hennar, eru áætlaðar 507 milljónir króna í stað 383 millj. kr. á árinu 1966. Meginhluti hækkunarinnar stafar af hækkun á gjaldskrám, sem tók gildi 1. jan. s. l., en ekki var gert ráð fyrir í áætlun fyrir árið 1966.

Rekstrargjöld stofnunarinnar, önnur en framlög til stofngjaldasjóðs og áætlaðar afskriftir, eru ráðgerð 421.5 millj. kr. Í rekstrargjöldum er gerð tilfærsla, þannig að laun fastra starfsmanna hækka óeðlilega mikið, sem stafar af því, að greiðslur til starfsmanna á I. flokks B stöðvum færast með öðrum launum fastra starfsmanna í stað þess að færast með rekstrarþóknunum, aukaaðstoð og yfirvinnu. Ráðgerð útgjöld stöðvanna og vegna langlína verða ekki sambærileg við árið 1966, þar eð sá hluti þessara útgjalda, sem er fjárfesting í nýjum framkvæmdum, er færður á eignahreyfingalið. Þá koma nýir liðir, flutningar á símum, sem áður hafa ekki verið teknir undir rekstrargjöld og greiðslur til lífeyrissjóða, en þær greiðslur hafa á undanförnum árum verið greiddar af fjárveitingu á 18. gr. fjárlaganna. Ætlunin er, að póstur og sími beri þennan kostnað sjálfur eftirleiðis af sínum tekjum.

Meðal rekstrargjalda er síðan tekinn upp nýr liður, til stofngjaldasjóðs samkv. reglugerð nr. 117/1952 22 millj. kr., sem eins og áður segir hefur ekki verið tekinn inn í yfirlit fjárlaganna á undanförnum árum. Hér er um að ræða stofngjöld í Reykjavík og Hafnarfirði, sem ber samkv. áðurnefndri reglugerð að ráðstafa til meiriháttar aukninga bæjarsímans í Reykjavík.

Þá er tekinn upp sérstakur liður til jöfnunar á rekstrarreikningnum, sem er áætluð afskrift 63,5 millj. kr.

Póst- og símamálastjóri áætlar lauslega, að endurnýjunarverðmæti eigna pósts og síma sé nálægt 2500 millj. kr. Því telur hann þessa afskrift vera of lága og hefur gert tillögur um tekjuhækkanir hjá pósti og síma til að hækka þennan afskriftalið, sem síðan yrði notaður til fjárfestinga í símakerfinu.

Í eignahreyfingum pósts og síma er gert ráð fyrir nýframkvæmdum, sem samtals nema 103.7 millj. kr. Er það samkv. því sem áður sagði allmiklu lægra en póst- og símamálastjóri telur æskilegt og nauðsynlegt að verja til fjárfestinga, aðallega til að flýta uppbyggingu sjálfvirka símasambandsins um landið.

Meðan ekki hefur verið tekin afstaða til, hvort orðið skuli við þessum tilmælum póst- og símamálastjóra um tekjuhækkanir stofnunarinnar, þykir ekki fært að verða við beiðni hans um frekari nýframkvæmdir en hér er gert ráð fyrir.

2. *Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.* Sala Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins, að frádregnum söluskatti og afslætti, er á árinu 1967 áætluð 859 500 þús. kr. Heildarinnkaupsverð og framleiðslukostnaður er áætlað 266 360 þús. kr., þannig að brúttóhagnaður af verzlun er áætlaður 593 m. kr.

Skrifstofukostnaður er áætlaður nær 11 m. kr., tillag til Gæzluvistarsjóðs 7.5 m. kr., en útsvar 26 m. kr.

Nettóhagnaður af rekstri Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar er þannig áætlaður 548 680 þús. kr., sem er tæplega 16.5% hærra en áætlað er í fjárlögum ársins 1966. Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir óbreyttu verði á söluvörum verzlunarinnar.

3. *Ríkisútvarp.* Heildartekjur hljóðvarps eru ráðgerðar 55 millj. kr., sem er 19% hærri tekjur en á árinu 1966. Útgjöld þarfnast ekki sérstakra skýringa. Þau eru áætluð jöfn tekjum, en þar af er ráðgert að verja 5.3 millj. kr. til FM sendistöðva, til að bæta hlustunarskilyrði á einstökum stöðum út um land, þar sem hlustunarskilyrði hafa verið erfið.

Rekstraráætlun fyrir sjónvarp, miðað við eðlilega starfsemi heilt ár er nú sett fram í fjárlagafrumvarpi í fyrsta skipti. Gert er ráð fyrir heildartekj-

um, sem samtals nema 56,6 millj. kr. og útborgunum, sem eru sama fjárhæð. Að sjálfsögðu eru miklir örðugleikar á áætlunargerð um þessa starfsemi fyrirfram.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttum rekstri Viðtækjaverzlunar ríkisins, og er ekki þörf frekari skýringa.

4. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Áætlun um rekstur Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg gefur ekki ástæðu til athugasemda. Ráðgerður rekstrarhagnaður prentsmiðjunnar er 750 þús. kr., sem er nokkru lægra en í fjárlögum ársins 1966.

5. *Landssmiðjan.* Áætlun Landssmiðjunnar er sett fram í sama formi og verið hefur undanfarin ár, þannig að tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum. Málefni Landssmiðjunnar hafa verið í athugun hjá sérstakri nefnd, sem skilað hefur áliti. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að framhaldandi rekstur Landssmiðjunnar við þær aðstæður, sem hún nú er rekin, sé þess eðlis, að miklir fjármunir, sem í rekstri verksmiðjunnar eru bundnir, beri engan arð. Benti nefndin á leiðir til að breyta rekstri smiðjunnar eða ráðstafa henni, og eru þær ábendingar nú í athugun hjá ríkisstjórninni. Fjárlagafrumvarpið gerir ekki ráð fyrir breytingum á rekstri smiðjunnar á næsta ári.

6. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tekjur Tunnuverksmiðjanna eru áætlaðar jafnháar gjöldum, eins og verið hefur um undanfarin ár. Stjórn Tunnuverksmiðjanna hefur í tillögum sínum um fjárhagsáætlun fyrir árið 1967 óskað eftir framlagi úr ríkissjóði til að greiða hluta af þeim mismun, sem er á verði tunna, sem framleiddar eru í Tunnuverksmiðjunum og tunna, sem innfluttar eru fullgerðar frá Noregi. Þessi beiðni hefur ekki verið tekin til greina.

7. *Innkaupastofnun ríkisins.* Gert er ráð fyrir tekjum af vörusölu, jafnháum gjöldum og gefur áætlunin ekki ástæðu til athugasemda.

8. *Ríkisbú.* Tekjur og gjöld ríkisbúanna að Bessastöðum, Hvanneyri, Hólum, Reykjum í Ölfusi, Vífilsstöðum og Kópavogi, eru áætluð jafnhá gjöldum, eins og verið hefur um árabil.

Gert er ráð fyrir óbreyttum búskap að Bessastöðum, á Reykjum og í Kópavogi, en ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að dregið verði úr kúabúskap að Hvanneyri, á Hólum og Vífilsstöðum.

Afkoma þessara búa reyndist almennt léleg á árinu 1965. Rekstrarhalli að Bessastöðum var um 554 þús. kr., þar af greiðsluhalli um 480 þús. kr. Rekstrarhalli að Hvanneyri var 350 þús. kr., en greiðsluhalli þar af um 275 þús. kr. Að Hólum var rekstrarhallinn 245 þús. kr., en greiðsluhallinn einungis 4 þús. kr. Á skólabúi Garðyrkjuskólans að Reykjum var rekstarhagnaður 68 þús. kr., auk fyrninga, þannig að greiðsluafgangur var rúmlega 100 þús. kr. Að Vífilsstöðum var rekstrarhagnaður rúmar 2 þús. kr., auk 49 þús. kr. fyrninga.

Kópavogsbúið var sömuleiðis rekið með lítils háttar hagnaði.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar hinar sömu og verið hefur, 75 þús. kr.

Um 7. gr.

Heildarfjárhæð vaxtagreiðslna af innlendum lánum, sem greiðast beint úr ríkissjóði, er áætluð rúmar 11 m. kr., sem er um 2.5 m. kr. hærra en í fjárlögum ársins 1966. Hækkunin stafar af vaxtagreiðslum af nýteknum lánum, vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík, vegna framkvæmda á vegum flugmálastjórnar og vegna kaupa á fasteignum við Kirkjustræti í Reykjavík, sem lagt er til að heimiluð verði í 22. gr. fjárlagafrumvarpsins. Um sundurliðun vaxta og afborgana af föstum lánum vísast til eftirfarandi yfirlits:

Vextir: 7. gr. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I. kr.	
		Innlend lán.
22 450	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
392	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
1 422	2 538	Lán vegna Flókagötu 45.
44 000	400 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
4 950	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
24 692	1 114 505	Lán hjá Seðlabanka Íslands til greiðslu yfirdráttaskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
7 700	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
5 200	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
	250 000	Lán hjá Háskóla Íslands 1959 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
67 500	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1960 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
820 392	2 343 976	Lán hjá Seðlabanka Íslands 1957 vegna Lánadeildar smáíbúða.
93 750	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
135 714	392 857	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
128 928	410 714	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
23 750	62 500	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
118 750	312 500	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
120 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1962 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
150 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1963 vegna viðbyggingar Landsspítalans.
309 375	1 500 000	Lán vegna kaupa á Borgartúni 7.
95 000	1 000 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabankans.
135 000	500 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna kaupa á skuldabréfi Sameinuðu þjóðanna.
180 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1964 vegna byggingar Landsspítalans.
218 500		Handhafalán 1963 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
532 000	466 667	Lán hjá Útvegsbanka Íslands 1963 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
247 000		Handhafalán 1964 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
49 400	40 000	Lán hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.

Vextir: 7. gr. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I. kr.	
108 558	87 901	Lán hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
47 876	38 766	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
82 333	66 667	Lán hjá Samvinnubanka Íslands h/f 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
247 000	200 000	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
147 364	129 267	Lán hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
101 916	89 400	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
16 720	14 667	Lán hjá Samvinnubanka Íslands h/f 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
98 231	86 168	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
390 000	750 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1964 vegna byggingar Landsspítalans.
175 600	140 000	Lán hjá Landsbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
247 000	200 000	Lán hjá Landsbanka Íslands 1964 vegna kaupa á hlutabréfum í kísilgúrverksmiðju við Mývatn.
238.000		Handhafalán 1965 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
190 000	500 000	Víxillán 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
33 637	28 267	Lán hjá Landsbanka Íslands 1965 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
348 470		Lán hjá Framkvæmdabanka Íslands 1965 vegna flugmálastjórnarinnar.
95 200	80 000	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1965 vegna byggingar Menntaskólans við Hamrahlíð.
188 496	158 400	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f 1965 vegna byggingar Menntaskólans við Hamrahlíð.
653 178	620 833	Lán af verðtryggðu spariskírteinaláni 1965 vegna byggingar Landsspítalans.
240 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1966 vegna byggingar Landsspítalans.
294 500		Handhafalán 1966 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
418 500		Lán hjá Framkvæmdabanka Íslands 1966 vegna Flugmálastjórnarinnar.
1 947 500	2 050 000	Handhafalán vegna kaupa á fasteignum við Kirkjustræti í Reykjavík.
	947 400	Handhafalán vegna kaupa á sýslumannsbústað í Hafnarfirði.
1 500 000		Vextir af yfirdráttarskuldum.
11 345 944	17 665 485	
÷ 338 226	÷ 1 500 000	
11 007 718	16 165 485	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Seðlabankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Sviþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánum togara ..... kr. 21 750.00
2. Vextir af 8.7 millj. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Seðlabankinn hefur þau að handveði vegna Sviþjóðarbáta ..... — 7 101.00

Kr. 28 851.00

Þá er gert ráð fyrir því, að tekjur af húseigninni Borgartún 7 standi undir greiðslum afborgana og vaxta af láni vegna kaupa á henni, og koma því til frádráttar vextir kr. 309 375.00 og afborgun kr. 1 500 000.00.

Frádráttarliðir verða því samtals:

Vextir ..... kr. 338 226.00
Afborganir ..... — 1 500 000.00

Fjárhæðirnar, afborganir og vextir af lánum af verðtryggðu spariskírteinaláni, eru þannig fundnar:

Hér er um að ræða þrjú skuldabréf, sem tryggð eru miðað við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún var á ýmsum timum. Reiknað er með visitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í ágúst 1966, 293 stig, og greiðslur af lánunum hækkaðar í samræmi við það, þ. e. þannig:

a. Skuldabr. útg. 3/9 '65 — vísitala í maí 1965, 237 stig:
Afborgun kr. 166 666.67 hækkar um 39 381.15 (23.6%)
Vextir — 114 583.33 hækka um 27 074.54 —

Hækkun samtals kr. 66 455.69

b. Skuldabr. útg. 24/11 '65 — vísitala í nóv. '65, 267 stig:
Afborgun kr. 229 166.67 hækkar um 22 315.85 (9.7%)
Vextir — 157 552.12 hækka um 15 342.15 —

Hækkun samtals kr. 37 658.00

c. Skuldabr. útg. 6/8 '65 — vísitala í des. 1964, 220 stig:
Afborgun kr. 225 000.00 hækkar um 74 659.09 (33.2%)
Vextir — 157 875.00 hækka um 50 394.88 —

Hækkun samtals kr. 125 053.97

Hækkun greiðslna af þessum þrem lánum nemur því kr. 229 167.66 og er öll talin með vaxtagreiðslunni á 7. grein.

Um 8. gr.

Heildarkostnaður við æðstu stjórn landsins er áætlaður 3359 þús. kr. Heildarhækkun á greininni er 653 þús. kr. eða 24%.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður og kostnaður við yfirskoðun ríkisreikninga er áætlaður 36.8 m. kr. Af þeirri fjárhæð eru 16.9 m. kr. þingfararkaup alþingismanna, 4.5 m. kr. laun starfsmanna þingsins, 4 m. kr. útgáfukostnaður Alþingistíðinda og önnur prentun í þágu Alþingis, og 3.2 m. kr. halli á lífeyrissjóði alþingismanna.

Heildarhækkun á þessari grein er áætluð um 9 m. kr., eða 37.8% frá fjárlögum 1966. Halli á lífeyrissjóði var ekki talinn í áætlun 1966, svo að hækkun sambærilegra liða er 21.7%.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Heildarkostnaður við stjórnarráðið er áætlaður 58 265 þús. kr., sem er tæplega 12 m. kr. hækkun frá gildandi fjárlögum, eða nær 25%.

Gert er ráð fyrir óbreyttu starfsliði ráðuneytanna, að öðru leyti en því, að í forsætis- og menntamálaráðuneytinu fjölgar um bókara og sérfræðing, sem ætlar að vinna að rannsóknum á íslenzka skólakerfinu, auk þess sem í viðskiptamálaráðuneytinu fjölgar um ritara og viðskiptaráðunaut á hálfum launum, og í fjármálaráðuneyti er gert ráð fyrir embætti hagsýslustjóra.

Óhjákvæmilegt hefur reynzt að hækka framlag til Efnahagsstofnunar um nær 640 þús. kr., vegna vaxandi verkefna stofnunarinnar, m. a. vegna starfa hennar að byggðaáætlunum og starfa í þágu Atvinnujöfnunarsjóðs og Hagráðs. Gert er ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til greiðslu kostnaðar við störf Hagráðs, 100 þús. kr.

Ýmis kostnaður ráðuneytanna hækkar úr 7 m. kr. í 9 m. kr. Hækkunin er óhjákvæmileg, enda hefur þessi liður verið vanáætlaður í fjárlögum um langt árabil.

Loks er gert ráð fyrir fjárveitingu, 1.5 m. kr., til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsi, ráðherrabústað og Arnarhvoli. Hækkun á liðnum er 830 þús. kr. Hér er um að ræða viðhaldsvinnu, sem dregið hefur verið óhæfilega að vinna og er nauðsynleg til að forða þessum húsum frá skemmdum.

II. *Utanríkismál (utanríkisráðuneyti).* Heildarkostnaður við sendiráð Íslands erlendis og annar kostnaður utanríkisráðuneytisins, sem beinlínis leiðir af skiptum Íslands við önnur ríki, er samtals áætlaður 36 571 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum 1966 er 5 480 þús. kr. eða 17.6%. Í þessari hækkun munar mest um rúmlega 1400 þús. kr. hækkun kostnaðar við sendiráð Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sem stafar af greiðslu af stuttu láni vegna kaupa á ambassadorsbústað.

Þá eru teknir upp tveir nýir liðir, til þátttöku í kostnaði í gerð fræðslukvikmyndar um Ísland, 775 þús. kr., og til kaupa á 1000 eintökum af tímaritinu Iceland Review til dreifingar erlendis, 234 þús. kr. Aðrar breytingar á þessum lið gefa ekki ástæðu til sérstakra skýringa.

Auk þessa er gert ráð fyrir tveimur nýjum fjárveitingum til kaupa á tæknibúnaði fyrir utanríkisráðuneytið, telex-tæki, sem er mikilvægt vegna sambands við sendiráðin, kr. 500 þús., og túlkunarútbúnað, til þess að unnt sé að koma við samtímis túlkun á ráðstefnum, sem hér eru haldnar, kr. 210 þús.

III. *Tillög til alþjóðastofnana.* Heildarfjárhæð tillaga til alþjóðastofnana er áætluð 12 690 þús. kr., sem er rúmlega 440 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1966. Nokkur hækkun er á framlögum Íslands til Sameinuðu þjóðanna, til FAO, til Evrópuráðsins, til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna, til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og til bráðabirgðaaðildar að GATT. Framlag til þátttöku í heimssýningu í Kanada 1967 er áætlað 4 m. kr., en var í fjárlögum ársins 1966 1.5 m. kr.

Á hinn bóginn falla út af þessum lið viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna, sem var 3.4 m. kr., framlag til „World Food Program" á vegum FAO, 215 þús., og fáeinir smærri liðir.

Um 11. gr. A.

Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).

Áætluð útgjöld *Hæstaréttar* eru rúml. 4 m. kr. eða 17.2% hækkun frá fjárlögum 1966.

Áætluð útgjöld vegna embættis saksóknara ríkisins eru 3344 þús. kr., sem er 29.7% hækkun frá fjárlögum 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsliðs um 1 ritara vegna vaxandi verkefna embættisins.

Útgjöld *borgardómaraembættisins í Reykjavík* eru áætluð nær 6 m. kr., sem er allveruleg hækkun frá fjárlögum ársins 1966, eða um 41.5%. Af nokkru

stafar þetta af aukningu starfskrafta, sem svarar hálfum launum fulltrúa, en mestmegnis stafar hækkunin af því, að embættið flytur um næstu áramót í nýtt húsnæði, sem er allmiklu stærra og dýrara en það ófullnægjandi húsnæði, sem embættið hefur búið við undanfarin ár. Hækkun á fjárveitingu til húsaleigu, ljóss, hita og ræstingar er 770 þús. kr., í 1335 þús. kr.

Kostnaður við rekstur *borgarfógetaembættisins í Reykjavík* er áætlaður 4657 þús. kr., sem er 37.6% hækkun frá árinu 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfskrafta um 1 fulltrúa í 22. launaflokki, og auk þess er gert ráð fyrir 300 þús. kr. hækkun á „öðrum kostnaði", aðallega vegna endurnýjunar á húsmunum og vélum embættisins, en innbúið er orðið mjög úr sér gengið.

Kostnaður *sakadómaraembættisins í Reykjavík* er áætlaður 8539 þús. kr., sem er 27.1% hækkun frá fyrra ári. Starfskröftum er fjölgað um 1 ritara, vegna vaxandi verkefna sakadómaranna, auk þess sem gerðar eru tilfærslur á launum skrifstofustjóra og fulltrúa í samræmi við niðurstöðu síðasta Kjaradóms.

Kostnaður *lögreglustjóraembættisins í Reykjavík* er áætlaður 4996 þús. kr., sem er 37.5% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Hækkunin á sér stað á liðnum aukavinna, ljós, hiti og ræsting og húskostnaður og öðrum kostnaði. Að nokkru stafar þessi kostnaður af kaupum á bókhaldsvél, húsgögnum og áhöldum og viðbótarkostnaði vegna flutnings í nýju lögreglustöðina. Að öðru leyti verður þessi hækkun skýrð með því, að hinn eiginlegi kostnaður lögreglustjóraembættisins undanfarin ár hefur iðulega verið hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir og greiddur umfram fjárveitingu.

Kostnaður *lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli* er áætlaður 2.3 m. kr., sem er rúmlega 40% hækkun frá árinu 1966, ástæðan til hækkunarinnar er sérstök fjárveiting um 300 þús. kr. vegna viðgerðar á hitakerfi og malbikun á bílastæðum við lögreglustöðina.

Heildarkostnaður við *embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar* er áætlaður 38 157 þús. kr. Hafa þá verið dregnar frá útgjöldunum tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins upp í skrifstofukostnað embættanna vegna þeirrar þjónustu, sem þau veita stofnuninni. Heildarhækkun á liðnum er 32.1%. Hækkun umfram venjulegar hækkanir stafar af fjölgun skrifstofufólks um innheimtumann á Ísafirði, fulltrúa á Akureyri og ritara í Hafnarfirði. Auk þess er hálfu starfi sýsluskrifara á Seyðisfirði breytt í stöðu fulltrúa. Tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins eru hækkaðar úr 6 m. kr. í 6.5 m. kr. eða 8.3%, og þótti ekki fært að gera meiri hækkun á þessum lið, vegna þess hversu mikið hann var hækkaður á árinu 1966.

Laun hreppstjóra gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Heildarútgjöld vegna *ríkislögreglu í Reykjavík* eru áætluð 15 114 þús. kr., sem er 34% hækkun frá fjárlögum 1966. Mikill hluti þessarar hækkunar stafar af launahækkunum lögregluþjóna, sem almennt færðust upp um einn launaflokk við síðasta Kjaradóm. Þar að auki hækkar allmikið kostnaður vegna afleysinga í sumarleyfum, sem hafði verið vanáætlaður áður. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun í ríkislögreglunni í Reykjavík.

Kostnaður *ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli* er áætlaður 8433 þús. kr., sem er 23.6% hækkun. Laun lögregluþjóna hækka á sama hátt og í ríkislögreglu í Reykjavík auk þess sem upp er tekin staðaruppbót fyrir ríkislögreglumenn á Keflavíkurflugvelli, sem láðist að taka inn í áætlun síðasta árs. Heildarhækkun á liðnum er þó ekki nema 23.6%, vegna þess að útgjöld vegna vaktaálaga, helgidagauppbóta, einkennisfatnaðar og fleira standa í stað eða hækka óverulega í samræmi við reynslu.

Kostnaður ríkisins vegna *löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna*, samkv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1963, er ætlaður 1850 þús. kr., sem er rúmlega 23% hækkun frá fyrra ári. Ekki er gert ráð fyrir aukinni löggæzlu undir þessum

lið heldur svipaðri gæzlu og verið hefur á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Neskaupstað auk umferðarlöggæzlu í Kópavogi.

Áætlaður hluti ríkissjóðs í *lögreglukostnaði í Reykjavík* er 18 m. kr. Framlagið hækkar um 30% frá fjárlögum ársins 1966. Hér er um að ræða lögbundna hlutdeild í kostnaði við borgarlögregluna í Reykjavík, og hafa flokkahækkanir lögregluþjóna sömu áhrif þar og flokkahækkanir ríkislögreglunnar í Reykjavík.

„*Ýmis annar löggæzlukostnaður*" er áætlaður 25 m. kr. Þessi liður hækkar mjög verulega eða 49.7%. Þessi kostnaður er hlutdeild ríkissjóðs í löggæzlukostnaði í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í fastalöggæzlu í sýslum og hreppum landsins. Að nokkru stafar hækkunin af því, að fjárveitingar síðustu ára hafa reynzt ónógar til að fullnægja lagaskyldu ríkissjóðs um greiðslu löggæzlukostnaðar og kostnaður þannig flutzt milli ára. Áætlað er, að sú fjárveiting, sem hér er gerð tillaga um, nægi til að greiða að fullu gjaldfallnar kröfur á árinu 1967.

Fjárveiting til *löggæzlu í sveitum* er áætluð 2.3 m. kr., sem er 15% hækkun frá fyrra ári. Hér er um að ræða aðallega löggæzlu í sambandi við samkomur í sveitum. Fjárveitingin hefur verið rífleg undanfarin ár, en dómsmálaráðuneytið væntir aukinna útgjalda ríkissjóðs til þessara þarfa.

Samanlagður lögreglukostnaður ríkissjóðs er þannig áætlaður 70 697 þús. kr., sem er 35.6% hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966.

Heildarframlag úr ríkissjóði til *hegningarhúsa og vinnuhæla* er áætlað 10 320 þús. kr. Er þá undanskilið framlag til byggingar fangahúsa og til fangahjálpar. Kostnaður ríkissjóðs af *hegningarhúsinu í Reykjavík* er áætlaður 1524 þús. kr., sem er helmingur kostnaðar á móti Reykjavíkurborg. Þessi útgjöld gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda.

Áætlað framlag úr ríkissjóði til *vinnuhælisins á Litla-Hrauni* er 5970 þús. kr., sem er 55.8% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Það er fyrst til skýringar á þessari hækkun, að reynsla ársins 1966 sýnir, að áætlun fyrir það ár hefur verið algerlega óraunhæf. Er útlit fyrir, að hvort tveggja, áætlun um útgjöld og áætlun um tekjur, reynist rangt, útgjöld hærri og tekjur lægri en gert var ráð fyrir. Hækkun launakostnaðar vinnuhælisins er nokkru meiri en almenn launahækkun, vegna þess að allir starfsmenn hælisins fengu flokkshækkun við síðasta úrskurð Kjaradóms. „Annar kostnaður" hælisins hækkar einnig verulega, bæði vegna þess, að gert er ráð fyrir fleiri vistmönnum en verið hafa á hælinu og auk þess vegna hækkunar á verði matvara. Ekki þykir varlegt að áætla tekjur vinnuhælisins hærri en 400 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur hafið sérstaka athugun á rekstri vinnuhælisins á Litla-Hrauni, í því skyni að skapa föngum meiri og arðsamari verkefni en þeir hafa stundað við núverandi aðstæður. Hefur ráðuneytið fengið umsögn landnámsstjóra um möguleika á breyttum búskaparháttum að Litla-Hrauni, og eru tillögur hans nú í athugun hjá ráðuneytinu. Er þess ekki að vænta, að slíkar umbætur í rekstri vinnuhælisins segi til sín í lægri tilkostnaði við það fyrr en á árinu 1968. Miðað við þá áætlun, sem hér er lögð til grundvallar, er nettókostnaður ríkissjóðs vegna hvers fanga á dag nær 600 kr. Af þeirri fjárhæð er varzla fullur helmingur.

Útgjöld ríkissjóðs vegna *vinnuhælisins að Kvíabryggju* eru áætluð 1913 þús. kr., sem er 8.1 % hærra en fjárveiting ársins 1966. Áætlaður kostnaður á vistmann á dag er þannig kr. 400.00.

Liðirnir „*til byggingar fangahúsa, til greiðslu málskostnaðar, til fangahjálpar, til siglingadóms, laun meðdómsmanna, kostnaður við störf setu- og varadómara, útgáfa norræns dómasafns og útgáfa lagasafns*" gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda.

Fjárveiting til *almannavarna* er ráðgerð 4 m. kr., sem er 46.6 % hækkun frá fjárveitingu 1966. Áætlun forstöðumanns Almannavarna miðaði við mun hærri

fjárveitingu, eða rúmar 6 m. kr., en ekki þótti fært að verða við þeirri beiðni, frekar en hér er gert. Miðað er við fremur hægfara uppbyggingu aðstöðu og birgða af ýmsum vörum, sem orðið gæti tiltækt, ef náttúruhamfarir eða styrjöld skapa hér neyðarástand.

Heildarkostnaður við *landhelgisgæzlu* er áætlaður 72 425 þús. kr., sem er 17.8% hækkun frá fjárveitingu ársins 1966. Er þá gert ráð fyrir 5 m. kr. tekjum, en áætlun ársins 1966 miðaði við tekjur 3.5 m. kr. Áætlaður rekstrarkostnaður einstakra varðskipa breytist mjög mismunandi. Hækkun rekstrarkostnaðar varðskipsins Óðins er áætluð 27 %, Þórs 17 %, Ægis 22.5 % en Alberts 50.2 %. Á hinn bóginn er áætlað, að kostnaður við varðskipið Maríu Júlíu lækki um 15.2%, en kostnaður fluggæzlunnar hækki um 8.1%. Ýmis kostnaður í landi er áætlaður að hækka 18.8 %. Áætlun Landhelgisgæzlunnar miðast að mestu við óbreytta starfsemi stofnunarinnar með sama flota skipa og flugvéla og verið hefur.

Kostnaður við *Bifreiðaeftirlit ríkisins* er áætlaður 7 637 þús. kr. og tekjur jafnháar. Laun hækka um 42.4%, sem stafar af fjölgun um 1 bifreiðaeftirlitsmann.

Gert er ráð fyrir óbreyttu *eftirliti á vegum* með heildartilkostnaði, sem nemur 1 120 þús. kr., sem svarar til 23.3% hækkunar.

Heildarútgjöld við embætti *húsameistara ríkisins* eru áætluð 5797 þús. kr., en tekjur af seldri vinnu 560 þús. kr. Nettóhækkun er áætluð 31.6%. Flokkshækkunar arkitekta gætir í launakostnaði stofnunarinnar, auk þess sem tekjur hennar eru ekki hækkaðar hlutfallslega við kostnað með hliðsjón af reynslu á árinu 1965.

Heildarfjárveiting til *bindindisstarfsemi* hækkar um 28.6% í 2751 þús. kr. Fjárveiting til *Áfengisvarnarráðs* hækkar um 450 þús. kr. í 1 800 þús. kr., en fjárveiting til *Stórstúku Íslands* um 175 þús. kr. í 625 þús. kr. Við þessar hækkanir er höfð hliðsjón af tillögum milliþinganefndar í áfengismálum. Auk þessa er veittur byggingarstyrkur til templarahallar hinn sami og á síðasta ári, 400 þús. kr.

Um 11. gr. B.

Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. (fjármálaráðuneyti).

Rekstrarkostnaður *tollstjóraembættisins í Reykjavík* er áætlaður nær 14 m. kr. á árinu 1967, sem er 36.1% hærra en fjárlög 1966 gera ráð fyrir. Hækkun umfram eðlilegar kostnaðarhækkanir stafar aðallega af fjölgun starfsmanna um 6 menn, fulltrúa í 21. launaflokki, tollendurskoðanda í 17. launaflokki, aðstoðargjaldkera í 14. launaflokki, tvo tollritara í 14. launaflokki og skjalavörð í 7. launaflokki. Á þessa miklu aukningu starfsfólks við tollstjóraembættið hefur verið fallizt vegna mjög mikillar fjölgunar á afgreiðslum, sem embættið þarf að sinna. Áætlað er, að afgreiðslufjöldi tollskjala aukist um rösk 11% árið 1966 yfir árið 1965, auk þess sem mjög mikil aukning hefur orðið á afgreiðslum úr geymslum Tollvörugeymslunnar h/f.

Heildarkostnaður við *tollgæzlu* á öllu landinu er áætlaður 32.7 m. kr. árið 1967. Af þessari fjárhæð er ætlað að verja 21.2 m. kr. til tollgæzlu í Reykjavík, 6.3 m. kr. til tollgæzlu á Keflavíkurflugvelli, en rúmum 5 m. kr. til tollgæzlu annars staðar á landinu. Heildarhækkun tollgæzlunnar í Reykjavík er ráðgerð 35.2%, sem aðallega stafar af fjölgun um 3 yfirtollverði, flokkahækkunum tollvarða skv. Kjaradómi, og hækkuðum aukavinnugreiðslum vegna vaxandi innflutnings vara með flugvélum og afgreiðslu þeirra.

Heildarhækkun *tollgæzlunnar á Keflavíkurflugvelli* er áætluð 24.8%, en við *tollgæzlu utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar* er hækkunin 53.6%. Er þessi síðast nefnda hækkun talin óhjákvæmileg í því skyni að reyna að stemma stigu við smygli, sem mun eiga sér stað víðs vegar á landinu, þar sem skipakomur erlendis frá eru fremur strjálar.

Heildarkostnaður við *ríkisskattanefnd og skattstofur* er áætlaður 35.5 m.

kr., sem er 8 m. kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum ársins 1966. Þessi fjárveiting hefur verið vanáætluð um nokkurra ára skeið. Fjárveitingin var hækkuð allmikið á síðasta ári, en reynslan hefur leitt í ljós, að enn er þörf meiri hækkunar en svarar til almennra kostnaðarhækkana, ef von á að vera til að áætlunin reynist raunhæf.

Kostnaður við *fasteignamat* er áætlaður óbreyttur frá síðasta árs fjárlögum, 10 m. kr. Samkvæmt upplýsingum yfirfasteignamatsnefndar er nú um 80% matsins lokið í sveitum og kauptúnum, en 50% í kaupstöðum. Áætlaðar eftirstöðvar kostnaðar eru um 12.5 m. kr.

Kostnaður við innheimtustofnun, þ. e. *Gjaldheimtu ríkisins og Reykjavíkurborgar*, er áætlaður 4 950 þús. kr., sem er um 27.9% hækkun.

Um 11. gr. C.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur. Áætlað er, að eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta kosti á árinu 1967 5 200 þús. kr. Hækkunin svarar til tilkostnaðarhækkana á þessum tegundum útgjalda.

Um 12. gr.

Liðirnir I—III, landlæknisembættið, héraðslæknar og kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð, þarfnast ekki skýringa.

Nettófjárveitingar til ríkisspítalanna, að meðtöldum Ljósmæðraskóla Íslands og Blóðbankanum, eru áætlaðar 1967 136 860 þús. kr. Kostnaðarhækkun frá fjárlögum ársins 1966 er 52 723 þús. kr., eða um 62.7%.

Þess er að gæta í þessu sambandi, að þessi kostnaðarhækkun verður jafnvel þótt daggjald á Landspítala hafi verið hækkað úr 400 kr. í 500 kr. og samsvarandi á öðrum spítölum, og hallinn á rekstri spítalanna því lækkað að sama skapi.

Til þessara hækkana liggja að sjálfsögðu margar orsakir. Ástæður, sem taka til allra spítalanna, eru þær, að allt hjúkrunarfólk á spítölum fékk flokkshækkun samkvæmt síðasta Kjaradómi, auk þess sem sérsamningar við lækna á öllum þessum spítölum hafa valdið útgjaldaaukningu, sem nemur 14.5 m.kr. á ári.

Í Landspítala er gert ráð fyrir allmikilli aukningu starfsfólks. Að nokkru stafar sú aukning af vaxandi þörf fyrir starfsfólk á þeim deildum, sem fyrir eru í spítalanum í sambandi við stækkun hans, en að nokkru stafar fjölgunin af því að ráðgert er að opna nýjar deildir í spítalanum. Þannig er gert ráð fyrir að bæta við 1 deildarlækni, sem sé sérfræðingur í barnaskurðlækningum, á handlækningadeild og auk þess 1 aðstoðarlækni. Þá er gert ráð fyrir að bæta við lækni hluta úr degi við húðsjúkdómadeild, aðstoðarlækni og eðlisfræðingi með ⅔ hlutum launa á röntgendeild, 2 rannsóknakonum á rannsóknadeild, nemanda í föndurkennslu við Barnaspítala Hringsins, aðstoðarmatráðskonu og ráðskonu við skömmtun á „diet"-fæði sjúklinga í eldhús. Þá er gert ráð fyrir að bæta við starfsfólki á sjúkradeildir, aðstoðarforstöðukonu, 4 sérlærðum hjúkrunarkonum, 2 námshjúkrunarkonum, 2 röntgenmyndurum, 12 sjúkraliðum, 2 aðstoðarmönnum og 3 starfsstúlkum. Það er athugandi í þessu sambandi, að jafnframt þessari fjölgun fækkar hjúkrunarnemum, sem að staðaldri verða starfandi við Landspítalann, vegna breytts fyrirkomulags, sem ráðgert er á hjúkrunarnámi, samfara styttingu á því námi.

Þá er gert ráð fyrir, að á árinu 1967 verði opnuð sérstök þjálfunardeild fyrir lamaða og fatlaða sjúklinga við Landspítalann. Þar er gert ráð fyrir að bæta við 14 manns til vinnu, yfirlækni, aðstoðarlækni I, 7 sjúkraþjálfurum, 2 vinnuþjálfurum og 5 aðstoðarmönnum og starfsstúlkum.

Þá er gert ráð fyrir að opna svonefnt „ambulatorium", sem er deild, þar sem sjúklingar, sem verið hafa á spítalanum, fá eftirmeðferð og eftirlit, sem talið er nauðsynlegt að lokinni meðferð á spítalanum sjálfum. Ráðgert er að við þetta „ambulatorium" starfi 2 hjúkrunarkonur að fullu og 1 að hálfu og auk þess 7 manns við aðstoðarstörf, störf ritara, bókara og gjaldkera og við móttöku sjúklinga.

Til sérstakra tækjakaupa til Landspítalans eru veittar 4 m.kr. Rúmur helmingur þeirrar fjárhæðar er ætlaður til að endurnýja röntgentæki, sem orðin eru gömul og úr sér gengin, en eftirstöðvarnar eru ætlaðar til kaupa á ýmsum nauðsynlegum rannsókna- og lækningatækjum.

Beiðni hefur komið fram frá Skrifstofu ríkisspítalanna um, að innréttuð verði í gamla spítalanum sérstök álma með 10 herbergjum, þar sem læknar geti haft starfsaðstöðu í sérherbergjum, sem þeir hvergi hafa í spítalanum, hvorki þeim gamla né viðbyggingunni. Fjárveiting til þessara þarfa er ekki tekin upp í fjárlagafrumvarp. Þess er að gæta jafnframt, að ekki er gert ráð fyrir tekjum í áætluninni af rekstri á „ambulatorium" eða rekstri þjálfunardeildar fyrir fatlaða og lamaða sjúklinga. Ætla má, að nokkrar tekjur verði af þessari starfsemi, þótt örðugt sé að áætla þær fyrir. Er ráð fyrir því gert við samningu frumvarpsins, að komið verði upp einhverri starfsaðstöðu fyrir lækna, sem nauðsynleg og hæfileg má teljast, ef slíkar ráðagerðir rúmast innan þeirra fjárveitinga, sem Landspítalanum hér eru ætlaðar.

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi *Fæðingardeildar Landspítalans*, og gefa fjárveitingar til hennar ekki ástæðu til sérstakra skýringa.

Sama máli gegnir um fjárveitingar til *heilsuhælisins að Vífilsstöðum* og í *Kristnesi*.

Nettófjárveiting til geðveikrahælisins að Kleppi er ráðgerð 19 020 þús. kr., sem er rúmlega 85% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Hækkun útgjalda spítalans er áætluð 42.7%, eða úr 41 m.kr. í 58 m.kr. Gert er ráð fyrir talsverðri starfsmannafjölgun, bætt er við 1 yfirhjúkrunarkonu, kennsluhjúkrunarkonu, 11 sjúkraliðum, 6 flokksstjórum, læknaritara og lyfjafræðing að hálfu. Þess er að geta, að við tilkomu sjúkraliðanna, sem gert er ráð fyrir, fækkar starfsstúlkum og aðstoðarmönnum á sjúkradeildum að sama skapi. Í „öðrum kostnaði" er gert ráð fyrir nýjum útgjaldalið, til rannsókna á því, hvernig sjúklingum, sem verið hafa á spítalanum, en útskrifast, hefur reitt af að meðferð lokinni. Er gert ráð fyrir að verja allt að 300 þús. kr. til þessara rannsókna. Annar kostnaður hækkar samtals um tæplega 57% frá fjárlögum ársins 1966. Er í þeirri fjárhæð gert ráð fyrir mjög umfangsmikilli viðhaldsvinnu og endurbótum á sjúkradeildum, auk þess sem gert er ráð fyrir malbikun akvega og hellulagningu gangstíga á lóð spítalans, en synjað hefur verið um fé til þeirra aðgerða um nokkur undanfarin ár.

Fjárveiting til *fávitahælis í Kópavogi* er ráðgerð 3 288 þús. kr., sem er um 1 m.kr. hærri nettófjárveiting en á árinu 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um 5, aðstoðarlækni, félagsfræðingi að hálfu, kennara, yfirhjúkrunarkonu og ritara. Auk þess er gert ráð fyrir umsaminni aðstoð 7 sérfræðinga í hinum ýmsu greinum læknisfræði. Gert er ráð fyrir 54 þús. dvalardögum á hælinu, sem svarar til um 145—150 vistmanna allt árið.

Fjárveiting til *Holdsveikraspítalans í Kópavogi* þarfnast ekki skýringa.

Fjárveiting til *Ljósmæðraskóla Íslands* hækkar úr 710 þús. kr. 1966 í 1 044 þús. kr. Hækkunin stafar meðal annars af lengingu skólatíma og þar með fjölgun nemenda.

Nettófjárveiting til *Blóðbankans* er ráðgerð 1 015 þús. kr. í stað 766 þús. kr. í ár. Útgjöld hækka um 880 þús. kr., en tekjur um 630 þús. kr. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um 1 hjúkrunarkonu og „laborant", auk þess sem gæzluvaktir og vaktaálag hækka verulega. Ástæðan er sú, að gert er ráð fyrir mjög aukinni starfsemi Blóðbankans við stækkun Landspítalans og við það að Borgarsjúkrahúsið verður tekið í notkun.

Heildarútgjöld *Rannsóknarstofu háskólans* eru áætluð 11 549 þús. kr., en tekjur 4 855 þús. kr., þannig að nettóútgjöld úr ríkissjóði eru áætluð 6.7 m.kr., sem er nálægt 46% hækkun. Það er athugandi í sambandi við þessa hækkun, hversu viðbótarkostnaður vegna sérsamninga við lækna vegur þungt í útgjöldum þessarar stofnunar, þar eð starfandi eru 8 læknar á rannsóknarstofunni.

Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum hækkar úr 9.6 m.kr. í 11.5 m.kr., og rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík, St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði og St. Franziskusspítalans í Stykkishólmi hækkar í svipuðu hlutfalli í 3 450 þús. kr. Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík hækkar hlutfallslega nokkru meira, eða í 3 300 þús. úr 2 360 þús. kr.

Styrkir til *heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* hækka samtals um 1 436 þús. kr. Megnið af hækkuninni, eða nær 1 300 þús. kr., stafar af hækkuðu framlagi til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík. Miðast áætlunin við nokkuð aukna starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Styrkur til *byggingar sjúkrahúsa og sjúkraskýla,* annarra en ríkissjúkrahúsa og læknisbústaða, er áætlaður 22 385 þús. kr., sem er 4 m.kr. hærri fjárhæð en veitt er í fjárlögum ársins 1966.

Fjárveiting til læknisvitjanasjóða fellur niður og sömuleiðis kostnaður vegna undirbúnings reglna um meðferð, notkun og eftirlit eiturefna.

Styrkur til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, er hækkaður úr 300 þús. kr. í 500 þús. kr.

Að öðru leyti þarfnast fjárveitingar samkv. 12. gr. ekki sérstakra skýringa.

Um 13. gr. A.

Vegamál. Liðurinn til nýbýlavega fellur niður, en í hans stað kemur fjárveiting, til lagfæringar á bílastæðum við fjölsótta ferðamannastaði, 200 þús. kr. Er þessi fjárveiting ætluð til lagfæringa á stöðum, sem eru utan þjóðvegakerfisins.

Um 13. gr. B.

Samgöngur á sjó. Gert er ráð fyrir 5 m.kr. hækkun á fjárveitingu, til að mæta greiðsluhalla Skipaútgerðar ríkisins á árinu 1967, í 29 m.kr. Greiðsluhalli Skipaútgerðarinnar árið 1965 nam mun hærri fjárhæð en þetta, rúmum 40 m.kr. Ætla má, að afkoma útgerðarinnar á árinu 1966 verði nokkuð betri, en hallinn verði engu að síður á bilinu 30 til 40 m.kr. Allur rekstur Skipaútgerðarinnar hefur nú um alllangan tíma verið í gagngerri athugun. Von er til, að ýmsar breytingar, sem af þeirri athugun leiðir, lækki greiðsluhallann niður í það, sem hér er ráðgert.

Fjárveitingar til flóabáta og vöruflutninga og til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts eru ráðgerðar óbreyttar frá fjárlögum ársins 1966.

Um 13. gr. C.

Vitamál og hafnargerðir. Stjórn og undirbúningur *vita- og hafnarmála,* laun vitavarða og rekstrarkostnaður vitanna þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að nettórekstrarkostnaður vitaskipsins er áætlaður 7 m.kr., eða 1 m.kr. hærri en í fjárlögum ársins 1966.

Fjárveiting til *hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er ráðgerð 16.6 m.kr., sem er hin sama og í fjárlögum ársins 1966. Fjárveitingar til *ferjubryggja* og til *Hafnarbótasjóðs* eru sömuleiðis óbreyttar frá fjárlögum 1966.

Fjárveiting til greiðslu á *eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda* hækkar hins vegar um 10 m.kr., úr 6.4 m. í 16.4 m.kr. Framlag til greiðslna af hafnarlánum hækkar sömuleiðis úr 16.8 m.kr. í 19.8 m.kr. Samkvæmt upplýsingum vita- og hafnarmálastjórnar er útlit fyrir, að ógreitt framlag ríkissjóðs til hafnargerða nemi um næstu áramót 55 m.kr., sem er 17 m.kr. hærra en ógreidd framlög um síðustu áramót.

Loks er veitt lokagreiðsla til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti, 1.5 m.kr., sem á sínum tíma var upp tekin í fjárlög til að setja olíukyndingu í skipið.

Um 13. gr. D.

Flugmál. Fjárveitingar til starfsemi á vegum flugmálastjórnar þarfnast almennt ekki skýringa. Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi og óbreyttu mannahaldi

frá því, sem var í fjárlögum ársins 1966, að því frátöldu, að við loftferðaeftirlit fjölgar um einn flugumferðastjóra. Tekjur eru áætlaðar að hækka allmikið vegna hækkunar á lendingargjöldum. Útgjöld flugmálastjórnar, þegar frá hafa verið dregin alþjóðatillög vegna alþjóðaflugþjónustunnar, eru samtals 53 246 þús. kr., sem er 8575 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1966. Nettóútgjöld ríkissjóðs vegna reksturs flugmálastjórnar eru áætluð 27 546 þús. kr., sem er röskum 3.7 m.kr. hærra en í fjárlögum ársins 1966, eða 15.6% hækkun.

Um 13. gr. E.

Veðurþjónusta. Framlög til veðurþjónustu þarfnast óverulegra skýringa. Fækkað er starfsmönnum í loftskeytadeild Veðurstofunnar, en á hinn bóginn bætt við veðurfræðingi til starfa í veðurfarsdeild á sviði landbúnaðarveðurfræði. Þessi staða veðurfræðings er stofnuð í framhaldi af tækniaðstoð frá Sameinuðu þjóðunum á þessu sviði.

Um 13. gr. F.

Ýmis mál. Gert er ráð fyrir starfsemi *Ferðaskrifstofu ríkisins* í svipuðu horfi og verið hefur. Framlag ríkissjóðs til stofnunarinnar er ráðgert 396 þús. kr., og að auki lögbundið ríkisframlag til landkynningar skv. lögum nr. 29/1964, kr. 500 þús.

Framlag til Ferðamálasjóðs samkv. lögum hækkar í 1 m.kr. úr 800 þús. kr., en fjárveitingar til starfsemi Ferðamálaráðs hækka í samræmi við tilkostnaðarhækkanir.

Nettófjárveiting til *Skipaskoðunar ríkisins* er ráðgerð nær 2.5 m.kr. í stað rúml. 1.6 m.kr. fjárveitingar í fjárlögum ársins 1966. Hækkunin stafar að nokkru vegna kaupa á bifreið fyrir umferðarskoðunarmann, en að nokkru af raunhæfari áætlun vegna aukavinnu við stofnunina.

Fjárveitingar til *Stýrimannaskólans* þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að fjölgað er um 1 kennara í 18. launaflokki skv. heimild í lögum nr. 32/1966. Auk þess hækkar kostnaður við námskeið utan Reykjavíkur, vegna þess að í áðurnefndum lögum er kveðið á um ný námskeið af því tagi.

Fjárveitingar til *landmælinga* hækka aðallega vegna þess, að fjölgað er starfskröftum um 1 „tópograf". Þá færist á lið landmælinga fjárveiting til teiknunar jarðfræðikorts, 120 þús. kr., af fjárveitingu til Náttúrugripasafns.

Aðrir liðir þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr. A.

Kennslumál. Fjárveitingar til *Háskóla Íslands* eru í frumvarpinu mjög verulega hærri en í fjárlögum ársins 1966. Heildarhækkun er rúmar 12 m.kr., eða 51.6% yfir fjárveitingu ársins 1966. Við bætast 4 embætti prófessora, 3 lektorsembætti, 1 lektorsstarf breytist í dósentsstarf, og að auki fjölgar dósentum um 6, tannlæknakennurum fjölgar um 2, upp er tekið ½ starf aðstoðarkennara í lífeðlisfræði, og auk þess er bætt við starfslið fulltrúa á skrifstofu og ritara í bókasafni. Það athugast, að hér eru einungis taldar þær stöður, sem ekki hafði áður verið gert ráð fyrir í launaskrá háskólans. Með þessum hætti hækkar fjárveiting til greiðslu fastra launa við háskólann um 46.5%, í 21 158 þús. kr.

Af öðrum breytingum á fjárveitingum til háskólans eru þær helztar, að fjárveiting til tannlæknastofu hækkar nálægt 800 þús. kr., fjárveiting til rannsóknastofu í lyfjafræði hækkar úr 15 þús. kr. í 245 þús. kr. til að taka upp rannsóknir á því sviði, fjárveiting til stundakennslu hækkar um 1 600 þús. kr. og fjárveiting til bókakaupa fyrir háskólabókasafn hækkar úr 400 þús. kr. í 700 þús. kr.

Þá eru teknir upp nýir liðir, framlag til rannsóknastofu í lífeðlis- og lífefnafræði. 500 þús. kr., og til búnaðar í kennslustofum og fyrirlestrastofum, 500 þús. kr.

Nettófjárveiting til *Tilraunastofu háskólans að Keldum* hækkar úr 491 þús. kr. í 932 þús. kr. Mjög verulegar hækkanir eru gerðar frá fjárlögum ársins 1966 á „öðrum kostnaði" og tekjum, enda hafa þessar tölur verið óeðlilega lágar í fjárlögum.

Fjárveiting til *Raunvísindastofnunar háskólans* hækkar um 3 m.kr. í 6 m.kr. Raunvísindastofnun hefur nú tekið til starfa fyrir alvöru í samræmi við reglugerð, sem stofnuninni hefur verið sett. Er þar gert ráð fyrir 4 deildum, einni, sem vinni að rannsóknum í stærðfræði og teoretiskri eðlisfræði, annarri í eðlisfræði, hinni þriðju í efnafræði og hinni fjórðu í jarðeðlisfræði. Þess er að gæta í sambandi við hækkun þessarar fjárveitingar frá fjárlögum, að fjárveiting til stofnkostnaðar raunvísindastofnunar samkvæmt 20. gr. Út lækkar jafnframt úr 3.2 m.kr. í 1.5 m.kr.

Framlag til *Reiknistofnunar háskólans* er ráðgert 400 þús. kr. í stað 250 þús. kr. á árinu 1966.

Fjárveitingar til *Handritastofnunar Íslands* gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda.

Framlög til *styrktar íslenzkum námsmönnum* eru ráðgerð nær 21 m.kr. á árinu 1967 í stað 15 m.kr. á árinu 1966. Eru þessi framlög í samræmi við frumvarp til laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna, sem ríkisstjórnin hyggst leggja fyrir Alþingi.

Fjárveiting til rekstrar *fræðslumálastjóraembættisins* gefur ekki tilefni til athugasemda, að öðru leyti en því, að upp er tekið til viðbótar fyrri starfskröftum ½ starf fulltrúa á skrifstofunni.

Upp er tekinn nýr liður, kostnaður vegna *fræðilegrar rannsóknar á skólakerfinu*. Hér er um að ræða rannsókn þá, sem hafin var að tilhlutan menntamálaráðherra á þessu ári, að nokkru í samvinnu við Efnahags- og framfarastofnunina í París.

Fjárveitingar til *Menntaskólans í Reykjavík* gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda. Ráðgert er að nemendafjöldi næsta skólaár verði hinn sami og síðasta ár, þannig að hinn nýi menntaskóli við Hamrahlíð taki við fjölgun, sem verður á árinu. Árskostnaður á nemanda á árinu 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaárs, er 18 250 kr.

Fjárveitingar til *Menntaskólans á Akureyri* gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda, að því frátöldu, að tveir fastir kennarar bætast við kennaraliðið samkvæmt heimild í lögum. Árskostnaður á nemanda, miðað við sömu forsendur og áður voru gefnar, er 18 700 kr.

Við *Menntaskólann á Laugarvatni* fjölgar um 1 fastan kennara, en að öðru leyti gefa fjárveitingar ekki ástæðu til athugasemda. Árskostnaður á nemanda, enn miðað við sömu forsendur og áður, er 29 060 kr.

Upp er tekin í fyrsta sinn fjárveiting til *menntaskóla við Hamrahlíð í Reykjavík*. Heildarkostnaður er áætlaður 5.6 m.kr. Er þess að gæta í því sambandi, að skólinn mun taka til starfa þegar á þessu hausti, og 1 160 þús. kr. af ráðgerðri fjárveitingu er greiðsla rekstrarkostnaðar skólans til áramóta 1966. Þrátt fyrir það er kostnaður á bekkjardeild við skólann allmiklu hærri en í Menntaskólanum í Reykjavík. Munar þar mestu, að gert er ráð fyrir nauðsynlegum kaupum bóka og kennsluáhalda til skólans, alls 900 þús. kr., auk þess sem gert er ráð fyrir 6 bekkjardeildum í skólanum einsetnum á komandi vetri, sem raskar samanburðargrundvelli við Menntaskólann í Reykjavík. Rétt þótti að taka upp tillögu rektors um 60 þús. kr. fjárveitingu til tilrauna með nýtt námsefni í skólanum.

Við *Kennaraskólann* er gert ráð fyrir fjölgun fastra kennara um 3 í 20. launaflokki og 2 í 18. launaflokki. Stundakennsla við skólann lækkar þess í stað. Þá er gert ráð fyrir að á haustinu 1967 taki til starfa menntadeild við skólann, í samræmi við ný lög um Kennaraskólann, og sömuleiðis framhaldsdeild samkvæmt heimild í sömu lögum. Heildarfjárveiting til skólans er ráðgerð 12.1 m.kr., sem er 28.6% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Hækkuninni veldur aðallega ör nemendafjölgun í skólanum.

Heildarfjárveiting til rekstrar *Tækniskólans* er ráðgerð 3.8 m.kr. Hækkun er 48% yfir fjárlög ársins 1966. Hækkuninni veldur aðallega vaxandi nemendafjöldi skólans. Stundakennsla hækkar af þeim sökum um nálægt 80%. Auk þess eru teknar upp nýjar fjárveitingar, til undirbúnings kennslu í síðari hluta tæknifræðináms, 200 þús. kr., og kostnaður vegna námskeiða fyrir aðstoðarfólk í rannsóknarstofum heilbrigðisstofnana, 150 þús. kr. Árskostnaður á nemanda Tækniskólans árið 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaár, er ráðgerður 47 þús. kr.

Veruleg breyting verður á starfsemi *Vélskólans* á árinu 1967 í samræmi við lög, sem sett voru á síðasta þingi um starfsemi skólans. Heildarfjárveiting til skólans er ráðgerð um 4.1 m.kr., í stað 2.4 m.kr. fjárveitingar, eða um 69% hækkun. Hækkunin verður aðallega á stundakennslulið, auk þess sem teknir eru upp 2 nýir liðir, annar til greiðslu undirbúningskostnaðar vegna smíðakennslu, 350 þús. kr., og til greiðslu kostnaðar við námskeið utan Reykjavíkur, 300 þús. kr. Sú breyting, sem gerð var með áðurnefndum lögum, leiðir meðal annars til þess, að Vélskólinn tekur að sér mótornámskeið þau, sem haldin hafa verið á undanförnum árum á vegum Fiskifélags Íslands. Árskostnaður á nemanda Vélskólans 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaár, er ráðgerður 47 500 kr.

Iðnfræðsla. Áætluð útgjöld vegna iðnskóla eru um 13.7 m.kr. í stað 10.4 m.kr. í fjárlögum ársins 1966. Af hækkuninni stafar um 1 m.kr. vegna skóla utan Reykjavíkur, en um 2.3 m.kr. vegna iðnskólans í Reykjavík. Hér er um að ræða lögbundinn kostnað, sem ekki þykir fært að áætla lægri.

Upp er tekin í þennan lið fjárveiting til *iðnfræðsluráðs*, sem flyzt af 16. gr. C í samræmi við ný iðnfræðslulög. Fjárveitingin er 1 m.kr. í stað 570 þús. kr. 1966.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands er nú starfandi sem sjálfstæð stofnun samkvæmt lögum nr. 38/1965. Gert er ráð fyrir fjölgun um 2 fasta kennara frá fjárlögum ársins 1966, en að öðru leyti þarfnast fjárveitingar til skólans ekki skýringa.

Heildarframlög úr ríkissjóði til *almennrar barnafræðslu* á árinu 1967 eru ráðgerð 268 561 þús. kr. Þar af eru framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra samtals 62 600 þús. kr. Þess er að gæta í þessu sambandi, að fjárframlög til gagnfræðaskóla í nokkrum kaupstöðum voru talin með framlögum til bygginga barnaskóla í fjárlögum ársins 1966, þannig að heildartölur um þessi stofnkostnaðarframlög eru ekki sambærileg milli áranna. Ráðgerðar fjárveitingar í frumvarpinu miðast við óbreytt framlög frá árinu 1966. Gerð er sú breyting á framsetningu fjárveitinga, að ekki er tekin upp sérstök viðhaldskostnaðarfjárveiting til hvers barnaskóla, heldur eru veittar í einni tölu 12.8 m.kr. til viðhalds barnaskóla almennt. Er þessi regla almennt tekin upp í frumvarpinu, og þá til þess ætlazt, að viðhaldsfé verði drýgra, ef unnt er að framkvæma meiri háttar viðhald einstakra skóla í einu lagi, frekar en dreifa því yfir mörg ár. Á þetta öllu frekar við um skóla, sem reknir eru af ríkinu eingöngu, en skóla, sem reknir eru í sameiningu af ríki og sveitarfélögum, en engu að síður þótti rétt að láta breytingu sömuleiðis taka til barna- og gagnfræðaskóla.

Athugun á heildarútgjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar einstakra barnaskóla leiðir í ljós, að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs á árinu 1967, miðað við nemendafjölda á skólaárinu 1965—1966, er 6 700 kr. á nemanda á ári. Kostnaður á nemanda í hinum ýmsu kaupstöðum er mjög mismunandi, allt frá rúmlega 5 400 kr. upp í rúmlega 10 300 kr. Kostnaður í föstum skólum utan kaupstaða reiknast nálægt 8 600 kr., en í farskólum 5 700 kr.

Af þessum lið er felldur niður styrkur til tímaritsins Heimili og skóli, enda er miðað við, að tímaritið fái úthlutun af heildarfjárveitingu til útgáfustarfsemi, sem er að finna í 14. gr. B. fjárlagafrumvarps.

Til *gagnfræðamenntunar* er ráðgert í frumvarpinu að verja 180 954 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er ráðgert að veita 38.9 m.kr. til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla. Miðað er við óbreytt framlag frá fjárlögum ársins 1966, en tilfærsla verður milli 14. gr. XII og XIII, samanber athugasemd við framlag til byggingar barnaskóla.

Nokkrar breytingar eru gerðar á liðnum. Miðskóli í Ólafsfirði verður gagnfræðaskóli, sömuleiðis miðskóli í Hveragerði. Upp er tekinn miðskóli í Ólafsvík, í Lundi í Öxarfirði, á Reyðarfirði og Höfn í Hornafirði.

Viðhaldskostnaður héraðsskóla, sem reknir eru af ríkinu eingöngu, er áætlaður 5.8 m.kr. í einni fjárveitingu, og hlutdeild ríkissjóðs í viðhaldskostnaði gagnfræðaskóla er áætluð 5.2 m.kr. Niður er felld fjárveiting til sérfræðilegs ráðunauts um meðferð á skólanemendum með bæklun eða burðargalla. Sömuleiðis eru felldir niður liðirnir til lagfæringar á húsnæði heimavistarskóla vegna gistihúsahalds og prófkostnaður við mótornámskeið Fiskifélags Íslands.

Athugun á árskostnaði á nemanda í skólum gagnfræðastigsins leiðir í ljós, að meðaltalskostnaður árið 1967, miðað við nemendafjölda síðasta skólaárs, í héraðsskólum, sem reknir eru af ríkinu, er 19 300 kr. Kostnaðurinn er mjög breytilegur, allt frá 14 100 kr. í 23 300 kr.

Hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði á nemanda við gagnfræðaskóla, miðað við sömu forsendur og áður, er ráðgerð að meðaltali 10 700 kr. Lægstur er kostnaðurinn, rúmar 8 500 kr., hæstur 17 200 kr., en næst hæstur 14 500 kr. Við miðskóla er meðalkostnaðurinn ráðgerður 10 900 kr. Lægstur kostnaður í þessum flokki skóla er 8 300 kr., en hæstur 18 700 og 20 300 kr., en ör nemendafjölgun í þeim skólum, sem þar eiga hlut að máli, hlýtur að valda miklu um hinn útreiknaða kostnað við skólana.

Til *húsmæðrafræðslu í kaupstöðum* er ráðgert að veita nær 5.5 m.kr., sem er 24.5% hækkun kostnaðar frá árinu 1966.

Við *Húsmæðrakennaraskólann* er ráðgert að opna sérstaka ráðskonudeild. Áætlaður árskostnaður á nemanda mun vera nálægt 59 þús. kr.

Fjárveitingar til *húsmæðraskólanna í Reykjavík, á Akureyri og Ísafirði* þarfnast ekki skýringa.

Fjárveiting til rekstrar *Hjúkrunarskóla Íslands* er ráðgerð 6 457 þús. kr., sem er 47.4% yfir fjárveitingu ársins 1966. Gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um 1 matráðskonu og tvær starfsstúlkur í eldhús. Stafar þessi aukning af því, að talið er, að eldhús Landspítalans geti ekki annað allri matseld fyrir heimavist Hjúkrunarskólans, þegar hann stækkar, eins og nú er ráðgert. Er þess vænzt, að nemendafjöldi sem næst tvöfaldist á næstu árum. Fæðiskostnaður og annar kostnaður skólans hækkar nokkru meir en svarar til almennra tilkostnaðarhækkana af þessum sökum.

Fjárveitingar til *íþróttamála* eru ráðgerðar í fjárlagafrumvarpinu 8 130 þús. kr., sem er tæplega 32% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Meginhækkunin verður á framlagi til Íþróttasjóðs, sem hækkar úr 3.4 m.kr. í 5.4 m.kr.

Fjárveiting til *íþróttakennaraskóla* er ráðgerð 1 543 þús. kr., sem er ívið lægri fjárhæð en í fjárlögum 1966, sem stafar af lækkaðri fjárveitingu til lagningar íþróttavalla. Ráðgerður árskostnaður á nemanda í skólanum, miðað við nemendafjölda síðasta skólaárs, er um 110 þús. kr.

Niður er felldur liðurinn vegna Evrópumóts í frjálsum íþróttum og til yfirbyggingar sundlaugar á Siglufirði. Á hinn bóginn er tekin upp fjárveiting, 300 þús. kr., *vegna þátttöku í Ólympíuleikum árið 1968*, fyrri greiðsla.

Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi *Heyrnleysingjaskóla* og verið hefur. Þó er vitað um fjölgun nemenda næsta ár og árin þar á eftir vegna faraldurs af „rauðum hundum", sem gekk hér á landi fyrir fáum árum. Vegna þessa hefur skólastjóri óskað eftir viðbótarkennara, og er gert ráð fyrir þeirri aukningu í frumvarpinu. Veruleg hækkun verður á kaupi starfsstúlkna frá fjárlögum 1966 eða 351 þús. kr. Stafar þessi hækkun að nokkru af óraunhæfri áætlun á liðnu ári, en að nokkru af því, að fallizt er á ráðningu ráðskonu til heils árs, til að tryggja skólanum traustari starfskrafta, heldur en unnt hefur verið með því að ráða starfsstúlkur, einungis frá hausti til vors. Fjárveiting til viðhalds er ráðgerð 915 þús. kr., vegna mjög umfangsmikillar viðgerðar á eldri hluta skólahússins, sem

orðið er mjög niðurnítt. Heildarfjárveiting til skólans er þannig ráðgerð 3.7 m.kr., sem er rúmlega 1.7 m.kr. hærri fjárveiting en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Upp er tekinn nýr liður, *framlag til að styrkja munaðarlausa, vanrækta eða fatlaða unglinga til náms,* 100 þús. kr. Sömuleiðis er tekinn upp styrkur til *náms eða hælisvistar stúlkna, sem lent hafa á glapstigum,* 250 þús. kr.

Framlag til *skólaheimilisins Bjargs á Seltjarnarnesi,* sem í fjárlögum 1966 var 1 m.kr., þar af 300 þús. kr. vegna ársins 1965, er látið standa óbreytt í frumvarpinu.

Niður er felld sérstök fjárveiting til Hallgríms Helgasonar, tónskálds, til að safna íslenzkum þjóðlögum, enda er miðað við, að slíkir styrkir séu greiddir af almennri fjárveitingu á 14. gr. B fjárlaganna.

Nettóframlag ríkissjóðs til *dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga,* Breiðavíkurheimilisins, er ráðgert 2 178 þús. kr., sem er tæplega 8% hækkun frá fjárlögum 1966. Áætlaður nettókostnaður á vistdag mun vera tæpar 500 kr.

Niður fellur liður til Snorra Sigfússonar, fyrrv. námsstjóra, vegna starfa við sparifjársöfnun í skólum.

Kostnaður við *námsstjóra barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla* hækkar úr 2 048 þús. kr. í 2 998 þús. kr. Fjöldi námsstjóra er óbreyttur, þannig að hækkunin stafar nær eingöngu af mistökum við áætlun launa námsstjóra í fjárlagafrumvarpi ársins 1966.

Fjárveiting til greiðslu kostnaðar við *eftirlit með skólabyggingum* hækkar úr 245 þús. kr. í 1 122 þús. kr. Hækkunin stafar aðallega af því, að gert er ráð fyrir nýjum eftirlitsmanni og verkfræðingi að auki til að efla eftirlit með skólabyggingum.

Fjárveiting til *byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta* við Háskóla Íslands hækkar úr 800 þús. kr. í 1 m.kr.

Þá er tekinn upp liður til *endurgreiðslu á láni frú Guðrúnar Brunborg* úr Íslandshússjóði í Osló, 240 þús. kr. Hér er um að ræða lán vegna kaupa á herbergjum til afnota fyrir íslenzka stúdenta á stúdentaheimili í Osló.

Aðrir liðir í 14. gr. A þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 14. gr. B.

Til opinberra safna, bókaútgáfu, listastarfsemi o. fl. Í *Landsbókasafni* er gert ráð fyrir fjölgun um bókavörð í 20. launaflokki, en að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi safnsins. Fjárveiting til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands er hækkuð um 300 þús. kr. í 1 300 þús. kr. Þrem liðum, til að semja og prenta skrá um handrit, til árbókar og til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár, er rennt saman í einn, til útgáfustarfsemi, 400 þús. kr. Nokkur aukning er ráðgerð á starfsemi myndastofu vegna fyrirhugaðrar varðveizlu dagblaða á mjófilmum. Heildarfjárveiting til safnsins er þannig rúmar 5 m.kr., sem er 27.5% hækkun frá fjárlögum ársins 1966.

Fjárveitingar til *Þjóðskjalasafns* þarfnast ekki skýringa, og heldur ekki fjárveitingar til Þjóðminjasafns, að öðru leyti en því, að stofnað er hálft starf safnvarðar, sem áður greiddist af ýmsum kostnaði safnsins, sem lækkar að sama skapi.

Niður er fellt framlag til að byggja yfir áraskipið Pétursey.

Fjárveiting til *Fræðslumyndasafns* hækkar nokkuð, aðallega vegna fjölgunar um 1 aðstoðarmann í 10. launaflokki.

Styrkir til *ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknastarfa* samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins hækka úr 1 930 þús. kr. í 2.5 m.kr.

Upp er tekið framlag til *norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum,* 131 þús. kr., sem er tilfærsla af 16. gr. E, þar eð kjarnfræðimál hafa verið flutt frá atvinnumálaráðuneyti til menntamálaráðuneytis.

Upp er tekin *hlutdeild Íslands í rekstrarkostnaði Norræna hússins,* 25 þús. kr.

Fjárveiting til *skálda, rithöfunda og listamanna* er hækkuð úr 3.4 m. kr. í 4 080 þús. kr.

Framlag til *Vísindasjóðs* er ráðgert 350 þús. kr. í stað 250 þús. kr.

Upp er tekin fjárveiting til *fræðslustarfsemi á vegum Stjórnunarfélags Íslands,* 100 þús. kr.

Hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði *Sinfóníuhljómsveitar* lækkar um rösk 18%, vegna ofáætlunar í fjárlögum ársins 1966. Heildarútgjöld Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1967 eru áætluð 13 450 þús. kr., en áætlaðar tekjur af tónleikum 1 200 þús. kr. Halli á rekstri hljómsveitarinnar verður þannig 12 250 þús. kr., sem greiðist að röskum þriðjungi beint úr ríkissjóði, þar af að hluta af skemmtanaskattsálagi og tekjum Viðtækjaverzlunar ríkisins. Að öðru leyti greiðir Ríkisútvarpið, Borgarsjóður Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið hallann.

Gert er ráð fyrir fjárveitingu til *Þjóðleikhússins,* sem nemur 6 290 þús. kr. í stað 1 652 þús. kr. framlags í fjárlögum ársins 1966. Meginhluti þessarar hækkunar stafar af launahækkunum við leikhúsið, sem ekki fást uppi bornar í auknum tekjum, þar eð ekki þykir fært að svo stöddu að hækka verð aðgöngumiða. Þá er tekin upp fjárveiting, 1.7 m.kr., til að endurnýja áklæði á stólum leikhússins.

Framlag *til leiklistarstarfsemi* samkvæmt lögum nr. 15/1965 er ráðgert 1 300 þús. kr. í stað 1 m.kr. í fjárlögum ársins 1966.

Niður er felld fjárveiting til Stúdentaráðs Háskóla Íslands, vegna útgáfu handbókar stúdenta, og sömuleiðis er felld niður fjárveiting til Iceland Review, 80 þús. kr., enda er gert ráð fyrir, að á vegum utanríkisráðuneytisins séu eftirleiðis keypt 1000 eintök af ritinu, samanber 10. gr. II fjárlagafrumvarpsins.

Þá eru felldir niður liðir til kaupa á íslenzkum bókum og hljómplötum til kennslu við háskólann í Osló, fjárveiting til Nonnahúss á Akureyri og til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsen.

Aðrir liðir í 14. gr. B þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Til kirkjumála. Heildarframlög ríkissjóðs til kirkjumála eru ráðgerð 43.5 m.kr., sem er tæplega 20% hækkun fjárveitingar frá árinu 1966. Hækkanir stafa nær eingöngu af tilkostnaðarhækkunum. Þó eru framlög ríkissjóðs til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar í Hólastifti, vegna framkvæmda við sumarbúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal, og til æskulýðsfélags þjóðkirkjunnar á Suðurlandi, vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti, hækkuð um 100 þús. kr. til hvors, úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr. Lagt er til að hækka framlag til Kirkjubyggingasjóðs um 500 þús. kr.

Aðrar fjárveitingar gefa ekki ástæðu til sérstakra skýringa.

Um 16. gr. A.

Landbúnaðarmál. Til *Búnaðarfélags Íslands* eru áætlaðar fjárveitingar, sem nema 11 792 þús. kr., sem er 25% hækkun frá fjárlögum ársins 1966. Er þar með gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi félagsins frá því sem verið hefur.

Heildarútgjöld ríkissjóðs samkvæmt jarðræktarlögum eru áætluð um 80 m.kr., sem er 12.4% hækkun frá árinu 1966. Hér eru að uppistöðu til, þ. e. 70 m.kr., lögbundin framlög vegna jarðræktarframkvæmda og framræslu, sem unnið er að á árinu 1966, en greiðast á árinu 1967. Framlög þessi greiðast með sérstöku álagi, samkvæmt vísitölu, sem Hagstofa Íslands reiknar. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir nema lítilli aukningu jarðræktarframkvæmda og framræslu, aðallega vegna þess, að veðurfar á þessu ári hefur komið í veg fyrir, að jarðræktarframkvæmdir yrðu eins miklar og annars hefði mátt vænta.

Nokkrir liðir á þessari grein eru felldir niður, þar eð þeir falla eftirleiðis til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, sem færist á 16. gr. E fjárlaganna. Þetta eru

liðirnir til verkfæranefndar, framlög til Tilraunaráðs búfjárræktar og til jarðræktartilrauna.

Framlög til bænda samkv. sérstöku samkomulagi við fulltrúa bænda í Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða, gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, lokaframlag til kaupa á lokræsaplógi á dráttarvél, framlag til Verðlagsnefndar landbúnaðarafurða, framlög til búfjárræktar og til búfjártryggginga þarfnast ekki skýringa. Meginhluti þessara fjárveitinga er bundinn lögum eða samningum.

Sama máli gegnir um framlög ríkissjóðs samkv. lögum nr. 75/1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Heildarframlag samkvæmt þessum lögum er áætlað 50 625 þús. kr., sem er fast lögbundið framlag til landnáms, til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, til íbúðarhúsa á nýbýlum og til ræktunar og framkvæmda á vegum Landnáms ríkisins.

Liðurinn „til samanburðartilrauna með heyverkunaraðferðir" fellur niður, þar eð þetta verksvið fellur til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Fjárveiting til leiðbeiningar og tilrauna með æðarvarp eftir ráðstöfun Búnaðarfélags Íslands fellur sömuleiðis niður.

Fjárveitingar til *fyrirhleðslna og sjóvarnargarða* eru svipaðar að fjárhæð og er í gildandi fjárlögum.

Fjárveiting til *landgræðslu* er ráðgerð 9.5 m.kr. Hækkun frá árinu 1966 er tæp 17%. Gert er ráð fyrir föstum aðstoðarmanni til viðbótar við þann mannafla, sem landgræðslan hafði áður á að skipa, en auk þess er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á fjárveitingum til sandgræðslustöðva og gróðurverndar, til nýrra sandgræðslugirðinga og til áburðardreifingar úr flugvél. Framlag til fræ- og fóðurtilrauna í Gunnarsholti er látið standa óbreytt sem stofnkostnaðarframlag vegna tilrauna með heykögglagerð þar eystra.

Heildarfjárhæð til *skógræktar* er áætluð rúmlega 9.2 m.kr., sem er 28% umfram fjárveitingu síðasta árs. Í þessari fjárhæð eru 600 þús. kr., sem skógræktarstjóri telur fyrirsjáanlegan halla á skógræktinni á árinu 1966. Skógrækt ríkisins óskaði eftir mun hærri fjárveitingum en hér er gert ráð fyrir, til að unnt væri að standa við þá áætlun, sem gerð var fyrir nokkrum árum, að planta í jörð 1.5 millj. plantna á ári hverju. Var ekki talið fært að verða við þeim óskum Skógræktarinnar. Þess ber að geta til upplýsingar, að Skógræktin hefur allmiklu meira fjármagn til ráðstöfunar á ári hverju, en hér kemur fram, eða nær 3 m.kr., sem eru tekjur af merktum vindlingum og tekjur af plöntusölu.

Framlög til *Veiðimálaskrifstofunnar* gefa ekki ástæðu til sérstakra athugasemda, að öðru leyti en því, að upp er tekinn nýr liður til laxamerkinga, kr. 50 þús., sem ætlað er að standa straum af allumfangsmiklum laxamerkingum til að ganga úr skugga um, hvort hin mikla laxveiði við Grænland á haustin og veturna byggist að einhverju leyti á íslenzkum laxastofnum.

Styrkir til *fiskræktar* samkv. laxveiðilögum nr. 53/1957 eru látnir standa óbreyttir í fjárlagafrumvarpi frá fjárlögum ársins 1966. Óskir um styrki til fiskræktar og fiskeldis samkvæmt heimildum í laxveiðilögum eru mjög vaxandi, en ekki hefur þótt fært að taka tillit til þeirra óska við samningu fjárlagafrumvarps.

Gert er ráð fyrir 12% aukningu kostnaðar vegna *eyðingar refa og minka* í 2.8. m.kr.

Í fjárveitingum til *dýralækna* er gert ráð fyrir fjölgun um 2 lækna á árinu 1967. Eins og kunnugt er eru mörg embætti héraðsdýralækna óveitt, þar eð dýralæknar hafa ekki verið til. Nú stunda allmargir stúdentar nám í dýralækningum og búast má við, að einhverjir þeirra komi til starfa.

Kostnaður við *sauðfjársjúkdómavarnir* er áætlaður lítið eitt lægri á árinu 1967 en í fjárlögum ársins 1966. Stafar það af því, að aukafjárveiting á árinu 1966 vegna niðurskurðar á fyrra ári lækkar um 1200 þús. kr. Að öðru leyti er hér mestmegnis um að ræða fjárveitingar, sem eru ordnar árvissar, vegna fjárförg-

unar, vegna vörzlu girðinga, vegna lítils háttar nýrra girðinga og viðhalds og endurbóta á eldri girðingum. Þar að auki eru veittar á þessum lið 1750 þús. kr. til rannsókna á garnaveiki og mæðiveiki, sem stundaðar eru í samvinnu við Tilraunastöð háskólans að Keldum.

Rekstrarútgjöld *bændaskólans að Hólum* eru áætluð 2768 þús. kr., sem er nokkru lægra en fjárveiting ársins 1966 vegna lækkunar á liðnum „til viðhalds og endurbóta".

Rekstrarkostnaður *bændaskólans á Hvanneyri* er áætlaður 3.5 m.kr. og *Garðyrkjuskólans að Reykjum* 1482 þús. kr.

Miðað við nemendafjölda í þessum skólum síðasta skólaár er rekstrarkostnaður á nemanda að Hólum um 80 þús. kr., að Hvanneyri um 50 þús. kr., en við Garðyrkjuskólann að Reykjum rösklega 120 þús. kr.

Í sambandi við fjárframlög til bændaskólans að Hvanneyri er þess að geta, að nú er unnið að því að koma á fót framhaldsdeild við skólann í samræmi við nýsetta reglugerð um það efni, og mun sú reglugerð valda nokkrum kostnaðarauka við skólann.

Heildarfjárveiting til rekstrarkostnaðar *húsmæðraskóla utan kaupstaða* er ráðgerð 10 817 þús. kr. Þar af eru 2800 þús. kr. til viðhalds á húsnæði skólanna. Gert er ráð fyrir svipaðri starfsemi skólanna og nemendafjölda og verið hefur. Miðað við nemendafjölda síðasta skólaár verður árskostnaður á nemanda nálægt 37 þús. kr. á næsta ári, en nál. 27 þús. kr., ef viðhaldskostnaður er ekki meðtalinn.

Fjárveiting til byggingar húsmæðraskóla í sveitum er óbreytt frá árinu 1966, 4.6 m.kr.

Vakin skal athygli á því, að fjárveiting til viðhaldskostnaðar húsmæðraskóla í sveitum er tekin í einni tölu fyrir alla skólana, en ekki sérstök fjárveiting til hvers skóla fyrir sig. Gegnir hér sama máli og um viðhaldskostnað annarra svipaðra skóla á ríkisins vegum, sem um ræðir í greinargerð með 14. gr. A.

Liðurinn til landþurrkunar á Eyjum í Út-Hjaltastaðaþinghá fellur niður, og sömuleiðis vegna hækkunar hlutafjár í Iceland Foodcenter í London.

Upp er tekinn nýr liður til landþurrkunar í Leiðvallahreppi, 50 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Sjávarútvegsmál. Fjárveiting til *Fiskifélags Íslands* er ráðgerð 5710 þús. kr., sem er um 11.6% hækkun frá árinu 1966. Þess ber að gæta í þessu sambandi, að samkvæmt nýsettum lögum falla svokölluð mótornámskeið á vegum Fiskifélags Íslands eftirleiðis undir Vélskólann, og af þeim sökum fellur niður starfsemi Fiskifélagsins á því sviði. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir í þessari fjárveitingu, að Fiskifélagið ráði sérstakan ráðunaut til leiðbeiningar um meðferð, notkun og viðhald fiskleitartækja.

Fjárveiting til *haf- og fiskirannsókna* er hækkuð um 150 þús. kr. í 2.5 m.kr. Þessari fjárveitingu er ráðstafað af Hafrannsóknastofnun til greiðslu kostnaðar við haf- og fiskirannsóknaleiðangra.

Fjárveiting til *fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna* er ráðgerð 21 m.kr., sem er nærri 3.4 m. kr. hærri fjárveiting en í fjárlögum ársins 1966. Gert er ráð fyrir svipaðri síldarleit og verið hefur undanfarin ár, auk þess sem ætlað er að hafa nokkurt fjármagn, eða um 3 m.kr., til fiskleitar og veiðitilrauna.

Lögbundið framlag ríkissjóðs til *Aflatryggingasjóðs* er áætlað 32 m.kr., sem er 3 m.kr. hærra en fjárveiting yfirstandandi árs. Hér er um að ræða lögbundið mótframlag á móti tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum.

Tekinn er upp sérstakur liður, *stofnfé hinnar almennu deildar togaraflotans í Aflatryggingasjóði*, 2.5 m. kr., en sú fjárveiting hefur áður verið greidd af hinum almenna lið Aflatryggingasjóðs. Þessi greiðsla er sömuleiðis lögbundin samtals til 15 ára.

Fjárveiting úr ríkissjóði til *Fiskveiðasjóðs Íslands* samkvæmt 4. gr. laga frá 13. maí 1966 er áætluð 41 m.kr. Hér er um að ræða, eins og kunnugt er, sams konar framlag úr ríkissjóði og framlag til Aflatryggingasjóðs, þ. e. mótframlag móti tekjum Fiskveiðasjóðs Íslands af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum. Þessi útgjöld eru því algerlega háð magni og verðlagi á útflutningsvörum og því mjög erfitt að áætla þau með nokkurri nákvæmni.

Heildarkostnaður ríkissjóðs við *mat á sjávarafurðum* er áætlaður 8.6 m.kr., sem er um 31% hækkun. Aðalhækkunin er á kostnaði við Fiskmat ríkisins, en þar er gert ráð fyrir yfirfiskmatsmanni til viðbótar þeim, sem starfandi voru fyrir samkvæmt fjárlögum 1966. Þá er gert ráð fyrir tvöföldun tillags vegna starfsbindingar 34 fiskmatsmanna við skreiðar- og saltfiskmat. Hér er um að ræða framlag, sem er ætlað til að tryggja menn við matsstörf á skreið og saltfiski. Þetta eru árstíðabundin störf og nokkuð slitrótt, og hefur það valdið því, að erfitt hefur reynzt að halda mönnum við þessi störf eins og ástand hefur verið á vinnumarkaði undanfarin ár, auk þess sem mjög lítið hefur verið af því, að nýir menn hafi gefið sig til matsstarfa. Er talið óhákvæmilegt að hækka það framlag, sem ákveðið var á árinu 1961, úr 15 þús. kr. á ári í 30 þús. kr. handa hverjum fiskmatsmanni. Að öðru leyti er gert ráð fyrir óbreyttri starfsemi fiskmats og síldarmats.

Fjárveiting til að leita að *humar- og rækjumiðum* er hækkuð úr 500 þús. kr. í 750 þús. kr. Þykir nauðsynlegt að hækka þessa fjárveitingu, ekki sízt vegna þess, hversu aukin þekking á rækjumiðum norðan- og vestanlands er mikils virði fyrir ýmis kauptún og kaupstaði á þeim slóðum.

Framlag til *Aflatryggingasjóðs til styrktar útgerð togara* eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, er látin standa óbreytt í fjárlögum frá fjárlögum 1966.

Upp er tekin í þennan lið fjárveiting *til aðstoðar við sjávarútveginn*, 80 m.kr. Þessi fjárhæð er hin sama og ráðstafað var með sérstökum lögum til aðstoðar sjávarútveginum á árinu 1966. Er fjárveitingin upp tekin til að ríkissjóður sé því viðbúinn, ef þörf verður sams konar aðstoðar á árinu 1967.

Fjárveiting til *Verðlagsráðs sjávarútvegsins* er hækkuð úr 1 m.kr. í 1680 þús. kr. Þessi fjárveiting er upp tekin samkvæmt áætlun Verðlagsráðsins um sennilegan kostnað við starfsemi ráðsins á árinu 1967. Hin mikla hækkun stafar að nokkru leyti af óraunhæfri áætlun kostnaðarins á árinu 1966.

Um 16. gr. C.

Iðnaðarmál. Fjárveiting til *Iðnlánasjóðs* samkvæmt lögum hækkar úr 2 m. kr. í 10 m. kr.

Óskir um stórfelldar hækkanir framlaga til *byggingar iðnskóla* í Reykjavík, á Akureyri og í Hafnarfirði hafa ekki verið teknar inn í fjárlagafrumvarp og styrkir til þessara skóla látnir standa óbreyttir frá fjárlögum ársins 1966.

Við *Öryggiseftirlit ríkisins* er gert ráð fyrir fjölgun um 1 umdæmisskoðunarmann.

Fjárveiting til þess að standa straum af kostnaði við *rannsóknir og undirbúning stóriðju* er látin standa óbreytt til að greiða kostnað, sem fallið hefur til á árinu 1966.

Aðrir liðir þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr. D.

Raforkumál. Gert er ráð fyrir nettó fjárveitingum til raforkumála, sem nemur rúmum 28.5 m. kr., auk 24.6 m. kr. fjárveitingar til rafvæðingar í sveitum. Er þá gert ráð fyrir hækkun fjárveitinga, sem nemur 2.2. m. kr. til raforkumála, annarra en rafvæðingar í sveitum, og 3 m. kr. til rafvæðingar í sveitum.

Munu þessar fjárveitingar leiða til nokkru minni starfsemi við undirbúningsrannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir en verið hefur á árinu 1966 og árinu á undan.

Gerð er sú skipulagsbreyting á uppsetningu fjárveitinga til raforkumála, að kostnaður við vatnamælingar er uppsettur eins og hann raunverulega er áætlaður á árinu 1967, en undanfarin ár hefur meginhluti kostnaðar við vatnamælingar verið greiddur af liðnum „mælingar og áætlunargerð o. fl.“ undir lið 16. gr. D II 3. Hér er um að ræða fastan árlegan kostnað, sem ástæða þótti til að upplýsa í fjárlagafrumvarpinu sjálfu, hversu miklum fjárhæðum nemur.

Gert er ráð fyrir, að gjöld og tekjur Rafmagnsveitna ríkisins standist á, þannig að ekki komi til greiðslna úr ríkissjóði þeirra vegna umfram framlög til rafvæðingar í sveitum. Er þá gert ráð fyrir tekjum af verðjöfnunargjaldi frá aðilum utan rafmagnsveitnanna, sem nemur 22.5 m. kr.

Í áætlun rafmagnsveitnanna er gert ráð fyrir aukningum, sem samtals nema 95 m. kr., en af því er ráðgert, að 29 m. kr. greiðist af áðurnefndu framlagi til rafvæðingar í sveitum og af heimtaugargjöldum, en 66 m. kr. verði teknar að láni. Þessar tölur koma til endurskoðunar við endanlega gerð áætlunar um opinberar framkvæmdir fyrir árið 1967.

Liðurinn „til virkjunarrannsókna í stórám landsins“, kr. 700 þús., sem verið hefur í fjárlögum mörg ár, hefur verið felldur inn í fjárveitingu til Raforkusjóðs, þannig að heildarfjárveiting til Raforkusjóðs á árinu 1967 er ráðgerð 16 950 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er í fjárlögunum sjálfum ráðstafað 11 730 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við undirbúningsrannsóknir og áætlanir um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir og 2.7 m. kr. til vatnamælinga. Með þessum hætti hefur Raforkusjóður til ráðstöfunar af fjárveitingu ársins 1967 rúmlega 2.5 m. kr. til lánveitinga til díselrafstöðva handa bændum. Ásókn í slíkar lánveitingar hefur farið mjög vaxandi hin síðustu ár, frá bændum, sem fyrirsjáanlega fá ekki rafmagn frá samveitum í nánustu framtíð.

Fjárveiting til Jarðhitasjóðs er hækkuð úr 7.2 m. kr. í 10 m. kr. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir, að Jarðhitasjóður taki fé að láni á árinu 1967, eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966. Samkvæmt frumvarpinu verður ráðstöfunarfé Jarðhitasjóðs því 2.4 m. kr. minna á árinu 1967 en það er á árinu 1966. Miðast uppsetning frumvarpsins við, að þessi lækkun komi að mestu fram á „öðrum rannsóknarkostnaði“ jarðhitadeildar, en verði ekki til að minnka jarðboranir í þágu einstaklinga og sveitarfélaga, þar sem Jarðhitasjóður ber hluta kostnaðar í samræmi við ákvæði laga um sjóðinn.

Um 16. gr. E.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl. Nettóútgjöld ríkissjóðs vegna rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna eru á árinu 1967 áætluð 34.7 m. kr., sem er 44% hærri fjárhæð en á árinu 1966. Þessar tölur segja þó ekki alla sögu, þar eð allmargar fjárveitingar til rannsókna í landbúnaði hafa verið fluttar af 16. gr. A á fjárveitingar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þar á móti kemur, að rannsóknastofnanir iðnaðarins og byggingaiðnaðarins hafa fengið sjálfstæða tekjustofna samkvæmt lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965, samtals 4.4 m. kr. Heildarhækkun á sambærilegum útgjöldum þessara rannsóknastofnana í fjárlögum ársins 1966 og þessu fjárlagafrumvarpi sýna rúmlega 39% aukningu.

Af þessu má sjá, að fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir verulegri eflingu á rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna á árinu 1967.

Frá fjárlögum ársins 1966 fjölgar starfsfólki í Rannsóknastofnun iðnaðarins um 2 sérfræðinga og aðstoðarmann, í Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins um 2 verkfræðinga og aðstoðarmann, í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um 2 sérfræðinga og 2 aðstoðarmenn og í Hafrannsóknastofnun um sér-

fræðing og 2 aðstoðarmenn. Í Rannsóknastofnun landbúnaðarins fjölgar um 1 aðstoðarmann, og auk þess bætist við sérfræðileg aðstoð, sem svarar ¼ af launum sérfræðings. Í fjárveitingar til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eru upp teknar fjárveitingar vegna flutnings, kr. 500 þús., en ráðgert er að Rannsóknastofnun landbúnaðarins flytji í nýtt húsnæði að Keldnaholti á miðju ári 1967. Þá eru einnig upp teknar 400 þús. kr. vegna dreifðra tilrauna í búfjárrækt, sem svarar til fjárveitingar á 16. gr. A til Tilraunaráðs búfjárræktar í fjárlögum fyrri ára. Upp er tekinn liður 450 þús. kr. til bútæknirannsókna, sem svarar til fjárveitingar til Verkfæranefndar í 16. gr. A, sem var 400 þús. kr. Til jarðræktartilrauna eru sömuleiðis á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins upp teknar röskar 3 m. kr., sem svarar til 2.8 m. kr. fjárveitingar til jarðræktartilrauna í 16. gr. A fjárlaga undanfarandi ára.

Allmikil hækkun verður á kostnaði, sem færður er á sameiginlega skrifstofu rannsóknastofnananna, aðallega á liðnum ljós, hiti og ræsting, sem stafar af því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins tekur í notkun hið nýja húsnæði sitt. Hefur verið venja, að slíkur sameiginlegur kostnaður sé færður sérstaklega á þessum lið fjárlaganna.

Fjárveiting til Rannsóknaráðs fellur niður í 16. gr. E og færist á 14. gr. B., þar eð Rannsóknaráð heyrir undir menntamálaráðuneyti, samkvæmt hinum nýju lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64/1965.

Allmikil hækkun verður á fjárveitingu til *Löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda,* eða úr 566 þús. kr. í 945 þús. kr. Stafar þetta af því, að áætlun liðinna ára hefur verið óraunhæf miðað við gjaldskrá stofnunarinnar, en endurskoðun þeirrar gjaldskrár er nú í athugun.

Framlög *til Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólans* hafa verið hækkuð um 15%.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

Kostnaður við *eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa* gefur ekki ástæðu til athugasemda, að öðru leyti en því, að nokkrar flokkahækkanir eiga sér stað meðal starfsfólksins samkv. Kjaradómi, auk þess sem áætluð hluttaka ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga vegna skipulags samkv. skipulagslögum hækkar í samræmi við áætlun skipulagsstjóra. Tekjur skipulagsins eru að venju áætlaðar jafnháar gjöldum.

Framlag til *Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar lítillega í samræmi við ákvæði laga þar um.

Framlag til *vatnsveitna* hækkar úr 1.8 m. kr. í 3.8 m. kr. Þrátt fyrir þessa hækkun fjárveitingar má ætla, að styrkhæfar vatnsveituframkvæmdir, sem vegamálastjóri hefur gert tillögu um til félagsmálaráðuneytisins og ekki hafa verið greiddar um áramót 1967—1968, verði ekki minni en 10 m. kr. Í þessari tölu er þó ekki gert ráð fyrir nýjum og aðkallandi vatnsveituframkvæmdum, sem ætla má, að sótt verði um styrk til úr ríkissjóði.

Liðirnir til vatnsveitu í Staðarsveit, til borunar eftir neyzluvatni á Eyrarbakka, til vatnsveitu vegna Borga í Hornafirði, til vatnsöflunar fyrir Keldnahverfi og til vatnsöflunar vegna vatnsveitu í Melasveit falla niður.

Framlag til *aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna* er ráðgert 3 m. kr. í samræmi við gildandi lög þar um.

	7. Skógaskóli	6	17.—24.	—	1 167 000
	8. Laugarvatnsskóli	6	18.—24.	—	1 172 000
	9. Gagnfræðaskólar í Reykjavík .	247	17.—24.	—	41 912 000
	10. Gagnfræðaskólinn á Akranesi .	15	17.—23.	—	2 527 000
	11. Gagnfræðaskólinn á Ísafirði ..	12	17.—21.	—	1 663 000
	12. Gagnfræðaskólinn á Siglufirði .	10	17.—21.	—	1 552 000
	13. Gagnfræðaskólinn á Akureyri .	26	17.—24.	—	4 660 000
	14. Gagnfræðaskólinn á Húsavík .	7	17.—20.	—	1 103 000
	15. Gagnfræðaskólinn í Neskaupst.	6	17.—20.	—	1 016 000
	16. Gagnfræðask. í Vestm.eyjum .	12	17.—23.	—	2 017 000
	17. Gagnfræðask. á Selfossi	8	17.—21.	—	1 301 000
	18. Gagnfræðask. á Seltjarnarn. ..	6	17.—18.	—	830 000
	19. Gagnfræðaskólinn í Keflavík .	19	17.—23.	—	3 002 000
	20. Gagnfræðaskólinn í Hafnarf. .	21	17.—24.	—	3 485 000
	21. Gagnfræðaskólinn í Kópavogi .	27	17.—24.	—	4 531 000
	22. Gagnfræðaskólinn í Ólafsfirði .	3	17.—20.	—	503 000
	23. Gagnfræðask. í Hveragerði	6	17.—18.	—	887 000
	24. Miðskólinn í Borgarnesi	3	17.—18.	—	434 000
	25. Miðskólinn í Stykkishólmi ...	4	17.—18.	—	523 000
	26. Miðskólinn á Blönduósi	3	17.	—	420 000
	27. Miðskólinn á Skagaströnd	2	17.—19.	—	361 000
	28. Miðskólinn á Sauðárkróki	5	17.—20.	—	737 000
	29. Miðskólinn í Dalvík	3	17.—18.	—	542 000
	30. Miðskólinn á Brúarlandi	4	17.—18.	—	482 000
	31. Miðskólinn í Ólafsvík	2	17.—18.	—	302 000
	32. Miðskólinn í Lundi	2	17.—18.	—	356 000
	33. Miðskólinn á Reyðarfirði	2	17.—18.	—	301 000
	34. Miðskólinn í Höfn, Hornaf. ..	2	17.—18.	—	290 000
	35. Unglingaskólar	43	17.—18.	—	6 024 000
	36. Forfalla- og orlofskennarar ..	12		—	1 922 000
	37. Tví- og þrískipun			—	718 000
	38. Hjúkrunarkona á Laugarvatni			—	154 000
		566		kr.	94 431 000
14. A. XVI.	**Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:**				
	1. Húsmæðrakennaraskólinn	4	18.—22.	kr.	785 528
	2. Húsmæðraskólinn í Reykjavík	7	17.—20.	—	1 317 735

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. XVI.	3. Húsmæðraskólinn á Ísafirði ..	4	17.—20.	kr.	727 921
	4. Húsmæðraskólinn á Akureyri .	1	18.	—	179 862
	5. Orlofs- og forfallakennari	1		—	168 942
		17		kr.	3 179 988
14. A. XVII.	**Hjúkrunarskóli Íslands:**				
	Skólastjóri	1	23.		
	Kennarar	6	17.		
	Hjúkrunarkona	1	14.		
	Ráðskona	1	14.		
	Kaup hjúkrunarnema		U.		
	Umsjónarkona	1	5.		
	Starfsstúlkur	3	U.		
	Hús- og símaverðir	5	5.		
	Yfirsaumakona og saumakona	2	6., 5.		
		20		kr.	3 988 144
	Stundakennsla lækna og sérfr. ...			—	528 000
	Sumarleyfi, forfallavinna og álag .			—	510 700
		20		kr.	5 026 844
14. A. XVIII.	**Íþróttakennaraskólinn**	2	18.—22.	—	410 465
XIX.	**Heyrnleysingjaskólinn**	6	17.—23.	—	1 124 943
XXXVII.	**Námsstjórar**	10,5	22.	—	2 487 479
	Fræðslustjórinn í Rvík (½ laun) .		22.	—	118 451
XXXVIII.	**Endurskoðun skólakostnaðar**	5	8.—25.	—	950 127
XLII.	**Eftirlit með skólabyggingum:**				
	Verkfræðingur	1	22.		
	Eftirlitsmenn	2	18.		
	Fulltrúi	1	14.		
		4		kr.	872 854
14. B. I.	**Landsbókasafnið:**				
	Landsbókavörður	1	26.		
	Bókaverðir (1+7+1)	9	19., 20., 21.		
	Bókbandsmeistari	1	15.		
	Umsjónarmaður með myndagerð ..	1	14.		
	Ritari	1	11.		
	Ráðunautur	1	U.		
		14		kr.	2 686 532
14. B. II.	**Þjóðskjalasafnið:**				
	Þjóðskjalavörður	1	26.		
	Skjalaverðir	4	20.		
	Æviskrárritari	1	20.		
	Bókari	1	11.		
	Skjalaviðgerðarmaður	1	18.		
		8		kr.	1 656 405

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
14. B. III.	**Þjóðminjasafnið:**			
	Þjóðminjavörður	1	26.	
	Safnverðir (1+3,5)	4,5	19., 20.	
	Bókari	1	11.	
		6,5		kr. 1 334 150
14. B. VI.	**Listasafn Íslands:**			
	Safnvörður	1	24.	
	5 safnráðsmenn		U.	
		1		kr. 357 970
14. B. VII.	**Listasafn Einars Jónssonar:**			
	Safnverðir	1	U.	
		1		kr. 100 085
14. B. VIII.	**Listasafn Ásgríms Jónssonar:**			
	Safnverðir	2	U.	
		2		kr. 122 094
14. B. XI.	**Fræðslumyndasafn:**			
	Forstöðumaður	1	19.	
	Safnvörður	1	17.	
	Aðstoðarmaður	1	10.	
		3		kr. 479 533
14. B. XII.	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	Forstöðumaður	1	26.	
	Deildarstjórar	2	23.	
	Sérfræðingar	3	22.	
	Hamskeri	1	14.	
	Aðstoðarmenn	2	12.	
		9		kr. 1 883 106
14. B. XIX.	**Safnahúsið:**			
	Húsvörður	1	8.	
		1		kr. 144 656
14. B. XXV.	**Tónlistarskólinn í Reykjavík:**			
	Skólastjóri	1	22.	
	Kennarar	4	18.	
		5		kr. 968 725

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
15. I.	**Kirkjumál:**			
	Biskupsembættið:			
	Biskup	1	28.	
	Biskupsritari	1	22.	
	Bókari	1	11.	
		3		kr. 706 261
15. II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	128	21., 22.	kr. 28 051 000
15. IV.	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:**			
	Söngmálastjóri	1	21.	
		1		kr. 224 600
15. XVII.	Eftirlitsm. m. prestssetrum	1	18.	kr. 170 916
15. XVIII.	Umsjónarm. m. kirkjugörðum	1	15.	— 146 196
16. A. 21.	**Landgræðslan:**			
	Landgræðslustjóri	1	25.	
	Ráðsmaður og umsjónarmaður	2	U.	
	Fulltrúi	1	22.	
	Aðstoðarmaður	1	12.	
		5		kr. 908 046
16. A. 23.	**Skógræktin:**			
	Skógræktarstjóri	1	26.	
	Skógfræðingar	4	22.	
	Skógarverðir (3 á ½ launum)	7	14.	
		12		kr. 2 076 484
16. A. 26.	**Veiðimálastofnunin:**			
	Veiðimálastjóri	1	25.	
	Skrifstofustjóri	1	16.	
	Aðstoðarmaður	1	10.	
	Fiskifræðingur	1	22.	
		4		kr. 798 288
16. A. 30.	**Dýralæknar:**			
	Yfirdýralæknir	1	26.	
	Héraðsdýralæknar	17	16.—19.	
		18		kr. 3 574 370

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
16. A. 41.a.	**Bændaskólinn á Hólum:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennarar (2+2)	4	17., 19.	
		5		kr. 953 239
16. A. 41.b.	**Bændaskólinn á Hvanneyri:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennarar (2+3)	5	18., 19.	
		6		kr. 1 178 800
16. A. 41.c.	**Garðyrkjuskólinn á Reykjum:**			
	Skólastjóri	1	23.	
	Kennari	1	19.	
		2		kr. 451 822
16. A. 42.	**Húsmæðraskólar:**			
	a. Húsmæðraskólinn, Varmalandi	4	17., 18., 20.	kr. 717 469
	b. Húsmæðraskólinn, Staðarfelli	3	17., 20.	— 487 171
	c. Húsmæðraskólinn, Blönduósi	5	14., 17., 18., 20.	— 871 836
	d. Húsmæðraskólinn, Löngumýri	4	17., 18., 20.	— 712 653
	e. Húsmæðraskólinn, Laugalandi	4	17., 18., 20.	— 711 398
	f. Húsmæðraskólinn, Laugum	4	17., 18., 20.	— 754 663
	g. Húsmæðraskólinn, Hallormsstað	3	14., 17., 20.	— 452 178
	h. Húsmæðraskólinn, Laugarvatni	3	17., 20.	— 526 355
	i. Orlofs- og forfallakennarar	1		— 168 942
		31		kr. 5 402 665
16. B.	**Fiskmat:**			
	Fiskmatsstjóri	1	25.	
	Skrifstofustjóri	1	16.	
	Yfirfiskmatsmenn (11+3)	14	16., 17.	
	Ritarar	2	4., 7.	
		18		kr. 3 033 545
16. C.	**Iðnaðarmálastofnun Íslands:**			
	Framkvæmdastjóri	1	26.	
	Viðskiptafræðingur	1	22.	
	Verkfræðingar	2	22.	
	Skrifstofustjóri	1	20.	
	Bókavörður	1	11.	
	Bókarar	2	11.	
		8		kr. 1 605 225
	Öryggiseftirlit:			
	Öryggismálastjóri	1	26.	
	Öryggiseftirlitsmaður	1	22.	

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
16. C.	Skoðunarmenn	5	16.	
	Fulltrúi	1	14.	
		8		kr. 1 514 191
16. D.	**Raforkumál:**			
	Skrifstofa raforkumálastjóra:			
	Raforkumálastjóri	1	27.	
	Skrifstofustjóri	1	25.	
	Fulltrúi	1	21.	
	Aðalbókari	1	18.	
	Aðalgjaldkeri	1	17.	
	Bókarar	4	8.	
	Undirdeildarstjóri	1	20.	
	Fulltrúar (3 + 1)	4	14., 17.	
	Ritarar og símastúlka (2+2)	4	7., 10.	
	Skjalavörður	1	11.	
	Sendisveinn	1	U.	
		20		kr. 3 222 610
	÷ Flutt á aðrar deildir			— 2 913 042
		20		kr. 309 568
	Orkudeild:			
	Yfirverkfræðingur	1	25.	
	Fulltrúar (1 + 2)	3	17., 21.	
	Verkfræðingar	3	22.	
	Teiknarar	2	7., 10.	
	Vatnamælingamaður	1	14.	
	Jarðfræðingur	1	22.	
	Forstöðumaður vatnamælinga	1	23.	
	Forstöðumaður teiknistofu	1	15.	
		13		kr. 2 600 830
	Flutt af aðalskrifstofu			— 270 306
		13		kr. 2 871 136
	Rafmagnseftirlit ríkisins:			
	Rafmagnseftirlitsstjóri	1	26.	
	Eftirlitsmenn	7	15.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Ritarar	3	7.	
	Verkfræðingur	1	22.	
		13		kr. 2 162 816
	Flutt af aðalskrifstofu			— 112 980
		13		kr. 2 275 796

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
16. D.	**Jarðhitadeild:**			
	Yfirverkfræðingur	1	25.	
	Deildarverkfræðingar	2	24.	
	Eðlisfræðingur	1	22.	
	Jarðfræðingur	1	22.	
	Undirdeildarstjóri	1	20.	
	Fulltrúi	1	14.	
	Aðalverkstjórar	2	15.	
	Ritari	1	10.	
		10		kr. 2 061 880
	Flutt af aðalskrifstofu			— 548 004
		10		kr. 2 609 884
	Rafmagnsveitur ríkisins:			
	Rafmagnsveitustjóri	1	26.	
	Deildarverkfræðingur	1	24.	
	Deildarstjórar (1 + 2)	3	22., 23.	
	Verkfræðingar	4	22.	
	Rafveitustjórar	3	20.	
	Rafveitustjórar	5	17.	
	Undirdeildarstjórar	4	20.	
	Tæknifræðingar	7	19.	
	Birgðavörður	1	14.	
	Fulltrúar	2	14.	
	Fulltrúar	3	12.	
	Stöðvarstjórar	3	17.	
	Eftirlitsmaður dísilstöðva	1	17.	
	Vélstjóri	1	16.	
	Aðalverkstjórar og verkstjóri (4+1)	5	15.	
	Rafgæzlumenn	3	15.	
	Rafmagnseftirlitsmenn	3	15.	
	Rafvirkjar (1+2)	3	12., 15.	
	Mælaprófari	1	13.	
	Rafgæzlumenn	4	13.	
	Yfirteiknari	1	13.	
	Gjaldkerar (1 + 2)	3	9., 12.	
	Teiknarar (3 + 1)	4	7., 10.	
	Stöðvarstjóri	1	11.	
	Flokksstjórar	3	9.	
	Ritarar	2	7., 10.	
	Bifreiðarstjóri	1	8.	
	Bókarar	4	8.	
	Vélaverðir	2	8.	
		79		kr. 13 285 265
	Flutt af aðalskrifstofu			— 1 981 750
		79		kr. 15 267 015

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
16. E. I.	**Rannsóknast. iðnaðarins:**			
	Forstjóri	1	26.	
	Deildarverkfræðingur	1	24.	
	Sérfræðingar	9	22.	
	Aðstoðarmenn (3+2)	5	12., 14.	
	Ritari	1	7.	
		17		kr. 3 416 482
	Rannsóknast. byggingariðnaðarins:			
	Forstjóri	1	26.	
	Verkfræðingar	3	22.	
	Arkitekt	1	22.	
	Aðstoðarmenn (2+1+1)	4	12., 14., 17.	
		9		kr. 1 759 161
	Rannsóknast. fiskiðnaðarins:			
	Forstjóri	1	26.	
	Deildarstjóri	1	24.	
	Sérfræðingar	5	22.	
	Deildartæknifræðingur	1	19.	
	Bókari (hl. launa)	1	11.	
	Aðstoðarmenn (3+7)	10	12., 14.	
	Ritarar	2	8., 10.	
		21		kr. 3 596 808
	Hafrannsóknastofnunin:			
	Forstjóri	1	26.	
	Fiskifræðingar	13	22.	
	Aðstoðarmenn (1+10+7)	18	10., 12., 14.	
	Ritari	1	10.	
	Radiotæknimaður	1	11.	
		34		kr. 6 132 175
	Rannsóknastofnun landbúnaðarins:			
	Forstjóri	1	26.	
	Sérfræðingar (1+7)	8	21., 22.	
	Aðstoðarmenn (1+3+3)	7	10., 12., 14.	
	Ritari	1	7.	
	Aðstoð			
		17		kr. 3 335 255
	Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.:			
	Skrifstofustjóri	1	23.	
	Tækjasmiður	1	15.	

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
16. E. I.	Bókarar	2	11.	
	Gjaldkeri	1	14.	
		5		kr. 818 992
16. E. II.	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	Framkvæmdastjóri	1	26.	
	Ráðsmeðlimir		U.	
	Fulltrúi	1	12.	
		2		kr. 572 818
16. E. III.	**Löggildingarstofan:**			
	Forstjóri	1	18.	
	Eftirlitsmenn (2+2)	4	9., 11.	
	Verkstjóri	1	12.	
		6		kr. 844 874
17. I. 1.	**Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**			
	Nefndarmenn (7)		U.	
	Skipulagsstjóri	1	27.	
	Arkitektar (1+2)	3	21., 22.	
	Verkfræðingur	1	22.	
	Ritari	1	10.	
		6		kr. 1 490 687
17. II.	**Húsnæðismálastofnun ríkisins:**			
	Nefndarmenn (6)		U.	
	Framkvæmdastjóri	1	23.	
		1		kr. 675 737
17. V. 1. c.	**Berklalæknar:**			
	Yfirlæknir	1	26.	
	Læknir	1	24.	
	Berklayfirlæknir		U.	
	Aukastörf		U.	
		2		kr. 793 676
Við-skiptar.	**Fríhöfnin:**			
	Fríhafnarstjóri	1	19.	
	Skrifstofustjóri	1	16.	
	Fulltrúar	3	14.	
	Varðstjórar	5	11.	
	Afgreiðslumenn	5	10.	
		15		kr. 2 099 070

Ed. **2. Frumvarp til laga** [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 52 milljón krónur eða jafnvirði þess í erlendri mynt, sem Síldarverksmiðjur ríkisins munu taka til kaupa á síldarflutningaskipi og til endurbóta á löndunartækjum o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins til kaupa á skipi til síldarflutninga á hafnir norðanlands, svo og til endurbóta á löndunartækjum verksmiðjanna o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð allt að 52 milljón krónur eða jafnvirði þess í erlendri mynt, sem Síldarverksmiðjur ríkisins munu taka til kaupa á síldarflutningaskipi og til endurbóta á löndunartækjum o. fl.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1967 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1967 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Nú er lánveitandi opinber erlend lánsstofnun, og má þá ábyrgð samkvæmt 1. málsgrein vera sjálfskuldarábyrgð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugfélag Íslands á nú kost á láni hjá Export-Import bankanum í Washington til kaupa á flugvél þeirri, sem um ræðir í lögum þessum. Samkvæmt reglum bankans verður að vera sjálfskuldarábyrgð á því láni. Er því með frv. þessu farið fram á heimild Alþingis til að veita slíka ábyrgð.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um fávitastofnanir.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Ríkið skal reka eitt aðalhæli fyrir fávita. Hæli þetta skal vera í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Því skal skipt í hæfilega margar deildir, og skulu vistmenn valdir þannig í deildir, að sem samstæðastur hópur verði í hverri deild. Heimilt skal að taka fávita til dagdvalar á aðalhælið, og fer þá um styrk til þeirra eins og um dagvistarheimili væri að ræða, sbr. 6. grein.

Ráðherra skipar hælinu forstöðumann og yfirlækni, að fengnum tillögum landlæknis.

2. gr.

Ef henta þykir, er heimilt að koma upp og reka fleiri fávitahæli en aðalhælið, og skulu þau vera útibú frá því. Hvert slíkt hæli skal rækja afmarkað hlutverk, og skulu vistmenn valdir í samræmi við það. Hlutverk þess skal ákvarðað í samráði við forstöðumann og yfirlækni aðalhælis ríkisins og að fengnum tillögum landlæknis.

3. gr.

Ráðherra getur veitt bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli, svo og dagvistarheimili fyrir fávita, að fengnum meðmælum landlæknis, er leitar álits forstöðumanns og yfirlæknis aðalfávitahælis ríkisins, enda fullnægi þessar stofnanir ákvæðum sjúkrahúsalaga um undirbúning, tilhögun og útbúnað, eftir því sem við geta átt. Leita skal álits landlæknis, þegar forstöðumenn stofnananna eru ráðnir.

Stofnanir samkvæmt þessari grein skulu háðar eftirliti frá aðalhæli ríkisins.

4. gr.

Fávitahæli skulu sjá vistmönnum fyrir þurftum þeirra, þar með talinni læknishjálp, aðhjúkrun og gæzlu, svo og þeim, sem til þess eru hæfir, fyrir kennslu, vinnuþjálfun og vinnuaðstöðu, hverjum í samræmi við getu sína.

Dagvistarheimili hafa sömu skyldur við vistmenn með þeim takmörkunum, sem af dagvist leiða.

5. gr.

Fáviti skal njóta styrks til greiðslu á eðlilegum dvalarkostnaði á viðurkenndu fávitahæli, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur.

Ráðherra setur reglur um styrkveitingar og hverra skilyrða og skilríkja skuli krafizt í því sambandi.

Ríkissjóður greiðir $\frac{4}{5}$ hluta styrks samkvæmt þessari grein, en framfærslusveit styrkþega $\frac{1}{5}$ hluta.

6. gr.

Fáviti, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, á rétt á að hljóta styrk, sem nemur hæfilegu dagvistargjaldi, enda hafi hann verið úrskurðaður styrkhæfur með sama hætti og segir í 5. grein. Aldrei skal þó slíkur styrkur nema meira en $\frac{3}{5}$ af þeim styrk, sem fáviti nýtur á aðalfávitahæli ríkisins.

Ríkissjóður greiðir $\frac{2}{3}$ hluta styrks á dagvistarheimili, en framfærslusveit styrkþega $\frac{1}{3}$ hluta.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki réttindi fávita til að hljóta lögboðinn lífeyri.

7. gr.

Ríkissjóður tekur sérstaklega þátt í kostnaði við nauðsynlega kennslu fávita á hælum og dagvistarheimilum, sem rekin eru af bæjar- eða sveitarfélögum eða einkaaðilum, og fer þá um þátttöku eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

8. gr.

Stofnunum, sem reknar eru samkvæmt þessum lögum, er óheimilt að krefjast gjalds af aðstandendum þeirra vistmanna, sem njóta styrks samkvæmt ákvæðum 5. og 6. greinar þessara laga, og tekur þetta ákvæði einnig til kostnaðar við daglegan flutning á vistmönnum milli dagvistarheimilis og dvalarstaðar.

9. gr.

Stofnanir, sem reknar eru samkvæmt þessum lögum, skulu skila ráðuneytinu reikningum yfir reksturinn fyrir hvert almanaksár og eigi síðar en í marzlok árið eftir. Að öðru leyti gilda um skýrslugerð ákvæði reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál.

Nú verður ágóði af rekstri fávitastofnunar, sem rekin er af bæjar- eða sveitarfélagi eða einkaaðila, og skal þá verja ágóðanum í þágu málefna fávita samkvæmt ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum landlæknis.

10. gr.

Nú er talin brýn þörf á að vista fávita á fávitastofnun, en ekki reynist unnt að koma honum þangað sökum rúmleysis, og er þá heimilt að semja um vistun hans til bráðabirgða við aðra heilbrigðisstofnun, sem gerir hennar kost með sömu kjörum og fávitastofnun.

11. gr.

Allar umsóknir um hælisvist fyrir fávita, hvort heldur á ríkishæli, hælum eða dagvistarheimilum bæjar- eða sveitarfélaga eða einkaaðila, skulu berast forstöðumanni aðalfávitahælis ríkisins, en hann sker úr því, að undangenginni fullnægjandi rannsókn, á hvaða stofnun umsækjandi skuli vistaður. Ekki verður vistmaður þó settur á fávitastofnun, sem ríkið rekur ekki, nema með samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns, sem á kröfu á að fá allar tiltækar upplýsingar um umsækjanda.

12. gr.

Fávitar öðlast ekki framfærslurétt með dvöl á fávitastofnun utan sveitarfélags síns.

13. gr.

Um uppfræðslu vangefins fólks, sem er ekki á fávitastofnunum samkvæmt lögum þessum, en telst þó geta haft gagn af einhvers konar kennslu, fer eftir ákvæðum fræðslulaga.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem er ekki á fávitastofnunum.

15. gr.

Við aðalfávitahæli ríkisins skal reka skóla til að sérmennta fólk til fávitagæzlu. Forstöðumaður er skólastjóri, en undanþeginn skal hann kennsluskyldu. Um stjórn skólans, námstíma, námsefni, prófkröfur og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

16. gr.

Málefni fávitastofnana samkvæmt þessum lögum eru í höndum þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 1. febrúar 1936, um fávitahæli, ákvæði varðandi fávita í lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og í lögum nr. 99 22. desember 1965, um breyting á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, er fara í bág við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hinn 18. nóvember 1965 skipaði heilbrigðismálaráðherra þá Benedikt Tómasson, skólayfirlækni, Björn Gestsson, forstöðumann Fávitahælisins í Kópavogi, og Hrafn Bragason, lögfræðing, í nefnd til þess að endurskoða lög um fávitahæli nr. 18 1. febrúar 1936. Benedikt Tómasson var skipaður formaður nefndarinnar, og Hrafn Bragason var skipaður samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra, en menntamálaráðuneytið hafði óskað endurskoðunar fávitalaganna með tilliti til kennslu fávita á skólaskyldualdri, er dveljast utan hæla.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta og athugasemdir þær, sem hér fara á eftir, en helztu atriði frumvarpsins eru þessi:

1. Frumvarpið fjallar um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, um skiptingu fræðsluskyldu milli heilbrigðisyfirvalda og fræðsluyfirvalda, þegar í hlut á andlega vanþroska fólk, og um heimild til að veita því félagslega aðstoð.
2. Gert er ráð fyrir einu ríkisreknu hæli, aðalfávitahæli ríkisins, sem skal vera deildaskipt og í senn hjúkrunarhæli, uppeldis- og kennsluhæli og vinnuhæli. Heimilað er að koma upp útibúum frá aðalhælinu, er hvert um sig ræki tiltekið hlutverk.
3. Veita má bæjar- og sveitarfélögum og einkaaðilum leyfi til að reka fávitahæli og dagvistarheimili fyrir fávita.
4. Allar fávitastofnanir skulu háðar eftirliti frá aðalhælinu, og allar umsóknir um vist á fávitastofnunum skulu berast þangað.
5. Ákvæði ríkisframfærslunnar um fávita eru tekin upp í frumvarpið, og fávitar á dagvistarheimilum geta einnig notið hennar að hluta, að undangengnum sams konar úrskurði og þarf til greiðslu dvalar á fávitahæli.
6. Sérstakt ákvæði er um greiðslu ríkisins á kennslukostnaði á fávitastofnunum, sem ríkið rekur ekki.
7. Ákvæði er um rekstur skóla við aðalhælið til að sérmennta fólk til fávitagæzlu.
8. Frumvarpið í heild er miðað við þá þróun, sem gerzt hefur í fávitamálum undanfarið í grannlöndunum, en tillit er tekið til sérstöðu vegna fámennis íslenzku þjóðarinnar.

II.

Fullgild fræðileg skýrgreining á fávitahætti er ekki til, en í reynd verður að telja fávita hvern þann, sem getur ekki séð fyrir sér sökum greindarskorts. Reynsla sýnir, að í þessum hópi eru allir, sem hafa lægri greindarvísitölu en 50, þótt ekkert annað komi til, þ. e. örvitar (gv. 0—24) og hálfvitar (gv. 25—49). Einnig kemur í ljós, að nær allir, sem hafa greindarvísitölu milli 50 og 70 eða 75, þ. e. vanvitar, þarfnast aðstoðar í einhverri mynd, ef vel á að vera, t. d. sérkennslu eða sérstakrar hjálpar í skóla, og sumir þeirra reynast alls ófærir um að sjá fyrir sér og verða þá að teljast fávitar. Á þetta sérstaklega við um þá, sem auk greindarskortsins eru andlega (eða líkamlega) veiklaðir eða hafa áberandi skapgerðarbresti, en allt þetta getur valdið því, að lággreindum einstaklingum nýtist ekki raunveruleg greind sín.

Þótt á það sé lögð áherzla, að sem allra flestir einstaklingar eigi að lifa eðlilegu lífi utan stofnana, mun það nokkurn veginn samhljóða álit, að hælisvistar þarfnist þegar í bernsku allir örvitar og flestir hálfvitar og fyrr eða síðar á ævi einnig þeir vanvitar, sem reynast ófærir um að sjá fyrir sér.

Þar sem skýrgreining á fávitahætti er á reiki og allmargir lenda á mörkunum, er örðugt að meta tíðni hans og þá einnig að bera saman tíðnina í löndum, en eftir því sem næst verður komizt, mun hún svipuð hér á landi og í grannlöndum okkar, Talið er láta nærri, að um 1% manna verði að teljast andlega vanþroska (vangefnir), um 2 af hverju þúsundi eru taldir þarfnast hælisvistar og aðrir 2 af þúsundi einhverrar félagslegrar aðstoðar. Samkvæmt þessu þyrftu að vera til fávitahæli fyrir allt að 400 manns hér á landi, og til þess að halda í við fólksfjölgun þyrfti að auka við 7—8 rúmum á ári (eða sem svarar 1 hælisdeild annað hvert ár).

Nú eru hér starfandi eða í smíðum eftirtaldar stofnanir:

Kópavogshæli	111 rúm	(141 vistmaður)
— í smíðum	15 —	
Skálatún	15 —	(27 vistmenn)
— í smíðum	30 —	
Sólheimar	40 —	(um 40 vistmenn)
Tjaldanes	10 —	(6 vistmenn)

Tvær þessara stofnana eru ofsetnar, einkum Skálatún, sem er „overbelagt til det uforsvarlige“ (N. E. Bank-Mikkelsen, sjá síðar). Nýbyggingum í Skálatúni mun lokið fyrir haustið og í Kópavogi væntanlega um eða eftir næstu áramót. Vantar þá allt að 180 rúm, til þess að þörfinni sé fullnægt, eins og hún er áætluð hér að framan.

Í Lyngási í Reykjavík rekur Styrktarfélag vangefinna dagheimili fyrir um 40 vangefin börn, og mundu langflest þeirra eiga heima á hæli, ef rúm væri fyrir þau.

III.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur leitt í ljós, að þroskamöguleikar fávita eru í mörgum tilfellum mun meiri en áður hafði verið álitið, svo fremi að þeir fái viðeigandi uppeldi og þjálfun. Á uppeldi þeirra getur oltið, hvort þeir verða færir um að vinna einföld, hagnýt störf eða hvort þeir verða óstarfhæfir alla ævi. Til þess að unnt sé að veita fávitum þá sérfræðilegu hjálp, sem nú er völ á, bæði uppeldislega og læknislega, verður sjálfstæð fávitastofnun að vera allstór. Lítil stofnun getur af skiljanlegum ástæðum ekki haft á að skipa nægilega fjölbreyttu sérmenntuðu starfsliði, og þar verður ekki heldur komið við flokkun vistmanna eftir aldri, kyni og hæfileikum, en slík flokkun er nauðsynleg m. a. til þess að fá þeim verkefni, sem hæfa nokkurn veginn getu hvers og eins. Nánara tiltekið þarf hver sjálfstæð stofnun að vera fyrir nokkur hundruð vistmenn, til þess að æskilegri flokkun og sérhæfðri þjónustu verði komið við. Slíkri stofnun er þá skipt í meira eða minna aðgreindar deildir, og verður sú skipting einnig til þess að firra stofnunina ókostum, sem annars geta fylgt stórum stofnunum. Ekki er þó nauðsynlegt, að öll stofnunin sé á einum og sama stað. Til dæmis er ekkert því til fyrirstöðu, að fullorðnir fávitar, sem geta unnið og eru á svipuðu getustigi, séu á útibússtofnun, sem rekur búskap eða iðnað. Elliheimili fyrir fávita getur einnig verið á öðrum stað en aðalstofnunin, og fleiri hópar koma hér til greina. Meginmáli skiptir, að nægilega stór hópur sé í umsjá eins og sama aðila, til þess að fyrrgreindri flokkun og sérhæfðri hjálp verði komið við.

Árið 1962 fékk heilbrigðismálastjórn að frumkvæði landlæknis hingað til lands yfirmann málefna vangefinna í Danmörku, forsorgschef N. E. Bank-Mikkelsen. Kynnti hann sér ástand þessara mála hér á landi og skilaði rækilegri og langri greinargerð, þar sem hann lýsti skipan fávitamála í Danmörku og gerði tillögur um skipan þeirra hér á landi. Þær tillögur hans, sem einkum varða þetta frumvarp, eru í meginatriðum eftirfarandi:

Allt landið á að vera eitt umsjónarsvæði, að því er varðar málefni fávita. (Í Danmörku er mannfjöldi á „forsorgscenter“ frá 400 000—1 000 000). Naumast verður gert ráð fyrir, að komizt verði af með færri en 400 rúm á fávitahælum, ef fullnægja á hælisþörf nokkurn veginn, miðað við mannfjölda. Starfrækja á eina aðalfávitastofnun (centralinstitution), og er þegar góður vísir að slíkri stofnun í Kópavogi. Meginverkefnið fyrst um sinn er að stækka þessa stofnun, til þess að hún geti gegnt því hlutverki, sem aðalstofnun á að gegna. Hlutverk aðalstofnunar er í fyrsta lagi að veita öllum hælisþurfandi fávitum viðtöku, rannsaka andlegt og líkamlegt ástand þeirra, ákvarða tiltæka læknislega og uppeldislega meðferð og sjá um, að þeir fái hana. Fávita, sem ekki þarf að hafa lengur á aðalstofnuninni, má eftir atvikum senda heim til sín eða á aðrar viðeigandi stofnanir, t. d. vinnustofnun, elliheimili o. fl. Heppilegt er, að geðveikir fávitar séu á sérstofnun. Auk aðalhælisins fjallar höfundur skýrslunnar um aðrar fávitastofnanir í sambandi við hana, bæði heimavistar- og heimangöngustofnanir, og yrði of langt mál að gera grein fyrir þeim. Hann telur sjálfsagt að reka framvegis einkahælin tvö, Sólheima og Skálatún, telur Skálatún geta komið til greina sem hæli fyrir geðveika fávita, en hefur engar sérstakar tillögur um Sólheima og óttast um framtíð stofnunarinnar vegna staðsetningar hennar, þegar núverandi forstöðukona lætur af starfi.

Dagheimilið Lyngás telur hann eiga miklu hlutverki að gegna. Skýrslan fjallar um allar hliðar á málefnum vangefinna, en verður ekki rakin nánara hér.

IV.

Frumvarp þetta er samið í samræmi við þau sjónarmið, sem þegar hefur verið greint frá. Það fjallar um fávitastofnanir og vistmenn þeirra, gerir ráð fyrir einu ríkisreknu aðalhæli og samræmdum rekstri allra fávitastofnana landsins undir eftirliti frá aðalhælinu. Í því er ákveðin verkaskipting milli fræðslumálastjórnar og heilbrigðismálastjórnar, að því er varðar uppfræðslu andlega vanþroska fólks, og ráðherra er heimilað að setja með reglugerð ákvæði um félagslega aðstoð við þá, sem eru utan fávitastofnana. Þessar leiðir eru valdar með tilliti til íslenzkra aðstæðna, í stað þess að setja upp eina stofnun, sem færi með öll málefni vangefinna, eins og t. d. í Danmörku. Slík stofnun hlyti að verða mjög dýr í rekstri með öllu því, sem henni þyrfti að fylgja, ef hún ætti að gera rækt verkefni sitt að einhverju gagni, og rekstur hennar verður að teljast ofviða í svo fámennu landi.

Ekki hefur verið tekið upp í þetta frumvarp ákvæði núgildandi laga um eftirlitsnefnd fávitahæla né fitjað upp á neins konar ráðgefandi nefnd um fávitamál. Eftirlitsnefndin var aldrei skipuð, og ekki er líklegt, að nein nefnd meira eða minna ósérfróðra aðila, er hefðu nefndarstörfin á hlaupum og í hjáverkum, yrði þess umkomin að fylgjast svo með fávitastofnunum og starfi þeirra eða með málefnum vangefinna í heild, að lið yrði að. Eina raunhæfa lausnin, og eftir atvikum góð, þykir því vera sú að fela stjórnendum aðalfávitahælis ríkisins samkvæmt frumvarpinu að hafa á hendi eftirlit með öðrum fávitastofnunum og þar með samræmingu á starfsemi allra fávitastofnana landsins. Ríkishælið mundi svo að sjálfsögðu verða undir umsjón stjórnarnefndar ríkisspítalanna á sama hátt og aðrar heilbrigðisstofnanir ríkisins (sbr. sjúkrahúsalög nr. 54/1964, 9. grein).

Ekki eru í frumvarpinu ákvæði um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði vegna nýbygginga eða viðhalds fávitastofnana sveitarfélaga eða einkaaðila. Til þessa ber aðallega tvennt. Í fyrsta lagi væri ekki aðeins óþarft, heldur beinlínis til óþurftar að fjölga sjálfstæðum fávitastofnunum í landinu, frá því sem nú er. (Heimild mun hafa verið veitt til að reisa fávitastofnun á Akureyri). Ekki er heldur hægt að mæla með stækkun þeirra einkahæla, sem nú eru rekin, meðan svo mjög vantar á, að Kópavogshæli hafi náð æskilegri stærð. Í öðru lagi eru í gildi, fyrir forgöngu Styrktarfélags vangefinna, sérstök, en að vísu tímabundin lög, þ. e. lög nr. 78/1966, um aðstoð við vangefið fólk, og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga, sbr. og reglugerð nr. 83/1958. Samkvæmt löggjöfinni er lagt sérstakt gjald á gosdrykki og öl til

að reisa fyrir það stofnanir handa vangefnu fólki. Af þessu fé er myndaður sjóður, Styrktarsjóður vangefinna, sem er í vörzlum félagsmálaráðuneytis, en það ráðstafar fénu sem lánum eða styrkjum að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem hlut kunna að eiga að máli hverju sinni. Hér er gengið að því vísu, að sjóðnum verði tryggðar tekjur með sama hætti og verið hefur, meðan þess er talin þörf. Lögin um sjóðinn eru ekki tekin inn í þetta frumvarp, og þykir eðlilegra, að um hann gildi sérstök lög hér eftir sem hingað til, enda á að vera um tímabundna þörf að ræða, þótt ekki sé vitað á þessu stigi, hvenær henni kann að vera fullnægt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þrenns konar aðgreindar stofnanir skv. núgildandi lögum eru í frumvarpinu sameinaðar í eina stofnun. Starfssvið hennar verður þó í framkvæmd þrengra en lögin gera ráð fyrir, eins og þau mundu vera túlkuð nú, sbr. 1. gr.: „a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita ....", þar sem vanvitar eiga yfirleitt því aðeins heima á fávitastofnunum, að þeir reynist ófærir um að sjá fyrir sér. Um uppfræðslu annarra vanvita fer þá skv. 13. grein frumvarpsins.

Að öðru leyti vísast um þessa grein til almennu greinargerðarinnar.

Um 2. gr.

Nauðsynlegt þykir að heimila rekstur útibúa frá aðalhælinu. Er þá meðal annars haft í huga, að vel gæti komið að því, að eigendur núverandi einkahæla vildu hætta rekstrinum, og gæti þá ríkið yfirtekið stofnanirnar, ef það þætti hagkvæmt, og vistað þar sérstaka hópa fávita.

Um 3. gr.

Ekkert bæjar- eða sveitarfélag rekur nú fávitahæli, en rétt þykir að taka upp heimild til slíks rekstrar samhliða heimild til rekstrar einkahæla. Litlar líkur eru þó til þess, að bæjar- eða sveitarfélög fari inn á þá braut, en allt öðru máli gegnir um dagvistarheimili. Fyrir slíkt heimili er mikil þörf í Reykjavík, jafnvel þótt hælisþörf væri nokkurn veginn fullnægt, og hugsanlegt er, að reka mætti lítið heimili á Akureyri í sambandi við hæli. Ef einkaaðilar reka ekki slíkt heimili, er hlutaðeigandi bæjarfélag, en ekki ríkið, eðlilegur aðili, þar sem engin not yrðu að því fyrir aðra en þá, sem á staðnum búa.

Það er í samræmi við þau sjónarmið, sem þegar hefur verið greint frá, að stofnanir skv. þessari grein skuli háðar eftirliti frá aðalhæli ríkisins. Því til enn frekari rökstuðnings má benda á, að stofnanir þessar eru raunverulega reknar af opinberu fé, sbr. 5. 6. og 7. grein.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Rétt þykir að taka inn í þetta frumvarp ákvæði laga nr. 78/1936, um ríkisframtærslu sjúkra manna og örkumla, að því er varðar fávita. Þetta er gert með vísun til greinargerðar með lögum nr. 99/1965, um breyting á lögum nr. 78/1936, en í greinargerðinni segir svo: „Að lokum skal þess getið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna að því, að ríkisframfærslan verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún er nú, og að fela Tryggingastofnun ríkisins að hefja undirbúning að því, að sjúkratryggingar og lífeyristryggingar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar eigi síðar en á árinu 1967, þó þannig, að kostnaður vegna berklasjúklinga, geðveikra og fávita yrði áfram greiddur af ríkisframfærslunni, ef það þætti betur henta."

Í 3. grein laga nr. 99/1965 er ákveðið, að félagsmálaráðuneytið veiti styrk samkvæmt lögunum, en í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglur um styrkveitingar, og færi þá um það eftir samkomulagi, hvort ráðuneytið veitti styrkinn. Ákvæðið um greiðsluskiptingu milli ríkissjóðs og sveitarfélaga er óbreytt frá núgildandi löggjöf.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Dagvistarheimilið Lyngás, sem rekið er af Styrktarfélagi vangefinna, er eina dagheimili sinnar tegundar í landinu. Það hefur bætt úr brýnni þörf í Reykjavík, þar sem það hefur tekið til dagvistar um 40 (nú 43) reykvísk börn, sem langflest a. m. k. mundu vera á fávitahæli, ef hælisrúm væri til, og því kemur heimilið raunverulega í stað fávitahælis. Til þess að tryggja áframhaldandi rekstur þessarar nauðsynlegu stofnunar virðist óhjákvæmilegt að börnin, sem hana sækja, njóti sams konar styrks og börn á fávitahælum, enda hlýtur það að teljast sanngjarnt. Þó má styrkurinn samkv. frumvarpinu aldrei nema meiru en ⅘ af þeim styrk, sem fáviti nýtur á aðalfávitahæli ríkisins, en gæti vitaskuld orðið minni. Þar sem dagvistarheimili koma nær eingöngu að notum bæjarfélögum, þar sem þau eru rekin, þykir eðlilegt, að þátttaka bæjarfélags í greiðslu framfærslustyrks sé hlutfallslega meiri en á fávitahælum, sem allt landið á jafnan aðgang að. Greiðsluhlutföllum er þó hagað þannig, að kostnaður bæjarfélags af vist barna á dagvistarheimili getur aldrei orðið meiri en hann er á fávitahæli, en hann getur orðið minni. Þar sem úrskurða verður um styrkhæfi á dagvistarheimili með sama hætti og um hæli væri að ræða, er loku fyrir það skotið, að aðrir verði styrksins aðnjótandi en þeir, sem raunverulega þurfa á honum að halda.

Árið 1965 var rekstrarkostnaður Lyngáss kr. 1 815 157.79. Greiðslur frá aðstandendum, þ. e. dagvistargjöld, námu kr. 412 865.00, og rekstrarhalli, þ. e. framlag Styrktarfélagsins, var kr. 283 254.89. Ríkissjóður lagði til heimilisins kr. 317 220.00, en Reykjavíkurborg afganginn, kr. 891 817.90. Að sjálfsögðu hækka greiðslur úr ríkissjóði verulega, frá því sem nú er, skv. þessu frumvarpi, en engu að síður verða þær miklu lægri en þær mundu verða, ef börnin í Lyngási væru á fávitahæli. Daggjald á árinu 1965 var kr. 230.00 á fávitahælum og hefði þá numið alls kr. 3 609 850.00 fyrir 43 börn yfir árið, ef þau hefðu verið vistuð á fávitahæli, eða um það bil tvöföldum rekstrarkostnaði Lyngáss.

Um 7. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir nú laun 1—2 kennara á þeim einkafávitastofnunum, sem hér eru reknar, og koma þau til viðbótar við daggjöld skv. lögum nr. 78/1936. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að þessi framkvæmd verði lögfest, og fer þá um slíka þátttöku eftir reglum, er menntamálaráðherra setur.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Heimildin í greininni er nauðsynleg, meðan ekki er séð fyrir hælisþörf.

Um 11. gr.

Um skýringar á greininni vísast til almennu greinargerðarinnar.

Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 13. og 16. gr.

Málefni fávita eru jöfnum höndum heilbrigðismál, uppeldis- og fræðslumál og félagsmál, og gæti því leikið vafi á, undir hvaða ráðuneyti fávitastofnanir ættu að heyra. Hér á landi hafa fávitahæli frá upphafi verið talin til heilbrigðisstofnana og stjórn þeirra verið í höndum heilbrigðismálaráðherra. Ástæðulaust þykir að breyta þessu, þótt hinn uppeldislegi þáttur í starfsemi fávitastofnana sé álíka mikilvægur og hinn læknisfræðilegi. Í núgildandi lögum eru vanvitaskólaheimili talin til fávitahæla, eins og þegar hefur verið bent á, og rekstur þeirra hefði samkvæmt því komið í hlut heilbrigðisyfirvalda, ef slík heimili hefðu verið reist. Þetta verður að teljast fráleitt, þótt að sjálfsögðu verði að sjá þessum stofnunum fyrir góðri læknisþjónustu, og ætti að vera óþarft að rökstyðja það sérstaklega. Í greininni er því ákveðin ný, hagnýt verkaskipting milli fræðsluyfirvalda og heilbrigðisyfirvalda. Fræðsluskyldan sem slík hvílir að sjálfsögðu á fræðsluyfirvöldum, en heilbrigðisyfirvöld taka að sér að sjá um uppfræðslu þeirra, sem á fávitastofnunum dveljast, til þess að gera yfirstjórn stofnananna einfaldari. Það er svo þessari verkaskiptingu óviðkomandi, hvort vanvitaskólar (-heimili) eru reknir á sama hátt og aðrir skyldunámsskólar, þ. e. af ríki og sveitarfélögum í sameiningu eða af ríki eingöngu, og eiga ákvæði um það, svo og allt annað, er varðar vanvitakennslu og rekstur slíkra skóla eða skólaheimila, heima í löggjöf um skólamál.

Um 14. gr.

Allstór hópur andlega vanþroska einstaklinga þarfnast ekki hælisvistar né vistunar á dagvistarstofnun, en getur þó þarfnast einhvers konar aðstoðar. Tryggingastofnun ríkisins greiðir því vangefnu fólki eldra en 16 ára, sem á heimilum dvelst, örorkubætur, ef það er úrskurðað öryrkjar vegna gáfnatregðu. Foreldrar geta fengið sérstakan skattafrádrátt vegna barna undir 16 ára að aldri, sem eru andlega vanþroska. Æskilegt gæti verið, að foreldrar barna undir 16 ára aldri, gætu átt kost á frekari fjárstuðningi í sumum tilfellum en nú er, ef það stuðlaði að því, að þau gætu fremur dvalizt á heimilum foreldra sinna, og ættu ákvæði um hann þá heima í tryggingalöggjöf. Slík fjárhagsaðstoð yrði ódýrari en vistun á stofnun.

Á síðustu árum hefur aðstoð við andlega vanþroska fólk víðast hvar þróazt meira og meira í þá átt að vera ekki aðeins vistun á stofnunum, heldur einnig aðstoð við fólk, sem býr og starfar utan þeirra. Félagsleg fyrirgreiðsla til handa þessu fólki er þá fyrst og fremst í því fólgin að veita hinum vanþroska hjálp til að aðlaga sig þjóðfélaginu og verða eins nýtur þjóðfélagsþegn og þroskamöguleikar hans leyfa. Hér er um leiðbeiningarstarfsemi að ræða, þar sem könnuð eru vandamál foreldra og annarra aðstandenda og þeim leiðbeint um uppeldi og aðra aðhlynningu, einnig atvinnuleiðbeiningar, vistráðningar og fleira. Slík starfsemi er þó einungis hugsanleg í sambandi við fullgilda stofnun fyrir vanþroska fólk.

Um 15. gr.

Um skeið hefur verið haldið uppi skipulegri kennslu í fávitagæzlu í Kópavogi, án þess að um hana séu lagaákvæði. Námið er tveggja ára, bæði bóklegt og verklegt, og stúlkur, sem standast slíkt próf, eru nefndar gæzlusystur.

Eitt frumskilyrði þess, að unnt sé að reka fávitahæli á viðunandi hátt, er að eiga völ á þjálfuðu fólki til þess að stjórna daglegri vinnu á hælisdeildunum og til fleiri starfa. Alls staðar, þar sem aðstoð við fávita er í nokkurn veginn viðunandi horfi, eins og t. d. á Norðurlöndum, er þetta talin sérstök starfsgrein og haldið uppi nauðsynlegri kennslu í henni.

Nauðsynlegt er, að þessi skóli verði starfræktur á aðalhæli ríkisins vegna þess, að það er eini staðurinn, þar sem hægt er að gefa nemum kost á að umgangast nokkuð stóran hóp vangefinna einstaklinga á ýmsum stigum og veita þeim æskilega verklega þjálfun.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða, náttúruhamfara eða af annarri vá, og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðila samkvæmt lögum.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Forstöðumaður hefur á hendi heildarskipulagningu almannavarna, sér um framkvæmdir á þeim þáttum, er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga. Forstöðumaður skal fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum, eldgosum eða annarri vá.

3. gr.

3. málsgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhéruð, bæir eða landshlutar hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

4. gr.

Upphaf 9. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk almannavarnanefnda er að skipuleggja og framkvæma björgunar- og hjálparstörf vegna hættu eða tjóns, sem skapazt hefur vegna hernaðarátaka, náttúruhamfara eða af annarri vá. Er almannavarnanefndum þannig falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi fluttu nokkrir alþingismenn tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafíshættu o. fl.

Tillagan var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði að því er varðar hættur af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafíss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis land eða einstökum höfnum eða svæðum.

Enn fremur verði athugað að fella inn í lögin ákvæði um aðstoð við hjálparsveitir, sem stofnaðar hafa verið eða kunna að verða stofnaðar, um þjálfun hjálparsveitanna og kaup á tækjum til þeirra.

Áherzla skal lögð á, að endurskoðun þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi".

Tillaga þessi kom fram undir lok þingsins, og varð hún eigi útrædd. Í umræðum um tillöguna lýsti dómsmálaráðherra því yfir, að hann teldi rétt, að nánari athugun yrði gerð í þeim atriðum, sem getið er um í þingsályktunartillögunni, og að hann mundi hlutast til um, að athugað yrði, hvernig helzt kæmi til greina að fella ákvæði um þetta inn í lögin um almannavarnir.

Dómsmálaráðuneytið fór þess á leit við forstöðumann almannavarna, að hann léti í té álitsgerð um þetta efni. Er álitsgerð hans, sem almannavarnaráð hefur jafnframt samþykkt, birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu. Eru breytingar þær á lögum um almannavarnir, sem frumvarpið felur í sér, gerðar eftir tillögum almannavarnaráðs.

Um einstakar greinar þykir ástæða til að taka þetta fram.

Um 1. gr.

Breyting sú, sem gert er ráð fyrir, að gerð verði á 1. gr. laganna, er fólgin í því, að ákvæði, er mæla fyrir um aðstoð almannavarna vegna tjóns af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá, sem í gildandi lögum eru í 2. málsgr., eru færð í 1. málsgr. Er þeirri hlið almannavarna þannig gert jafnhátt undir höfði og hinni, sem snýr að tjóni vegna hernaðaraðgerða. Skipulagning hjálparstarfs vegna tjóns af völdum náttúruhamfara eða af annarri vá en hernaðaraðgerðum verður þá fastur liður í starfsemi almannavarna.

Um 2. gr.

Lagt er til, að í 2. mgr. 4. gr. verði bætt ákvæðum um, að forstöðumaður skuli fylgjast með og stuðla að athugunum vegna hættu af ísalögum og/eða náttúruhamförum. Gert er ráð fyrir, að framkvæmdin verði fyrst og fremst fólgin í því að safna upplýsingum um ástand og horfur og koma slíkum upplýsingum áfram til ráðuneytis eða viðkomandi yfirvalda.

Um 3. gr.

Það er nýmæli, að með greininni er ráðherra veitt heimild til að ákveða, að landshlutar vinni saman á sviði almannavarna og samræmi starfsemi í vissum þáttum þeirra. Æskilegt þykir frá skipulagslegu sjónarmiði, og þá einkum á sviði fjarskiptaþjónustu, að geta skipt landinu í nokkur stór almannavarnaumdæmi. Við þá skiptingu kemur einnig til athugunar, að hinir ýmsu landshlutar eru mismunandi þéttbýlir, svo og að hætta á hernaðaraðgerðum og náttúruhamförum er ekki jafnmikil á öllum stöðum.

Um 4. gr.

Breyting sú, sem lögð er til, felur í sér ákvæði um þátttöku almannavarnanefnda í því starfi, sem 1. gr. frumvarpsins tilgreinir, og er nauðsynleg til samræmingar.

Fylgiskjal.

Álitsgerð skrifstofu almannavarna um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafísháttu o. fl.

Lög um almannavarnir frá 29. des. 1962 fela fyrst og fremst í sér ákvæði varðandi viðbúnað gegn hættu af völdum hernaðaraðgerða. Lögin gera hins vegar ekki ráð fyrir viðbúnaði af hálfu almannavarna vegna náttúruhamfara, nema til komi fyrirmæli ráðherra hverju sinni. Þingsályktunartillagan er fram borin til að bæta hér um, svo sem rakið er í greinargerð flutningsmanna.

Lög um almannavarnir hafa nú verið í gildi í nær fjögur ár og skrifstofa almannavarna hefur starfað frá því lögin tóku gildi. Á þeim tíma hafa

ýmsir þættir almannavarna verið teknir til meðferðar, og skýrslur og greinargerðir samdar til undirbúnings þeim framkvæmdum, sem lögin kveða á um, að gerðar verði, og sem eru forsenda fyrir uppbyggingu almannavarnakerfisins. Er hér meðal annars um að ræða fjarskipti, viðvörun, fræðslustarfsemi, könnun á skýlingarhæfni bygginga, námskeið fyrir leiðbeinendur, svo nokkuð sé nefnt. Framkvæmdir, sem eðlilega ættu að fylgja í kjölfar athugana og undirbúnings, hafa hins vegar gengið hægar en æskilegt eða eðlilegt getur talizt. Orsakir þessa munu ekki hvað sízt vera efi um nauðsyn framkvæmda, sem taka til viðbúnaðar gegn hernaðarátökum eingöngu.

Þeim, sem kynnast uppbyggingu almannavarna með öðrum þjóðum, verður þegar ljóst, að almannavarnakerfi miðað við viðbúnað gegn hernaðarátökum fyrst og fremst kemur alltaf að fyllsta gagni við vá af öðrum orsökum. Reynslan hefur sýnt þetta í mörgum tilfellum, svo sem við jarðskjálfta (Alaska og Júgóslavía), gassprengingar og stórbruna (Kaupmannahöfn o. fl.).

Í yfirliti um björgunarstarfið í Alaska eftir jarðskjálftana þar árið 1964, sem birt er í riti Almannavarna Kanada, EMO National Digest, október 1964, segir svo meðal annars í lauslegri þýðingu:

1. Undirbúningur skipulegs björgunarstarfs er nauðsynlegur. Skipulagið þarf að vera sveigjanlegt og taka til margra þátta, jafnt á friðar- sem á stríðstímum.
2. Björgunarsveitir, sem hafa fengið þjálfun til starfa og sem vita hvert verk þeirra og ábyrgð er, verða að vera tiltækar.
3. Birgðir björgunartækja og búnaðar verða að vera fyrir hendi og tiltækar til notkunar án fyrirvara.
4. Áríðandi er, að fjarskipta- og viðvörunarkerfi sé sem bezt og fullkomnast.
5. Til að annast yfirstjórn, dreifa upplýsingum og gefa fyrirmæli um skyndiaðgerðir er nauðsynlegt, að til sé stjórnunarmiðstöð með æfðu starfsliði.

Margir Íslendingar líta á hættu hernaðarátaka hér ólíkt fjarlægari en hættu af völdum náttúruhamfara og má því telja eðlilegt að beina athygli manna að því síðarnefnda og hafa það í huga við skipulagningu almannavarna. Þá er og í flestum tilfellum tryggður viðbúnaður til að mæta öðrum voða.

Af sögu þjóðarinnar er ljóst, að hætta af völdum náttúruhamfara hér á landi er svo mikil, að viðbúnaðar er full þörf, eins og nánar er vikið að hér á eftir. Í grein eftir dr. Sigurð Þórarinsson, „Um möguleika á því að segja fyrir næsta Kötlugos," Tímaritið Jökull 9. árg. bls. 6—18 (1959), er rakin hugsanleg hætta, sem slíkt gos gæti valdið, meðal annars vegna öskufalls, sem af gosinu leiddi og borizt gæti yfir byggðir landsins. Síðan segir: „En ekki væri þó úr vegi, að forráðamenn þjóðarinnar ígrunduðu einhvern tíma og það heldur fyrr en síðar, hvernig bregðast skuli við slíkum háska, ef að beri." Enn segir: „Það þýðir ekki að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að land okkar er land náttúruhamfara, eldgosa, jarðskjálfta og ferlegra vatnsflóða. Okkur tjóar ekki að smeygja okkur undan ábyrgð með því að láta sem við vitum ekki, hverju við getum átt von á í sambandi við næsta Kötlugos."

Í „Greinargerð jarðskjálftanefndar um jarðskjálftahættu á Íslandi", Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, nr. 6, 43. árgangur 1958, er birt mjög yfirgripsmikil athugun um tíðni jarðskjálfta og styrkleika. Þar kemur og í ljós, að tvö af þremur helztu jarðskjálftasvæðunum liggja um þéttbýlustu hluta landsins, þ. e. Reykjanesskagann og Suðurlandsundirlendið annars vegar og umhverfi Eyjafjarðar hins vegar. Á þessum svæðum eru á hverjum 1000 árum líkur fyrir 100 jarðskjálftum að styrkleika yfir 5 stig.

Upplýsingar um ísalög við landið er að finna í ritinu Árferði á Íslandi eftir Þorvald Thoroddsen og taka þær til áranna 1800 — 1915 fyrst og fremst. Hliðstæðar framhaldsathuganir yfir tímabilið frá 1915 hafa verið gerðar af Jóni Eyþórssyni, veðurfræðingi, birtar í tímariti Jöklarannsóknafélagsins, og

af dr. Sigurði Þórarinssyni, birtar í ritinu „Thousand years of struggle against ice and fire." Samkvæmt þessum yfirlitum má sjá, að á tímabilinu 1800—1900 hafa komið um 20 mikil ísaár og 30—40 minni. Frá 1900—1950 eru meiriháttar ísaár aðeins 3, en smærri eru um 10. Meðaltíðni hafísa við landið samkvæmt þessu er, að því er varðar mikla ísa, 6.—7. hvert ár. Ef öll árin eru tekin verður tíðnin 2.—3. hvert ár.

Með vísan til þess, sem hér er sagt um tíðni eldgosa og hafísa má ljóst vera, að vandamál og vá af völdum þessara afla geta orðið alltíð. Það virðist því full ástæða til að taka sérstakt tillit til þessa varðandi framkvæmd almannavarna, svo sem flutningsmenn þingsályktunartillögunar benda á, og fella ákvæði þar að lútandi inn í lögin um almannavarnir. Ætla má, að slík ákvæði hafi almennt hvetjandi áhrif og stuðli að hraðari uppbyggingu og almennari áhuga um þessa starfsemi en verið hefur til þessa.

Í síðari lið þingsályktunartillögunnar er vikið að aðstoð við hjálparsveitir áhugamanna eða félagssamtaka um þjálfun og búnað. Í 9. gr. laga um almannavarnir eru tilgreind verkefni og starfssvið almannavarnanefnda. Einn liður starfssviðsins er skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður. Framkvæmd þessara ákvæða hlýtur að vera mun auðveldara en ella, ef til þátttöku í slíku starfi og þjálfun fást áhugamenn á hinum ýmsu stöðum.

Í flestum byggðarlögum, a. m. k. á öllum þéttbýlum svæðum, eru þegar starfandi deildir úr Slysavarnafélagi Íslands og Rauða Krossi Íslands, auk hjálparsveita skáta og flugbjörgunarsveita á nokkrum stöðum. Þeir einstaklingar, sem áhuga hafa á björgunarmálum, eru þannig víðast hvar þegar tengdir slysahjálpar- og björgunarstarfi. Virðist því æskilegt, að almannavarnasveitir, sem stofnaðar verða og þjálfaðar, hagnýti sér slíka aðstöðu.

Telja verður því, að eðlileg þróun málanna sé sú, að almannavarnanefndir séu stofnaðar sem víðast samkvæmt ákvæðum 8. gr. laganna. Nefndirnar leiti samstarfs við starfandi félagssamtök, sem hafa slysahjálpar- og björgunarsveitir innan sinna vébanda. Þessar sveitir geta myndað kjarna almannavarnasveitanna, þó þær séu hluti slysavarna- eða Rauða Kross-deilda eða annarrar skyldrar starfsemi. Almannavarnanefndirnar fjalli um, hvaða búnaður og þjálfun sé nauðsynleg, og hlutist til um útvegun búnaðar og um framkvæmd þjálfunar. Ekki er talin ástæða til að setja í lög um almannavarnir bein ákvæði um samstarf almannavarnanefnda og félaga áhugamanna, enda um framkvæmdaatriði að ræða, sem fellur undir 2. tölulið 9. gr. laganna. Til þess að það fyrirkomulag, sem hér er bent á, nái tilgangi sínum, verða ákvæði 8. gr. almannavarnalaganna um stofnun almannavarnanefnda að koma til framkvæmda.

Í upphafi greinarinnar segir svo:

„Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, sbr. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd".

Stofnun almannavarnanefnda er forsenda þess, að ráðstafanir til almannavarna geti hafizt. Almannavarnaráð vill því leggja á það megin áherzlu, að nefndirnar verði stofnaðar hið fyrsta í öllum kaupstöðum landsins, sbr. bréf Skrifstofu Almannavarna til dómsmálaráðherra, dags. 3. apríl 1963.

Um nauðsyn á stofnun almannavarnanefnda á öðrum stöðum fer eftir því, hvort breytingar á hlutverki almannavarna, að því er varðar náttúruhamfarir, ná fram að ganga.

Ráðstafanir til almannavarna hafa enn sem komið er aðeins hafizt í Reykjavík, en Almannavarnanefnd Reykjavíkur hóf störf í ársbyrjun 1964.

Niðurstöður í stuttu máli.

1. Framkvæmd laga um almannavarnir hefur gengið mjög hægt, þannig að telja verður óeðlilegt og óæskilegt. Þetta stafar sennilega af því, að lögin taka til hernaðaráhrifa fyrst og fremst.

2. Viðbúnaður gegn hættum af völdum náttúruhamfara og hernaðar er í flestum tilfellum sama eðlis og krefst hliðstæðs undirbúnings. Þetta á við um margháttaðan undirbúning, búnað til björgunarstarfa, þjálfun, skipulagningu, fjarskipti og birgðasöfnun, svo nokkuð sé nefnt.
3. Hætta af völdum eldgosa, jarðskjálfta og hafísa er mikil hér á landi. Viðbúnaður gegn meiriháttar áhrifum þessara afla er ekki fyrir hendi. Almennt mun litið á hættur af þessum orsökum nálægari en þær hættur, sem af hernaðarátökum kunna að stafa.
4. Slysahjálpar- og björgunarsveitir, sem starfandi eru innan félagssamtaka áhugamanna geta skapað kjarna almannavarnasveita og starfsemi þeirra mundi styrkjast almennt við aðstoð, sem almannavarnir geta látið í té, að því er varðar búnað og þjálfun.

Nauðsynleg forsenda þessa sem og allra annarra aðgerða við framkvæmd almannavarnalaganna er stofnun almannavarnanefnda.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amin, Kantilal Chunibhai Naranbhai, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Kenya 27. marz 1939.
2. Bohnsack, Gralf Onno Franz, gleraugnasérfræðingur á Akureyri, f. í Þýzkalandi 3. desember 1936.
3. Briem, Ekaterina Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rússlandi 7. janúar 1933.
4. Gillert, Kristin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. febrúar 1939.
5. Holm, Caspar Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. marz 1911.
6. Jensen, Kaj Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. apríl 1929.
7. Kahn, Elisha Eliezer, kerfisfræðingur við gatspjaldakerfi í Kópavogi, f. í Palestínu 23. janúar 1941.
8. Kyvik, Hans Jakob, verkamaður í Garðahreppi, f. í Bandaríkjunum 23. maí 1928.
9. Libnau, Karl Bernhard, trésmiður í Kópavogi, f. í Danmörku 3. febrúar 1911.
10. Libnau, Kristín Valgerður Jóhanna Kristjánsdóttir, húsmóðir í Kópavogi. f. á Gileyri í Tálknafirði 26. júní 1916.
11. Mai, Anna Ingeborg, hjúkrunarkona á Kristneshæli, f. í Þýzkalandi 12. okt. 1924. Öðlist ríkisborgararétt 1. sept. 1967.
12. Mäklin, Urpo Matti, vélvirki í Reykjavík, f. í Finnlandi 11. nóv. 1929.
13. Olson, Evert William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. okt. 1925.
14. Prenzlow, Eva Maria fædd Ritzhaupt, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 9. febr. 1928.
15. Prenzlow, Günther Georg, myndasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. marz 1928.
16. Rasmussen, Grethe Bögelund, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 31. marz 1937.

17. Rasmussen, Hans, stýrimaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 27. júlí 1924.
18. Reichel, Bothilde Erna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 6. ágúst 1936.
19. Sramová, Olga Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkoslóvakíu 25. ágúst 1937.
20. Thiesen, Ursula Barbel Regina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. júlí 1937.
21. Wallmann, Angelika, hárgreiðslukona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júní 1947.
22. Whittaker, Guðmunda Halldóra Ólafsdóttir, skrifstofukona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 16. jan. 1915.
23. Wilhelmsen, Sigrun, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 27. júní 1940.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. nr. 507 á 86. löggjafarþingi 15. apríl 1966.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. janúar 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Í stað orðanna „nr. 70 30. júní 1958“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Einnig er heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti, og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptöku afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða. Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða með sektum, 200—2000 kr.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

3. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. laganna orðist svo: Skipstjóri, er gerir sig sekan um ítrekað brot gegn 1. gr., skal, auk refsingar þeirrar, sem getur um í 4. gr., sæta varðhaldi eigi skemur en 2 mánuðum.

Í stað orðsins „fangelsi“ í síðari málslið greinarinnar komi: varðhald og í stað „3. gr.“ komi: 4. gr.

4. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Allar sektir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 5 18. maí 1920 með áorðnum breytingum og gefa þau út að nýju með fyrirsögninni: Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rætt hefur verið um það á undanförnum þingum, að tímabært væri að endurskoðun yrði gerð á ýmsum atriðum í lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. niðurstöðu sjávarútvegsnefndar Nd. á þskj. 565 1964—65. Einkum hefur þótt þörf á endurskoðun ákvæða laganna um viðurlög við brotum gegn þeim. Koma fram ýmis lögfræðileg vandamál í því sambandi, sbr. bendingar í umsögn saksóknara ríkisins, sem er fylgiskjal með framangreindu þskj.

Því verður ekki neitað, að þrátt fyrir það, að ákvæði laganna um, að sektir skuli miðaðar við gullkrónur, hafa tryggt það, að sektir hafa fylgt breyttu verðgildi peninga, þá valda aðrar ástæður því, að eðlilegt er talið, að sektir verði nú hækkaðar. Eftir stækkun fiskveiðilandhelginnar þarf löggæzlan að ná til miklu stærri hafsvæða en áður og skapar það auðvitað meiri erfiðleika, sem m. a. má bregðast við með hertum viðurlögðum. Þau skip, sem veiðarnar eru nú stundaðar með, eru miklum mun stærri en áður tíðkaðist, og þau og búnaður þeirra stórum fullkomnari og veiðimöguleikar auknir að því leyti. Öll þessi atriði sýnast gera allverulega hækkun viðurlaga tímabæra.

Annað atriði, sem nokkuð hefur verið á dagskrá, er sá vandi, sem skapazt hefur, þegar ekki hefur verið mögulegt að koma fram refsiábyrgð gegn skipstjóra, þótt málsástæður geri viðurlög eðlileg. Er í frumvarpi þessu horfið að því ráði að haga ákvæðum á líkan hátt og gert er í löggjöf Norðmanna, en þar er heimiluð upptaka verðmæta, þótt ekki komi til refsimáls. Verður gerð nánari grein fyrir þeim ákvæðum hér á eftir.

Nokkur önnur ákvæði laganna þurfa breytinga við, en þar er einkum um að ræða lagfæringar á hnökrum, sem komið hafa fram við margendurteknar breytingar

á lögunum á löngu árabili. Einnig þykir þá rétt, að lögin verði gefin út að nýju í samfelldum texta, þar sem margvíslegt óhagræði er að því að fjalla um texta, sem svo oft hefur verið breytt.

Um 1. gr.

Lagfæra þarf tilvísun 1. greinar laganna (l. nr. 6 frá 1959) í reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 70 1958, og þykir þá hentugast að gera það með vísun til laganna nr. 44 1948, í stað númers reglugerðar, sem ávallt getur breytzt.

Um 2. gr.

Í breytingum þessarar greinar á 4. gr. laganna er að finna veigamestu breytingar á lögunum, sem ráðgerðar eru með þessu frumvarpi. Lagt er til, að lágmark sekta skipa yfir 200 rúmlestir brúttó hækki um 50%, þ. e. úr 10 þús. í 15 þús. (gull)-krónur, en hámark verði 20 þús. eða 25 þús. krónur eftir stærð skipanna, og miðað við 600 rúmlesta mark. Í 100 gullkrónum eru nú 1951.09 pappírskrónur.

Í upptökuákvæðunum í 1. mgr. greinarinnar, sem eru að norskri fyrirmynd, er farið inn á nýjar brautir, þannig að heimilað er að beita upptöku á skipi eða andvirði þess að hluta, og að heimilað er að beita slíkri upptöku jafnhliða sektum. Gerir þetta einnig mögulegt að koma fram viðurlögum á lagalega óaðfinnanlegan hátt og eftir skýrum lagaheimildum, þótt ekki verði komið fram refsiábyrgð. — Í Noregi hefur þróun orðið sú, að beitt hefur verið tiltölulega lágum sektum, en fjárhagslegu viðurlögin hafa fyrst og fremst falizt í upptöku og þá með ákveðnum krónufjölda af andvirði skips. — Hér á landi, þar sem um langt árabil hefur verið beitt allháum sektum, mundi ekki þykja rétt að hverfa frá tiltölulega háum lágmarkssektum, og munu því sektirnar áfram verða höfuðviðurlög við brotum gegn fiskveiðilöggjöfinni, þótt dómstólarnir fái viðbótar lagaákvæði í hendur við ákvörðun viðurlaga. — Þá eru í lok mgr. ákvæði um það, hvert skuli beina málatilbúnaði til upptöku verðmæta.

Ekki hefur þótt ástæða til að breyta sektarákvæðum 2. mgr. („hlerasektir"), en skýrara þykir að fella 3. mgr. núgildandi 4. gr. inn í 2. mgr., þar sem hún einungis vísar til hennar.

Betur þykir fara á, að ákvæði um miðun við gullkrónur komi sem upphafsákvæði 7. gr. laganna.

Lokaákvæði frumvarpsgreinarinnar, um niðurfall réttinda þriðja manns í upptækum verðmætum, þykir nauðsynlegt til að taka af tvímæli.

Um 3. gr.

Breytingar á 6. gr. eru einungis lagfæringar vegna breyttrar löggjafar frá setningu laganna 1920, svo og ein leiðrétting.

Um 4. gr.

Eins og áður segir þykir fara betur á, að ákvæðið um gullkrónuviðmiðun sé í 7. gr. Jafnframt er vikið við orðalagi vegna breytingar á upptökuákvæðunum.

Um 5. gr.

Aðeins lagfæring vegna nýrri löggjafar.

Um 6. gr.

Eins og áður segir er texti laganna orðinn svo marg samansettur, að nauðsyn er á að gefa þau út að nýju. Er þá jafnframt lagt til, að breytt verði fyrirsögn laganna, vegna þeirrar breytingar, sem varð 1959, er bætt var í lögin banni við veiðum með flotvörpu. Er sú nákvæmni e. t. v. smekksatriði.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um landhelgisgæzlu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Landhelgisgæzlan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík og er markmið hennar:

a) Að hafa með höndum almenna löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.
b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.
c) Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.
d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.
e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum, fiskirannsóknum, botnrannsóknum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.
f) Að tilkynna, fjarlægja, eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af.
g) Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna,- toll,- og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.

Stjórn.

2. gr.

Dómsmálaráðherra hefur með höndum yfirstjórn allrar starfsemi Landhelgisgæzlunnar og gefur út nauðsynlegar reglugerðir eða fyrirmæli um almenna stjórn ýmissa þátta hennar.

3. gr.

Forseti skipar forstjóra til þess að stjórna Landhelgisgæzlunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að málefnum hennar.

4. gr.

Forstjóri ræður starfslið Landhelgisgæzlunnar, yfirmenn svo og almenna starfsmenn, og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsliðs að fengnum tillögum forstjóra.

Starfsmenn.

5. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli.

Heimilt er að skrá áhafnir á varðskip Landhelgisgæzlunnar eftir reglum, sem ráðherra setur.

6. gr.

Um réttindi starfsmanna til ákveðinna starfa fer að lögum og reglugerðum, sem um þau efni fjalla, svo sem um atvinnuréttindi skipherra, stýrimanna, vélstjóra og flugstjóra.

7. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega ekki, hvorki beint né óbeint, taka þátt í neinskonar kjara- eða kaupdeilum.

8. gr.

Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, er forstjóri eða dómsmálaráðherra ákveða.

Laun og kjör.

9. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skulu vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

10. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum.

11. gr.

Ef starfsmenn vinna ýmist í landi, á sjó eða í lofti, skulu laun þeirra ákveðast eftir aðal-starfi þeirra, en önnur kjör samkvæmt því starfi, sem þeir sinna hverju sinni.

12. gr.

Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur reksturskostnaður, en af afganginum ¼ — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers eins. Af hluta áhafnar má greiða, áður en skipti fara fram, ákveðna fjárhæð að dómi skipherra, til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.

13. gr.

Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar, svo og eftir viðkomandi kjarasamningum og ákvörðun Landhelgisgæzlunnar, eftir því sem þurfa þykir.

14. gr.

Sérhver starfsmaður skal ganga undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar, a. m. k. einu sinni á ári. Að lokinni læknisskoðun getur stjórn Landhelgisgæzlunnar krafizt hæfnisvottorðs af starfsmanni.

Varðskip, gæzluflugvélar og útbúnaður.

15. gr.

Landhelgisgæzlan gerir út varðskip, gæzluflugvélar og önnur farartæki, sem nauðsynleg kunna að vera vegna gæzlu landhelginnar eða annarra þarfa, og geta

tækin annað hvort verið eign Landhelgissjóðs, annarra ríkisstofnana, eða tekin á leigu.

Auk sérhæfðs útbúnaðar, sem þau kunna að hafa vegna starfs síns skulu þau öll uppfylla kröfur íslenzkra laga og reglna um búnað tækja af svipaðri stærð og gerð.

16. gr.

Um lit, einkenni eða merki á skipum og flugvélum fer eftir ákvörðun forstjóra í samráði við dómsmálaráðherra, en ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.

Landhelgissjóður Íslands.

17. gr.

Í sjóð er nefnist Landhelgissjóður Íslands skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun svo sem segir í 12. gr. laga þessara.

18. gr.

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæzluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstursútgjalda Landhelgisgæzlunnar.

19. gr.

Dómsmálaráðherra hefur á hendi stjórn sjóðsins. Skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal birtur árlega með öðrum reikningum ríkisstofnana.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim og lög nr. 55 10. nóv. 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, lög nr. 68 3. nóv. 1915 og lög nr. 34 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði sem fara kunna í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að gæta íslenzku landhelginnar er ein þýðingarmesta stjórnsýsla ríkisins, enda er landhelgisgæzlan á ytra borði tákn fullveldis þess og sjálfstæðis.

Eftir að við Íslendingar hlutum fullveldisviðurkenninguna 1918 var svo um samið, að Danir skyldu fyrst í stað annazt gæzlu landhelginnar, en þess var skammt að bíða, að Íslendingar tækju gæzlu hennar í eigin hendur.

Fyrsta aðdraganda íslenzkra landhelgisgæzlu má rekja til Vestmannaeyja, en það á sínar eðlilegu skýringar. Það var þörfin á eftirliti með hinum litlu bátum og björgunarskipi á vetrarvertíð allra veðra, sem knúði dyra. Vestmannaeyingar stofnuðu Björgunarfélag Vestmannaeyja um 1920 og eignaðist það björgunarskipið Þór, en ríkið leigði svo þetta skip við og við til varðgæzlu og keypti það 1926. Sama ár var Óðinn fyrsti fullsmíðaður og um mánaðamótin júní—júlí létu bæði þessi skip úr höfn til landhelgisgæzlu.

Hefur því síðan verið við það miðað, að þá hefji íslenzka ríkið reglulega landhelgisgæzlu á eigin varðskipum og var 40 ára afmælis Landhelgisgæzlunnar minnzt í blöðum og útvarpi á síðastliðnu sumri.

Landhelgisgæzlan fór hljóðlega af stað, en smátt og smátt — stig af stigi — hefur hún þróazt til þeirrar traustu stofnunar, sem hún er í dag. Hún hefur á

vissan hátt vaxið upp með mönnunum, sem í öndverðu tóku að sér gæzluna. Menn minnast í því sambandi brautryðjenda eins og skipherranna Jóhanns P. Jónssonar, Friðriks Ólafssonar og Eiríks Kristóferssonar. Og þess er einnig að minnast að á 40 ára afmæli Landhelgisgæzlunnar voru 4 menn enn í starfa af áhöfn fyrsta skips gæzlunnar, þeir skipherrarnir Þórarinn Björnsson, Jón Jónsson og Haraldur Björnsson og Kristján Sigurjónsson, yfirvélstjóri og nú eftirlitsmaður með viðgerðum og vélum gæzlunnar. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, byrjaði að starfa hjá henni sem viðvaningur á varðskipi árið 1927.

Löggjöf okkar er á hinn bóginn ekki fjölskrúðug um þessa réttargæzlu íslenzka ríkisins á hafinu. Koma í því efni eiginlega aðeins þrenn lög til álita. Tvenn lög bæði frá 10. nóv. 1913, l. nr. 54 um samþykktir um eftirlit úr landi með fiskiskipum í landhelgi, en þau munu ei hafa komið til framkvæmda, og l. nr. 55 um stofnun landshelgissjóðs Íslands. Þriðju lögin eru nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Þykir því ástæða til að móta verksvið Landhelgisgæzlunnar, réttindi og skyldur starfsmanna hennar og önnur atriði miðað við aðstæður í dag í sérstakri löggjöf og þess vegna er þetta frumvarp fram borið.

Um efnisatriði þess vísast til athugasemda við einstakar greinar.

Til glöggvunar á málefnum og verkefnum Landhelgisgæzlunnar, eins og þau horfa nú við eru birt hér með eftirfarandi fylgiskjöl:

Nr. 1. Skýrsla til dómsmálaráðherra í ágúst 1966 (um byggingu nýs varðskips).

Nr. 2. Tafla um fiskiskip tekin að ólöglegum veiðum við Ísland.

Nr. 3. Skrár um flognar og sigldar vegalengdir gæzluflugvélar og varðskipa og gæzludaga varðskipa.

Nr. 4. Skrá yfir leit, aðstoð og björgun skipa við Ísland.

Nr. 5. Skrá yfir farþegaflutninga með gæzluflugvélum og varðskipum.

Nr. 6. Skrá um hafrannsóknir og ýmsa aðra vinnu varðskipanna.

Nr. 7. Skrá yfir eyðingu tundurdufla við Ísland.

Nr. 8. Yfirlit um sókn togara á fiskimið við Ísland.

Nr. 9. Kort yfir landhelgi Íslands.

Um 1. gr.

a) Í fylgiskj. hér á eftir er skrá yfir öll þau fiskiskip, sem Landhelgisgæzlan hefur tekið að ólöglegum veiðum frá ársbyrjun 1952 til ársloka 1965, að frádregnum þeim tíma, sem fiskveiðideilan stóð við Breta, 1. sept. 1958 til 1. marz 1961. Samtals 372 fiskiskip, þar af 130 erlend. Af hinum erlendu tóku varðskip 106 og gæzluflugvélar 24. Til 1. okt. þessa árs hafa til viðbótar verið tekin um 50 íslenzk fiskiskip og 4 brezkir togarar.

b) Allt frá upphafi hefur hvers konar hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og aðkallandi sjúkraflutningar, verið eitt aðalverkefni varðskipanna og ætíð látið sitja í fyrirrúmi fyrir öðru. Aðallega hafa þessi verk verið unnin í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands, en annars geta þar ýmsir aðrir aðilar komið til greina, eins og t. d. Flugbjörgunarsveitin o. fl. Undanfarin ár hefur töluverð aukning orðið á flutningi slasaðra eða sjúkra sjómanna frá skipum langt undan landi, bæði innlendra og erlendra, og engir aðrir aðilar en Landhelgisgæzlan geta gert það með góðu móti. Í eitt skipti hefur varðskip með aðstoð þyrlu frá varnarliðinu sótt sjúkling til Grænlands, sem ekki var fært að gera á annan hátt.

c) Eitt aðalverkefni varðskipanna og gæzluflugvélanna er að veita nauðstöddum skipum og bátum aðstoð, enda hefur íslenzka ríkið skuldbundið sig á ýmsan hátt í þeim efnum, bæði með lögum (um samábyrgð íslenzkra fiskiskipa), svo og sérsamningum við einstaka aðila. Vegna hinnar öru nýbyggingar

og stækkunar íslenzka fiskibátaflotans á undanförnum árum, hafa þó orðið allmiklar breytingar á þörfinni fyrir sérstök aðstoðarskip, sérstaklega eftir að sjóvátryggingafélögin hófu virkari þátttöku í þeim störfum en áður var, — svo og fyrir björgunarstarfsemi ýmissa annarra einkaaðila.

Þrátt fyrir þetta hefur þó aðstoðarbeiðnum til Landhelgisgæzlunnar fækkað minna en búast mætti við, sérstaklega þegar um erfiðari bjarganir á sjó er að ræða, enda taka stóru varðskipin öðrum fram til þeirra starfa.

d) Allir þeir, sem kunnugir eru aðstæðum úti um land, vita hve oft er erfitt eða tímafrekt að ferðast til afskekktra staða, — eða jafnvel fjölmennra byggðarlaga, vegna þess að samgöngur teppast eða lokast af óvæntum orsökum, eins og veðri, snjóum, hafís o. fl. Hefur þá verið venja um fjölda ára að grípa til nærtækra varðskipa til aðstoðar, og mun svo eflaust verða í framtíðinni.

e) Frá því er íslenzka ríkið byrjaði útgerð á varðskipum, hafa þau ætíð verið notuð að meira eða minna leyti til aðkallandi hafrannsókna, og enda þótt verið sé að byggja sérstök skip til sumra þessara starfa, nefnilega fiskirannsókna og síldarleitar, þá eru þó ýmis önnur, sem eflaust verða áfram framkvæmd af varðskipunum, eins og ýmiss konar botnrannsóknir, og þá ekki sízt sjómælingar, sem ætíð hafa verið Landhelgisgæzlunni tengdastar.

f) Tilkynningar um ýmiss konar farartálma á sjó, sem kunna að vera hættulegir sjófarendum, berast jafnaðarlega til Landhelgisgæzlunnar og er þá venjulega strax tilkynnt um slíkt í útvarpi eða beint frá varðskipunum og jafnframt gerðar ráðstafanir til lagfæringar eða eyðingar, svo fremi það sé framkvæmanlegt. Sérstök áherzla hefur verið lögð á að gera tundurdufl og sprengjur skaðlaus og hafa þrír af yfirmönnum Landhelgisgæzlunnar verið sérmenntaðir til þess.

g) Eðlilega hefur Landhelgisgæzlan ætíð aðstoðað aðrar þjónustugreinar ríkisins við framkvæmd starfa þeirra, sérstaklega hvað viðvíkur öllu eftirliti með skipum á sjó, eftir því sem aðstæður hafa leyft hverju sinni og mun svo eflaust verða áfram.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum ræðir um stjórn Landhelgisgæzlunnar. Ákvæði laganna frá 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, um þetta efni eru löngu úrelt, sbr. 3. og 4. gr. laga nr. 32 1935 og er í þessum greinum frumv. staðfestur sá háttur, sem verið hefur um langt skeið á um starfsmannaráðningar. Rétt þykir þó, að forstjóri hljóti veitingu forseta á embætti sínu, enda er hér um hið ábyrgðamesta starf að ræða.

Um 5.—7. gr.

Hér ræðir um réttarstöðu starfsmanna gæzlunnar, sbr. 2. og 5. gr. laga 32/1935. Við gæzlustörf varðskipanna hafa allir skipverjar, meira eða minna, orðið aðilar að þeim störfum og hættum sem löggæzlu á hafinu fylgja. Er því rétt að skipverjar allir njóti þeirrar réttarstöðu, sem lögæzlumenn hafa.

Um 9.—14. gr.

Um laun og kjör starfsmanna er hér staðfest sú regla, sem gilt hefur, að starfsmenn í landi, þ. e. á skrifstofu, hafi kjör eftir reglum um kjarasamninga opinberra starfsmanna en þeir, sem á sjó eða í lofti vinna, hafi kjör eftir reglum viðkomandi stéttarfélaga, sbr. 6. gr. laga nr. 32/1935. Það er allalgengt að yfirmenn á sjó vinni um tíma í landi og er í 11. gr. frumv. mörkuð regla um kjör þeirra við slík breytileg störf. Regla 12. gr. frumv. um skiptingu björgunarlauna er óbreytt frá 8. gr. laga nr. 32/1935.

Eðlilegt er, með tilliti til hins sérstaka löggæzlustarfs að sérreglur þurfi um tryggingar starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, sbr. 13. gr. frumv. Einnig er nauðsyn-

legt að fylgzt sé sérstaklega með heilsufari og starfshæfni manna, sem standa þurfa í mannraunum í starfi sínu, og öryggi annarra getur verið undir því komið að hvergi skeiki.

Um 15.—16. gr.

Ekki er um nein nýmæli að ræða í þessum greinum.

Um 17.—19. gr.

Bezt þykir fara á því, að lagaákvæði um Landhelgissjóð Íslands verði felld inn í heildarlög um Landhelgisgæzluna, enda hafa síðari lög (lög um bann gegn botnvörpuveiði) breytt ákvæðum laganna um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, nr. 55 10. nóv. 1913, án þess að breytingarnar væru felldar inn í þau lög, svo að leiðrétting er allavega tímabær.

Fylgiskjal I.

LANDHELGISGÆZLAN

Skýrsla til dómsmálaráðherra í ágúst 1966.

Sem kunnugt er hefur verið unnið að undirbúningi að smíði á nýju varðskipi um mjög langan tíma, en Alþingi 1958 samþykkti ályktun um nauðsyn þess að efla landhelgisgæzluna, og um það bil er smíði varðskipsins ÓÐINN var að ljúka (kom í ársbyrjun 1960) var Landhelgisgæzlunni falið að hefja undirbúning að byggingu á nýju varðskipi til viðbótar, sbr. bréf Landhelgisgæzlunnar 9. maí 1959 til dómsmálaráðuneytisins, og bréf hæstvirts dómsmálaráðherra, Friðjóns Skarphéðinssonar, 10. júní 1959 til Landhelgisgæzlunnar.

Var þá þegar komið í ljós að minni varðskipin dugðu lítt til gæzlu hinnar stærri fiskveiðilandhelgi, og ÆGIR auk þess orðinn það úreltur, að vafasamt þótti að endurnýja hann með nýrri flokkun.

Undirbúningur að smíðinni var þegar hafin, en af ýmsum ástæðum, — sérstaklega þó er hin mikla afkastageta hins nýja varðskips, ÓÐINS, var komin í ljós, — var horfið að því ráði að flokka ÆGIR að nýju, og þar sem á sama tíma var fyrirhugað að byggja nýtt vitaskip, í stað vitaskipsins HERMÓÐS, sem fórst í ofviðri við Reykjanes 1959, — þá í þjónustu Landhelgisgæzlunnar, var af hálfu fjárveitingarvaldsins gert ráð fyrir, að hið fyrirhugaða vitaskip yrði jafnframt haft til landhelgisgæzlu og björgunarstarfa. Samkomulag um það atriði náðist þó ekki, eins og fram kemur í bréfi Landhelgisgæzlunnar til dómsmálaráðuneytisins dags. 31. maí 1960. Gagnstætt fyrra vitaskipinu hefur hið nýja, ÁRVAKUR, hingað til hvorki verið notað til gæzlu- né björgunarstarfa.

Jafnframt þessu voru almenn skipulagsmál Landhelgisgæzlunnar með tilliti til hinna nýju fiskveiðitakmarka um það leyti ýtarlega rædd við þáverandi dómsmálaráðherra, dr. Bjarna Benediktssonar, — og þá sérstaklega á hvern hátt yrði hægt að haga þeim rekstri á sem hagkvæmastan hátt, sbr. meðal annars bréf Landhelgisgæzlunnar til dómsmálaráðuneytisins um þetta efni, dags. 27. ágúst 1960.

Var þá þegar hafizt handa um að afla sem beztra upplýsinga um svipaðan rekstur í nágrannalöndum okkar, bæði austan hafs og vestan, og þar eð margt er svipað í fiskveiðigæzlumálum Norðmanna og Íslendinga, var athugun sú, sem norska fiskimálaráðuneytið lét sérstaka nefnd gera árið 1958—1959 um þarfir norsku fiskveiðigæzlunnar, þegar mörkin þar yrðu færð út frá 4 í 12 sjómílur, sérstaklega athyglisverð fyrir okkur.

Til þess tíma hafði Noregur látið herskip sín og herflugvélar annast alla almenna landhelgisgæzlu, að undantekinni sérstakri veiðarfæragæzlu, sem framkvæmd var af leigðum fiskibátum. Nefndin taldi þetta ekki nægjanlegt og lagði til, að stofnuð yrði sérstök landhelgisgæzludeild (helzt innan flotans), er hefði einvörðungu með fiskveiðigæzluna að gera, og hefur svo verið síðan.

Enda þótt nefndin teldi það mjög heppilegt að skip og flugvélar flotans væru ætíð til reiðu ef mikið lægi við, þá áleit hún þó að til daglegs eftirlits ætti að hafa a. m. k. 8—9 stór, ganggóð varðskip (minnst 17 sjóm. klst.) auk leigubáta til veiðarfæragæzlu eins og áður, og leiguflugvéla til eftirlitsflugs allt að 1400 klst. á ári. 1—2 þessara skipa og helmingur flugsins áttu að nægja til eftirlits á vesturströndinni, eða við úthafsveiðarnar, en allur hinn hlutinn átti að gæta fiskveiðanna við Norður-Noreg, sem eru þar á um 700 sjómílna löngu belti. Alls eru fiskveiðitakmörkin við Noreg um 1360 sjómílur á lengd.

Í ársbyrjun 1965 var þessi gæzlufloti alls 21 skip með samtals 212 manns. 7 skipanna voru svipuð stærri íslenzku varðskipunum og 14 þeirra leigðir fiskibátar til veiðarfæragæzlu. Af stærri skipunum voru þrjú nýsmíðuð varðskip, — hið stærsta álíka að stærð og gangi og v/s ÞÓR, en hin tvö töluvert minni. Höfðu hin síðastnefndu valdið allmiklum deilum, er þau voru smíðuð, vegna þess að sérfræðingar töldu þau of veigalítil til almennrar landhelgisgæzlu, enda varð sú reyndin á, er þau voru tekin í notkun.

Sama ár voru íslenzku varðskipin 7 að tölu, 3 stór og 4 lítil (nánast bátar) auk einnar flugvélar, með samtals 97 manns, til gæzlu tæplega 1000 sjómílna langra fiskveiðimarka, 1—2 þessara skipa voru þó langdvölum bundin við ýmiskonar rannsóknarstörf. Gæzluflugstundir það ár voru 282.

Árið áður, 1964, fóru brezkir og þýzkir togarar 804 veiðiferðir samtals á miðin við strendur Noregs, Svalbarða og Bjarnareyjar, og 3096, — næstum 4 sinnum fleiri — á miðin við Ísland, samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands.

Um svipað leyti voru Danir einnig að búa sig undir útfærslu fiskveiðitakmarkanna við Færeyjar og Grænland, og byggðu í því sambandi fjögur varðskip, um 10 m lengri en ÓÐINN, með aflmeiri vélum, en sama mesta hraða. Öll skipin voru sérstaklega styrkt til siglinga í ís og með þilfari og húsi fyrir þyrlur. Aalborg Værft A/S byggði tvö þeirra skömmu eftir að það hafði lokið við smíði varðskipsins ÓÐINS.

Þá var og fluggæzlan og hinn góði árangur hennar til athugunar um þetta leyti, sérstaklega þar sem flugbáturinn TF-RÁN var þá að ganga úr sér og þarfnaðist endurnýjunar, sbr. bréf Landhelgisgæzlunnar 3. júlí 1962, — og leiddu þær athuganir til þess, að þáverandi dómsmálaráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, heimilaði kaup fjögurra hreyfla flugvélar af gerðinni DC-4.

Þessi nýja, stóra gæzluflugvél, TF-SIF, hefur, sem kunnugt er, verið í notkun síðan haustið 1962 og reynzt með ágætum til hvers konar gæzlu- og björgunarstarfa, t. d. leit að týndum bátum, ekki sízt í misjöfnum veðrum. En þar eð notkun þyrla til landhelgis- og björgunarstarfs var þá að færast mjög í vöxt erlendis, þótti rétt að hefja gaumgæfilegar athuganir á möguleikum þeirra. Varðskipið ÓÐINN hafði sem kunnugt er verið byggt með þyrluþilfari, og hóf það strax eftir að það var tekið í notkun æfingar með þyrlum varnarliðsins. Jafnframt var einn af flugmönnum Landhelgisgæzlunnar sérmenntaður til þyrluflugs af bandaríska flotanum. Leiddi þetta síðar, 1965, til kaupa á þyrlunni TF-ÆIR í félagi við S.V.F.Í.

Sömuleiðis var þá töluvert rætt um á hvern hátt væri bezt hægt að draga úr útgerð litlu varðbátanna, sem vart þóttu hæfir til annars en báta-aðstoðar á grunnmiðum, og ekki talið ráðlegt að samið yrði um byggingu og útgerð fleiri slíkra skipa á vegum Landhelgisgæzlunnar. Bar í því sambandi mjög á góma, að æskilegt væri, að fiskibátarnir sjálfir aðstoðuðu hver annan meira en verið

hefði, svo og einnig að aðrir aðilar, eins og t. d. vátryggingafélögin, eða jafnvel einkaaðilar tækju meiri þátt í björgunar- og aðstoðarstarfseminni, því hvort-tveggja myndi strax gera fækkun varðbátanna mögulega, og þar með draga úr rekstrarkostnaði Landhelgisgæzlunnar. Fiskibátarnir voru þá einnig byrjaðir að stækka að mun, og betur búnir en áður var.

Hefur þessari stefnu, sem þá var mótuð, verið haldið síðan, og er árangur hennar þegar kominn í ljós að nokkru.

Fyrst riðu Vestmannaeyingar á vaðið og byggðu hafnarbátinn LÓÐSINN 1961, sem strax frá byrjun tók að sér alla bátagæzlu við Vestmannaeyjar, en hana hafði Landhelgisgæzlan haft með höndum allar vertíðir frá því til hennar var stofnað, og þess vegna ætíð þurft að hafa þar tiltækt sérstakt varðskip á þeim tíma. Um svipað leyti jók Björgun h.f. einnig mjög björgunarstarfsemi sína og enn fremur fóru ýmsir sundkafarar að veita fiskibátum aðstoð víða um land, — og loks stofnuðu öll þau félög, sem annast sjóvátryggingar í Reykjavík sameiginlegt hlutafélag, Björgunarfélagið, sem í sumar hefur rekið tvö skip til aðstoðar fiskibátaflotanum, GOÐANN og GOÐANES (áður varðbáturinn GAUTUR). Enn fremur hefur stækkun og betri útbúnaður bátanna orðið til þess, að þeir hafa nú mun meiri getu og áhuga á að aðstoða hver annan en áður, — sérstaklega þegar hinir stærri og verðmætari eiga í hlut, og von er á björgunarlaunum.

Allt þetta hefur orðið til þess, að mun minna hefur verið leitað til varðskipanna um bátaaðstoð en áður var, nema þegar slys eða hætta á slíku er yfirvofandi, og skjótra aðgerða þörf, og hefur því nú þegar verið hægt að fækka um tvo varðbáta, þ. e. GAUT, sem var seldur árið 1964 og SÆBJÖRGU, sem var afhent Slysavarnafélagi Íslands 1965, að loknu 20 ára umsömdu leigutímabili. Hefur þetta orsakað að frá 1961 til 1965 var hægt að fækka starfsfólki Landhelgisgæzlunnar á sjó og landi úr 152 í 121, eða um 20%, þrátt fyrir aukna fluggæzlu og þyrlu til viðbótar.

En jafnframt þessu hefur önnur starfsemi Landhelgisgæzlunnar aukizt, — sérstaklega ýmis aðstoð viðvíkjandi rannsóknum, bæði á landi og sjó og margskonar hjálp úti um land, þegar samgöngur eru erfiðar, — og þá ekki sízt þegar slys eða aðrir óvæntir atburðir gerast.

Á sama tíma hefur sókn erlendra togara á Íslandsmið frekar aukizt en minnkað, og má gera ráð fyrir, samkvæmt athugunum gæzluflugsins, að af þeim séu að staðaldri yfir 100 að veiðum hér við land. Og þar sem þeir eru nú almennt stærri en áður var, og sumir hverjir, eins og t. d. skuttogararnir, geta örugglega verið að veiðum í mun verra veðri en áður, eykur það frekar en dregur úr kröfunum til þeirra skipa og flugvéla, sem eiga að hafa eftirlit með veiðunum.

Undanfarin ár hefur það einnig verið svo, að tökur erlendra togara vegna ólöglegra veiða hafa svo til eingöngu farið fram við erfið veðurskilyrði, — sérstaklega í dimmviðri, þegar gæzluflugvélar geta ekki séð til gerða þeirra, þótt hægt sé með radar að ákveða stað þeirra.

Með góðu móti er ekki hægt að fækka varðskipunum meira eins og er, nema þá að gerðar séu aðrar ráðstafanir, eins og t. d. minnkuð þátttaka varðskipanna í síldar- og hafrannsóknum eða aukin starfsemi gæzluflugsins, — og hefur þetta hvort tveggja verið mjög til umræðu að undanförnu.

Hvað viðvíkur fyrra atriðinu, þá er sem kunnugt er í smíðum sérstakt síldarleitarskip, sem væntanlega er tilbúið til notkunar á miðju næsta ári, — og auk þess verið að teikna nýtt fiskirannsóknarskip, en þetta hvort tveggja mun hafa mikil áhrif á útgerð varðskipanna ÆGIS og MARÍU JÚLÍU. Bæði þessi varðskip hafa tekið mikinn þátt í hvers konar hafrannsóknum jafnhliða gæzlustörfum sínum, ÆGIR frá 1954, er fyrsta ASDIC-tækið hér á landi var keypt og sett í hann, og MARÍA JÚLÍA frá því hún var byggð árið 1950.

En ÆGIR er sem kunnugt er orðið mjög gamalt skip, — byggt 1929,

gangvana sem varðskip, og að ýmsu öðru leyti úrelt, og á umfangsmikil flokkun að fara fram á skipinu fyrri hluta árs 1968, ef það á að hafa leyfi til að sigla áfram. Hefur Landhelgisgæzlan fyrir alllöngu síðan lagt til að sú flokkun verði ekki gerð, heldur hætt við útgerð skipsins.

Um MARÍU JÚLÍU gegnir svipuðu máli. Enda þótt skipið sé mun yngra en ÆGIR og í góðu standi, þá er það orðið allgamalt af tréskipi að vera, og hæfir ekki lengur þeim verkefnum, sem það var byggt til að sinna, nema þá helzt fiskirannsóknum á grunnmiðum. Þegar þeim lýkur er einnig hagkvæmast fyrir Landhelgisgæzluna að hætta útgerð þess skips.

Þá má heldur ekki gleyma því að varðskipið ÞÓR er einnig farið að eldast, — það var byggt 1951 og því á 16. ári.

Þar sem því fyrirsjáanlegt var að endurnýjun úreltari varðskipa, bæði vegna aldurs og í samræmi við breyttar kröfur, var óumflýjanleg, var það mál tekið upp að nýju í byrjun ársins 1964, og er greinargerð um þetta aðallega að finna í bréfum Landhelgisgæzlunnar frá 5. marz og 29. sept. 1964.

Eftir ýmsar frekari viðræður og athuganir, var Landhelgisgæzlunni síðan falið með bréfi dómsmálaráðherra, Jóhanns Hafstein, dags. 29. sept. 1964, að hefja undirbúning að byggingu nýs varðskips, þar eð ríkisstjórnin teldi nauðsyn til þess bera.

Fyrrnefndur undirbúningur hófst þá þegar, og voru helztu stærðir, gangur og geta, svo og æskilegur tækjabúnaður hins fyrirhugaða skips rædd og ákveðin, eftir ítrekaðar viðræður ekki aðeins við fyrrverandi og núverandi skipaeftirlitsmenn Landhelgisgæzlunnar, skipherra og yfirvélstjóra varðskipanna, heldur einnig aðra starfsmenn hennar, sem hafa reynslu í einstökum efnum, eins og þyrluflugi, köfun, slökkvistörfum á sjó, notkun vopna, o. fl. Loks var svo með leyfi hæstvirts dómsmálaráðherra leitað til Viggó Maack, skipaverkfræðings, og hann ráðinn til tæknilegrar aðstoðar við undirbúninginn. Af eðlilegum ástæðum var málið auk þess jafnaðarlega rætt við forseta Slysavarnafélags Íslands, vegna áhuga þess á notkun skipsins almennt til björgunarstarfsemi og möguleikum á framlagi úr björgunarskútasjóðum til smíði þess.

Auk fleiri, sem einnig veittu ráð og aðstoð í ýmsu, má nefna þá fyrrverandi forstjóra Landssmiðjunnar, Jóhannes Zoëgea, hitaveituforstjóra, og Ólaf Sigurðsson, sem nú er einn af aðalforstjórum (skipstæknilegur) Kockum's skipasmíðastöðvarinnar í Málmey í Svíþjóð, og sem nú nýlega var ráðunautur Sementsverksmiðju ríkisins við smíði hins nýja sementsskips FAXA.

Jafnframt þessu var einnig athugað, hvort ekki væri mögulegt að fá heppileg erlend hjálparskip eða herskip, keypt á hagkvæmu verði eða leigð til landhelgisgæzlu og veitti m. a. yfirmaður varnarliðsins í Keflavík Landhelgisgæzlunni mikla aðstoð í því efni. Af fleiri skipum sem athuguð voru, var það sem næst komst óskum okkar af bandarískri gerð, og hafði Landhelgisgæzlan áður haft tækifæri til að skoða svipuð skip hér í Reykjavíkurhöfn. Skip þetta var álíka stórt og það varðskip, sem nú er fyrirhugað að byggja, en þar sem það hafði ekki meira en um 14—15 sjóm. hraða, var yfir 20 ára gamalt, og uppfyllti auk þess ekki ýmis skilyrði um aðbúnað áhafnar o. fl. sem hér tíðkast, þá þótti ekki ráðlegt að halda lengra á þeirri braut.

Með bréfi dags. 27. febr. 1965 fór Landhelgisgæzlan þá þess á leit og fékk leyfi dómsmálaráðuneytisins til þess að semja við skipasmíðastöðina Aalborg Værft A/S um áframhaldandi tæknilegan undirbúning smíðinnar, um áætlun kostnaðar og að láta gera ýmsar tilraunir o. fl.

Hinn 31. okt. 1965 sendi Landhelgisgæzlan síðan háttvirtu dómsmálaráðuneytinu skýrslu um gang mála, svo og áætlun skipasmíðastöðvarinnar um væntanlegan byggingarkostnað slíks varðskips, sem væri „aðeins stærra og með heldur aflmeiri vélum en varðskipið ÓÐINN, til þess að geta gengið hraðar, en að öðru leyti svipað því skipi að styrkleika, útbúnaði og innra fyrirkomulagi, með

þeim endurbótum þó, sem reynsla og nýrri tækni þykja gefa tilefni til, sérstaklega ofanþilja og í vélarúmi.“ Var heildarkostnaður við byggingu slíks skips þar áætlaður um 83 millj. ísl. kr., miðað við þáverandi verðlag á skipasmíðum erlendis, en sem þá þegar virtist fara ört hækkandi. Þessu bréfi fylgdu einnig ýmsar upplýsingar m. a. um getu Landhelgissjóðs til að standa straum af fyrstu 1—2 afborgunum byggingakostnaðarins m. m.

Þetta bréf var lagt fyrir ráðherrafund 18. nóv. 1965 og samþykkt að halda málinu áfram með ráðgerðum hraða, sem Landhelgisgæzlunni var tilkynnt.

Var síðan haldið áfram undirbúningi málsins, samið um hraða-athuganir, sem fram fóru hjá Hydro- og Aerodynamisk Laboratorium í Danmörku hinn 15. marz 1966 og þar á eftir lokið við endanlega útboðslýsingu, sem send var út í byrjun maí s. l. til 14 þekktra skipasmíðastöðva eða samtaka fleiri þeirra, bæði í austur- og vestur-Evrópu og þeim gefinn, að ráði sérfróðra manna, mánaðar frestur, sem síðar var lengdur nokkuð, til að skila frumtilboðum.

Af þessum aðilum voru tveir, sem þegar í stað tilkynntu að þeir hefðu mikinn áhuga á verkinu, og óskuðu eftir því að mega senda fulltrúa sína hingað til frekari viðræðna og útskýringa á einstökum atriðum tilboða sinna. Var það samþykkt og komu forstjórar frá báðum þessum fyrirtækjum til Reykjavíkur þessara erinda í byrjun júlí s. l. Aðrir aðilar þökkuðu fyrir að mega bjóða í smíði skipsins, en töldu sig annars af ýmsum ástæðum ekki hafa aðstöðu, tíma eða næga reynslu til að taka þátt í útboði á byggingu svo sérhæfs skips, enda er nú allmjög farið að bera á því að erlendar skipasmíðastöðvar telji sér bezt henta að smíða eingöngu ákveðnar skipstegundir eða stærðir skipa.

Að loknum viðræðum við þessa tvo aðila, þ. e. a. s. brezku skipasmíðastöðina Brooke Marine, (sem samið hefur verið við um smíði síldarleitarskipsins) og Aalborg Værft, voru tilboð þeirra borin vandlega saman af fulltrúa Landhelgisgæzlunnar, Gísla Einarssyni hrl., sem skýrði frá niðurstöðum sínum í bréfi dags. 14. júlí þ. á., er lagt var fyrir hæstvirtan dómsmálaráðherra 16. s. m. Komst Gísli að þeirri niðurstöðu, að tilboð Aalborg Værft væri mun hagstæðara, bæði hvað snerti upphæð og lánskjör, og mælti Landhelgisgæzlan með því.

Á þeim grundvelli tók dómsmálaráðherra þá afstöðu, að taka bæri tilboði Aalborg Værft A/S og hefja endanlega samninga við þá.

Tilboð Aalborg Værft A/S, sem samið var endanlega um og undirskrifað hinn 12. ágúst s. l., er fast og að upphæð ísl. kr. 83 050 000.00, þar af 80% að láni til 8 ára frá afhendingardegi að telja. Afhending skal fara fram 18 mánuðum eftir undirskrift samnings.

Innifalið í tilboði Aalborg Værft er öll undirbúningsvinna þeirra fyrir okkur, að upphæð um 200 000.00 ísl. kr.

Nákvæmur samanburður á varðskipinu ÓÐNI og hinu fyrirhugaða varðskipi er of langt mál til að rekja hér lið fyrir lið, en nokkur aðalatriði ættu að nægja til almenns samanburðar, nefnilega:

	ÓÐINN	Nýtt skip	Mism.
Lengd p. p.	56.60 m	62.00 m	+ 5.40
Breidd	10.00 —	10.00 —	0
Djúprista, meðal	4.10 —	4.10 —	0
Vélarafl venjul.	5000 hk.	6770 hk.	+ 35%
— 2 klst.	6000 —	7680 —	+ 26%
Hraði, mesti	18.5 sjóm.	19.5 sjóm.	+ 1.0
Áhöfn, mesta	26	26	+ 0

Meiri hluti skipsbolsins, þ. e. a. s. frá því um brú og aftur að skut, er alveg eins á báðum skipum. Lengingin á nýja skipinu kemur öll í stefninu og gerir það að verkum að skipið verður rennilegra að framan og nær með því tæplega hálfrar sjómílu meiri gangi en v/s ÓÐINN.

Miðað við íslenzka togara, þá er nýja varðskipið áformað með nær því alveg sömu lengd og togarinn MAÍ, en einu feti (0.34 m) mjórra.

Áhöfn er áætluð hin sama og á varðskipinu ÓÐNI, en vegna aukinnar sjálfvirkni véla mætti fækka þar fólki, ef leyfi fæst til slíks þegar þar að kemur.

Vélar skipsins eru tvær, af MAN-gerð, og er svo um samið, að eftir nokkurra ára notkun, er vélarnar hafa fengið eðlilega reynslu, þá á að mega auka orku þeirra um stutta stund upp í 8600 hestöfl mest.

Annar aðalmunur á bol- og vélabúnaði þessara tveggja skipa:

1. Skiptiskrúfur í nýja skipinu. Gerir það nýja skipið um Dkr. 750 000.00 dýrara en með föstum skrúfum.
2. Fleiri vatnsþétt hólf, sumpart af nýjum kröfum, — sumpart vegna okkar óska.
3. Meiri sjálfvirkni í vélarúmi. Eðlileg þróun.
4. Meiri styrking fyrir siglingu í ís, vegna fenginnar reynslu. Aðallega síður vélarúms.
5. Létt skýli fyrir þyrlu, — einnig vegna fenginnar reynslu. Óheppilegt hefur reynzt að sigla með þyrlu óvarða á þilfari á nokkrum hraða vegna ágjafar og þá skemmda af seltu.

Þá má geta þess, að 12 mánaða ábyrgð er á vélum og smíði skipsins, en var 6 mánuðir fyrir hvort tveggja á ÓÐNI og ÞÓR.

Ekki er neinn vafi á því að tilkoma hins nýja varðskips mun styrkja mjög alla aðstöðu Landhelgisgæzlunnar til að sinna þeim hlutverkum, sem henni hafa verið falin, hvort heldur um er að ræða gæzlu landhelginnar eða aðstoð við skip við strendur Íslands eða fólk sem býr í afskekktum landshlutum, — allt eftir þörfum hvers tíma.

Eins og kunnugt er, hefur sjálf gæzlan nú í rúman áratug byggzt á náinni samvinnu varðskipa og flugvéla, — og varðstöðvar í landi, og hefur þetta skipulag gert okkur kleift að gæta svo víðáttumikils svæðis með svo fáum mönnum og tækjum, sem raun ber vitni.

Grundvöllur þessa kerfis eru ganggóð varðskip, sem geta farið allra ferða sinna í svo til hvaða veðri sem er, og flugvélar, sem hafa hliðstæða notkun og eiginleika í lofti og varðskipin á sjónum.

Venjulegast er reynt að hafa hverju sinni a. m. k. tvö ganggóð varðskip staðsett sitt hvoru megin við landið og láta svo gæzluflugið eitt annast eftirlitið þar á milli. Eiga þá varðskipin að geta aðstoðað gæzluflugvélar við töku hvaða fiskiskips, sem þær kunna að staðsetja að ólöglegum athöfnum ef þau reyna að komast undan.

Á þennan hátt hefur tekizt að taka og færa til hafnar flesta þá 20 erlenda togara, sem gæzluflugvélarnar, síðan 1953, hafa staðið að ólöglegum veiðum, — oft eftir fleiri klukkustunda eftirför.

En til þess að slík eftirför geti heppnazt, þarf varðskipið að hafa sem mestan gang og geta farið allra sinna ferða þótt veður séu andstæð, og þar sem það eru einmitt sömu eiginleikar og æskilegir eru fyrir góð björgunar- og aðstoðarskip hér við land, þá er það skoðun Landhelgisgæzlunnar, að öllum þessum málum sé bezt borgið með notkun slíkra traustra varðskipa í náinni samvinnu við öfluga fluggæzlu.

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 15. febr. 1966.

Fiskiskip tekin að ólöglegum veiðum við Ísland frá 1. janúar 1952 til 31. des. 1965, alls 14 ár. Tími fiskveiðideilunnar við Breta, 1. sept. 1958 til 1. marz 1961, ekki talinn með

	1952	1953	1954	1955	1956	1957	1958	1959	1960	1961	1962	1963	1964	1965	Alls
Íslenzk ...	7	1	5	2	3	19	7	..	..	1	26	43	68	60	242
Brezk	2	2	5	8	3	9	7	..	..	8	14	10	12	7	87
Belgísk ...	1	7	4	2	3	5	2	..	..	..	..	..	..	..	24
Norsk	..	..	..	..	6	..	..	..	..	..	..	..	..	..	6
Færeysk ..	1	3	..	..	1	..	2	..	..	3	..	..	..	..	10
Þýzk	..	..	1	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	1
Frönsk ...	..	..	..	1	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	1
Rússnesk .	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	..	1	..	1
	11	13	15	13	16	33	18	0	0	12	40	53	81	67	372

Botnvörpuveiðar	279	V/s Óðinn	65
Dragnótaveiðar	71	— Þór	72
Síldveiðar	6	— Ægir	40
Handfæraveiðar	7	— Albert	36
Línuveiðar	2	— María Júlía	12
Humarveiðar	6	— Gautur	16
Annað	1	— Sæbjörg	5
	372	Fluggæzlan	126
			372

Varðskip alls 106 erl. fiskiskip (93 togarar)
Flug — 24 — — (29 —)

Alls 130

Fylgiskjal III.


Skrá yfir flognar og sigldar vegalengdir gæzluflugvéla og varðskipa.

Ár	Sjómílur Flug	Sigling	Samtals
1952	0	121 738	121 738
1953	3 618	121 026	124 644
1954	12 767	128 012	140 779
1955	19 815	130 865	150 680
1956	26 054	133 093	159 147
1957	52 788	140 884	193 672
1958	59 721	180 048	239 769
1959	54 044	140 201	194 245
1960	51 028	172 395	223 423
1961	73 837	158 143	231 980
1962	37 020	154 214	191 234
1963	66 628	145 204	211 832
1964	65 220	126 128	191 348
1965	69 544	129 753	199 297
14	592 084	1 981 704	2 573 788
Meðaltal á ári	45 545	141 500	183 842

Í þessari skrá er innifalið allt flug og sigling, bæði til gæzlu og við önnur verkefni eins og leit, rannsóknir, flutninga o. fl.

Gæzludagar varðskipanna í einstökum landshlutum.

Ár	Faxaflói	Breiðafj.	Vestfirðir	Norðurland	Austurland	SA-land	SV-land
1954	587	56	235	163	133	73	197
1955	525	58	293	205	124	69	405
1956	387	53	261	210	147	98	213
1957	397	40	234	206	132	100	192
1958	666	63	409	249	227	107	213
1959	631	77	329	199	233	91	185
1960	341	81	307	242	284	146	210
1961	426	112	281	240	309	65	151
1962	466	68	252	227	290	88	135
1963	280	47	258	212	305	117	168
1964	316	44	205	138	274	67	151
1965	247	35	250	136	278	66	122
12	5 269	734	3 314	2 427	2 726	1 087	2 342
Meðaltal ...	439	61	276	202	228	90	195



SIGLD OG FLOGIN ÁRLEG VEGALENGD VARÐSKIPA OG FLUGVÉLA

Fylgiskjal IV.

Leit að týndum bátum eða skipum framkvæmd af gæzluflugvélunum TF—RÁN og TF—SIF

Ár	Flugferðir	Flugtími
1956	3	30 klst. 40 mín.
1957	1	9 — 41 —
1958	0	0 — 0 —
1959	6	26 — 20 —
1960	4	12 — 09 —
1961	5	18 — 19 —
1962	6	29 — 33 —
1963	4	18 — 55 —
1964	5	27 — 16 —
1965	1	5 — 18 —
10	40	178 klst. 11 mín.
Meðaltal á ári	4	17 — 49 —

Leit að týndu fólki og bátum framkvæmd af þyrlunni TF—EIR

Ár	Flugferðir	Flugtími
1965	15	31 klst. 15 mín.

Aðstoð sem varðskipin hafa veitt skipum og bátum við Ísland frá ársbyrjun 1952 til ársloka 1965.

	Aðstoð	Fylgd	Leit	Á flot	Björgun	Dráttur	Köfun	Alls	Faxaflóa	Breiðafj.	Vestfirðir	Norðurland	Austurland	SA-land	SV-land
1952	71	3	1	2	6	0	0	83	57	1	11	3	2	1	8
1953	99	3	1	2	0	1	0	106	66	1	9	8	1	0	21
1954	112	5	3	5	0	10	0	135	61	4	11	17	2	0	40
1955	98	2	5	5	5	5	0	120	58	2	14	10	4	2	30
1956	114	3	1	2	10	9	0	139	54	4	16	18	1	1	45
1957	108	1	0	2	3	7	0	121	65	2	9	18	2	0	25
1958	120	3	0	0	9	3	0	135	59	8	7	16	8	0	37
1959	113	0	4	1	1	1	0	120	43	9	10	20	15	1	22
1960	142	0	1	1	8	6	0	158	77	6	18	12	13	3	29
1961	122	3	4	0	31	0	0	160	65	12	12	18	33	2	16
1962	118	2	10	0	6	0	0	136	70	16	14	13	16	3	4
1964	70	0	5	0	6	0	0	81	43	2	10	6	5	3	12
1964	73	9	6	0	0	0	22	110	50	11	16	5	9	8	11
1965	7	8	3	0	3	36	28	85	21	3	14	9	16	8	14
	1 367	42	44	20	88	78	50	1 689	789	81	171	173	127	32	314

Fylgiskjal V.

Skrá yfir farþegaflutninga með gæzluflugvélum og varðskipum.

Ár	Flugvélar	Varðskip	Samtals
1961	..	768	768
1962	..	2 207	2 207
1963	73	1 188	1 261
1964	262	1 007	1 269
1965	152	805	957
5	487	5 975	6 462
Meðaltal á ári			1 292

Ath. Engar sérstakar skýrslur liggja fyrir frá fyrri árum. Flestir farþeganna eru með skipum fyrir Vestur- og Austurlandi.

Fylgiskjal VI.

Skrá um hafrannsóknir og ýmsa aðra vinnu varðskipanna, talið í dögum.

Ár	Fiskirannsóknir	Sjómælingar	Ýmis flutn.	Samtals
1954	166	7	176	349
1955	165	9	185	359
1956	157	6	248	411
1957	168	8	145	321
1958	127	1	182	310
1959	97	3	21	121
1960	139	3	26	168
1961	212	2	47	261
1962	228	22	62	312
1963	203	25	10	238
1964	140	16	18	174
1965	231	0	14	245
12 ár	2 033	102	1 134	3 269
Meðalt. á ári	169	9	95	272

Fiskirannsóknirnar eru framkvæmdar í umsjón Hafrannsóknarstofnunarinnar af varðskipunum Ægi og Maríu Júlíu.

Sjómælingarnar hafa verið gerðar undir umsjón íslenzku sjómælinganna, en þar starfa nú að staðaldri 5 fyrri yfirmenn Landhelgisgæzlunnar.

Undir ýmsum flutningum má telja flutninga vegna vita, hafna-, og björgunarskýla, afskekktra staða o. fl.

Fylgiskjal VII.

Skrá yfir eyðingu tundurdufla við Ísland.

Ár	Á landi	Á sjó	Samtals
1952	7	..	7
1953	7	..	7
1954	2	..	2
1955	..	..	0
1956	5	..	5
1957	10	..	10
1958	7	..	7
1959	6	..	6
1960	5	..	5
1961	4	1	5
1962	2	1	3
1963	5	..	5
1964	..	1	1
1965	3	..	3
14	63	3	66
Meðaltal á ári			4.7


Fylgiskjal VIII.

Sókn togara á fiskimið utan fiskveiðimarkanna við Ísland samkvæmt athugunum gæzluflugvélarinnar TF—SIF.

Tölurnar sýna meðalfjölda erlendra og innlendra stórra togara séð að veiðum við hvert flug um tiltekin svæði.

Svæði	1964	1965
Reykjanes — Vestmannaeyjar	5.6	2.8
Vestmannaeyjar — Tvísker	7.1	4.9
Tvísker — Hvalsbakur	19.8	25.0
Hvalsbakur — Glettinganes	6.8	5.6
Glettinganes — Langanes	7.7	7.5
Langanes — Rauðinúpur	5.6	6.0
Rauðinúpur — Siglufjörður	3.5	2.5
Siglufjörður — Horn	13.1	11.0
Horn — Barði	14.8	16.5
Barði — Bjargtangar	8.2	16.0
Bjargtangar — Malarrif	5.4	7.6
Malarrif — Reykjanes	9.5	6.2
Meðalfjöldi að veiðum hvern dag	107.1	111.6
Athugaðir togarar, samtals	3448	3529
— — flestir í flugf.	158	171

Fylgiskjal IX.



Nd. **10. Frumvarp til laga** [10. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

12. gr. laganna breytist sem hér segir:

a. Í stað orðanna í 4. mgr. „eftir að leitað hefur verið umsagnar“ komi: að fengnu samþykki.
b. Framan við 7. mgr. bætist: Hvert veitingahús, er vínveitingaleyfi hefur, skal halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga, a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum, eftir kl. 8 síðdegis, samkvæmt reglum, er ráðherra setur að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
c. Fyrir „kr. 4 000.00“ í niðurlagi 7. mgr. komi: kr. 10 000.00.

2. gr.

Aftan við 14. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á sama hátt er lögreglustjórum heimilt, ef sérstaklega stendur á, að banna um stundarsakir afhendingar áfengissendinga, þar á meðal úr pósti.

3. gr.

16. gr. laganna hljóði svo:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 21 árs má ekki veita, selja eða afhenda áfengi með nokkrum hætti. Ávallt þegar ástæða er til að ætla, að kaupandi eða viðtakandi áfengis hafi ekki náð þessum aldri, skal sá, sem selur, veitir eða afhendir það, láta hlutaðeiganda sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

4. gr.

Aftan við 17. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Áfengissendingar skulu greinilega merktar þannig, að séð verði á umbúðum, að innihald sendingarinnar sé áfengi ætlað til neyzlu. Nú leikur vafi á, hvort áfengi sé í sendingu og skal þá hlutaðeigandi afgreiðslumaður, þar á meðal póstafgreiðslumaður, neita að taka við sendingu.

5. gr.

Aftan við 19. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 5. mgr., og hljóði svo:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 21 árs til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, til lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Þá er ölvaður maður óskar flutnings með leigubifreið eða annarri almenningsbifreið, eða farþegi í slíku farartæki neytir áfengis í því, skal bifreiðarstjóri krefjast þess, að hlutaðeigandi sanni aldur sinn með nafnskírteini, ef hann hefur ástæðu til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 21 árs aldri.

6. gr.

Við 20. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastaði, annað en það, sem þangað er flutt til heimilla veitinga. Á sama hátt er bannað að bera með sér áfengi út af veitingastað.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum. Dyraverðir, eftirlitsmenn og framreiðslumenn skulu láta ungmenni, er koma á slíka staði eða dveljast þar eftir kl. 8 að kvöldi án samfylgdar foreldra, sanna aldur sinn á þann hátt að sýna nafnskírteini með mynd, enda sé ástæða til að ætla, að hlutaðeigandi hafi ekki náð 18 ára aldri.

7. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000" komi: 1500—15 000, og í stað „1600—20 000" komi: 3000—30 000.

8. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 40. gr. laganna breytist þannig, að í stað „200—4000" komi: 500—5000.

9. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 500—2000 kr., nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar og hvers konar afhending áfengis til ungmenna yngri en 21 árs varðar sektum frá 1000—10 000.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 21 árs hafa undir höndum, skal gert upptækt.

10. gr.

Sektarákvæði í 1. mgr. 42. gr. breytist þannig, að í stað „200—8000" komi: 500—8000, og í stað „400—16 000" komi: 1000—16 000.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Brot gegn 5. málsgr. 19. gr. varða sektum frá 500—4000 kr.

11. gr.

43. gr. orðist svo:

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr. varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 500—5000 króna sekt og neytanda 500—4000 króna sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varða félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 500—10 000 kr. sektum.

Brot gegn 3. málsgr. 20. gr. varða sektum frá 500—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað eða út af honum, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. málsgr. 20. gr. varða ungmenni áminningu eða sektum frá 100—500 kr., en veitingamann sektum frá 800—6000 kr.

12. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 500—5000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkvæmt þessari grein, skal gert upptækt.

13. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 800—4000, og í stað „800—4000“ komi: 1600—8000.

14. gr.

Sektarákvæði í niðurlagi 46. gr. laganna breytist þannig, að í stað 200—16 000 komi: 500—20 000 kr.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið af áfengismálanefnd, sem kosin var af Alþingi samkvæmt svo hljóðandi þingsályktun um athugun á áfengisvandamálinu, sem samþykkt var 13. maí 1964:

Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem verða má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar og eðli og orsakir þessa mikla vandamáls. Skal nefndin jafnframt kynna sér framkvæmd áfengisvarna, starfsemi bindindissamtaka og endurskoða eftir þörfum gildandi löggjöf um áfengismál. Að loknum athugunum sínum skal nefndin gera rökstuddar tillögur um þær úrbætur, er hún telur nauðsynlegar og framkvæmanlegar.

Eins og kunnugt er lá fyrir sama Alþingi (1963—64) stjórnarfrumvarp um breytingu á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954. Það frumvarp varð eigi útrætt. M. a. af því, að eigi varð samstaða um afgreiðslu frumvarpsins, varð samkomulag um það að kjósa umrædda nefnd til athugunar á áfengisvandamálinu.

Á meðan á starfi áfengismálanefndar stóð, þótti eigi ástæða til þess, að af hálfu dómsmálaráðuneytisins væri aðhafzt um endurskoðun áfengislaganna.

Áfengismálanefnd lauk störfum á síðasta sumri, og sendi hún dómsmálaráðuneytinu skýrslu um starf sitt með bréfi, dags. 28. júní s. l. Einnig skilaði hún frumvarpi til laga um breytingu á gildandi áfengislögum.

Tillögur nefndarinnar hafa verið til athugunar hjá ríkisstjórninni, sem ákvað að leggja frumvarpið óbreytt fyrir Alþingi. Í álitsgerð nefndarinnar eru jafnframt ráðagerðir og tillögur til úrbóta á áfengisvandamálinu, sem ekki snerta áfengislöggjöfina. Verður nánar unnið að athugun á framkvæmd slíkra atriða í ráðuneytinu í samvinnu við þá aðila, sem hlut eiga að máli.

Rétt hefur þótt að prenta sem fylgiskjal með frumvarpi þessu skýrslu áfengismálanefndar, svo og frumvarpið um breytingu á áfengislögum, sem flutt var 1963.

Áfengismálanefnd hefur gert eftirfarandi skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

a. Þar er lagt til, að 4. mgr. 12. gr. áfl. verði breytt þannig, að dómsmálaráðherra sé því aðeins heimilt að veita umrædd vínveitingaleyfi á stöðum utan kaupstaða, að fengið sé samþykki hlutaðeigandi sýslunefndar.

b. Lagt er til, að framan við 7. mgr. 12. gr. áfl. bætist ákvæði um, að hverju því vínveitingahúsi, sem vínveitingaleyfi hefur, sé skylt að hafa opið a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum án þess að vín sé veitt, en þjónusta þó fullkomin. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji nánari reglur um þetta atriði, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

c. Lagt er til, að greiðsla fyrir vínveitingaleyfi hækki úr kr. 4000.00 í kr. 10 000.00, og eru þá m. a. verðlagsbreytingar síðustu 12 ára hafðar í huga.

Um 2. gr.

Þar er lagt til, að aftan við 14. gr. áfl. komi nýtt ákvæði, sem felur í sér heimild fyrir lögreglustjóra til þess að banna um stundarsakir afhendingar áfengissendinga, þ. á m. í pósti. Reynslan sýnir, að lokun áfengisútsölu er nánast óvirk ráðstöfun á meðan heimilt er að flytja áfengi til hlutaðeigandi staða í pósti eða á annan hátt.

Um 3. gr.

Lagt er til, að orðalagi 16. gr. sé nokkuð breytt frá því sem nú er, til þess að gera ákvæði hennar fyllri og skýrari.

Um 4. gr.

Þar er m. a. lagt til, að við 17. gr. áfl. bætist nýtt ákvæði um greinilega merkingu áfengissendinga, sem ætlaðar eru til neyzlu, sbr. 2. gr. þessa frv.

Um 5. gr.

Lagt er til, að við 19. gr. áfl. verði bætt nýju ákvæði, er banni ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða að taka ölvuð ungmenni yngri en 21 árs til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Er ákvæði þetta nauðsynlegt m. a. til þess að koma í veg fyrir að ungmenni noti leigubifreiðir í sambandi við drykkjusvall. Með þessu nýja ákvæði er ökumaður skyldur til að líta eftir hegðan ungra farþega sinna og ber að víkja þeim tafarlaust úr bifreiðinni, ef þeir eru ölvaðir eða hafa þar áfengi um hönd. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra, lögregluyfirvalda og á sjúkrahús. Einnig er sú skylda lögð á herðar ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða, að krefjast nafnskírteinis af hlutaðeigandi, ef ökumaður hefur ástæðu til að ætla, að sá, sem beiðist flutnings eða neytir áfengis í bifreið hans, hafi ekki náð 21 árs aldri. Um refsiviðurlög við brotum á þessari grein er fjallað í 10. gr. i.f. þessa frv.

Um 6. gr.

Lagt er til, að við 20. gr. áfl. verði bætt tveimur nýjum málsgreinum, og fjallar sú fyrri um bann við því að flytja með sér áfengi inn á veitingastað annað en það, sem ætlað er til heimilla veitinga, svo og bann við því að bera með sér áfengi út af veitingastað. — Síðari málsgreinin fjallar um aldur þeirra, sem heimilt er að eiga dvöl á vínveitingastað. Skv. henni er ungmennum yngri en 18 ára óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum. Skylda er lögð á herðar dyravörðum, eftirlitsmönnum og framreiðslumönnum að fylgjast með aldri veitingahúsgesta, eins og segir í greininni, og um viðurlög við brotum á grein þessari er fjallað í 11. gr. i.f. þessa frv.

Um 7.—14. gr.

Sektarákvæði áfengislaga eru orðin úrelt og er lagt til, að þeim verði breytt til hækkunar. Að öðru leyti skýra þessar greinar sig sjálfar.

Fylgiskjal I.

SKÝRSLA ÁFENGISMÁLANEFNDAR

Inngangur.

Hinn 13. maí 1964 samþykkti Alþingi svohljóðandi *þingsályktun um athugun á áfengisvandamálinu:*

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö alþingismanna til þess að rannsaka svo sem verða má ástandið í áfengismálum þjóðarinnar og eðli og orsakir

þessa mikla vandamáls. Skal nefndin jafnframt kynna sér framkvæmd áfengisvarna, starfsemi bindindissamtaka og endurskoða eftir þörfum gildandi löggjöf um áfengismál. Að loknum athugunum sínum skal nefndin gera rökstuddar tillögur um þær úrbætur, er hún telur nauðsynlegar og framkvæmanlegar."

Í nefndina voru kosnir eftirtaldir alþingismenn: Magnús Jónsson, Sigurvin Einarsson, Jón Þorsteinsson, Alfreð Gíslason, Einar Ingimundarson, Ingvar Gíslason og Axel Jónsson. Á fyrsta fundi nefndarinnar var Magnús Jónsson kjörinn formaður og Sigurvin Einarsson ritari. Framkvæmdastjóri nefndarinnar var Ingvar Gíslason.

Nefndin hóf starf sitt þegar sumarið 1964 með nefndarfundum og viðræðum við ýmsa embættismenn og forystumenn í félagsmálum og lagði með því grundvöll að frekara starfi sínu. Var m. a. rætt við lögreglustjórann í Reykjavík, barnaverndarnefnd Reykjavíkur, barnaverndarráð, fulltrúa bindindissamtaka og líknarfélaga, eftirlitsmenn með vínveitingastöðum, forstöðumenn æskulýðsráðs Reykjavíkur, íþróttafulltrúa ríkisins, fræðslumálastjóra o. fl. Var enn frekar að þessu unnið hinn næsta vetur, eftir því sem tími vannst til, en þó fyrst og fremst síðastliðið sumar (1965). Var leitazt við að safna sem mestu af skýrslum og álitsgerðum um hina ýmsu þætti áfengismálanna í því skyni að fá viðhlítandi heildarmynd af ástandi áfengismálanna á Íslandi um þessar mundir. Nefndin vill þó taka það skýrt fram, að hér er um mjög víðtækt verkefni að ræða, og útilokað með öllu, að því verði gerð tæmandi skil á stuttum tíma við ófullkomnar rannsóknaraðstæður. *Nefndin hefur ekki haft neina aðstöðu til að láta fram fara þær víðtæku félags- og læknisfræðilegu rannsóknir, sem eru undirstaða þess, að verkefni sem þessu verði gerð fullnaðarskil.* Verður grundvallarrannsókn af því tagi að bíða betri tíma. Í þessu sambandi er einnig vert að geta þess, að félagslegar rannsóknir eru almennt mjög skammt á veg komnar hér á landi. Gjalda áfengismálin þess eigi síður en mörg önnur þjóðfélagsmál. Nefndin hefur m. a. orðið þess áskynja, að tölfræðileg og önnur úrvinnsla heimildargagna, sem geymd eru hjá embættum og stofnunum, er víðast mjög ófullkomin og verður ekki úr bætt nema með sérstöku átaki. Æskilegar upplýsingar um eitt og annað liggja því síður en svo á lausu, og hlýtur nefndarskýrsla þessi að bera keim af því.

Nefndin hefur haft samband við mikinn fjölda einstaklinga og fulltrúa félaga eða stofnana með fundum, viðræðum og bréfaskriftum. Yfirleitt má segja, að nefndin hafi átt skilningi að mæta og að henni hafi fúslega verið veittar tiltækar upplýsingar, eins og um var beðið. Eru öllum, sem greitt hafa götu nefndarinnar á einn eða annan hátt, færðar þakkir fyrir framlag þeirra. Hins er ekki að dyljast, að í einstöku falli hafa svör og greinargerðir reynzt ófullkomnari, en æskilegt hefði verið, og í nokkrum tilfellum hafa upplýsingar brugðizt, þrátt fyrir margítrekaðar óskir nefndarinnar. Hefur nefndin þá orðið að láta við það sitja. Ætlun hennar var að ljúka störfum sínum s. l. haust eða fyrri hluta vetrar, en vegna anna við önnur störf varð því marki ekki náð.

Nefndin kynnti sér heimildir, þ. á m. erlenda löggjöf, um almenn viðhorf og stefnur í áfengismálum í heiminum fyrr og nú, og er um það fjallað í kaflanum, sem ber aðalfyrirsögnina „Nokkrir höfuðdrættir varðandi viðhorf og stefnur í áfengismálum". Við samning þessa kafla var m. a. stuðzt við bókina OM ALKOHOL, redigeret af Svend Skyum-Nielsen, Köbenhavn 1962, ALKOHOLEN OG SAMFUNNET, utgitt av Landsrådet for edruskapsundervisning 1961, Encyclopædia Brittannica, Veraldarsögu Grimbergs og fleiri sagnfræðileg yfirlitsverk. Einnig kynnti nefndin sér nokkuð, hvað líður áfengismálarannsóknum á Norðurlöndum, og er um það fjallað í sérstökum kafla í skýrslu þessari. Er ljóst, að á þessu sviði standa Íslendingar mjög að baki frændþjóðum sínum, enda eru áfengismálarannsóknir fjárfrekar og krefjast sam-

ræmds starfs margs konar sérfræðinga og verða aðeins unnar á löngum tíma. Síðast en ekki sízt kynnti nefndin sér eftir föngum ástand áfengismálanna á Íslandi um þessar mundir, svo og framkvæmd áfengislaga. Í þeim kafla nefndarskýrslunnar, sem um það fjallar, er m. a. minnzt á bindindisstarfsemina í landinu, störf áfengisvarnaráðs, málefni ofdrykkjumanna, áfengisvandamál í skólum og á vinnstöðum, þ. á m. í verstöðvum, áhrif áfengisneyzlu á hjúskap og heimilislíf o. m. fl.

Ásamt skýrslu þessari lætur nefndin frá sér fara sem fylgiskjöl nokkrar ritaðar álitsgerðir og bréf, sem henni hafa borizt, þó að undanskildum þeim gögnum, sem óskað hefur verið eftir að farið yrði með sem trúnaðarmál innan nefndarinnar.

1. kafli.

NOKKRIR HÖFUÐDRÆTTIR VARÐANDI VIÐHORF OG STEFNUR Í ÁFENGISMÁLUM

A. Trúarbrögð. Almenningsálit. Atvinnusjónarmið.

Áfengisneyzla hefur fylgt mannkyninu allt frá því að sögur hófust. Ýmsar fornar heimildir greina frá misnotkun áfengis, m. a. í sambandi við trúarhátíðir. Þekktust dæmi af því tagi standa í sambandi við Dionysosátrúnað Grikkja (Bakkusardýrkun). Misnotkun áfengis til forna var þó að sjálfsögðu engan veginn bundin átrúnaði á vínguðinn framar því sem gerist enn í dag. Hún er fyrst og fremst þáttur í almennri svallsögu mannkynsins, sem er orðin löng og mikil. Raunar átti vínneyzlan sínar rætur í nauðsyn þjóða til svaladrykkja, þegar vatn var af skornum skammti, enda öflun heilnæms drykkjarvatns víða erfiðleikum háð. Vínræktin í Suður-Evrópu og víðar við Miðjarðarhaf er ævaforn atvinnuvegur og af ýmsum ástæðum einn mikilvægasti þátturinn í atvinnu- og menningarlífi margra þjóða.

Trúar- og heimspekistefnur hafa mikil áhrif á viðhorf manna til áfengisneyzlu. Af trúarbrögðum nútímans má nefna, að Múhameðstrú fordæmir áfengisneyzlu, enda bönnuð í helgiriti Múhameðstrúarmanna. Buddhisminn er andstæður drykkjuskap, og trú Gyðinga hvetur mjög til hófsemi á áfenga drykki, enda alkunna, að áfengissýki er lítil meðal Gyðinga, hvar sem er í heiminum. Í ýmsum Afríku- og Asíulöndum, þar sem austrænar heimspekistefnur eða Buddhismi og Múhameðstrú móta hugarfar þjóða, er talinn góður grundvöllur undir algert áfengisbann, og sums staðar er unnið að því að koma banni á í áföngum, t. d. á Indlandi.

Ekki verður séð, að kristin kenning hafi nein fortakslaus bönn gegn áfengisneyzlu, enda vínframleiðsla stóratvinnuvegur í sumum höfuðlöndum kristninnar að fornu og nýju. Víngerjun, brennivínseiming og ölbrugg er stolt margra kristinna þjóða og fremdarefni um allan heim. Frakkar og Ítalir eru frægir af vínum sínum, veikum og sterkum, Þjóðverjar, Tékkar, Hollendingar og Danir lofaðir fyrir lystilegt öl og Skotar heimskunnir fyrir Whisky. Mætti þannig lengi telja. Hin almenna kristna kirkja hefur því verið umburðarlynd í áfengismálum og e. t. v. ekki að ástæðulausu, þegar litið er til aðstæðna og viðhorfa í mörgum kristnum þjóðfélögum. Bindindishreyfingin hefur yfirleitt reynzt öflugust í löndum, þar sem verulegur sértrúaráhugi eða fríhyggja er fyrir hendi, ellegar um er að ræða mikið sjálfstæði kirkjudeilda og safnaða.

Saga Norðurlandabúa er kunn úr heiðnum og kristnum sið, kaþólskum og lútherskum. Fer ekki milli mála, að Norðurlandamenn hafa um allar aldir verið talsverðir áfengisneytendur og oft svo, að úr hófi keyrði. Gætt hefur meiri og minni átrúnaðar á lækninga- og heilsubótarmátt áfengisins. Þannig trúðu Norður-

landabúar lengi á síðari öldum þeirri bábilju, að brennivín væri erfiðisvinnufólki og einkum þeim, sem byggju á norðlægum slóðum, hin mesta heilsubót og orkugjafi. Sá átrúnaður hlaut að leiða til aukinnar áfengisneyzlu og áfengisframleiðslu, enda var brennivínsgerð mikilvæg búgrein á Norðurlöndum um all-langt skeið. Að sjálfsögðu voru alltaf til einstakir menn, sem skáru sig úr fjöldanum um viðhorf til áfengisins, en áhrifa þeirra gætir sáralítið fyrr en komið er fram á 19. öld.

B. Mismunandi löggjöf.

Í öllum löndum eru áfengismál nú löggjafaratriði, þ. e. a. s. tilbúningur, sala, veitingar og meðferð áfengra drykkja er háð opinberum reglum. *Algert frelsi í áfengismálum mun hvergi tíðkað, svo kunnugt sé.* Alls staðar er um einhvers konar hömlur á meðferð áfengis að ræða, en mjög eru þær mismunandi að eðli og áhrifum.

Reglur um meðferð áfengra drykkja eru að vísu taldar fornar að uppruna, en það er ekki fyrr en á allra síðustu öldum og áratugum, sem áfengismálin eru tekin til róttækrar meðferðar í almennum umræðum og virkum athöfnum, sem byggjast á vitneskju um skaðsemi áfengis fyrir einstaklinga og þjóðfélagið í heild. Þjóðfélags- og atvinnulífsbreytingar nútímans hafa aukið mjög á nauðsyn þess að takmarka áfengisneyzlu, m. a. hin útbreidda notkun alls konar vinnuvéla og tækja, og vaxandi notkun vélknúinna ökutækja jafnt í lofti sem á láði og legi. Það er viðurkennd þjóðfélagsleg þörf fyrir hvers konar reglusemi, árvekni og stundvísi og slíks verður eingöngu krafizt af allsgáðum mönnum.

Þó að áfengislöggjöf eða opinber stefna í áfengismálum sé ærið mismunandi eftir löndum og þjóðum, þá mun þó mega fullyrða, að markmiðið sé yfirleitt hið sama: „að vinna gegn misnotkun áfengis“, eins og segir í 1. gr. ísl. áfengislaganna.

C. Stefnur í áfengismálum.

Á síðustu 100—150 árum hafa verið uppi ýmsar stefnur í áfengismálum.

1. Algert bann.

Róttækasta aðferðin, sem reynd hefur verið til þess að koma í veg fyrir áfengisneyzlu og hættur henni samfara, er algert bann við tilbúningi, sölu, veitingum og hvers kyns meðferð á áfengum drykkjum. *Aðeins þrjú lönd í Evrópu og Ameríku hafa reynt bann.* Bannstefnan á uppruna sinn í Bandaríkjunum. Þar var byrjað að reka áróður fyrir áfengisbanni um eða eftir aldamótin 1800. Á árunum 1846—1863 var komið á algeru áfengisbanni í 13 ríkjum Bandaríkjanna, en það mistókst í flestum þeirra og þó ekki öllum. Upp úr aldamótunum 1900 óx bannstefnunni enn mjög fylgi í Bandaríkjunum, og árið 1920 gekk þar í gildi alríkisbann á áfengi, en áður höfðu 33 ríki og District of Columbia auk þriggja hjálendna komið á banni. (Héraðabönn stig af stigi). Alríkisbannið stóð til 1933. Framkvæmd áfengisbannsins fór mjög illa úr hendi. Ólögleg áfengissala, brugg og smygl fylgdi í kjölfarið og margir telja, að áfengisbannið hafi óbeinlínis orðið til þess að efla hvers kyns glæpastarfsemi.

Ísland varð fyrst Evrópulanda til þess að koma á algeru banni árið 1915 og stóð svo til ársins 1922, er heimiluð var sala léttra vína (spánarvín). Bann á sterkum víntegundum stóð til 1935, svo og á áfengu öli, sem enn gildir. Ákvörðun bannsins og fullnaðarafnám þess (1935) var hvor tveggja framkvæmt að afstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslu. — Í Finnlandi var komið á áfengisbanni 1919 og stóð það til 1932.

Óhætt mun að fullyrða, að algert áfengisbann er nú hvergi á dagskrá í Evrópu eða Ameríku, sem æskileg eða fær leið í áfengismálum, sbr. álit Stórstúku Íslands. Nokkuð öðru máli gegnir um Asíu- og Afríkulönd. Trúarskoðanir og almenningsálit er víða hlynnt áfengisbanni í þessum löndum. Indland hefur forystu í þessum efnum. Á grundvelli stjórnarskrárákvæða er unnið að algeru áfengisbanni í áföngum. Gert er ráð fyrir, að framkvæmd áfengisbannsins taki mörg ár.

2. Takmarkað áfengisbann.

Tala má um takmarkað áfengisbann, þegar vissar tegundir áfengra drykkja eru bannaðar. Þannig var komið á banni við brenndum og „heitum" vínum í Noregi árið 1919, og stóð brennivínsbannið til 1927, en bannið við „heitum" vínum var afnumið þegar 1923. Framkvæmd hins takmarkaða áfengisbanns í Noregi þótti ganga mjög úrskeiðis. Bjórbannið á Íslandi er nánast takmarkað áfengisbann. Svíar héldu uppi bjórbanni um eitt skeið.

3. Tímabundin bönn og frávik frá almennum reglum.

Dæmi eru þess, að vikið hefur verið frá almennum reglum um meðferð áfengis, þegar sérstakar ástæður hafa gefið tilefni til, og geta má þess í þessu sambandi, að á styrjaldartímum hafa oft verið settar strangari áfengishömlur, en ella, þó að ekki væri um bann að ræða. Eitt kunnasta dæmið um frávik frá almennum reglum um meðferð áfengis eru aðgerðir Breta í sambandi við áfengismálin í borginni Carlisle á Norður-Englandi. Í heimsstyrjöldinni fyrri var Carlisle gerð að miðstöð hergagnaframleiðslu og leiddi það til mikils aðstreymis utanbæjarmanna, sem unnu þar um lengri eða skemmri tíma án þess að taka þar fasta bólsetu. Greip ríkisstjórnin til þess ráðs að setja upp ríkiseinkasölu á áfengi í borginni er hafði jafnframt með höndum rekstur áfengisveitingahúsa. Þetta fyrirkomulag stendur enn í Carlisle. Lokun áfengisútsölu í verstöðvum hér á landi, t. d. á Siglufirði um mesta annatímann, er þessu eðlisskylt og mætti kalla tímabundið bann.

4. Opinber afskipti af áfengismálum. — Leyfisveitingar.

Löggjöf flestra eða allra þjóða mótast nú af meiri eða minni afskiptum hins opinbera af áfengismálum.

Greina má á milli *meiri háttar* og *minni háttar* opinberra afskipta. Miðað við þær hömlur, sem m. a. gilda um meðferð áfengis víðast á Norðurlöndum, má segja að *mikið frjálsræði ríki í þessum efnum í Stóra-Bretlandi, Þýzkalandi, Frakklandi og víðar.*

Til meiri háttar afskipta af áfengismálum má nefna áfengiseinkasölur, takmörkun eða bann við innlendri áfengisframleiðslu, áfengisskömmtun, bann við áfengisauglýsingum, strangar reglur um útgáfu áfengisleyfa, héraðabönn o. s. frv.

Til minni háttar afskipta má nefna, þegar leyfi til framleiðslu, sölu og veitinga áfengis eru veitt einkafyrirtækjum, einstaklingum eða félögum, sem fullnægja ákveðnum lágmarksskilyrðum um rekstur þjónustu-, verzlunar- eða iðnaðarstarfsemi. Þar sem slíkar reglur gilda er áfengi að jafnaði til sölu í venjulegum matvöruverzlunum og flestum veitingahúsum. Leyfishafar eru að sjálfsögðu háðir ýmsum reglum um framleiðslu, sölumeðferð og veitingar, t. d. að því er tekur til opnunar- og lokunartíma sölubúða og veitingahúsa. Öll áfengisframleiðsla, verzlun og veitingar eru óheimilar án leyfis. Ólöglegur innflutningur, heimabrugg, leynivínsala o. s. frv. varðar við lög.

Þetta leyfiskerfi (licencing system) er mjög útbreitt í Evrópulöndum, bæði á meginlandinu og Bretlandi.

Að baki meiri háttar ríkisafskiptum af áfengismálum liggur ekki sízt sú hugsun að skilja á milli einkahagsmuna og áfengisgróða. Hið opinbera tekur til sín hagnaðinn af áfengistilbúningi og áfengisverzlun. En þar sem minni ráttar ríkisafskipti eiga sér stað og leyfiskerfi er við lýði, fara einkahagsmunir og áfengisgróði saman. Þar tekur ríkið að vísu í sinn hlut nokkurn hagnað í formi skatta, tolla og leyfisgjalda, en gróðinn af áfenginu sem slíkur lendir hjá einkaaðiljum. Þar sem meiri háttar afskipti eru af þessum málum, er gerður verulegur munur á áfengi og öðrum verzlunar- eða iðnvarningi, en þar sem minni háttar afskipti eru er gerður á þessu næsta lítill munur.

5. Valfrelsi kjósenda í ákveðnum umdæmum (Local option). — Héraðabönn.

Með „local option" er átt við rétt kjósenda í ákveðnu umdæmi, borg eða héraði, til þess að láta í ljós skoðun sína við almenna atkvæðagreiðslu um það, hvort leyfa skuli áfengisverzlun eða opinberar áfengisveitingar í hlutaðeigandi umdæmi. M. ö. o. sett er á vald kjósenda að ákveða höfuðstefnuna í áfengismálum borgar eða héraðs. Greiði meiri hluti atkvæði gegn áfengisverzlun, ganga í gildi svonefnd héraðabönn.

Þessi aðferð á uppruna sinn í Bandaríkjunum og var m. a. mikið notuð á ofanverðri 19. öld og fram eftir hinni 20. Áður en alríksbann á áfengi gekk í gildi 1920, hafði verið komið á banni í meirihluta einstakra ríkja eftir þessari leið.

Héraðabannstefnan náði snemma til Íslands og var lögfest árið 1899 og er nú mikilvægur þáttur í áfengislöggjöf okkar. — Reglur um héraðabönn gilda einnig í Noregi.

6. Stuðningur við bindindisstarfsemi, heilbrigða félagsstarfsemi og tómstundaiðju. — Fræðsla um áfengismál.

Eins og áður er fram komið í þessum drögum, ræður trú og almenningsálit hvað mestu um viðhorf í áfengismálum og raunhæft gildi áfengislöggjafarinnar á hverjum tíma. Flestir eða allir, sem um þessi mál hugsa í alvöru, telja *mótun almenningsálitsins* í þágu bindindis og hófsemi í meðferð áfengra drykkja, *nauðsynlegan þátt í áfengisvörnum*. Einkum er mikilvægt talið að móta þannig hugarfar æskufólks, að það gerist fráhverft áfengisneyzlu og er talið að áhrif þess yrðu varanleg.

Í þessu sambandi má nefna tillögur danskra og sænskra áfengismálanefnda. Er þar einkum lögð áherzla á gildi *áfengisfræðslu í skólum og heilbrigt æskulýðsstarf*. Danska nefndin, sem að ofan getur, var þingmannanefnd, sem fjallaði einkum um aðgerðir í málefnum drykkjusjúkra. Í áliti nefndarinnar segir, að nefndin, í samráði við kennslumálaráðherrann, vilji benda á „mikilvægi þess, að skólarnir taki upp víðtækari upplýsingastarfsemi en hingað til, um áhrif áfengis, með því að ætla fræðslu um áfengismál rúm meðal kennslugreina í skólum á hinum ýmsu stigum skólakerfisins." Enn fremur segir nefndin: „Væri æskilegt, að fjárveitingavaldið héldi áfram fjárhagslegum stuðningi við aðgerðir, sem reisa skorður við drykkjuskap, og má í því sambandi nefna starfsemi bindindishreyfingarinnar og félagsskaparins „Ring i Ring"."

Í Svíþjóð benda menn á eftirtalin atriði í þessu sambandi:

a. Aukinn stuðningur við æskulýðsstarfsemi.
b. Aukin áfengisfræðsla í skólum.
c. Aukin almenn fræðsla um skaðsemi áfengis.

d. Bann gegn áfengisauglýsingum.
e. Gera foreldrum ljóst, að þeirra eigið fordæmi skipti ekki litlu máli um viðhorf barna þeirra.

2. kafli.

ÁFENGISEINKASÖLUR Á NORÐURLÖNDUM

Í öllum löndum Norðurlanda starfa áfengiseinkasölur. Danska einkasölufyrirkomulagið er umfangsminnst, enda aðeins um framleiðslu-einkasölu að ræða. Í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð og á Íslandi er einkasölufyrirkomulagið miklu víðtækara, þar eð einkaleyfishafar hafa að nokkru eða allt í senn sérleyfi til innflutnings, heildsölu og smásölu og meiri eða minni sérréttindi til framleiðslu þeirra áfengu drykkja, sem einkasalan tekur til. Ísland hefur sérstöðu að því leyti, að þar er ríkið sjálft einkasöluaðili, en í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku er einkasöluréttur inn í höndum ákveðinna hlutafélaga.

Danmörk.

Eins og fyrr segir er danska einkasölufyrirkomulagið umfangsminnst og aðeins um framleiðslu-einkarétt að ræða. Handhafi þessa einkaréttar er A/S De danske Spritfabrikker. Félagið hefur einkarétt til innflutnings og vinnslu vínanda og til brennivíns- og ákavítisgerðar. Ríkið hefur eftirlit með reikningsuppgjöri félagsins, og úthlutun arðs til hluthafa er bundin sérreglum.

Finnland.

Finnska áfengiseinkasalan er í höndum hlutafélagsins OY Alkoholiliike, sem stofnað var árið 1932, eftir afnám bannlaganna. Einkarétturinn er mjög víðtækur og nær að kalla yfir alla þætti áfengisframleiðslu og áfengissölu, svipað og hérlendis. Einkasölufélagið hefur þó heimild til þess að semja um kaup á áfengum drykkjum frá sjálfstæðum framleiðendum eða einkafyrirtækjum, og þessi heimild hefur m. a. gert ölgerðum fært að starfa í landinu. Finnska áfengiseinkasalan ræður yfir miklu fé og hefur lagt fram háar upphæðir til áfengisrannsókna.

Svíþjóð.

Sænska áfengiseinkasalan nefnist Vin & Spritcentralen A/B. Er félagið elzta áfengiseinkasala á Norðurlöndum, stofnað 1917. Einkaréttur félagsins er bundinn við innflutning og heildsölu á áfengi og tiltekna framleiðslustarfsemi. Smásalan er á höndum annars einkasölufélags, sem nefnist „Nya Systemaktiebolaget“, og hefur það félag rétt til þess að stofna áfengisútsölur í öllum borgum og bæjum, og „þéttbýli“ í sveit (þorpum).

Noregur.

Vinmonopolet A/S hefur einkasölurétt í Noregi, bæði hvað snertir heildsölu og smásölu. Réttur einkasölunnar til þess að opna áfengisútsölu í Noregi er háður ýmsum skilyrðum, ekki ólíkt því sem gerist hér á landi, þó að reglurnar séu ekki eins að öllu leyti. Bannað er að opna áfengisútsölur í öllum sveitum, svo og kaupstöðum, sem hafa færri en 4 þús. íbúa. Til sölu léttra vína nægir heimild frá bæjarstjórnum, en þegar um sölu brenndra drykkja er að ræða, þarf að bera það undir almenna atkvæðagreiðslu (héraðabönn). Áfengisútsölur eru nú í nál. 30 bæjum og borgum, en voru í 13 borgum árið 1927, þegar einkasalan var sett á laggirnar.

3. kafli.

ÁFENGISMÁLARANNSÓKNIR Á NORÐURLÖNDUM

S. l. 20 ár hefur ýmislegt verið gert til þess að rannsaka áfengismálin kerfisbundið frá sem flestum hliðum. Mest hefur verið aðhafzt á þessu sviði í Finnlandi og Svíþjóð, einnig nokkuð í Noregi og Danmörku, einkum hin allra síðustu ár. Yfirleitt virðast allir hugsandi menn ganga út frá því sem nauðsyn, að stefnan í áfengismálunum (áfengislöggjöfin) byggist á rannsóknum eða athugunum, heilbrigðis- og félagslegum. Í öllum þessum löndum hefur verið komið upp sérstökum stofnunum, sem vinna að rannsóknum á þessu sviði.

Svíþjóð.

Þar í landi eru starfandi tvær læknisfræðistofnanir, er láta sig varða áfengisrannsóknir:

1. Institutionen för teoretisk alkoholforskning.
2. Alkoholklinik í Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi.

Auk þess eru starfandi sérstakir vinnuhópar, sem gera athuganir á félagslegri og sálfræðilegri hlið áfengismálanna.

Finnland.

Finnska áfengiseinkasalan setti á stofn árið 1950 „Stiftelen för alkoholforskning". Hefur stofnunin stuðlað að allvíðtækum félagslegum áfengismálarannsóknum í Finnlandi, og má telja Finna í fararbroddi hvað þetta snertir.

Noregur.

Í Noregi er öflug bindindishreyfing og sitthvað verið gert til þess á liðnum árum að rannsaka áfengismálin hlutlægt. Þessar athuganir hafa þó verið lítt samræmdar. Árið 1959 var sett á stofn „Statens Institutt for Alkoholforskning." Á vegum stofnunarinnar er nú unnið að ýmsum félagslegum athugunum á áfengismálinu.

Danmörk.

Fram undir þetta hafa rannsóknir á áfengismálum ekki verið víðtækar í Danmörku. Ýmsar læknisfræðilegar athuganir hafa þó verið gerðar á rannsóknarstofum og heilsuhælum. Eftir að „Socialforskningsinstitut" var sett á laggirnar árið 1958 hefur orðið breyting á, þannig að eitt af verkefnum þess er að rannsaka áfengismálin. Hefur þegar verið hafizt handa í þessa átt, og ætlunin að vinna að áfengismálarannsóknum á næstu árum. Geta má í þessu sambandi merkilegrar rannsóknar sem gerð var fyrir nokkrum árum á áfengisástandinu í Grænlandi. Fyrir rannsókninni stóð Udvalget for samfundsforskning í Grönland.

Norræn samvinna um áfengisrannsóknir.

Á ráðstefnu um áfengismál, sem haldin var í Helsinki árið 1956 var ályktað um nauðsyn þess að auka rannsóknir á sviði áfengismála og efla samvinnu Norðurlanda um slíkar rannsóknir. Á vegum Norðurlandaráðs var sett á laggirnar árið 1959 „norræn áfengisrannsóknarnefnd". Nefndin beitti sér fyrir samræmdum rannsóknum eða athugun á drykkjuvenjum ungmenna í fjórum höfuðborgum á Norðurlöndum, þ. e. öllum nema Reykjavík. Niðurstöður rannsóknanna, sem voru mjög víðtækar, hafa verið birtar á prenti. Í ráði er að gera sams konar athugun á drykkjuvenjum ungra manna á aldrinum 30—40 ára.

4. kafli.

STUTT YFIRLIT YFIR BINDINDISSTARFSEMINA HÉR Á LANDI.

Góðtemplararegla á Íslandi.

Stofnuð 10. janúar 1884. Fyrsta stúkan var Ísafold nr. 1 á Akureyri, enn starfandi undir nafninu Ísafold — Fjallkonan nr. 1. Tala stofnenda var 12. Á næstu misserum voru stofnaðar nokkrar fleiri stúkur. Fyrsta stúka í Reykjavík var stofnuð 3. júlí 1885. Árið 1886 var samband góðtemplarastúkna stofnað í Reykjavík: Stórstúka Íslands. Hefur hún starfað óslitið síðan.

Góðtemplararegla á Íslandi er deild í alþjóðasamtökum góðtemplara, International Order of Good-Templars, en fyrsta góðtemplarastúka heimsins var stofnuð í Bandaríkjunum árið 1851.

Markmið góðtemplararegluunnar er skýrt á eftirfarandi hátt í grundvallarákvæðum hennar:

> Markmið Alþjóðareglu góðtemplara, sem stofnuð var árið 1851, er að skapa fegurra, frjálsara og fullkomnara líf einstaklinga og þjóða.
>
> Reglan krefst af félögum sínum algers bindindis á áfenga drykki.
>
> Starfsemi Góðtemplararegluunnar er reist á hugsjóninni um bræðralag allra manna. Allir eiga að hafa jafnan rétt til persónulegs þroska, frelsis og hamingju. Hver og einn á að gæta náunga síns og sérhver er kallaður til starfs fyrir vaxandi mannheill og lífshamingju annarra.

Góðtemplarar vilja:

1. Byggja upp félagshreyfingu um heim allan fyrir konur og karla, án tillits til kynþátta, þjóðernis, trúarbragða eða stjórnmálaskoðana.
2. Gefa mönnum fagurt eftirdæmi með algeru bindindi einstaklingsins á áfenga drykki, skapa heilbrigðar lífsvenjur í þjóðfélögum og undirbúa jarðveginn fyrir menningu án áfengis.
3. Bjarga drykkjumanninum undan valdi áfengisins og veita honum styrk í baráttu hans með því að taka hann í bræðralag Reglunnar.
4. Auka þekkingu manna á afleiðingum áfengisnautnarinnar og stuðla að vaxandi fræðslu í skólum um bindindismál.
5. Vinna að og styðja setningu laga, sem draga úr neyzlu áfengra drykkja, unz áfengisverzlun og áfengisneyzlu er með öllu útrýmt.
6. Styðja gildandi bindindislöggjöf og stuðla að því, að hún komi að sem beztu gagni.
7. Styrkja þá félagslegu starfsemi og menningu, sem elur félaga sína upp til að vera góðir þegnar og kemur þeim til andlegs og líkamlegs þroska.
8. Efla andlegt frelsi, umburðarlyndi og bróðurlegt samstarf á öllum sviðum mannlegs lífs.
9. Vinna að því, að andi réttlætis og bræðralags nái að gegnsýra allt þjóðlífið.
10. Vinna að varanlegum friði meðal allra þjóða.

Góðtemplararegla er byggð upp sem leyniregla að verulegu leyti. Gilda allstrangar siðareglur og inntökuskilyrði, og fundarsköp reglunnar eru í mjög föstu formi, sem setja sérstakan virðuleika- og hátíðablæ yfir stúkufundi.

Góðtemplararegla á Íslandi var fyrr á árum eindreginn og óhvikull boðberi *áfengisbanns* hér á Íslandi. En í „Tillögum og ábendingum frá Stórstúku Íslands“, sem áfengismálanefnd hafa borizt, segir svo í 1. grein:

> „Stórstúka Íslands telur, að áfengissala og áfengisveitingar eigi engar að vera í landinu, en gerir sér hins vegar ljóst, að skilyrði til þess, að svo megi verða, eru ekki fyrir hendi sem stendur. En leggja ber áherzlu á, að allar aðgerðir hins opinbera í áfengismálum miði að því, að draga úr áfengisneyzlu þjóðarinnar, ekki sízt æskulýðsins“.

Áhrifamikill félagsskapur.

Góðtemplararegla náði fljótt mikilli útbreiðslu á Íslandi og varð snemma áhrifamikil. Höfuðmarkmið reglunnar var að sjálfsögðu að vinna í þágu bindindis, en reglan sjálf og einstakir félagar hennar létu sig skipta *óteljandi félags- og menningarmál*. Góðtemplararegla hafði m. a. forystu um það um langt árabil að byggja samkomuhús, og eru hin mörgu „Góðtemplarahús" eða „Gúttó" vitni þess. Skiptu samkomuhús þessi tugum meðan flest var. Flest eru þau nú úr sér gengin og mörg alveg ónothæf, þó að uppi standi.

Mörg félög og stofnanir rekja uppruna sinn til góðtemplararegluninar beint og óbeint. Meðal þeirra má nefna: Sjúkrasamlag Reykjavíkur, Elliheimilið Grund, Leikfélag Reykjavíkur, Fangahjálpina, Hvíta bandið, Bæjarbókasafnið í Reykjavík o. fl.

Starfsemi reglunnar.

Starfsemi góðtemplararegluninar er enn mjög fjölþætt.

a) inn á við að félagsmálum
b) barna- og unglingastarf
c) tómstundaiðja
d) útbreiðslu- og útgáfustarf.

Samkvæmt upplýsingum stórtemplars, Ólafs Þ. Kristjánssonar, hefur góðtemplararegluan átt erfiðara uppdráttar hin síðari ár. Greinilegt sé, að vissa aldursflokka vanti í raðir félagsmanna, t. d. fólk á aldrinum 20—40 ára. Fundarsókn er víða dræm, en þó mismunandi. Allmargar stúkur virðast starfa lítið sem ekkert, þótt eigi hafi þær verið strikaðar út af skrá um starfandi félög.

Ungmennastarf góðtemplararegluninar hefur oft verið til mikillar fyrirmyndar, enda má telja starfsemi barnastúknanna út um allt land brautryðjendaverk í mörgum tilfellum. Starfsemi barna- og unglingastúkna byggist að mestu leyti á áhugasömum gæzlumönnum, en reynslan sýnir, að þeim mönnum fækkar ár frá ári, sem gefa sig að slíkum sjálfboðastörfum. Barna- og unglingastúkum fer því fækkandi og starfsemi sumra þeirra, sem enn eru taldar lifandi, er harla lítið. Skýrslur um félaga góðtemplararegluninar sýna þó, að yfirgnæfandi meirihluti templara eru börn og unglingar.

Í þessu sambandi er ástæða til að taka fram, að góðtemplararegluan í heild og mjög margir einstaklingar innan hennar leggja sig fram á þessu sviði. Auk hins hefðbundna ungmennastarfs góðtemplararegluninar, starfar félagsskapur, sem nefnist „Íslenzkir ungtemplarar" í nánum tengslum við regluna.

Á Akureyri hafa templarar gengizt fyrir æskulýðs- og tómstundastarfsemi, sem heldur hefur dregizt saman, m. a. fyrir þær sakir, að æskulýðsráð bæjarins hefur tekið við sumum þeim verkefnum, sem Æskulýðsheimili templara hafði með höndum. Raunar má gera ráð fyrir, að samdráttur sá, sem orðinn er í sumu starfi góðtemplararegluninar, stafi af því, að aðrir aðiljar, þar á meðal opinberir aðiljar, hafi tekið að sér viðkomandi verkefni.

Samdráttur í starfi reglunnar.

Þegar litið er yfir sögu góðtemplararegluninar í heild, dylst ekki, að athafnir hennar voru á ýmsan hátt umfangsmeiri fyrr á tímum og áhrifamáttur hennar meiri í þjóðlífinu. Ástæðunnar er ekki sízt að leita til vaxandi almennrar félagsstarfsemi í landinu og margvíslegra opinberra aðgerða í félags- og menningarmálum. Þróunin hefur m.a. orðið sú, að æskulýðsstarf dreifist á mörg félög og opinberar æskulýðsnefndir. Ekki er sami grundvöllur og áður fyrir sérstakt framtak góðtemplararegluninar um byggingu samkomuhúsa eftir að félagsheimilasjóður tók til starfa og hin margvíslegu félög í byggðum og bæjum stofnuðu til samvinnu um byggingu og rekstur félagsheimila. Sama er

að segja um skemmtistarfsemi, söng- og leiklistariðkanir o. fl. Það hlaut að koma niður á alhliða starfsemi góðtemplarareglunnar inn á við og út á við, þegar farið var að stofna sérstök félög í því skyni að halda uppi þess háttar starfsemi. Eigi að síður er það staðreynd, að fjöldamörg menningarfélög og líknarstofnanir rekja uppruna sinn beint eða óbeint til góðtemplarareglunnar, og halda enn ýmsum tengslum við regluna. Þessi þróun er engan veginn óeðlileg og minnkandi starf góðtemplarareglunnar á ýmsum sviðum er enginn áfellisdómur yfir henni eða þeim mönnum, sem þar eru í fyrirsvari nú. Góðtemplararegla rekur enn margháttaða starfsemi inn á við og út á við. Verður ekki annað séð en að hún sé yfirleitt til mikilla nytsemda, enda er góðtemplararegla langfjölmennasti bindindisfélagsskapur í landinu og sá sem á lengsta sögu að baki.

Nefndin vill þó benda á, að endurmat stefnu, starfsaðferða og verkefnavals er yfirleitt nauðsyn öllum gömlum félagsskap, og er ekki ólíklegt, að það eigi við um góðtemplararegluna.

Áfengisvarnanefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði.

Nefndin var stofnuð árið 1946. Er hún frjáls samtök 26 kvenfélaga í Reykjavík og Hafnarfirði. Eiga þau öll fulltrúa í nefndinni.

Nefndin starfar einkum að því að aðstoða einstaklinga og heimili, sem háð eru ofdrykkju og óreglu.

Nefndin starfrækir skrifstofu í Reykjavík, sem opin er tvær stundir tvo daga í viku. Frá því skrifstofan tók til starfa (1954) til áramóta 1964—65 hafa nefndinni borizt 448 beiðnir um ýmiss konar aðstoð. Árið 1964 lágu fyrir 42 hjálparbeiðnir og er það 11 færra en 1963.

Árið 1958 gerði nefndin tilraun til þess að reka skóla fyrir afvegaleiddar stúlkur á aldrinum 12—15 ára að Hlaðgerðarkoti í Mosfellssveit. Tólf stúlkur sóttu skólann. Starfaði skólinn aðeins hluta úr vetri, en varð að hætta starfsemi sinni, þar eð yfirvöld töldu hann settan á óheppilegan stað, þ. e. of nærri barnaheimilinu í Reykjahlíð. En upp úr þessu starfi varð til svonefnd Hjálparnefnd stúlkna, sem menntamálaráðherra skipaði árið 1959. Er formaður áfengisvarnanefndar kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði, Guðlaug Narfadóttir, einnig formaður hjálparnefndar stúlkna, og virðist um náið samstarf þessara tveggja nefnda að ræða. Hjálparnefndin hefur síðan 1959 haft afskipti af högum 19 stúlkna, sem komnar voru á glapstigu. 13 hefur hún komið til vistar á stúlknaheimilum í Danmörku, en 6 á íslenzkum sveitaheimilum. A. m. k. 12 þessara stúlkna hafa hætt óreglu og margar eru giftar og sinna vel heimilum sínum. 6—7 stúlkur eru enn óreglusamar.

Bindindisfélag ökumanna.

Félagið stofnað 1953. Félagsmenn eru samtals 788. Starfar í 11 deildum víða um land. Starfið í deildunum virðist heldur dauft, en ýmsir forystumenn þess í Reykjavík vinna að félagsstörfum af dugnaði.

Bindindisfélag ökumanna hefur beitt sér fyrir ýmsum athyglisverðum málum, m. a. staðið að svonefndum umferðar- og bindindismálasýningum og efnt til góðaksturskappmóta.

Félagið hafði meginforgöngu um stofnun vátryggingafélagsins Ábyrgð, sniðið eftir erlendri (sænskri) fyrirmynd. Þá hefur félagið gefið út tímaritið Umferð nær árlega og um skeið smáritið Brautin, sem var eins konar félagsbréf.

B.F.Ö. hefur gert tillögur um nokkrar breytingar á umferðarlögum, sem miða að því að gera fyrirmæli um ölvunarakstur strangari en nú er, m. a. með því að færa pro mille stigið niður úr 0,5 í 0,35.

Þá beitti B.F.Ö. sér fyrir útgáfu bókarinnar Maðurinn við stýrið eftir Åke Carnelid árið 1964. Aðalþýðandi bókarinnar var dr. Símon Jóh. Ágústsson, Hafsteinn Guðmundsson, prentsmiðjustjóri, gaf bókina út og Slysavarnafélag Íslands veitti styrk til útgáfunnar. Bók þessi er sænsk að uppruna, en hefur verið þýdd á nokkur tungumál.

B.F.Ö. hefur leitazt við að kynna hin svonefndu *óáfengu* vín hér á landi og stofnaði í því sambandi til innflutningsfyrirtækis, sem ekki heppnaðist, enda tóku aðrir innflytjendur að sér að flytja inn slíka vöru, og er hún fáanleg í mörgum matvöruverzlunum. B.F.Ö. lítur svo á, að notkun óáfengra vína muni draga úr löngun manna til þess að hafa áfengi um hönd í veizlum og samkvæmum.

B.F.Ö. naut um skeið styrks frá sænska vátryggingafélaginu Ansvar, en eigi lengur. Hin síðari ár hefur opinber styrkur verið um 35 þús. að meðaltali á ári, þ. e. frá Áfengisvarnaráði, Reykjavíkurbæ og Slysavarnafélagi Íslands.

Bindindisfélag ísl. kennara.

Formaður Sigurður Gunnarsson, skólastjóri, Álfheimum 66, Reykjavík.

Félagið stofnað 1953. Félagar nú um 80. Í lögum félagsins segir, að tilgangur þess sé að vinna að heilbrigðu þjóðaruppeldi á grundvelli bindindissemi í öllum stéttum þjóðfélagsins. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með aukinni skipulagðri bindindisfræðslu og bindindisuppeldi í skólum landsins, með námskeiðum og útgáfu fræðslurita, með útgáfu tímarits eða blaðs, þegar ástæður leyfa, með því að safna sem flestum kennurum landsins, er aðhyllast bindindi, í B.Í.K.

Þótt félag þetta sé lítið, virðist það hafa verið mjög athafnasamt. Hefur það einkum lagt sig eftir því að framkvæmd verði lagaskylda um bindindisfræðslu í skólum. Má í því sambandi nefna, að félagið hefur efnt til fræðslunámskeiðs fyrir kennara og aðra áhugamenn um bindindisfræðslu í skólum. Merkasti þátturinn í starfsemi félagsins mun þó vera frumkvæði þess um þýðingu og útgáfu bókarinnar HVAÐ UNGUR NEMUR, sem út kom hjá áfengisvarnarráði árið 1957. Bókin er stutt kennslubók, ætluð til fræðslu um áhrif áfengis og tóbaks. Má segja, að hún sé eina bókin sinnar tegundar, sem samin hefur verið til notkunar í skyldunámsskólum. Hannes J. Magnússon, fyrrv. skólastjóri á Akureyri, þýddi og staðfærði. Teikningar gerði Stefán Jónsson. Í sambandi við bók þessa hefur félagið einnig gefið út vinnubók. Þá hefur Bindindisfélag ísl. kennara gefið út ýmis smárit, fræðslurit fyrir unglinga, og sent það ókeypis vissum aldursflokkum á unglinga- og gagnfræðastigi. Félagið hefur nokkrum sinnum efnt til ritgerðasamkeppni í skólum um áfengisvandamálið og styrkt nokkra kennara til utanferða í sambandi við fræðslu um bindindismál. Um nokkurra ára skeið gaf félagið út blaðið Magna og var það sent öllum starfandi kennurum og fleirum. Núverandi formaður Sigurður Gunnarsson, sem er kennari við Kennaraskóla Íslands, vinnur mjög að því innan Kennaraskólans að efla áhuga verðandi kennara á bindindisfræðslu. Þá er og kunnugt, að hann hefur lagt á sig mikið starf með fyrirlestrum í gagnfræðaskólum í Reykjavík og nágrenni.

Áfengisvarnaráð styrkir starfsemi félagsins með kr. 15 þús. á ári.

Landssambandið gegn áfengisbölinu.

Sambandið var stofnað árið 1958 og eru aðildarfélög 26 talsins: Alþýðusamband Íslands, Áfengisvarnaráð, Áfengisvarnanefnd kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði, Bandalag ísl. skáta, Bindindisfélag kennara, Bindindisfélag presta, Bindindisfélag ökumanna, Félag menntaskólakennara, Hjálpræðisherinn á Íslandi, Hvítabandið, Íþróttasamband Íslands, Íslenzkir ungtemplarar, Kristi-

legt félag ungra kvenna, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamband framhaldsskólakennara, Landssamband KFUM, Náttúrulækningafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Samband bindindisfélaga í skólum, Sam band ísl. barnakennara, Samband ísl. kristniboðsfélaga, S.D. Aðventistar á Íslandi, Slysavarnafélag Íslands, Stórstúka Íslands I.O.G.T., Ungmennafélög Íslands.

Landssambandið hefur stuðlað að flutningi 20 útvarpserinda um áfengismál. Haft Þingvallafund og efnt til ráðstefnu um áfengisvandamálið í samvinnu við dóms- og kirkjumálaráðuneytið (1964). Landssambandið stendur að föstum bindindisdegi árlega á haustin og hefur komið upp sérstökum gluggasýningum í Reykjavík til þess að vekja athygli um skaðsemi áfengis.

Áfengisvarnaráð.

(Þessi kafli er orðrétt greinargerð frá áfengisvarnaráði).

VIII. kafli áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954 fjallar um áfengisvarnir. Það er ákvæði um að stofna skuli embætti áfengisvarnaráðunautar og áfengisvarnaráð, svo og um áfengisvarnanefndir. Í samræmi við lögin hafa svo verið settar reglugerðir bæði um áfengisvarnaráð og áfengisvarnanefndir. Nefndirnar skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum, og eru nú 227 að tölu, en nefndamenn samtals um 740. Formenn nefndanna eru skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu áfengisvarnaráðs.

Áfengisvarnaráð skipa fimm menn. Fjórir eru kosnir af Alþingi en áfengisvarnaráðunautur er sjálfkjörinn formaður ráðsins og veitir jafnframt forstöðu skrifstofu þess.

Markmið ráðsins og verksvið er ákveðið í 28. gr. laganna, m. a. þannig: „Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu".

Enn fremur ber áfengisvarnaráði að samræma störf áfengisvarnanefndanna, leiðbeina þeim í störfum og aðstoða í hvívetna, veita hlutlausar upplýsingar um áfengis- og bindindismál til blaða og annarra aðila, er þess óska, o. fl.

Eins og 28. gr. áfengislaganna (sbr. og 3. gr. reglugerðar um áfengisvarnanefndir) ber með sér, er starf áfengisvarnaráðs fyrst og fremst félagslegt starf, og innan þess ramma starfar það að áfengisvörnum.

Fé til starfsemi sinnar fær ráðið samkvæmt fjárlögum hverju sinni, en fjárhagsáætlun ráðsins skal árlega hljóta samþykki dómsmálaráðuneytisins, og reikningar þess eru endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni.

Ráðið hefur haldið samtals 154 bókaða fundi fyrstu 11 árin, sem það hefur starfað, eða til 1. maí 1965. Auk þess hafa verið kosnar undirnefndir til þess að vinna að einstökum málum, og ráðsmenn haft samráð utan funda um afgreiðslu annarra.

Skrifstofa ráðsins annast meðferð og framkvæmd mála samkvæmt fundagerðabók og samþykktum ráðsins, auk þess sem fjöldi annarra mála er afgreiddur frá skrifstofunni beint. Er þar um að ræða margvíslega fyrirgreiðslu og upplýsingar vegna einstaklinga, blaða og stjórnarráðsins, svo og til erlendra aðilja, er þess óska.

Á árinu 1964 voru send frá skrifstofu ráðsins samtals 1723 bréf, 1224 fjölrituð, 455 vélrituð eða handskrifuð, og 44 bréf til útlanda.

Sama ár voru aðkomin innlend bréf 55 og erlend 34, samtals 89 bréf. Ársskýrslur áfengisvarnanefndanna, 227 að tölu, eru ekki skráðar sem aðkomin bréf.

Þá hefur áfengisvarnaráð haft frá upphafi all nána samvinnu við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndunum öllum og við Alheimssambandið gegn

áfengisbölinu, sem hefur skrifstofu í Lausanne í Sviss, og veitir margháttaðar upplýsingar um áfengisvandamálið víða um lönd og álfur. Enn fremur hefur ráðið samband við ýmis bindindissamtök og vísindastofnanir á sviði áfengisvandamálsins bæði í Bandaríkjunum og Kanada.

Megintilgangur ráðsins er fólginn í því að stuðla að bindindissemi þjóðarinnar, enda er bindindið eina fullkomna vörnin gegn áfengisbölinu. Í því starfi eru áfengisvarnanefndirnar eins konar útverðir áfengisvarnaráðs um land allt. Hefur þeim verið skipað niður í félagsbundin samtök, eitt félag fyrir sýslu, eða þegar betur hentar fyrir ákveðin svæði. Nefndirnar starfa undir yfirstjórn ráðsins og senda því um hver áramót skýrslu um ástand og horfur í bindindis- og áfengismálum hver í sínu umdæmi. Gefa skýrslur þessar, svo langt sem þær ná, all-glöggt yfirlit um áfengisvandamálið hér á landi og er þar að fá ýmsan fróðleik.

Félög áfengisvarnanefndanna halda aðalfund árlega, og mætir erindreki ráðsins því nær undantekningalaust á þeim. Flytur hann þar erindi um áfengisvarnir og skýrir frá reynslu og nýjungum í starfi bæði hér á landi og erlendis. Þá bendir erindrekinn á ýmis verkefni nefndanna, svo sem stuðning við bindindissamtök, aukna bindindisfræðslu, eftirlit með löggæzlu og tollgæzlu, aðstoð við drykkjumenn o. s. frv., og veitir fræðslu og hvatningu í starfinu yfirleitt.

Þegar haft er í huga, að fulltrúar nefndanna eru valdir menn, konur og karlar, og margt forustumanna byggðarlaganna í þeim hópi, má með nokkrum sanni segja, að þessir fundir séu eins konar fræðslunámsskeið í smáum stíl.

Félög áfengisvarnanefnda áttu frumkvæði að því, að settar væru reglugerðir um lögreglueftirlit á skemmtisamkomum utan kaupstaðanna. Hafa slíkar reglugerðir nú verið staðfestar í flestum sýslum landsins.

Þá hafa nefndirnar með atfylgi félaganna og ráðsins beitt sér fyrir því að haldin væru, svonefnd skólamót, en þau hafa nú verið haldin með góðum árangri um land allt. Venjulega standa tvö eða fleiri skólahverfi að hverju móti, og sækja þau kennarar viðkomandi skóla og skólabörn. Læknir er fenginn, ef unnt er, til að tala til barnanna um áfengi og tóbak, og ýmislegt fleira fer þar fram. Auk þess fá þau sér hressingu. Það hefur sýnt sig, að þessi mót verða börnunum minnisstæð, og sums staðar eru þau orðin fastur liður í skólastarfinu árlega. —

Áfengisvarnaráð hefur frá upphafi haft *erindreka* í þjónustu sinni, en þó aðeins nokkra mánuði á ári fyrstu árin. Frá því 1959 hefur erindrekinn verið fastráðinn, og á þessu ári var unnt vegna aukins framlags til ráðsins að ráða annan erindreka, svo að þeir eru nú tveir. Þá hefur ráðið haft í þjónustu sinni nokkra erindreka, er starfað hafa og starfa enn stuttan tíma árlega, og þá að sérstökum verkefnum eða á ákveðnum svæðum. Þegar erindrekarnir eru orðnir tveir, getur verið um nokkra verkaskiptingu að ræða, þannig að starf þeirra kemur væntanlega að betri notum. En starf erindreka er fólgið í því að veita áfengisvarnanefndum og félögum þeirra leiðbeiningar og hvatningu í starfi, heimsækja skóla, efla samtök bindindisfélaga, halda samkomur o. s. frv. Hér er raunar um svo mikið og margþætt starf að ræða, að það verður seint rækt, svo fullnægjandi megi teljast, og til þess þarf hæfa menn og meiri liðsafla en nú.

Fjarri fer því, að tveir menn geti sinnt öllum þeim verkefnum, sem æskilegt væri, og gera þyrfti. Þess verður að vænta, að fyrr en síðar skapist möguleikar til að ráða erindreka, sem hafi eftirlit með því, í samvinnu við fræðslumálastjórnina, að lögum og reglugerð um bindindisfræðslu í skólum sé framfylgt.

Það starf þarf að skipuleggja og auka stórlega, þannig að það taki ekki aðeins til eins bekkjar í barnaskólastiginu, heldur einnig til framhaldsskólanna. —

Bindindisfræðsla og almenn upplýsingastarfsemi er ef til vill mikilvægasti þáttur áfengisvarna og bindindisstarfa. Að þeim málum hefur ráðið starfað undanfarin ár eftir því, sem aðstæður hafa leyft. Gefnir hafa verið út allmargir bæklingar og rit um bindindismál og áfengismál, sem dreift hefur verið eftir því, sem við á, í framhaldsskóla og elzta bekk barnaskólanna, svo og sent ýmsum einstaklingum. Þá á ráðið þegar 20 fræðslukvikmyndir um áfengisvandamálið og tóbak. Myndir þessar eru sýndar um land allt. Árið 1964 samtals 115 sinnum og voru áhorfendur um 15000 að tölu eða að meðaltali nálægt 130 á hverri sýningu.

Oftast eru þessar myndir sýndar í skólum og á skólamótum, en einnig á öðrum samkomum. Erindrekarnir hafa jafnan kvikmyndir með sér á ferðum sínum, en auk þess lánar ráðið myndir sínar víða um land, einkum áfengisvarnanefndum.

Í ársskýrslum áfengisvarnanefnda 1964 kemur í ljós, að 156 nefndir (af 227) hafa á einhvern hátt stuðlað að bindindisfræðslu t. d. í skólum og á skólamótum, með erindaflutningi og kvikmyndasýningum.

Þá hafa bindindisfélög, sem styrks njóta frá ráðinu, gefið út blöð, bækur og rit. Má þar einkum nefna Bindindisfélaga kennara, Bindindisfélag ökumanna og Samband bindindisfélaga í skólum.

Loks hefur ráðið iðulega sent fyrirlesara í skóla og á samkomur, þar á meðal lækna, auk þess sem erindrekarnir koma þangað á ferðum sínum, flytja erindi og sýna fræðslukvikmyndir.

Áfengisvarnaráð leggur á það áherzlu að sameina öll bindindisöfl í landinu til markvissrar baráttu gegn áfengisbölinu. Í þeim tilgangi beitti það sér fyrir stofnun *Landssambandsins gegn áfengisbölinu* og var það stofnað þegar haustið 1955. Samtals teljast nú til sambandsins 27 félög og félagasambönd, þar á meðal flest fjölmennustu sambönd landsins, svo sem Alþýðusamband Íslands, Íþróttasamband Íslands, U.M.F.Í., kennarasamböndin og Kvenfélagasamband Íslands.

Fyrsti formaður Landssambandsins var Magnús Jónsson, núverandi ráðherra. Síðan hafa gegnt því starfi þeir Björn Magnússon prófessor, og Pétur Sigurðsson ritstjóri. Landssambandið hefur haft góða samvinnu við aðildarfélög sín og notið frá þeim aðstoðar og styrks, þegar um hefur verið beðið. Hefur Landssambandið gert margt til gagns þessum málum. Vorið 1964 efndi það t. d. til ráðstefnu um áfengisvandamálið í samvinnu við dómsmálaráðuneytið, og þótti hún gefa góða raun. Starf Landssambandsins hefur annars einkum verið með ýmsum hætti fræðslu- og upplýsingastarf. Það hefur stofnað til námsskeiða um bindindis- og áfengismál, haldið bindindisviku og gengizt fyrir almennum bindindisdegi. Enn fremur hefur Landssambandið fengið allmörg erindi flutt í útvarp.

Áfengisvarnaráð veitir ár hvert nokkrum bindindisfélögum og fleiri aðiljum, er vinna að bindindismálum, styrk til starfsemi þeirra. Framlag þetta kemur auðvitað í góðar þarfir, þótt allt of naumt sé skorið, þegar haft er í huga, að öflug bindindisstarfsemi verður ekki framkvæmd á þessum tímum, nema ríflegt fjármagn komi til. Fyrir þeirri staðreynd verðum við að beygja okkur í nútímaþjóðfélagi.

Þá hefur ráðið enn fremur stutt nokkuð fjárhagslega tómstundastarfsemi unglinga, en víða eru bindindisfélög aðiljar að þeirri starfsemi.

Drykkjumannahæli og aðrar stofnandi fyrir drykkjusjúkt fólk eru utan við verksvið ráðsins, svo og meðferð og lækning drykkjusjúklinga. Það er hins vegar í verkahring áfengisvarnanefndanna að gera það, sem unnt er til þess að bjarga heimilum drykkjumanna og vernda fjölskyldur þeirra. Margar nefndir, einkum í kaupstöðum, hafa árlega veitt drykkjumönnum mikilsverða hjálp í vandamálum þeirra. En nefndirnar eru yfirleitt fjárvana og skortir vald, svo að starf þeirra hlýtur einkum að vera fólgið í viðtölum, ráðleggingum, uppörvun og hvatningu. Reynslan sýnir, að þetta starf kemur oft að góðu gagni.

A.A.-samtökin.

I. Ágrip af starfsemi A.A.-samtakanna á Hverfisgötu 116.

Árið 1965 ráku A.A.-samtökin félagsheimili að Hverfisgötu 116, Reykjavík. Þar voru meðal annars haldnir 157 A.A.-fundir og á þeim mættu 2948 félagar. Ekki liggja fyrir tölur um árangur þessarar starfsemi, en óhætt er að fullyrða að allverulegur hópur þessa fólks hefur náð þeim bata, að áfengi er því nú ekkert vandamál lengur. Stærsti hópurinn getur nú auðveldlega séð sér og sínum farborða, og haldið atvinnu sinni, með sóma, þó e. t. v. enn gefi öðru hvoru á bátinn. Svo eru þó nokkrir, sem komið hafa mjög sjaldan á fundi, e. t. v. einu sinni eða tvisvar og hafa ekki borið gæfu til að vera tilbúnir að hefja raunhæfar tilraunir til að ná sér út úr öngþveitinu.

Upplýsingaþjónusta:

1. október 1965 tóku nokkrir A.A.-menn að sér að vera til viðtals og svara í síma 1 klst. á dag, kl. 18.00 til 19.00. Alls konar fyrirspurnum var svarað og ýmsir komu til viðtals á skrifstofuna á þessum tíma, einnig fóru félagar til viðtals í heimahús.

Mánudagsdeild A.A.-samtakanna hélt 52 fundi á árinu, meðal fundarsókn var 8 manns, nýir félagar voru 4 og 13 gestir sóttu fundi deildarinnar. Virkir félagar eru 13, samtals mættu á fundunum 416 manns.

Reykjavíkurdeild A.A.-samtakanna hélt 52 fundi á árinu. Meðal fundarsókn var 12 manns, nýir félagar voru 19 og 17 gestir sóttu fundi deildarinnar. Virkir félagar eru 43. Alls sóttu fundi á árinu 630 manns.

II. deild A.A.-samtakanna hélt 53 fundi á árinu. Meðal fundarsókn var 36 manns, nýir félagar voru 94 og 12 gestir sóttu fundi deildarinnar. Virkir félagar eru 232. Alls sóttu fundi á árinu 1908 manns.

Nokkrir félagar tóku að sér að sjá um félagsvist á sunnudagskvöldum. Spilað var 12 kvöld og var aðsókn þó nokkur.

Ungtemplarafélaginu HRÖNN var veitt húsaskjól og hélt það samtals 48 tómstunda- og skemmtikvöld og fundi í félagsheimilinu.

Geta má þess í sambandi við þetta ágrip, að 5 menn í Vestmannaeyjum stofnuðu A.A.-deild þar á staðnum, nú á árinu með aðstoð varaformanns Framkvæmdanefndarinnar, og hefur sú deild haldið 24 fundi á árinu.

Húsnæðið að Hverfisgötu 116 hefur verið notað þannig:

Mánudaga: Mánudagsdeild.
Þriðjudaga: Ungtemplarafélagið Hrönn.
Miðvikudaga: Reykjavíkurdeild.
Fimmtudaga: Fundir framkvæmdanefndar o. fl.
Föstudaga: II. deild A.A.-samtakanna.
Laugardaga (oftast engin starfsemi).
Sunnudaga: Félagsvist.

Alla virka daga upplýsingaþjónusta kl. 18.00 til 19.00.

(Frá A.A.-samtökunum).

II. Vistheimilið í Viðinesi. 1965.

Starfsemi hælisins fór fram með sama hætti og undanfarin ár. Vistheimilið hefur rúm fyrir 15 vistmenn og var full skipað í þau hvern dag ársins. Þar var tekið á móti 44 sjúklingum og voru dvalardagar þeirra 5611.

Dvalartími vistmanna hefur verið sem hér segir:

1 vika	1 vistm.	17 vikur	2 vistm.
2 vikur	1 —	19 —	2 —
3 —	2 —	20 —	1 —
4 —	1 —	21 —	2 —
7 —	2 —	22 —	1 —
8 —	2 —	25 —	1 —
9 —	1 —	26 —	4 —
10 —	1 —	30 —	1 —
11 —	4 —	32 —	3 —
12 —	4 —	39 —	1 —
13 —	2 —	50 —	1 —
14 —	2 —	52 —	1 —
15 —	1 —		
		Samtals	44 vistmenn.

Aldur vistmanna var þessi:

20—25 ára	2 vistmenn	51—55 ára	4 vistmenn
26—30 —	2 —	56—60 —	2 —
31—35 —	2 —	61—65 —	5 —
36—40 —	6 —	66—70 —	2 —
41—45 —	6 —	71—75 —	3 —
46—50 —	9 —	76—80 —	1 vistmaður
		Samtals	44 vistmenn.

Vistmenn hafa talið sig til eftirfarandi atvinnustétta:

Sjómenn	11
Verkamenn	11
Iðnaðarmenn	11
Verzlunarmenn	5
Bifreiðarstjóri	1
Öryrkjar	3
Aðrar stéttir	2

Af þeim 44 vistmönnum, sem í Víðines komu á árinu, voru menn m. a. frá eftirtöldum stöðum utan Reykjavíkur: Akureyri, Akranesi, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík, Garðahreppi, Rangárvallasýslu og Árnessýslu.

Meðal dvalartími vistmanna: 127,5 dagur. Nýting 100% +.

Við athugun á heimilisfangi, sem vistmenn hafa gefið upp við komu sína á vistheimilið, kemur í ljós, að ýmsir þeirra hafa fengið leyfi, eða á annan hátt látið skrásetja sig á heimilum, sem eru í raun og veru ekki samastaður þeirra, og eru því, af þeim ástæðum, heimilislausir. Þetta ástand nær til 17 vistmanna af þeim 44, sem á vistheimilinu dvöldu á árinu 1965.

(Frá A.A.-samtökunum).

Samband bindindisfélaga í skólum.

S.B.S. var stofnað í Reykjavík 16. marz 1932. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Pálmi Hannesson, þáverandi rektor Menntaskólans í Reykjavík. Áður

en S.B.S. var stofnað voru til í skólum Reykjavíkur og nágrennis bindindisfélög, er störfuðu eingöngu innan hvers skóla og höfðu ekkert samstarf sín í milli. Það var Menntaskólinn í Reykjavík, sem fékk hugmyndina um stofnun S.B.S. og kom henni í verk. Fyrsta þingið var svo haldið í nóv. 1932. Sambandið hafði því hlutverki að gegna að ná saman undir sitt merki öllum bindindismönnum, sem í skólum voru og hvetja aðra til að vera bindindissamir.

Nú bregður svo við, að öll gögn S.B.S. til ársins 1958 finnast ekki í þeim gögnum, sem sambandið hefur undir höndum. Vitum við í stjórn sambandsins ekki, hvar þau gögn eru niður komin. Hins vegar erum við að reyna að ná saman gögnum, sem eru í eigu einstakra manna. Við eigum formannatal frá upphafi. Við gerum ekki ráð fyrir, að þessari söfnun ljúki fyrr en á sumri komanda (1966), þannig að ekki er hægt að rekja sögu S.B.S. eins og er.

Þegar litið er á lög sambandsins kemur í ljós, hvert markmið þess er. Það er að reyna að hafa áhrif á skólaæskuna og hvetja hana til að vera bindindissöm. Þessu markmiði á að ná með því að gefa út blaðið „Hvöt“, sem hefur komið út í 24 árgöngum, síðast 1963. Á þessu tímabili hefur einnig verið gefið út blaðið „Skólablaðið“ í tveim eða þrem árgöngum, öllum fyrir árið 1958. Enn fremur hefur S.B.S. gefið út smárit um áfengi og tóbak. Nú sem stendur er einn slíkur bæklingur í prentun. Öllum þessum blöðum og ritum hefur verið dreift í skólum.

S.B.S. stóð fyrir íþróttamótum milli skóla um áraröð. Íþróttasamtökin tóku mótin af S.B.S. og lognaðist þessi starfsemi út af að mestu leyti.

Stefna síðustu stjórnar og þessarar eru mjög svipaðar. Þegar síðasta stjórn tók við, reyndi hún að breyta starfsemi sambandsins til hins betra. Í stað þess að gefa út Hvöt er nú lögð áherzla á að gefa út smárit, sem eru fyrst og fremst til fræðslu. Nú hefur S.B.S. tekið upp mjög aukna samvinnu við Áfengisvarnaráð ríkisins og getur sambandið útvegað skólum kvikmyndir og rit þau, er Áfengisvarnaráð gefur út.

S.B.S. hefur gert 1. febrúar að baráttudegi sínum. Þann dag sendir það menn út af örkinni til að halda fyrirlestra í þeim skólum, sem það nær til. Urðu skólarnir 12 á þessu ári. Auk þessa hefur S.B.S. fengið dagskrá í Ríkisútvarpinu að kvöldi hins 1. febrúar.

S.B.S. er aðili að Æskulýðssambandi Íslands og Landssambandinu gegn áfengisbölinu og reynir að taka þátt í þeirra starfsemi eftir því, sem tími og geta leyfir.

Aðalbaráttumál síðustu stjórna hefur verið það, að fá skipaðan námsstjóra um bindindisfræðslu. Stjórn S.B.S. heldur því fram, að fræðsla í skólum um bindindismál sé mjög ófullkomin og vanrækt að miklu leyti. Markmiðið með að fá námsstjóra er, að hann sjái um að gildandi lögum um fræðslu sé framfylgt. Enn fremur kemur það í hans verkahring að skipuleggja fræðsluna. Leggur S.B.S. áherzlu á, að fræðsla sé mikilvirkasta meðalið gegn áfengisnautn og auðveldast er að ná til æskufólksins, þegar það er í skóla. Önnur mál eru þau, að fá tóbaksauglýsingar bannaðar hið fyrsta og refsingu fyrir ölvun við akstur verði þyngd verulega.

Þess skal og getið að í S.B.S. eru 11 skólar.

(Frá S.B.S.)

5. kafli.
ÁSTAND Í ÁFENGISMÁLUM HÉR Á LANDI

I. Áfengissala og neyzla á mann.

Til þess að gera sér grein fyrir ástandi áfengismálanna verður fyrst fyrir að athuga skýrslur um áfengissölu í landinu og það, hversu neyzlan sé mikil á mann. Um þetta hafa nefndinni borizt upplýsingar frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, sem hefur einkasölu á áfengi í landinu samkvæmt lögum. Um fjölda

vínveitingahúsa og vínstúkna er fyrst og fremst stuðzt við upplýsingar eftirlitsmanna með vínveitingastöðum.

Þegar skýrsla þessi er samin rekur Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins 3 áfengisútsölur í Reykjavík og 4 í kaupstöðum utan Reykjavíkur, þ. e. á Akureyri, Siglufirði, Seyðisfirði og Ísafirði. Vínveitingahús, sem hafa almenn vínveitingaleyfi, eru aðeins rekin í Reykjavík og á Akureyri. Alls hafa 11 veitingahús í Reykjavík vínveitingastarfsemi með samtals 21 vínstúku. Eru veitingahús þessi mjög mismunandi að stærð, og er hið sama að segja um vínstúkurnar. Stærstu vínstúkurnar rúma nokkuð á annað hundrað manns í sæti. Alls er í veitingahúsum þessum, í sölum og vínstúkum, rúm fyrir nær 3600 gesti. Á Akureyri hafa tvö veitingahús vínveitingaleyfi, og eru bæði búin vínstúkum.

Samkvæmt upplýsingum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins hefur áfengisneyzla pr. mann verið sem hér segir á árabilinu 1935—1965:

1935	0,898 lítrar	1951	1.414 lítrar
1936	0,900 —	1952	1,345 —
1937	0,950 —	1953	1,470 —
1938	0,835 —	1954	1,574 —
1939	0,820 —	1955	1,466 —
1940	0,810 —	1956	1,296 —
1941	0,563 —	1957	1,689 —
1942	0,628 —	1958	1,785 —
1943	1,329 —	1959	1,904 —
1944	1,574 —	1960	1,713 —
1945	1,686 —	1961	1,616 —
1946	2,009 —	1962	1,825 —
1947	1,940 —	1963	1,936 —
1948	1,888 —	1964	1,970 —
1949	1,618 —	1965	2,070 —
1950	1,471 —		

Eins og tölur þessar sýna hefur áfengisneyzla þjóðarinnar vaxið mjög mikið síðan bannlögin voru að fullu afnumin 1935. Hins vegar benda þessar tölur ekki til mikillar áfengisneyzlu Íslendinga sé miðað við tölur úr öðrum löndum, og má að líkindum rekja það til þess, að hér er ekki leyfð sala áfengs öls.

Áfengisneyzla á Norðurlöndum hefur verið sem hér segir á árabilinu 1960—1964 að báðum meðtöldum:

	1960	1961	1962	1963	1964
Danmörk	4,00	4,33	4,31	4,51	4,99
Finnland	2,00	2,01	2,11	2,17	2,21
Noregur	2,43	2,64	2,61	2,70	2,65
Svíþjóð	3,70	3,94	4,04	4,01	4,27

Á tímabilinu 1935—1939 var árleg aukning áfengisneyzlunnar á mann hér á landi að meðaltali 0,881%, á tímabilinu 1940—1944 0,981%, 1945—1949 1,828%, 1950—1954 1,453%, 1955—1959 1,628% og 1960—1964 1,812%. Leiða má athygli að því, að áfengisneyzlan er langminnst árin 1941 og 1942, en þá var áfengisskömmtun í gildi.

II. Úr skýrslum áfengisvarnanefnda.

Í fórum Áfengisvarnaráðs eru fyrirliggjandi skýrslur áfengisvarnanefnda úr flestum sveitarfélögum landsins, um 8—10 ára skeið. Í skýrslum þessum er að finna margan fróðleik um ástand áfengismálanna í landinu og væri ástæða til að kanna skýrslur þessar betur, en gert hefur verið, og birta um það álit og niðurstöður. Hins vegar er ekkert áhlaupaverk að vinna slíkt svo að vel sé.

Áfengismálanefnd hefur kynnt sér allrækilega skýrslur áfengisvarnanefndanna fyrir *árið 1963*, en það voru yngstu skýrslurnar, sem nefndinni voru tiltækar, eins og á stóð. Skýrslur fyrir árið 1964 eru nú einnig fyrir hendi.

Samkvæmt þessum skýrslum (1963) er áfengisástandið í landinu nokkuð mismunandi eftir byggðarlögum, en einkum eftir því, hvort um er að ræða sveitir eða kaupstaði og þorp. Í sveitum virðist samkvæmt þessu almennt ekki um verulegt „áfengisvandamál" að ræða. Í 172 hreppum er almenna ástandinu lýst þannig, að það sé „ágætt", „gott" eða „sæmilegt". Í aðeins 4 hreppum er talað um, að „slæmt" almennt ástand sé í áfengismálum.

Sveitir.

Áfengisnotkun í sveitum virðist aðallega bundin við viss tækifæri, t. d. réttir og samkomur ýmsar, m. a. afmæli. Í 48 hreppum er talað um, að ástand á samkomum sé slæmt eða misgott vegna drykkjuskapar og er aðkomufólki oft um kennt, en gjarnan fram tekið, að innansveitarsamkomur fari vel fram. Í yfirgnæfandi meiri hluta hreppanna er talað um, að allar samkomur fari vel fram og að drykkjuskaparástand sé gott eða ágætt á samkomunum, þ. e. lítil eða engin vínneyzla.

Sem svör við þeirri spurningu, hvernig áfengismálaástandið sé miðað við fyrri ár, er yfirleitt talað um óbreytt eða svipað ástand. Í aðeins 4 hreppum er talað um verra ástand, en í 29 hreppum er ástandið talið betra. Er þá oft tekið fram, að þakka megi það *aukinni og bættri löggæzlu*. Er ástæða til að gefa þessu atriði sérstakan gaum. Grunur eða vissa um leynivínsölu er í 9 hreppum, brugg er talið í 7 hreppum og grunur um smygl úr skipum í 3 sjávarhreppum.

Kauptún og þorp.

Í 36 kauptúnum og þorpum er almennu ástandi í áfengismálum lýst svo, að í 26 er það talið „gott" eða „sæmilegt", í 5 „ekki gott" eða „misgott", í 1 „vont", en úr 4 eru svör óljós eða engin. Ástandi í áfengismálum á samkomum er lýst þannig, að í 15 er það talið „gott" eða „sæmilegt", í 17 „ekki gott" eða „misgott", í 1 „vont", en úr 3 er ekki upplýsingar að fá.

Ástandinu miðað við fyrri ár er lýst þannig, að í 9 er það talið „betra", í 18 er það talið „svipað" eða „óvíst um samanburð", í 6 „verra" og úr 3 eru ekki upplýsingar um þetta atriði.

Á 8 stöðum er talað um, að víst sé um áfengissmygl og auk þess grunur á 4, þó ekki sé það sannað. Leynivínsala er talin á 4 stöðum og grunur um leynivínsölu á 5 stöðum. Talið er bruggað á 2 stöðum, og grunur er um brugg á 1 stað að auki. Á nokkrum stöðum er þess getið, að drykkjuskapur ungmenna fari í vöxt, t. d. á samkomum, en á öðrum stöðum er talað um minni drykkjuskap ungmenna. Eins og fyrr er getið í sambandi við sveitahreppana, má ráða, að ástand í áfengismálum á samkomum fari mjög eftir löggæzlu. *Eins og síðar verður nánar að vikið, er drykkjuskapur mikill í verstöðvum, og þarfnast það mál sérstakrar athugunar og úrbóta.* Hvað smygl snertir, verður aldrei nógsamlega brýnt fyrir tollgæzlumönnum, að hafa vakandi eftirlit með skipakomum frá útlöndum.

Kaupstaðir.

Um er að ræða 13 staði. Almennu ástandi í áfengismálum er þannig lýst, að á 5 er ástandið talið „gott" eða „sæmilegt", á 5 stöðum er það talið „ekki gott" eða „misgott", á 1 „vont", en upplýsingar eru ekki fyrir hendi úr 2.

Ástandi í áfengismálum á samkomum er lýst svo, að á 2 er það talið „gott" eða „sæmilegt", á 7 stöðum „ekki gott" eða „misgott", en upplýsingar vantar úr 4.

Ástandinu miðað við fyrri ár er lýst þannig, að í 6 kaupstöðum er það talið „betra", í 5 „svipað" eða „óvíst um samanburð", í 1 „verra". Upplýsingar vantar um þetta atriði úr 1 kaupstað.

Víst er áfengissmygl talið í 2 kaupstöðum og grunur er um smygl í 4. Leynivínsala er talin vís í 6 og grunur í 1. Grunur er um eitthvert brugg í 3 kaupstöðum, en ekki talið fullvíst. Í tveimur kaupstöðum er talið og fram tekið, að drykkjuskapur ungmenna fari í vöxt. Á Seyðisfirði er talað um slæmt ástand í áfengismálum á síldartíma, og ber það allt að sama brunni.

III. Áfengi og vinnustaðir.

Áfengismálanefnd ritaði nokkrum aðiljum, sem öðrum fremur eru málum kunnugir, bréf og fór þess á leit, að þeir segðu álit sitt á því, hvort þeir teldu drykkjuskap eiga sér stað á vinnustöðum, og þá að hvaða marki og hvort ástandið sé verra eða betra en áður, og hvort brögð séu að því, að drykkjuskapur valdi tjóni eða torveldi störf. Þar eð ýmsir þeir aðilar, sem til var leitað og svör veittu, hafa óskað eftir að farið yrði með álitsgerðir þeirra sem trúnaðarmál, getur nefndin ekki skýrt frá nöfnum viðkomandi aðilja, en telur sér hins vegar heimilt að draga saman og birta helztu niðurstöður og upplýsingar, sem nefndin aflaði sér með þessum hætti. Tekið skal fram, að nefndin leitaði einungis til bærra og trúverðugra vitna, bæði úr hópi launþega og vinnuveitenda.

Samkvæmt þessum upplýsingum virðist drykkjuskapur ófaglærðra verkamanna naumast eiga sér stað í Reykjavík og um tvær tilteknar iðngreinir í borginni er þess getið af kunnugum mönnum, að „minna“ sé um áfengisneyzlu á vinnustöðum þeirra, en áður var, en þó ekki með öllu af lagt. „Til eru menn, sem byrja helgardrykkju, áður en vinnuviku er lokið“. Óhætt virðist að fullyrða, að drykkjuskapur sé ekki vandamál í verksmiðjuiðnaðinum. Hið sama er að segja um vegavinnu og brúarsmíði, þar er „drykkjuskapur alveg óþekktur í vinnutíma og alls ekkert vandamál“.

Ýmsar upplýsingar bárust nefndinni um ástandið á fiskveiðiflotanum. Skulu þær nú raktar í úrdrætti.

Umsögn A: „Það eru oft vandkvæði vegna ölvunar, þegar togarar eru að fara úr höfn, enda verður þá oft vegna manneklu að smala meira eða minna forföllnum drykkjumönnum á skipsfjöl. Betra er ástandið á bátunum. Á betri bátum, — þ. e. aflaskipum — er lítill drykkjuskapur. Menn vilja ekki eiga á hættu að missa slík skiprúm. Ástandið er miklu verra á þeim bátum, sem lítið fiska. Því miður kemur fyrir, að bátar verða að liggja vegna drykkjuskapar eins eða tveggja manna, og veldur slíkt allri skipshöfninni tjóni. Hafa drykkjumennirnir þannig oft verulegt fé af félögum sínum.“ Þrátt fyrir þetta telur A ástandið yfirleitt heldur betra en áður var.

Umsögn B: „Ástand þessara mála er hvergi nærri gott, en það er samt að mínu áliti miklu betra en það var fyrir nokkrum árum. Á togurum hefur það jafnan brunnið við, að nokkrir menn kæmu drukknir um borð, — og svo er enn. En áður varð oft að bíða með að láta úr höfn vegna almennrar drykkju. Nú tel ég það til undantekninga, ef ekki er hægt að halda strax úr höfn og byrja strax veiðar. Á vélbátaflotanum — einkum stærri og betri aflaskipum — tel ég drykkjuskap ekki valda miklum töfum eða tjóni. Þó er hér nokkur sérstaða um síldveiðarnar, einkum á hinum stærri höfnum, eins og t. d. á Seyðisfirði. Þar skapaðist í fyrra og hitteðfyrra hálfgert vandræðaástand. Allt gekk vel, ef löndun gat byrjað strax. En ef bið varð á, var sjómönnum gerð fyrirsát af sprúttsölum, og þá fór oft svo, að menn voru ölvaðir við að losa skip sín. Hér við bættist svo, að á Seyðisfirði áttu sjómenn engan samastað.“

Umsögn C: „Sprúttsölubílar koma í hópum yfir Fjarðarheiði (til Seyðisfjarðar) á sumrin og sitja um sjómenn og verkafólk. Uppgripatekjur sumra sjómanna og verkamanna lenda að mestu hjá þessum „hýenum“. Drykkja að-

komuverkamanna truflar mjög eðlilegan gang vinnu frá föstudögum til mánudags".

Umsögn D: „Varðandi drykkjuskap sjómanna á bátaflotanum viljum vér benda á, að drykkjuskapur mun ekki valda tjóni eða torvelda störf svo að teljandi sé, þegar róið er frá heimahöfn. Undantekning er þó með sjómenn á minni bátum, þar sem notazt hefur þurft við miður reglusama menn, sem of oft vantar til skips, þegar halda skal í róður eða þeir mæta undir áhrifum áfengis. Það mun vera mjög fátítt, að vín sé haft um hönd eftir að bátur hefur haldið í sjóferð, enda stranglega fyrir það tekið af skipstjórnarmönnum. Hins vegar viljum vér taka það fram, að drykkjuskapur í höfnum norðanlands og austan á sumarsíldveiðum er mikill og oft úr hófi. Teljum vér, að drykkjuskapur í landlegum eigi að verulegu leyti rætur að rekja til leynivínsala, sem sitja um sjómenn til þess að selja þeim áfengi."

IV. Áfengið og verstöðvarnar.

Í framhaldi af því, sem sagt hefur verið í undanfarandi kafla um drykkjuskap á vinnustöðum og einkum því, sem fram er komið um drykkjuskap á fiskveiðiflotanum og í síldarhöfnum, vill áfengismálanefnd vísa til bréfa bæjarfógetanna á Siglufirði og í Vestmannaeyjum, sbr. Viðbæti — Fylgiskjöl.

Umsagnir bæjarfógetanna eru skýr dæmi um það vandamál, sem áfengið skapar í stórum verstöðvum og fiskihöfnum, þar sem hundruð eða þúsundir aðkomuverkamanna og sjómanna eiga lengri eða skemmri dvöl.

Áfengismálanefnd telur, að taka verði þessi mál til sérstakrar meðferðar framar flestu öðru, sem snertir áfengismálin í landinu. Drykkjuskaparófögnuðurinn í ýmsum útgerðarstöðvum er landplága og smánarblettur á íslenzku þjóðlífi. Nefndin vill þó benda á, að hér er engan veginn um nýtt og áður óþekkt vandamál að ræða, og því fer fjarri að það sé auðleyst, þar sem aðstæður í slíkum samfélögum, sem hér eiga í hlut, eru ærið óvenjulegar og ósambærilegar við það, sem almennt gerist. En einmitt af þeirri sök verður að leita sérstakra úrræða til þess að koma á viðunandi ástandi og bæjarbrag, þannig að ýmsum hagsmunum einstaklinga og þjóðfélagsins í heild sé ekki stefnt í voða vegna drykkjuskaparóreglu, uppivöðslusemi, ryskinga, hávaða, vinnusvika og vinnutaps.

Áfengismálanefnd bendir á, að æskilegt væri að mynda víðtæka samstöðu þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, um aðgerðir til úrbóta, s. s. lögreglu- og bæjaryfirvalda, ríkisins, samtaka verkamanna, sjómanna og vinnuveitenda auk bindindishreyfingarinnar og fleiri samtaka, sem vildu láta þetta mál til sín taka. Auknum beinum aðgerðum af hálfu lögreglu og ríkisvalds og umbótum í aðbúnaði verkafólks og sjómanna þarf að fylgja öflug hreyfing meðal almennings, sem fordæmir augljósa ómenningu, hvar og hvernig sem hún birtist.

V. Hjónaskilnaðir, hjúskaparvandamál og heimilisböl af völdum áfengis.

Almennt mun sú skoðun viðurkennd, að áfengið hafi í för með sér meiri eða minni hjúskaparvandamál, fjölskylduerfiðleika og heimilisböl af ýmsu tagi, og telur áfengismálanefnd, að um þetta þurfi sízt að efast. Um það eru dæmin deginum ljósari.

Því miður hefur nefndin ekki haft tök á að rannsaka þetta mál til neinnar hlítar, og fer því fjarri, að hún geti nokkuð fullyrt um það svo að óyggjandi sé, hversu umfangsmikið vandamál þetta sé í raun og veru, enda skiptir það ekki öllu, heldur hitt, að menn gera sér ljóst, að hér er um alvarlegt vandamál að ræða.

Áfengismálanefnd ræddi þessi mál við barnaverndarráð og barnaverndarnefnd Reykjavíkur, ýmsa presta, lögregluyfirvöld, forystumenn bindindis- og æskulýðsfélaga og ráðfærði sig að nokkru við sálfræðideild skólanna í Reykjavík og geðverndardeild barna hjá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur.

Óhætt er að fullyrða, að engin samræmd heildarathugun liggur fyrir varðandi áhrif áfengis á heimilislíf og sálarlíf barna og unglinga, sem alast upp við drykkjuskap foreldra eða forráðamanna og annarra vandamanna.

Nefndin ritaði samtals 20 prestum í Reykjavík og úti um land, bæði til sjávar og sveita, bréf og spurðist fyrir um álit þeirra á *orsökum hjónaskilnaða*, en stöðu sinnar vegna eru prestar kunnugri þeim málum en allir aðrir. Svör bárust frá 6 prestum og skulu þau rakin hér í úrdrætti:

Sr. A: Mér þykir láta nærri, að 90—95% hjónaskilnaða megi rekja til áfengisáhrifa á annað hvort hjóna eða bæði. Framhjáhald og kynvilla, ósamræmi og ósamkomulag eru að sjálfsögðu orsakir, en þær má oft laga, ef ekki er um áfengisnautn að ræða.

Sr. B: Drykkjuskapur annars aðila eða beggja hefur verið aðalorsök í 40% tilfella, geðveiklun annars aðila og drykkjuskapur hins um 20% og aðrar orsakir 40%. Erfitt er oft að gera sér grein fyrir, hvort drykkjuskapur er frumorsök sambúðarerfiðleika eða afleiðing þeirra. Er álit mitt, að skapgerðarveilur, kynferðislegt misræmi, siðferðilegt alvöruleysi, lauslætishneigð o. fl. séu aðalorsök erfiðleikanna í fleiri tilfellum, en drykkjuskapur afleiðing þessara vandkvæða. Augljóst er, að drykkjuskapur veldur stórauknum erfiðleikum í sambúðinni og verður því að skoðast hið alvarlegasta vandamál, ekki síst með tilliti til uppeldis barna.

Sr. C: Tel ofnautn áfengis tvímælalaust tíðustu orsök lausungar og hjónaskilnaða og heimilisböls.

Sr. D: Drykkjuskapur er orsök hjónaskilnaða í 4 tilfellum af 5. Víst er, að mikill meiri hluti þeirra heimila, sem leysast upp, á ólán sitt upp á vínnautn. Kynni mín af heimilum og einstaklingum í sambandi við fermingarundirbúning hafa fært mér heim sanninn um, að þeim börnum fer fjölgandi, sem stafar hætta af áfengisnautn foreldra sinna. Fjöldi einstaklinga, einkum kvenna og barna, bíður stórtjón á heilsu sinni vegna áfengisnautnar ástvina, jafnvel þótt ekki leiði til algerrar upplausnar heimilanna.

Sr. E: Orsök langflestra hjónaskilnaðarmála, sem ég hef haft með að gera, er ofnautn áfengis heimilisföðurins. Drykkjuskapur konunnar hefur mjög sjaldan verið orsök hjónaskilnaðanna.

Sr. F: Tel að fjórða hvert hjónaband, sem fer út um þúfur, sé af áfengisorsökum. Þó hef ég ekki um það neina skrá. Átök og sundurlyndi hjóna á sér víða stað, og þegar ofnautn áfengis þar að auki kemur til greina, þá verður hjónunum ofvaxið að leysa vandann.

Samkvæmt upplýsingum frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur hafði barnaverndarnefnd árið 1964 afskipti af 117 heimilum vegna aðbúnaðar alls 350 barna. Tilefni þessara afskipta voru margs konar: Veikindi, húsnæðisleysi, fávitaháttur, ósamkomulag, lauslæti og hirðuleysi af ýmsu tagi.

Af þessum *117 heimilum* eru *35* ofurseld drykkjuskap forráðamanna barna og *2* deyfilyfjanotkun.

Barnaverndarnefndin hafði afskipti af 271 broti 203 barna á aldrinum 7—16 ára. Af þessu 271 broti eru *22* flokkuð undir *ölvun*. Ölvunarbrotin skiptast þannig:

13 ára börn 3 (þar af 2 stúlkur)
14 ára börn 8 (þar af 2 stúlkur)
15 ára börn 8 (þar af 3 stúlkur)
16 ára börn 3 (þar af 1 stúlka).

Árið 1963 hafði barnaverndarnefnd Reykjavíkur afskipti af 425 brotum 305 barna á aldrinum 7—16 ára. Af þessum *425* brotum eru *24* flokkuð undir ölvun og skiptast þannig:

14 ára börn 4 (þar af 3 stúlkur)
15 ára börn 7 (þar af 2 stúlkur)
16 ára börn 13 (þar af 4 stúlkur).

Þessar upplýsingar sýna, að a. m. k. nokkur hópur barna í Reykjavík byrjar að drekka um og innan við fermingu. Því miður skortir með öllu grundvallarrannsóknir á tíðni drykkjuskapar meðal barna og ungmenna hér á landi, og áfengismálanefnd hafði ekki tök á að þessu sinni, að láta framkvæma slíkar rannsóknir. Hins vegar vill nefndin benda á það og vísa til þess, sem áður er fram komið í skýrslu þessari, að á undanförnum árum hafa farið fram samræmdar rannsóknir í 4 höfuðborgum Norðurlanda á drykkjuvenjum ungmenna að frumkvæði „Norrænu áfengisrannsóknarnefndarinnar", sem sett var á laggirnar á vegum Norðurlandaráðs árið 1959. Öll Norðurlöndin nema Ísland hafa tekið þátt í umræddri nefnd og rannsóknir þessar hafa farið fram í öllum höfuðborgum Norðurlanda nema Reykjavík. Úr þessu þarf að bæta með því, að Íslendingar gerist aðilar að norrænu áfengismálanefndinni og fylgist með í áfengismálarannsóknum með líkum hætti og gerist annars staðar á Norðurlöndum.

Eins og áður greinir, hafði áfengismálanefnd samband við Geðverndardeild barna í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og Sálfræðideild skóla í Reykjavík og leitaði álits þessara stofnana um það m. a., hvort samband væri á milli ofdrykkju foreldra og geðrænna erfiðleika barna.

Í bréfi Sálfræðideildar skóla er bent á, að með sérstakri vinnu mætti komast að því, hversu víðtækt slíkt vandamál sé, en án nánari athugunar á heimildum mætti þó segja, að ofdrykkja foreldra eða uppalenda sé í nokkrum tilfellum bein orsök, eða aðalástæða geðrænna erfiðleika hjá börnum, en þó hjá minnihluta þeirra, er leita til stofnunarinnar. Eins geti ofdrykkja oft aukið þessi vandkvæði og gert lækningu torveldari án þess að vera aðalorsök. Enn fremur segir: „Ofdrykkja foreldra er ein tíðasta orsök lélegrar skólasóknar barna. Hún veldur því aftur, að los kemst á nám barnsins og árangur þess verður lakari, en hæfileikarnir gætu leyft. Þetta veldur svo aftur alls konar félagslegum erfiðleikum og geðrænum truflunum hjá barninu, ekki sízt sæmilega gefnum börnum, sem skilja, að árangursleysi í námi er óeðlilegt og líða fyrir það. Þess má geta, að um helmingur þeirra barna, sem talin eru þurfa vist á heimavistarskóla, þarfnast þess vegna óreglu foreldra eða forráðamanna".

Sigurjón Björnsson sálfræðingur, forstöðumaður Geðverndardeildar barna, tekur fram í bréfi til áfengismálanefndar, að vafasamt sé, hvort nefndin geti haft mikið gagn af þeim efniviði, sem felist í heimildarplöggum stofnunarinnar, og hætt við, að þær upplýsingar, sem vinna mætti úr þeim, gæfu mjög ófullkomna mynd af áfengisvandamálinu.

Telur forstöðumaðurinn, að til hans leiti foreldrar, sem séu í hópi traustara og reglusamara fólks, enda komi það af sjálfsdáðum til þess að leita aðstoðar við börnin. Hins vegar telur forstöðumaðurinn það mjög gagnlegt að kanna í sameiningu gögn Geðverndardeildar barna, Sálfræðideildar skóla og barnaverndarnefndar, og gæti slík könnun svarað þeirri spurningu, hversu mikið ber á áfengisvandamálinu í fjölskyldum þeirra barna, sem eiga við sálræn vandamál að stríða. Hún myndi þó ekki svara því, hversu áfengisvandamálið er þýðingarmikill orsakavaldur að slíkum vandamálum. Til þess að komast nær því, þyrfti einnig að gera könnun á úrtaki úr fjölskyldum í Reykjavík almennt.

Enn fremur segir svo orðrétt í bréfi Sigurjóns Björnssonar:

„Þess vil ég geta að lokum, að um þessar mundir fer fram á vegum undirritaðs víðtæk könnun á geðheilbrigði barna í Reykjavík á aldrinum 5—15 ára. Þessi könnun á m. a. að geta svarað þeirri spurningu, hversu óregla foreldra er almenn og hve mikil áhrif hún hefur á geðheilbrigði barna miðað við aðra þætti. Gagnasöfnun í þessari rannsókn verður lokið um áramótin 1966—1967, en búast má við, að úrvinnsla gagna taki a. m. k. tvö ár".

VI. Áfengisvandamál í skólum.

Nefndinni hafa borizt umsagnir allmargra skólastjóra um áfengisneyzlu skólanemenda í gagnfræðaskólum, menntaskólum og fleiri framhaldsskólum. Fylgja bréf skólastjóranna með skýrslu þessari og vísast til þeirra. Eftirtektarvert er, að skólastjórarnir gera almennt ekki mikið úr áfengisneyzlu nemenda og telja ástandið sízt verra en áður á marga lund. Umsögn skólastjóra E-skóla sker sig úr. Þar hefur verið við verulegt áfengisvandamál að stríða undanfarið og beitt ströngum viðurlögum, m. a. brottvísun úr skóla, vegna drykkjuskaparóreglu nemenda. Í umsögn sinni rekur skólastjórinn ástæður fyrir þessu alvarlega ástandi til umhverfisins, sem hann kallar „mörgum sinnum erfiðara en áður". Drykkjutízka hafi færzt óhugnanlega í aukana og allt umhverfið bókstaflega fljótandi í áfengi.

„Síðan síldin lagðist að hér á Austurlandi virðist þetta ástand hafa stórlega versnað. Svo virðist sem unglingum sé *bókstaflega kennt að drekka á vinnustöðunum*".

Sem áður segir, vísast um frekari upplýsingar til bréfa skólastjóranna. Sjá fylgiskjöl.

VII. Ölvun og umferðarslys.

Áfengismálanefnd leitaði upplýsinga sakadómaraembættisins í Reykjavík um fjölda umferðarslysa í borginni síðastliðin 5 ár og hversu algengt sé, að ölvun sé orsök að slysum. Samkvæmt skýrslum embættisins kemur eftirfarandi í ljós:

Ár	Heildartala umferðarslysa	Ölvun slysaorsök	%
1961	1998	68	3.4
1962	2537	78	3.1
1963	2752	89	3.2
1964	2955	95	3.2
1965	3022	113	3.7

VIII. Drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra.

Áfengismálanefnd leitaði upplýsinga um drykkjusýki og meðferð og lækningu ofdrykkjumanna hjá yfirlækni dr. med. Tómasi Helgasyni prófessor, og hjá Áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur (Alfreð Gíslasyni lækni). Bárust nefndinni skýrslur beggja þessara aðilja og fylgja þær með nefndarskýrslu þessari sem fylgiskjöl.

Í greinargerð sinni til nefndarinnar bendir dr. Tómas Helgason m. a. á, að drykkjusýki sé geðsjúkdómur, sem verði að hlíta meðferð geðlækna og hafa þá náin tengsl við sjúkrahús. Meðal þess, sem hann telur vanta hér á landi, er svonefnd *móttökudeild, lokað drykkjumannahæli og kvennahæli*. Auk þess vanti fleira sérmenntað fólk til lækninga- og hjúkrunarstarfa á þessu sviði. Dr. Tómas Helgason bendir á, að bein talning ofdrykkjumanna og drykkjusjúklinga liggi ekki fyrir, en áætlar, að tala „eiginlegra drykkjusjúklinga" sé 1450 karlar og ca. 145 konur. „Ofdrykkjumenn" telur hann vera um 2300 talsins. Dr. Tómas telur, að jafnan sé erfitt að meta árangur af með-

ferð drykkjusjúkra og um það sé heldur lítið vitað hér á landi, en bendir á nauðsyn þess að framkvæma rannsókn á árangri lækningatilrauna. Þá bendir hann á, að gera þurfi rannsóknir á drykkjuháttum fólks, og minnir í því sambandi á slíkar rannsóknir á Norðurlöndum og samstarf Norðurlandaþjóða á því sviði (að undanteknum Íslendingum).

Í skýrslu Áfengisvarnadeildar Heilsuverndarstöðvarinnar greinir frá: a) starfsemi hennar almennt, b) fjölda sjúklinga, sem til hennar hafa leitað, og skiptingu þeirra eftir kyni, aldri, hjúskaparstétt og starfi, c) athugun á árangri læknismeðferðar.

Áfengisvarnadeildin tók til starfa 1953 og til hennar hafa leitað frá upphafi til ársloka 1964 1706 manns, 1582 karlar og 124 konur, eða um 8%.

„Helzt til lítið er vitað um árangur af starfi deildarinnar", segir í skýrslunni, en sjá má í daglegu starfi, að hann er í sumum tilfellum góður, öðrum enginn og allt þar á milli. Rækileg athugun á árangri mundi krefjast töluverðrar vinnu. Tvær litlar athuganir hafa verið gerðar á árangri læknismeðferðar og sýnir sú fyrri, að um 40% sjúklinga hafa hlotið bata að verulegu leyti, tæplega 20% lítilsháttar bata, en rúmlega 40% eru óbreyttir. Síðari athugunin leiðir í ljós í stuttu máli, að um helmingur sjúklinganna hafi fengið mikinn eða fullan bata, en hinn helmingurinn lítinn eða engan bata. Þá virðist koma fram, að *samvinnuvilji* hjá sjúklingum sé mikilvægt eða nauðsynlegt skilyrði þess, að góður árangur verði af læknismeðferð drykkjusjúkra.

Vísast að öðru leyti til skýrslnanna sjálfra. Sjá fylgiskjöl. Einnig vísast til l. nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, og hvetur nefndin til þess, að ríkt verði gengið eftir réttri framkvæmd þeirra og fyrirmælum laganna hlítt í hvívetna. M. a. minnir nefndin á skyldur lögreglu og dómara varðandi tilkynningar til vandamanna ungmenna, sem teknir eru höndum sakir ölvunar, og um tilkynningar til áfengisvarnaráðunauta og áfengisvarnanefnda, þegar um ítrekaðar handtökur fyrir ölvun er að ræða, sem og aðrar skyldur, er greinir í 1. gr. nefndra laga.

Þá minnir nefndin á ákvæði 17. gr. laganna, þar sem segir, að af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skuli greiða 7½ millj. króna ár hvert í sérstakan sjóð, er nefnist gæzluvistarsjóður. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laganna um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, og þá fyrst og fremst að auka og reisa sjúkrahús og hæli fyrir drykkjusjúklinga. Einnig er vert að minna á það ákvæði 17. gr., sem segir, að af tekjum gæzluvistarsjóðs skuli árlega verja a. m. k. 2% til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki. Með þessu ákvæði er tryggður nokkur fjárhagsgrundvöllur undir áfengismálarannsóknir á landinu, og hvetur nefndin til þess, að þær verði skipulagðar sem fyrst, m. a. með hliðsjón af aðgerðum Norðurlandaþjóða í þeim efnum, eftir því sem við á.

6. kafli.

UM ORSAKIR ÁFENGISVANDAMÁLSINS OG LEIÐIR TIL ÚRBÓTA

Í hugtakinu áfengisvandamál felst fyrst og fremst hvers kyns *ofneyzla* og *misnotkun* áfengra drykkja. Augljóst er, að áfengisneyzla á sér ýmsar orsakir, en erfiðara er að gera sér grein fyrir orsökum áfengisvandamálsins í þrengri merkingu, m. a. hvers vegna sumir verða ofdrykkjumenn en ekki aðrir, eða hvers vegna ýmsir verða alltaf óðir við vín en aðrir ekki, o. s. frv.

Alkunna er, að menn hafa áfengi um hönd af ýmsu tilefni og ástæðum og skulu eftirtalin atriði nefnd:

1. Áfengisneyzla er ævaforn siður hér sem annars staðar.
2. Hún er nátengd samkvæmislífi og samkomuhaldi, liður í skemmtanalífinu.

3. Menn drekka til að gera sér dagamun.
4. Menn drekka til þess að létta af sér daglegum áhyggjum og kvíða fyrir komandi degi. Menn drekka af gleði og af sorg.
5. Menn drekka til þess að brjóta af sér fjötra óframfærni og feimni, o. s. frv.

Áfengisneyzla á sér því jafnt rætur í siðum og venjum þjóðfélagsins sem sálarlífi einstaklingsins. Þótt ofmælt kunni að vera, að öll áfengisneyzla, hversu óveruleg sem hún er að magni og tíðni, leiði til vandræða, ætti engum að dyljast, að áfengisvandamál er fyrir hendi í ríkum mæli. Eins og fyrr er fram tekið, felst það fyrst og fremst í hvers konar *ofnotkun* og *misnotkun* áfengra drykkja, sem birtist í óteljandi myndum og á sér vafalaust margar orsakir, m. a. siðferðilegar og sálrænar og því meira eða minna einstaklingsbundnar. Ofdrykkja og drykkjusýki, eitt aðaláfengisvandamálið, eru *geðsjúkdómar* að áliti sérfræðinga og þarf að meðhöndla í samræmi við það. Misnotkun áfengis, þótt ekki sé um ofdrykkju eða drykkjusýki að ræða, nærist að miklu leyti á almenningsálitinu, tíðarandanum, t. d. spilltum samkvæmissiðum. Vissar aðstæður og umhverfi ýta ótvírætt undir ofneyzlu og misnotkun áfengra drykkja. Þarf áreiðanlega að gefa því sérstakan gaum.

Því miður er ekki fyrir hendi nein allsherjarlausn á áfengisvandamálinu, engin töfraformúla, sem leysi allt á svipstundu, enda verður að játast, að vísindi og mannleg reynsla ráða síður en svo yfir þeirri þekkingu — enn sem komið er —, sem leysi til fulls gátuna um orsakir áfengisvandamálsins. Hins vegar er engin ástæða til þess að örvænta um getu vísindanna til þess að sanna ýmsar orsakir áfengisvandamálsins og benda á fleiri leiðir til úrbóta en hingað til.

Á þessu stigi getur áfengismálanefnd því ekki bent á nema nokkur atriði almenns eðlis varðandi *orsakir* áfengisvandamálsins. Auk hinna geðrænu og einstaklingsbundnu orsaka er fyrst og fremst ástæða til þess að minna á samkomu- og samkvæmissiði hér á landi.

Áfengismálanefnd virðist einsýnt, að Íslendingum sé gjarnt til vinnautnar á samkomum og í samkvæmum. Virðist það næstum sjálfsagður hlutur hjá fjölda manna að finna vel á sér áfengisáhrif, ef þeir fara út að skemmta sér, og er þá beitt ýmsum ráðum. Fjöldinn allur af samkomuhúsum hefur ekki vínveitingaleyfi og engin skilyrði til að hljóta þau að óbreyttum lögum. Svo er m. a. um félagsheimilin, sem risið hafa upp í landinu undanfarin 12—15 ár. Engin launung er það og kemur víða fram, að áfengisneyzla á sér meira og minna stað í félagsheimilum, svo og öðrum „vínlausum" dans- og samkomustöðum. Sem betur fer sýnir reynslan, að strangt lögreglueftirlit hefur mjög mikil áhrif í þá átt að stemma stigu fyrir ólöglegri áfengisneyzlu á samkomum, en tilhneiging til lögbrota á þessu sviði er ótrúlega rík og gætir hjá mönnum, sem annars mega ekki vamm sitt vita og eru mjög fjarri því að vera ofdrykkjumenn.

Áfengisneyzla í samkvæmum einkaaðilja og hins opinbera er áreiðanlega mjög algeng hér á landi og oft drukkið lengi og fast, þótt ekki dragi til stórtíðinda að jafnaði, og getur þó út af því brugðið. Í „cocktail"-veizlum má glöggt greina þess merki, að hluti gestanna beinlínis „notar tækifærið" til þess að finna vel á sér og drekkur þá meira en kurteisi býður og situr lengur en siðareglur slíkra samkvæma gera ráð fyrir, og þarf ekki ofdrykkjumenn til. Umgengni við vín, eða drykkjuhættir, virðast ekki hafa mikið aðhald af siðareglum og almenningsáliti hér á landi. Má með réttu flokka slíkt undir áfengisvandamál. Úrbætur í áfengismálum hljóta því að verulegu leyti að snúast um það að hafa áhrif á almenningsálitið, annað hvort með því að leitast við að gera menn með öllu fráhverfa áfengisneyzlu, eða með því að skapa andúð og fordæmingu á hvers kyns óhófsdrykkju og áberandi drykkjulátum. Að

öðrum kosti er vart um það að ræða, að áfengislöggjöfin nái þeim tilgangi sínum að vinna gegn misnotkun áfengis. Um það hljóta allir að verða sammála.

Eitt alvarlegasta vandamálið í sambandi við áfengið er vínneyzla ungmenna. Þó að engar viðurkenndar rannsóknir hafi farið fram hér á landi um það, hversu víðtækt og almennt það vandamál sé, þá væri það að stinga höfðinu í sandinn að viðurkenna ekki, að vandamálið er fyrir hendi, en hvort það sé meira eða minna en oft áður, skal ósagt látið. Eins skal ekkert um það fullyrt, hvort Íslendingar séu að þessu leyti verr á vegi staddir en gerist með öðrum þjóðum. Um orsakir drykkjuskapar ungmenna liggur heldur ekki fyrir óyggjandi vitneskja, sem allir verði sammála um eða láti sér nægja til skýringar á vandamálinu. Má ætla, að orsakanna sé að leita í umhverfinu, tíðaranda og almennum viðhorfum, auk persónubundinna ástæðna, brestum í sálarlífi og sljóu siðferðisskyni. Hvað má sín mest verður að kanna miklu betur og haga ráðstöfunum í áfengisvörnum í samræmi við það.

Úrræði í áfengismálum.

Þó að erfitt sé að benda á hina „einu orsök" áfengisvandamálsins, og þar af leiðandi örðugt að gera sér grein fyrir fullkominni lausn þess, þá vill áfengismálanefnd benda á nokkur atriði sem mikilvæg úrræði í áfengismálum.

Ábendingar nefndarinnar í því efni eru þessar:

1. Efna þarf til víðtækra vísindalegra áfengismálarannsókna hér á landi, bæði félagslegra og læknisfræðilegra. Kanna skal möguleika á samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, WHO, um slíkar rannsóknir. Telur nefndin rétt, að komið verði á fót sérstakri *rannsóknarstofnun í áfengismálum*, og verði nú þegar valdir sérfróðir menn til þess að gera tillögur um skipulag slíkrar stofnunar.

2. Auka ber almenna fræðslu um áfengismál, m. a. meðal foreldra og annarra uppalenda, enda minnir nefndin sérstaklega á, hve fordæmi eldri kynslóðar er mikilvægt í þessum efnum sem flestum öðrum. Þá ber að taka áfengisfræðslu í skólum landsins til nýrrar athugunar og kanna nánar hverjar veilur séu í framvæmd þess máls. Áfengismálanefnd telur því fjarri fara, að fullnægt sé lagaboði um það efni eins og nú háttar. Nefndin telur vel farið, að sinnt var ábendingum hennar um fjölgun erindreka á vegum áfengisvarnaráðs og leggur áherzlu á, að áfengisvarnaráði verði tryggð nægileg fjárráð til þess að geta haldið uppi sem fullkomnustum áfengisvörnum. Telur nefndin æskilegast, að skipulag bindindisfræðslu í skólum sé sameiginlega á höndum fræðslumálastjóra og áfengisvarnaráðs.

3. Efla ber eftir megni alla æskulýðsstarfsemi, sem miðar að hollri tómstundaiðju og áfengislausu skemmtanalífi æskulýðsins með fjárframlögum hins opinbera og á annan gagnlegan hátt og setja löggjöf um það efni. Efna þarf til námskeiða fyrir æskulýðsleiðtoga, bæta starfsaðstöðu þeirra og ákveða þeim verksvið. Nefndin leggur eindregið til, að tekin verði upp danskennsla í skólum, framar því sem verið hefur.

4. Leggja ber áherzlu á hófsemi í vínveitingum í opinberum móttökum og veizlum og takmarka veizlur og móttökur, þar sem áfengi er veitt.

5. Efla þarf löggæzlu á samkomum, stórauka tolleftirlit um allt land, rannsaka til hlítar allar áfengiskærur og hraða dómsmeðferð, framfylgja af festu refsiviðurlögum við áfengislagabrotum, smáum og stórum, ekki sízt þegar ungmenni eiga í hlut. Framfylgja ber m. a. reglum um nafnskírteini af fyllstu röggsemi og stórauka eftirlit með áfengisútsölum og vínveitingahúsum með tilliti til áfengiskaupa ungmenna.

6. Menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir samtökum eigenda félagsheimila um skipulega notkun þeirra í þágu menningar- og félagsstarfsemi, ásamt við-

hlítandi ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir áfengisneyzlu í félagsheimilum, svo sem fyrir er mælt í reglum um styrkveitingar til þeirra.

7. Gera þarf ráðstafanir til þess að draga úr drykkjuskap og óreglu á síldarhöfnum og öðrum verstöðvum og skipuleggja í því sambandi samvinnu opinberra aðilja og frjálsra félagssamtaka, s. s. stéttarfélaga sjómanna, verkamanna og vinnuveitenda, bindindis- og líknarfélaga, auk blaða og útvarps.

8. Vinna þarf að sem víðtækastri læknisþjónustu vegna ofdrykkju á grundvelli laganna um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Brýnt skal fyrir löggæzlumönnum að sinna með trúmennsku skyldum sínum í sambandi við eftirlit með ofdrykkjumönnum (endurteknum áfengislagabrotum) og drykkjuskap ungmenna.

9. Þá hefur áfengismálanefnd orðið sammála um að leggja til, að tilteknar breytingar verði gerðar á nokkrum greinum áfengislaga, og eru tillögur nefndarinnar sendar dómsmálaráðuneytinu í frumvarpsformi.

Ath. — Um ábendingar nefndarinnar til úrbóta í áfengismálum, svo og tillögur hennar til breytinga á áfengislögum, er það að segja, að þar er einungis að finna atriði, sem nefndarmenn hafa orðið algerlega sammála um, eftir ýtarlegar umræður í nefndinni.

VIÐBÆTIR — FYLGISKJÖL

Bréf Tómasar Helgasonar dr. med.
Frá Áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.
Alfreð Gíslason læknir: Banamein drykkjumanna.
Bréf 11 skólastjóra.
Bréf Einars Ingimundarsonar, bæjarfógeta á Siglufirði.
Bréf Freymóðs Þorsteinssonar, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.
Bréf Helga Elíassonar fræðslumálastjóra.
Tillögur og ábendingar frá Stórstúku Íslands.
Greinargerð um vínveitingahúsin í Reykjavík.
Úr lögreglu- og sakamálaskýrslum.
Skýrsla frá Áfengisverzlun ríkisins.

Bréf Tómasar Helgasonar dr. med., dags. 16. ágúst 1965.

Áfengismálanefnd,
c/o Ingvar Gíslason hdl.,
Möðruvallastræti 5, Akureyri.

Sem svör við símtali yðar og ódagsettu bréfi líklega frá í marz og ítrekun sama bréfs dagsett 20. maí 1965, sendi ég hér með *ljósrit af kafla úr ritgerð minni um geðsjúkdóma á Íslandi.* Þessi kafli fjallar um *drykkjusýkina og ofdrykkjuna,* fremst er að finna skilgreiningu á hugtökunum ofdrykkja og drykkjusýki, þá kemur lýsing á þeim hópi ofdrykkjumanna og drykkjusjúkra, sem rannsóknin tók til, úr því útreikningar á líkum Íslendinga til þess að verða ofdrykkjunni eða drykkjusýkinni að bráð. Hér er um að ræða *líkur fjórtán ára unglinga til þess að verða drykkjusýkinni að bráð fyrir 61 árs aldur,* ef þeir lifa svo lengi. Útreikningarnir taka sumpart til Íslendinga almennt, en sumpart eru þeir framkvæmdir eftir ýmsum félagslegum aðstæðum, svo sem búsetu á unglingsárum, eftir því, hvort viðkomandi flytur milli héraða eða hvort hann er búsettur á sama stað við upphaf og lok rannsóknartímabilsins, eftir búsetu við lok rannsóknartímabilsins, eftir stöðu og eftir hjúskaparstöðu. Þá er drepið stuttlega á örorku og afbrot þessara manna,

einnig er í sama kafla bent á, hve stór hluti þeirra, sem misnotað hafa áfengi og enn eru á lífi við lok rannsóknartímabilsins er hættur áfengisneyzlu. Gerð er grein fyrir dánarorsökum ofdrykkjumannanna og reiknað út, hve miklu hærri dánartala þeirra er heldur en íbúanna almennt og einnig eru reiknaðar út lífslíkur alkoholistanna í samanburði við lífslíkur íbúanna almennt. Að lokum er reynt að framkvæma nokkurn samanburð á niðurstöðum minnar rannsóknar og erlendra rannsókna að svo miklu leyti, sem til eru sambærilegar erlendar rannsóknir. Kemur þarna m. a. fram, að sennilega er ekki mikill munur á tíðni drykkjusýki hér á landi og meðal þeirra þjóða, sem okkur eru skyldastar. Þetta hefur einnig komið fram í umræðum um tíðni drykkjusýkinnar og samræðum mínum við ýmsa erlenda starfsbræður. Í lok þessa kafla er bent á, hve margt er líkt með hinni félagslegu lýsingu á drykkjusýkinni og hugsýkinni (taugaveikluninni) og bent á, hvaða ályktanir e. t. v. megi draga af því.

Þá sendi ég enn fremur *ljósrit af erindi* um „geðrænar orsakir drykkjuhneigðar og lækningu", sem ég flutti á síðasta ári á áfengismálaráðstefnunni, og loks athugasemdir við lagafrumvarp um meðferð drykkjusjúkra manna og ölvaðra, sem við Þórður Möller sömdum.

Eins og fram kemur í þessum ritgerðum, er *drykkjusýkin geðsjúkdómur*, sem verður að hlíta meðferð *undir stjórn geðlækna* og í nánum tengslum við geðsjúkrahús, þó að fleiri geti lagt hönd á plóginn. Á síðari árum hafa menn í vaxandi mæli reynt að meðhöndla þessa sjúklinga utan sjúkrahúss eða með eins stuttri sjúkrahúsdvöl og hægt er og svo áframhaldandi meðferð utan þess. Þó er óhjákvæmilegt, að fyrir hendi sé verulegt sjúkrahúspláss til þess að sinna áfengissjúklingum á ýmsum stigum. Mikilvægt er, að hægt sé að aðgreina hin ýmsu stig drykkjusýkinnar við þessa meðhöndlun. Hins vegar greinir menn nokkuð á, hvort æskilegra sé, að hafa sérstakar deildir fyrir drykkjusjúklinga eins og við gerum hér á Íslandi og raunar er gert víðar, eða hvort drykkjusjúklingarnir skulu flokkaðir eftir öðrum einkennum sýkinnar og með öðrum geðsjúklingum á deildum spítalanna. *Drykkjumannahæli og sjúkradeildir*, sem nú starfa hér á landi eru *öll í beinum tengslum við Kleppsspítalann nema hæli Bláa bandsins í Viðinesi*, sem mun taka 12—15 sjúklinga. Á árinu 1952 fékk Kleppsspítalinn umráð yfir jörðinni *Úlfarsá í Mosfellssveit* og húsum þar. Var ætlunin að hafa þar drykkjusjúklinga, sem þyrftu skemmri dvalar við og var það svo í upphafi um nokkurt árabil. Nú á síðari árum höfum við *rýmt nokkur rúm hér í spítalanum* og flutt sjúklinga sem hafa verið langvarandi veikir að Úlfarsá til þess að geta tekið við drykkjusjúklingum hér á spítalann. Þar eru nú 9 sjúklingar. Á árinu 1954 hófst rekstur drykkjumannahælisins að *Gunnarsholti*, einnig undir umsjá lækna á Kleppsspítalanum. Þar eru nú 34 rúm. Á árinu 1963 tók Kleppsspítalinn við rekstri *áfengisvarnastöðvar Bláa bandsins að Flókagötu* og rekur þar nú deild, sem kölluð er Flókadeild Kleppsspítalans og getur hún tekið við 24 körlum og 7 konum. Samtals hefur spítalinn þannig 74 rúm fyrir áfengissjúklinga núna. *Þó vantar enn sérstaka móttökudeild*, þar sem hægt er að taka við drukknum mönnum og láta renna af þeim, áður en þeir eru fluttir á aðrar deildir. Það hefur oft valdið miklum óþægindum á deildum Kleppsspítalans, að þurfa að taka við drukknum mönnum inn á deildirnar eða taka þá inn daginn eftir að þeir hafa hætt drykkju. Ekki veldur þetta hvað sízt óþægindum einmitt á þeim deildum, þar sem eingöngu eru drykkjusjúklingar, sem byrjaðir eru að jafna sig. Þá *vantar einnig ennþá lokað drykkjumannahæli til þess að hægt sé að halda þar mönnum til lengri tíma*, ef allar lækningatilraunir hafa reynzt gjörsamlega árangurslausar. Einnig *vantar kvennaheimili* með 10—15 rúmum.

Árangur af meðferð drykkjusjúkra verður *jafnan mjög erfitt að meta*. Fer þar auðvitað fyrst og fremst eftir því, hvaða kröfur eru gerðar til batans,

en séu kröfurnar aðrar en algert bindindi, getur verið mjög erfitt að meta þær. Flestir eða allir eru þó sammála um, að *verulegum árangri megi ná við meðferð drykkjusjúklinganna.* Kemur það greinilega fram í því, sem skrifað er frá ýmsum erlendum spítölum, sem fást við meðferð þeirra. Einnig hefur það komið fram í því, sem menn hafa talið hér á landi. Þó er það svo, að við *vitum í rauninni heldur lítið um árangur af meðferð drykkjusjúklinganna hér á landi á síðustu 10 árum,* sem þó hefur verið reynt að gera talsvert mikið til meðferðar þeirra. Ber mjög brýna nauðsyn til þess að *framkvæmd verði nákvæm rannsókn á árangri af þessum lækningatilraunum* til þess að gera sér ljóst, hvert við höfum stefnt og hvaða árangri við höfum náð og á hvern hátt við getum bætt meðferðina. Ég hef nýlega látið hefja athugun á afdrifum þeirra sjúklinga, sem lagðir voru inn á Kleppsspítalann fyrir 10 árum síðan. Þeirra á meðal eru að sjálfsögðu margir drykkjusjúklingar, sem komu hingað í athugun áður en þeir fóru að drykkjumannahælinu að Gunnarsholti. Þessi rannsókn á enn langt í land, en þegar er ljóst, að *dánartíðni drykkjusjúklinganna er mjög há.*

Þá er og nauðsynlegt að framkvæma ýtarlega rannsókn á því, *hve margir drykkjusjúklingar eru nú lifandi á Íslandi.* Ég hef reynt að reikna þetta út. Við útreikninga hef ég notað sjúkdómslíkurnar, sem ég fann í rannsókninni, sem áður er getið um. Ég hef þá jafnað sjúkdómslíkunum út eftir sænskri rannsókn, sem virðist hæfa mjög vel við mína rannsókn. Einnig hef ég tekið tillit til aukinna dánarlíka sjúklinganna, svo og hef ég reynt að áætla, hve margir hafi hætt drykkju á hverjum aldri. Þessi síðasti liður er náttúrlega mjög ágizkunarkenndur, sérstaklega á aldursbilinu 40—54 ára. Eftir það er hann sennilega réttur. Á þennan hátt hef ég fundið stuðla til að margfalda með íbúafjöldann í hverjum aldursflokki (5 ára flokkar) fyrir alla aldursflokkana hjá körlum 20—74 ára, eins og þeir voru í manntalinu 1960. Niðurstaðan er sú, að *hinir eiginlegu drykkjusjúklingar muni vera um 1450 karlar.* Láta mun nærri, að fjöldi drykkjusjúkra kvenna sé um 10% af fjölda drykkjusjúkra karla, en ofdrykkjumenn alls muni vera í kringum *2300.* Drykkjusjúklingar eru þeir ofdrykkjumenn, sem eru orðnir svo háðir áfengi, að áfengið hefur valdið greinilegum skapgerðarbreytingum eða er farið að hafa áhrif á andlegt og líkamlegt heilsufar, samskipti við aðra eða félagslega og fjárhagslega afkomu eða þeir, sem sýna einkenni um að yfirvofandi sé, að áfengi hafi þessi áhrif. Öllu nær fjölda drykkjusjúklinga er ekki hægt að komast nema *með beinni talningu.* Til samanburðar má geta þess, að 75% örorkulífeyrisþegar eru um 3500.

Framtíðarverkefni til varnar og lækningar ofdrykkju eru að sjálfsögðu mörg. Hefur þegar verið drepið beint á sum, en önnur beint og óbeint í þeim ritgerðum, sem hér fylgja með. Meðal þess, sem brýnast er til lækninga drykkjusjúklinganna er að sjá *fyrir nægilegum fjölda af vel hæfu og sérmenntuðu fólki,* sem kann til slíkra hluta. Er þá nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, að slík meðferð reynir mjög á þolrif allra, sem þátt taka í henni, ekki aðeins sjúklinganna og aðstandendanna heldur einnig lækna, hjúkrunarkvenna, félagsráðgjafa og annarra, sem hlut eiga að máli. Er nauðsynlegt, að tekið sé tillit til þess álags, sem slíkir læknar og hjálparlið þeirra, sem vinnur að meðferð drykkjusjúklinga og annarra geðsjúklinga, verða fyrir, við ákvörðun kjara og vinnuskilyrða þessara starfshópa. Þetta er það, sem í dag virðist mestu ráða um, hvort unnt sé að fá nægjanlegan fjölda af vel hæfu og sérmenntuðu fólki til starfa. *Um framtíðarverkefni til varnar gegn* ofdrykkjunni eða drykkjusýkinni *er aftur erfiðara að segja.* Nokkrar ábendingar má fá frá fyrri rannsóknum mínum og annarra, en brýnast er að *hefja nú þegar frekari rannsóknir á drykkjuháttum fólks* hér á landi og þá sérstaklega *drykkjuháttum mismunandi aldurshópa* og hvernig þeir hafa hafið drykkju, hvenær þeir

drekka, hve mikið, hve lengi og ekki síst hvers vegna hver einstakur drekkur til að byrja með. Þegar niðurstöður slíkra rannsókna eru fyrir hendi er þess fyrst að vænta, að hægt verði að koma við verulegum kerfisbundnum vörnum gegn drykkjusýkinni. *Slíkar rannsóknir kosta* mikið fé, sem eflaust þyrfti að veita sérstaklega. Nokkuð af rannsóknum í þessa átt hefur þegar verið framkvæmt á hinum Norðurlöndunum og var haft um það samstarf á vegum Norðurlandaráðsins. Af einhverjum ástæðum var Ísland ekki með í þessari samvinnu. Það er leitt vegna þess, að af slíkum rannsóknum kann að vera hægt að draga nokkrar ályktanir um, hvert við eigum að beina kröftum okkar til varnar gegn drykkjusýkinni.

Eg hef í stuttu máli reynt að svara spurningum yðar, að svo miklu leyti, sem hægt er, en eins og ég sagði þegar í upphafi í símtali okkar, þyrfti helzt nokkur ár til að framkvæma ýtarlegar rannsóknir, sem gefið gætu svör við spurningum yðar.

Virðingarfyllst,

Tómas Helgason, prófessor dr. med.

Frá Áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

1) Um starfsemi deildarinnar almennt.
2) Um fjölda sjúklinga, sem til hennar hafa leitað og skiptingu þeirra eftir kyni, aldri, hjúskaparstétt og starfi.
3) Athuganir á árangri læknismeðferðar.

Til Áfengismálanefndar Alþingis.

Áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.
(Tekið saman í sept. 1965 fyrir Áfengismálanefnd Alþingis).

Síðla árs 1952 samþykkti bæjarstjórn Reykjavíkur, að komið skyldi á fót hjálparstöð fyrir drykkjumenn. Var það gert fyrir áskoranir ýmissa félagasamtaka og forgöngu geðlækna, en Alfreð Gíslason hafði einkum orð fyrir þeim.

Áfengisvarnastöð Reykjavíkur tók svo til starfa 15. janúar 1953 í Túngötu 5. Þegar Heilsuverndarstöð Reykjavíkur tók til starfa varð stöðin ein af deildum hennar og flutti í júní 1955 í hið nýja hús Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Deildin er kostuð að jöfnu af bæjarfélagi, ríki og sjúkrasamlagi, samkv. lögum um heilsuverndarstöðvar. Öll þjónusta deildarinnar er ókeypis.

Starfslið áfengisvarnadeildar er nú: Geðlæknir (Alfreð Gíslason), er starfar 3 tíma á viku og veitir deildinni forstöðu. Sálfræðingur (Kristinn Björnsson), er starfar 5 tíma á viku. Hjúkrunarkona (Vilborg Helgadóttir) í hálfu starfi. Deildin er opin kl. 5—7 virka daga aðra en laugardaga.

Meðferð er fólgin í lyfjagjöfum og viðtölum í lækningaskyni. Notuð eru bætiefni í byrjun meðferðar, til að stuðla að því að koma líkamlegu ástandi í betra horf. Mjög taugabilaðir sjúklingar fá viðeigandi lyfjameðferð og allmargir koma reglulega til að fá „antabus“ og hindra þannig endurtekna drykkju. Viðtöl miða að því, að hjálpa sjúklingum, til að þekkja sjálfa sig og til skilnings á vandræðum sínum. Hugarfar og grónar venjur breytast ekki allt í einu, og viðtölum þarf því oft að halda áfram um langt skeið. Starfslið deildarinnar er því miður of takmarkað til að sinna þessari hlið meðferðarinnar sem skyldi. Starf deildarinnar er algerlega á frjálsum grundvelli. Menn leita þangað af frjálsum vilja, að sjálfsögðu þó oft vegna hvatningar aðstandenda, lækna eða annarra, og meðferð frjáls að því leyti, að sjúklingur getur afþakkað „antabus“ og viðtöl, ef hann óskar.

Deild sem þessi getur að sjálfsögðu ekki orðið þeim að miklu liði, sem lengst eru leiddir og þarfnast sjúkrahúss eða hælisvistar. Hún getur fyrst og fremst stutt þá, sem eru nokkurn veginn andlega heilir, en eiga þó í miklum erfiðleikum með að ráða við drykkjuhneigð sína og drekka sér til tjóns og skapraunar, en hafa nokkra staðfestu og löngun, a. m. k. á stundum til að bæta úr þessu.

Deildin hefur jafnan haft gott samstarf við sjúkrahús og hæli, sem aðstoðað hafa drykkjumenn og vísað þangað þeim, er sjúkrahúsvistar virtust þarfnast.

Frá því stöðin tók til starfa og til ársloka 1964 höfðu leitað þangað 1706 manns, 1582 karlar og 124 konur. Eru því um 8% hópsins konur. Heimsóknir á stöðina voru samtals 87304 og eru það 51 heimsókn á mann að meðaltali.

Eftir 10 ára starf, eða í árslok 1962 var gert nokkurt tölufræðilegt yfirlit yfir þann hóp, er leitað hafði aðstoðar. Þykir rétt að láta það fylgja. (Eru þá síðustu 2½ ár ekki talin með).

Ár	Fjöldi innritaðra. Karlar	Konur	Fjöldi heimsókna.
1953	324	36	5280
1954	307	24	8672
1955	175	9	7960
1956	72	8	4922
1957	114	6	6366
1958	109	5	7151
1959	137	7	8306
1960	105	12	9743
1961	111	3	9712
1962	50	2	7508
Samtals	1504	112	75620

Börn innan 16 ára á framfæri þessara sjúklinga voru við innritun *1929*.

Aldur við innritun.

17—20 ára	36
21—30 —	452
31—40 —	540
41—50 —	396
51—60 —	139
61—70 —	41
71—80 —	5
óvíst	7
Samtals	1616

Hjúskaparstétt.

	Karlar	Konur
Giftir	666	38
Ógiftir	619	32
Frásk.	185	31
Ekkjum.	33	10
Óvíst	1	1
Samtals	1504	112

Atvinna.

	Karlar	Konur	
Verkam. og sjóm.	639	56	Húsm.
Iðnaðarmenn	401	56	Önnur störf.
Bifreiðarstjórar	121		
Skrifst. og verzl.	227		
Sérfræðingar, háskólapróf, kennarar	31		
Önnur störf	85		
Samtals	1504	112	

Helzt til lítið er vitað um árangur af starfi deildarinnar. Við sjáum þó í hinu daglega starfi, að hann er í sumum tilfellum góður, öðrum enginn og svo allt þar á milli.

Rækileg athugun á árangri mundi krefjast töluverðrar vinnu, en starfslið deildarinnar er mjög lítið og bundið við dagleg verkefni, sem marka má af því, að á deildina koma að jafnaði um 30 manns daglega, og þarfnast margir tímafrekrar meðferðar.

Þó hafa tvær litlar athuganir verið gerðar á árangri og skal nú greint frá þeim.

1. athugun.

Árlega er allstór hópur manna í meðferð, sem skráðir hafa verið á liðnum árum. Starfsfólk fær því vitneskju um árangur þeirra, og er ekki mjög mikið verk að flokka þá eftir árangri.

Slík flokkun var gerð um þá, sem komu á deildina árið 1961 og innritaðir höfðu verið á árunum 1953—1960 að báðum meðtöldum. Þetta voru 375 manns, og var reynt að flokka þá eftir því, hve miklum bata þeir virtust hafa náð, í þrjá flokka, þá, sem náðu miklum bata (eða í sumum tilfellum algerum að því virtist), þá, sem nokkrum bata náðu en takmörkuðum, og þá, sem enga bót virtust hafa fengið.

Eftirfarandi tafla sýnir þessa flokkun, aðgreint eftir innritunarári.

Innritunarár.	Verulegur bati, stundum alger.	Nokkur bati.	Enginn bati.	Samt.
1953	30	17	37	84
1954	23	11	23	57
1955	15	9	13	37
1956	6	0	5	11
1957	14	6	12	32
1958	14	8	19	41
1959	26	9	16	51
1960	21	12	29	62
	149 = 40%	72 = 19%	154 = 41%	375

Þessi tafla sýnir, að um 40% sjúklinga hafa hlotið bata að verulegu leyti, tæplega 20% lítilsháttar bata, en rúmlega 40% eru óbreyttir. Mun þessi árangur svipaður því, sem gerist við samsvarandi stofnanir erlendis.

Það skal ósagt látið, hve mikils virði þessar tölur eru sem sýnishorn, og er rétt að hafa um það allan fyrirvara. Taflan tekur aðeins til fjórðungs þeirra 1450 sjúklinga, sem frumskráðir voru á árunum 1953—1960, auk þess er sá fjórðungur þannig valinn, að hann getur ekki gilt sem úrtak fyrir heildina. Samt segir taflan sína sögu, þótt skammt nái.

2. athugun.

Árangur meðferðar á áfengisvarnadeild.

Í jan. 1963 var ákveðið að leita upplýsinga um þá, sem leitað höfðu aðstoðar deildarinnar í fyrsta skipti á árinu 1957. Þar sem liðin voru 4—5 ár síðan þetta fólk leitaði aðstoðar, virtist ástæða til að ætla, að nokkur reynsla væri fengin um það, hver áhrif aðstoð deildarinnar eða viðleitni fólksins til að ráða bót á ofdrykkjunni hefði.

Árið 1957 innrituðust 120 nýir sjúklingar við deildina. Nú voru 9 þeirra látnir, en 1 fluttur af landi burt. Hinum 110 var í jan. 1963 sent bréf og eyðublað með spurningum, sem þeir voru beðnir að útfylla og senda til deildarinnar.

Spurningar þessar voru allýtarlegar í nokkrum liðum. Var fyrst og fremst spurt um það, hvernig maðurinn væri nú staddur með tilliti til þess vandamáls, ofneyzlu áfengis, sem hann hafði leitað til deildarinnar til að fá bót á. Greint skyldi frá því, hvort um engan, lítinn, mikinn, eða algeran bata væri að ræða, auk fleiri upplýsinga.

Bréfum þessum svöruðu 27 manns, eða 25% þeirra, sem spurðir voru. Þegar ekki var von á að fleiri svör bærust, var reynt að afla upplýsinga um hina.

Starfsfólki deildarinnar, einkum hjúkrunarkonu, var kunnugt um 18 þeirra. Hægt var að fá upplýsingar um 21 á öðrum stofnunum, þar sem þeir höfðu notið meðferðar, einkum á hjúkrunarheimili Bláa bandsins. Aðstandendur gáfu upplýsingar um fjóra.

Eftir eru þá 40, sem ekki var vitað um. Var þeim öllum sent bréf í annað sinn í apríl 1963. Enginn þeirra svaraði. Ekki var fært, vegna þess hve starfslið deildarinnar er fáliðað, að leita upplýsinga um fólk þetta, þó að það hefði verið æskilegt.

Skal nú greint frá niðurstöðum um þá, sem svöruðu bréfum eða vitað var um.

Bréfum svöruðu 27. Töldu tveir þeirra um engan bata að ræða, og ástandið svipað og það var 1957, er aðstoðar var fyrst leitað. Einn taldi bata lítinn en þó einhvern. Tíu töldu um verulegan, en ekki fullan bata að ræða. Fjórtán töldu um algeran bata að ræða og vandamál ofdrykkjunnar horfið eða því sem næst.

Hugsanlegt væri, að þessar upplýsingar, sem menn gáfu sjálfir, væru ekki allar réttar og bati minni en sagt er.

Starfsfólki deildarinnar er kunnugt um marga, sem svöruðu. Var athugað hversu rétt svör þeirra væru. Kom í ljós, að vitað var um 23 af 27. Reyndust upplýsingar þeirra ýmist alveg réttar eða mjög nálægt réttu. Má því ætla, að upplýsingarnar í heild hafi gefið rétta mynd af þeirri breytingu, sem orðið hefur á þessum mönnum með tilliti til notkunar áfengis.

Þeir, sem svöruðu ekki bréfunum, en vitað var um eða upplýsingar fengnar um frá öðrum, voru 43.

Hjá 22 var um engan bata að ræða.

Hjá 10 var um nokkurn bata að ræða, en ekki mikinn.

Hjá 7 var um verulegan, en ekki algeran bata, að ræða.

Hjá 4 var um fullan bata að ræða.

Fróðlegt er að bera saman árangurinn hjá þeim, sem sýndu samvinnuvilja með því að svara bréfum, og hinum, sem ekki svöruðu, en vitað var um.

Eftirfarandi tafla sýnir árangur þessara hópa.

	Svöruðu bréfum	Svöruðu ekki, en vitað um.
Enginn bati	2 (7%)	22 (51%)
Nokkur bati	1 (4%)	10 (23%)
Mikill bati	10 (37%)	7 (16%)
Fullur bati	14 (52%)	4 (9%)

Af þessu mætti e. t. v. draga þá ályktun, að samvinnuvilji sé nauðsynlegt skilyrði þess, að árangur náist.

Ef báðir hóparnir, þeir sem svöruðu, og aflað var vitneskju um, eru skoðaðir í einu lagi, verður árangur þessi:

Enginn bati	24	(34%)
Nokkur bati	11	(16%)
Mikill bati	17	(24%)
Fullur bati	18	(26%)

Samkvæmt þessu hefur um fjórði hluti (26%) þeirra, sem upplýsingar hafa fengizt um, náð fullum bata, a. m. k. um nokkurt skeið. Ógerlegt er að fullyrða, hvort hann mun verða varanlegur. Annar fjórði hluti (24%) hefur náð miklum bata. Hjá þriðja hluta (34%) er ekki um neinn bata að ræða, og lítinn hjá þeim, sem þá eru eftir, sjötta hluta (16%).

Í stuttu máli má því segja, að helmingur þeirra, sem upplýsingar fengust um, hafi náð litlum eða engum árangri, en hinn helmingurinn miklum eða fullum árangri.

Sá 40 manna hópur, sem engin vitneskja fékkst um, er auðvitað ekki tekinn með. Hugsanlegt er, að árangur reyndist annar, ef miðað væri við heildartölu þeirra, sem innrituðust 1957, en hér varð að miða við það, sem vitneskja fékkst um.

Tiltölulega margir þeirra, sem ekki var vitað um og ekki svöruðu bréfum, höfðu sjaldan komið á deildina og lítillar meðferðar notið. Fróðlegt er að athuga sambandið milli fjölda heimsókna og samvinnuvilja. Eftirfarandi tafla sýnir það:

Fjöldi heimsókna.	Svöruðu bréfum.	Svöruðu ekki, en vitað um.	Svöruðu ekki, og ekki vitað um.
1—10	3	9	12
11—20	4	10	11
21—30	2	8	4
31—40	2	4	2
41—50	2	5	7
50 eða fleiri	14	7	4

Sést af þessu, að heimsóknarfjöldi hefur yfirleitt verið mun minni hjá þeim, sem sýndu lítinn samvinnuvilja með því að láta fyrirspurnum okkar ósvarað.

Að sjálfsögðu er ekki fullvíst, hvort bati sá, sem um ræðir, sé starfi deildarinnar að þakka. Hugsanlegt er, að mönnum hefði batnað eins mikið, þótt þeir hefðu engrar aðstoðar notið. Fróðlegt er því að athuga, hvaða samband er milli fjölda heimsókna á deildina og bata mannanna.

Fjöldi heimsókna.	Bati enginn.	Bati lítill.	Bati mikill.	Bati alger.
1—10	7	1	2	2
11—20	7	1	2	4
21—30	6	1	1	2
31—40	1	1	2	2
41—50	2	3	0	2
50 eða fleiri	1	4	10	6

Af þessu sést, að nokkurt samband er milli bata og fjölda heimsókna. Að vísu ná nokkrir góðum bata, sem sjaldan hafa komið. Þeir, sem engum bata ná hafa þó flestir komið sjaldan. Athyglisverð er neðsta lína töflunnar, sem sýnir að 20 þeirra, sem komu 50 sinnum eða oftar, hafa náð einhverjum eða góðum bata, en aðeins 1 engum bata.

Af athugun þessari virðist mega draga vissar ályktanir.

Í fyrsta lagi virðist um helmingur þeirra, sem teljandi meðferð fá, ná góðum árangri.

Í öðru lagi ná þeir betri árangri, sem oft koma á deildina, og einkum þeir, sem sýna góðan samstarfsvilja.

Hugsanlega mætti draga þriðju ályktunina af þeirri síðarnefndu, og hún er þessi.

Stefna ætti að því, að kanna strax í upphafi samstarfsvilja þeirra, sem leita aðstoðar deildarinnar, leitast við að hafa sem mest samband við þá, sem teknir eru til meðferðar, en veita þeim ekki aðgang, sem ekkert samstarf vilja í alvöru og vart ræða við starfsfólk. Þá mundi starfið nýtast betur og árangur verða meiri.

Alfreð Gíslason læknir: Banamein drykkjumanna.

Sérprentun úr Læknablaðinu 51. árg. 2. hefti.

Áfengisvarnadeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur hóf starfsemi 15. janúar 1953, og er lækning drykkjumanna meginverkefni hennar frá upphafi. Hún er ekki í beinum tengslum við sjúkrahús eða hæli, og er meðferðin að mestu fólgin í viðtölum (psykotherapi), lyfjagjöf og félagslegri fyrirgreiðslu. Sjúklingarnir leita aðstoðar deildarinnar af frjálsum vilja og geta horfið frá meðferð, er þeim sýnist. Starfsliðið er læknir, sálfræðingur og heilsuverndarhjúkrunarkona.

Í árslok 1964 höfðu samtals 1706 menn leitað til deildarinnar í lækningaskyni, og eru konur þar í miklum minni hluta eða um 8%. Við frumskráningu voru flestir á aldrinum 20—50 ára, eða 85,6%, sbr. 1. töflu. Fjölmennastir í þessum hópi voru verkamenn og sjómenn (718), þá iðnaðarmenn (415), skrifstofu- og verzlunarmenn (236) og bifreiðarstjórar (130), en miklu færri úr öðrum starfsstéttum.

Þegar skjólstæðingar deildarinnar hætta komum sínum þangað, hvort sem það er í tíma eða ótíma, hverfa þeir jafnaðarlega starfsfólkinu sjónum, nema sérstök eftirgrennslun fari fram. Öðru hverju fréttist þó af sumum, t. d. við andlát þeirra. Í sambandi við þær fregnir veitti starfsfólkið því athygli, að allmjög bar á voveiflegum dauðdaga meðal þessara manna, og varð það tilefni þeirrar athugunar, sem hér er frá greint.

Drykkjuskapur þeirra, sem deildina sækja, er að sjálfsögðu á misháu stigi, en sameiginleg er þeim þó öllum:

a) viðurkenning þess, að drykkjuskapurinn sé orðinn þeim lítt viðráðanlegt vandamál, félagslegt eða heilsufarslegt, nema hvort tveggja sé, og
b) ósk um að njóta stuðnings annarra við lausn þessa vanda.

1. tafla. Aldur drykkjumanna við fyrstu komu í deildina.

17—19 ára	37
20—29 —	483
30—39 —	568
40—49 —	410
50—59 —	150
60—69 —	44
70—79 —	5
Óvíst um aldur	9

Við eftirgrennslun kom í ljós, að af þeim 1706 mönnum, sem leituðu til deildarinnar á fyrrgreindu 12 ára tímabili, höfðu 131 látizt fyrir árslok 1964, 122 karlar og 9 konur (6,9%). Hinir látnu voru á aldrinum 21—81 árs, flestir 30—69 ára, sbr. 2. töflu. Meðalaldur karlanna var 49,7 ár og kvennanna 44,7 ár.

2. tafla. Dánaraldur 131 drykkjumanns.

21—29 ára	6
30—39 —	26
40—49 —	39
50—59 —	24
60—69 —	30
70—79 —	5
81 árs	1

Tíðustu banamein voru slys, hjartasjúkdómar, illkynja æxli og sjálfsmorð, og vísast nánar um þau til 3. töflu.

3. tafla. Dánarmein drykkjumanna.

Slys	36 eða	27,4%	hinna	látnu
Hjartasjúkdómar	31 —	23,7%	—	—
Illkynja æxli	18 —	13,7%	—	—
Sjálfsmorð	17 —	12,9%	—	—
Lungnabólga	9 —	6,9%	—	—
Berkjukvef og lungnalopi	7 —	5,4%	—	—
Lungnaæðastífla	4 —	3,1%	—	—
Heilablóðfall	4 —	3,1%	—	—
Lífhimnubólga	1 —	0,8%	—	—
Heilabólga	1 —	0,8%	—	—
Blóðeitrun (Sepsis)	1 —	0,8%	—	—
Magablæðing	1 —	0,8%	—	—
Ókunn dánarorsök	1 —	0,8%	—	—
	131			

Það er fróðlegt til samanburðar að geta algengustu dánarorsaka meðal landsmanna í heild, og er þá stuðzt við Heilbrigðisskýrslur 1953—1961. Röð þeirra er nokkuð sú sama öll árin, og er árið 1958 valið, með því að það er næst miðbiki 12 ára tímabilsins, sem áður var getið. Það ár létust á öllu landinu 1165 manns, og skiptust dánarorsakir, þegar taldar eru í röð fimm hinar algengustu, eins og sýnt er á 4. töflu.

4. tafla. Algengustu dánarmein landsmanna 1958.

Hjartasjúkdómar	304 eða	26 %	allra	mannsláta
Illkynja æxli	210 —	18 %	—	—
Heilablóðfall	167 —	14.3%	—	—
Lungnabólga	100 —	8.6%	—	—
Slys (önnur en sjálfsmorð)	78 —	6.7%	—	—

Slysfarir eru tíðasta dánarorsök meðal drykkjumanna, ef marka má þau takmörkuðu gögn, sem hér eru fyrir hendi. Virðast þær fjórum sinnum algengari sem dánarorsök meðal drykkjumanna en landsmanna í heild. Slysin ber að með ýmsum hætti, svo sem 5. tafla sýnir.

5. tafla. Dauðaslys drykkjumanna.

Drukknun	13
Fall, bylta	10
Eitrun	5
Köfnun	2
Umferðarslys	1
Voðaskot	1

Bruni	1
Líkamsárás	1
Vélarslys	1
Týndur	1

Um slysadrukknanir skal tekið fram, að nokkrir menn farast með skipum sínum á rúmsjó og aðra tekur út. Sumir drukkna við bryggjur eða finnast í flæðarmáli, og um einn segir sjónarvottur, að hann hafi gengið fyrir borð á skipi sínu í drykkjuóráði, þrátt fyrir aðgæzlu, sem höfð var á honum.

Slysabylturnar flokkast flestar ýmist sem fall á einum fleti eða sem bylta í stiga.

Slysaeitranirnar fimm voru af völdum þessara efna: Ethylalcohol, methanol, kolsýringur (CO), trichloraethylen og tetrachlorid (hreinsivökvi).

Sjálfsmorð virðast áberandi tíð meðal drykkjumanna. Þau skipa fjórða sætið á listanum og nema 13% allra dánarorsaka. Ef þetta er borið saman við heildartölur samkvæmt Heilbrigðisskýrslum, er munurinn mikill. Árið 1958 voru sjálfsmorð óvenjufá í landinu, samtals níu eða 0.8% allra dánarorsaka. Á tímabilinu 1953—1961 var árleg tala þeirra frá níu upp í 23. Flest urðu árið 1955, en meðaltal þeirra þetta árabil er 15.4. Á þessum níu árum verða 140 sjálfsmorð, og er það 1.3% allra mannsláta. Samkvæmt því er sjálfsmorð tíu sinnum algengara meðal drykkjumanna en landsmanna í heild. 6. tafla sýnir, til hverra örþrifaráða gripið var.

6. tafla. Sjálfsmorð drykkjumanna.

Svefnlyf	9
Henging	3
Skotvopn	2
Eggjárn	1
Drekking	1
Fall úr glugga	1
	17

Skýrsla þessi um dánarmein drykkjumanna er fyrst og fremst reist á dánarvottorðum. Krufning var gerð á 89 líkanna, svo að greining meina hlýtur að teljast sæmilega örugg. Skyndidauði er algengur meðal drykkjumanna. Af þeim 131, sem hér er skýrt frá, lézt 81 snögglega eða innan fárra klukkustunda (slys, hjartadauði, sjálfsmorð). Að 35 var komið látnum, ýmist innan dyra eða utan, og um 31 verður með vissu sagt, að þeir voru ölvaðir við andlátið, þótt sennilega hafi þeir verið fleiri.

Um einstæðingsskap og aðra ógæfu þessara manna bera eftirfarandi ummæli vitni, en þau er að finna meðal margra svipaðra í dánarvottorðum þeirra:

Fannst látinn í íbúð sinni liggjandi á gólfinu. — Fannst látinn í rúmi sínu eftir þriggja vikna drykkjuskap (hauskúpubrot og heilaköddun). — Fannst látinn í herskála. — Hafði drukkið í sjö daga samfleytt, er hann fannst látinn í rúmi sínu. — Hinn látni fannst örendur í herbergi sínu, og var líkið mjög farið að rotna, þegar að var komið. — Fannst látinn í vinnustofu sinni. — Fannst brunninn á verkstæði sínu. — Fannst hengdur í íbúð sinni h. 2. marz, en hefur sennilega hengt sig 9. febrúar. — Var tekinn ölvaður á götu af lögreglu, settur í kjallara hennar og fannst þar látinn morguninn eftir. — Mikið ölvaður, er hann lézt liggjandi á dívan í útiskúr við Sænska frystihúsið.

Þetta eru aðeins sýnishorn þess, sem dánarvottorð tilgreina um aðstæður, þegar dauðann bar að. Loks skal þess getið, að þótt einn sjúkdómur, t. d.

lungnabólga, berkjubólga eða lungnalopi, sé í vottorði talinn aðaldánarorsök, eru oft fleiri sjúkdómar nefndir samverkandi að dauðanum. Er þá algengast, að um sé að ræða bráð eða langvinn áfengisáhrif eða skemmdir í líffærum, svo sem fitulifur eða bólga og drep í briskirtli.

Niðurstöður:

1. Drykkjumenn þola verr en aðrir sjúkdóma og önnur áföll vegna veiklunar ýmissa líffæra af völdum áfengis.
2. Drykkjumenn deyja fyrir aldur fram.
3. Slysadauði er fjórum sinnum algengari meðal drykkjumanna en landsmanna í heild.
4. Sjálfsmorð eru tíu sinnum tíðari hjá drykkjumönnum en landsmönnum yfirleitt.
5. Hjartasjúkdómar og krabbamein eru lítið eitt fátíðari hjá drykkjumönnum en landsmönnum í heild, og er skýringin á því vafalaust sú, að þeir deyja yngri.

Bréf 11 skólastjóra.

Bréf rektors Menntaskólans í Reykjavík, dags. 19. marz 1965.

Áfengismálanefnd Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.

Sem svar við bréfi háttvirtrar þingnefndar, dags. 3. þ.m., þar sem óskað er umsagnar minnar og skoðunar á áfengisneyzlu nemenda Menntaskólans í Reykjavík, skal þetta tekið fram:

Það liggur í augum uppi, að miklu erfiðara er að dæma um hegðun og heildarframferði nemenda í skóla, þar sem ekki er heimavist, heldur en í heimavistarskóla, þar sem nemendur eru undir eftirliti kennara mestan hluta sólarhringsins. Það er alger undantekning, að nemandi komi drukkinn í skólann eða drekki þar, enda mundi það varða brottrekstri. Helzt er að afla upplýsinga í þessum efnum á skemmtunum skólans eða alllöngum ferðalögum (svo sem fimmtabekkjarferðum), svo og við dvöl í Selinu.

Eftir rúmlega 40 ára kynni af nemendum skólans held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að áfengishneigð og áfengisneyzla nemenda hafi farið stórum minnkandi hin síðari ár. Að vísu eru því miður alltaf einhverjir örfáir ofdrykkjumenn í hópi nemenda. En langoftast hafa þeir vanizt ofdrykkju, áður en þeir komu í þennan skóla, og oftast hrökklast þeir burt úr skólanum, án þess að ljúka fullnaðarprófi.

Í 73. gr. reglugerðar fyrir menntaskóla eru eftirfarandi viðurlög um ölvun nemenda: „Nemendur mega aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólanna. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna, og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlega úr skóla."

Svipuð viðurlög eru sett í reglum fyrir félagsheimilið Íþöku, sem nemendur reka sjálfir. Ef nemandi kemur drukkinn eða vín sést á honum á samkomu eða skemmtun heimilisins, bannar félagsheimilisnefnd honum að koma á samkomur eða skemmtanir heimilisins um þriggja mánaða skeið. Og ef brotið er endurtekið, er honum algerlega vísað burt. Þessi viðurlög, sem nemendur hafa sjálfir sett og fylgt fast eftir allt frá upphafi félagsheimilisins, hafa, að minni hyggju, átt drjúgan þátt í því að útrýma drykkjuskap meðal nemenda og skapa þá skoðun meðal þeirra, að óhæfa og ósvinna sé að hafa vín um hönd í húsum skólans.

Um ferðalög og dvöl í Selinu er svipaða sögu að segja. Þeir kennarar, er umsjón hafa á þessum sviðum, ljúka upp einum munni um það, að mjög hafi dregið úr áfengisneyzlu meðal nemenda Menntaskólans.

Það, sem að ofan er sagt, er í fullu samræmi við skoðun þeirra kennara, er mest og bezt kynni hafa af nemendum skólans.

Það er innileg von mín, að þetta ástand í áfengismálum skólanemenda megi haldast og áfengisneyzla þeirra hverfa með öllu.

Samband bindindisfélaga í skólum var fyrst stofnað í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 30 árum (af Helga Scheving frá Vestmannaeyjum). Síðan hefur oftast verið hér bindindisfélag, en þó stundum fallið niður. Sem stendur er ekkert bindindisfélag starfandi í skólanum, enda skiptir mestu um hugarfar nemenda í þessum efnum.

Virðingarfyllst,

Kristinn Ármannsson, rektor.

Bréf skólameistara Menntaskólans á Akureyri, dags. 27. marz 1965.

Í reglugerð fyrir menntaskóla stendur:

„Nemendur mega aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis. Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólans. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlega úr skóla".

Þessi eru ákvæði reglugerðar um áfengisneyzlu nemenda í menntaskóla. Hér er ekki lagt algert bann við því, að nemendur bragði áfengi, enda mun það jafnan hafa verið svo í íslenzkum menntaskólum, að nemendur neyttu eitthvað áfengis. Eru áraskipti að því og fer eftir bekksögnum, og mun löngum mega rekja til fárra manna, hvaða andi ræður í hópnum. Þó ætla ég, að þeir muni nú færri en áður, sem ekki bragða áfengi. Aldarandinn er sá, að unglingar semja sig sem fyrst að siðum hinna fullorðnu. Þá mun það heldur ekki til þess fallið að draga úr áfengisneyzlu á Akureyri, að tveir veitingastaðir hafa nú vínveitingaleyfi. Slíkar „framfarir" munu vart til þess gerðar að stuðla að því, að Akureyri verði valinn skólabær.

Hin síðustu ár hefi ég ekki orðið þess var, að áfengi væri haft um hönd í húsakynnum skólans, hvorki hversdagslega né á skemmtisamkomum. Þó að aldrei muni hafa verið mikið um slíkt áður, ætla ég, að hér sé sízt um afturför að ræða. Á móti kemur hins vegar, að nemendur sækja nú skemmtanir í bænum mun meira en áður tíðkaðist, en þar mun margt óhreinna en í skólanum. Ber margt til, að þessi breyting hefur orðið. Í fyrsta lagi eru nemendur orðnir svo margir og húsakynni skólans svo þröng, að erfitt er um vik til skemmtana fyrir alla senn. Jafnframt því sem aðstaða skólans til skemmtanahalds hefur þannig versnað, hefur skemmtistöðum í bænum fjölgað, og gera þeir sitt til að ná í nemendur. Aukin fjárráð nemenda gera þeim og auðveldara fyrir að sækja dýrari skemmtanir. Og loks stækkar stöðugt sá hópur utanbæjarnemenda, sem býr í bænum. Í heimavistinni búa 175 manns, en utanbæjarnemendur alls í skólanum eru um 330, svo að það er aðeins rífur helmingur þeirra, sem kemst í heimavist. Hinir verða eðlilega í minni tengslum við skólann og dragast meira að bæjarlífinu en æskilegt væri, sumir hverjir. Um heimavistina þykist ég geta fullyrt, að hún sé enn óspillt, og vona ég, að það sé ekki af óskhyggju mælt. En meðan svo er, er kjarni skólans heilbrigður.

Játa ber, að fræðsla um áfengismál er ekki mikil í skólanum. Þó mun náttúrufræðikennarinn fræða nemendur um eðli og áhrif áfengis. Á bindindisdaginn er og jafnan fenginn fyrirlesari og reynt að vanda val hans, svo að líklegt sé, að orð hans hafi meiri áhrif. En megin-aðferð skólans til að hamla

gegn áfengisneyzlu er sú, að skólastjóri tali einkalega við þá nemendur, sem vitað er að neyta áfengis eða orðið hafi brotlegir. Árangur af slíku er einhver, en mætti eflaust vera betri.

Þórarinn Björnsson.

Áfengismálanefnd,
Alþingi.

Bréf skólameistara Menntaskólans að Laugarvatni, dags. 25. apríl 1965.

Mér hefur borizt bréf háttvirtrar Áfengismálanefndar Alþingis, þar sem beiðzt er upplýsinga varðandi ýmis atriði, er snerta áfengisneyzlu skólanemenda. Mér er ljúft að verða við beiðni nefndarinnar, og bið ég velvirðingar á því, hversu seinn ég er til svars, en því valda að nokkru óviðráðanlegar kringumstæður.

Um reynslu mína af áfengisneyzlu nemenda í þessum skóla og þær skoðanir mínar, sem á þeirri reynslu byggjast, vildi ég taka þetta fram:

1) Þegar ræða skal áfengisneyzlu menntaskólanemenda, ber umfram allt að minnast þess, að þeir eru því sem næst allir eldri en 16 ára. Langflestir vinna þeir fyrir sér á sumrum og taka þá þátt í atvinnulífi þjóðarinnar sem fullgildir einstaklingar. Ef þeir væru ekki í skóla, væru þeir vinnandi fólk árið um kring, eins og mikill fjöldi jafnaldra þeirra. Þegar þeir hefja menntaskólanám eru þeir því vel á veg komnir að temja sér siði og venjur þjóðfélagsins í heild og eru ekki frábrugðnir öðrum borgurum í viðhorfum, hegðun og háttum. Eina sérstaða þeirra er sú, að sem nemendur búa þeir — ekki sízt í heimavistarskólum — við ákveðnari og strangari aga en tíðkast við önnur störf í þjóðfélaginu. Í skóla verður unglingur að hlíta strangari kröfum um hegðun en gerðar eru til hans t. d. í verstöð. Þetta á ekki síður við um áfengismál en annað.

2) Að minni reynslu, fyrr og síðar, eru ætíð nokkur brögð að áfengisneyzlu meðal menntaskólanemenda. Miðað við þjóðarvenjur, tel ég þó ekki að hér sé um hættulega brýnan vanda að ræða: áfengisneyzla nemenda er hvorki almenn né á því stigi, að heilbrigði eða siðferði nemenda stafi hætta af, umfram þá hættu, sem óhjákvæmilega verður að telja að fylgi allri umgengni við áfengi. Frá þessu eru þó undantekningar, og þær of tíðar. Á þeim fimm árum, sem ég hef stýrt þessum skóla, hafa verið hér fjórir eða fimm nemendur, sem valdið hafa kennurum áhyggjum og kvíða vegna ráðaleysis síns gagnvart áfengi.

3) Reglugerð fyrir menntaskóla mælir svo fyrir að nemendur megi „aldrei ölvaðir vera eða á þeim sjást, að þeir hafi neytt áfengis". Enn fremur segir í reglugerð: „Áfengi má eigi hafa um hönd í húsakynnum skólans". Er því svo að sjá, sem áfengisneyzla í hófi utan húsakynna skólans sé ekki bönnuð. Heimavistarreglugerð skólans áréttir fyrirmæli reglugerðar og bannar auk þess nemendum að eiga eða geyma áfengi í húsakynnum skólans. Skólareglur krefjast sem sagt ekki bindindis af nemendum. Í samræmi við það, og með tilliti til þess, sem sagt er í 1. gr. hér að framan, hef ég haft þann sið, að hvetja nemendur ekki fyrst og fremst til bindindis, heldur til hollustu við skólann og hlýðni við þær reglur, sem þeir gangast undir, er þeir þiggja skólavist. Ég hef með öðrum orðum ekki leitað sérstakrar lausnar á því vandamáli, sem í áfengisneyzlu nemenda felst, heldur lagt það að jöfnu við önnur agavandamál. Viðbrigði nemenda við slíkri hvatningu eru sízt verri í áfengisefnum en öðrum efnum, en hvort hún hefur nokkur áhrif á almenn viðhorf þeirra við áfengisneyzlu, veit ég ekki.

4) Um viðurlög við brotum á reglum um áfengisneyzlu nemenda segir svo í reglugerð: „Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna, og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, ber að víkja hinum brotlegu úr skóla". Þessi

viðurlög nægja til að losa skólann við þá ábyrgð og þá fyrirhöfn, sem drykkfelldir nemendur valda. Til hjálpar nemendum ná þau skammt. Heimavistarreglugerð skólans gerir enn fremur ráð fyrir því, að senda megi brotlegan nemanda heim um stundarsakir til að ráðfæra sig við aðstandendur sína, án þess að honum sé vikið úr skóla. Að baki þessari ráðstöfun liggur sú skoðun, að skólinn þurfi nánari samvinnu við foreldra en nú tíðkast, ef hann á að geta rækt uppeldisskyldur sínar. Uppeldisstarf skólans verður ekki slitið úr samhengi við umhverfi hans, og hann getur ekki svo vit sé í kennt annað siðferði en heimili og þjóðfélag stuðla að. Brottrekstur er hvorki kennsla né uppeldi, heldur uppgjöf.

5) Ég tel ekki ástæðu til að ætla, að drykkjuhneigð nemenda sé almennari nú en þegar ég var sjálfur í skóla fyrir 25—30 árum. Mér virðist sem nemendur neyti áfengis í svipuðum mæli og þá, við svipuð tilefni og af svipuðum hvötum. Einnig virðist mér sem þeir í þessum efnum njóti enn svipaðs stuðnings og svipaðrar hvatningar til drykkju frá þjóðfélaginu utan skólanna. Ef um nokkurn nýjan vanda er að ræða, mun hann helzt sá, að nemendur komast nú í kynni við áfengi öllu yngri en áður tíðkaðist, en breytingu í þessa átt mátti greina þegar á mínum skólaárum.

6) Skipuleg bindindisstarfsemi er ekki í skólanum. Nemendur hafa ekkert bindindisfélag, og skólastjórn boðar ekki bindindi á skipulagðan hátt. Sérstök fræðsla um áfengismál er ekki veitt, nema þar sem námsefni gefur tilefni til. Hins vegar er eftir megni leitazt við að vekja athygli og skilning nemenda á því, að um áfengismál gilda sömu kröfur og sömu reglur og um önnur siðferðileg og heilbrigðisleg vandamál, sem þeir verða að taka ábyrga afstöðu til. Eins og nú er ástatt í áfengismálum þjóðarinnar, er það mitt leikmannsálit, að einmitt þetta sé brýnasta uppeldisnauðsynin.

Með mikilli virðingu,

Jóhann S. Hannesson, skólameistari.

Til Áfengismálanefndar Alþingis.

Bréf skólastjóra Verzlunarskóla Íslands, dags. 2. apríl 1965.

Áfengismálanefnd,
Ingvar Gíslason, formaður,
Alþingi.

Svar við bréfi yðar frá 3. 3. 1965.

Óhætt mun að fullyrða, að meiri hluti nemenda neyti ekki áfengis. Bindindisfélag er starfandi í skólanum. Í því eru 220 meðlimir eða 47% af heildartölu nemenda, og ekki eru allir bindindismenn skólans í félaginu. Af skólans hálfu er ekki um skipulagða áfengisfræðslu að ræða. Hins vegar eru nemendur auðvitað hvattir til bindindis og bindindissamtök þeirra studd eftir mætti.

Hinu er ekki að leyna, að jafnan er nokkur hópur pilta, sem situr um að neyta áfengis í sambandi við dansskemmtanir nemenda og ferðalög. Hefur svo jafnan verið, þó að allt sé gert til að halda þeim í skefjum. Kennarar eru jafnan til eftirlits á dansskemmtunum. Ber þeim að víkja tafarlaust brott af skemmtunum skólans þeim nemendum, er sekir gerast um áfengisneyzlu. Eru þessir nemendur síðan kallaðir fyrir skólastjóra og áminntir. Láti þeir ekki skipast við það, er heimilt að vísa þeim úr skóla, enda varðar áfengisneyzla í húsakynnum skólans brottrekstri. Þó er í lengstu lög skirrzt við að beita hörku. Hefur, sem betur fer, oft sannazt, að margur nemandinn, sem breyskur var um skeið, hefur séð að sér síðar.

Þótt ótrúlegt sé, ber meira á áfengisneyzlu meðal yngri nemenda en hinna eldri. Hefur sú breyting orðið á nú hin allra síðustu ár. Áður var þetta öfugt. Að öðru leyti tel ég drykkjuhneigð í sjálfu sér ekki almennari nú en áður. Hitt er annað mál, að nú hafa miklu fleiri en áður næga peninga til að láta margt eftir sér, sem áður var flestum ókleift.

Hinn áhrifagjarni og óharðnaði æskulýður er því umsetinn alls konar fólki, sem vill gera sér vanþroska hans og óstýrilátar hvatir að féþúfu. Nægir í því sambandi að minnast á leynivínsala, smyglara, danshús, sorpblaðaútgefendur o. s. frv. Þessara óþrifa á þjóðarlíkamanum gætir þeim mun meir, sem samfélagið hefur lítið gert til að beina eðlilegri athafnaþrá og félagsþörf æskulýðsins inn á heilbrigðar brautir. Er það mín skoðun, að bezta ráðið til að forða æskulýðnum frá glapstigum sé að skapa honum bætta möguleika til heilbrigðs félags- og skemmtanalífs undir handleiðslu manna, sem hlotið hafa sérmenntun til að hafa slíkt forystustarf á hendi. Nokkurrar viðleitni í þessa átt hefur orðið vart hin síðari ár, og er það allrar virðingar vert. En hinu er ekki að leyna, að átakið þarf að verða stærra og starfið markvissara, ef það á að bera tilætlaðan árangur.

Virðingarfyllst,

Jón Gíslason, skólastjóri.

Bréf skólastjóra Stýrimannaskólans, dags. 7. júlí 1965.

Háttvirt áfengismálanefnd Alþingis hefur, með bréfi dags. 3. marz s. l., farið þess á leit, að ég geri nefndinni nokkra grein fyrir skoðun minni og reynslu varðandi áfengisneyzlu nemenda þess skóla, sem mér hefur verið falið að stjórna, og hverjar reglur gildi um áfengisneyzlu nemenda og viðurlög gegn brotum á þeim. Enn fremur hvort ég telji drykkjuhneigð nemenda almennari og útbreiddari en áður.

Eins og háttvirtri áfengismálanefnd mun kunnugt eru nemendur þeir, sem Stýrimannaskólann sækja, orðnir fulltíða menn, þegar þeir koma í skólann, flestir um eða yfir tvítugt, enda þurfa þeir að hafa lokið áður a. m. k. 2ja ára siglingatíma sem hásetar eftir 16 ára aldur. Ég skal strax taka fram, að áfengisneyzla nemenda þessa skóla hefur í sjálfu sér ekki skapað neitt vandamál varðandi skólastarfsemina þau rúml. 20 ár, sem ég hef starfað við hann. Neyzla áfengis í skólanum er að sjálfsögðu algerlega bönnuð. Nemandi, sem gerist brotlegur af þeim sökum eða mætir illa í skólanum, án gildra ástæðna, er áminntur stranglega og hótað brottvikningu, ef slíkt endurtaki sig. Slíkar áminningar eru bókaðar og brottvikning um stundarsakir fylgir við ítrekað brot. Ég skal taka fram, að mjög fátítt er að beita þurfi þessum refsiaðgerðum, og yfirleitt hefur áminning í fyrsta sinn nægt, ef brögð verða að því, að nemandi sæki illa skóla.

Varðandi það, hvort drykkjuhneigð sé almennari og útbreiddari en áður var, vil ég taka fram, að ég hef ekki orðið var við nein meiri brögð að áfengisneyzlu nemenda á síðari árum, að minnsta kosti hefur ekki borið á því, að nemendur mæti verr í skólanum en áður var, og hefur þó fjöldi þeirra vaxið mikið á síðari árum.

Í sambandi við það atriði, hvort nokkur bindindisstarfsemi fari fram í skólanum, og hvort skólinn láti í té nokkra fræðslu um áfengismál og þá í hverri mynd, skal þess getið, að á vegum bindindisstarfsemi í skólum hafa stöku sinnum komið ágætir menn, sem haldið hafa fyrirlestra um áfengismál. Að öðru leyti hafa þau mál ekki verið sérstaklega rædd innan skólans, en við hverja skólasetningu hefur verið brýnt fyrir nemendum að nota vel skólatímann, sem er tiltölulega mjög stuttur miðað við námsefni, og þeir varaðir við áfengisneyzlu eða annarri óreglu.

Ég bið heiðraða áfengismálanefnd að afsaka, hve lengi hefur dregizt að svara erindi hennar, sem barst mér um það leyti, sem undirbúningur að prófum var að byrja, en þau hefjast í marz. Lagði ég erindið til hliðar, en einhvern veginn hefur það fallið mér úr minni í prófönnunum, þar til nú fyrir skömmu. Vona ég, að þessi dráttur á svari mínu, sem ég er mjög leiður yfir, komi ekki að sök.

Virðingarfyllst,

Jónas Sigurðsson.

Til Áfengismálanefndar Alþingis.

Bréf skólastjóra Bændaskólans á Hvanneyri, dags. 28. marz 1965.

Sem svar við bréfi yðar frá 3. þ. m. skal þetta tekið fram:

Áfengisneyzla er bönnuð þann tíma, sem nemendur eru í skóla. Tiltölulega lítið er út af því brugðið. Komi það fyrir, er nemandi áminntur, og einstaka sinnum hefur nemanda verið vísað úr skóla um lengri eða skemmri tíma eða alveg.

Brot gegn áfengisneyzlu fara ekki vaxandi, en að sjálfsögðu er þar mismunur milli ára.

Nemendur eru áminntir um bindindi og stundum eru aðkomumenn fengnir til að flytja fyrirlestra um það efni.

Virðingarfyllst,

Guðm. Jónsson.

Áfengismálanefnd,
Alþingi.

Bréf skólastjóra Gagnfræðaskólans í Neskaupstað, dags. 26. apríl 1965.

Áfengismálanefnd,
Alþingi.

Vegna bréfs yðar frá 3. marz s. l. vil ég taka eftirfarandi fram:

1. Áfengisneyzla í skólanum eða á skemmtunum hans er vitanlega bönnuð og brot á þeirri reglu er brottrekstrarsök. Áfengisneyzla nemenda utan skólans eða á skemmtunum, sem ekki eru á hans vegum getur einnig verið brottrekstrarsök, en er þó matsatriði hverju sinni.
2. Áfengisneyzla nemenda er yfirleitt hverfandi lítil, en virðist þó heldur fara vaxandi og er það þá einkum á dansleikjum utan skólans.
3. Nokkur fræðsla er um bindindismál í öllum bekkjum, einkum í sambandi við kennslu í félagsfræði og heilsufræði.

Virðingarfyllst,

Þórður Kr. Jóhannsson, skólastjóri.

Bréf skólastjóra Gagnfræðaskóla Austurbæjar, dags. 23. marz 1965.

Varðandi heiðrað bréf yðar frá 3. 3. 1965 skal þetta tekið fram:

1) Áfengisneyzla innan skólans, á skemmtunum hans og í hópferðalögum, er að sjálfsögðu *stranglega bönnuð*, og hefur jafnan verið reynt að gæta til hins ítrasta, að því banni væri fylgt.

2) Stöku sinnum hafa örfáir einstaklingar reynt að brjóta þessa reglu í sambandi við hópferðalög og árshátíðir, haldnar utan skólans. Vökul aðgæzla umsjónarkennara hefur þó nær undantekningarlaust í tæka tíð komið í veg fyrir, að slíkar tilraunir tækjust.
3) Viðurlög við slíkum brotum eru fyrst áminning, en brottrekstur, ef um ítrekað alvarlegt brot væri að ræða. Til brottrekstrar af þessum sökum hefur ekki komið nú um margra ára skeið.
4) Ég hef ekki orðið þess var í samskiptum skólans við nemendur, að drykkjuhneigð hafi aukizt. Það hefur þvert á móti á síðustu árum æ sjaldnar komið fyrir, að nokkur nemandi reyndi að smygla áfengi inn á skemmtun haldna í skólanum. Hvort nemendur kunna að brjóta af sér á þessu sviði í Lídó eða öðrum almennum samkomuhúsum hefur skólinn því miður enga aðstöðu til að fylgjast með.
5) Bein bindindisstarfsemi er ekki rekin í skólanum, nema hvað nemendur ræða þessi vandamál eins og önnur fleiri á málfundum sínum.
   Í allri kennslu, hvar sem þessi mál ber á góma, er að sjálfsögðu reynt að vekja athygli á skaðsemi áfengis og þeim hættum, sem neyzla þess veldur. Einkum er heilsufræðikennsla, sem fram fer í 2. og 3. bekk, vettvangur þessarar fræðslu.
6) Ég tel, að öruggt og vakandi eftirlit með félags- og skemmtanalífi unglinga, samfara nauðsynlegri fræðslu og hæfilegri íþróttastarfsemi sé bezt vörn gegn því, að nokkur unglingur hneigist til áfengisneyzlu.

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Sigurjónsson.

Til áfengismálanefndar Alþingis.

Bréf skólastjóra Gagnfræðaskólans á Akureyri, dags. 30. júlí 1965.

Hæstvirt áfengismálanefnd Alþingis,
Reykjavík.

Sem svar við fyrirspurnum hæstvirtrar Áfengismálanefndar Alþingis, dags. 3. marz 1965, leyfi ég mér að taka fram eftirfarandi:

Það er skemmst af að segja, að áfengisneyzla nemenda Gagnfræðaskólans á Akureyri er svo hverfandi, að því er bezt verður vitað, að drykkjuskapur þeirra er lítið sem ekkert vandamál. Sem dæmi má nefna, að af 90 nemendum 4. bekkjar s. l. vetur hafði ég aðeins hugboð um, að 2 piltar væru ekki hreinir af áfengisneyzlu, en það var aðeins grunur. Það hefur aldrei borið við, að nemendur sjáist kenndir á skólasamkomum, sem þó eru á 2—3 vikna fresti að vetrinum og jafnan mjög fjölsóttar. Á áramótadansleik s. l. vetur, þar sem saman voru komnir um 400 nemendur, slæddust inn 2 aðkomupiltar, sem voru nokkuð við skál, en þeir voru fjarlægðir þegar í stað. Í heild má því segja, að ástandið hér í skólanum sé gott í áfengismálum, þó að örfáar undantekningar, sem telja má á fingrum sér, kunni að finnast í þeim 650—700 nemendahópi, sem þennan skóla sækir. — Hins vegar virðast mér tóbaksreykingar nemenda færast ískyggilega í vöxt, og þá engu síður meðal stúlkna, og þar er kýli, sem grípa þyrfti á með meiri festu en hingað til.

Það skal tekið fram, að í reglum skólans, sem allir nýnemar fá í hendur, segir svo: „Nemendur eru eindregið hvattir til að neyta alls ekki tóbaks. Reykingar eru þeim stranglega bannaðar í skólahúsunum og nágrenni þeirra, svo sem við íþróttahús og sundlaug. — Nemendum er stranglega bannað að neyta

áfengis, hvar sem er og hvernig sem á stendur". — Viðurlög eru ströng áminning við fyrsta brot og brottvikning við endurtekið brot, hvort tveggja að undangenginni rannsókn málsins fyrir „skólarétti". Ekki minnist ég þess, að til brottvikningar nemanda hafi komið af þessum sökum nema í eitt skipti þau 18 ár, sem ég hef starfað við þennan skóla.

Bindindisfræðsla er hér því miður alltof lítil og þyrfti að stórauka fræðslu- og áróðursstarfsemi í skólanum um þau efni. Þó eru árlega flutt nokkur erindi og sýndar kvikmyndir í þessu skyni, oft í samvinnu við Stórstúku Íslands og IOGT á Akureyri. Þess skal getið, að nemendur skólans tóku virkan þátt í bindindisviku þeirri, sem hér var haldin s. l. vetur, með því m. a. að koma upp hér í skólanum sýningu í máli, myndum og línuritum, og var hún til sýnis hér á göngunum í rúma viku. Var hún mjög vel til þess fallin að vekja til umhugsunar um áfengismálin og einnig um háska þann, sem stafar af tóbaksreykingum. Nemendur unnu einir að undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar með aðstoð teiknikennarans, Einars Helgasonar. — Bindindisfélag starfar ekki í skólanum.

Ekki get ég annað sagt en mér virðist bindindissemi og víndrykkja meðal nemenda skólans litlum breytingum hafa tekið í fjölmörg ár, og tel ég, að ástandið í heild sé sízt verra en annars staðar, þar sem ég hef spurnir af. E. t. v. er það því að þakka, að æskulýðs- og félagsstarfsemi hefur lengi staðið með blóma hér í bænum, svo að ungmenni eiga jafnan kost á hollum tómstundaverkefnum, þau sem þess óska. Hitt er ljóst, að erfiðast er jafnan að ná til þeirra og gera þá virka í þroskavænlegum félagsstörfum, sem mesta hefðu þörfina. Þeir eru þó, til allrar hamingju, miklu færri en hinir.

Virðingarfyllst,

Sverrir Pálsson, skólastjóri.

Bréf skólastjóra Skógaskóla, dags. 15. marz 1965.

Heiðraða áfengismálanefnd Alþingis.

Hef móttekið heiðrað bréf yðar dags. 3. þ. m. og fullvissa yður um samstarfsvilja minn varðandi þau vandamál, sem um er rætt.

Nemendur í skóla mínum neyta ekki áfengis á skólatíma, þar sem það er bannað í reglum skólans og áfengisneyzla varðar tafarlausa brottvísun úr skólanum. Einhver brögð munu að því, að einstakir nemendur bragði áfengi á skemmtisamkomum á sumrum, enda tækifæri næg.

Í skólanum eru allir nemendur í bindindisfélagi, sem starfað hefur síðan 1955. Nokkuð er unnið að fræðslu um áfengismál. Skólinn sendir árlega 5 til 6 fulltrúa á þing S.B.S. í Reykjavík. Þá gengst skólinn fyrir árlegri bindindishátíð í samvinnu við áfengisvarnanefndir í Rangárþingi. Þangað er boðið öllum nemendum efstu bekkja barnaskóla sýslunnar. Nemendur héraðsskólans sjá um flest skemmtiatriði á hátíð þeirri. Einnig er algengt, að sendimenn frá áfengisvarnaráði komi í skólann, flytji erindi, sýni kvikmyndir og fræði nemendur á margan hátt um skaðsemi áfengis og tóbaks.

Ekki sýnist mér drykkjuhneigð unglinga almennari en áður, en því ber sízt að leyna, að opinberir dansleikir, sem unglingar sækja mjög, eru miður heppilegir né æskilegir til uppeldis. Margir foreldrar skipta sér ekki af, hvaða skemmtanir börn þeirra sækja, eða þá ráða ekki mikið yfir þeim, er þau hafa náð fermingaraldri.

Mér virðist tímabært að stöðva það, að unglingar í sveitum sæki opinbera dansleiki undir 16 ára aldri og raunar er það lágmark varla nóg eins og allt er í pottinn búið. Draga þarf úr áfengis- og skemmtanaáróðri, stórauka bindind-

isstarfsemi og efla heilbrigt og þjóðlegt félagslíf meðal ungs fólks. Það sama getur líka átt við um fullorðna fólkið, sem auðvitað leiðir og mótar hina nýju kynslóð hverju sinni.

Með ósk um ríkulegan árangur af starfi yðar kveð ég.

Virðingarfyllst,

Jón R. Hjálmarsson.

Bréf skólastjóra Alþýðuskólans á Eiðum, dags. 16. marz 1965.

Áfengismálanefnd Alþingis,
Reykjavík.

Mér hefur borizt bréf frá áfengismálanefnd, dags. 3. marz s. l. Skal ég fúslega verða við þeim tilmælum nefndarinnar að gera grein fyrir „skoðunum mínum og reynslu varðandi áfengisneyzlu nemenda skólans“ eins og það er orðað.

Fyrst vil ég geta þess, að hér í skólanum gilda strangar reglur um neyzlu tóbaks og áfengis, og hefur svo verið alla tíð að ég hygg. Neyzla áfengis hefur varðað hér tafarlausum brottrekstri. Til þess hefur stöku sinnum komið, að nemendum hefur verið vísað héðan burtu af þessum sökum. Er skemmst að minnast þess frá síðasta vetri, þegar þrem piltum var vikið héðan en sjö aðrir fengu stranga áminningu vegna einhvers konar þátttöku í verknaðinum.

Varðandi þetta umrædda atvik leyfi ég mér að senda afrit af greinargerð skólastjóra frá í fyrra, Þórarins Þórarinssonar, sem nú er í veikindaleyfi, en þar kemur glögglega fram mest af því, sem varðar beint þær spurningar, er þér beinið til skólans.

Um það atriði, hvort drykkjuhneigð nemenda í skólanum sé meiri eða hafi aukizt, vil ég segja þetta:

Það er vafasamt að svo sé. Hins vegar er það á allra vitorði, að drykkjutízka hefur færzt óhugnanlega í aukana, og allt umhverfið er bókstaflega fljótandi í áfengi. Þess vegna getur aðeins skilyrðislaust bann og strangur agi í skólanum haldið þessu í skefjum.

Ég vil ekki fullyrða, að meiri erfiðleikar séu á að halda þessari reglu skólans í heiðri en áður var, ef aðeins er miðað við nemendurna einangraða, eins og við áttum áður við að búa. En umhverfið er svo mörgum sinnum erfiðara en áður var. Drykkjutízkan er almennari. Fjárráðin eru meiri. Samgöngur eru greiðari, og allir hafa ráð á bílum, ekki sízt ungir menn, sem láta gamminn geysa. Almenningsálitið virðist styðja heldur að þessari þróun. Allri tilslökun er hvarvetna fagnað. Skólanemendur eru engin undantekning frá öðrum í því efni, sem heldur er ekki von. Þetta hjálpast allt að til að veikja þá viðleitni skólans, að vinna gegn þessari tízku. Þetta kemur greinilega fram í greinargerð þeirri, er ég sendi hér með. Þeir nemendur og aðrir, sem lent hafa í kasti við skólann, ýmist vegna brota á áfengisbanni hans eða af öðrum ástæðum, eru fúsir til að flytja nemendum áfengi og reyna þannig að ná sér niðri á skólanum eða skólastjóranum. Við þetta vandamál er stöðugt glímt hér. Nú í vetur hef ég t. d. neyðzt til að kæra slíka flækinga, er drukknir réðust inn á prívatsamkomu í skólanum, og árshátíð skólans, þar sem einkum voru foreldrar og aðrir velunnarar skólans, reyndist ekki unnt að halda nema undir löggregluvernd.

Þannig er umhverfi skólans. Við teljum, að nægilegt starf sé að reka og stjórna sæmilega fræðslu- og uppeldisstofnun, þótt ekki komi til að auki stríð við óvalinn flækingalýð, sem einskis svífst, og mundi fyrst af öllu vilja veita áfengi inn í skólann.

Það er álit mitt, að einn meginþáttur þess, að hægt verði að útiloka áfengi með öllu úr skólunum sé sá, að þeim verði fyrst af öllu tryggður starfsfriður, þ. e. gert mögulegt að loka sig af eftir þörfum. Einangrunin, sem áður var á vissan hátt styrkur í þessum efnum, er ekki lengur fyrir hendi. Hún er rofin, fyrst og fremst af þeim, sem sízt eiga erindi við okkur.

Fræðsla um skaðsemi áfengis er látin hér í té eftir því sem við verður komið. Ég hef í vetur gert tilraun til að fá hingað áhrifamann um þessi mál, en ekki tekizt enn. Hins vegar látum við ekkert tækifæri ónotað til að minna á þessi mál, þótt mér sé vel ljóst, að það mætti vera meira. Við höfum lagt tiltölulega miklu meiri vinnu í fræðslu um skaðsemi tóbaks, og fengið héraðslækni og fleiri til að fræða nemendur um það, enda eigum við í mun meiri erfiðleikum á því sviði. Hér austur á landi er erfitt um vik að fá hæfa menn til að flytja erindi, sem verulegt mark er tekið á, og væri vissulega vel þegið, ef kostur væri á úrbótum.

Læt ég svo lokið þessu svari mínu. Ég vona, að starf þessarar þingnefndar verði heilladrjúgt og í kjölfar þess komi ráðstafanir, sem haldgóðar reynast, ekki sízt fyrir skóla, sem líkt stendur á um og minn skóla.

Virðingarfyllst,

Halldór Sigurðsson.

Afrit af greinargerð skólastjóra Eiðaskóla vegna áfengisneyzlu í skólanum, dags. 20. apríl 1964.

Með bréfi yðar, hr. sýslumaður, dags. 9. 4. sendið þér bréf saksóknara ríkisins, þar sem hann krefst upplýsinga varðandi agaviðurlög þau, er skólanemendur hér í skólanum hlutu vegna brots þeirra á reglum skólans í jan. s. l., og óskar saksóknari jafnframt eftir umsögn minni og tillögum um þetta mál.

Um agaviðurlögin leyfi ég mér að vísa til meðfylgjandi útskriftar úr gerðabók skólans.

Í framhaldi af því, er þar segir, viku piltarnir þrír, þeir . . ., þegar úr skólanum, er þeim hafði verið tilkynnt ákvörðun þessi, og hinir piltarnir, er í málið flæktust, sættu alvarlegri áminningu í áheyrn alls skólans.

Umsögn mín og tillögur um mál þetta fara hér á eftir.

Hér á Austurlandi, eins og annars staðar á landinu, hefur áfengisnautn unglinga aukizt stórlega hin síðari ár. Orsakir sjálfsagt þær sömu og annars staðar. Mistök í uppeldi, drykkjutízka hinna fullorðnu og auðgripnir fjármunir.

Síðan síldin lagðist að hér á Austurlandi virðist þetta ástand hafa stórlega versnað. Af þeim sögum, er heyrast frá síldarvinnslustöðvunum, virðist lítið vera skeytt um framtíð þeirra unglinga og barna, er þar vinna. Svo virðist, sem unglingunum sé bókstaflega kennt að drekka á vinnustöðunum. Móðir eins þeirra þriggja pilta, er urðu að hverfa héðan úr skólanum, tjáði mér, að sá siður hefði viðgengizt á plani því, er sonur hennar vann á s. l. sumar, að á kvöldin, eftir „góðan dag", hefði verið gengið um með „genever"flösku og helt á krús handa þeim er vildu.

Til enn frekari skilnings á því vandamáli, sem hér er á ferð, leyfi ég mér að senda afrit af ritgerð, sem einn nemandi hér, 16 ára gamall, gerði í vetur, sem á „drastiskan" hátt lýsir umhverfi því, sem foreldrarnir keppast við að senda börnin í, og þeirri skólun, sem unglingarnir fá áður en þeir koma í heimavistarskólana.

Um einn þeirra pilta, er að áfengismálinu stóðu, og hefur unnið á síldarplani og síldarverksmiðju undanfarin ár, hefur mér verið tjáð, að hann hafi neytt áfengis um hverja helgi síðastliðið sumar, meira og minna. Af framanskráðu má ráða í, við hvern vanda er að fást.

Með ströngum aga og daglegu eftirliti kennara og skólastjóra hefur tekizt að halda þessum ófögnuði utan skólans.

Nú skeði það í vetur að skólastjóri lagðist í rúmið í janúarbyrjun og lá rúmfastur um þriggja vikna skeið. Virtust þá alls konar öfl leysast úr læðingi, sem ekki hafði örlað á áður, t. d. brot á ýmsum skólareglum, svo sem banni við að fara að heiman án leyfis o. s. frv. Nemendur fullyrða, að til þessara tíðinda hefði ekki dregið ef skólastjóri hefði getað fylgzt með hátterni þeirra, svo sem venja hefur verið, en kennarar uppteknir af mikilli kennslu. Við það, sem hér hefur verið sagt, má svo enn bæta, að vegir allir, jafnt um Hérað sem til fjarða, hafa verið sumarauðir og umferð því mikil. Unglingar þeysast á bílum, sumir eigin bílum, um allar jarðir, og sækja mjög að heimavistarskólunum um allar helgar, og raunar oftar. Þessi flækningslýður fer sífellt vaxandi og hefur reynzt ófært að koma í veg fyrir, að hann hafi meira og minna samband við nemendur, sumt eru sveitungar þeirra, aðrir félagar af vinnustöðvunum, og enn aðrir, og sá hópurinn er verstur — eru uppflosnaðir eða brottviknir nemendur héðan, sem skeyta hvorki um skömm né heiður.

Vitað er, að unglingar á þessu aldurs- og þroskastigi, sem hér um ræðir, eiga skamma leið til aðdáunar á þeim, er finnst þeir vera „kaldir karlar", og njóta þess að láta þá segja af sér hreysti- og slarksögur og telja í sig kjark. Ekki er því auðvelt að komast að raun um, hvort frumkvæði til misferlis er frá þeim sjálfum komið eða öðrum.

Okkar reynsla er sú að þeir, sem komizt hafa í kast við aga skólans, vilja oft ná sér niðri á honum og þá sjálfsagt skólastjóranum, mér. Þeir hvetja nemendur til óhæfuverka og eru fúsir á liðveizlu í því skyni.

Allt, sem hér að framan hefur verið sagt, verður að hafa í huga, þegar dæma skal um agabrot unglinga í skóla — þegar refsingin getur varðað framtíðarheill þeirra og hamingju. — Þegar slíkt mál sem þetta kemur upp, er það einn hópur manna, sem langþyngsta ber sökina, og sem samþykktir kennarafunda ná ekki til, en það eru þeir, sem vísvitandi eða þá af fáfræði og fullkomnu ábyrgðarleysi stuðla að drykkjutízku og annarri óreglu ómótaðra unglinga. Eiga hér sök jafnt verkstjórar og eigendur síldarplana, bílstjórar og forstöðumenn skemmtistaða, og félagar. Síldarplönin t. d., er græða milljónir á vinnu þessara unglinga, eru vissulega ekki of góð að veita þeim aðra umbun fyrir starf sitt, en veita þeim áfengi, að loknum starfsdegi eða nesta þá með því í skemmtiferðum.

Því tel ég þá menn utan skólans, sem sumpart auðvelduðu og sumpart gerðu unglingunum mögulegt að komast yfir áfengið, í máli því, sem hér um ræðir, eiga skilyrðislaust að sæta þeirri þyngstu refsingu og ábyrgð, sem lög framast leyfa fyrir slíkan verknað. Bæði gæti það orðið slíkum skólum nokkur vörn, og svo er sök þeirra það mikil og miklu stærri en hinna óþroskuðu unglinga, er við þetta mál voru riðnir. Verð ég að telja, að viðurlög þau, er skólinn beitti, sé þeim næg refsing a. m. k. við fyrsta brot, og jafnframt sú áminning, er að haldi mætti koma.

Virðingarfyllst.

Til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu,
Eskifirði.

Afrit af ritgerð nemanda í 2. bekk Eiðaskóla veturinn 1963—1964.
Nemandinn er 16 ára gamall.

Ferðalag.

Það var ákveðið á söltunarstöðinni, sem ég var á í sumar, að fara í skemmtiferðalag klukkan fimm á laugardegi og stundin var komin, bíllinn

til og fólkið komið í stuð. Allir drifu sig í bílana og hverjum tveimur var gefin flaska af geniver í fararnesti.

Það var skylda hvers að drekka sig kenndan, en ég held að ég hafi gerzt lögbrjótur eða nærri því.

Allir drógu tappann úr og blönduðu þegar komið var upp á fyrsta hjallann og þar var stoppað nokkra stund, en svo þegar átti að halda áfram, stóð einn farþeginn upp og réðist á bílstjórann. Hann var skjótur til ráða og fleygði honum út úr bílnum, og var hann síðan skilinn eftir þarna en ferðinni haldið áfram upp á fjallsbrún. Þá var orðið mál að pissa og blanda, svo ekki yrði drukkið óblandað.

Nú var haldið áfram niður í þorp og gekk á ýmsu. Mönnum kom ekki alltaf sem bezt saman og verkstjórinn okkar hafði nóg að gera að stilla til friðar, sumir voru farnir að rífast um hvort þeir fengju jafnmikið úr flöskunni, en allt gekk slysalaust að mestu.

Við stoppuðum smástund í kaupfélagssjoppunni, en héldum síðan inn á Velli og hittum fólk, sem hafði verið í stöðinni í sumar og buðum þeim með, og þau komu þrjú, . . . Síðan var haldið áfram út á brú og norður í Fljótsdal. Sú ferð var söguleg, sumir dóu, aðrir rifust, sumir næstum slógust, fáir virtu fyrir sér hið fagra landslag og einn ætlaði að henda sér út úr bílnum á fullri ferð en náðist í hann á síðustu stundu, þegar hann var búinn að opna hurðina og var kominn hálfur út úr bílnum.

Við fórum á ball í Végarði um kvöldið og vorum þar til kl. hálf þrjú og komum ekki heim fyrr en kl. fimm morguninn eftir.

Þá var lögreglan búin að sækja manninn, sem hent var út úr bílnum, og setja hann í braggann.

Bréf Einars Ingimundarsonar, bæjarfógeta á Siglufirði, dags. 28. maí 1965.

Þér hafið hr. alþingism. í umboði áfengismálanefndar ritað mér bréf dags. 20. þ. m., þar sem til þess er mælzt, að ég geri nefndinni nokkra grein fyrir því ástandi, sem skapast í umdæmi mínu, Siglufirði, þegar mikið aðstreymi fólks, aðallega sjómanna og landverkafólks, er til staðarins. Sérstaklega er til þess mælzt, að ég skýri frá reynslu minni, fyrst og fremst hvað snertir áfengisneyzlu á staðnum undir slíkum kringumstæðum og hvers konar vandræði það sé, sem stafa af áfengisneyzlu við hinar sérstöku kringumstæður, sem hér verða oft fyrir hendi á sumrum.

Samkvæmt efni bréfs yðar mun ég því í eftirfarandi svari mínu einskorða mig við sumarmánuðina (júní, júlí og ágúst) og það ástand, sem hér getur skapazt þá mánuði, samkvæmt reynslu minni fyrr og síðar. Á því það, sem ég segi hér á eftir um lífið á Siglufirði aðeins við um sumarmánuðina, sem ég áður nefndi.

Svo sem kunnugt er hefur Áfengisverzlun ríkisins haft hér útsölu áratugum saman. Hefur þess verið gætt vandlega í embættistíð minni (frá 1952) og fyrirrennara minna einnig, eftir því, sem ég bezt veit, að loka jafnan áfengisútsölunni hér, þegar fyrirsjáanlegt er, að síldveiðiskip muni tugum og jafnvel hundruðum saman safnast hér saman vegna óveðurs á hafinu (landlega). Tel ég, að það *myndi hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef útsölunni væri ekki lokað,* þegar þannig stendur á. Nógu slæmt getur ástandið orðið samt í landlegum síldveiðiflotans, þótt útsölunni sé þá lokað, svo sem ég mun síðar víkja að. — *Langt er þó frá því, því miður, að lokun áfengisútsölunnar hér sé einhlítt ráð til að fyrirbyggja ölvun, óspektir og háreisti aðkomufólks meðan á landlegum stendur* og liggja til þess ýmsar orsakir, sem ég mun nú víkja að. — Það er mín reynsla, að áhöfn nálega hvers einasta síldveiðiskips, er hér leitar hafnar, þegar veiðar eru útilokaðar vegna veðurs, sé nærri sem einn maður ráðinn í að njóta líðandi stundar í landi við dans, skemmtanir og síð-

ast en ekki sizt áfengisneyzlu langt úr hófi fram. Dansleikir eru þá oftast haldnir hér á hverju kvöldi í þeim samkomuhúsum, sem hér eru til, en langt er frá því, að inn á þá komist allir, sem komast vilja, þegar síldveiðiskip liggja hér jafnvel hundruðum saman og auk áhafna þeirra eru hér e. t. v. mörg hundruð landverkafólks samankomið víðs vegar af landinu. Eru þá götur bæjarins að jafnaði samastaður alls þessa fólks, sjómanna og annarra aðkomumanna. Er skemmst frá að segja, þegar svo stendur á, að naumast heyrist mannsins mál, vegna óláta og háreistis ölvaðra manna, sérstaklega þegar á daginn líður og mest þó, þegar dimma tekur nótt. Á þessi lýsing við, þrátt fyrir það, að áfengisútsalan sé lokuð frá upphafi landlegu, því að á það hefur ekki reynt, a. m. k. ekki í minni embættistíð, að áfengisútsalan væri opin meðan landlega síldveiðiflotans stendur yfir. Sú spurning hlýtur í þessu sambandi að rísa, með hvaða hætti áfengis sé aflað, þegar áfengisútsalan er lokuð frá upphafi landlegu. Virðist það gert með ýmsum hætti. Sjómenn hafa nokkuð, sérstaklega á síðari árum, séð við væntanlegri lokun með því að birgja sig upp af áfengi, er þeir koma í land með afla, fara síðan með vínið í næstu veiðiferð eða ferðir og geyma það til næstu landlegu. Svo hefur mér reynzt sem lokun áfengisútsölu yrði eftir því áhrifaminni, sem lengra líður frá upphafi landlegu. Á fyrsta degi landlegu taka sjómenn og aðrir, sem mikinn áhuga hafa á áfengiskaupum, oft að gera pantanir á víni í næstu áfengisútsölu, t. d. hér frá Akureyri eða jafnvel frá Reykjavík. *Á öðrum eða þriðja degi taka svo pantanir þessar að berast í pósti í stórum stíl* og dregur þar með úr áhrifum lokunar vínbúðar á viðkomandi stað. Einnig er það alltítt, að bifreiðar séu pantaðar eða sendar frá næstu áfengisútsölu til staða þar sem síldveiðiflotinn liggur í höfn, en áfengisútsala er ekki á viðkomandi stað eða er lokuð. Er hér ekki um ólöglega áfengissölu að ræða heldur sendiferðir með löglega keypt áfengi. Slíkar sendiferðir er erfitt eða ómögulegt að fyrirbyggja. *Beina óleyfilega áfengissölu tel ég hins vegar hafa verið hverfandi litla* hér á Siglufirði síðustu ár. Löggæzla er hér tiltölulega öflug á sumrum miðað við það sem verið getur, þar sem það getur hent, að mörg hundruð ef ekki þúsundir drukkinna aðkomumanna safnast saman á mjög takmörkuðu svæði. Aðstaða til löggæzlu má einnig teljast góð hér. Er hér t. d. fangageymsla með 8—9 klefum.

Á árunum 1961—1963 var tala þeirra, sem kærðir voru af lögreglunni hér og hlutu refsingu fyrir ölvun á almannafæri þessi:

1961	89
1962	59
1963	61

Að baki þessara talna getur í mörgum tilfellum falizt viðburðarík saga og ömurleg, þar sem fámennt lögreglulið berst við menn, sem eru viti sínu fjær af ölvun og óspektarhneigð. Flestir hinna kærðu eru á þessum árum á aldrinum 18—25 ára, margir innan 21 árs aldurs, nær allir aðkomumenn, handteknir og kærðir að langmestu leyti í mánuðunum júní, júlí og ágúst.

Leiðir til úrbóta á því ástandi, sem hér á Siglufirði hefur oft skapazt, og jafnan er yfirvofandi þegar síld veiðist fyrir Norðurlandi og ég hef nú lýst hér að framan af raunsæi, að því er ég tel — mætti nokkrar nefna. Áhrifaríkustu leiðirnar teldi ég þó vera 2, báðar að vísu all-harkalegar:

1. Algjöra lokun áfengisútsala yfir sumarmánuðina á þeim stöðum, sem síldveiðiflotinn venur komur sínar til og
2. Algjört bann við sendingu áfengis í pósti.

Mildari leiðir væru hins vegar skilyrðislaus lokun áfengisútsala á þeim stöðum, þar sem landlega veiðiskipa er fyrirsjáanleg, t. d. vegna yfirvofandi óveðurs (sú leið hefur raunar verið reynd á undanförnum árum með misjöfn-

um árangri, svo sem lýst er hér að framan) og bann við að senda áfenga drykki í pósti frá áfengisútsölum til þeirra staða, þar sem vitað er, að margmenni hefur safnazt saman t. d. vegna landlegu síldveiðiskipa o. fl.

Tel ég mig þá hafa svarað í stórum dráttum því, sem mér er efst í huga vegna erindis áfengismálanefndar til mín í áðurnefndu bréfi. Geri ég mér þó ljóst, að svarið gæti verið lengra og ýtarlegra. Mun ég e. t. v. ef óskað verður síðar gera nánari grein fyrir sjónarmiðum mínum og áliti á hinum ýmsu þáttum umrædds vandamáls.

Einar Ingimundarson.

Áfengismálanefnd,
c/o Ingvar Gíslason, alþm.,
Möðruvallastræti 5, Akureyri.

Bréf Freymóðs Þorsteinssonar, bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, dags. 12. ágúst 1965.

Mér hefur borizt bréf frá áfengismálanefnd, dags. 20. maí s. l., þar sem óskað er eftir upplýsingum varðandi áfengismál og vertíðarlíf í Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir miklar annir skal ég leitast við að svara þessu að einhverju leyti.

Áfengissala er hér ekki, en *vín fá menn sent eftir pöntun frá Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík*. Magnið, sem hingað berst með þeim hætti mun vera allmikið, en ákveðnar tölur hef ég ekki fyrir hendi, en þeirra mun vera auðvelt að afla. Nokkuð berst að af ólöglegu áfengi með skipum, innlendum og útlendum, og hefur í nokkrum tilfellum tekizt að færa að því sönnur, og viðkomendur látnir sæta ábyrgð. Heimabrugg mun vera lítið, minnsta kosti til sölu. Ekki færi hjá því, að þess yrði fljótt vart, ef nokkuð kvæði að því. Á undanförnum árum hefur þó upplýstst um nokkur tilfelli og viðurlögum beitt.

Á sumrin er vínneyzla mun minni en á öðrum árstímum, þó að undanskilinni þjóðhátíðinni. Á vetrum er vínneyzla allmikil. Kemur þá hingað margt manna í atvinnuleit. Meðan sjósókn er samfelld og vinna þar af leiðandi óslitin í landi má segja, að allt gangi með eðlilegum hætti. En í landlegum og þegar vinna í landi minnkar, ber allmikið á vínneyzlu, sérstaklega þegar kvölda tekur og líða fer á nóttina. Þarf þá oft að taka ýmsa úr umferð, og stundum kemur til illinda milli einstakra manna, en til almennra óeirða eða uppþota hefur ekki komið um fjölda ára. Nokkuð er hættara við, að til árekstra komi milli aðkomumanna og heimamanna en milli heimamanna innbyrðis, en í því sambandi skal þess þó getið, að í vetur vann hér margt af útlendu fólki, og þó sumt af því neytti víns, leiddi það yfirleitt ekki til árekstra milli þeirra og heimamanna. Má segja, að samskiptin hafi yfirleitt gengið vel.

Öllum eða flestum dansleikjum, sem hér eru haldnir, fylgir vínneyzla meiri eða minni. Margir gerast þar ölvaðir og valda stundum illindum. Einnig hefur viljað við brenna, að sumir fari með söng og hávaða um götur bæjarins, er dansleikjum lýkur. Hefur reynzt örðugt að ráða á því bót. Stundum kemur til áfloga og barsmíða, en þó held ég, að það sé tiltölulega sjaldgæfara en áður var. Veldur þar nokkru um aukin löggæzla. Handtökur vegna ölvunar eru hér tíðar og mestar á vetrarvertíðum. Algengt er, að fangahúsið yfirfyllist, þegar dansleikir eru haldnir.

Nokkuð ber á, að vinnuafl nýtist ekki að fullu fyrir neyzlu víns eða afleiðinga þess. Stundum kemur fyrir, að sumir sjómenn mæta ekki í skiprúm á tilskildum tíma af þessum sökum og komið hefur fyrir, að bátar hafa þess vegna orðið að fella niður róðra. Einnig mæta sumir illa til vinnu í landi. Helzt eru þetta þó aðkomumenn og leiðir það venjulega til þess, að þeir hverfa héðan fljótlega. Ekki er mikið um, að menn leggi niður vinnu langtímum saman vegna vínneyzlu, en þó finnast þess dæmi.

Að undanskildum brotum á áfengislögum og umferðarlögum verður að telja afbrot frekar sjaldgæf hér vegna vínneyzlu. Þó hafa átt sér stað nokkur brot á undanförnum árum og sum slæm, svo sem skírlífisbrot, þjófnaðir, líkamsmeiðingar o. fl., sem öðrum þræði má rekja til vínneyzlu.

Slysfarir af völdum víns hafa átt sér stað hér á undanförnum árum. Menn hafa fyrir eigin tilverknað eða vegna óhappa hlotið vond meiðsli í ölæði og nokkrir hafa drukknað hér í höfninni, sem voru undir áhrifum víns, er síðast var til þeirra vitað.

Um árangur af löggæzlu og réttarframkvæmd hér í áfengismálum skal þess getið, að jafnan hefur tekizt að halda uppi friði og afstýra óeirðum og uppþotum. Heimabruggun hefur farið minnkandi og virðist ekki eiga sér stað, svo að neinu nemi. Leynivínsala hefur verið haldið niðri, og talið er, að enginn muni selja hér vín að staðaldri. Hins vegar kemur oft upp grunur og stundum fullar sannanir fyrir einstökum sölum, bæði heimamanna og aðkomumanna, og er þá oft gefin sú skýring, sem kann að hafa við eitthvað að styðjast, að seljendurnir hafi ekki haft frið með vínpantanir sínar fyrir ásókn kaupendanna.

Áflog og ryskingar einstakra manna á almannafæri og á samkomustöðum fara minnkandi, og við handtökur drukkinna manna mætir lögreglan mun minni mótþróta frá þeirra hálfu en áður var. Í því sambandi skal þess getið, að meðal aðkomumanna gætir nokkurs munar, eftir því frá hvaða stöðum þeir koma. Reykvíkingar, sem vanizt hafa lögreglu, sýna t. d. yfirleitt minni mótþróa, en menn frá öðrum stöðum á landinu, þar sem lögregla er lítil eða engin. Vínneyzla er hér allmikil og er *stór þáttur í öllu skemmtanalífi*. Hefur ekki tekizt að halda niðri vínneyzlu á danssamkomum, þar sem vínneyzla er óheimil, enda er það bæði, að lögreglan hér er fámenn og tíðarandinn er þannig, að mjög mörgum finnst fátt til um allar skemmtanir eða samkvæmi, ef vín er ekki haft um hönd.

Á vetrarvertíðinni streymir jafnan hingað margt af fólki. Áður var það svo að segja eingöngu karlmenn, sem réðust til sjóróðra, en eftir að fiskvinnslustöðvunum var komið upp og vinnsla sjávarafurða á staðnum var hafin hefur aðstreymi fólks bæði karla og kvenna til vinnu í landi aukizt stórlega og farið jafnt og þétt vaxandi. Margir sjómenn hér áður voru í sama skiprúmi ár eftir ár, notuðu lítið vín eða ekki og ollu engum óþægindum. Jafnan var þó einnig margt sjómanna, sem notuðu vín stöðugt eða oft í landlegum, og urðu valdandi að meiri og minni óþægindum fyrir aðra bæjarbúa og höfðu óheppileg áhrif á félaga sína. Aðbúnaður sjómanna í landi var þá slæmur, sérstaklega að því er húsnæði snerti, og var talið, að það kynni að eiga nokkra sök á vínneyzlu þeirra.

Aðbúnaður bæði sjómanna og þeirra, sem vinna í landi, hefur breytzt verulega til batnaðar. Allar fiskvinnslustöðvarnar hafa komið sér upp matstofum og verbúðum, sumum mjög góðum, fyrir starfsfólk sitt. Sjómenn og aðrir, sem komast þar ekki fyrir, hafa einnig fengið betri aðbúð, en áður var.

Eins og áður kemur margt af þessu fólki vel fram, en innan um er allmikið af fólki, sem meiri og minni óþægindi stafa af, ýmist af vínneyzlu eða öðrum orsökum. Hinn breytti aðbúnaður hefur, að ég held, leitt til þess, að starfsfólkið heldur sig meira heima við en áður. Í verbúðunum eru dyraverðir eða eftirlitsmenn til þess að halda uppi reglu og fylgjast með því sem fram fer. Hefur þetta orðið til mikilla bóta og hafa margir þeirra unnið gott starf. Þó er svo, að þegar hlé er á vinnu er algengt, að vín sé þar haft um hönd og margir, sem þar búa leiðast til vínneyzlu vegna áhrifa frá félögum sínum. Oft kemur fyrir, að dyraverðir leita til lögreglunnar til þess að stilla til friðar. Gangi óspektir einstakra manna úr hófi fram, eða ef þeir vanrækja að mæta til vinnu hvað eftir annað, leiðir það venjulega til þess, að þeim er sagt upp

vinnunni og hverfa þeir þá oftast strax héðan. Á alla almenna dansleiki *setur aðkomufólkið svip og oft til hins verra,* þó að margt megi einnig finna að framkomu sumra heimamanna.

Meðal aðkomukvenfólks, sem í stöðvunum vinnur, er vínneyzla talsverð og hefur stundum gengið úr hófi. Þegar margar bjuggu saman í verbúðum án dyravarða og eftirlitsmanna, kom það stundum fyrir, að stúlkur, sem í rauninni vildu ekki lenda í solli, leiddust út í slæma vindrykkju og óreglu fyrir áhrif frá sambýlisstúlkum sínum. Á þessu hefur orðið stór breyting til batnaðar vegna stöðugs eftirlits í verbúðunum. Samt mun þó enn vera svo, að *verbúðalífið er óæskilegt fyrir ungt fólk, sem er þreklítið* og leiðitamt.

Mjög er það misjafnt hvað aðkomufólki helzt á fé. Sumir fara héðan með allstórar peningafjárhæðir, enda eru möguleikar oft miklir til tekjuöflunar. Aðrir fara fátækari en þegar þeir komu, þrátt fyrir góðar tekjur, sem allar hafa horfið í vín og skemmtanir.

Meðan vínsala var opin, var oft og iðulega gripið til þess ráðs í landlegum að fyrirskipa lokun útsölunnar þegar landlegur voru. Þetta var til bóta, en að því er mér skildist var það frekar illa séð af þeim, sem þá fóru með fjármál ríkisins.

Margt af því fólki, sem hingað kemur, er á ungum aldri. Sumt af því notar vín svo að bagi er að. Sama er að segja um marga unglinga, sem hér búa. Svona hefur það raunar jafnan til gengið, en *vínneyzla æskufólks virðist ekki fara minnkandi heldur virðist hún fara vaxandi.* Sumt af þessu fólki mun að sjálfsögðu verða nýtir og gegnir borgarar, er stundir líða, alveg eins og áður, en oft er reyndin sú, að vínneyzla æskufólks verður því til ófarnaðar á einn eða annan hátt, svo að rík ástæða er til að vinna gegn því, að hún eigi sér stað.

Samkvæmt núgildandi lögum er til þess ætlazt, að fólk yngra en 21 árs hafi ekki vín um hönd og munu flestir sammála um, hvernig svo sem viðhorf þeirra er til áfengismála annars, að löggjöfin sé hér á réttri leið, og rétt sé að stemma stigu við vínneyzlu æskufólks. Samt hefur reynzt mjög örðugt að framfylgja þessu. Viðurlögum út af broti á umræddu ákvæði 16. gr. áfengislaga hefur mjög sjaldan verið beitt hér, en þó hefur það komið fyrir. Vín, sem finnst á unglingum, sem teknir hafa verið úr umferð vegna ölvunar, hefur verið tekið af þeim og ekki afhent þeim aftur, heldur foreldrum þeirra eða aðstandendum. Æskilegt væri að meira væri að því gert að grafast fyrir um, hvaðan vínið væri komið, sem unglingar neyttu eða væru með undir höndum og þeir látnir sæta ábyrgð, er hafa veitt það eða afhent.

Höfuðvandamálið í áfengismálum þjóðarinnar mun vera mikil og að því er virðist vaxandi vínneyzla æskufólks. Allmikill hluti þeirra, sem lögreglan þarf að hafa afskipti af vegna ölvunar er á ungum aldri, um tvítugt og þar undir.

Á grundvelli núgildandi áfengislaga má án efa vinna margt til bóta, ef rétt er á haldið, *með aukinni löggæzlu og samræmdri réttarframkvæmd um allt land.* Fleira þyrfti væntanlega að koma til, svo að verulegur árangur næðist. Framkomu og framferði manna við vín er enn mjög áfátt, þó að löggæzla hafi þegar haft nokkur áhrif til batnaðar, eins og vikið er að hér að framan. Verður að sjálfsögðu að halda því starfi áfram.

F. Þorsteinsson

Áfengismálanefnd,
Reykjavík.

Bréf Helga Elíassonar, fræðslumálastjóra, dags. 24. sept. 1965.

Ég hef tekið á móti heiðruðu bréfi yðar hr. alþingismaður, dags. 2. þ. m., þar sem þér leitið upplýsinga varðandi framkvæmd bindindisfræðslu í skólum samkvæmt ákvæðum áfengislaga og reglugerðar þar að lútandi.

Um þetta mikilvæga mál skal tekið fram það, er hér greinir:

Yfirstjórn fræðslumálanna hefur gefið skýr fyrirmæli um meðferð bindindisfræðslu í skólum landsins, sem koma einna gleggst fram í umburðarbréfi Menntamálaráðuneytisins, dags. 16. sept. 1950, svo og nýjustu reglugerð um bindindisfræðslu nr. 103/1956, sem sett var samkvæmt 31. grein laga nr. 58/1954 (áfengislög). Rétt þykir að benda á í þessu sambandi, að námsskrá skólanna gerir ekki ráð fyrir neinni námsgrein, sem ber nafnið bindindisfræðsla, en í nefndri gr. laga nr. 58/1954, eru skýr fyrirmæli um að í öllum skólum er styrks njóta af ríkisfé skuli fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar, upplýsa um áhrif hennar og leiðir til að forðast hana. Og í námsskrá um heilsufræði er sagt, að veita skuli nemendum þekkingu á hollustuháttum til heilsuverndar, þar á meðal fræðslu um skaðsemi nautnalyfja og þá hættu, sem fylgir neyzlu þeirra.

Er þetta sagt hér til glöggvunar á hinum helztu lagafyrirmælum, sem fyrir hendi eru og athuga þarf fyrst og fremst þegar rætt er um bindindisfræðslu í skólum og framkv. þar að lútandi.

Samkvæmt lögum um fræðslumálastjórn sér fræðslumálastjóri um „að gildandi lögum og fyrirmælum sé hlýtt", en engin ákvæði eru um að ein námsgrein sé þar annarri fremri. Skólastjórar eru trúnaðarmenn fræðslumálastjóra um framkvæmd allrar fræðslu í skólum, bindindisfræðslu sem öðru. Námsstjórar eru svo til aðstoðar og eftirlits við öll störf skólanna. Þeir eru eini beini milliliður skólanna og fræðslumálastjórnarinnar. Þeir hafa bæði rétt og skyldu til þess að athuga hvernig fræðsla í skólunum er framkvæmd, bæði um eðli og áhrif nautnalyfja sem og allt annað, er kenna skal samkvæmt fræðslulögum.

Svo sem fyrr segir, er fræðsla um ofnautn áfengis — oftast nefnd bindindisfræðsla — ekki sérstök námsgrein samkvæmt námsskrá, en grípur inn í margar aðrar og er kennd jafnframt þeim. Má þar til nefna fyrst og fremst heilsufræði, þá efnafræði, eðlisfræði, þjóðfélagsfræði o. fl., sem ítarlegast er fram tekið í 6. gr. reglugerðar nr. 103/1956.

Vitanlegt er — enda augljóst mál — að fræðsla um bindindi í sambandi við áhrif eiturnautnar, hlýtur að mótast að nokkru eftir persónulegu viðhorfi kennarans til þeirra mála. Það sjónarmið virðist fræðslumálastjórn einnig viðurkenna. Kemur það meðal annars fram í því, að hún gerir strangar kröfur til kennara varðandi meðferð áfengis, svo sem sjá má í fyrrnefndu umburðarbréfi, dags. 16. sept. 1950, svo og erindisbréfi fyrir skólastjóra og kennara. Hún hefur og sett strangar reglur um notkun skólahúsa og samkomuhalda í skólum, m. a. bannað að hafa þar áfengi um hönd, sjá 9. gr. reglugerðar nr. 113/1958.

Nú er það að sjálfsögðu vitað mál, að álit kennara um notkun áfengis er misjafnt, en jafnframt er fræðslumálastjórn vel kunnugt um, að samvizkusamir kennarar hafa jafnan veitt og veita þá fræðslu, sem lögákveðin er í þessum efnum. Og *það er höfuðatriðið* varðandi þessa fræðslu sem aðra. En svo getur fræðslumálastjórnin gert þetta starf kennaranna auðveldara og áhrifameira, með því að ætla til þess rúman tíma og senda skólunum nauðsynlegar kennslubækur og margs konar fræðslumyndir. Þetta hefur og fræðslumálastjórn gert. Síðasta áratuginn hafa öðru hverju verið send til skólanna fræðslurit og umburðarbréf varðandi fræðslu um skaðsemi áfengis. Er það stundum gert í samráði við aðra aðila á landi hér, sem vinna að vörnum gegn áfengi, svo sem

áfengisvarnaráðunaut ríkisins, Samband bindindisfélaga í skólum, Bindindisfélag íslenzkra kennara o. fl.

Merkasta ritið, sem sent hefur verið til skólanna, er bókin: Um áfengi og tóbak. — Handbók kennara, sem fræðslumálastjórn gaf út 1955 og send var þá öllum kennurum. Árið 1959 var sama bók send öllum starfandi kennurum, sem ekki höfðu fengið hana og síðan hefur bókinni verið útbýtt til kennara, sem útskrifazt hafa árlega. — Önnur nauðsynleg og merk bók var send til allra 12 ára skólabarna árið 1956. Var það náms- og lestrarbók í bindindisfræðslu, er bar nafnið „Hvað ungur nemur gamall temur", og Bindindisfélag íslenzkra kennara gaf út og gaf umræddum aldursflokki. Áður var engin *kennslubók* til í bindindisfræðslu. Mörg önnur rit hafa verið send skólunum um þessi mál og fylgir hér með skrá yfir þau.

Fræðslumyndasafn ríkisins á nokkrar kvikmyndir um eðli og áhrif nautnalyfja.

Skólarnir nota þær við bindindisfræðslu eftir því sem tök eru á. Þær myndir þyrftu að vera fleiri.

Þá má og nefna hér að hinn 1. febr. ár hvert, gefur fræðslumálastjóri fyrirmæli um að hver skóli, sem styrks nýtur af opinberu fé, noti a. m. k. eina kennslustund þann dag til „bindindisfræðslu og baráttu gegn áfengi" — eins og það er venjulega orðað. Er það gert samkvæmt ósk Sambands bindindisfélaga í skólum, sem hafa valið sér þennan dag að baráttudegi gegn áfengisnautn. En að sjálfsögðu eru slíkir dagar meira til þess að *vekja* en *fræða* um hvert málefni, sem helgað er ákveðnum dögum.

Hér hefur þá verið skýrt frá helztu atriðum varðandi bindindisfræðslu í skólum, bæði lagaákvæði, sem þetta mál snerta, hvernig fræðslan fer fram svo og eftirlit af hálfu fræðslumálastjórnarinnar. Svo sem fram er tekið hefur þessi fræðsla enga sérstöðu, samkvæmt fræðslulögum og námsskrá. En vegna eðlis málsins, áhrifa einstaklinga og félaga, sem hafa bindindi í stefnuskrá sinni, hefur hið opinbera gert ýmislegt til stuðnings bindindisfræðslu, sem ekki er gert varðandi aðrar námsgreinar, svo sem útgáfu rita og kaup fræðslumynda um þessi efni, svo sem fyrr er vikið að. Annað mál er, að alltaf heyrast raddir um að ekki sé nóg að gert í skólunum, að fræða um áhrif skaðnautna. Um það má deila endalaust, því að enginn gerir svo öllum líki. En svo sem fyrr er greint, tel ég að skólar almennt hafi innt af hendi fyrirskipaða fræðslu um eðli og áhrif áfengis og tóbaks eftir föngum. Ýmist hafa kennarar skólans gert það einir eða þeir hafa fengið fróða menn utan skólans til aðstoðar.

Þörf er á því að bæta aðstöðu skólanna til bindindisfræðslu m. a. með útvegun fræðslumynda, bæklinga o. fl. gagna til fjölbreytilegrar kennslu á þessu sviði. En til þessa þarf aukið fjármagn til bindindisfræðslu. Þá tel ég — a. m. k. í tilraunaskyni — að samstaða ætti að vera milli góðtemplarareglunnar og skólanna um góðan leiðbeinanda um bindindismál, m. a. vegna þess, að fjöldi skólanemenda eru félagar í góðtemplarareglunni.

Til glöggvunar fylgir hér með skrá yfir nokkur umburðarbréf og rit varðandi bindindisfræðslu, sem skólum hafa verið send frá Fræðslumálaskrifstofunni á undanförnum árum.

Helgi Elíasson.

Hr. alþm. Ingvar Gíslason,
c/o Skrifstofa Alþingis, Reykjavík.

Skrá

yfir nokkur umburðarbréf og rit varðandi bindindisfræðslu, sem send hafa verið skólum frá Fræðslumálaskrifstofunni á síðustu árum.

1. Bréf Menntamálaráðuneytisins, dags. 16. sept. 1950.
2. Bréf fræðslumálastjóra og áfengisvarnaráðunautar ríkisins, dags. 14. jan. 1956. Því bréfi fylgdu þessi rit:

1) *Um áfengi og tóbak,* Handbók kennara. 2) *Góðtemplararegian* eftir Brynleif Tobíasson. 3) *Um áfengi og áhrif þess,* eftir Níels Dungal, próf.

3. Bréf fræðslumálastjóra, dags. 20. sept. 1956 ásamt kennslubókinni, *Hvað ungur nemur gamall temur* eftir Hannes J. Magnússon, skólastj.
4. Bréf fræðslumálastjóra, dags. 29. jan. 1957, til allra skólastjóra ásamt reglugerð um bindindisfræðslu, dags. 21/6 1956. Með því bréfi var einnig sent bréf áfengisvarnaráðunautar og fræðslumálastjóra, dags. 14. jan. 1956.
5. Bréf fræðslumálastjóra til allra nýrra kennara, dags. 4. febr. 1959, ásamt fyrrnefndri handbók kennara um áfengi og tóbak.
6. Nemendur Kennaraskóla Íslands í IV. bekk og stúdentsdeild hafa á hverju ári fengið bókina *Áfengi og tóbak. — Handbók kennara,* héðan frá skrifstofunni. Kennararnir Helgi Tryggvason og Sigurður Gunnarsson hafa útbýtt bókunum.
7. Bréf fræðslumálastjóra, dags. 14. febr. 1964, til allra skólastjóra og skólayfirlækna á landinu ásamt bréfi frá skólayfirlækni og ýmsum ábendingum og upplýsingum frá honum varðandi tóbaksnotkun.

H. E.

Tillögur og ábendingar frá Stórstúku Íslands.

I. Stórstúka Íslands telur, að áfengissala og áfengisveitingar eigi engar að vera í landinu, en gerir sér hins vegar ljóst, að skilyrði til þess, að svo megi vera, eru ekki fyrir hendi sem stendur. En leggja ber áherzlu á, að allar aðgerðir hins opinbera í áfengismálum miði að því að draga úr áfengisneyzlu þjóðarinnar, ekki sízt æskulýðsins.

II. Ljóst er, að heilbrigt fordæmi fær miklu áorkað til bóta í þessum efnum. Hið opinbera verður þess vegna að hætta öllum vínveitingum í veizlum sínum eða boðum. Jafnframt á að vinna að því við félög og samtakahópa, að þau veiti ekki vín á árshátíðum eða öðrum samkomum sínum.

III. Nauðsynlegt er að efla bindindissemi með þjóðinni og þann hugsunarhátt, sem er undirstaða sannrar bindindissemi. Til þess þarf meðal annars að efla bindindisboðun og bindindisfræðslu innan skóla og utan og hefja af opinberri hálfu sterkan áróður gegn hvers konar áfengisneyzlu. Þyrfti þá að styrkja starfsemi þeirra félaga, er vinna að bindindismálum, og koma upp föstum erindrekstri.

IV. Það mundi vera til mikilla bóta frá því, sem nú er, ef núgildandi áfengislöggjöf væri túlkuð og framkvæmd fastar og nákvæmar og meir í samræmi við tilgang sinn: að takmarka og draga úr neyzlu áfengra drykkja.

Hér á eftir verða talin upp nokkur atriði, sem horfa til bóta að okkar áliti og auðvelt virðist að framkvæma, sé vilji stjórnarvalda fyrir hendi, og þarf ekki lagabreytingar til nema um sumt:

1. Betra eftirlit sé haft með veitingahúsum, bæði að því er snertir fjölda þess fólks, sem inn er hleypt, og þó einkum sölu áfengis. Gera verður eftirlitsmönnum kleift að rækja eftirlitið, svo að í lagi sé.
2. Strangt eftirlit sé haft með því, að unglingar kaupi ekki áfengi, og séu slík mál rannsökuð til hlítar og þeir, sem selja eða veita unglingum áfengi, látnir sæta þungri ábyrgð.
3. Viðurlög við að aka bifreið undir áhrifum áfengis — eða öðrum vélum — verði mjög þyngd (sviptingartími ökuleyfis stórlega lengdur og gert erfiðara fyrir að fá leyfið á ný).
4. Fast og alvarlega verði tekið á veitingahúsum og starfsmönnum þeirra, er brjóta áfengislöggjöfina í auðgunarskyni. — Hér má benda á, að mikil þörf væri að breyta því fyrirkomulagi, að þjónalið veitingahúsa og húsin sjálf hafi jafn gífurlegra hagsmuna að gæta og nú er í sambandi við sölu áfengis. Vínveitingaleyfi veitingahúss á ekki að vera öruggasta tekjulind þess og

standa undir kaupi þjónaliðsins. Leyfið á aðeins að heimila aukaþjónustu við gesti hússins. Hlutverk þjónsins er að veita öllum gestum jafna þjónustu, hverra veitinga sem þeir æskja, og skal hann taka laun sín hjá vinnuveitanda sínum svo sem annað fólk. Hagur hússins skal einkum eða eingöngu vera sá óbeini hagnaður, sem það telur sig hafa af aukinni aðsókn vegna vínveitinganna.

5. Veitingahús séu hiklaust svipt vínveitingaleyfi um lengri eða skemmri tíma, brjóti þau áfengislöggjöfina.
6. Eftirlit með leynivínsölum sé mjög aukið og hert á viðurlögum við leynivínsölu, t. d. með atvinnusviptingu leigubílstjóra, er uppvísir verða að slíku athæfi, einkum selji þeir unglingum áfengi.
7. Hraðað sé rannsókn og uppkvaðningu dóma í áfengismálum, ekki síst, þegar um meinta ölvun við akstur er að ræða.
8. Tollgæzla sé aukin, þar sem þess er þörf.
9. Löggæzla sé aukin á skemmtistöðum og á götum og lögregluþjónar ráðnir í kauptún, þar sem þeir eru ekki fyrir.
10. Þeim, sem áfengi kaupa, sé skylt að sanna, að þeir hafi til þess aldur að lögum (almenn vegabréfaskylda verði tekin upp).
11. Aldurstakmark til áfengiskaupa og áfengisneyzlu verði alls ekki lækkað frá því sem nú er.
12. Áfengisverzlun ríkisins verði óheimilt að senda áfengi í pósti til unglinga innan 21 árs aldurs.
13. Hið opinbera hlutist til um með fjárstyrk eða á annan hátt, að í Reykjavík sé starfræktur skemmtistaður eða fleiri en einn, þar sem öll áfengisneyzla sé útilokuð, en staðurinn (eða staðirnir) samkeppnisfær við aðra skemmtistaði um allan útbúnað, þjónustu og skemmtanir.
14. Danskennsla sé gerð almenn í skólum og hlúð að hvers konar hollu tómstundastarfi æskulýðsins.
15. Gera þarf félagsheimilum kleift að starfa á heilbrigðum félags- og menningargrundvelli og ganga síðan eftir því, að þau geri það.
16. Opinber styrkur til félaga, sem starfa að æskulýðsmálum og telja unglinga innan sinna samtaka, sé bundinn því skilyrði, að þau haldi fullkomið vínbindindi í félagsstarfsemi sinni og á félagssamkomum.
17. Erindrekar verði ráðnir, er starfi að auknu bindindi. Vel getur komið til greina, að þeir starfi að meira eða minna leyti á vegum samtaka bindindismanna og séu ráðnir af þeim, þótt hið opinbera kosti þá og ferðir þeirra að nokkru eða öllu leyti.
18. Svonefnt skipa- og flugvélaáfengi verði afnumið.
19. Áfengi verði ekki veitt í opinberum veizlum.
20. Enginn embættismaður eða starfsmaður hins opinbera fái keypt áfengi á lægra verði en aðrir.
21. Hið opinbera hefji skipulagðan áróður fyrir minnkaðri áfengisneyzlu og aukinni bindindissemi; m. a. verði Ríkisútvarpið notað miklu meira til þeirra hluta en verið hefur.
22. Bindindismenn gangi að öðru jöfnu fyrir um val til opinberra starfa, og drykkfelldir menn séu alls ekki til þeirra ráðnir.

Þótt okkur sé ljóst, að hin mikla áfengisneyzla þjóðarinnar stendur í nánu sambandi við ýmislegt annað í lífsvenjum hennar, höfum við hér ekki farið neitt út í þau efni á víðara grundvelli en fram kemur í því, sem sagt er hér að framan. Eins höfum við ekkert minnzt á, hvaða ráðstafanir sé skynsamlegt og nauðsynlegt að gera vegna unglinga, sem brotlegir gerast við áfengislögin, jafnvel hvað eftir annað, eða vegna drykkjusjúklinga o. s. frv. En um þessi atriði öll væri okkur að sjálfsögðu bæði ljúft og skylt að segja álit okkar, eftir því sem við höfum þekkingu á, ef nefndin kynni að óska þess.

Í von um, að framanskráðar tillögur og ábendingar megi verða nefndinni að einhverju gagni í hinu mikilvæga og vandasama starfi hennar, tjáum við okkur reiðubúna til frekari samvinnu við nefndina, eftir því sem henni kann að þykja ástæða til.

Reykjavík, 1. marz 1965.

F. h. Stórstúku Íslands (I.O.G.T.)

Ólafur Þ. Kristjánsson (stórtemplar). Kjartan Ólafsson (stórritari).

Greinargerð um vínveitingahúsin í Reykjavík (1965).

Hótel Saga.

Veitingastarfsemi fer þar fram á þrem stöðum.

Í fyrsta lagi 8. hæð, í svonefndum Stjörnu-bar, í daglegu tali kallað „grillið". Þar er matsala allan daginn til kl. 11.30 e. h. Í sambandi við matsalinn er staðsettur lítill vínbar gegnt innganginum í salinn. Gestafjöldi þarna í hámarki má vera samtals 160 manns.

Í öðru lagi í aðalsamkomusal hótelsins Súlnasalnum ásamt baksölum á 2. hæð. Í salarkynnum þessum eru tveir barir. Sá stærri gegnt uppgangi í aðalsal, á loftskörinni, og er það fyrsta, sem mætir gestum er þeir ganga í salinn. Hinn barinn er staðsettur gegnt inngangi í baksali úr aðalsal. Í salarkynnum þessum er jafnan mikil sala matar og drykkja, þegar opið er en það er jafnan síðari hluta vikunnar frá kl. 7 e. h. til 11.30 e. h.

Í þriðja lagi er svo Mímisbar, sem staðsettur er gegnt aðalinngangi í Súlnasalinn og gengið er í hann úr forsalnum og er það aðalinngangurinn í hann, en auk þess má ganga í hann úr anddyri hótelsins, þannig að þeir, sem eru þar gestir eða hafa dvalið í „grillinu" geta komizt þá leið en þurfa ekki að fara út og inn um aðaldyrnar, sem áður hefur verið getið. Barinn er opinn alla daga nema miðvikudaga á leyfilegum tíma.

Samkomusalir Hótel Sögu eru yfirleitt ekki sóttir nema af fólki eldra en 21 árs og á laugardagskvöldum eru matargestir þar í meirihluta.

Tala gesta í hámarki á Hótel Sögu mega vera samtals 930, þar af í Súlnasal og aðliggjandi sölum alls 655 og í Mímisbar 114 eða 769 alls.

Naust.

Staðurinn er mjög sóttur af matargestum en unglingar koma þar næsta lítið. Þarna er um einn bar að ræða á 2. hæð, fráskilinn anddyri og matsal. Staðurinn er opinn frá kl. 8 f. h. til 11.30 e. h. Tala gesta í hámarki er 159 manns.

Sigtún (Sjálfstæðishúsið).

Þar er einn samkomusalur með upphækkun til beggja hliða auk rúmgóðs vín-bars inn af salnum. Þarna er allmikið um „lokuð samkvæmi", skemmtifundi félaga og aðra fundi. Unglingar sækja þangað lítið þegar opið er almenningi. Tala gesta í hámarki er 307.

Tjarnarbúðir (Oddfellowhús).

Þar er eingöngu um lokuð samkvæmi að ræða. Veitingasalir eru tveir, sinn á hvorri hæð. Lítill vín-bar er inn af neðri salnum, sem er aðalsamkomusalurinn. Gestir í hámarki mega vera samtals 238.

Hótel Borg.

Er opin allan daginn til kl. 11.30 e. h. og er svo alla daga vikunnar og með mat- og kaffisölu. Tíð einkasamkvæmi eru þarna, svo og árshátíðir, afmælisfagnaðir félaga og því um líkt. En þegar salarkynnin eru opin eru þau

mikið sótt, aðallega þó á föstudags- og laugardagskvöldum. Meiri hluti gestanna er þá ungt fólk m. a. skólafólk. Þarna er einn vínbar inn af aðalsalnum, auk þess er beint samband við hann úr anddyri hússins á suðurhlið. Gestir í hámarki mega vera 342.

Glaumbær.

Þarna eru veitingasalir á tveimur hæðum auk þess sér vínbar á millihæð. Uppi er Glaumbær með einn vínbar, staðsettan við innganginn, en niðri „Næturklúbburinn" með tveim börum, annan niðri í salnum en hinn á svölum. Auk þess er svo „Káetan" staðsett milli hæða, vínbar sem rúmar allt að 50 manns. Samkomuhús þetta er að langmestu leyti sótt af yngra fólki, en aðallega er þó aðsóknin um helgar og mest á laugardagskvöldum. Húsið er opið frá kl. 7 að kvöldi og til 11.30. Tala gesta í hámarki má vera 463.

Leikhúskjallarinn.

Staðurinn er mest sóttur af þjóðleikhúsgestum. Einnig eftirsóttur fyrir einkasamkvæmi, hádegisverðarfundi o. fl. slíkt. Tveir barir eru þarna, aðalbarinn inn af salnum og minni til hliðar. Gestir í hámarki mega vera samtals 240.

Hábær v/Skólav.st.

Veitingastarfsemi er þarna rekin á tveimur hæðum. Á efri hæð eru samliggjandi stofur, enda húsið gamalt íbúðarhús, og eru þar haldin einkasamkvæmi eingöngu, en á neðri hæðinni er dálítill veitingasalur og vínbar fyrir framan hann. Staðurinn er opinn frá kl. 11 f. h. og til kl. 11.30 e. h. Þarna er aðeins rúm fyrir 76 manns og er það hámarkstala gesta.

Silfurtunglið.

Staðurinn er yfirleitt ekki opinn almenningi nema seinni hluta vikunnar og þá frá kl. 7 e. h. til kl. 11.30 e. h. Staðurinn er mjög sóttur af unglingum 16 ára og eldri, en þó hvað mest á sunnudagskvöldum. Einn bar er í húsinu, staðsettur í styttri álmu veitingasalarins, sem er á efri hæð, og blasir við öllum er upp á loftskörina er komið. Gestafjöldi í hámarki má vera 129 manns.

Röðull.

Er opinn alla daga nema miðvikudaga frá kl. 7 að kvöldi til kl. 11.30. Veitingastarfsemin fer fram á tveimur hæðum. Á þeirri neðri er eingöngu vínbar, sem er inn af forsalnum. Á efri hæð er aðalveitingasalur hússins og danssalur, sem gengið er niður í nokkrar tröppur úr aðalsalnum. Þá er og í öðrum enda aðalsalarins lítill vínbar. Gestafjöldi í hámarki má vera allt að 265 manns.

Klúbburinn.

Er opinn alla daga nema miðvikudaga, frá kl. 7 til kl. 11.30 að kvöldi. Veitingastarfsemin fer fram á tveimur hæðum, sinn salurinn á hvorri hæð. Á neðri hæð eru 3 vínbarir, en á efri hæð, þar sem telja má aðalsal hússins, er staðsettur einn vínbar. Á mánudögum og þriðjudögum er að öllum jafnaði aðeins neðri salurinn opinn. Fjöldi gesta í hámarki er 420 manns.

Hér að framan hefur verið getið að nokkru þeirra 11 vínveitingahúsa, sem starfrækt eru um þessar mundir hér í borg. Af þeim eru fjögur, sem sé Hótel Borg, Hótel Saga (grillið), Naust og Hábær, sem opið hafa allan daginn, Hábær þó frá kl. 11 f. h. og til kl. 11.30 e. h. Hin húsin eru yfirleitt aðeins opin frá kl. 7 e. h. til kl. 11.30 e. h. nema sérstaklega standi á. Þá skal þess og getið um aðsóknina að húsunum, að hún er yfirleitt mest á föstudags- og laugardagskvöldum.

Af húsunum eru einkum þrjú þeirra sótt að öllum jafnaði, hvað mest af yngra fólki, en það eru: Hótel Borg, Glaumbær og Silfurtunglið. Er hér mest um að ræða skólaunglinga frá mennta-, verzlunar- og gagnfræðaskólum.

Með lögum nr. 25 21. apríl 1965 var samþykkt að gefin skyldu út nafnskírteini. Um þetta mál hafði verið mikið rætt undanfarin ár, enda talin mikil nauðsyn á slíkum sönnunargögnum í ýmsum tilvikum, m. a. í sambandi við dvöl á vínveitingastöðum. Þó ekki sé mikil reynsla komin á þetta enn þá, leikur það ekki á tveim tungum, að með tilkomu nafnskírteinanna ætti að vera auðveldara bæði fyrir dyraverði, þjóna og eftirlitsmenn að fylgjast með hinum yngri gestum. Hins vegar er það ekki skylda að bera nafnskírteini, en viðkomandi geldur þess þá, ef hann hefur það ekki tiltækt og í því formi að gilt sé, ef krafizt verður. Þá hefur það og komið í ljós, að ýmsir nafnskírteinishafar hafa reynt að hagræða upplýsingum þeim, er þau eiga að veita, sér í vil. En slíkt er næsta augljóst og skammgóður vermir.

Virðingarfyllst,

Gunnar Ólafsson, eftirlitsmaður. Einar Björnsson, eftirlitsmaður.

Til áfengislaganefndar Alþingis,
c/o herra alþingismaður Ingvar Gíslason,
Alþingi, Reykjavík.

Úr lögreglu- og sakamálaskýrslum.

Lögreglu- og sakamál í Reykjavík.

Ár	Kærur	Ölvun á almannafæri. Afgreitt með sekt	Áminningu, niðurfellingu o. fl.
1955	1597	1077	520
1956	1355	994	361
1957	1786	1489	297
1958	2276	2012	264
1959	2162	1821	341
1960	2190	1792	388
1961	1825	1280	545
1962	2223	1701	522
1963	2453	2130	323
1964	1971	1664	307

Ár	Ölvun m.m. (áflog) Kærur	Ölvun við akstur Kærur	Áfengissmygl. Kærur
1955	134	266	58
1956	186	240	54
1957	121	214	41
1958	83	218	16
1959	98	186	29
1960	68	232	21
1961	74	204	21
1962	58	285	11
1963	45	204	10
1964	34	338	39

Ár	Áfengissala Kærur	Áfengisbruggun Kærur	Ýmis áfengislagabrot Kærur
1955	6	2	217
1956	13	0	125
1957	0	0	57
1958	3	0	33
1959	3	0	26
1960	37	3	25
1961	43	0	30
1962	23	4	45
1963	12	0	14
1964	9	0	7

Skýrsla frá Áfengisverzlun ríkisins.

Skýrsla um sölu áfengis til neyzlu á árunum 1935—1964.

Ár	Sterk vín í lítr.	Heit vín í lítr.	Borðvín í lítr.	Hreint alcoh. í lítr.	Mann-fjöldi	Neyzla á mann lítr.	Sala í kr.	Nettó hagnaður	Nettó hagn. í%
1935	233 572	31 112	14 036	104 133	115 870	0.898	3 803 769.34	1 603 436.36	42.2%
1936	239 916	31 836	12 374	106 230	116 880	0.900	3 686 045.96	1 594 549.77	43.3%
1937	252 728	34 685	11 441	111 962	117 692	0.950	4 244 087.98	1 918 998.48	45.2%
1938	225 365	25 255	13 989	99 281	118 888	0.835	3 703 327.27	1 738 624.92	46.0%
1939	226 921	25 123	13 533	99 815	120 264	0.820	3 733 742.79	1 695 986.36	45.4%
1940	228 216	22 713	12 380	99 626	120 725	0.810	5 045 838.84	2 548 972.61	50.5%
1941	142 939	34 032	11 604	68 534	121 579	0.563	3 481 650.29	1 539 196.99	44.2%
1942	150 446	56 557	17 952	76 860	122 388	0.628	8 084 473.11	5 050 587.50	62.8%
1943	364 991	59 463	24 443	164 827	123 996	1.329	22 049 784.00	15 973 074.95	72.4%
1944	427 836	82 662	35 541	198 296	125 915	1.574	36 770 158.56	27 767 920.96	75.5%
1945	466 350	101 057	32 432	215 485	127 805	1.686	40 152 283.54	31 099 574.82	77.5%
1946	594 258	86 701	17 981	261 958	130 356	2.009	47 222 071.58	36 953 410.98	78.3%
1947	575 364	100 021	23 424	257 302	132 750	1.940	57 994 949.42	46 673 737.85	80.5%
1948	570 027	99 009	22 961	256 667	135 935	1.888	63 191 815.01	51 523 454.75	81.5%
1949	500 834	84 766	19 683	224 133	138 502	1.618	60 913 543.25	50 038 074.74	82.1%
1950	463 087	86 733	17 794	207 753	141 042	1.471	65 572 836.55	52 211 804.95	79.6%
1951	460 603	69 045	19 171	204 108	144 263	1.414	66 565 555.40	52 678 774.52	79.1%
1952	445 478	61 890	18 331	197 096	146 540	1.345	64 030 759.40	49 720 600.44	77.7%
1953	493 147	67 210	21 962	218 793	148 938	1.470	76 405 298.64	60 048 849.68	78.6%
1954	538 509	69 974	35 026	240 067	152 506	1.574	84 197 529.11	65 596 970.64	77.9%
1955	507 009	76 850	38 921	228 721	156 033	1.466	89 268 887.37	69 726 432.23	78.1%
1956	523 164	80 306	49 039	206 634	159 480	1.296	98 123 474.07	75 715 336.74	77.2%
1957	608 012	81 557	54 388	274 864	162 700	1.689	128 902 809.75	101 067 169.45	78.4%
1958	662 932	77 717	58 924	297 717	166 830	1.785	147 686 858.32	114 194 016.82	77.3%
1959	730 100	84 685	66 991	324 015	170 156	1.904	184 919 579.83	144 830 061.42	78.3%
1960	672 518	77 857	67 923	297 748	173 855	1.713	193 721 117.24	149 918 305.17	77.4%
1961	640 862	84 682	77 680	286 493	177 292	1.616	205 798 749.63	154 749 497.44	75.2%
1962	730 292	104 682	86 729	328 670	180 058	1.825	243 209 064.67	179 291 735.09	73.7%
1963	784 306	127 636	89 669	355 187	183 478	1.936	283 924 627.11	195 902 700.39	69.0%
1964	813 770	144 895	90 435	368 249	186 912	1.970	320 154 548.48	211 641 179.03	66.1%

Fylgiskjal II.

Frumvarp til laga um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963.)

1. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður.

Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Yngri mönnum en 21 árs má ekki veita eða afhenda áfengi með nokkrum hætti.

Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt.

2. gr.

Á eftir 19. gr. laganna komi ný grein er verði 19. gr. a, er hljóði svo:

Ökumönnum leigubifreiða og annarra almenningsbifreiða er bannað að taka ölvuð ungmenni yngri en 21 árs til flutnings í bifreiðum sínum eða leyfa þeim áfengisneyzlu þar. Þó skal heimilt að flytja slík ungmenni án tafar til heimila þeirra.

3. gr.

Við 20. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Bannað er að bera með sér áfengi inn á veitingastað, annað en það sem þangað er flutt til heimilla veitinga.

Ungmennum, 18 ára eða yngri, er óheimil dvöl eftir kl. 8 að kvöldi á veitingastað, þar sem vínveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með forráðamönnum sínum.

4. gr.

Sektarákvæði í 39. gr. laganna breytist þannig, að í stað „800—8000“ komi: 1500—15000 og í stað „1600—20000“ komi: 3000—30000.

5. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 kr. nema annað sé ákveðið hér á eftir.

Sala eða veitingar áfengis til ungmenna yngri en 21 árs, varða sektum frá 400—4000 kr.

Áfengi, sem ungmenni yngri en 21 árs hafa undir höndum, skal gert upptækt.

6. gr.

Við 42. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Brot gegn 19. gr. a varða sektum frá 400—4000 kr.

7. gr.

Við 43. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Brot gegn 3. mgr. 20. gr. varðar sektum frá 400—4000 kr. Áfengi, sem borið er ólöglega inn á veitingastað, skal gert upptækt.

Brot gegn 4. mgr. 20. gr. varðar áminningu eða sektum frá 100—500 kr.

8. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 400—4000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Áfengi í vörzlu þeirra, sem brotlegir gerast samkvæmt þessari grein, skal gert upptækt.

9. gr.

Sektarákvæði í 45. gr. laganna breytist þannig, að í stað „400—2000“ komi: 600—3000 og í stað „800—4000“ komi: 1200—6000.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fumvarp þetta er samið á vegum dómsmálaráðuneytisins á grundvelli tillagna, sem fram koma í álitsgerð nefndar, sem skipuð var af menntamálaráðherra í júnímánuði s. l. í samráði við dómsmálaráðuneytið, í tilefni atburða, sem gerðust í sambandi við ferðir æskufólks í Þjórsárdal um hvítasunnuhelgina 1963. — Nefndina skipuðu Sigurjón Sigurðsson, lögreglustjóri, Símon Jóh. Ágústsson, prófessor, og Ólafur Jónsson, formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Í umræddum tillögum er gert ráð fyrir, að endurskoðun þurfi að fara fram á nokkrum ákvæðum laga og reglugerða. — Þær ábendingar um endurskoðun áfengislaga, sem fram koma í tillögunum, eru að mestu teknar til greina í ákvæðum lagafrumvarps þessa og varða einkum ákvæði, sem stuðlað gætu að því, að koma í veg fyrir áfengisneyzlu ungmenna. Má sérstaklega benda á ákvæði 1. gr., sem bannar hvers konar afhendingu áfengis til ungmenna og bindur viðurlögum. Enn fremur bann 2. gr. við flutning leigubifreiða á ölvuðum ungmennum og bann við dvöl ungmenna á vínveitingastað að kvöldlagi, svo og ákvæði um upptöku áfengis í vörzlu ungmenna og í vörzlu ölvaðra manna, svo og áfengis, sem reynt er að flytja inn á veitingastað. — Loks er hert á nokkrum sektarákvæðum. Erfitt hefur reynzt um framkvæmd á hinum almennu aldursmörkum áfengislaganna um sérreglur fyrir ungmenni, þ. e. 21 árs aldurinn. Ekki felast í þessu frumvarpi tillögur um breytingar á því aldursmarki. Í einu nýju bannákvæði frumvarpsins, sbr. síðari hluta 3. gr., er þó miðað við lægra aldursmark.

Aðrar tillögur nefndarinnar um endurskoðun gildandi ákvæða, sem undir dómsmálaráðuneytið heyra, varða breytingar á ýmsum reglugerðum eða setningu reglna, sem unnt er að koma fram án þess að lagabreytingar þurfi til. Þá má geta þess, að veigamestu ráðstafanirnar, sem bent er á í tillögunum, um útgáfu persónuskilríkja til ungmenna á tilteknum aldri, eru þegar í undirbúningi að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins skulu gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Efni greinarinnar er að mestu hið sama og í 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, en skipt í aðskildar málsgreinar. Með orðalagi 3. málsgreinar er ákvæðum breytt þannig frá gildandi lögum, að tekin eru af öll tvímæli um að hvers konar afhending á áfengi til ungmenna er óheimil, sbr. og upptökuákvæði 5. gr.

Um 2. gr.

Svo sem kunnugt er, er áfengisneyzla ungmenna allmjög tengd bifreiðaakstri. Ákvæði þessarar greinar er ætlað að draga úr þeim þætti í áfengisnotkun æskumanna. Segja má að fyrirvarinn um heimilan akstur ölvaðra ungmenna til heimila þeirra gæti dregið úr áhrifum ákvæðisins vegna sönnunarörðugleika. Þess verður þó að vænta, að krafizt verði, að gildar líkur séu fyrir sennileika þess, að þær aðstæður séu fyrir hendi, en ekki þykir fært að torvelda flutning ungmenna til heimila sinna við þessar aðstæður.

Um 3. gr.

Vitað er, að ólögleg áfengisneyzla á veitingastöðum, sem ekki hafa leyfi til áfengisveitinga, er mjög til að spilla skemmtanalífi æskufólks. Skort hefur ákvæði um upptöku áfengis er þannig stendur á, sbr. hér 7. gr. frv.

Þrátt fyrir ákvæði frumvarps þessa og gildandi laga um bann við veitingar og afhendingu áfengis til ungmenna, er vitað, að torvelt mun að koma í veg fyrir áfengisneyzlu þeirra á veitingastöðum, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, og þykir því óhjákvæmilegt að banna ungmennum dvöl á slíkum veitingastöðum að kvöldlagi. Nærvera forráðamanna þeirra má telja nægа tryggingu þess, að ekki séu brotin lagaákvæði um áfengisneyzlu.

Um 4.—10. gr.

Í þessum greinum er hert á ýmsum sektaákvæðum og jafnframt sett upptökuákvæði sem áður er getið.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Eftir skilgreiningu orðsins vatnasilungur í 1. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Veiðihlutur: hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. töluliður 4. gr. orðist svo:

Sé landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði ekki samkomulag um aðra skipan.

3. gr.

Aftan við síðasta tölulið 14. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. lið má banna veiði sjávarfiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

4. gr.

1. mgr. 2. töluliðs 15. greinar laganna orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 100 m^3 á sekúndu, en 2000 metra sé vatnsmagnið meira.

5. gr.

1. töluliður 19. gr. laganna orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax- og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma á sama hátt og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax- og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú er sagt.

6. gr.

Á eftir 2. tölulið 25. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

3. Ef uppræta skal fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, skal ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að leyfa notkun eitraðra efna eða deyfandi við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

7. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum eða stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur. Er stangarveiði á þessum stöðum óheimil, þar til 84 klst. eftir að veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti lauk.

8. gr.

3. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits fiskiræktarfélags eða veiðifélags, ef til er. Þar sem veiðifélag er eigi til, skulu veiðieigendur skipta með sér veiði í hlutfalli við veiðiaðstöðu, sbr. 70. gr. Nú skipta veiðieigendur ekki veiði með sér, og skal þá sýslumaður kveðja matsmenn til að skipta með þeim veiðinni eigi síðar en 3 mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið, hve margar stengur megi hafa um sinn í því veiðivatni. Skulu matsmenn ákveða, hvenær hver veiðieigandi noti sinn veiðihlut.

9. gr.

3. töluliður 35. gr. laganna orðist svo:

Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis, og skal þeim, sem í missir, bætt að fullu samkvæmt mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, í réttu hlutfalli við veiðimagn hverrar jarðar samkvæmt núgildandi arðskrá veiðifélags eða gjaldskrá fiskiræktarfélags, unz önnur arðskrá er samin og staðfest.

Nú er gild arðskrá eða gjaldskrá eigi fyrir hendi, og getur sá, sem í hlut á, krafizt, að hlutdeild hvers veiðieiganda í bótagreiðslu sé ákveðin með mati samkvæmt 107. gr. laga þessara.

Rétt til bóta eiga þeir einir, sem krafizt hafa bóta á réttum tíma samkvæmt lögum nr. 53 1957.

Sýslumaður jafnar metnum bótum niður á veiðieigendur og innheimtir þær fyrir lok hver almanaksárs, í fyrsta skipti fyrir lok ársins 1966.

Bætur má innheimta með lögtaki.

10. gr.

2. mgr. 46. greinar orðist svo:

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal koma eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

11. gr.

Á eftir orðunum „fjarlægð milli veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt“ í 1. tölulið 59. gr. komi inn orðin: ákveða hámarkslengd þeirra.

12. gr.

2. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal hafa eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

13. gr.

2. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Er arðskrá hefur legið frammi, sbr. 2. málsgr. 67. gr., skal hún lögð undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún ⅔ atkvæða félagsmanna til að hljóta samþykki. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Verði arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar á sama hátt og getur í 65. gr., og ræður þá afl atkvæða. Verði arðskrá eigi löglega samþykkt, skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 107. gr. Tekur mat gildi átta vikum eftir birtingu, sé yfirmats eigi krafizt. Fari yfirmat fram, tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsnefnd ákveður.

14. gr.

Á eftir 4. málslið 76. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti farið eins og segir í 70. gr.

15. gr.

86. gr. laganna orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi sem slík, sbr. 89. gr.

16. gr.

Á eftir 91. gr. laganna komi ný grein, er verði 92. gr., svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðvar á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. lið 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni með það fyrir augum, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

17. gr.

Á eftir 92. gr. laganna komi ný grein, er verði 93. gr., svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó framan við frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið með það fyrir augum, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarverunni lokinni. Sama gildir, ef seiðum er sleppt í ár með erfðum gönguskilyrðum.

18. gr.

Eftir a-lið 2. málsliðs 101. gr. laganna komi nýr málsliður, er verði b-liður, svo hljóðandi, enda breytast aðrir liðir greinarinnar í samræmi við það:

b. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkingar með skilyrðum, sem hann setur.

19. gr.

1. töluliður 102 gr. laganna orðist svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands Stangaveiðafélaga, og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra þá í nefndina í hans stað.

20. gr.

1. málsliður 110. gr. laganna breytist þannig, að í stað „15 000 kr.“ komi: 30 000 kr.

21. gr.

111. gr. laganna breytist þannig, að í stað „1 000—15 000 kr.“ komi: 3 000—30 000 kr.

22. gr.

112. gr. laganna orðist svo:

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 20 þús. kr., eða varðhaldi.

23. gr.

113. gr. laganna breytist þannig, að í stað „5 000 krónum“ komi: 15 000 krónum.

24. gr.

Á eftir 116. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Rétt er dómsmálaráðherra að skipa eftir þörfum sérstaka dómara, sem rannsaki og dæmi brot gegn lögum þessum.

25. gr.

117. gr. laganna breytist þannig, að niður falli orðin „áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra“.

26. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Fylgdu frumvarpinu þá þær athugasemdir, sem hér fara á eftir:

Í byrjun árs 1963 var veiðimálanefnd í samráði við veiðimálastjóra falið að hefja undirbúning að endurskoðun laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, að því er varðar ósveiði við sjó, svo og þau sjónarmið, sem upp koma við tilkomu og rekstur laxeldisstöðva.

Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri ræddu málið á fundum og rituðu öllum veiðifélögum, fiskræktarfélögum og stangveiðifélögum, sem vitað er um, auk Landssambandi íslenzkra stangveiðifélaga og óskuðu eftir tillögum þeirra um breytingar við laxveiðilögin. Mörg félög svöruðu bréfi nefndarinnar. Flest félög lögðu áherzlu á nauðsyn þess, að þrengja reglur um veiði í og við sjávarósa, og þá helzt að færa út friðunarsvæði fyrir lagnetjum við sjávarósa úr 500 metrum upp í allt að 2000 metra. Landssamband ísl. stangveiðimanna gekk lengst í sínum tillögum, þar sem það lagði til, að öll netaveiði á lax- og silungsósasvæðum væri bönnuð, miðað við stórstraumsháflæði. Að áliti nefndarinnar er hér of langt gengið, þar sem setning ákvæða um þetta efni mundi leiða af sér miklar skaðabótagreiðslur úr ríkissjóði til veiðieigenda á ósasvæðum. Hvert vatnasvæði getur á grundvelli ákvæða í lögum gert ráðstafanir til að draga úr veiði á ósasvæðum, og virðist eðlilegt, að eigendur vatnasvæða geri það sjálfir, því í eðli sínu er hér um að ræða tilflutning á veiði innan sama vatnasvæðis.

Nokkur félög komu með tillögur um breytingar á fleiri atriðum í lögunum heldur en þau, er hér hafa verið nefnd.

Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri hafa gert tillögur um breytingar og viðbætur við ákvæði laganna um veiði í og við sjávarósa og viðbætur varðandi friðun og veiði í sambandi við eldisstöðvar. Enn fremur gerðu nefndir aðilar tillögur um breytingar og viðbætur við nokkur atriði önnur í umræddum lögum.

Þessar tillögur veiðimálanefndar og veiðimálastjóra bárust landbúnaðarráðuneytinu á síðastliðnu vori og hafa þær síðan verið til athugunar í ráðuneytinu. Niðurstöður þeirra athugana er lagafrumvarp það, sem hér er lagt fram. Er frumvarp þetta að mestu byggt á tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir um efni einstakra greina frumvarpsins að því leyti sem þeirra er þörf.

Um 1. gr.

Orðið „veiðihlutur“ er hér skilgreindur, og er það til hægðarauka að taka orðið upp í orðaskýringar laganna.

Um 2. gr.

Þegar veiðijörð er skipt, er það vandkvæðum bundið að skipta landi til búsnytja þannig, að jarðarpartarnir fái land að veiðivatni í réttum hlutföllum við landsstærð hvers fyrir sig. Ef misræmi er í skiptingu lands og veiðiaðstöðu, getur slíkt torveldað skiptingu. Er grein þessari ætlað að bæta úr því. Ekki er samt talið rétt, að setja ófrávíkjanlegar reglur um slíka skiptingu, enda er samkvæmt núgildandi ákvæðum gert ráð fyrir, að mönnum sé frjálst að hafa þá skipan á, sem þeir kjósa.

Um 3. gr.

Þessi málsgrein er nýmæli. Laxveiði framan við árósa hefur verið reynd að undanförnu með nokkrum árangri í veiðitæki sem notuð eru til veiða á sjávarfiski. Í 1. mgr. er laxveiði í sjó bönnuð. Ef ákvæði þetta á að geta staðizt framan við árósa, þar sem bann í 6. lið nær ekki til, er nauðsynlegt að heimila veiðibann af því tagi sem hér um ræðir, meðan laxinn er að ganga í árnar á sumrin.

Um 4. gr.

Í tillögum milliþinganefndar, sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955 var lagt til, að friðunarsvæði við árósa yrðu 1000 metrar. Í meðförum Alþingis var svæðið fært niður í 500 metra. Reynslan hefur sýnt, að 500 metra friðunarsvæði er allt of lítið einkum við ósa stórfljóta. Er því lagt til, að friðunarsvæði við stærri ár verði 2000 metrar og 1000 metrar við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 100 teningsmetra á sekúndu miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Sogið er talið rúmlega 110

teningsmetrar á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru það langt á veg komnar, að vandalítið má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða tvær breytingar, sem gerðar eru á 19. gr. laganna. Í fyrsta lagi er gerð sú breyting, að friðunartími á netaveiði byrjar á föstudagskvöldum kl. 10 í stað kl. 9 og honum lýkur á þriðjudagsmorgnum kl. 10 í stað kl. 9. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að til sveita hafa menn talið sig vera önnum kafna kl. 9 á föstudagskvöldum, en víða standa mjaltir yfir á þessum tíma. Þá koma einnig til heyannir á þurrkdögum, en komið hefur í ljós, að menn telja jafnvel ósanngjarnt að verða að taka upp net sín á þessum tíma, er þurrkur er og miklar annir. Þá er það víða svo, að langur vegur er að lögninni og menn öðrum störfum hlaðnir fram undir þennan tíma. Tíminn á þriðjudagsmorgnana skiptir minna máli.

Í öðru lagi er gerð sú breyting á 19. gr. laganna, að í greinina er bætt ákvæði um, að ráðherra geti ákveðið daglegan stangveiðitíma komi veiðieigendur sér ekki saman um hann. Getur ráðherra ákveðið þennan tíma í reglugerð á sama hátt og árlegan veiðitíma, sbr. 2. málsgr. 18. gr.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar málsgreinar er nýmæli. Á undanförnum árum hefur verið töluvert gert að því erlendis, að eyða fiski í veiðivötnum með efnum eitruðum fyrir fisk, til þess að rækta síðar aðrar fisktegundir. Rétt er að taka upp slíka fiskræktunaraðferð hér á landi og heimila, að fiski sé útrýmt undir slíkum kringumstæðum, þó að veiði með eitruðum og deyfandi efnum sé bönnuð, sbr. 112. gr.

Um 7. gr.

Við endurskoðun laxveiðilaganna 1954 og 1955 kom fram það álit milliþinganefndarinnar, að vikulegur veiðitími í net og á stöng skyldi vera hinn sami eða 84 stundir. Þar sem vikulegur veiðitími í net og á stöng falla ekki saman, má nota sama veiðistaðinn lengur en 84 stundir á viku með því að skipta yfir frá einu veiðitæki til annars og veiða þannig allt upp í 126 tíma á viku. Dæmi er um, að bæði veiðitækin hafi verið notuð á sama veiðisvæði. Milliþinganefndin setti á sínum tíma varnagla við mistnotkun af þessu tagi, og er einnig lagt til hér, að slíkur varnagli sé settur.

Um 8. gr.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að þar sem ákveðinn er stangarfjöldi fyrir ár, sbr. 3. mgr. 30. gr., og veiðifélög eru ekki starfandi, hafa veiðieigendur ekki skipt með sér veiði formlega. Er gagnslítið eða gagnslaust að fastsetja stangarfjölda í þeim ám vegna þess að slík ákvörðun er ekki, að því er virðist, tekin alvarlega af veiðieigendum. Viðbót þeirri, er hér er gerð við 3. mgr. 30. gr. laganna, er ætlað að bæta úr þessu. Er í greininni gert ráð fyrir, að sýslumaður kveðji matsmenn til þess að skipta veiðinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið, hve margar stengur megi hafa um sinn í því veiðivatni. Er matsmönnum hér ætlað að skipta veiðinni niður á milli veiðieigenda annars vegar og ákveða, hvenær veiðieigendur skuli nota veiðirétt sinn hins vegar. Ætti því að vera hægt að fylgja eftir framkvæmd ákvörðunar um stangafjölda við allar veiðiár.

Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 53 1957 ber ríkissjóði og sýslusjóði að greiða bætur vegna friðunar veiðivatns, þeirrar, er getur í 35. gr. laganna. Þar sem friðunin er gerð í þágu veiðieigenda virðist einsætt, að þeir eiga

að standa undir kostnaði af henni, en eigi almenningur. Sjónarmið þau, sem hér um ræðir, liggja til grundvallar þessu ákvæði frumvarpsins.

Veiðieigendur á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði og Laxár í Leirársveit hafa einir krafizt bóta samkvæmt 3. tl. 35. gr. téðra laga.

Allar veiðijarðir í fiskihverfinu skulu greiða hver sinn hluta af bótum, einnig þær, sem verða bóta aðnjótandi, en við ákvörðun bótanna ber taka tillit til þessa.

Gert er ráð fyrir, að bætur til veiðieigenda fram til ársins 1966, verði greiddar úr ríkissjóði og sýslusjóði samkvæmt núgildandi lögum.

Um 10. gr.

Breytingar á 2. málsgr. 46. gr. laganna varða tvö atriði. Um fyrra atriðið skal það sagt, að samkvæmt núgildandi lögum skal, fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs á gildandi fasteignamati, koma eitt atkvæði. Í frumvarpinu til núgildandi laga var gert ráð fyrir, að miðað yrði við fasteignamat ársins 1942 eða eldra mat. Alþingi breytti þessu hins vegar á sínum tíma í núverandi horf, það er að miðað er við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Reynslan hefur sýnt, að með núverandi reglum skapast möguleiki til að skipta jörðum (jafnvel eyðijörðum), láta meta hvern part á ný sérstaklega og fá þannig fleiri atkvæði út á sömu jörð. Með því að miða við fasteignamat á hverjum tíma, er opin leið til alls konar ráðstafana í því augnamiði að öðlast fleiri atkvæði. Hamla ber gegn þeirri þróun, að atkvæðisréttur sömu jarðar geti í sífellu breytzt, þótt veiðihlunnindi standi óbreytt. Verður um þetta að skapast meiri skýrleiki og festa. Er því lagt til, að sama regla og upphaflega var í frumvarpinu til laganna, verði tekin upp, og atkvæði sé bundið við lögbýli, sem metið er til verðs á fasteignamati ársins 1942 eða eldra mati.

Hin breytingin er fólgin í því, að felld er niður úr greininni setningin: „Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði.“ Ástæða þessa er sú, að óeðlilegt er talið, að ef fleiri jarðir komast á eina hönd tapist atkvæðisréttur að sama skapi, þ. e. að atkvæðisréttur breytist við tölu eigenda jarða. Þessi núverandi regla ýtir undir málamyndasamninga og er í andstöðu við það markmið að hvetja til stækkunar búa. Er því lagt til, að atkvæðafjöldi ákvarðist af fjölda lögbýla en ekki fjölda eigenda lögbýla.

Um 11. gr.

Rétt þykir að bæta inn í málsgreinina heimild til þess að takmarka lengd veiðivéla út á vatn. Er það í anda þessarar greinar og ekki síður friðunarráðstöfun heldur en aðrar takmarkanir í málsgreininni.

Um 12. gr.

Breytingar þær, sem hér um ræðir, eru sama eðlis og þær, sem ræddar eru í skýringum með 10 gr. og vísast til þess.

Um 13. gr.

Bætt er framan og aftan við 2. málsgr. 70. gr. Þykir að fenginni reynslu nauðsyn á að taka fram um, hvernig fara skuli að, þegar tillögur um arðskrá eru eigi löglega samþykktar á fundi. Í greininni er gert ráð fyrir, að yfirmatsnefnd ákveði, hvenær yfirmat öðlist gildi. Eðlilegt telst, að yfirmat taki gildi frá sama tíma og undirmat hefði tekið gildi, en stundum getur staðið svo á, að óheppilegt þyki, að yfirmat gildi langt aftur í tímann frá birtingu þess.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 15. gr.

Rétt þykir, að eldisstöðvar þurfi að viðurkennast af veiðimálastjóra sem slíkar og binda undanþágur í lögum (89. gr.) og rétt til styrkveitinga við viðurkenndar eldisstöðvar.

Um 16. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með tilkomu fiskeldisstöðva, sem sleppa laxaseiðum af göngustærð í frárennsli stöðvanna í þeim tilgangi að fá þau upp í þær aftur, verður nauðsynlegt að vernda svæðin framan við eldisstöðvar fyrir allri veiði. Vænta má, að veiði framan við eldisstöðvar verði reynd undir því yfirskyni, að verið sé að veiða aðrar fisktegundir en lax. Þekkist slíkt í Elliðavogi við Reykjavík. Það er sanngirnismál, að þeir sem ala upp laxinn, fái að njóta hans, þegar hann kemur af hafi, enda er það undirstöðuregla, sem byggt var á, er lax- og silungsveiðilögin voru samin.

Um 17. gr.

Þessi grein er nýmæli. Koma má upp eldisstöðvum við vatnslitlar ár, og sleppa seiðum í slíkar ár með það fyrir augum, að fiskur gangi aftur upp í árnar. Í þurrkatíð getur orðið töf á, að fiskur gangi upp í slíkar ár, og væri þá æskilegt, að eldisstöðvar gætu fengið undanþágu til þess að veiða fisk framan við árósana með þeim takmörkunum, sem veiðimálastjóri setur hverju sinni, enda sé um að ræða fisk, sem stöðin hefur alið upp. Sama ætti að gilda, þar sem um smá ár er að ræða, sem gönguseiðum er sleppt í, og sem litla möguleika hafa sjálfar til að framleiða gönguseiði.

Um 18. gr.

Þessi liður er nýmæli. Fiskmerkingar eru mikilvægur liður í rannsóknum á ferðum fiskanna og á því, hve mikill hluti þeirra kemst af. Með vaxandi seiðasleppingum er mikilvægt að kanna með merkingum, hvaða árangur verður af því að sleppa seiðum við mismunandi skilyrði. Þar sem merkja þarf fisk í mörgum ám, er nauðsynlegt, að einn aðili, það er veiðimálastjóri, hafi með slíkar merkingar að gera, og geti leyft öðrum að merkja fisk, enda fari viðkomandi eftir því kerfi, sem veiðimálastjóri hefur á merkingum, því annars er hætt við að ringulreið skapist, og að lítið verði að marka niðurstöður af slíkum merkingum. Samkvæmt lögunum fer veiðimálastjóri með rannsóknir vatnafiska. Er honum því ætlað að samræma allar merkingar á vatnafiskum. Með þessum lið eru tekin af öll tvímæli um tilhögun á merkingu vatnafiska.

Um 19. gr.

Landssamband íslenzkra stangveiðimanna hefur gert það að tillögu sinni, að nefndarmönnum í veiðimálanefnd verði fjölgað úr þremur í fimm, og fá samtökin einn mann í nefndina. Er hér með orðið við þessari málaleitun Landssambands stangveiðifélaga, en jafnframt er talið eðlilegt að Landssamband veiðifélaga tilnefni einn mann í nefndina. Þar sem veiðiréttur fylgir yfirleitt jörðum og flestir veiðieigendur eru bændur, er talið eðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands tilnefni einn mann í nefndina. Tilnefning Hafrannsóknastofnunarinnar byggist á því, að æskilegt er talið, að fiskifræðingur starfi í nefndinni.

Um 20. gr.

Refsiákvæði hafa verið óbreytt síðan 1952. Á þeim þrettán árum, sem liðin eru síðan, hafa orðið miklar verðhækkanir, en þó einna mestar hækkanir á laxveiðileigu. Þykir eðlilegt að hækka refsiákvæði nú. Lágmarkssektir eru þrefaldaðar og hámarkssektir tvöfaldaðar.

Um 21. gr.

Sjá skýringar við 21. gr.

Um 22. gr.

Rétt þykir að fella niður orðin „skotvopn“ og „rafmagn“ úr greininni, þar sem afleiðingar af notkun þessa eru minni heldur en af öðru því, sem talið er upp í greininni. Eðlilegt þykir að þyngja sektir fyrir brot á greininni verulega, þar sem afleiðingar af athöfnum þeim, sem í greininni eru taldar, geta verið mjög víðtækar.

Um 23. gr.

Rétt þykir af þrefalda hámarkssektir við brotum á greininni.

Um 24. gr.

Reynslan hefur sýnt, að afgreiðsla á brotum gegn laxveiðilögunum hefur oft verið slæm, þar sem málin hafa verið dregin á langinn, og sum hafa aldrei verið afgreidd. Ef viðhalda á góðri veiði, er brýn nauðsyn á, að laxveiðilögin séu haldin, og brot gegn þeim afgreidd fljótlega eftir að þau hafa verið framin. Meðan á laxveiðitímanum stendur eru sýslumenn oft önnum kafnir við að þinga og eru í sumarfríi og eiga því óhægt um vik að taka málið fyrir fyrr en löngu síðar. Úr þessu ástandi verður helzt bætt með því að setja setudómara til þess að fjalla um brot á laxveiðilögunum.

Um 25. gr.

Eðlilegt virðist að fella niður síðustu orðin í greininni, þar sem tvö ár reyndust ekki nægjanleg til þess að fá félögin til að breyta samþykktum sínum til samræmis lögunum.

Um 26. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 27. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú meira en átta ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárþörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir átta árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu, eins og hún var upphaflega orðuð, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir átta árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt“.

Greinargerð.

Í lögum um Seðlabanka Íslands frá 24. marz 1961 er honum ætlað það m. a. sem aðalhlutverk að koma í veg fyrir, að atvinnuvegirnir búi við lánsfjárskort. 2. gr. laganna hefst á þessa leið:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.“

Það er kunnara en rekja þurfi, að atvinnuvegir landsins búa við stórfelldasta lánsfjárskort og stendur hann framar öðru í vegi þess, að framleiðslugeta þeirra „sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt“.

Þessi mikli lánsfjárskortur atvinnuveganna stafar ekki af því, að lánsfé vanti, heldur hinu, að ríflegur hluti sparifjárins hefur verið frystur í Seðlabanka Íslands. Seðlabanka Íslands er því vel mögulegt að fullnægja miklu betur en nú á sér stað því hlutverki sínu að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, „að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.“ Það er því meira en ærin ástæða til þess fyrir Alþingi að beina athygli ríkisstjórnar og bankastjórnar að þessu hlutverki bankans.

Rétt er að geta þess, að sparifjárfrystingin hefur stundum verið rökstudd með því, að hún stuðli að því að halda verðlagi stöðugu. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að verðþensla hefur aldrei verið meiri en síðan frystingin kom til sögunnar, og hefur hún því bersýnilega engan árangur borið á því sviði. Hins vegar hefur hún orsakað þann lánsfjárskort, sem stendur auknum afköstum og aukinni framleiðni atvinnuveganna meira fyrir þrifum en nokkuð annað.

Sþ. 14. Fyrirspurn [14. mál]

til menntamálaráðherra um sjónvarp.

Frá Jónasi G. Rafnar.

Hvenær er ráðgert, að sjónvarpið nái til Norðurlands?

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um athugun á breyttri héraðsdómaskipan.

Flm: Björn Fr. Björnsson, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa á árinu 1966 5 manna nefnd til þess að kanna, hvort eigi sé rétt að breyta héraðsdómaskipan í landinu með það fyrir augum m. a. að stækka verulega umdæmi dómstóla og dómendum verði yfirleitt eigi fengin önnur störf en þau, sem varða dómsmál.

Nefndin skal þannig skipuð, að hæstiréttur, lagadeild háskólans, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands tilnefni einn mann hver aðili. Ríkisstjórnin skipi fimmta manninn og sé hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður við framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan þar verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála.

Enginn vafi sýnist leika á því, að tími sé til þess kominn að íhuga, hvort ekki sé rétt, að hér á landi einnig verði þessari stefnu haldið fram og unnið að því að færa héraðsdómaskipan okkar til þess vegar, að dómendur hafi eigi á hendi umboðsstörf nema þá að óverulegu leyti.

Þegar hinu forna bæjarfógetaembætti Reykjavíkur var skipt árið 1917, var skipting starfa þess m. a. á þá leið að skilja dómsstörf frá umboðsstörfum, og enn frekar við síðari breytingar á dómaskipan þar. Var hið gamla embætti orðið ærið annasamt og breyting talin mjög aðkallandi. Um mörg bæjarfógeta- og sýslumannsembætti mun mega segja að líku gegni í dag.

Því er af ýmsum haldið fram, að hin ólíku, en margþættu störf dómenda veiki fremur traust það, sem öllum ber saman um að dómstólar þurfi að búa við af almennings hálfu. Það valdi einnig dómendum ýmsum vandkvæðum oft á tíðum að sinna, svo sem þeir bezt vildu, hinum mikilvægasta og viðkvæmasta hluta starfans, meðferð og afgreiðslu dómsmála. Hin daglega önn í fjárhagsmálefnum embættanna og öðrum umboðsstörfum hlýtur vissulega að gera erfitt um vik. Þess ber þó að geta og leggja áherzlu á, að ekki er um að efast, enda fullvíst, að dómsmál hafi að jafnaði farið vel úr hendi þessum embættismönnum. En það verður ekki þakkað eðlilegri eða hentugri aðstöðu, síður en svo, heldur dómendum sjálfum, sem hafa verið sér meðvitandi um ábyrgðarmikið starf og unnið það af fullri kostgæfni og beztu þekkingu.

Hin vandasama undirbúningsvinna, sem meðferð dómsmála krefst, er alloft, e. t. v. oftast, unnin, þegar venjulegum starfstíma er lokið. Dómendum, sem eigi hafa að

staðaldri til meðferðar dómsmál, hlýtur ætíð að vera vandi á höndum, þegar meiri háttar mál ber að. Kennir þá auðvitað skorts á æfingu í dómsstörfum og nauðsynlegu tómi til lesturs fræðibóka og annarrar athugunar um málsefni. Hér þarf mikillar sérhæfingar við. Þessu munu dómendur sjálfir kunnugastir og gerst vita.

Hin margvíslegu umboðsstarfaumsvif embættanna leiða að sjálfsögðu til hvers konar viðskipta við íbúa umdæmisins, sem lítt kunna að samrýmast skiptum dómanda við sömu aðila síðar í dómsmáli. Margir líta svo á, að dómendur eigi að vera utan við átök og erjur stjórnmála og félagsmálastarfs yfirleitt. Það sé bæði embætti og málsaðilum fyrir beztu. Að vísu verður það engan veginn talið, að slíkt hafi komið að sök. En þó mætti e. t. v. segja, að mörgum dómanda, sem staðið hefur frammi í félagsmálabaráttu, hafi það eigi allténd verið leikur einn að sigla milli skers og báru. Hefur þá mestu varðað, að dómendur hafa verið þeim kostum búnir yfirleitt, að til góðs hefur leitt án árekstra.

Í stjórnarskrá okkar er í 34. gr. ákvæði þess efnis, að þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, séu ekki kjörgengir við alþingiskosningar. Dómendur í hæstarétti munu vera einir dómenda, sem falla undir þetta ákvæði stjórnarskrárinnar.

Sú leið, sem ætla mætti að fara bæri, ef í þá stefnu yrði haldið, sem hér er vikið að, er sú að stækka umdæmi dómstóla að miklum mun.

Við flm. till. teljum, að með slíkri breytingu, vandlega athugaðri með hliðsjón af aðstöðu, mætti enn auka á réttaröryggi og dómsmálaþjónusta yrði fullkomnari og traustari á ýmsa lund. Mætti þá jafnframt gera gangskör að því að búa á allan hátt sem bezt að embættum dómenda og meir við hæfi dómsvaldsins, sem vissulega er einn mikilvægasti þáttur ríkisvaldsins og ætti jafnan að vera sem óháðast öðrum greinum þess.

Hér hefur í stórum dráttum, að dómi okkar flm., verið hreyft mikilsverðu málefni, sem ber að veita verðskuldaða athygli. Hitt er á að líta, að sinn tíma hlýtur að taka að virða hin fjölmörgu atriði, sem til greina koma, svo að vinna megi sem bezt að og affarasælli lausn náð.

Verði breytingar talin þörf, ber að vanda, svo sem auðið er, til hennar og gæta þess vel, að hagsmunum þjóðfélagsins og réttarskipan verði sem tryggilegast borgið.

Fyrir því leggjum við flm. til á þessu stigi, að hinum færustu mönnum verði fenginn sá vandi til úrlausnar að segja rökstutt álit sitt um það, hvort breyta skuli um stefnu í þessum efnum, og síðan, ef sú verður skoðun þeirra, hverjar leiðir í skipan dómsmála þættu eðlilegastar og hagkvæmastar.

Sþ. 16. Tillaga til þingsályktunar [16. mál]

um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins o. fl.

Flm.: Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til að endurskoða lög nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, og önnur gildandi lagaákvæði, sem varða kaup, meðferð og sölu ríkisjarða, og gera svo fljótt sem verða má tillögur um lagabreytingar og ný lagaákvæði, sem miða að því:

1) að auðvelda þeim, sem hætta verða búskap vegna aldurs eða annarra orsaka, að koma eignum sínum í verð, og skapa jafnframt skilyrði fyrir betri skipulagningu með því, að ríkið kaupi eyðijarðir eða jarðir, sem ella færu í eyði, svo og aðrar jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti;
2) að efla þá starfsemi Landnáms ríkisins, sem lýtur að því að gera heildarskipulag fyrir landbúnaðarbyggðirnar, sbr. 28. gr. laga nr. 75 27. apríl 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum;

3) að tryggja sem bezt umráða- og eignarrétt bænda á jörðum og opinbera aðstoð við eigendaskipti, m. a. með stórauknu lánsfé til jarðakaupa, svo að þeim, sem leggja vilja stund á búskap, sé gert sem auðveldast að eignast jörð eða fá hana til erfðaábúðar. Jafnframt séu möguleikar athugaðir á því, að ríkisjarðir, sem felldar hafa verið inn í heildarskipulag byggðarinnar, séu seldar með hagkvæmum kjörum þeim, sem vilja nytja þær til ábúðar í samræmi við staðfest skipulag;
4) að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi um verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiguliða um þau efni;
5) að settar verði reglur um mat á jarðeignum til kaups og sölu í því skyni að skapa meiri festu í verðlagningu slíkra verðmæta.

Nefndin skal leita aðstoðar þeirra embættismanna og sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, svo og Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en svo seint, að hún kom ekki til meðferðar, áður en þingi lauk. Fylgdi henni þá svo hljóðandi grg.:

„Sjálfsagt eru flestir sammála um það, að æskilegt sé, að bændur eigi sjálfir það land, sem þeir nytja. Á það jafnt við, hvort sem einn bóndi nytjar landið eða fleiri í félagsbúi.

Öðru máli gegnir um það land, sem ekki er nytjað. Eðlilegt er, að slíkt land sé í opinberri eign. Það er sameiginlegt mál allrar þjóðarinnar að tryggja það, að land okkar og möguleikar þess til verðmætasköpunar séu nýttir á sem beztan hátt. Land, sem er í eyði eða órækt, er því eðlilegt að þjóðfélagsheildin eignist í því skyni að ráðstafa því á nýjan leik til þeirra nota, sem hagkvæmust sýnast og í samræmi við þjóðarhagsmuni.

Í lögum nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, er byggt á öðrum sjónarmiðum. Þar er ríkinu aðeins heimilað að kaupa jarðir, og það er þar eitt meginskilyrði fyrir því, að ríkið geti keypt jörð, að tryggt sé, að hún byggist til erfðaábúðar (sbr. lög nr. 102 21. des. 1962). Flutningsmenn telja það ekki keppikefli í sjálfu sér, að ríkið eigi jarðir. Þvert á móti teljum við það æskilegt, að þeir, sem vilja nytja jarðirnar, geti eignazt þær með sem auðveldustum hætti.

Vissulega er æskilegt og að því ber að stuðla, að sem flestar góðar bújarðir haldist í byggð og séu nytjaðar, en þá, sem landbúnað stunda, skiptir það mestu máli:

1) að þeir, sem vilja hefja búskap, geti fengið jarðnæði og aðstöðu með sem hagkvæmustum hætti;
2) að þeir, sem stunda búskap, búi við góða afkomu og sem mest öryggi um framtíð sína;
3) að þeir geti komið eignum sínum í eðlilegt verð, þegar þeir vilja hætta búskap vegna aldurs eða annarra orsaka.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir, að gildandi löggjöf verði endurskoðuð með hliðsjón af því, sem segir í 1. og 3. tölul., og jafnframt með það í huga, að þjóðinni allri er það mikilsvert, að skipulag landbúnaðarins og byggðarinnar í sveitum þróist með eðlilegum hætti í samræmi við kröfur samtímans.

Það eru vaxandi brögð að því, að jarðir fari í eyði og að fullorðnir bændur verði að ganga frá aleigu sinni án þess að koma henni í verð. Samkvæmt skýrslu Landnáms ríkisins, sem prentuð er sem fylgiskjal með frv. þessu, er nú réttur fjórðungur lögbýlisjarða í eyði og verulegur hluti þeirra ekki talinn endurbyggilegur. Öðrum þræði á þessi þróun rót sína að rekja til þeirrar atvinnubyltingar, sem á sér stað hér eins og annars staðar og er afleiðing aukinnar tækni og forsenda vaxandi velmegunar. En það eru ekki bara kotjarðirnar, sem þannig fara, heldur

eru þess einnig dæmi um kostajarðir í búsældarsveitum. Tilviljunin ein má ekki ráða þessari þróun. Við verðum að stýra henni og draga úr þeim þjóðfélagslegu og persónulegu harmsögum, sem hún hefur í för með sér. Það er ekki sæmilegt fyrir okkur, sem höfum nú úr meiru að spila en nokkru sinni, að láta það ástand skapast, að fullorðnir bændur, sem erjað hafa jörðina af elju og trúmennsku langa ævi, sjái að lokum þann kost einan að ganga slyppir og snauðir frá öllu saman og skilja eignir sínar og ævistarf eftir til að fara í órækt og niðurníðslu.

Þess vegna er gert ráð fyrir því í 1. tölul. tillögunnar, að ríkið kaupi eyðijarðir. Jafnframt ætti þó að athuga, hvort til greina kæmi að styrkja sveitarfélögin til að neyta þess réttar, sem þau eiga í þessu efni samkvæmt ábúðarlögunum.

En það er líka æskilegt fyrir ríkið að ná fullum umráðarétti yfir ónotuðu landi til þess að geta tryggt hagkvæmt skipulag landsins og sem bezta nýtingu þess í framtíðinni. Þess vegna er í 2. tölul. tillögunnar gert ráð fyrir að efla skipulagsstarf landnámsins. Þar er fyrir hendi mikið verk og vandasamt. Þó að hagkvæm nýting landsins til landbúnaðar sé í þessu sambandi aðalatriðið, er fjölmargt fleira, sem hafa verður í huga. Sífellt þarf meira land til ýmissa annarra þarfa þjóðfélagsins, ekki aðeins fyrir iðnað og þéttbýlismyndun, heldur þarf einnig sívaxandi fjöldi bæjarfólks að hafa skilyrði til heilbrigðrar útivistar og samskipta við náttúru landsins. Það má ekki verða tilviljunum undirorpið. T. d. mega hlunnindi jarða ekki verða til þess að leggja þær beinlínis í eyði, eins og dæmi eru um.

Nú er það ekki keppikefli í sjálfu sér, að ríkið eigi jarðir, en þegar kemur að því að ráðstafa jörðum, sem ríkið hefur átt, er mikill vandi á höndum. Margir óttast þá hættu, sem fólgin er í því, að kaupandi, ef hún yrði seld, mundi ekki nýta hana með eðlilegum hætti, heldur færi hún að ganga kaupum og sölum í gróðaskyni. Gildandi löggjöf hefur mjög mótazt af þessum ótta, sem á fyllilega rétt á sér, sérstaklega meðan sveitabyggðirnar eru skipulagslausar. En með skipulagningu byggðanna mundi draga úr þessari hættu. Jarðir, sem seldar yrðu, mundu vera með kvöð um þá nýtingu, sem skipulag gerði ráð fyrir, og undan sölu yrðu skilin þau hlunnindi, sem líkleg gætu orðið til að valda misnotkun jarðarinnar með sýndarbúskap. Ef jafnframt er gert ráð fyrir lagaákvæðum um, að ríkið kaupi þær jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti, virðist sem mjög megi draga úr þeirri hættu, sem hér er á ferðum.

Í ýmsum tilvikum mundi skipulagið ekki gera ráð fyrir, að jörð yrði byggð að nýju í fyrirsjáanlegri framtíð. Yrði þá jörðinni ráðstafað á annan hátt í samræmi við skipulagið, lögð við nágrannajörð, undir þéttbýli, til afréttar o. s. frv., eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum yrði jörð eða jarðarhluti aðeins seld nágrannabónda eða sveitarfélagi.

Að sjálfsögðu er ekki verið að gera því skóna, að ríkið hætti að láta ríkisjarðir í erfðaábúð, þó að aðrir möguleikar kynnu að verða opnaðir.

Í þessu sambandi kemur einnig til athugunar staða ríkisins sem landsdrottins.

Loks gerir tillagan einnig ráð fyrir, að settar yrðu reglur um, hvernig jarðir skuli metnar, en á því er mikil nauðsyn að skapa um það meiri festu."

Fylgiskjal.

ÚTDRÁTTUR

úr skýrslu Landnáms ríkisins um lögbýlisjarðir í landinu, ábúð þeirra og eyðijarðir í fardögum 1964.

Jarðatalan í hreppum og sýslum er byggð á fasteignamati frá 1957 að viðbættum þeim lögbýlum, sem búseta er komin á frá þeim tíma og samþykkt hafa verið sem lögbýli af nýbýlastjórn ríkisins og fengið lögfestingu menntamálaráðuneytisins á nafnfesti og hafa verið metin millimati til sérstaks fasteignamats. Heimildar-

gögn fyrir aukningu jarðatölunnar er jarðaskrá landnámsins og spjaldskrá þess um nýbýli. Þau nýbýli, sem ekki eru komnar byggingar og búseta á, eru ekki tekin í yfirlit þetta.

Samkvæmt þessari skilgreiningu eru lögbýli alls í landinu að meðtöldum kauptúnahreppum og kaupstöðum að undantekinni Reykjavík 7242, og í ábúð af þeim og með búsetu eru 5438 jarðir, en eyðijarðir 1804. Af heildarjarðatölunni eru í kaupstöðum, þó að undanskildum Ólafsfjarðarkaupstað og Akureyrarlögsagnarumdæmi, 76 byggðar jarðir og 118 eyðijarðir, en langflestar notaðar af þeim, er fénað hafa í kaupstöðunum, en aðilar hafa ekki búsetu á jörðunum.

Eyðijarðatalan í öðrum dálki skýrslunnar er byggð á skýrslum frá 199 hreppstjórum úr jafnmörgum hreppum, en það eru allir sveitahreppar að einum undanskildum, Innri-Akraneshreppi, og auk þess er byggt á sömu gögnum frá lögreglustjórum í Ólafsfjarðar- og Akureyrarkaupstöðum, en í þeim kaupstöðum eru allmargar bújarðir byggðar og nokkrar ábúðarlausar. Eru þær í yfirlitinu teknar með jarðatölu Eyjafjarðarsýslu. Í Innri-Akraneshreppi og 16 kauptúnahreppum er eyðijarðatalan byggð á jarðaskrá Landnáms ríkisins fardagaárið 1963, og eru þar taldar eyðijarðir allar þær, sem ekki er framtalinn bústofn frá. Í þessum 199 sveitahreppum að meðtöldum Ólafsfirði og Akureyri, en undanskildum Vestmannaeyjum, eru byggðar jarðir alls 5362 og eyðijarðir 1686 að tölu.

Byggðu jarðirnar skiptast þannig eftir því, hverjar búgreinar eru á þeim hafðar:

1. Aðalbúgreinar: nautgripir, sauðfé og hross	5233
2. Aðalbúgreinar: garð- og gróðurhúsarækt, alifugla- og svínarækt	129
Samtals	5362

Eftir eignarumráðum skiptast eyðijarðir 199 hreppsfélaga og tveggja kaupstaða þannig:

Einkaeign	1097 jarðir
Hreppseignir	81 jörð
Ríkiseignir	201 jörð
Óviss eignarumráð	307 jarðir
Samtals	1686 jarðir

Af einkaeignunum eru 761½ jörð ekki nytjaðar af eigendum, en 335½ jörð eru nytjaðar af eigendum, og í allmörgum tilfellum er hér að ræða um sameiningu jarða eða sérmetinna jarðeigna með sama nafni, þó að frá þeim breytingum hafi ekki verið formlega gengið að sameina jarðirnar í fasteignamati, en þeim haldið sérmetnum af einhverjum persónulegum aðstæðum. Hreppseignirnar, 81 jörð, eru flestar þegar gerðar að afréttarlöndum og sumar þeirra beint keyptar í þeim tilgangi. Ríkiseignirnar eru í umsjá hreppstjórnanna og ráðstafað með ýmsum hætti, oft frá ári til árs eða til lengri tíma.

Undir óviss eignarumráð eru taldar jarðir í þeim tveimur hreppum, sem algerlega eru fallnir í auðn, en í þeim hreppum eru 103 lögbýlisjarðir. Mestur hluti þeirra jarða er í einkaeign, en á 204 jörðum hafa hreppstjórar ekki tekið fram, hverjir væru eigendur jarðanna, enda mun í vissum tilfellum vera alger óvissa um jarðir, sem komnar eru í eyði fyrir 100 árum eða meira, hvort þær eru eign notenda, enda sumar þeirra á engan hátt nýttar nema sem afréttarlönd.

Við athugun og endurmat á umsögnum hreppstjóra, hvort jarðirnar teljist endurbyggingarhæfar, er niðurstaða Landnáms ríkisins, að ekki komi til greina að hugsa til endurbyggingar á 858 jarðanna, og er það nær því að vera helmingur eyðijarða í sveitahreppunum í landinu. Ófullnægjandi upplýsingar um endurbyggingar-

hæfni eru á 382 jörðum, og eru þá í þeirri tölu áður umgetnar 103 jarðir í Sléttu- og Grunnavíkurhreppum.

Um 279 jarðir gefa hreppstjórar engar upplýsingar varðandi þetta atriði, en af líkum má ráða, og að svo miklu leyti sem staðþekking nær til, eru litlar líkur fyrir, að þessar jarðir komi til greina til endurbyggingar, en þó með nokkrum undantekningum.

Hreppstjórar telja hæfar til endurbyggingar 451 jörð, og má á það fallast um flestar þeirra, einkum ef haft er í huga, að viðkomandi sveitarfélögum yrði styrkur að endurbyggingu þeirra, en sé einnig litið á önnur sjónarmið, svo sem kostnað við að gera jarðirnar búhæfar og líklegt búrekstrargildi jarðanna fyrir þá, er tækju jarðirnar til endurbyggingar, þurfa nánari athuganir að fara fram í samráði við sveitarstjórnir, hverjar þeirra jarða yrðu endurbyggðar.

Hér fara á eftir tvær yfirlitsskýrslur um framangreind atriði.

Yfirlit um tölu lögbýlisjarða í sýslum, tala eyðijarða og jarðir í ábúð í fardögum 1964.

Í fardögum 1964:	Jarðir alls í sýslum	Eyðijarðir 1964	Jarðir í ábúð 1964
Borgarfjarðarsýsla	254	27	227
Mýrasýsla	212	34	178
Hnappadalssýsla	82	10	72
Snæfellsnessýsla	242	91	151
Dalasýsla	223	42	181
Barðastrandarsýslur	267	84	183
Vestur-Ísafjarðarsýsla	179	93	86
Norður-Ísafjarðarsýsla	260	153	107
Strandasýsla	194	58	136
Vestur-Húnavatnssýsla	232	38	194
Austur-Húnavatnssýsla	270	65	205
Skagafjarðarsýsla	534	115	419
Eyjafjarðarsýsla með Ólafsfirði og Akureyri	529	116	413
Suður-Þingeyjarsýsla	568	99	469
Norður-Þingeyjarsýsla	219	55	164
Norður-Múlasýsla	405	89	316
Suður-Múlasýsla	399	128	271
Austur-Skaftafellssýsla	148	31	117
Vestur-Skaftafellssýsla	237	54	183
Rangárvallasýsla	589	120	469
Árnessýsla	730	126	604
Gullbringusýsla	281	138	143
Kjósarsýsla	162	22	140
Vestmannaeyjar	26	16	10
Samtals	7242	1804	5438

Endurbyggingarhæfni eyðijarða.

	Taldar hæfar til endurb.	Ekki byggilegar	Ófullnægjandi upplýsingar	Eyðijarðir alls
Borgarfjarðarsýsla	6	12	9	27
Mýrasýsla	13	20	1	34
Hnappadalssýsla	6	4	–	10
Snæfellsnessýsla	34	71	2	107
Dalasýsla	22	19	1	42
Austur-Barðastrandarsýsla	12	12	–	24
Vestur-Barðastrandarsýsla	20	26	14	60
Vestur-Ísafjarðarsýsla	13	67	13	93
Norður-Ísafjarðarsýsla	18	32	103	153
Strandasýsla	13	35	10	58
Vestur-Húnavatnssýsla	16	18	4	38
Austur-Húnavatnssýsla	27	35	–	62
Skagafjarðarsýsla	26	67	22	115
Eyjafjarðarsýsla	31	61	1	93
Suður-Þingeyjarsýsla	27	66	–	93
Norður-Þingeyjarsýsla	19	35	–	54
Norður-Múlasýsla	40	31	9	80
Suður-Múlasýsla	9	61	58	128
Austur-Skaftafellssýsla	14	16	1	31
Vestur-Skaftafellssýsla	5	26	23	54
Rangárvallasýsla	39	59	22	120
Árnessýsla	34	54	38	126
Gullbringusýsla	2	21	39	62
Kjósarsýsla	5	5	12	22
Samtals	451	853	382	1686

Nd. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 1.—4. mgr. 81. gr. laganna komi:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi að nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanförnu. Umsókn um endurveitingu

ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það að fullu og öllu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er ráðherra ekki heimilt að veita þeim manni ökuleyfi á ný eða rátt til að öðlast það, sem hefur verið sviptur þessum réttindum vegna brota á 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er eingöngu um þá breytingu á umferðarlögunum, að í þau verði sett fyrirmæli um, að þeir menn, sem neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis, aka eða reyna að aka slíku tæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu eða rétti til að öðlast það.

Í gildandi lögum er bann við því að neyta áfengis við akstur, og þeim, sem eru undir áhrifum áfengis, er bannað að aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki. Auk annarra refsinga fyrir brot á þessu lagabanni, sem ákveðnar eru í lögum, eru þar fyrirmæli um ökuleyfissviptingu um skemmri eða lengri tíma. Þó er heimilt að sleppa sviptingu ökuréttinda, ef sérstakar málsbætur eru taldar vera, ef um fyrsta brot er að ræða og ef ölvun ökumannsins hefur ekki farið fram úr vissu marki.

Þessi undanþáguheimild frá ákvæðinu um sviptingu ökuréttinda er ákaflega varhugaverð, þar sem hún stuðlar að því að auka bifreiðaakstur drukkinna manna. Því er lagt til í þessu frumvarpi, að sú heimild verði numin úr lögum. Bezt mun gefast að hafa hér hreinar línur. Svipta þá menn ökuréttindum að fullu, sem fara með vélknúið ökutæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis.

Það er því miður mjög algengt, að menn brjóti umferðarlögin með því að aka bifreiðum, þegar þeir eru undir áfengisáhrifum, og þeir valda mörgum slysum og miklu tjóni. Fullvíst má telja, að verði í lög tekið, að þeir menn skuli án undantekninga sviptir ökuleyfi að fullu, sem gera sig seka um að aka bifreiðum, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, muni þeim mönnum fækka mjög, sem hreyfa bifreið, þegar þeir hafa bragðað áfengi. Fáir mundu vilja eiga það á hættu að missa ökuréttindi ævilangt, og þannig gæti samþykkt frumvarpsins orðið mörgum ölkærum mönnum til hamingju. Forðað þeim frá að aka ölvaðir, valda banaslysum eða meiðslum á sjálfum sér og öðrum vegfarendum, efnahagslegu tjóni og margvíslegum hörmungum. Það er þannig hagsmunamál áfengisneytenda eins og annarra manna, að þau fyrirmæli, sem tillögur eru um í frv., verði í lög tekin.

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 86. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Sama gjald skal innheimt af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar, og er óheimilt að skrásetja þær, fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar í vafaatriðum, hvaða bifreiðar skuli gjaldskyldar.

Tekjum samkvæmt þessari grein skal varið til nýbyggingar þjóðvega, sbr. þó 32. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967. Um leið er úr gildi felld 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi grg.:

„Verkefnin í vegamálum hrannast upp. Tala bifreiða landsmanna hefur tvöfaldazt á s. l. 10 árum, en álagið á vegakerfið eykst enn meir, því að bílarnir þyngjast og umferðarhraðinn eykst með ári hverju.

Undanfarin 30—40 ár hafa verið unnin stórvirki í vegamálum landsins. Viðleitnin hefur miðazt við það að tengja sem flest byggðarlög landsins akvegakerfinu, þannig að bílfært yrði. Þessu verki hefur miðað vel áfram, þó að enn sé mikið ógert. Þannig eru óbyggðir langir kaflar af hringvegi um landið, ýmist alveg eftir að gera þá bílfæra eða þeir eru aðeins ruddir. Nauðsynlegt er að ljúka þessu verki sem allra fyrst.

Nú stöndum við frammi fyrir alveg nýju verkefni í vegamálum. Þar sem umferðin er orðin mest og hröðust og farartækin þyngst, verður vegagerðin að miðast við annað og meira en gera bílfært. Hún verður að miðast við að gera vegi, sem eru hagkvæmir fyrir umferðina og fara vel með farartækin. Það eru ekki litlir þjóðfélagslegir hagsmunir í húfi að takmarka slit og eyðileggingu á farartækjunum, þegar á það er litið, að bifreiðar að verðmæti 5000—6000 milljónir króna eru að staðaldri á ferðinni um vegakerfi landsins.

Óhóflega stór hluti af vegafénu fer til viðhalds eða um 100 milljónir króna af 260 milljónum. Aðeins um 60 milljónir fara til nýbyggingar þjóðvega, en 100 millj. kr. fara í brýr, til sýsluvega, kaupstaða, vélakaupa og í stjórn og undirbúning.

Með samþykkt vegalaganna viðurkenndi Alþingi tilvist þessa verkefnis. Þar er ákveðið, að þeir vegir, sem gera má ráð fyrir að innan 10 ára fari um yfir 1000 bílar á dag, skuli teljast hraðbrautir og gerast með varanlegu slitlagi. Á hinn bóginn hefur Alþingi ekki séð fyrir fé til þessara framkvæmda af samtímatekjum utan 10 millj. kr., sem ekki nægja fyrir vöxtum af því fé, sem þegar er komið í slíkar framkvæmdir.

Þau myndarlegu átök, sem gerð hafa verið í vegamálum á undanförnum áratugum, hafa nær algerlega verið kostuð af samtímatekjum. Er ljóst, að það verður einnig að gera í framtíðinni, a. m. k. að mestu leyti. Er því ljóst, að leggja verður mjög miklu meira fé til vegabygginga á komandi árum en að undanförnu.

Víða erlendis þykir sjálfsagt, að ríkistekjur af farartækjum og rekstrarvörum þeirra renni til uppbyggingar vegakerfisins. Þar til fyrir um það bil áratug var það einnig svo hér á landi, að umferðartekjurnar og útgjöldin til vegamála vógu salt. En síðan hefur æ meira af þessu fé runnið til annarra þarfa ríkissjóðs.

Félag íslenzkra bifreiðaeigenda hefur látið reikna út, að á árunum 1960—1964 hafi tekjurnar af umferðinni numið 2046 milljónum króna, þar af runnu til viðhalds og byggingar vega 750 millj. kr., eða 37%, en til annarra þarfa ríkissjóðs 1295 millj. kr., eða 63%.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að nokkuð af því, sem áður hefur runnið til annarra þarfa af þessum tekjum ríkissjóðs, renni nú í vegasjóð. Er um að ræða

leyfisgjaldið, sem talið er að nemi nú árlega um 150 millj. króna. Þegar sveitarfélögin hefðu fengið það, sem þeim ber samkv. 32. gr. vegalaga, yrðu þá eftir 130—135 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að rynnu eingöngu til nýbyggingar þjóðvega.“

Frumvarpinu var á síðasta þingi vísað til samgöngumálanefndar, sem leitaði álits vegamálastjóra, sem mælti með frumvarpinu. Er umsögn vegamálastjóra birt sem fylgiskjal. Frumvarpinu var síðan vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu meiri hluta samgöngumálanefndar, en minni hluti samgöngumálanefndar hafði mælt með samþykkt þess. Á þessu sumri hefur komið enn betur í ljós en nokkru sinni áður, hversu aðkallandi er að leysa úr brýnum framkvæmdaverkefnum í vegamálum, og er því frumvarp þetta flutt að nýju.

Í fjárlagafrv. fyrir 1967 er leyfisgjaldið áætlað nær 170 millj. króna. Á hinn bóginn eru þau verkefni, sem að kalla í vegamálum, svo stórbrotin, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. yrði einnig að koma til lánsfé, til þess að viðunandi framkvæmdahraði náist, og teljum við eðlilegt, að lánsheimildir séu veittar í sambandi við afgreiðslu vegáætlana.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. marz 1966.

Umsögn um frumvarp til laga á þingskjali 363, um breytingu á vegalögum, nr. 71/1963.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 24. þ. m., en mótteknu 29. þ. m., sent mér til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á vegalögum.

Skv. frumvarpinu er í 1. gr. lagt til, að á eftir 86. gr. vegalaga komi ný grein þess efnis, að innheimt skuli sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, er nema megi allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Skuli tekjum af gjaldi skv. þessari grein varið til nýbyggingar þjóðvega, sbr. þó 32. gr. vegalaga.

Skv. 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1967, en um leið verði felld úr gildi 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega á það bent, að tekjustofn vegasjóðs skv. vegalögum hrökkvi mjög skammt til lausnar þess verkefnis, sem framundan er í vegamálum og vegalög beinlínis mæla fyrir um, en það er lagning hraðbrauta með varanlegu slitlagi á þeim vegum, þar sem ætla má að umferð yfir sumarmánuðina verði 1000—10000 bifreiðar á dag innan 10 ára.

Þessir vegir eru í gildandi vegáætlun taldir alls um 148 km vegalengd, en af þeim eru taldar fullgerðar hraðbrautir um 42 km og í raun réttri þó aðeins um 37 km, en það er Reykjanesbrautin, en sá vegur er að mestu leyti byggður fyrir lánsfé.

Umferðartalning s. l. 2 ár bendir til þess, að hraðbrautir skv. 12 gr. vegalaga muni við endurskoðun á vegáætlun lengjast um a. m. k. 200 km, þar sem við hraðbrautir munu bætast langir vegakaflar, eins og t. d. Vesturlandsvegur frá Þingvallavegamótum að vegamótum við Borgarnesbraut, enn fremur Borgarnesbraut, Akranesvegur, Þingvallavegur, Suðurlandsvegur frá Selfossi að Skeiðavegamótum, auk ýmissa stuttra vegakafla við Akureyri, Egilsstaði og víðar.

Þá eru og óleyst óhemju verkefni við lagningu þjóðbrauta og landsbrauta svo og byggingu nýrra brúa og endurbyggingu gamalla brúa, eins og nánar var rakið í greinargerð með tillögu til vegáætlunar fyrir árin 1965—1968.

Á undanförnum 4 árum hefur verið unnið töluvert að vegaframkvæmdum fyrir lánsfé til langs tíma, og námu slík lán um s. l. áramót um 268 millj. kr. Þar af voru 229 millj. kr. lán vegna Reykjanesbrautar, en hitt eru lán vegna Ólafsvíkurvegar um Enni, Siglufjarðarvegar um Stráka, Ólafsfjarðarvegar um Múla og nokkurra vega skv. Vestfjarðaáætlun. Vextir og afborganir þessara lána munu í ár nema um 44.3 millj. kr., eða um 54% af því fé, sem í vegáætlun í ár verður varið til nýrra þjóðvega og brúargerða.

Af þessu er ljóst, að þótt bygging vega fyrir lánsfé geti verið mjög hagkvæm við lausn tæknilega afmarkaðra verkefna, sem vinna þarf að mestu í einum áfanga, eins og t. d. stórbrýr og jarðgöng, og við lagningu einstakra vega, sem ekki koma að gagni fyrr en þeir eru fullgerðir, eins og vegurinn um Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla, þá er þessi leið ekki fær til langframa, þar sem verkefni aukast með vaxandi umferð, en tekjurnar ekki að sama skapi. Endurgreiðsla vegalána með innheimtu sérstaks umferðargjalds, eins og nú er framkvæmt á Reykjanesbraut, er aðeins möguleg við mjög sérstakar aðstæður, sem óvíða eru fyrir hendi hér á landi. Er ég sammála flutningsmönnum frumvarpsins um það, að til frambúðar verði að miða fjáröflun til vegaframkvæmda í aðalatriðum við samtíma tekjur, eins og tíðkað er í flestum löndum.

Ofangreint frumvarp er því mjög tímabært og mundi leysa mikið af þeim vanda, sem fjáröflun til vegaframkvæmda er nú, þar sem ætla má, að tekjur af því þegar á fyrsta ári yrðu nokkuð á annað hundrað millj. kr., en tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða og bifhjóla skv. lögum nr. 4/1960 eru í fjárlögum yfirstandandi árs áætlaðar 124 millj. kr.

Hins vegar leyfi ég mér að benda á, að samgöngumálaráðuneytið skipaði hinn 31. jan. s. l. þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um nýjar leiðir til verulega aukinnar fjáröflunar fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968, sem ákveðið er að gerð verði á hausti komanda.

Með vísun til þess, er að framan greinir, þá leyfi ég mér að mæla með samþykkt frumvarpsins, en teldi það einnig vel viðunandi lausn málsins, ef nefnd sú, er að framan greinir, fyndi aðra og ekki lakari fjáröflunarleið fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun á hausti komanda.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 19 10. maí 1965.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

C-liður 7. gr. laganna breytist þannig:

3. málsliður: „Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964“ — falli burt.

2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta þeim lánssamningum, sem þegar hafa verið gerðir við húsbyggjendur, þannig að eigi verði reiknuð vísitala á þau lán.

3. gr.

Teknir skulu upp samningar við þá lánveitendur, sem veitt hafa húsnæðismálastjórn beint eða húsbyggjendum fyrir hennar milligöngu lán með þessum skilyrðum um vísitölugreiðslu. Skal reynt að fá þá til þess að falla frá þessu skilyrði með aðstoð ríkisstjórnar og breyta samningum (skuldabréfum o. s. frv.) í samræmi við það. Takist það ekki, skal ríkissjóður greiða mismuninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en fékk eigi afgreiðslu. Þá fylgdi því svo hljóðandi greinargerð, sem enn er í fullu gildi:

„Það er orðin viðurkennd stefna þjóðfélagsins, að gera skuli sem flestum fjölskyldum kleift að eignast eigin íbúð. Með miklum dugnaði einstaklinga hefur tekizt að stíga hin stærstu spor fram á við í þessum efnum á undanförnum áratugum, þrátt fyrir það, að lánin frá því opinbera hafa verið hlutfallslega of lítill hluti af byggingarkostnaði íbúðar. Hefur það óneitanlega létt hinum almenna manni átakið að eignast íbúð, að verðbólgan hefur í flestum tilfellum rýrt skuldir hans og gert þær léttbærari, en kaupgjaldshækkun hins vegar haldizt nokkuð svipuð dýrtíðaraukningunni.

Er nú svo komið, að talið er, að 1964 búi 75% framteljenda í landinu í eigin íbúðum (t. d. 68.7% ófaglærðra verkamanna í eigin íbúðum), en 1940 bjuggu í Reykjavík 39% í eigin íbúðum (2967 bjuggu þá í eigin íbúðum, en 4678 í leiguíbúðum).

Það er nauðsynlegt, að hægt sé að halda þessari stefnu áfram, að gera fjölskyldum af alþýðustétt kleift að eignast þak yfir höfuðið. En nú er greinilegt, að á þessu verður alger breyting til hins verra, ef halda á þeim hætti, er upp var tekinn fyrir tveim árum, að reikna kaupgreiðsluvísitölu á lán þau, sem menn fá frá húsnæðismálastjórn, og vexti af þeim.

Með þessum vísitölulánum yrði hinum almenna manni gert ókleift að rísa undir afborgunum og vöxtum, svo sem eftirfarandi dæmi sýnir:

Fái íbúðareigandi lán að upphæð 280 000 kr. til 25 ára, svo sem nú er ráð fyrir gert í lögum, og eigi hann að borga vísitölu á þetta lán og vexti af því og haldi verðbólgan áfram á sama hátt og gerzt hefur undanfarin 15 ár, — en þá hefur hún vaxið um 10% á ári, — þá yrði hann í stað þeirrar jöfnu árgreiðslu (annuitetsgreiðslu), sem ella væri 18 398 kr., ef allt væri eðlilegt og engin vísitöluskuldbinding á láninu, að greiða svo sem hér segir:

Á 10. ári	47 656 kr.
Á 15. ári	76 912 —
Á 20. ári	123 832 —
Á 25. ári	199 272 —

Með öðrum orðum: Síðasta afborgunin af 280 þús. kr. láni yrði þá tæpar 200 þús. kr. eftir stöðugar greiðslur í 24 ár, og alls yrði þá íbúðareigandinn á árinu 1991 búinn að greiða á þriðju milljón króna fyrir þær 280 þús. kr., er hann fékk að láni frá ríkinu til að hjálpa honum 1966.

Þegar ákvörðun var tekin um þessa vísitölugreiðslu á húsnæðislánum og vöxtum 1964, hafa þeir, sem að því stóðu, vafalaust gengið út frá því, að verðbólgan yrði stöðvuð, og treyst á það. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei fallizt á þessa aðferð sem einu aðferðina til að lána alþýðu manna íbúðarlán, og þegar nú er auðséð, að verðbólgan muni halda áfram af fullum krafti, þá er það alveg frágangssök að

ætla að halda því ákvæði í lögum að reikna vísitölu á húsnæðislán til almennings. Slíkt mundi gera þorra manna ókleift að eignast eigin íbúð og stöðva þar með þá þróun, er verið hefur undanfarna tvo áratugi, og skapa neyð og öngþveiti í húsnæðismálum.

Fyrir þá verkamenn og annað launafólk, sem nú er að byrja á að eignast íbúð, — og alveg sérstaklega fyrir unga fólkið, sem er að hefja búskap, — er húsnæðiskostnaðurinn, hvort heldur er til eigin húsnæðis eða leiguhúsnæðis, hinn erfiðasti að bera. Í Reykjavík mun slíkt fólk t. d. verða að reikna með minnst 5000—7000 kr. á mánuði í þann kostnað og oft miklu meira, ef borga þarf hratt niður skuldir. Og þegar mánaðarkaup hafnarverkamanns fyrir 44 tíma vinnuviku er rúmar 9000 krónur, þá má sjá, að nógu mikið er átakið, sem gera þarf til að eignast þak yfir höfuðið, þótt lánsfjárupphæðin sé ekki látin tvöfaldast á 7 ára fresti í krafti vísitöluákvæðanna. Þegar lánakjör eru þannig, að menn verða jafnvel að borga allt upp í 90 000—100 000 kr. á ári til þess að rísa undir skuldabagganum, — án þess að vísitala sé reiknuð á lánunum, — þá gefur að skilja, að með því að ætla að viðhalda núverandi vísitöluákvæðum um húsnæðislán ríkisins í lögum, þá er beinlínis verið að banna launafólki og sérstaklega ungu launafólki að eignast íbúð.

Það er því lagt til með þessu frv. að fella þetta ákvæði burt. Jafnframt yrði svo að gera ráðstafanir til þess að breyta þeim skuldabréfum, sem þegar hafa verið gefin út með vísitöluákvæðum, svo að þeir, er nú hafa tekið slík lán, losni við þessar óbærilegu álögur.

Þorri fólks gerir sér ekki ljóst, er það tekur slík lán, hvað það raunverulega er að skrifa undir. Fólk treystir ríkinu til heiðarlegra viðskipta við sig og á ekki von á, að verið sé að binda það á slíkan okurklafa.

Það ber að hverfa frá þessu fyrirkomulagi nú þegar. Einnig með tilliti til vinnufriðar í þjóðfélaginu er það affarasælast, því að verkalýðshreyfingin, sem undanfarið hefur haft afskipti af þessum húsnæðismálum í sambandi við kaupgjaldssamninga, getur ekki horft á það afskiptalaust, að verkamönnum verði skömmtuð slík okurskilyrði sem vísitöluskuldbindingin á greiðslu lána og vaxta mundi leiða af sér.“

Ed. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Frá og með gjaldárinu 1966 er skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1965 svo og þrepin í útsvarsstiga þeim, sem um ræðir í 3. gr. sömu laga í samræmi við skattvísitölu, samkvæmt 53. gr. laga nr. 90 frá 1965.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fram samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í lög um álagningu útsvara vanti ákvæði um breytingu á persónufrádrætti og á þrepum í útsvarsstiga til samræmis við þau ákvæði, sem nú gilda um álagningu tekjuskatts, samkvæmt lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Þar eð þörf slíkra breytinga sé sízt minni við álagningu útsvara en við álagningu tekjuskatts, beri brýna nauðsyn til þess að setja nú þegar lög, sem ákveði, að skattvísitala samkvæmt 53. gr. laga nr. 90/1965, gildi einnig um álagningu tekjuútsvara, samkvæmt lögum nr. 67/1965.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Frá og með gjaldárinu 1966 er skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1965 svo og þrepin í útsvarsstiga þeim, sem um ræðir í 3. gr. sömu laga í samræmi við skattvísitölu, samkvæmt 53. gr. laga nr. 90 frá 1965.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Ed. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóð Íslands.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Stofna skal við Framkvæmdasjóð Íslands lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.

2. gr.

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu. Ákvæði 2. gr. laga nr. 66 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, ná ekki til deildarinnar.

3. gr.

Starfsfé deildarinnar er:

1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.

2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdasjóður Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Framkvæmdasjóður Íslands leggur deildinni til ¼ hluta tekjuafgangs síns ár hvert.
4. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slík lán.

4. gr.

Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdasjóði Íslands.

Þeim skal fylgja:

1. Ýtarleg lýsing á því hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða sjóðsstjórnin óskar eftir.

5. gr.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsumsókninni sé í samræmi við tilgang þessara laga.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður stjórn sjóðsins, hvort lánið skuli veitt, enda hafi hún áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.

6. gr.

Lán úr deildinni má ekki vera hærra en svo, að það að viðbættum stofnlánum nemi 90% kostnaðar við þær framkvæmdir og endurbætur, sem lánað er til. Lánstíma ákveður stjórn sjóðsins.

7. gr.

Vextir af útlánum deildarinnar skulu ákveðnir af stjórn Framkvæmdasjóðs með samþykki ráðherra. Höfð skal hliðsjón af vaxtakjörum stofnlánasjóða atvinnuveganna.

8. gr.

Lánin skulu tryggð með veðum í fasteignum, vélum, skipum eða hliðstæðum eignum. Skulu þau veitt gegn 1. veðrétti. Þó er heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti, ef á undan eru lán úr Iðnlánasjóði, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og/eða Fiskveiðasjóði Íslands. Lán úr framleiðnilánadeild að viðbættum öðrum stofnlánum, sem hafa betri veðrétt, skulu aldrei nema meira en 80% af endurkaupsmatsverði veðsins að frádregnum eðlilegum fyrningum. Stjórn Framkvæmdasjóðs skal hafa eftirlit með því, að veðum sé vel við haldið og þau séu nægilega vátryggð.

9. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi framleiðnilánadeildar má setja með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hliðstætt frumvarp þessu hefur tvívegis verið flutt áður, en ekki náð afgreiðslu. Það er tilgangur flutningsmanna með frumvarpi þessu að koma því til

leiðar, að stofnuð verði sérstök lánadeild, sem hafi það hlutverk eitt að stuðla að aukningu á framleiðni atvinnuveganna. Þegar talað er um framleiðni, er venjulega átt við vinnuframleiðni, sem skilgreind er sem hlutfallið á milli nettóvinnsluvirðis og þeirrar vinnu, sem í viðfangsefnið er lögð. Framleiðnin er þannig mælikvarði á þau verðmæti, sem skapast fyrir hverja vinnueiningu. Það er alkunna, að framleiðsluaukning þjóðarinnar á undanförnum árum á ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar og sú framleiðniaukning, sem orðið hefur, er á allt of takmörkuðum sviðum. Orsakir framleiðsluaukningarinnar eru öllu frekar hin óvenjulegu aflabrögð og svo hitt, að fólk leggur á sig meiri vinnu en oftast áður. En það er nauðsynlegt að stytta vinnutímann til verulegra muna, og til þess að það geti gerzt án tekjumissis, verður að leggja áherzlu á að auka framleiðnina.

Þær breytingar, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á tollalöggjöfinni, hafa minnkað tollvernd innlends iðnaðar. En í sambandi við þær hafa verið boðaðar ráðstafanir til þess að efla samkeppnisgetu iðnaðarins, sem því miður hefur orðið bið á. Fyrir nokkrum árum starfaði hér á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar sérfræðingur ásamt fulltrúum ríkisstjórnarinnar og hagsmunasamtaka iðnaðarins að athugun þeirra vandamála, sem tengd eru aðlögun iðnaðarins að minni tollvernd og aukinni samkeppni. Niðurstaða þeirra athugana var sú, að gera þyrfti öflugt átak til að auka framleiðni þessara atvinnugreina, og benti sérfræðingurinn á ýmsar ráðstafanir, sem gera þyrfti af hálfu hins opinbera til þess að greiða fyrir því. Sumt af því hefur að einhverju leyti komið til framkvæmda. Efling Iðnlánasjóðsins 1963 og áætlun félagsmálaráðuneytisins um menntun hagræðingarsérfræðinga frá 1964 eru ráðstafanir, sem eru góðra gjalda verðar, svo langt sem þær ná, en það þarf meira til. Af hálfu iðnrekenda hefur sérstaklega verið á það bent, að mikil þörf sé aukinna lána til þess að koma fram þeirri umfangsmiklu skipulagningu iðngreina og fyrirtækja, sem nauðsynleg er, fullkomnari framleiðsluháttum, aukinni véltækni og hagræðingu.

Sú tæknibylting, sem oft er talað um að hafi átt sér stað í fiskveiðum undanfarinn áratug, hefur í rauninni aðeins náð til síldveiðanna. Hlutur annarra greina fiskveiðanna er eftir, en ljóst er, að þar verður ný tækni að koma til, ef þær eiga ekki að dragast aftur úr og jafnvel hverfa.

Á undanförnum árum hefur hraðfrystihúsunum verið veittur styrkur af opinberu fé, sem nefnt hefur verið hagræðingarfé, enda ætlað til hagræðingar, þó að því í framkvæmd hafi verið úthlutað sem niðurgreiðslum á fiskverðið. Það er líka vitað, að þótt mörg hraðfrystihúsanna hafi haft nægilega góða afkomu til að geta notað þetta fé til hagræðingar, þá eru önnur, sem hafa ekki getað það, og þau eru ófá. Það hefur einnig komið fram af hálfu forsvarsmanna þeirra, að þeir telja mikla þörf á auknu lánsfé í þessu skyni.

Svipuð sjónarmið eiga við í landbúnaði og öðrum greinum, og verður varla um það deilt, að í þessum efnum er þjóðinni mikill vandi á höndum, sem enn hefur aukizt stórlega við óhagstæða þróun framleiðslukostnaðarins á undanförnum árum.

Frumvarp þetta miðar að því að skapa nokkurn fjárhagslegan grundvöll fyrir þeim stórfelldu umbótum, sem nauðsynlegar eru í þessum efnum.

Gert er samkvæmt 3. gr. frumvarpsins ráð fyrir, að fjár til þessarar lánastarfsemi sé aflað með fernu móti:

1. Gert er ráð fyrir, að 100 milljónir króna verði lagðar fram úr ríkissjóði á næstu 10 árum. Hér er um að ræða svo þýðingarmikið verkefni fyrir þjóðarheildina alla, að rétt þykir, að fé sé lagt fram úr ríkissjóði, enda tæplega eðlilegt að byggja slíka lánastarfssemi eingöngu á lánsfé.
2. Þá er gert ráð fyrir því, að Seðlabanki tryggi sölu á skuldabréfum að upphæð 400 milljónir króna á næstu 10 árum. Möguleikar Seðlabankans til þess að tryggja

slíka sölu eru margvíslegir. Hann hefur undir höndum mörg hundruð milljónir króna af sparifé landsmanna á bundnum reikningum banka og innlánsstofnana, og enn er í gildi heimild handa honum til að binda hluta af sparifjáraukningunni. Flutningsmenn eru andvígir tilgangslausri frystingu sparifjár þjóðarinnar, en telja á hinn bóginn eðlilegt, að löggjafinn hlutist til um að beina sparifénu í þá fjárfarvegi, þar sem nauðsyn þjóðarheildarinnar fyrir fé er mest. Ákvæði 2. töluliðar 3. greinar er viðleitni í þá stefnu.

3. Þá er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður leggi deildinni til hluta af tekjuafgangi sínum.
4. Að endingu er gert ráð fyrir lántöku eftir ástæðum, allt að 300 milljónum króna, með ábyrgð ríkissjóðs.

Frumvarp þetta er óbreytt frá því á síðasta þingi, nema að því leyti, sem leiðir af því, að Framkvæmdabankanum hefur nú verið breytt í Framkvæmdasjóð Íslands. Í fyrra fór frumvarpið til fjárhagsnefndar. Umsóknir bárust frá Iðnaðarmálastofnun Íslands og Búnaðarfélagi Íslands, sem mæltu með samþykkt frumvarpsins, en ekki frá Fiskifélagi Íslands.

Nauðsyn aðgerða í þessa stefnu er nú enn meiri en nokkru sinni fyrr. Dýrtíðin leggst með vaxandi þunga á allan rekstur og á fyrirtæki landsmanna, og verður að styrkja þau og efla með bættum vinnubrögðum og tækni til að mæta þeim búsifjum, sem hún veldur þeim.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

I. KAFLI

Lánasjóður íslenzkra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Lán skulu að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi.

2. gr.

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins, þannig: Einn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem eigi eru stúdentar, en hinn vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sem skipaður er til eins árs.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins, ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán af fé því, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla laga þessara.
3. Að annast lántökur og hafa með höndum fjármál sjóðsins.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Úthlutun lána og styrkja fer fram samkvæmt reglum, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

Útborgun lána, bókhald, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu, er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun.

Stjórn sjóðsins ræður sjóðnum starfslið, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI

Um námslán.

5. gr.

Lántakandi úr lánasjóði íslenzkra námsmanna skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum ársgreiðslum (annuitet) á allt að fimmtán árum með 5% ársvöxtum, og skulu endurgreiðslur hefjast fimm árum eftir að námi lýkur, en vextir reiknast frá námslokum. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán árlega, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánum þessum skulu lántakar gefa út skuldabréf og setja tryggingu samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Umsækjendur um námslán skulu láta fylgja umsóknum upplýsingar um allt það, er stjórn sjóðsins telur, að máli skipti, þar á meðal um tekjur sínar og efnahag. Við ákvörðun um upphæð námsláns til hvers einstaks námsmanns er stjórn sjóðsins heimilt að hafa hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti, lengd árlegs námstíma og áætluðum eðlilegum námstíma, framfærslukostnaði í því landi, sem nám er stundað í, og fleiru, sem til greina kann að koma í því sambandi.

7. gr.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og nám stunda við Háskóla Íslands, njóta réttinda til opinberrar aðstoðar við námsmenn samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenzkir námsmenn.

III. KAFLI

Um námsstyrki.

8. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til námsstyrkja, annarra en 5 ára styrkja og styrkja skv. 9. gr., skal varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka þeirra, er fara utan til náms í þeim greinum, sem eigi verður lögð stund á hérlendis, svo sem vegna fargjalda og skólagjalda.

9. gr.

Veitt skal árlega fé í fjárlögum til styrkja handa þeim, er leggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi, enda sé þar um að ræða lokapróf, er krefst að öðru jöfnu 5 ára náms hið skemmsta.

Þeim, sem lokið hafa öðrum háskólaprófum og leggja síðan stund á framhaldsnám, en hljóta eigi styrk skv. 1. málsgr., má veita lán úr lánasjóði íslenzkra námsmanna, þar til þeir hafa stundað nám, er samsvarar 5 ára háskólanámi. Haldi þeir þá enn áfram framhaldsnámi, teljast þeir fullnægja skilyrðum skv. 1. málsgr.

IV. KAFLI

Um ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenzkra námsmanna og ríkisframlag.

10. gr.

Árlegt ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenzkra námsmanna er:

1. Vextir og afborganir af námslánum samkvæmt lögum þessum og af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé samkvæmt 12. grein.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögu um upphæð ríkisframlags í fjárlögum til námslána og námsstyrkja með sama hætti og ríkisstofnanir.

12. gr.

Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárþörf sjóðsins á því fjárhagsári, og er þá stjórn sjóðsins heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að taka innanlands lán í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum þessum.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkvæmt lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.

13. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna, og lög nr. 35 27. júní 1925, um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla, svo og orðin: „námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og“ og „öðrum“ í g-lið 7. gr. 1. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samið af nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði 5. júní 1964 til þess m. a. að endurskoða lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna og skilaði áliti 1. september 1966. Hefur sú breyting ein verið gerð á frumvarpi nefndarinnar, að niður er fellt ákvæði um, að ríkis-

sjóður greiði vexti af lánum, sem stjórn lánasjóðsins kann að taka í bönkum eða öðrum lánastofnunum til starfsemi sjóðsins. Hefur lokaákvæði fyrri málsgr. 12. gr., sem í frv. nefndarinnar hljóðaði svo: „Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum af lánum þessum, en ríkissjóður greiðir af þeim vexti", samkvæmt því verið breytt á þessa leið: „Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum þessum". Jafnframt hefur síðari málsgr. sömu greinar verið breytt til samræmis.

Frumvarpi nefndarinnar fylgdi svofelld greinargerð (ásamt fylgiskjölum):

„Með bréfi dags. 5. júní 1964 skipaði menntamálaráðherra nefnd 7 manna til þess að:

1. Endurskoða lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna, nr. 52 29. marz 1961.
2. Framkvæma athugun á fjárhagsgrundvelli lánasjóðsins.
3. Gera tillögu um samræmingu núgildandi úthlutunarreglna.
4. Láta framkvæma könnun á raunverulegum námskostnaði stúdenta og annarra námsmanna, bæði heima og erlendis.

Í nefndina voru skipaðir: Árni Gunnarsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, Baldvin Tryggvason, framkvæmdastjóri, Gunnar Vagnsson, deildarstjóri, Hörður Einarsson, stud. jur., Jón Steffensen, prófessor, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, og Þórir Bergsson, cand. act. Nefndin kaus Gunnar Vagnsson formann á fyrsta fundi sínum.

Vegna veikinda Sigtryggs Klemenzsonar tók Höskuldur Jónsson, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, sæti hans í nefndinni síðla s. l. árs.

Nefndinni hafa borizt nokkur erindi: Menntamálaráðuneytið vísaði til hennar erindi frá rektor Háskóla Íslands varðandi stuðning ríkisvalds við þá, sem lokið hafa háskólaprófi en hyggja á framhaldsnám. Auk þess bárust nefndinni bréf frá Félagi íslenzkra tæknifræðinema í Kaupmannahöfn og frá Sambandi íslenzkra stúdenta erlendis.

Gildandi lög um lánasjóð ísl. námsmanna eru nr. 52 frá 29. marz 1961.

Frumvarp það til laga, sem hér fylgir, er í nokkrum veigamiklum atriðum frábrugðið gildandi lögum. Skal þessu nú nánar lýst:

a. Deildaskipting sú, sem í gildi er milli lánadeildar námsmanna erlendis og lánadeildar stúdenta við Háskóla Íslands, er felld niður.

Umrædd deildaskipting hefur aldrei verið virk að öðru leyti en því, að úthlutun námslána hefur verið í höndum tveggja aðila. Það hefur komið æ skýrar í ljós, að sú tvískipting úthlutunarinnar, sem lögin gera ráð fyrir, er óheppileg. Stjórn sjóðsins hefur að lögum engin bein áhrif á samningu þeirra reglna, sem settar eru annars vegar af menntamálaráði og hins vegar af stjórn lánadeildar stúdenta og fylgt er við úthlutun námslána. Er því undir hælinn lagt, að æskilegt samræmi ríki í fyrirgreiðslu þess opinbera gagnvart þeim tveimur hópum námsmanna, sem um er að ræða, annars vegar stúdentum við Háskóla Íslands og hins vegar íslenzkum námsmönnum erlendis. Núverandi skipulag beinlínis hvetur til þeirrar togstreitu milli hópanna, sem sérhverju því kerfi, sem sett er upp til þess að ráða til lykta lánamálum námsmanna, er fyrst og fremst ætlað að eyða. Þeim mun óheppilegra getur slíkt verið, þegar svo er ástatt, að ófullkomnar upplýsingar liggja fyrir um raunverulegan námskostnað eftir dvalarstað. Getur þá svo farið, að sá námsmannahópurinn verði aukinnar námsaðstoðar aðnjótandi, sem síður skyldi.

Annmarkar þessir á ríkjandi skipulagi valda og því, að það, sem vera á eitt af meginhlutverkum stjórnar sjóðsins: að skipta því fé, sem til úthlutunar er ár hvert, verður lítið annað en nafnið tómt. Í framkvæmdinni hefur þetta orðið þannig, að það eru „deildirnar", sem með úthlutarreglum sínum í rauninni framkvæma skiptinguna hverju sinni, með eða án aðstoðar þeirra aðila, sem hafa síðasta orðið um, hver verður endanleg upphæð ríkisfram-

lagsins. Má og á það benda, að óhjákvæmileg lántaka sjóðsins hefur af þessum sökum stundum orðið meiri en stjórn sjóðsins taldi samrýmast möguleikum hans til þess að standa við skuldbindingar síðar meir, sem sjóðsstjórnin á þó að bera ábyrgð á, að hann geri. Þetta hvort tveggja: Sjálfkrafa skipting heildarfjárins og lokaákvörðun um heildarupphæð þess, vegna fyrirmæla aðila utan stjórnarinnar um framkvæmd lánveitinganna, og sem afleiðing af þessu óhjákvæmileg lántaka sjóðsins umfram það, sem hann raunverulega er fær til og auk þess umfram það, sem lánastofnanir hafa gefið fyrirheit um, hefur torveldað stjórn sjóðsins að gegna því hlutverki, sem henni er ætlað samkvæmt gildandi lögum.

Af þessum sökum er nefndin á einu máli um, að lögum sjóðsins beri að breyta í þá átt, að það verði framvegis stjórn sjóðsins, sem geri tillögur til ráðherra um úthlutunarreglur þær, sem fylgt er á hverjum tíma. Nauðsynlegur undanfari að setningu slíkra reglna er að sjálfsögðu alhliða könnun á námskostnaði íslenzkra námsmanna heima og erlendis. Á grundvelli slíkrar könnunar, þar sem hlutlaust mat hefur verið lagt á allar aðstæður af fulltrúum námsmannanna sjálfra, með yfirsýn yfir allan hópinn og undir yfirumsjón stjórnar sjóðsins eða trúnaðarmanna hennar, myndi fyrirgreiðslan til hinna einstöku námsmanna síðan ákvarðast af samanlögðu ráðstöfunarfé sjóðsins, eins og það verður á hverjum tíma. Þetta myndi einnig hafa það í för með sér, að tillögur stjórnar sjóðsins um ríkisframlag myndu síður vera bornar fram á öðrum tímum en þeim, sem við á, og stjórnvöld losna við tilmæli úr ýmsum áttum um aukið ríkisframlag fram á síðustu stund.

En eftir að setning úthlutunarreglnanna væri komin í hendur sjóðsstjórnarinnar, væri þar með niður fallið tilefnið til þess, að úthlutunaraðildin væri á tveimur höndum og sjálfsagt að fela stjórninni það verkefni einnig. Enda er það svo, að tvískipting sú, sem nú á sér stað um úthlutunina, á sér einungis þá sögulegu skýringu, að lánasjóðirnir voru á sínum tíma tveir, og að annmarkarnir á því að viðhalda tvískiptingunni voru ekki séðir fyrir, þegar sjóðirnir tveir, lánasjóður stúdenta við Háskóla Íslands og lánasjóður íslenzkra námsmanna erlendis, voru sameinaðir.

b. Vextir af námslánum hafa til þessa verið 3.5% p.a., lánin afborganalaus fyrstu þrjú árin eftir að námi lýkur eða því er hætt, en síðan greiðzt með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Gert er ráð fyrir, að þessu verði breytt á þann veg, að vextir verði 5% p.a., en afborganir hefjist fyrst að liðnum 5 árum frá námslokum. Ætlazt er til, að ársgreiðslur verði jafnar. Verða þær þá lægri fyrstu árin en ella myndi.

Verðrýrnun peninga á síðustu árum hefur komið hart niður á lánasjóði ísl. námsmanna og skert til muna verðgildi höfuðstóls hans. Hér er einnig að finna eina meginorsök þess, hversu ríkisframlagið til sjóðsins hefur þurft að vaxa í krónum talið hin síðustu ár. Þykir að vel athuguðu máli eðlilegt að hafa þann hátt á varðandi lánskjörin, sem hér er gerð tillaga um.

c. Í gildandi lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna er eigi ráð fyrir því gert, að höfð sé hliðsjón af efnahag námsmanna við ákvörðun námslána. Það fyrirkomulag, sem tillaga er gerð um, að tekið verði upp í þessu efni, þ. e. að heimila að ákvörðun um lán til einstakra námsmanna verði byggð á mati á efnahag þeirra, hefur að vísu, verði heimildinni beitt, nokkra vinnu í för með sér fyrir þá, sem námslánin ákveða, en ætti að tryggja réttlátari dreifingu heildarfjárins, sem lánað er, verði matið réttlátlega og skynsamlega framkvæmt.

d. Í gildandi lögum er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum til framlag á fjárlögum, eigi lægra en kr. 4 650 000.00. Þetta lagaákvæði hefur ávallt verið bókstafurinn einn, nema á því ári, sem lögin tóku gildi. Ríkisframlagið hefur numið eftirfarandi upphæðum s. l. 6 ár:

Árið 1961	kr.	4 650 000.00
— 1962	—	5 533.000.00
— 1963	—	6 670 310.00
— 1964	—	7 616 325.00
— 1965	—	8 758.373.00
— 1966	—	10 940 000.00

Í framkvæmdinni hefur þetta orðið á þann veg, að stjórn lánasjóðsins hefur gert tillögu um fjárveitingu næsta árs, byggða á áætlaðri tölu námsmanna og miðað við gildandi eða væntanlegar úthlutunarreglur. Hin raunverulega fjárþörf, að frádregnu ríkisframlagi því, sem veitt var, svo og að frádregnum nettótekjum sjóðsins, hefur síðan ákvarðað þá fjárhæð, sem tekin hefur verið að láni í bönkum til þess að fullnægja lánsfjárþörfinni.

Í frumvarpinu er lagt til, að árlegt ríkisframlag verði ekki lögbundið. Þess í stað er í 2. gr. þess mörkuð sú stefna, að opinber aðstoð við námsmenn nægi þeim til þess að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu þeirra til fjáröflunar. Láta mun nærri, að hin opinbera aðstoð nú, samanlögð lán og styrkir, nemi að jafnaði um helmingi umframfjárþarfar þeirra, sem slíkrar aðstoðar hafa notið. Með umframfjárþörf er þá átt við árlegan námskostnað námsmanns að frádregnu aflafé hans. Verði á þær úthlutunarreglur fallizt, sem fylgja frumvarpi þessu, verður eigi að svo stöddu veruleg aukning á þessu hlutfalli, frá því sem er. Hins vegar myndu rýmkanir á reglunum, þ. e. hækkun á hundraðshluta láns af umframfjárþörf hvers námsmanns, svo og bein fjölgun námsmanna, valda hækkun á ríkisframlagi.

Sú stefnuyfirlýsing, sem hér um ræðir, er algert nýmæli, og segja má, að með henni sé tekið alldjúpt í árinni. Það er von nefndarinnar, að á hana verði fallizt sem mark til þess að keppa að, enda verða það úthlutunarreglurnar, settar af réttum stjórnvöldum, og fjölgun námsmanna, sem raunverulega ákvarða upphæð ríkisframlagsins á hverjum tíma. Hlýtur það að teljast raunhæfara en lögbundin upphæð, sem óðar en varir er úrelt orðin og ekki viðmiðunarhæf.

e. Til þessa hefur ríkisframlagið átt að gegna tvenns konar hlutverki: Gert er ráð fyrir, að það sé endurlánað námsmönnum, og því er ætlað að vera greiðsla til sjóðsins á mismun þeirra vaxta, sem námsmenn greiða, og þeirra vaxta, sem sjóðurinn á sínum tíma mun greiða af teknum bankalánum. Bankalánin eru afborganalaus í 10 ár, endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana á fjórum árum en bera 8% ársvexti allan tímann. Vextir af bankalánum koma því eigi til útborgunar fyrr en frá og með árinu 1971, þar sem þá fyrst hefjast greiðslur vaxta og afborgana af fyrstu lánunum, sem tekin voru árið 1961, þegar lánasjóðurinn var stofnaður. Til þess að gera hinn síðarnefnda tilgang virkan hefði í raun inni þurft að leggja hluta ríkisframlags liðinna ára fyrir og geyma til þessa tíma. Það hefur því miður eigi verið unnt, og viðbúið er, að vextir og afborganir af bankalánunum muni, þegar þar að kemur, koma fram í mjög auknu ríkisframlagi, og það því fremur, að afborganatími lánanna er mjög stuttur. Í frumvarpinu er svo ráð fyrir gert, að lánasjóðurinn greiði sjálfur höfuðstól þeirra bankalána, sem tekin verða hér eftir, en ríkissjóður greiði vextina. Þykir eðlilegt, að hið opinbera greiði vexti af því fé, sem á skortir, að veitt sé á fjárlögum til þess að halda uppi þeirri námsaðstoð, sem rétt stjórnvöld hafa tekið ákvarðanir um.

f. Nefndin leggur eindregið til, að teknir verði upp framhaldsstyrkir, svo sem lýst er í 9. gr. frumvarpsins, enda leggur Háskóli Íslands á það ríka áherzlu. Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er svo til ætlazt, að stjórn lánasjóðsins hafi með höndum úthlutun styrkja þessara. Virðist eðlilegt, að

við þá úthlutun verði fylgt ákvæðum sérstakrar reglugerðar, settri af menntamálaráðherra.

g. Nefndin leggur til, að almennir námsstyrkir verði notaðir til þess að vega upp á móti kostnaðarauka þeirra, sem þurfa að fara utan til náms, sbr. athugasemdir við 8. gr. hér á eftir.

h. Þótt það leiði eigi beinlínis af ákvæðum frumvarpsins, gerir nefndin í tillögum sínum um úthlutunarreglur ráð fyrir því, að stúdentar við Háskóla Íslands fái námslán þegar á fyrsta námsári, svo sem verið hefur um námsmenn erlendis, en til þessa hafa hinir fyrrnefndu eigi orðið námslána aðnjótandi fyrr en á síðari hluta 2. námsárs.

Allmikið hefur verið rætt í nefndinni um tilhögun á fjárhagsaðstoð við þá, sem leggja stund á listnám. Hefur þeirri skoðun verið hreyft, að sá hópur hafi nokkra sérstöðu, sem geri það að verkum, að örðugt sé að fella aðstoð við hann inn í hið almenna lána- og styrkjakerfi fyrir námsmenn. Komi þar einkum tvennt til: Í fyrsta lagi sé mjög vandasamt að leggja dóm á, hvort umsækjandi sé búinn þeim listrænu hæfileikum, er séu forsenda þess, að hann eigi erindi í listnám erlendis, auk þess sem tilhögun slíks náms sé með svo margvíslegu móti, að örðugt sé oft á tíðum fyrir ósérfróða aðila að skera úr um styrkhæfni námsins. Sé tæpast við því að búast, að stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna hafi á að skipa þeirri sérþekkingu, sem þurfi til að fjalla um þessi atriði, og kunni því að vera eðlilegra, að öðrum aðila yrði falið það verkefni. Í annan stað sé mikið álitamál, hvort veiting námslána sé æskilegt form á stuðningi við listnema, þar sem framtíðartekjuöflun þeirra sé í mörgum tilvikum mun meiri óvissu háð en annarra námsmanna. Virðist koma til greina, að velja fremur þá leið að veita árlega fé til styrkja handa efnilegum listamönnum, er hyggja á nám erlendis.

Tekið skal fram, að nefndin gerði enga samþykkt um þetta efni, enda voru nefndarmenn ekki að öllu leyti á einu máli um þau atriði, er hér hefur verið drepið á. Leggja ber áherzlu á, að enginn nefndarmanna taldi ástæðu til að skerða hlut listnema samanborðið við aðra námsmenn, heldur snerust umræðurnar um, hver tilhögun væri eðlilegust á fjárhagsaðstoðinni við þá og líklegust til að tryggja, að stuðningurinn nýttist sem bezt.

Gunnar Vagnsson, form.
Jón Steffensen. Baldvin Tryggvason. Árni Gunnarsson.
Þórir Bergsson. Höskuldur Jónsson. Hörður Einarsson.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er sú breyting gerð frá gildandi lögum um lánasjóð íslenzkra námsmanna, að afnumin er skipting sjóðsins í tvær deildir, aðra fyrir stúdenta við Háskóla Íslands, en hina fyrir námsmenn erlendis. Svo sem rakið er í greinargerð hér að framan, þykir líklegt, að samræmi í lánveitingum til námsmanna heima og erlendis muni betur tryggt með því, að sami aðili annist úthlutun til beggja hópanna, auk þess sem sá háttur ætti að auðvelda stjórn sjóðsins yfirsýn um málefni hans, m. a. fjárþörf.

Í gildandi lögum segir, að sjóðurinn sé sjálfseignarstofnun. Með hliðsjón af því, hversu fjáröflun sjóðsins er beint háð árlegum fjárveitingum í fjárlögum, má telja þetta ákvæði harla merkingarlítið, og þykir eðlilegra að fella það niður.

Ákvæði um, hvaða námsmenn skuli koma til greina við lánveitingar úr sjóðnum, eru efnislega að mestu óbreytt frá gildandi lögum. Er enn sem fyrr miðað við, að stuðningur sjóðsins taki fyrst og fremst til þeirra, er stunda nám við háskóla, eða nám, sem telja má, að krefjist álíka langs und-

irbúnings og þarf til stúdentsprófs. Gert er ráð fyrir, að þeir, sem nám stunda í tækniskólum erlendis eða við sambærilegar erlendar kennslustofnanir, eigi aðgang að lánum, og er það í samræmi við núverandi skipan. Ákvæðið um, að lán skuli að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi, er ekki í gildandi lögum, en hins vegar í samræmi við meginreglu þá, sem fylgt hefur verið við lánveitingar til námsmanna erlendis. Þess ber að gæta, að hér er ekki einungis átt við námsgreinar, sem eigi eru kenndar hérlendis, heldur gert ráð fyrir, að námsmaður geti komið til greina við lánveitingar, ef sérstök atvik banna honum nám í grein sinni á Íslandi, svo sem aðgangstakmarkanir vegna þrengsla. Samkvæmt ákvæði þessu mundu því tæknifræðinemar við fyrri hluta nám í erlendum skólum að jafnaði ekki teljast lánshæfir, nema þrengsli í Tækniskóla Íslands hafi valdið því, að þeir hófu námið ytra.

Rétt þykir, að sett verði í reglugerð nánari ákvæði um þessi atriði, einkum að því er varðar lán til náms við erlendar kennslustofnanir.

Nefndinni er ljóst, að æskilegt kynni að teljast, að sköpuð yrðu skilyrði til að veita fjárhagsaðstoð til námsmanna við aðrar kennslustofnanir en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hún hefur hins vegar ekki talið það hlutverk sitt að gera tillögur um þess háttar víkkun á verksviði lánasjóðsins. Ber þar m. a. til, að mikið álitamál er, hvort fjárhagsaðstoð við námsmenn í skólum undir háskólastigi á að vera í formi lána eða aðallega styrkir, og að slík aukning á fjárstuðningskerfinu mundi krefjast stóraukinnar fjáröflunar, sem sérstakrar athugunar og undirbúnings þyrfti við.

Um 2. gr.

Hér er mörkuð framtíðarstefna um fjárhagsstuðning við þá námsmenn, er starfsemi sjóðsins tekur til, og er þetta ákvæði nýtt. Ljóst er, að ekki verður í einni svipan unnt að auka svo aðstoðina, að hún nái því marki, sem greinin setur. Hins vegar telur nefndin eðlilegt, að keppt sé að þessu markmiði, og æskilegt að leggja áherzlu á það í lögunum.

Um 3. gr.

Hér ræðir um skipan sjóðsstjórnar. Breytingar frá gildandi lögum eru þessar:

1. Fellt er niður ákvæði um, að Menntamálaráð Íslands skuli nefna einn mann í stjórnina, og leiðir það af því, að frumvarpið gerir ekki ráð fyrir, að Menntamálaráð annist lengur veiting námslána til námsmanna erlendis, sbr. athugasemdir við 4. gr.
2. Sambandi íslenzkra stúdenta erlendis er ætlað að nefna einn mann í stjórnina. Er það í samræmi við þá skipan, sem gilt hefur að undanförnu, enda var í lögum gert ráð fyrir því, að samtök, sem meginþorri íslenzkra námsmanna erlendis ætti aðild að, skyldu, ef stofnuð yrðu, leysa af hólmi Bandalag íslenzkra háskólamanna sem tilnefningaraðila.
3. Bætt er í stjórnina einum manni, tilnefndum af fjármálaráðherra. Er þess vænzt, að með því móti verði komið á tengslum milli fjármálaráðuneytisins og stjórnar lánasjóðsins, er æskileg megi teljast frá sjónarmiði beggja aðila.
4. Menntamálaráðherra er ætlað að skipa tvo stjórnarmenn án tilnefningar í stað eins áður. Kemur annar þeirra í stað fulltrúa Menntamálaráðs, og er ætlazt til, að hann sé valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem eigi eru stúdentar. Er þá átt við námsmenn, sem nema erlendis við aðrar kennslustofnanir en háskóla. Nefndin taldi sig ekki geta bent á tilnefningaraðila, sem skoðazt gæti eðlilegur fulltrúi þessa hóps, en hins vegar æskilegt, að hann ætti sérstakan málsvara í sjóðsstjórninni. Óbreytt er, að ráðherra skipi formann án tilnefningar.

5. Gert er ráð fyrir, að fulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í stjórninni skuli sem fyrr skipaður til eins árs í senn. Hins vegar þykir ekki ástæða til, að sama gegni um fulltrúa Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, þótt svo sé nú. Er þess að gæta, að fulltrúi þess mun að jafnaði hafa lokið háskólanámi sínu, en hins vegar eðlilegt, að Stúdentaráð vilji jafnan hafa í stjórninni fulltrúa, sem er við nám í Háskóla Íslands. Kann að þurfa tíð fulltrúaskipti til að tryggja þá skipan.
6. Þar sem tala stjórnarmanna verður samkv. frumvarpinu jöfn (6), má gera ráð fyrir, að atkvæði kunni stundum að falla jafnt við afgreiðslu mála. Er lagt til, að í slíku tilviki ráði atkvæði formanns úrslitum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er ákveðið á um hlutverk stjórnar sjóðsins. Afnám deildaskiptingar hefur í för með sér veigamiklar breytingar í þessu efni, þar sem sjóðsstjórninni sjálfri verður nú falin veiting námslána, auk þeirrar umsýslu fjármála sjóðsins, er hún hefur með höndum eftir gildandi lögum. Þá er stjórn lánasjóðsins og falið að annast um úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla frumvarpsins. Er þar að nokkru leyti um að ræða verkefni, sem nú er í höndum Menntamálaráðs, enda í beinum tengslum við úthlutun lána til námsmanna erlendis. Þar við bætist ráðstöfun þess fjár, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að veitt verði til framhaldsstyrkja samkvæmt 9. gr. Eðlilegt þykir, að veiting þessara síðartöldu styrkja verði í höndum stjórnar lánasjóðsins, enda verði þeir þannig liður í heildarkerfi fjárhagsaðstoðar við námsmenn. Af öðrum aðilum, sem til greina kynnu að koma í þessu sambandi, má nefna háskólaráð, en þess ber að gæta, að meðal umsækjenda um styrkina verða vafalítið ýmsir, sem ekki hafa numið við Háskóla Íslands. Má ætla, að stjórn lánasjóðsins hafi öðrum fremur aðstöðu til kunnugleika á högum og námsferli umsækjenda í heild, en hún ætti að sjálfsögðu að vera frjás að því að leita umsagnar dómbærra aðila, þegar ástæða þætti til.

Í 4. tölulið greinarinnar er gert ráð fyrir, að sjóðsstjórninni verði falið að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð. Hér er ekki einungis átt við það sjálfsagða hlutverk, að aflað sé þeirra gagna, sem nauðsynleg eru til afgreiðslu umsókna frá einstökum námsmönnum hverju sinni. Fremur er hér stefnt að því, að lánasjóðurinn verði sá aðili, er beitir sér fyrir könnunum og skýrslugerð, sem auðveldað geti mótun stefnu í lána- og styrkjamálum námsmanna, leitt í ljós, hverjar breytingar séu æskilegar á skipan þeirra mála og hversu aðstoðin nýtist.

Gert er ráð fyrir úthlutunarreglum, er menntamálaráðherra staðfesti, og er það í samræmi við gildandi lög. Svo er einnig efnislega um það ákvæði, er heimilar sjóðsstjórninni að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu o. fl.

Í næsta ákvæði greinarinnar er gert ráð fyrir, að stjórnin ráði sjóðnum starfslið, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra. Ljóst er, að þörf stjórnarinnar fyrir starfsaðstoð eykst til muna við að úthlutun lána og styrkja færist á hennar hendur, einnig mundi henni ókleift að gegna því hlutverki, sem um ræðir í 4. tölulið, án slíkar aðstoðar.

Loks mælir greinin fyrir um, að árlegur rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist af fé hans. Um það atriði er ekkert fram tekið í gildandi lögum.

Um 5. gr.

Ákvæði greinarinnar um lánakjör fela í sér þessar breytingar frá gildandi lögum:

1. Tekið er upp jafngreiðslukerfi (annuitet). Má ætla, að það verði til hagræðis fyrir lántaka, þar sem dreifing greiðslubyrðarinnar á endurgreiðslutímabilið verður jafnari en með núverandi skipan.
2. Ársvextir eru hækkaðir úr 3½ í 5%. Slík hækkun mundi gefa sjóðnum talsvert auknar tekjur og auka þar með stuðningsgetu hans, en hins vegar virðist ekki ástæða til að álíta, að hún þyngi greiðslubyrði lántaka um of. Talsvert var rætt í nefndinni um þá hugmynd að gera lánin vísitölubundin, a. m. k. að tilteknu marki. Mundi sú tilhögun að sjálfsögðu vera sjóðnum mikil trygging gegn fjármagnsrýrnun af völdum verðbólguþróunar, en nefndin taldi ekki fært að gera tillögu um slíka skipan á lánum til námsmanna, meðan hún hefur ekki verið almennt upp tekin varðandi aðra lánastarfsemi í landinu.
3. Loks er gert ráð fyrir, að endurgreiðslur lána hefjist eigi fyrr en fimm árum eftir námslok, og er það tveimur árum síðar en gildandi lög mæla fyrir um. Hins vegar skulu vextir nú reiknast af lánum frá námslokum, en voru áður reiknaðir frá þeim tíma, er liðin voru tvö ár frá námslokum.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ekki í núgildandi lögum. Meginnýmælið, sem í þeim felst, er lögheimild fyrir úthlutunaraðila, þ. e. stjórn lánasjóðsins, að hafa við ákvörðun um fjárhæð námsláns til hvers einstaks námsmanns hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti. Meðan svo er háttað, að lánasjóðurinn hefur ekki bolmagn til að sinna að fullu lánsþörfum námsmanna, má telja eðlilegt, að slík heimild sé fyrir hendi, svo að tryggt verði eftir föngum, að fjárhagsaðstoðin komi þar að notum, sem brýnust þörf er fyrir hana. Hér kemur m. a. til greina að taka tillit til þess, hvort námsmaður þarf að búa utan heimilis um námstímann og greiða fæði og húsnæði fullu verði. Hins vegar þykir ekki ástæða til að láta umrædda heimild taka til efnahags foreldra námsmanns, enda hætt við, að örðugt mundi að sannreyna í hverju tilviki, hversu mikils fjárhagsstuðnings umsækjandi nyti. Er þess að gæta, að námsmenn þeir, sem hér er um að tefla, eru komnir á þann aldur, er lögbundnu framfæri foreldra er lokið, og hafa jafnvel margir hverjir þegar stofnað eigið heimili.

Um 7. gr.

Þessi grein svarar til 6. gr. gildandi laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna. Í stað „stúdenta“ kemur hér „námsmenn“ og í stað „námslána“ kemur „opinber aðstoð við námsmenn“. Er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að Norðurlandamenn, sem hér eru heimilisfastir og stunda nám við Háskóla Íslands, skuli ekki einungis koma til greina við lánveitingar, heldur og styrkveitingar samkvæmt lögunum. Er það í samræmi við þá reglu, sem samkomulag hefur verið um á vettvangi norrænnar menningarmálasamvinnu.

Um 8. gr.

Þótt nefndinni væri fyrst og fremst falið að endurskoða lög um lánasjóð íslenzkra námsmanna, taldi hún eftir eðli málsins óhjákvæmilegt að fjalla um styrki þá, er um langt skeið hafa verið veittir til námsmanna erlendis. Úthlutun þessara styrkja er að gildandi lögum í höndum Menntamálaráðs Íslands. Hefur sú tilhögun tíðkazt að undanförnu, að styrkveitingarnar væru í beinum tengslum við úthlutun lána, þannig að hluti af heildarveitingu til hvers einstaks námsmanns væri styrkur, þegar á námstímann liði. Í sambandi við styrki þessa koma ýmis sjónarmið til greina, m. a. hvort ekki væri eðlilegt, að námsmenn í Háskóla Íslands ættu kost hliðstæðra styrkja, eða að öðrum kosti að fella niður styrkina til náms erlendis. Um fyrri kostinn má segja, að þar sé um að tefla það grundvallaratriði, hvort fjárhagsaðstoð við stúdenta

eigi öll að vera í formi lána, eins og nú tíðkast, að því er varðar námsmenn við Háskóla Íslands, eða hvort æskilegt væri, að hún væri að nokkru eða jafnvel öllu leyti styrkir. Nefndin hefur samkvæmt umboði sínu miðað starf sitt við, að lánakerfið héldist, og því ekki tekið afstöðu til framangreinds grundvallaratriðis. Hins vegar taldi hún að athuguðu máli sanngjarnt, að leitazt yrði við að jafna nokkuð aðstöðu námsmanna í heild með því að draga úr beinum kostnaðarauka, sem því fylgir að öðru jöfnu að fara til náms erlendis, fyrst og fremst vegna fargjalda, en einnig í sumum tilvikum vegna skólagjalda o. fl. kostnaðarliða, sem ekki koma til við háskólanám hér heima. Virðist eðlilegt, að þetta sé gert með styrkjum, en hins vegar sé lánsfjáraðstaðan hin sama, að því er varðar sams konar námskostnað, hvort heldur numið er heima eða erlendis. Þess ber að minnast, að samkvæmt orðalagi greinarinnar koma „jöfnunarstyrkir“ af þessu tagi ekki til greina nema um sé að ræða nám, er eigi verður stundað hér á landi.

Um 9. gr.

Menntamálaráðuneytið vísaði til nefndarinnar erindi frá rektor Háskóla Íslands um stuðning ríkisvalds við kandídata, er hyggja á framhaldsnám. Eins og þar er tekið fram, hefur um skeið verið að mestu óbrúað bil í hinu opinbera fjárstuðningskerfi í þágu námsmanna á milli námslána og styrkja til stúdenta annars vegar og hinna svonefndu kandídatastyrkja Vísindasjóðs hins vegar. Þeir, sem lokið hafa háskólaprófi, hafa að jafnaði ekki átt kost lána úr lánasjóði íslenzkra námsmanna, en Vísindasjóði er hins vegar ekki ætlað að styrkja aðra kandídata en þá, sem leggja stund á sérhæft framhaldsnám til undirbúnings vísindastörfum. Kandídatar, sem hyggja á almennt framhaldsnám í grein sinni, eiga því fárra kosta völ um styrki, einkum eftir að geta Sáttmálasjóðs til styrkveitinga tók að þverra. Nefndin er sammála um, að brýna nauðsyn beri til að ráða hér nokkra bót á. Þykir eðlilegt, að slíkur stuðningur við kandídata verði fremur í formi styrkja en lána, enda má ætla, að umsækjendur yrðu flestir búnir að baka sér allmiklar námsskuldir fyrir. Styrkirnir þyrftu að vera allríflegir, svo að þeir kæmu að sem beztum notum. Í frumvarpsgreininni er ekki tiltekið, hversu marga slíka styrki skuli veita árlega, né um fjárhæð þeirra, og yrði það á valdi Alþingis hverju sinni, væntanlega að fengnum tillögum menntamálaráðuneytisins, er leitað hefði álits stjórnar lánasjóðsins. Nefndin hefur gert sér í hugarlund, að fært kynni að þykja að veita í fyrstu tuttugu 50 þúsund króna styrki á ári eða samtals 1 millj. kr. Úthlutun styrkjanna yrði samkvæmt 4. gr. í höndum stjórnar lánasjóðsins.

Í greininni er nánar kveðið á um, hvaða skilyrðum skuli fullnægt til að koma til greina við styrkveitingar þessar. Miða þau ákvæði að því að tryggja, að aðstað þeirra, sem um styrkina sækja, sé sambærileg, að því er lengd námsferils varðar. Er því gert ráð fyrir, að þeir, sem lokið hafa háskólaprófi, er krefst að jafnaði skemmra undirbúningsnáms en 5 ára, og leggja síðan stund á framhaldsnám, geti hlotið námslán, þar til 5 ára markinu er náð, en þá sé þeim heimilt að sækja um kandídatastyrk.

Um 10. gr.

Hér ræðir um árlegt ráðstöfunarfé lánasjóðsins, sem gert er ráð fyrir, að myndist af sömu tekjustofnum og eftir gildandi lögum, þ. e. vöxtum og afborgunum af námslánum, ríkisframlagi og lántökum, sjá athugasemdir við 11. og 12. gr.

Um 11. gr.

Þessi grein fjallar sérstaklega um þann hluta tekna lánasjóðsins, er myndast af árlegri fjárveitingu í fjárlögum. Svo sem rakið er nánar í greinargerðinni hér að framan, taldi nefndin sjálfsagt að fella niður ákvæði gildandi laga um lágmarksfjárhæð ríkisframlagsins. Þykir eðlilegast — og er raunar í samræmi

við núverandi framkvæmd — að framlagið sé ákvarðað árlega með hliðsjón af tillögum lánasjóðsstjórnarinnar.

Um 12. gr.

Í gildandi lögum er lántökuheimild sjóðsstjórnar bundin við ákveðið árabil, þ. e. 1961—1980. Hér er gert ráð fyrir, að þessi tímatakmörk séu felld niður, enda verði lántaka háð samþykki menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis hverju sinni. Þá er og það nýmæli í greininni, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði vexti af lánum þeim, sem tekin verða handa sjóðnum frá gildistöku laganna. Er nánar að því atriði vikið, svo og að viðhorfi nefndarinnar við lántökuleiðinni almennt, í greinargerðinni hér að framan.[1])

Um 13. gr.

Þessi grein er óbreytt frá gildandi lögum og þarf ekki skýringar.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 15. gr.

Lög nr. 35 frá 27. júní 1925, um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla, hafa um langt skeið verið bókstafurinn einn, og þykir eðlilegt að fella þau úr gildi.

Samkvæmt g-lið 7. gr. laga nr. 50 frá 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, er það einn þáttur í hlutverki menntamálaráðs „að úthluta námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og þeim styrkjum öðrum, sem fé er veitt til í fjárlögum og menntamálaráði er þar falið að úthluta". Ef frumvarp þetta verður að lögum, verður úthlutun námslána þeirra og námsstyrkja, sem tilvitnaður starfliður fjallar um, falin stjórn lánasjóðs íslenzkra námsmanna, og þykir því eðlilegt að breyta umræddum ákvæðum á þann veg, sem frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar við".

Fylgiskjal I.

Athugun á fjárhagsgrundvelli lánasjóðsins.

Í tillögum nefndarinnar um úthlutunarreglur er svo ráð fyrir gert, að námsmenn fái umframfjárþörf 1. námsárs í námsláni að 3/10 hlutum, en síðan fari það hlutfall hækkandi, upp í 8/10 hluta á sjöunda námsári. Gildi þetta jafnt um alla námsmenn, sem lögin taka til, bæði heima og erlendis, með nokkrum frávikum þó, svo sem í tillögunum er lýst.

Hér verður reynt að áætla fjárþörf til námsaðstoðar, ef hið nýja kerfi verður upp tekið, og gerður samanburður við fjárþörf samkvæmt eldra kerfinu. Jafnframt verður fjáröflunin athuguð.

Eftirtaldar forsendur eru notaðar við þessa áætlun:

1. Umframfjárþörf námsmanna er fengin úr könnun á námskostnaði, eins og hann var í nóvember 1964. Tölur könnunarinnar eru hækkaðar um 10% fyrir hvort áranna fram til áramóta 1966/1967 fyrir stúdenta við H. Í. en 5% að meðaltali fyrir námsmenn erlendis.
2. Fjöldi námsmanna erlendis, sem mun njóta námsaðstoðar, er fenginn með því að nota fjölda lán- og styrkþega erlendis s. l. vetur að viðbættum 7% vegna fjölgunar. Lánþegum við H. Í. fjölgar hins vegar miklu meira, þar sem ætlunin er að veita nú lán þegar á 1. námsári. Sú leið var farin að áætla fjöldann á hverju námsári og í hverri deild út frá samsvarandi tölum s. l. vetur, að viðbættum 7%. Þessi fjöldi er lækkaður um 15%, þar

1) Um niðurfelling þessa ákvæðis, sjá inngang að „Athugasemdum við lagafrumvarp þetta", bls. 3 hér að framan.

sem margir þeirra, sem innritaðir eru í Háskólann, stunda þar ekki reglulegt nám. Auk þess sækja ekki allir um lán, sem uppfylla sett skilyrði.

3. Gert er ráð fyrir 20 kandidatastyrkjum, hverjum að fjárhæð 50 þús. kr.

Nú er unnt að áætla fjárþörf og gera samanburð á, hver hún yrði að óbreyttu námsaðstoðarkerfi og samkvæmt nýja kerfinu. Allar tölur eru millj. kr.

Námsaðstoð 1966:	H. Í.		Erlendis	Fjáröflun	
Lán	7.4		10.1	Lánsfé	4.8
Styrkir			2.6	Eigin tekjur	1.7
				Ríkisframlag	13.6
Samtals	7.4	+	12.7	=	20.1

Námsaðstoð samkvæmt núgildandi kerfi 1967:	H. Í.		Erlendis	Fjáröflun	
Lán	8.8		12.3	Lánsfé	4.8
Styrkir			3.0	Eigin tekjur	3.4
				Ríkisframlag	15.9
Samtals	8.8	+	15.3	=	24.1

Námsaðstoð samkvæmt nýja kerfinu 1967:	H. Í.		Erlendis	Fjáröflun	
Lán	12.1		13.2	Lánsfé	4.8
Styrkir			3.5	Eigin tekjur	3.4
				Ríkisframlag	21.6
Kandidatastyrkir			1.0		
Samtals	12.1	+	17.7	=	29.8

Tekið skal fram, að við áætlun á fjárþörf hefur verið gert ráð fyrir, að aðstoð til námsmanna erlendis verði í engu tilviki lægri í krónutölu en hún hefði orðið samkvæmt úthlutunarreglum s. l. vetur. Áætlaðar eru kr. 600 000 í fjárþörfinni fyrir næsta ár vegna þessa liðs. Þessi regla þarf ekki að gilda nema í eitt til tvö ár, vegna hækkandi verðlags.

Við samanburð á fjárþörf, annars vegar miðað við núgildandi lánakerfi árið 1966 og hins vegar hið fyrirhugaða á árinu 1967, kemur í ljós, að aukningin, þ. e. hækkun á námsaðstoð alls úr 20.1 milljón í 29.8 millj., er fólgin í eftirfarandi:

Fjölgun námsmanna og hækkun á verðlagi	4.0 millj.
Kandidatastyrkir	1.0 —
1. árs stúdentar í H. Í.	3.0 —
Önnur breyting á útlánakerfinu	1.7 —
Alls	9.7 millj.

Til fróðleiks má geta þess, að reiknað hefur verið út, hver verið hafi öll umframfjárþörf námsmanna erlendis skólaárið 1965—66. Mun hún hafa numið nálægt 26.9 millj. kr. Samanlögð námsaðstoð við þessa námsmenn mun nema um 12.7 milljónum króna, eða um 47 af hundraði.

Ef úthlutunarreglurnar hefðu verið komnar í gildi í ár, hefði þetta hlutfall verið um 55%.

Á sama hátt mun umframfjárþörf stúdenta við Háskóla Íslands hafa numið um 26.4 millj. kr. skólaárið 1965—66. Námslán á þessu ári til stúdenta við Háskóla Íslands verða væntanlega um 7,4 millj. kr., eða 28% af

fjárþörfinni. Ef lán hefðu á þessu ári verið veitt skv. hinum fyrirhuguðu reglum, hefðu þau væntanlega numið um 9.6 millj. kr., eða um 36% af umframfjárþörfinni.

Í heild hefur þá umframfjárþörf allra þeirra íslenzkra námsmanna, sem námslánakerfið nær til í ár, verið mætt að 38 hundraðshlutum, en verður mætt samkvæmt hinum nýju reglum um 46 hundraðshlutum, og er þá reiknað með auknum námskostnaði vegna breytts verðlags.

Taka ber skýrt fram, að þessu veldur ekki að öllu leyti aukin námsaðstoð við þá, sem gildandi lánakerfi nær nú til. Dreifing námsaðstoðarinnar verður nú með allt öðrum hætti. Námsmenn á síðari hluta námstíma munu fá meiri aðstoð en áður, en námsmenn á fyrstu árunum minni. Í heild verður námsaðstoðin heldur meiri til þeirra, sem hennar njóta skv. gildandi reglum, en mestu veldur þó, að hún nær nú til miklu fleiri námsmanna, þar sem stúdentar, sem stunda reglulegt nám við Háskóla Íslands, munu eftir breytinguna fá námslán frá upphafi í stað 4. missiris, skv. gildandi lánareglum.

Nefndin hefur látið gera áætlun um fjölgun námsmanna á næstu árum, bæði stúdenta og annarra en stúdenta. Samkvæmt þeirri áætlun þyrfti ríkisframlag til námsaðstoðar þeirra námsmanna, sem lögin taka til, að vera — að óbreyttum bankalánum — sem hér segir nokkur næstu ár, miðað við, að hinar nýju úthlutunarreglur taki gildi (árið 1966 til samanburðar, millj. kr.):

	Námsaðstoð alls	Banka-lán	Eigin tekjur	Ríkis-framlag
Árið 1966	20.1	4.8	1.7	13.6
— 1967	29.8	4.8	3.4	21.6
— 1968	32.8	4.8	4.4	23.6
— 1969	35.3	4.8	5.4	25.1
— 1970	37.4	4.8	6.3	26.5
— 1971	39.6	4.8	7.3	27.5
— 1972	42.3	4.8	8.5	29.0

Hér er að sjálfsögðu miðað við óbreytt verðgildi peninga og óbreyttar hlutfallstölur lána af umframfjárþörf.

Vakin er athygli á, að samkvæmt þessu yfirliti mæta auknar eigin tekjur sjóðsins rétt um 40 af hundraði af aukningu námsaðstoðarinnar á þessu árabili.

Til fróðleiks fer hér á eftir yfirlit yfir hreina eign lánasjóðs íslenzkra námsmanna og þeirra lánasjóða, sem áður störfuðu, allt frá byrjun:

1952	Kr.	849 127.77
1953	—	1 543 612.49
1954	—	2 295 505.30
1955	—	3 235 470.26
1956	—	4 306 079.55
1957	—	5 419 851.14
1958	—	6 602 482.89
1959	—	9 004 885.80
1960	—	14 082 949.61
1961	—	18 076 432.29
1962	—	23 697 454.24
1963	—	30 379 914.88
1964	—	38 315 416.72
1965	—	47 198 181.56

Það skal tekið fram, að vextir af teknum bankalánum hafa eigi verið uppfærðir sem skuld í reikningum lánasjóðsins. Bankalánin hafa numið eftirtöldum

upphæðum frá upphafi, og til samanburðar áætlaðar lántökur, þegar gildandi lög um lánasjóðinn voru sett (þús. kr.):

Árið 1961	4 200	4 200
— 1962	4 500	4 250
— 1963	4 200	4 150
— 1964	4 900	3 825
— 1965	5 200	3 425
— 1966	4 800	2 700
Alls	27 800	22 550

Bankalánin hafa því samtals numið rúmlega 5 millj. kr. umfram áætlun. Ríkisframlögin hafa þó fyllilega bætt þetta upp, en þau hafa verið frá upphafi sem hér segir, og áætluð framlög til samanburðar (þús. kr.):

Árið 1961	4 650	4 650
— 1962	5 533	4 975
— 1963	6 670	5 300
— 1964	7 616	5 650
— 1965	8 758	6 000
— 1966	10 940	6 375
Alls	44 167	32 950

Á móti 5 milljón króna auknum bankalánum hefur því komið rúmlega 11 milljón króna ríkisframlag, þannig að sjóðurinn á ekki að vera síður fær um að greiða bankalánin, þegar þar að kemur, en ráð var fyrir gert.

Ei að síður er það svo, að telja verður, að raunhæfasta framkvæmd þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið á undanförnum árum í lánamálum námsmanna, væri tvímælalaust sú að hætta smátt og smátt að taka bankalán, því þau eru hvort sem er í rauninni ekkert annað en frestun á ríkisframlagi. Úr þeim átti líka að draga allar götur frá 1962, og þau áttu að hverfa frá og með árinu 1969, eins og áður getur.

Nefndin er einhuga um að leggja til, að reynt verði til hins ítrasta að draga úr bankalánum á næstu árum. Viðurkennt skal, að réttlætanlegt er að afla sjóðnum fjár með þeim hætti enn um sinn, en þó eigi í ríkara mæli en svo, að eigi þurfi ríkisframlagið að aukast af þeim sökum síðar svo miklu nemi, þegar að skuldadögum kemur, né að grípa þurfi þá til þeirra örþrifaráða að draga úr aðstoðinni við námsmenn.

Nefndin bendir á, að hækkun vaxta á námslánum mun auka tekjur sjóðsins verulega, þegar fram í sækir. Eigin tekjur sjóðsins vaxa nokkuð hröðum skrefum. Verði að því horfið, svo sem lagt er til í frumvarpinu, að veitt verði fé sérstaklega til þess að greiða vexti af þeim bankalánum, sem hér eftir verða tekin, verður sjóðurinn innan skamms fær um að taka á sig nokkurn hluta af fjölgun námsmanna, og síðar ætti honum að verða fært að standa sjálfur undir nokkrum rýmkunum á úthlutunarreglum. Er þá fyrst og fremst haft í huga, að að því skuli stefnt að hækka lán til þeirra, sem eru í löngu og dýru námi.

Fylgiskjal II.

Tillögur að samræmingu núgildandi úthlutunarreglna.

Gildandi úthlutunarreglur eru samdar af þeim tveimur aðilum, sem annazt hafa úthlutunina. Ef upp verður tekin sú skipan, svo sem lagt er til í frumvarpi þessu, að úthlutun námslána verði framvegis á einni hendi, þ. e. stjórnar sjóðsins, leiðir af því, að það verður hún, sem semur úthlutunarreglur og

fær þær staðfestar. Úthlutunarreglurnar verða því nánast reglugerð sett af ráðherra, sem gildir til óákveðins og væntanlega skamms tíma í senn.

Það skal skýrt fram tekið og undirstrikað, að í raun og veru verða það úthlutunarreglurnar, sem á hverjum tíma að verulegu leyti ákvarða fjárþörf sjóðsins, ásamt breytingum á námsmannafjölda. Réttur **námsmanna til náms**aðstoðar, aðallega námslána, er mjög almennur. Það, sem ávarðar fjárþörf lánasjóðsins, er aðallega:

a. Fjöldi námsmanna í heild, sem rétt á til námsaðstoðar skv. lögum.
b. Hversu margir nota sér þann rétt.
c. Ákvæði úthlutunarreglna um, hversu miklum hluta umframfjárþarfar hvers námsmanns skuli mætt með opinberri aðstoð.

Verður eigi farið nánar út í þessi atriði hér, en vísað til greinargerðar um undirbúning að úthlutun og uppkasts að úthlutunarreglum, sem Þórir Bergsson, cand. act., hefur samið að tilhlutan nefndarinnar.

Er nefndin einhuga um að leggja til, að fylgt verði þeirri tillögu, sem þar kemur fram, að námslán verði, bæði heima og erlendis, miðuð við raun verulega umframfjárþörf hvers einstaks námsmanns. Verði þá til grundvallar lögð könnun sú á námskostnaði, sem nefndin hefur látið gera, hvað námsmenn erlendis snertir, eftir dvalarlöndum og fyrir námsmenn hér heima eftir námsgreinum og mismunandi námsaðstöðu. Fylgir greinargerð um könnunina nefndaráliti þessu sem sérstakt fylgiskjal. Nefndin leggur áherzlu á, að stefnt verði að því með hækkun hlutfallstalnanna að ná sem fyrst því marki, sem sett er í 2. gr. frumvarpsins.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að námsmenn fái námslán sem hluta af umframfjárþörf, eftir þeim árafjölda, sem námið tekur að eðlilegum hætti, eða í fyrstu sem hér segir:

Á fyrsta ári	30%
– öðru ári	50%
– þriðja ári	50%
– fjórða ári	60%
– fimmta ári	80%
– sjötta ári	80%
– sjöunda ári	80%

Nefndin er þeirrar skoðunar, að námsmanni sé það mikils virði að eiga von á verulegri aðstoð síðari hluta námstíma.

Að öðru leyti þarfnast mál þetta vart frekari skýringa, enda er regla þessi auðveld mjög í framkvæmd. Fengju námsmenn þá á námstímanum öllum eftirfarandi hundraðshluta af umframfjárþörf:

3 ára nám	43.3%
4 — —	47.5%
5 — —	54.0%
6 — —	58.3%
7 — —	61.4%

Þess ber að geta, að nauðsynlegt er, að könnun á námskostnaði verði gerð alloft, t. d. á tveggja til þriggja ára fresti.

Svo sem áður greinir, er með „umframfjárþörf“ átt við *allan kostnað við námið, að frádregnum (áætluðum) tekjum námsmannsins sjálfs.* Er rétt að benda sérstaklega á þetta hér, þar sem notkun þessa hugtaks í niðurstöðum námskostnaðarkönnunarinnar, getur leitt til villandi niðurstöðu. Þar merkir „umframfjárþörf“ nánast þá peningaupphæð, sem hver námsmaður þarf að fá í hendur umfram eigin tekjur, en það leiðir til þess, að meginhluti framfærslukostnaðar nokkurs hluta námsmanna (þ. e. þeirra, sem búa á heimilum foreldra sinna eða annarra aðstandenda) kemur ekki fram sem kostnaður við nám þeirra.

Úthlutunarreglur og fjárþörf til námslána og styrkja.

I. Um úthlutunarreglur.

Markmiðið er að finna sem réttlátastar reglur til að vinna eftir við úthlutun styrkja og lána til íslenzkra námsmanna, án þess að úthlutunarvinnan verði óviðráðanlega umfangsmikil.

Fjármagn til úthlutunar er nú ekki það mikið, að unnt sé að veita lán og styrki þannig, að hver og einn fái umframfjárþörf sína að fullu í veitingum frá lánasjóðnum. Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir eftirtöldum atriðum við ákvörðun láns- og styrkjaupphæða:

1. *Hvernig stendur námsmaður við upphaf þess náms, sem veitir rétt til láns og/eða styrkja?*

Hér verður gerður samanburður á tveimur hópum námsmanna, þ. e. stúdentum, sem fara í háskólanám, og tæknifræðinemum. Byrjunaraðstöðu annarra þarf að athuga í hverju tilviki.

Stúdentar.

Nám þeirra eftir 1. ár í menntaskóla til stúdentsprófs er þrír vetur. Árlegur námstími með ½ mánaðar frii er sýndur hér, svo og fjáröflunartími.

	Nám og frí	Fjáröflun
1. árið	8½ mánuður	3½ mánuður
2. —	8½ —	3½ —
3. —	9½ —	3½ —
Samtals	26½ mánuður	10½ mánuður

Árin eru reiknuð frá 1. júní til 31. maí, nema síðasta árið, sem reiknast til 30. júní.

Tæknifræðinemar.

Af tæknifræðinemum er krafizt gagnfræðaprófs. Standa þeir að því loknu jafnfætis menntaskólanemum eftir 3. bekk. Auk þess þurfa þeir að vinna 1 til 3 ár við einhverja iðngrein. Sveinsprófs í iðn er ekki krafizt. Samkvæmt upplýsingum Ingvars Ingvarssonar, skólastjóra Tækniskólans, hafa nú ¾ þeirra, sem þar stunda nám nú, sveinspróf. Væntanlega lækkar það hlutfall með tímanum.

Tækniskólinn verður hér heima þrír vetur, hver með 8 mánaða námi. Fyrsta veturinn eru nemendur í svonefndum forskóla, sem er hreint undirbúningsnám. Annar veturinn, millideild, er blandað nám. Helmingur námsins þann vetur telst til undirbúningsnáms en hinn helmingurinn er helgaður raunverulegu tæknifræðinámi. Þriðji veturinn er hreint tæknifræðinám. Nemendur fara síðan utan og nema í tvö ár þar. Námstíminn er þar hvort ár 10 mánuðir auk próftíma.

Ef gert er ráð fyrir, að þeir, sem fara í tækninám, stundi að jafnaði tveggja ára vinnu að loknu gagnfræðaprófi, lítur tafla yfir nám og frítíma og fjáröflunartíma þannig út fram að þeim tíma, sem þeir, hvað aldur snertir, standa jafnfætis stúdentum:

	Frí og nám	Fjáröflun
1. árið	½ mánuður	11½ mánuður
2. —	½ —	11½ —
3. —	8½ —	4½ —
Samtals	9½ mánuður	27½ mánuður

Þeir hafa þá lokið 1. ári í Tækniskólanum.

Af þessu yfirliti sést, að tæknifræðinemar ættu að standa mun betur að vígi fjárhagslega en stúdentar við byrjun náms. Ef tækninemar eiga ekki að fá betri aðstöðu fjárhagslega en stúdentar, þarf að taka tillit til þessa.

Virðist þrennt koma til greina:

1. Veita tækninemum lægri lán og/eða styrki,
2. hefja lánveitingar til þeirra síðar, t. d. eftir annað árið í Tækniskólanum, eða
3. jafnvel ekki fyrr en þeir fara utan, og leggur nefndin til, að sú leið verði farin.

2. *Hver er árleg umframfjárþörf námsmanna?*

Hér skipta máli mörg atriði, svo sem hvaða nám er stundað og hvar, hve langur árlegur námstími, fjáröflunarstaða og aðstaða námsmanna að öðru leyti, t. d. hvar hann býr.

Könnun sú, sem gerð hefur verið á námskostnaði í nóvember 1964, gefur allgóðar upplýsingar um umframfjárþörf námsmanna.

Ljóst er, að þetta hlýtur að vera mjög einstaklingsbundið. Tekjuöflun námsmanna getur orðið miklu meiri en þar er gert ráð fyrir. Eðlilegt verður að telja, að krafizt sé upplýsinga um tekjuöflun námsmanns í umsóknum um lán og styrki.

Nauðsynlegt virðist þó að gera ráð fyrir lágmarkstekjuöflun, nema eðlilegar skýringar séu fyrir hendi, svo sem veikindi.

Gæta þarf þess, að lán verði ekki lækkuð svo mikið vegna mikillar tekjuöflunar, að þau dragi úr vinnu námsmanna í fríum. Þar sem um lán er að ræða, ætti þó að vera lítil hætta á því.

Taka þarf tillit til aðstöðu námsmanns, t. d. hvort hann býr hjá foreldrum eða ekki. Þetta þarf þó að gera með nokkurri varfærni. Sama er að segja um alla aðstoð fjölskyldu við námsmann.

3. *Hve langt er námið?*

Því lengra sem námið er, því seinna byrjar námsmaður að afla fjár. Taka þarf tillit til þessa, þannig að þeir, sem eru í lengstu námi, fái aðstöðu til tiltölulega hærri lána en aðrir.

Mætti t. d. hugsa sér, að lánveitingar væru ákveðinn hundraðshluti af umframfjárþörf námsmanns þannig:

1. árið	30%
2. —	40%
3. —	50%
4. —	60%
5. —	70%
6. —	80%
7. —	90%

Fengju námsmenn þá eftirfarandi hundraðshluta af heildarumframfjárþörf eftir lengd námsins, ef árleg umframfjárþörf væri alltaf hin sama:

3 ára nám	40%
4 — —	45%
5 — —	50%
6 — —	55%
7 — —	60%

Þessar tölur eru settar fram sem hugmynd. Þær eru á engan hátt fullnægjandi. Námsmaður þarf að afla sér verulegs fjármagns með öðrum lánum, en lánasjóðurinn er bundinn af því fjármagni, sem hann hefur til umráða hverju sinni. Æskilegt væri, að unnt væri að lána alla umframfjárþörfina úr sjóðnum. Hundraðshlutarnir þyrftu smám saman að hækka, þar til því marki er náð.

4. Er námsmaður kvæntur?

Hvort taka ber tillit til þess og þá hvernig, verður alltaf deiluatriði. Margir halda því fram, að það geti verið hagur að því að vera kvæntur, þar eð maki vinni oft fyrir verulegum launum. Þetta hlýtur þó að vera háð barnafjölda. Virðist vart vera hægt að taka tillit til þessa atriðis við úthlutun lána og sömu reglur verði að gilda, hvað sem hjúskaparstétt líður.

5. Lán og styrkir.

Nefndin gerir ráð fyrir, að fjárhæð sú, sem veitt er til styrkja, verði notuð til þess að jafna aðstöðumun námsmanna. Myndu þá styrkirnir einkum fara til þeirra, sem þurfa að greiða verulegan ferðakostnað og há skólagjöld, svo og þeirra, sem slæma aðstöðu hafa til tekjuöflunar.

Af því, sem hér hefur verið sagt, verður ljóst, að nauðsynlegt er að úthlutun lána og styrkja, — hverjir fá þau/þá og hvaða upphæðir —, þarf að vera töluvert tengdara aðstöðu hvers einstaks námsmanns en hingað til. Þar sem úthlutunaraðila er, hvort sem er, nauðsyn að hafa fullkomna spjaldskrá yfir alla námsmenn, ætti þetta ekki að vera mikil vinnuaukning. Hins vegar tryggði þetta, að lánin lentu hjá þeim, sem mesta þörfina hafa, og yrði nýting sjóðsins þannig miklu meiri og réttlátari. Fleiri aðilar hafa þörf á fullkominni spjaldskrá yfir námsmenn. Má í því sambandi einkum nefna aðila, sem hafa með höndum áætlanir um mannafla í hinum ýmsu fögum. Sennilega er unnt að koma á samvinnu við þá til hagræðis og kostnaðarlækkunar fyrir alla aðila.

Undirbúningur að úthlutun og úthlutunarreglur.

Varðandi úthlutunina sjálfa verður eftirfarandi verkefni úthlutunaraðila:

1. Að ákveða, hverjir eigi rétt á láni samkvæmt 1. gr. laganna.
   Sjóðsstjórnin verður að meta, hvort erlend kennslustofnun er hliðstæð háskóla eða tækniskóla.
   Eftirfarandi regla skal gilda:
   Enginn fær lán, sem stundar skemmra nám en tveggja ára.
2. Að ákveða upphæð hvers einstaks láns (sjá 6. gr.).
3. Að ákveða, hverjir skuli frá styrki samkvæmt 8. gr.
4. Að ákveða upphæð hvers einstaks styrks.

Hér verður gert yfirlit yfir undirbúning að úthlutun og úthlutunarreglum, eins og nefndin hugsar sér þær:

I. Þegar námsmaður sækir í fyrsta sinn um lán, skal færa upplýsingar um hann á sérstakt úthlutunarspjald. Á framhlið spjaldsins skulu vera allar upplýsingar, sem venjulega breytast ekki frá ári til árs. Þó skal heimilisfang vera þar. Á bakhlið skulu vera dálkar fyrir upplýsingar, sem varða hverja úthlutun sérstaklega, svo sem námsár, bústaður, námskostnaður, fjáröflun, styrkir frá öðrum o. fl. Einnig færast þar veitt lán og styrkir.

II. Þegar umsóknir hafa borizt, eru þær flokkaðar eftir:
   1. Námslandi. Í þeim löndum, þar sem mikill munur er á framfærslukosnaði eftir borgum, þarf að flokka eftir því.
   2. Námsári. Gera þarf greinarmun á námsári og lánsári. Þetta er vegna þess, að ekki skal veita lán eða styrk nema um eðlilega framvindu námsins sé að ræða. Þó mega menn að sjálfsögðu fara hraðar yfir en meðaltalið og njóta þess í námsaðstoð. Einnig skiptir þetta máli, ef námsmaður sleppir að sækja um eitthvert ár.
   3. Námsgrein.
   4. Bústað. Hér er átt við skiptinguna: Á Garði, í heimahúsum og annars staðar.

Líklegt er, að taka þurfi tillit til, hvort umsækjandi nýtur fæðishlunninda hjá ættingjum, þótt hann búi ekki heima.

Við þessa flokkun eru þeir teknir út, sem ekki fullnægja skilyrðum samkvæmt 1. gr., 1. og 2. mgr. Einnig þeir, sem eru í skemmra en tveggja ára námi.

III. Eftir þessa flokkun skal færa inn á spjöldin meðalnámskostnað samkvæmt könnun sjóðsstjórnar.

IV. Athuguð fjáröflun hvers umsækjanda s. l. ár.
Átt er við vinnutekjur að frádregnum lífeyri, meðan á fjáröflun stendur. Hafi umsækjandi ekki aflað fjár með vinnu, þótt eðlilegt mætti teljast, skal gera ráð fyrir ákveðinni lágmarks fjáröflun á mánuði í frítíma. Þessi fjáröflun er færð inn á spjaldið.

V. Athugað, hvaða styrki umsækjandi hefur hlotið eða fengið loforð um á námsárinu frá öðrum opinberum aðilum, hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir. Þessir styrkir eru færðir inn á spjaldið.

VI. Námskostnaður að frádreginni fjáröflun og styrkjum er umframfjárþörf umsækjanda.

VII. Umsækjendur eru nú flokkaðir í 3—5 flokka eftir umframfjárþörf. Hve marga flokka er hengtugt að hafa, verður reynslan að sýna.

VIII. Námsmenn í hinum ýmsu flokkum skulu fá úthlutun samkvæmt eftirfarandi reglum:

Námsmenn á	1.	námsári	30%	af umframfjárþörf
—	– 2.	—	50%	— —
—	– 3.	—	50%	— —
—	– 4.	—	60%	— —
—	– 5.	—	80%	— —
—	– 6.	—	80%	— —
—	– 7.	—	80%	— —

Síðustu þrjú námsárin verði einkum veittir styrkir, eftir því sem þeir endast til.

IX. Sjóðsstjórnin er ekki bundin við þessar reglur. Þær mynda einungis umgerð. Alltaf hljóta að koma fram vafamál og afbrigðileg atriði, sem taka þarf sérstakar ákvarðanir um.
Samkvæmt 2. gr. laganna er einnig ljóst, að stefna ber að því að hækka ofangreinda hundraðshluta, svo sem unnt er.

X. Mörg vandamál eru látin standa óhreyfð hér, t. d. er ekki ólíklegt, að að því komi, að taka þurfi tillit til hjónabands og barna. En þetta eru einungis drög að reglum, samkvæmt frumvarpinu er sjóðsstjórnni ætlað að semja þær.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um námslaun, greiðslu skóladvalarkostnaðar o. fl.

Flm.: Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag námslauna, eflingu námslánasjóðs og greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. — Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. — Ber nefndinni m. a. að hafa samráð við Lánasjóð ísl. námsmanna, stúdentaráð Háskóla Íslands, Félag ísl. stúdenta erlendis, Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Yfirlit yfir námsstyrktarkerfið.

Lög nr. 52 1961, um Lánasjóð íslenzkra námsmanna, gera ráð fyrir, að sjóðurinn starfi í tveimur deildum, annars vegar Lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og hins vegar Lánadeild námsmanna erlendis. Lánadeild námsmanna erlendis hefur að því leyti víðara verksvið, að réttur til námslána nær að jöfnu til háskólastúdenta og nemenda annarra skóla. Auk þess hafa nemendur erlendis aðgang að beinum styrkjum, sem menntamálaráð úthlutar. Stúdentar við Háskóla Íslands hafa rétt til námslána, en almennt engra beinna styrkja.

Námslánin eru mismunandi há eftir því, hvaða nám menn stunda. Fer flokkun námslána m. a. eftir lengd námsins, þ. e. hversu mörg ár þarf til þess að ljúka lokaprófi í hlutaðeigandi grein, en fleiri atriði munu og ráða flokkuninni, t. d. möguleikar stúdenta til þess að stunda vinnu með námi. Læknastúdentar njóta hæstu námslána, enda er læknanámið lengra en annað háskólanám og vinnu læknastúdenta með námi mikil takmörk sett, ekki sízt þegar líður á námstímann. Nemendur í öðrum íslenzkum skólum hafa ekki aðgang að námslánum né beinum styrkjum af ríkisfé.

Tekjur sínar fær námslánasjóður fyrst og fremst af framlagi ríkissjóðs samkv. fjárlögum hverju sinni, en auk þess hafa verið tekin lán í bönkum til þess að svara nokkru af þörfum sjóðsins. Sem ljóst má vera er slík fjáröflun óraunhæf til frambúðar og stenzt ekki nema sem bráðabirgðalausn mjög stuttan tíma. Þá hefur sjóðurinn tekjur af eigin fé. Þegar lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett 1962, var talið að því stefnt, að meðallánið gæti náð því að verða 25 þús. á ári. Því marki hefur ekki verið náð til þessa. Mun meðallánið vart hafa verið meira en ca. 20 þús. á ári.

Eins og fyrr er á minnzt, leggur ríkið einnig fram óafturkræfa beina námsstyrki, sbr. 14. gr. fjárlaga. Sér menntamálaráð um úthlutun þeirra. Styrkir þessir eru tvenns konar, annars vegar svonefndir fimm ára styrkir („dúxastyrkir“) og hins vegar styrkir til námsmanna erlendis. Fimm ára styrkjanna njóta háskólastúdentar einir, hvort sem þeir stunda nám innanlands eða utan, og aðeins þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi með afburða árangri.

Í 13. gr. læknaskipunarlaga segir, að heimilt skuli, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknaþjónustu í héraði að afloknu námi. Engum má þó veita slíkt námslán, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má ráða, að háskólastúdentar og aðrir námsmenn, sem nám stunda erlendis, hafa möguleika á að fá nokkurt námslán og nokkurn beinan námsstyrk, stúdentar við Háskóla Íslands hafa möguleika á að fá námslán, en engan beinan styrk, utan þeir, sem rétt kynnu að eiga á svonefndum „dúxastyrk“. Læknastúdentar njóta sérstakra lánsmöguleika samkv. læknaskipunarlögum. Námsmenn í öðrum skólum innanlands fá hvorki lán né styrki af ríkisfé.

Nauðsyn endurskoðunar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja tímabært að taka námsstyrktarkerfið til rækilegrar endurskoðunar í því skyni að efla það og auka verulega sem nauðsynlegan þátt í framtíðaruppbyggingu menntamála þjóðarinnar. Er þá fyrst fyrir að koma upp námslaunakerfi, er leysi af hólmi núverandi styrkjafyrirkomulag, og efla samtímis Lánasjóð íslenzkra námsmanna frá því, sem nú er. **Þarf að stefna að því, að allir, sem stunda langskólanám og annað dýrt nám heima og erlendis, eigi þess kost að fá svo ríflega námslaun og námslán samanlagt, að svari eðlilegum náms-**

kostnaði. Rétt er að gera ráð fyrir, að slíku kerfi verði komið á í áföngum á nokkrum árum.

Eins og nú háttar aðstöðu langskólamanna og annarra, sem stunda dýrt nám, er óhjákvæmilegt, að þeir vinni mikið með námi, og er ekki að efa, að það veldur verulegum töfum á námsferlinum, lengir námið jafnvel svo að árum skiptir og dregur almennt úr námsárangri. Á þetta einkum við um háskólastúdenta. Fer því fjarri, að almennt geri menn sér grein fyrir örðugleikum stúdenta í þessum efnum. Fer ekki hjá því, að þorri stúdenta stofnar til mikilla skulda á námsárum sínum, auk þess sem þeir hefja lífsstarf sitt — af eðlilegum ástæðum — síðar en flestir eða allir aðrir. **Dýr undirbúningur undir lífsstarfið tekur langan tíma og styttir starfsævi menntamanna.** Er algengt, að íslenzkir stúdentar séu við nám fram að þrítugu, ef ekki lengur. Bætt fjárhagsaðstaða stúdenta mundi breyta miklu í þessu efni. Almennt mundi námstíminn styttast stórlega og nýtast miklum mun betur, auk þess sem stúdentarnir kæmust fyrr til starfa og ættu fyrir höndum lengri starfsævi í þágu þjóðfélagsins. **Aukin námsaðstoð af hálfu hins opinbera mundi því fljótlega borga sig** og vel það, enda mundu stúdentarnir m. a. efnast og eflast að gjaldgetu vegna opinberra þarfa fyrr en ella.

Námslaun og námslán þurfa auk þess að ná til fleiri námsmanna innanlands en háskólastúdenta, þó að þar sé þörfin einna brýnust.

Greiðsla skóladvalarkostnaðar.

Eitt þeirra nýmæla, sem hreyft er með þingsályktunartillögu þessari, er það, að settar verði reglur um greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Getur þetta átt við nemendur á ýmsum aldri og í mismunandi skólum, m. a. nemendur í heimavistarbarnaskólum, héraðsskólum, menntaskólum, verzlunarskólum o. s. frv. Er það án efa sanngjörn og raunhæf aðferð til þess að **jafna námsaðstöðu í landinu,** að hið opinbera greiði kostnað, sem leiðir af óhjákvæmilegri dvöl nemenda utan heimila þeirra. Til lengdar verður ekki undan því vikizt að fara þessa leið. Er það nú mikill beinn útgjaldaliður fyrir sveitaheimili og önnur, sem líkt eru sett hvað snertir fjarlægð frá skólum, að þurfa að vista börn og ungmenni utan heimilis vegna skólagöngu. Sem dæmi um óbein áhrif á fjárhagsafkomu og heimilislíf sveitaheimila er vert að geta þess, að stór hluti menntaskólanemenda, sem verða að sækja skóla í önnur héruð eða landsfjórðunga, neyðist einnig til þess að dveljast fjarri heimilum sínum hvert sumar í því skyni að afla fjár til skólagöngu sinnar. Þetta á fyrst og fremst við um nemendur úr sveitum, þar sem fjáraflavon er lítil miðað við það, sem gerist í uppgripavinnu til sjávarins. Með þessu móti verða börn og foreldrar fyrr viðskila hvort við annað en ella mundi, auk þess sem heimilin missa dýrmætan liðsafla frá nauðsynjaverkum. Er áreiðanlega tímabært að gefa þessu fullan gaum, enda verulegt hagsmuna- og réttlætismál fyrir þá, sem verða að búa við þetta ástand.

Rétt er að geta þess, að þessi mál hafa verið til endurskoðunar í nágrannalöndum okkar undanfarin ár. Svíar hafa þegar tekið upp mjög víðtækt kerfi námsaðstoðar, sem felst í öflugri lánafyrirgreiðslu og beinum námslaunum. Allir stúdentar og skólanemar yfir 16 ára aldur fá einhvers konar námsaðstoð í formi beinna launa og lána. Hvað háskólastúdenta snertir, þá eru samanlögð laun og lán svo mikil, að svarar eðlilegum námskostnaði. Það þýðir, að stúdentar geta gefið sig að námi heilir og óskiptir allan námstímann. Í Noregi hefur stjórnskipuð nefnd lagt til, að námsstyrktarkerfið verði aukið stig af stigi á 10 árum. Stefnt skuli að því að létta námskostnaðarbyrði nemenda á nær öllum skólastigum, m. a. með greiðslu ferðakostnaðar og aukaútgjalda vegna námsdvalar utan heimila. Nefndin leggur til, að stúdentar hljóti aukinn aðgang að lánum og fái að námi loknu endurgreiddan ákveðinn hluta af námskostnaði. — Í Sovétríkjunum og fleiri löndum í Austur-Evrópu eru námslaun greidd stúdentum við háskóla og víst öðrum námsmönnum.

Sþ. **24. Tillaga til þingsályktunar** [24. mál]

um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna. Skal nefndin haga störfum með tilliti til þess, að hægt sé að leggja tillögurnar fyrir Alþingi 1967. Skal að því stefnt, að hægt sé að veita landsbyggðinni sem hagkvæmasta þjónustu og að reksturinn verði sem ódýrastur miðað við veitta þjónustu.

Meðan nefndarstörfum er ólokið, leggur þingið, að gefnu tilefni, áherzlu á, að ekki verði dregið úr strandferðaþjónustunni frá því, sem verið hefur að jafnaði undanfarin ár.

Greinargerð.

Í eigu Skipaútgerðar ríkisins hafa undanfarin ár verið fimm strandferðaskip. Hér fer á eftir skýrsla um aldur þeirra, stærð, ganghraða, vörurými, farþegarými o. fl.

	Smíðaár	Brúttótonn	Ganghraði sjómílur	Svefnrúm farþega	Rúmmál lesta: alls rúmfet	Rúmmál lesta: þar af frystilest rúmfet	Burðargeta venjulegra stykkjavara, tonn	Olíufarmtankar, tonn	Lyftigeta, tonn
1 m/s Esja	1939	1347	13	148	30935	4450	300		3
2 m/s Herðubreið	1947	366	9	12	14220	4055	180—280	34	10
3 m/s Skjaldbreið	1948	366	9	12	14220	4055	180—280	34	10
4 m/s Hekla	1948	1456	14	166	32700	4875	350		10
5 m/s Herjólfur .	1959	516	11	21—33	10208	1617	130—200	100	5

Svo sem sjá má af ofangreindu yfirliti, voru 4 af strandferðaskipum Skipaútgerðar ríkisins á þessu ári orðin 18—27 ára gömul og því mjög viðhaldsfrek, en hitt skiptir þó ekki síður máli, að þessi skip eru einnig að öðru leyti orðin óhentug í rekstri vegna þróunar annarra samgangna á síðustu tveim áratugum.

Augljóst má telja, að þjóðinni muni um langa framtíð nauðsynlegt að halda uppi strandferðum ásamt öðrum samgöngum. Virðist því aðkallandi að endurnýja umræddan skipakost og aðlaga hann breyttum þjóðfélagsháttum.

Esja, Hekla, Herðubreið og Skjaldbreið hafa vafalaust að stærð, farþegarými og öllum búnaði verið eins og á sínum tíma hentaði að beztu manna yfirsýn. — Síðan hefur orðið mikil breyting á íslenzku þjóðlífi, og þá ekki sízt, ef á heildina er litið, á sviði vöru- og farþegaflutninga hérlendis. Gagngerðustu breytingunni hvað snertir farþegaflutningana valda flugvélarnar með þeim aðstæðum, sem reynt hefur verið að búa þeim með stærri og smærri flugvöllum víðs vegar um landið. Þar við bætist svo hinn mikli fjöldi stórra áætlunarbifreiða og minni einkabifreiða, sem stórfjölgar ár frá ári um allt land.

Öll þessi flutningatæki eru þó meira og minna háð veðráttunni, og þá fyrst og fremst að vetrinum vegna veðra og fannalaga. Kemur slíkt minnst að sök með farþegaflug til hinna stærri og betur búnu flugvalla, en á þeim tíma árs er ekki að treysta farþegaflugi til smærri staða né heldur reglubundnum ferðum bifreiða milli landshluta og byggðarlaga.

Segja má, að mörg byggðarlög geti ekki treyst á þessi farartæki lengur en 3—5 mánuði ár hvert. Verður þá að grípa til þeirrar fyrirgreiðslu, sem hið opinbera

hefur ætíð talið sér skylt að láta landsbyggðinni í té, þar sem eru strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga.

Eins og áður er sagt og öllum er kunnugt, er þörfin fyrir farþegaskip með ströndum fram nú allt önnur en hún var, þegar Esja og Hekla voru byggðar. Mætti vel hugsa sér, að eitt hraðskreitt og vel búið skip af hæfilegri stærð og vel búið farþegaþægindum gæti nú vegna breyttra aðstæðna veitt betri þjónustu að því er varðar farþegaflutning milli hafna og á lengri leiðum en þau tvö skip, Esja og Hekla, sem upphaflega voru byggð og fyrst og fremst starfrækt í því skyni. Mætti hugsa sér, að hið nýja farþegaskip hefði lítið vörurými, t. d. aðeins fyrir póst og varning, sem mjög fljótlegt væri að losa í höfn. Einnig er trúlegt, að á slíku skipi væri æskilegt, að á þilfari væri öllu þannig fyrir komið, að hægt væri að taka sem flesta ferðamannabíla um borð, og auðvitað væri nauðsynlegt, að skipið yrði búið bómu, sem gæti lyft þungavélum og öðru slíku, sem sífellt fer í vöxt að flytja þurfi á milli staða.

Að því er varðar vöruflutningaskip til strandferða fyrir landið í heild er augljóst, að þau þurfa fyrst og fremst að vera tvö — og þó að margra áliti þrjú. Væru þá tveim skipum ætlaðar fastar strandferðir, eins og Herðubreið og Skjaldbreið áður, en hinu þriðja ætlað að hlaupa í skarðið, þegar um væri að ræða óvenjulega flutningaþörf eða leysa hin skipin af hólmi vegna viðgerða o. s. frv. Verður það auðvitað að metast af fróðum og færum mönnum, hvort rétt sé að stefna að byggingu þriggja slíkra vöruflutningaskipa, þótt smíði tveggja væri látið sitja fyrir.

Um vöruflutninga með ströndum fram er hið sama að segja og farþegaflutningana, að þar hefur orðið stórbreyting á síðustu árum. Þar virðast flutningabílar nú fullnægja þörf stórra landssvæða. Slíkir vöruflutningar tíðkast nú um Vesturland, Norðurland að sunnan allt til Eyjafjarðar og jafnvel Húsavíkur, og a. m. k. í 3—4 mánuði að sumarlagi eru talsverðir vöruflutningar á bílum til Egilsstaða, Seyðisfjarðar og fjarðanna þar fyrir sunnan. Má og svipað segja um Norðausturland milli Tjörness og Smjörvatnsheiðar. En þrátt fyrir landflutningana má segja, að Vestfirðir, Norðausturland og Austfirðir allir séu í heild mjög háðir vöruflutningum á sjó og fleiri landshlutar að vetrarlagi, þótt ekki sé með talinn sá vandi, sem að höndum ber í sambandi við harðindi af völdum vetrarríkis og hafísa.

Ekki virðist um það að ræða, að draga megi úr þeim skipakosti, sem Skipaútgerð ríkisins hefur haft yfir að ráða til vöruflutninga undanfarin ár, heldur er aðkallandi nauðsyn að stækka og bæta flutningaskip útgerðarinnar og auka þar með afkastagetu þeirra og hæfni til að mæta vetrarveðráttu og vetrarsjóum. Þessi skip verða að byggjast fyrst og fremst sem flutningaskip með tiltölulega mikið og hentugt lestarrúm og búin sterkum bómum, en ekki mun ástæða til að auka farþegarúm að ráði, þar sem búast má við, að farþegar noti þessi skip meira á milli hafna en á langleiðum. Hitt er þó augljóst, að æskilegt er að bæta aðstöðu fyrir farþega miðað við þá aðstöðu, sem er fyrir hendi í „Breiðunum".

Fyrir flm. vakir, að nefndin taki til athugunar þær tillögur um strandferðir með sérstöku tilliti til landshlutanna, sem þegar hafa komið fram á Alþingi á undanförnum árum. Einnig, að athuguð verði sérstaklega afgreiðsluaðstaða strandferðaskipanna, t. d. í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir, að núverandi strandferðaskip verði seld, eftir því sem henta þykir, jafnóðum og ný skip eru byggð og tekin í notkun.

Nú á þessu ári hafa þau tíðindi gerzt í þessu máli, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að hætta rekstri m/s Esju og m/s Skjaldbreiðar og hafið sölu þessara tveggja strandferðaskipa, án þess að viðunandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að bæta upp missi skipanna.

Eins og vænta mátti, hefur þessi stjórnarráðstöfun sætt mikilli andstöðu og mótmælum víðs vegar um land, og hefur sú andstaða komið opinberlega fram á ýmsan hátt að undanförnu.

Telja flm. óhjákvæmilegt, að Alþingi láti í ljós vilja sinn í þessu máli og komi

þannig í veg fyrir, að dregið verði úr strandferðaþjónustunni, enda það því tilfinnanlegra sem það er gert á þeim tíma árs, þegar þörfin fyrir þessa þjónustu er vaxandi og mest aðkallandi. Að þessu lýtur 2. málsgrein tillögunnar hér að framan. Flm. leggja áherzlu á, að nefndarstörfum verði lokið sem allra fyrst, helzt nú í vetur, en í síðasta lagi áður en Alþingi kemur saman haustið 1967.

Tillaga samhljóða fyrri málsgrein þessarar tillögu var af flm. lögð fram á síðasta þingi — ásamt meginmáli þessarar greinargerðar — en ekki tekin til umræðu.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um verðjöfnunargjald af veiðarfærum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Af veiðarfærum, sem koma eða eru flutt inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða verðjöfnunargjald, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til veiðarfæra samkvæmt lögum þessum teljast:

Netagarn úr hampi, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	57.05.02
Færi, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Línur, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Kaðlar, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.02
Öngultaumar, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.03
Fiskinet úr gerviefnum, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.05.01
Fiskinet úr öðrum efnum, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.05.02

2. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 2% af tollverði hinna innfluttu veiðarfæra, sbr. II. kafla laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjaldsins. Við álagningu gjaldsins, innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd skal ákvæðum laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, beitt, eftir því sem við á.

3. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal leggja í sérstakan sjóð, Verðjöfnunarsjóð veiðarfæra. Skal fé sjóðsins varið til eflingar veiðarfæraiðnaði í landinu.

4. gr.

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um stjórn og vörzlu Verðjöfnunarsjóðs og ráðstöfun á fé hans.

5. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum. Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögum þessum og mál út af þeim gilda einnig, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ein hin þýðingarmesta rekstrarvara íslenzka sjávarútvegsins eru veiðarfæri af ýmsu tagi, auk þess sem bæði fiskiskip og kaupskip nota kaðla og tóg í allstórum stíl.

Til þess að svara þörfum fiskiskipa- og kaupskipaflotans í þessu efni hafa á undanförnum árum risið upp nokkur innlend fyrirtæki. Hafa þau fæst náð verulegri fótfestu að einu undanskildu. Ber þar margt til. Veiðarfæraiðnaður krefst allmikillar fjárfestingar. Samkeppni er hörð frá erlendum veiðarfæraverksmiðjum. Tæknibreytingar og tilkoma nýrra efna til veiðarfæragerðar valda smáum fyrirtækjum erfiðleikum. Röng gengisskráning og miklar sveiflur á innlendu verðlagi hafa á stundum skaðað samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Tollvernd innlends veiðarfæraiðnaðar hefur lengst af svo til engin verið.

Framleiðsla hinna innlendu veiðarfæragerða hefur ávallt verið takmörkuð við vissar tegundir veiðarfæra, aðallega línur, kaðla og botnvörpunet. Þorskanet hafa verið framleidd í aðeins smáum stíl og sama gildir um síldarnætur. Ýmis rök hníga þó í þá átt, að hér á landi megi reka samkeppnishæfan veiðarfæraiðnað í stórum stíl. Má þar til nefna, að íslenzkur markaður er tiltölulega mjög stór, að vélbúnaður getur verið sá sami og hjá sams konar fyrirtækjum erlendis, að hráefnaverð getur hér verið hið sama eða svipað og hjá þeim, og síðast en ekki síst, að hér á landi eru ytri aðstæður eigi síðri en annars staðar að því er varðar þjálfað vinnuafl faglærðra manna og þekkingu til veiðarfæragerðar og viðgerðarþjónustu miðað við staðhætti og veiðiaðferðir.

Erfiðleikar veiðarfæraiðnaðarins í landinu, og sú staðreynd, hversu illa honum hefur gengið að færa út kvíarnar, þrátt fyrir stærð markaðsins og aðrar aðstæður, hefur gefið ríkisstjórnum síðari áratuga tilefni til ýmissa athugana á högum þessa iðnaðar. Fyrir því skipaði iðnaðarmálaráðherra hinn 16. september 1964 nefnd manna til þess að framkvæma sérfræðilega athugun á því, hvort ekki sé tímabært að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði, og einnig var óskað eftir athugun á því, hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umræddS iðnaðar með þátttöku erlends fjármagns, eða aukningu í áföngum með innlendu fjármagni.

Í nefndina voru skipaðir þeir Már Elísson, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Árni Vilhjálmsson, prófessor, tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda, Kristján Ragnarsson, fulltrúi, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, og Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Iðnaðarmálastofnun Íslands, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin skilaði áliti í sept. 1965. Um niðurstöður nefndarinnar vísast til álitsgerðar hennar, sem prentuð er í heild sem fylgiskjal nr. I með frumvarpi þessu.

Þessari skýrslu fylgdu álitsgerðir tveggja nefndarmanna, þeirra próf. Árna Vilhjálmssonar og Kristjáns Ragnarssonar, fulltrúa, varðandi undirboðsverð („dumping“) á innfluttum veiðarfærum, og eru þær birtar hér með sem fskj. nr. II og III.

Iðnaðarmálaráðuneytið óskaði athugunar og umsagnar Efnahagsstofnunarinnar um álit nefndarinnar með bréfi dags, 7. febr. s. l. Barst svar Efnahagsstofnunarinnar með bréfi dags. 13. júní s. l., ásamt sérstakri álitsgerð próf. Árna Vilhjálmssonar, um rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir Hampiðjuna h.f.

Álit forstjóra Efnahagsstofnunarinnar er að finna í fskj. nr. IV og kafla úr álitsgerð próf. Árna Vilhjálmssonar í fskj. nr. V.

Þær athuganir, sem gerðar hafa verið í iðnaðarmálaráðuneytinu á máli þessu í heild, hafa leitt til þess, að komið gætu til álita eftirfarandi mismunandi eða samverkandi aðgerðir til stuðnings núverandi veiðarfæraiðnaði og til eflingar alhliða veiðarfæragerða:

1. Tollur á veiðarfærum, sem nú eru framleidd í landinu, verði hækkaður í 10%. Tekjur af þessari tollahækkun, eða allar tolltekjurnar, renni í Aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins eða þeim verði varið til þess að greiða vátryggingariðgjöld af fiskiskipum eða með öðrum hliðstæðum hætti.
2. Veiðarfæraiðnaði séu tryggð fjárfestingarlán til langs tíma, hliðstætt því sem verið hefur um fiskiskipabyggingar innanlands.

3. Veiðarfæraiðnaðurinn njóti í bili a. m. k. forgangs um hagræðingarlán úr Iðnlánasjóði, þar sem skilyrði til hagræðingarláns verða talin fyrir hendi.
4. Heimiluð sé lenging greiðslufrests á innfluttum hráefnum til veiðarfæragerðar.
5. Heimild til gjaldfrests á innfluttum veiðarfærum, sömu tegundar og framleidd eru í landinu, sé afnumin.
6. Notuð sé heimild tollskrárlaga til þess að setja undirboðstoll á veiðarfærainnflutning, t. d. frá Danmörku fyrst í stað.
7. Innflutningur veiðarfæra, sömu tegundar og framleidd eru í landinu, sé um stundarsakir tekinn af frílista og háður leyfum og eftirliti, með það sérstaklega fyrir augum, að því opinbera gefist tækifæri til þess að ná meiri yfirsýn þessara mála, enda verði hagsmuna útvegsins að fullu gætt, og fái útvegsmenn að tilnefna sérstaka fulltrúa við framkvæmd þessara tímabundnu leyfisveitinga.
8. Tryggt sé, að sú útgerð, sem nýtur beinna fjárframlaga úr ríkissjóði, kaupi a. m. k. að öðru jöfnu innlend veiðarfæri.
9. Að greitt verði verðjöfnunargjald af öllum innfluttum veiðarfærum.

Að athuguðu máli hefur verið horfið að því, að leggja til við Alþingi, að sett verði lög um verðjöfnunargjald af veiðarfærum, enda eru annmarkar á verulegri hækkun tolla augljósir og höft á innflutningi veiðarfæra mjög óæskileg og hvimleið. Er og fullvíst talið, að með leið þessari megi ná þeim tvíþætta tilgangi, að tryggð verði framtíð þeirrar veiðarfæragerðar, sem starfandi er í landinu, og að verðjöfnunargjaldið, þegar frá líður, geti orðið lyftistöng alhliða veiðarfæraiðnaði innlendum. Er þá og að sjálfsögðu einnig við það miðað, að beitt verði þeim aðgerðum öðrum, sem að framan eru greindar og framkvæmanlegar eru án aðgerða Alþingis, eftir því sem efni standa til. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir, að veiðarfæraiðnaði verði tryggð fjárfestingarlán, sbr. tölulið 2. Að veiðarfæraiðnaður njóti hagræðingarlána, eftir því sem við á, sbr. tölulið 3. Að endurskoðaðir verði greiðslufrestir á innfluttum hráefnum til veiðarfæragerðar annars vegar og greiðslufrestir á innfluttum veiðarfærum hins vegar, sbr. tölulið 4 og 5. Loks, að tryggt sé, sbr. tölulið 8, að útgerð, sem nýtur beinna fjárframlaga úr ríkissjóði, kaupi að öðru jöfnu innlend veiðarfæri.

Til glöggvunar á því, hvað ætla megi, að verðjöfnunargjald af veiðarfærum kunni að nema, er yfirlit um innflutt veiðarfæri og framleiðslu Hampiðjunnar h.f. í fskj. nr. VI.

Fylgiskjal I.

Álit nefndar, sem skipuð var af iðnaðarmálaráðherra 16. sept. 1964 til athugunar á vandamálum veiðarfæraiðnaðarins.

I. kafli.
INNGANGUR

Nefndarskipun.

Með bréfi dags. 16. sept. 1964 skipaði iðnaðarmálaráðuneytið nefnd

„til þess að framkvæma sérfræðilega athugun á því, hvort ekki sé tímabært að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði, t. d. miðað við meðaltollvernd EBE og EFTA-landanna, og einnig, hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umrædds iðnaðar með þátttöku erlends fjármagns, eða aukningu í áföngum með innlendu fjármagni."

Í nefndina voru skipaðir þeir Már Elísson, skrifstofustjóri, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, Árni Vilhjálmsson, prófessor, tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda,

Kristján Ragnarsson, fulltrúi, tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna, og Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Iðnaðarmálastofnun Íslands, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Vegna fjarveru formanns tók nefndin ekki til starfa fyrr en 8. október. Hefur hún haldið alls 45 fundi. Skömmu eftir að nefndin tók til starfa eða hinn 20. okt. fól iðnaðarmálaráðuneytið henni aukaverkefni til meðferðar, sem fólgið var í athugun á erindi Hampiðjunnar h.f. í Reykjavík til ráðuneytisins vegna aðsteðjandi vandamála þess fyrirtækis. Alls voru haldnir 8 nefndarfundir gagngert vegna þessa verkefnis, og lauk meðferð nefndarinnar á því með sérstöku bréfi til iðnaðarmálaráðuneytisins dags. 19. nóv. 1964.

Á vegum nefndarinnar hefur farið fram allvíðtæk og tímafrek gagnasöfnun, m. a. erlendis frá, og hefur þetta ásamt önnum og fjarveru einstakra nefndarmanna um skemmri eða lengri tíma, valdið nokkrum drætti á því, að nefndin lyki störfum.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa gerði nefndin sér starfsáætlun og undirbjó jafnframt drög að efnisyfirliti nefndarálits. Hefur nefndin byggt starf sitt á grundvelli þessara gagna og sömuleiðis skýrslu þessa.

Skilgreining verkefnis.

Nefndin hefur í skipunarbréfi sínu túlkað hugtakið veiðarfæraiðnaður svo, að átt væri við vélræna framleiðslu hvers konar veiðarfæra. Þannig hefur nefndin talið handverksþátt veiðarfæragerðar, svo sem viðhald og uppsetningu veiðarfæra liggja utan verksviðs síns. Sumpart vegna skorts á upplýsingum, en þá fyrst og fremst vegna mikilvægis vinnslu veiðarfæra úr vefjarefnum, hefur nefndin aðallega beint athygli sinni að þeim þætti, og miðast tillögur nefndarinnar því öðru fremur við vélræna veiðarfæraframleiðslu úr vefjarefnum.

Starfshættir og skýrsla nefndar.

Ákveðið var að skrifa íslenzkum veiðarfæraverksmiðjum, sem starfandi eru, og fyrrverandi eigendum þeirra, sem ekki starfa lengur, og óska upplýsinga um starfsemi fyrirtækjanna, stofnun þeirra, eignaraðild, sögulegt ágrip, upplýsingar um tegundir og magn framleiðsluvara, hráefni, véla- og húsakost, starfsmannahald, samkeppnisaðstöðu og starfsskilyrði og sérstaklega upplýsingar um tildrög að endalokum þeirra fyrirtækja, sem hætt hafa störfum.

Í þessu skyni var átta eftirgreindum aðilum skrifað:

Veiðarfæragerð Íslands,
Netagerð Vestmannaeyja h.f.,
Björn Benediktsson h.f., netaverksmiðja,
Netastofan h.f.,
Hampiðjan h.f.,
Stans h.f.,
Hringver h.f., plastverksmiðja,
Orri hf., plastiðnaður.

Samrit af bréfi til þessara aðila er að finna í fskj. 1.

Skrifleg svör bárust frá Hampiðjunni h.f., Netagerð Vestmannaeyja h.f, Birni Benediktssyni h.f. og Orra h.f. Svör þessara aðila er að finna í fskj. nr. 2—5.

Í kafla II er birtur útdráttur úr svörum þriggja þessara aðila við fyrirspurnum nefndarinnar og að auki upplýsingar um starfsemi Veiðarfæragerðar Íslands og Þorskanetagerðar Sigurjóns Péturssonar á Álafossi, en upplýsingar þessara tveggja aðila eru byggðar á munnlegum upplýsingum.

Jafnframt því, sem með þessum hætti kemur fram nokkurt yfirlit um tildrög og þróun íslenzkrar veiðarfæraframleiðslu úr vefjarefnum, er vikið að vandamálum veiðarfæraiðnaðarins á liðnum árum.

Eftir að nefndin hafi kynnt sér upplýsingar um innflutning veiðarfæra, sem er að finna í verzlunarskýrslum, ákvað nefndin að leita til Tollendurskoðunarinnar til þess að afla nánari vitneskju um, hve hlutur gerviefna væri stór að því er varðaði innflutning kaðla og lína og sömuleiðis um skiptingu netaveiðarfæra eftir tegundum árið 1964. Kemur þetta fram í kafla III ásamt almennum upplýsingum um innflutning eftir magni, verðmæti og löndum yfir nokkurt árabil.

Nefndin hafði ráðgert að gera áætlun um notkun veiðarfæra eftir tegundum og verðmæti, en þetta hefur reynzt erfiðleikum bundið. Innflutningur veiðarfæra 1964 ásamt framleiðslutölum Hampiðjunnar h.f. það ár gefa þó allgóða hugmynd um þetta atriði.

Í kafla III koma að auki fram í grófum dráttum upplýsingar um viðskiptakjör og -hætti að því er innflutning varðar samkvæmt munnlegum upplýsingum frá nokkrum innflytjendum.

Í kafla IV er fjallað um kjör veiðarfæraiðnaðarins samanborið við annan íslenzkan iðnað. Nefndin taldi ekki ástæðu til að afla frumgagna í sambandi við þetta atriði, en studdist þess í stað við skýrslu Arne Haarr, deildarstjóra í norska iðnaðarmálaráðuneytinu, frá júní 1963: „Tariff Problems in Iceland", og einnig við álit nefndar, sem skipuð var af iðnaðarmálaráðherra til að rannsaka þjóðhagslegt gildi neyzluvöruiðnaðarins, frá því í desember 1960.

Til viðbótar þessu taldi nefndin ástæðu til að gera samanburð á starfsskilyrðum veiðarfæraiðnaðar annars vegar og sjávarútvegs hins vegar, og er einnig fjallað um þetta atriði í kafla IV.

Varðandi samanburð á kjörum íslenzks veiðarfæraiðnaðar við hliðstæðan iðnað erlendis átti sér stað allvíðtæk upplýsingasöfnun erlendis frá, og veittu öll sendiráð Íslands erlendis, sem leitað var til, ásamt utanríkisráðuneytinu mjög góða fyrirgreiðslu í þessu efni. Sendiráð þau, sem skrifað var til, voru þessi: í Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Þýzkalandi, Englandi og Frakklandi. Óskað var upplýsinga um starfsskilyrði, en þó einkum tollamál veiðarfæraiðnaðar í þessum löndum, en að auki á Ítalíu, Spáni, Portúgal, Beneluxlöndunum, Írlandi, Finnlandi og Japan. Auk þess var óskað upplýsinga um tollareglur EBE og EFTA varðandi veiðarfæri. Til fróðleiks er birt sem fylgiskjal (nr. 6) sýnishorn af bréfi nefndarinnar til sendiráðsins í Kaupmannahöfn. Umbeðnar upplýsingar hafa verið að berast allt til þessa. Upplýsingar vantar enn frá Finnlandi og Japan. Í sérstakri töflu í kafla V er yfirlit um tollun veiðarfæra í áðurgreindum löndum. Í VI. kafla skýrslunnar er leitazt við að svara þeirri spurningu, hvort breytingar á kjörum veiðarfæraiðnaðarins séu æskilegar. Í þessu sambandi ákvað nefndin að skrifa fimmtán af þekktustu innflytjendum veiðarfæra hér á landi til að leita álits þessara aðila á því, hvort gera bæri ráðstafanir til eflingar íslenzkum veiðarfæraiðnaði. Fskj. nr. 7 með skýrslu þessari er samrit af nefndu bréfi. Einungis tveir þessara innflytjenda svöruðu bréfi nefndarinnar, O. Johnson & Kaaber h.f. og Netagerð Jóhanns Klausen á Eskifirði. Samrit af svörum þessara aðila er að finna í fskj. nr. 8 og 9.

Þá leitaði nefndin einnig skriflegs álits Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem nefndin taldi nauðsynlegt, að þessir aðilar fengju tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, og er að finna samrit af svörum þessara samtaka í fskj. nr. 10 og 11.

Loks skrifaði nefndin Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík í sama skyni, en svar hefur ekki borizt.

Í kafla VII er að lokum tekin fyrir sú spurning, hvort æskilegt sé að stefna að stórfelldri aukningu veiðarfæraiðnaðarins í landinu.

Auk þess sem nefndin hefur leitazt við að setja fram sameiginlegar tillögur í VI og VII kafla skýrslu þessarar til úrbóta í vandamálum veiðarfæraiðnaðarins, hefur henni þótt ástæða til að kanna nokkuð ítarlega þróun þessa iðnaðar og starfsskilyrði á liðnum árum. Af þessari ástæðu er skýrslan mun lengri en ella, en

nefndin væntir þess, að hún geti orðið til nokkurs fróðleiks þeim, sem vilja öðlast yfirlit yfir sögu og afkomuhorfur íslenzks veiðarfæraiðnaðar nú.

Nefndin vill leyfa sér að þakka öllum þeim aðilum, sem látið hafa henni í té upplýsingar og á annan hátt sýnt áhuga og skilning á starfi hennar.

II. kafli.
ÞRÓUN OG VANDAMÁL

Fimm fyrirtæki.

Eins og áður er komið fram, fjallar þessi skýrsla fyrst og fremst um þann þátt veiðarfæraiðnaðar, sem fólginn er í vélrænni framleiðslu veiðarfæra úr vefjarefnum.

Fyrstu viðleitni af þessu tagi verður að telja kaðla- og færagerð, á vegum „innréttinga" Skúla Magnússonar, hins merka brautryðjanda iðnaðar í þessu landi. Enda þótt sú viðleitni sé frá talin, er augljóst, að miðað við þróun verksmiðjuiðnaðar í landinu yfirleitt, hefur áhugi vaknað tiltölulega snemma á vélrænni veiðarfæraframleiðslu. Þetta sýnir m. a. brautryðjandastarf Sigurjóns Péturssonar á Álafossi, sem fyrstur varð til þess að flytja netahnýtingarvél inn í landið og starfrækja á árunum 1927 til 1938. Á árunum milli 1930 og 1940 rísa síðan upp Veiðarfæragerð Íslands árið 1933, Hampiðjan h.f. árið 1934 og Netagerð Vestmannaeyja h.f. 1936. Er þá aðeins ótalið eitt fyrirtæki, Björn Benediktsson h.f., sem hóf netaframleiðslu með vélum árið 1950. Í heild hafa þessi fyrirtæki framleitt flestar tegundir veiðarfæra, úr vefjarefnum, sem landsmenn hafa notað.

Nú starfar einungis eitt þessara fyrirtækja, Hampiðjan h.f. Það fer vart milli mála, að eitthvert óheillavænlegt orsakasamband hefur orðið þessari grein verksmiðjuiðnaðarins að fótakefli. Mun verða vikið nánar að því síðar.

Tildrög veiðarfæraframleiðslu.

Þegar horft er til baka, virðist framkvæmdavilji þeirra manna, sem upptök áttu að því að koma veiðarfæraiðnaði á fót, auðskilinn. Landsmenn höfðu um langan aldur búið til veiðarfæri sín sjálfir, að meira eða minna leyti, jafnan í heimahúsum. Eftir að hér var farið að nota nætur og botnvörpur, áttu ýmsir þess kost að kynnast framleiðsluháttum nágrannaþjóðanna og töldu sér ekkert að vanbúnaði að leggja út á sömu braut vélrænnar framleiðslu.

Að því er bezt varð séð, áttu Íslendingar að geta skapað sér alveg hliðstæð skilyrði til veiðarfæraframleiðslu og nágrannaþjóðirnar, sem hingað seldu þessa vöru. Kom á daginn, að þetta reyndist svo.

Margir útvegsmenn voru áhugasamir um að koma veiðarfæraframleiðslu á fót í landinu. Hvergi mun þetta hafa komið jafnskýrt í ljós og í Vestmannaeyjum, þar sem flestir starfandi útvegsmenn eða 54 talsins stóðu að því að koma Netagerð Vestmannaeyja h.f. á fót. Einnig má geta þess, að flestir stofnendur Hampiðjunnar h.f. voru starfandi togaraskipstjórar. Af þessu má sjá, að útgerðarmenn og skipstjórar hafa átt drjúgan hlut að máli í því að koma íslenzkri veiðarfæragerð á fót.

Stundum hafði „snærisleysi" háð fiskveiðum landsmanna fyrr á öldum og hættuástand, sem því jafngilti, skapaðist enn á ný í báðum heimsstyrjöldunum. Ekki verður dregið í efa, að áhugi þeirra, sem stóðu að stofnun veiðarfæragerðanna hafi að nokkru leyti mótazt af því að auka rekstraröryggi útgerðarinnar gagnvart þessari hættu. Fyrir réttmæti þessa viðhorfs fékkst áþreifanleg sönnun á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Miðað við þáverandi aðstæður verður ekki annað séð, en að algert neyðarástand hefði skapazt, ef ekki hefði notið við hinna þriggja veiðarfæragerða, sem þá voru starfræktar allan sólarhringinn. (Sjá kaflann „Starfið á stríðsárunum", afmælisrit Hampiðjunnar h.f. 25 ára, fskj. nr. 2).

Atriði, sem mun hafa verið þungt á metunum í augum áhugamanna um ísl. veiðarfæragerð og þá fyrst og fremst skipstjóra, var að framleiðsla veiðarfæra í land-

inu sjálfu mundi veita þeim aukið ráðrúm til að fá veiðarfærin gerð eftir eigin höfði, þörfum og aðstæðum.

Þess var vissulega að vænta, að veiðarfæragerð ætti að geta orðið arðbær framleiðslugrein í landinu og það til frambúðar. Fáar iðnaðarvörur áttu stærri eða örar vaxandi markað í landinu og virtist því hér um að ræða valið tækifæri til aukinnar fjölbreytni í hinu fábreytta atvinnulífi landsmanna.

Þessi viðhorf, sem blöstu við forgöngumönnum ísl. veiðarfæragerðar og hér hefur verið lýst í stuttu máli, má telja, að hafi verið eðlileg og rökrétt. Allt að einu reyndust þær veiðarfæraverksmiðjur, sem stofnaðar voru, ekki eiga fyrir sér að starfa til lengdar, nema ef vera skyldi Hampiðjan h.f., sem ein hefur náð að starfa lengur en þrjá áratugi.

Hér á eftir fer stutt lýsing á þeim innlendu fyrirtækjum, sem fengizt hafa við vélræna veiðarfæraframleiðslu úr vefjarefnum hér á landi síðastliðin 40 ár eða svo.

Þorskanetaframleiðsla að Álafossi.

Þótt hér hafi verið um að ræða framleiðslu í smáum stíl, verður að telja Sigurjón Pétursson brautryðjanda í vélrænni netaframleiðslu hér á landi. Vélakosturinn var ein netahnýtingarvél (250 skyttur), sem í voru framleidd þorskanet á árabilinu 1927—1938. Framleiðslan fór fram að Álafossi í Mosfellssveit í svokölluðum „Netaskúr", sem var 8 × 19 m að flatarmáli. Árið 1938 seldi Sigurjón vél þessa Netagerð Vestmannaeyja h.f. og hætti þar með starfseminni. Upplýsingar um framleiðslumagn og rekstur að öðru leyti eru ekki fyrir hendi.

Veiðarfæragerð Íslands.

Stofnandi Veiðarfæragerðar Íslands var Skúli Pálsson, og tók fyrirtækið til starfa árið 1933, eins og áður segir. Árið eftir seldi Skúli þeim Sigurði B. Sigurðssyni, Haraldi Á. Sigurðssyni og Pétri Jóhannssyni fyrirtækið. Ráku þeir það í sameignarfélagsformi meðan það starfaði.

Upphaflega var starfsemin til húsa í bakhúsi að Laugavegi 42 í Reykjavík. Árið 1938 var reist hús yfir starfsemina að Einholti 6 í Reykjavík, sem var að gólffleti 352 m², einlyft steinsteypuhús. Var vélakostur fyrirtækisins þá jafnframt aukinn.

Aðalframleiðsluvörur Veiðarfæragerðarinnar voru fiskilínur, sem framleiddar voru úr ítölskum hampi allt fram að byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar, en eftir það úr sísal, sem keyptur var að í spunnu formi lengst af erlendis frá nema á stríðsárunum, er Hampiðjan h.f. annaðist spunann. Þau ár starfaði verksmiðjan allan sólarhringinn á sama hátt og Hampiðjan h.f. Mest mun framleiðslan á fiskilínum hafa orðið 12 þús. tylftir á ári, eða sem svarað til, að unnið væri úr u. þ. b. 450 tonnum. Auk framleiðslu á fiskilínum sneri Veiðarfæragerðin einnig tauma, og komst sú framleiðsla hæst upp í um 29 millj. stykkja á ári u. þ. b. er stríðinu lauk. Til taumagerðarinnar var notaður ítalskur hampur að undanteknum stríðsárunum, en þá voru þeir gerðir úr baðmullarþræði, sem fluttur var inn frá Bandaríkjum N.-Ameríku.

Línuvélar verksmiðjunnar voru sex, þar af tvær sjálfvirkar. Var unnt að framleiða allt frá ½ punds til 8 punda línu. Taumavélar voru tvær.

Fyrirtækið hætti störfum í árslok 1958. Voru línuvélarnar þá seldar Landssambandi ísl. útvegsmanna, en Netagerðin Höfðavík, sem keypti taumavélarnar, starfrækti þær til ársins 1964 og framleiddi í þeim nælontauma. Það ár var önnur vélin seld til Færeyja, en Hampiðjan h.f. keypti hina taumavélina á þessu ári. Hús Veiðarfæragerðarinnar var selt 1960.

Starfslið fyrirtækisins var alls um 25—30 manns, þegar flest var, sem starfaði í þrískiptum vöktum. Karlmenn voru í meiri hluta.

Á árunum 1946—1947 er innflutningur hófst í stórum stíl á tilbúnum veiðarfærum eftir styrjöldina, fór að gæta samdráttar í starfsemi fyrirtækisins, sem leiddi til þess að rúmum 10 árum síðar var ákveðið að hætta henni með öllu. Töldu forráða-

menn Veiðarfæragerðarinnar hana ekki geta keppt við erlenda keppinauta í verði, enda þótt gæði vörunnar væru fyllilega samkeppnishæf.

Miðað við þau starfsskilyrði, sem veiðarfæraiðnaðinum hafa verið búin, töldu eigendur sér ekki fært að halda starfseminni áfram, enda þótt til greina hefði komið að auka og endurnýja vélakost og efla starfsemina við hagstæðari kringumstæður.

Hampiðjan h.f.

Hampiðjan h.f. var stofnuð 5. apríl 1934, og var aðalhvatamaður að stofnun hennar Guðmundur S. Guðmundsson, vélstjóri, en hann hafði áður kynnt sér slíka iðju erlendis. Í fylgiriti með þessari skýrslu nr. 2 er að finna samrit af riti, sem gefið var út í tilefni af 25 ára afmæli fyrirtækisins og vísast til þess varðandi upplýsingar um sögu þess.

Þetta fyrirtæki, sem er hið einasta starfandi í vélrænni veiðarfæraframleiðslu úr vefjarefnum hér á landi í dag, á sér lærdómsríka sögu, eins og sjá má af áðurnefndu afmælisriti. Eftirtektarverður kafli í sögu þess er starfið á stríðsárunum, sem áður er vikið að, þegar unnið var í verksmiðjunni allan sólarhringinn í nær fjögur ár. Er vandséð, hvernig sjávarútvegi Íslendinga og þar með þjóðarbúskapnum hefði reitt af á þessum árum, ef þetta fyrirtæki hefði ekki verið til.

Hér á eftir er að finna upplýsingar um framleiðslu, hráefni, vélakost, húsakost, starfsmannahald o. fl. skv. skriflegri greinargerð við fyrirspurn nefndarinnar.

Tegundir og magn framleiðsluvara:

	1956 tonn	1957 tonn	1958 tonn	1959 tonn
Vörpugarn úr manilla	238	317	380	410
Bindigarn úr sísal	20	34	28	51
Fiskilínur o. fl.	6	8	9	76
Kaðlar frá 1½"				23
	264	359	417	560

	1960 tonn	1961 tonn	1962 tonn	1963 tonn	1964 tonn
Vörpugarn úr manilla	457	286	150	268	157
Bindigarn úr sísal	61	116	114	118	73
Fiskilínur 3—9 mm úr sísal	130	187	188	176	107
Kaðlar úr sísal 1½" og upp	30	265	229	213	205
Kaðlar úr manilla 1½" og upp		60	45	73	68
Saumgarn úr hör		7	8	12	9
Netagarn o. fl. úr gerviþráðum			8	16	17
Kaðlar úr gerviþráðum				12	20
	678	921	742	888	656

Hráefni:

Manillahampur er keyptur frá Filippseyjum, en sísalhampur frá A.-Afríku, aðallega Tanganyíku og Kenya. Lítils háttar rýrnun er á hampinum við vinnslu eða allt að 5%. Gerviefni, svo sem Nylon, Terelyne, Polyethylen og Polypropylene hafa verið keypt frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Japan og V.-Þýzkalandi. Má segja að framleiðsla úr umræddum efnum sé hér á tilraunastigi fyrir grófari net og kaðla, en hin eðlisléttu plastefni virðast ætla að verða mjög vinsæl.

Vélakostur:

A. 4 kembivélar fyrir grófan hamp (Manillą og Sísal), 2 vélar frá árinu 1935 og 2 frá 1958.

B. 4 spunavélar, 1 frá 1935, 1 frá 1940, 1 frá 1957 og 1 frá 1959.
C. 1 20 spindla lagningsvél („twister") frá 1962, 5 minni lagningsvélar frá 1960—1964, 6 tvinnarasamstæður með tveimur spindlum hver („cablers") frá 1935—1940, 1 tvinningarvél með 6 spindlum fyrir netagarn, 2 lóðskurðarvélar (3 hausa) frá 1935 og 1957, 7 hnotu- og uppvindingarvélar af ýmsum stærðum og árgöngum.
D. 2 línu-lagningsvélar fyrir 4—9 m/m línu. 1 kaðlalagningsvél ásamt 2 þátta-lagningsvélum fyrir 8—18 m/m kaðal. 1 kaðla-lagningsvél ásamt 2 þátta-lagningsvélum fyrir 14—24 m/m kaðla. 1 kaðla-lagningsvél ásamt 1 þátta-lagningsvél fyrir 18—40 m/m kaðal.
E. 6 fléttingarvélar („braidere") fyrir garn og línu.
F. 4 netahnýtingarvélar.

Húsakostur:

Fyrirtækið hefur leigulóð í Stakkholti 2—4. Lóðin er 2280 fermetrar og er við Stakkholt, Stórholt og Brautarholt. Verksmiðjuhúsin voru byggð sem hér segir:

Ár:		
1934	Verksmiðja 1 hæð við Stakkholt	450 ferm.
1939	Húsið hækkað og stækkað	610 —
1941	Byggð tvílyft álma við austurmörk	560 —
1946	Byggð ein hæð við Brautarholt	602 —
1957	Hækkað um tvær hæðir við Brautarholt	1080 —
1958	Þakhæð við Brautarholt	400 —
1962	Tvær hæðir, sem tengja saman byggingu við Brautarholt og Stakkholt	298 —
	Samtals	4000 ferm.

Auk framantaldrar byggingar hefur fyrirtækið litun og geymslu í bráðabirgða-bílskúrum og leiguhúsnæði 280 ferm. í Mjölnisholti 14.

Starfsmannahald:

	Fagl.	Ófagl.	Karlar	Konur	Alls
Ársbyrjun 1964	3	76	63	16	79
Ársbyrjun 1965	2	53	42	13	55

Ath.: Verkstjórar eru meðtaldir.

Um starfsskilyrði og samkeppnisaðstöðu segir svo í greinargerðinni:

„Um markaðsmál er það að segja, að mótsett við flestar aðrar iðnaðarvörur er hér stór markaður fyrir veiðarfæri, en það hefur ekki verið áhugi hjá stjórnarvöldum til þess að hagnýta hann fyrir innlendan iðnað. Erlendir veiðarfæraframleiðendur á heimsmælikvarða hafa reynslu fyrir því, að það er ódýrt að kæfa í fæðingunni hverja tilraun til framfara í innlendum veiðarfæraiðnaði.

Sannanir fyrir því, að verksmiðjusambönd tveggja eða fleiri þjóða vilja leggja í nokkurn kostnað, og fá jafnvel ríkisstyrk, til að halda innlendri starfsemi hér utan við þróunina, liggja skjallega fyrir í stjórnarráðinu. Með óbreyttri stefnu er öruggt að meginhluti veiðarfæranna fyrir íslenzkar fiskveiðar verður framleiddur erlendis."

Netagerð Vestmannaeyja h.f.

Hlutafélagið var stofnað 29. sept. 1936, og stóðu að því flestir starfandi útvegsmenn í bænum eða 54 talsins. Hugmyndina um stofnun verksmiðju til að framleiða þorskanet í Eyjum hafði verið til umræðu í Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja nokkru áður og þar samþykkt, að stjórn félagins tæki að sér forsjá málsins

og leitaði eftir hlutafé meðal útvegsmanna. Eftir að almenn notkun þorskaneta hófst á árunum 1916—1919 var að sjálfsögðu vonlaust að ætla að handhnýta þessi veiðarfæri og voru þorskanetaslöngur því keyptar að mestu leyti frá Bretlandi og Noregi um nálega tvo áratugi. Þessi skipan þótti ekki hagkvæm né til frambúðar og leiddi það til þess, að útgerðarmenn ákváðu að koma upp eigin netagerð. Hinn 3. nóvember 1936 tók verksmiðjan til starfa með tveimur notuðum netahnýtingarvélum frá Þýzkalandi. Árið 1938 keypti félagið eins og áður er minnzt á netahnýtingarvél Sigurjóns Péturssonar á Álafossi, en árið 1946 til 1947 byggir félagið verksmiðjuhús yfir starfsemina og kaupir þá jafnframt tvær nýjar netahnýtingarvélar frá Bretlandi.

Eins og áður hefur komið fram voru þorskanetaslöngur jafnan aðalframleiðsla Netagerðarinnar, en einnig var framleitt nokkuð af öðrum netaveiðarfærum og öngultaumum.

Allt fram til ársins 1954 var hampgarn aðalefni til þorskaneta, enda þótt baðmullargarn kæmi nokkuð við sögu á styrjaldarárunum. Eftir 1954 átti sér stað sú breyting, að þorskanetaslöngur voru eingöngu framleiddar úr nælon og reyndist verksmiðjunni um megn að taka þátt í þeirri þróun á samkeppnisgrundvelli, enda leiddi þetta til þess, að félagið varð að hætta störfum. Voru eignir félagsins, verksmiðjuhús og vélar seldar á nauðungaruppboði samkvæmt kröfu Útvegsbankans í Vestmannaeyjum.

Í verksmiðjunni unnu mest 15—16 stúlkur auk verkstjóra. Allt var þetta ófaglært fólk, nema verkstjóri með vélstjóraréttindi.

Tildrög þess, að félagið hætti störfum fyrir fullt og allt fyrir nokkrum árum, eru rakin nánar í fylgiriti nr. 3, en þar er að finna margþáttaðar upplýsingar aðrar um þróun og starfsemi þessa fyrirtækis. Er fylgiritið samrit af svari hlutafélagsins við fyrirspurn Veiðarfæraiðnaðarnefndar.

Að lokum má geta þess, að þótt félagið hafi hætt störfum hefur það ekki orðið gjaldþrota.

Björn Benediktsson h.f., netaverksmiðja.

Í fylgiriti nr. 4 er að finna greinargerð um starfsemi netaverksmiðjunnar Björn Benediktsson h.f. Verður drepið hér á nokkur helztu atriðin í útdráttsformi. Netaverksmiðja þessi var sett á stofn með það fyrir augum fyrst og fremst að framleiða netaveiðarfæri og þá einkum fyrir síld. Í rauninni var hér um að ræða nýjan þátt í starfsemi eldra fyrirtækis, sem Björn Benediktsson hafði sett á fót 1933 og annaðist allt fram til ársins 1949 uppsetningu, viðhald og geymslu hvers konar veiðarfæra fyrir bátaflotann, en þó fyrst og fremst síldarnóta og rekneta. Áður en að til þess kæmi, að vélræn framleiðsla neta gæti hafizt, brann netagerðin til kaldra kola í maí 1949 og gerbreyttist þar með hinn væntanlegi starfsgrundvöllur hinnar fyrirhuguðu netaverksmiðju, sem átti öðru fremur að framleiða net fyrir netagerðina. Hún hóf starfsemi sína vorið 1950 og starfaði allt fram til ársins 1963 er ákveðið var að hætta rekstri fyrirtækisins af ástæðum, sem síðar verður vikið að.

Í hnýtingarvélum verksmiðjunnar var unnt að framleiða síldarnet, síldarnætur, þorskanet, ýsunet, loðnunætur, silunganet, laxanet, dragnætur, kolanet, hrognkelsanet, selanet o. fl. í möskvastærðum allt frá 9—160 mm úr hvers konar garni, svo sem baðmull, hampi, hör og nælon.

Mest var framleitt á ári úr 30—35 tonnum garns, en að samsetningu var framleiðslan mjög breytileg frá ári til árs. Að jafnaði var framleitt mest af þorskanetaslöngum, snurpunótaefni og reknetaslöngum.

Fyrirtækið starfaði í þremur deildum, véladeild, uppsetningadeild og litunardeild. Var framleiðslan seld á ýmsum vinnslustigum allt frá neti eins og það kom úr vélunum til fullgerðra veiðarfæra.

Í byrjun var baðmullar- og hampgarn eingöngu notað til framleiðslunnar, en upp úr 1950 varð sú breyting, að nælongarn kom í stað hampgarns til þorskaneta-

framleiðslu og voru fyrstu nælonþorskanetin sett á markað 1952. Nokkrum árum síðar eða 1956 var fyrsta nælonsíldarnótaslangan framleidd og leiddi það fljótlega til þess að hætt var að nota baðmullargarn til þeirra veiðarfæra.

Þar sem garn úr gerviefnum reyndist miklu dýrara en baðmullar- og hampgarn, krafðist framleiðslan mun meira rekstrarfjár en áður og olli þetta fyrirtækinu miklum erfiðleikum.

Eins og reynd varð á hjá netaverksmiðjum víða um lönd reyndist það nokkrum erfiðleikum bundið að komast yfir tæknilega örðugleika, er fylgdu því að framleiða net úr gerviefnum. Höfuðvandamálið var fólgið í haldgóðri festingu hnúta. Þetta vandamál tókst að leysa að miklu leyti, en hefði verksmiðjan átt að starfa áfram hefði verið óhjákvæmilegt að festa verulegt fjármagn í tækjum til hnútafestingar.

Netahnýtingarvélar verksmiðjunnar voru fimm að tölu, allar keyptar beint frá framleiðendum í Frakklandi. Vélbúnaður að öðru leyti var fólginn í spólu- og strekkingarvélum, rannsóknartækjum fyrir garn, bikunarvélum o. fl. Þegar þetta er ritað hafa netahnýtingarvélarnar ýmist verið rifnar eða fluttar úr landi.

Verksmiðjubygging hlutafélagsins stendur við Holtsgötu og Ánanaust í Reykjavík. Er það tvílyft steinsteypuhús að grunnfleti 650 m². Um þessar mundir er húsnæðið leigt út.

Starfsfólk netaverksmiðjunnar var að jafnaði 10—15 manns.

Eins og áður er komið fram, gerbreyttust væntanleg starfsskilyrði fyrirtækisins til hins verra, er netagerðin sem áður getur, brann í þann mund, er hefja skyldi vélræna framleiðslu. Sölumöguleikar, sem áður höfðu mátt teljast tiltölulega tryggir, og þar með nýting þeirra fjármuna, sem lagðir höfðu verið í aukningu fyrirtækisins, urðu í einu vetfangi ótryggir og aðstæður allar hinar erfiðustu.

Í greinargerð fyrirtækisins, sem áður er vísað í, er gerð nokkur grein fyrir tollamálum og áhrifum þeirra á hag starfseminnar, sömuleiðis fjármálum og verður ekki gerð sérstök grein fyrir þeim í þessum útdrætti.

Meginástæðuna fyrir erfiðleikum verksmiðjunnar, sem leiddu til þess, að starfseminni var hætt, telja forráðamenn hennar harðvítuga samkeppni af hálfu japanskra framleiðenda. Hefur japönskum framleiðendum á fáum árum tekizt að ná undirtökum hér á landi á veiðarfæramarkaðinum að botnvörpum frátöldum, en að sjálfsögðu á kostnað evrópskra framleiðenda og innlendra.

Þegar kom fram á þennan áratug á árunum 1962—1963 varð fyrirtækið að gera þá spurningu upp við sig, hvort spyrna skyldi við fótum, stórauka og fullkomna vélakostinn með tilsvarandi aðgerðum og fjárfestingu, eða leggja árar í bát.

Síðari kosturinn varð fyrir valinu og er skýring þess eins og fram kemur í áðurnefndri greinargerð þessi:

„Eftir margra ára reynslu af öryggisleysi gagnvart hemjulausum innflutningi neta, hversu sem áraði hér á landi í gjaldeyrismálum eða á öðrum sviðum efnahagslífsins, sýnilegu áhugaleysi flestra forystumanna útgerðarmanna og stjórnarvalda um aðstöðu og afdrif veiðarfæraiðnaðarins og án nokkrar vonar um að á þessu yrði breyting, kom ofangreind ákvörðun af sjálfu sér.

Nægir í þessu sambandi að benda á, að við hliðstæð skilyrði, sem veiðarfæraiðnaðinum hafa verið búin yfir langt árabil, væru ýmsar atvinnugreinar hér á landi illa staddar nú. Án framleiðslustyrkja, útflutningsuppbóta, niðurgreiðslna eða verulegrar tollverndar hefði fjöldi framleiðslugreina í þessu landi ekki getað komizt af. Í raun réttri hafa sömu lögmál gilt um veiðarfæraiðnaðinn og útflutningsiðnað landsmanna. Munurinn er aðeins sá, að hann hefur aldrei notið neins konar fríðinda af þessu tagi, hversu fjarri sem skráning ísl. krónu hefur verið réttu lagi.“

Vandamál.

Hér á undan hefur verið lýst nokkuð þróun veiðarfæraiðnaðar á Íslandi. Eins og af þessari lýsingu sést, hafa frá árinu 1927 að telja komizt á fót fimm veiðar-

færaverksmiðjur í vefjariðnaði. Hafa þær til samans framleitt flestar tegundir vefjarveiðarfæra, en auk þess hafa aðrar verksmiðjur framleitt flot á net og nætur, öngla o. fl.

Sú staðreynd, að einungis ein þessara fimm verksmiðja er starfandi í dag og að jafnvel starfsgrundvöllur hennar er í augljósri hættu, bendir til þess, að einhver meiri háttar vandamál hafi orðið á vegi þessara fyrirtækja. Ber þá að hafa í huga jafnframt, að á sama tíma og þetta hefur skeð, hefur veiðarfæranotkun verið að aukast jafnt og þétt með aukningu fiskiskipastólsins og að verulegur vöxtur hefur átt sér stað í flestum greinum þjóðarbúskaparins.

Í köflunum hér á eftir verða ýmis þessara vandamála tekin til meðferðar, en hér er ætlunin í yfirlitsskyni að drepa í stórum dráttum á nokkur þau helztu.

Svo er að sjá, að á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina, en fjögur fyrirtækjanna höfðu verið stofnuð á árabilinu 1927—1938, hafi starfsgrundvöllur veiðarfæraiðnaðarins verið í góðu lagi. Eftir að heimskreppunnar fór að gæta eftir 1930 voru landsmenn áhugasamir um eflingu iðnaðar og eru ýmis dæmi til um aðgerðir stjórnarvalda til að stuðla að vexti hans. Án þess að veiðarfæraiðnaðurinn nyti nokkurra vildarkjara á þessum árum frekar en endranær, óx hann og dafnaði á jafnréttisgrundvelli við aðrar atvinnugreinar í landinu, en fullyrða má að áhugi útvegs- og sjómanna um að koma honum á fót og styðja hann hafi ráðið miklu um gengi hans.

Styrjaldarárin eru sérstakur kafli í sögu veiðarfæraiðnaðarins, eins og áður er fram komið.

Á þeim árum blandaðist engum hugur um, að íslenzkur veiðarfæraiðnaður væri þjóðarnauðsyn. Var framleiðslunni þá hagað í samræmi við óskir stjórnarvaldanna og störfuðu verksmiðjurnar þá allan sólarhringinn.

Er eðlileg viðskipti komust aftur á við Evrópulöndin að stríðinu loknu sköpuðust breytt viðhorf. Með leyfi innflutningsyfirvalda hófst nú innflutningur þessarar nauðsynlegu rekstrarvöru útgerðarinnar í stórum stíl og kepptust erlendir veiðarfæraframleiðendur um að komast inn á þennan opna og tiltölulega stóra markað. Hér var um ábatasama innflutningsverzlun að ræða og unnu því innflytjendur með atorku að baráttunni um markaðinn. Hefur svo verið jafnan síðan, hversu sem ástatt hefur verið í gjaldeyris- og innflutningsmálum, að innflutningur veiðarfæra hefur jafnan verið ótakmarkaður, a. m. k. í framkvæmd.

Þrátt fyrir þetta eru líkur til að veiðarfæraiðnaðurinn hefði haldið velli, ef ekki hefði fleira fylgt í kjölfarið.

Eins og alkunna er hefur skráð gengi ísl. krónunnar tíðum verið fjarri réttu lagi eftir styrjöldina. Ráðstafanir hafa þá verið gerðar hvað eftir annað í því skyni að bæta hefðbundnum útflutningsatvinnuvegum mismuninn með svokölluðum styrkjum, uppbótum o. þ. h. Að þessu verður vikið nánar síðar, en hér er að finna eina af veigameiri ástæðum til ófarnaðar þessa iðnaðar. Ástæða er til að minnast þess einnig, að veiðarfæraiðnaðurinn hefur um langt árabil verið svo til óverndaður samanborið við annan iðnað í landinu og hefur hann því orðið *að heyja baráttu fyrir tilveru sinni á óraunhæfum frjálsum samkeppnisgrundvelli við jafnvægisleysi í viðskipta- og efnahagsmálum.*

Ofangreindar aðstæður, sem mótazt hafa af almennri þróun efnahagsmála yfir um 20 ára bil og stefnunni í viðskipta-, gjaldeyris-, tolla- og iðnaðarmálum á hverjum tíma, hafa þannig haft örlagarík áhrif á hag veiðarfæraiðnaðarins.

Það öryggisleysi, sem fylgt hefur þessu ástandi hefur smám saman dregið þróttinn úr þeim fyrirtækjum, sem átt hafa í hlut og jafnframt varnað því að sömu aðilar eða aðrir nýir treystust til að hrinda í framkvæmd eflingu eða aukningu þessa iðnaðar.

Í því efni hefði verið ærin verkefni að vinna. Á árabilinu frá 1952—1964 hafa gerviefni smám saman verið að útrýma náttúrulegum efnum í velflestum veiðarfærum, samfara því sem vélakostur hefur sumpart orðið úreltur og þörf hefur skapazt fyrir nýjan og áður óþekktan hér á landi.

III. kafli.
ÍSLENZKUR VEIÐARFÆRAMARKAÐUR

Í þessum kafla er gerð grein fyrir íslenzkum veiðarfæramarkaði að því leyti, sem það hefur reynzt unnt miðað við þær upplýsingar, sem fáanlegar hafa verið. Aðalheimild nefndarinnar um innflutning veiðarfæra hafa verið Verzlunarskýrslur, sem Hagstofa Íslands gefur út. Þær gefa þó í ýmsum tilvikum ekki nægilega góðar upplýsingar vegna þess, að þær eru miðaðar við tollnúmer, sem hafa breytzt nokkrum sinnum á undanförnum árum og saman eru í tollnúmeri ýmis veiðarfæri, sem æskilegt hefði verið að sundurliða. Rétt er að geta þess, að nákvæmar tölur um framleiðslu innlendra veiðarfæragerða eru einungis fyrir hendi frá Hampiðjunni h.f. Vísast til upplýsinga þess fyrirtækis í öðrum kafla skýrslunnar.

Kaflinn skiptist í eftirtalda hluta:

1. Yfirlit yfir innflutning veiðarfæra og efni til þeirra árin 1951—1964.
2. Yfirlit yfir innflutning veiðarfæra og efni til þeirra eftir viðskiptalöndum, árin 1963 og 1964.
3. Sundurliðun á tollnúmerum 59.04.01, 59.04.02 og 59.05.01 árið 1964.
4. Ályktanir um innflutning veiðarfæra og þróun veiðarfæramarkaðsins.
5. Sala og dreifing veiðarfæra.

Yfirlit yfir innflutning veiðarfæra og efni til þeirra árin 1951—1964.

Tafla I sýnir þennan innflutning. Taflan er byggð á Verzlunarskýrslum Hagstofunnar. Allar þyngdartölur í töflunni til 30. apríl 1963 eru brúttó, en eftir það eru þyngdartölurnar nettó. Verðmæti miðast við c.i.f. verð.

Verðmæti innflutnings hefur verið reiknað öll árin miðað við núverandi gengi krónunnar. Verðmætistölur innflutnings frá 1951—1959 voru margfaldaðar með 263, en ársins 1960 með 113. Margfeldistölur þessar fékk nefndin hjá Hagstofu Íslands.

Athygli skal vakin á því, að talsverður innflutningur hefur átt sér stað á veiðarfærum erlendis frá með fiskiskipum og er sá innflutningur ekki talinn með í Verzlunarskýrslum og liggja engar upplýsingar fyrir um hann.

Tafla I.

Yfirlit yfir innflutning veiðarfæra og efni til þeirra árin 1951—1964.

	1964		1963		1962		1961		1960		1959		1958	
	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.
39.07.31 Netjakúlur og nótaflotholt úr plasti (839 – 11 – 39A)	84.7	5.660	37.6	3.052	31.4	3.231	37.7	4.389	46.4	5.259	42.8	5.052	32.3	4.607
51.01.11 og 51.02.11 Garn úr syntetiskum endalausum tilbúnum trefjum og eingirni úr syntetiskum trefjum, hvoruttveggja til veiðarfæragerðar (655 – 0.6, 46 B/5)	49.3	5.274	60.1	3.491	18.7	2.139	21.2	2.785	23.1	3.060	24.4	3.077	19.2	2.719
57.02.00 Manilahampur (265 – 05, 49/2)	217.5	4.685	284.6	5.699	168.8	3.643	307.4	6.695	634.0	18.689	379.2	9.502	285.8	6.057
57.04.10 Sisalhampur (265 – 04, 49 2C)	470.8	9.337	415.4	7.898	399.7	7.198	446.8	5.750	387.9	5.213	223.6	2.449	20.3	242
57.05.02 Netjagarn úr hampi (655 – 06, 49/8)	1.6	81	2.8	224	5.7	394	4.5	286	7.1	365	14.1	681	14.3	813
59.04.01 Færi og línur til fiskveiða (655 – 06, 50/2)	292.8	11.650	426.4	12.029	489.0	13.510	691.0	16.909	561.1	13.868	525.9	12.471	804.3	14.497
59.04.02 Kaðlar (655 – 06, 50/18)	632.9	30.045	563.3	21.510	626.6	19.603	754.9	18.650	1011.3	27.942	1006.2	24.514	1204.0	25.436
59.04.03 Öngultaumar (655 – 06, 50/13)	17.0	3.591	35.2	6.336	55.3	8.865	62.5	8.012	52.3	6.456	29.3	5.100	33.5	3.648
59.05.01 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum (655 – 06, 50/19)	788.1	145.746	626.9	121.153	511.8	103.921	508.3	102.789	573.5	123.510	470.7	101.408	330.3	78.829
59.05.02 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum (655 – 06, 50/19a)	7.2	1.332	25.4	2.770	8.5	962	40.6	5.240	67.1	8.046	91.1	8.942	158.4	13.389
70.21.01 Netjakúlur úr gleri (665 – 09, 60/15)	87.4	1.379	145.8	1.100	121.9	1.196	139.6	1.379	128.0	1.274	228.6	2.684	226.9	2.499
73.25.91 og 92 Vírkaðlar úr járni og stáli (669.03, 63/27)	836.2	12.885	806.7	13.802	594.4	10.775	582.5	12.350	966.3	17.268	842.9	15.504	842.8	10.935
73.40.41 Járn og stál veiðarfæraáhöld, hobbingar o. fl. (699.29 63/92)	67.6	1.650	60.3	1.313	43.6	1.148	93.6	1.920	137.3	2.971	241.6	4.931	227.7	4.076
74.19.01 Kopar veiðarfæraáhöld, snurpunótahringir o. fl. (699.29, 64/13)	80.3	2.113	21.0	1.311	18.7	1.200	7.9	537	13.2	921	6.4	442	23.7	1.112
97.07.01 Fiskönglar (699.29, 84/8)	97.6	2.040	72.1	4.296	110.9	6.583	114.2	6.488	87.8	4.949	106.3	5.983	105.9	5.702
	3356.6	235.995	3644.8	208.745	3364.9	194.366	3824.6	192.178	4638.4	237.536	4233.1	202.660	4135.4	184.201

	1957		1956		1955		1954		1953		1952		1951	
	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.
39.07.31 Netjakúlur og nótaflotholt úr plasti (839 – 11 – 39A)	16.2	2.554	4.2	665	1.4	137								
51.01.11 og 51.02.11 Garn úr syntetiskum endalausum tilbúnum trefjum og eingirni úr syntetiskum trefjum, hvoruttveggja til veiðarfæragerðar (655 – 0.6, 46 B/5)	22.9	3.316	20.2	3.356	14.4	3.240	10.9	3.322	2.9	789	0.0	1	0.4	100
57.02.00 Manilahampur (265 – 05, 49/2)	312.1	7.496	276.8	5.749	272.0	5.139	182.7	4.082	156.9	3.911	211.3	5.631	205.3	6.338
57.04.10 Sisalhampur (265 – 04, 49 2C)	25.7	234	41.9	439	23.6	297	51.4	597	15.5	184	30.3	489	50.2	1.444
57.05.02 Netjagarn úr hampi (655 – 06, 49/8)	17.3	831	30.1	1.202	31.7	1.070	54.2	2.120	99.4	3.726	60.4	4.202	49.8	3.119
59.04.01 Færi og línur til fiskveiða (655 – 06, 50/2)	512.1	10.986	748.6	15.985	568.0	12.098	571.3	11.709	440.5	10.533	163.4	5.744	132.9	5.358
59.04.02 Kaðlar (655 – 06, 50/18)	716.6	16.966	685.3	15.583	556.3	12.122	615.8	13.868	731.7	16.809	486.5	14.899	629.0	19.173
59.04.03 Öngultaumar (655 – 06, 50/13)	54.5	5.460	55.5	4.211	51.5	3.821	59.0	4.358	38.3	2.775	15.9	1.915	30.5	2.130
59.05.01 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum (655 – 06, 50/19)	146.9	40.578	97.0	31.105	68.1	20.479	50.9	22.176	8.4	3.364	5.1	642	18.1	1.923
59.05.02 Fiskinet og fiskinetaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum (655 – 06, 50/19a)	213.3	21.022	217.2	20.425	119.7	10.559	179.3	18.368	325.7	30.040	207.9	18.452	176.0	16.088
70.21.01 Netjakúlur úr gleri (665 – 09, 60/15)	125.5	1.013	37.5	384	45.7	439	117.6	1.068	244.6	2.225	102.2	1.020	45.3	376
73.25.01 og 02 Vírkaðlar úr járni og stáli (669.03, 63/27)	840.8	16.451	885.8	15.706	813.8	13.426	819.2	12.577	792.9	14.226	392.9	7.698	390.9	6.065
73.40.41 Járn og stál veiðarfæraáhöld, hobbingar o. fl. (699.29 63/92)	115.2	2.435	264.6	4.555	210.6	3.537	325.4	5.210	135.5	2.372	27.4	539	11.7	239
74.19.01 Kopar veiðarfæraáhöld, snurpunótahringir o. fl. (699.29, 64/13)	7.7	693	3.7	268	2.1	192	12.5	300	0.8	78	1.3	108	0.2	18
97.07.01 Fiskönglar (699.29, 84/8)	88.3	4.818	137.1	6.194	143.5	6.917	134.7	5.928	102.0	4.537	53.1	2.480	69.2	3.017
	2924.2	134.943	3503.5	125.827	2922.4	99.473	3181.7	105.083	3085.1	97.569	1762.3	63.120	1810.1	65.398

YFIRLIT YFIR INNFLUTNING VEIÐARFÆRA OG EFNI TIL ÞEIRRA EFTIR VIÐSKIPTALÖNDUM ÁRIN 1963 OG 1964.

Tafla II sýnir skiptingu innflutnings veiðarfæra og efnis til þeirra eftir viðskiptalöndum.

Taflan er miðuð við brúttó þyngd frá 1. janúar 1963 til 30. apríl 1963, en nettó þyngd frá 1. maí 1963 til 31. desember 1964. Verðmæti er miðað við söluverð varanna cif.

Tafla II.

	1964		1963	
	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.
39.07.31				
Netakúlur og nótaflotholt úr plasti	54.7	5 600	37.6	5 022
Danmörk	1.8	124	2.0	171
Noregur	45.0	4 718	35.6	4 850
Svíþjóð	0.1	14		
Bretland	5.3	386		
Vestur-Þýzkaland	0.0	5		
Japan	2.5	353		
Ítalía			0.0	1
51.01.11				
Garn úr syntetiskum endalausum tilbúnum trefjum til veiðarfærag.	9.4	1 022	45.0	2 260
Danmörk	0.0	6	1.8	173
Noregur	0.1	27	0.9	137
Bretland	3.9	379	12.8	719
Frakkland	0.6	79	2.6	328
Holland	0.2	39	0.1	6
Vestur-Þýzkaland	2.2	203	21.9	447
Japan	2.4	289	1.7	168
Bandaríkin			3.2	282
51.02.11				
Eingirni til veiðarfæragerðar úr syntetisku trefjaefni	33.8	2 251	15.1	1 231
Danmörk	3.4	238	2.0	144
Bretland	7.4	478	7.1	578
Vestur-Þýzkaland	19.5	1 301		
Japan	3.5	234	6.0	509
57.02.00				
Manillahampur	216.5	4 685	284.6	5 699
Danmörk	1.2	14	0.6	14
Bretland	31.5	742		
Filippseyjar	183.8	3 929	284.0	5 655
57.04.10				
Sísalhampur	470.8	9 337	415.4	7 898
Danmörk	1.0	18		
Bretland	0.1	10		
Vestur-Þýzkaland	0.2	43		
Kenya	94.2	1 674	127.7	1 944
Tanganyíka	375.3	7 592	287.7	5 954

	1964		1963	
	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.
57.05.02				
Netagarn úr hampi	1.6	81	2.8	224
Danmörk	0.6	28		
Noregur	0.8	37	0.7	73
Japan	0.1	16		
Ítalía			0.8	69
Sviss			1.1	64
Önnur lönd (2)			0.2	18
59.04.01				
Færi og línur til fiskveiða	282.8	11 650	428.4	12 620
Danmörk	198.1	6 464	289.2	6 868
Noregur	54.2	2 350	96.3	2 995
Bretland	15.9	1 191	13.7	1 341
Frakkland	0.5	70		
Holland	1.3	209		
Portúgal	0.3	29	14.1	280
Vestur-Þýzkaland	1.4	157	5.9	655
Japan	11.1	1 180	2.0	291
Svíþjóð			7.0	167
59.04.02				
Kaðlar	632.9	30 045	563.3	21 510
Danmörk	405.8	15 245	395.5	12 381
Noregur	87.5	5 645	87.0	4 306
Svíþjóð	0.2	19	5.2	125
Bretland	22.7	1 248	15.3	741
Holland	39.2	1.081	25.8	673
Pólland	0.7	24		
Portúgal	27.0	1 830		
Rúmenía	0.6	46		
Vestur-Þýzkaland	10.2	603	9.8	785
Japan	39.0	4 305	24.4	2 459
Ítalía			0.3	40
59.04.03				
Öngultaumar	17.6	3 591	35.2	6 336
Danmörk	9.6	1 974	14.1	2 541
Noregur	0.1	18	0.1	52
Bretland	0.0	2	0.1	38
Vestur-Þýzkaland	1.7	341	2.8	569
Japan	6.1	1.257	18.1	3.136
59.05.01				
Fiskinet og fisknetaslöngur úr gerviefnum	769.1	145 747	626.9	121.153
Danmörk	22.7	5 058	17.4	3 850
Noregur	101.2	19 394	103.5	21 191
Svíþjóð	1.2	169	0.4	35
Finnland	0.1	13		

	1964		1963	
	tonn	1000 kr.	tonn	1000 kr.
Bretland	60.4	12 702	61.8	12 840
Holland	72.2	15 868	54.8	12 745
Ítalía	0.1	16	27.9	5 721
Portúgal	19.0	2 856		
Austur-Þýzkaland	1.0	216		
Vestur-Þýzkaland	31.2	6 870	31.1	7 016
Japan	460.0	82 584	330.0	57 747
Önnur lönd (2)				8
59.05.02				
Fiskinet og fiskinetaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum	7.2	1 332	25.4	2 770
Danmörk	1.1	104	3.7	670
Noregur	1.4	279	0.3	52
Bretland	2.2	489	20.0	1 649
Portúgal	0.2	36		
Japan	2.3	425		
Holland			0.9	284
Ítalía			0.5	115
70.21.01				
Netakúlur úr gleri	87.4	1 376	144.8	1 100
Danmörk	12.8	176	132.5	977
Noregur	1.9	33		
Bretland	2.5	74		
Frakkland	57.9	942		
Holland	11.9	144	8.9	96
Pólland	0.5	7		
Austur-Þýzkaland			3.4	27
73.25.01				
Vírkaðlar að þvermáli 0.5 cm og grennri	3.8	109	29.8	590
Danmörk	0.9	26	9.5	176
Noregur	1.7	50	4.8	129
Bretland	1.0	28	12.9	237
Vestur-Þýzkaland	0.2	5	1.3	26
Bandaríkin			1.3	22
73.25.02				
Vírkaðlar meira en 0.5 cm að þvermáli	633.1	12 775	836.9	13 212
Danmörk	138.1	2 766	100.8	2 048
Noregur	160.1	3 122	307.9	3 253
Belgía	51.8	917	51.1	898
Bretland	250.3	5 249	282.9	5 196
Holland	2.2	40	30.9	583
Vestur-Þýzkaland	26.8	564	58.9	1 107
Bandaríkin	3.5	118	4.1	120
Svíþjóð			0.3	7

	1964 tonn	1964 1000 kr.	1963 tonn	1963 1000 kr.
73.40.41				
Járn og stál, veiðarfæralásar, bobbingar o. fl.	67.6	1 630	60.5	1 513
Danmörk	4.8	121	2.7	103
Noregur	27.2	578	23.0	469
Svíþjóð	1.5	49		
Belgía	0.0	1		
Bretland	27.0	605	24.3	607
Holland	3.3	84	3.2	67
Vestur-Þýzkaland	1.9	94	5.7	190
Bandaríkin	0.0	1	1.0	42
Japan	1.9	95		
Önnur lönd (2)			0.6	35
74.19.01				
Koparveiðarfæralásar, snurpunótahringir o. fl.	30.1	2 115	21.0	1.311
Noregur	30.1	2 114	21.0	1 296
Svíþjóð	0.0	1		
Önnur lönd (3)				15
97.07.01				
Fiskiönglar	37.5	2.646	72.1	4 296
Færeyjar	0.0	2		
Danmörk	0.9	64	3.0	188
Noregur	35.9	2 551	67.0	3.937
Svíþjóð		6		
Vestur-Þýzkaland	0.7	22		
Japan			2.1	160
Önnur lönd (2)				11

Yfirlitið er miðað við brúttó þyngd frá 1. janúar 1963 til 30. apríl 1963, en nettó þyngd frá 1. maí 1963 til 31. desember 1964. Verðmæti er miðað við söluverð varanna cif.

Sundurliðun á tollnúmerum 59.04.01, 59.04.02 og 59.05.01 árið 1964.

Nefndin taldi ástæðu til þess að afla sér vitneskju um, fram yfir það, sem fram kemur í Verzlunarskýrslum, hvað kaðlar og línur úr gerviefni væru stór hluti af innfluttum köðlum og línum á árinu 1964 og í öðru lagi, hvernig tollnúmerið 59.05.01 (fiskinet og fiskinetaslöngur úr gerviefnum) skiptist eftir tegundum veiðarfæra á árinu 1964.

Eftirfarandi niðurstöður og skýringar hefur nefndin fengið, frá Tollendurskoðuninni, sem svar við fyrirspurn nefndarinnar:

	Netto kg	C.I.F. kr.
Línur úr gerviefnum	24 232	2 873 742.00
Línur úr náttúrlegum efnum	228 402	6 401 917.00
Kaðlar úr gerviefnum	159 449	17 221 323.00
Kaðlar úr náttúrlegum efnum	506 893	14 035 684.00
Þorskanet	290 336	56 669 255.00
Síldarnótaefni (net)	347 750	68 452 672.00
Þorskanótaefni (net)	81 018	14 162 535.00
Önnur net	42 670	6 632 171.00

„Það skal tekið fram, að tölurnar eru ekki hárnákvæmar, þar sem erfitt var í sumum tilfellum, að sjá á tollskjölunum í hvaða tegundaflokk setja átti vöruna. Einnig er þess að geta, að í maí 1964 var með breytingum á tollskrárlögunum sett inn nýtt númer (59.04.05), en fram að þeim tíma féllu vörur þær, sem eftir breytinguna féllu undir hið nýja númer, í kafla 59.04.01, það er að segja línur úr gerviefnum. Sem dæmi má nefna, að mikið af garni til netagerðar fyrir Hampiðjuna h.f. er fyrri hluta ársins 1964 í tegundaflokkum línur úr gerviefnum. Loks skal á það bent, að sökum erfiðleika á nákvæmri tollflokkun utan Reykjavíkur má gera ráð fyrir einhverjum skekkjum, sérstaklega með tilliti til þess, að röng tollflokkun á vörum þessum hefur í fæstum tilfellum áhrif á tollupphæð, en vegna þess má gera ráð fyrir heldur meiri innflutningi en hér er talið."

Ályktanir um innflutning veiðarfæra og þróun veiðarfæramarkaðsins.

Með hliðsjón af framanrituðum yfirlitum vill nefndin skýra í stuttu máli þær breytingar sem átt hafa sér stað í innflutningi veiðarfæra síðustu ár og ræða nokkuð framtíðarhorfur í þessum efnum.

Netakúlur og nótaflotholt úr plasti og glerkúlur.

Innflutningur á nótaflotholtum úr plasti hófst árið 1955 og hefur síðan aukizt stöðugt. Aðalnotkun þeirra er á síldar- og þorskanætur, en á hverja síldarnót eru notuð frá 1000 til 1200 flotholt. Áður voru notuð flotholt úr korki og entust þau verr vegna þess, að þau þoldu minna hnjask. Auk þess eru þau mun þyngri en flotholt úr plasti.

Notkun á plasthringjum sem flotholt á þorskanet hefur vaxið mikið undanfarin ár og hafa þau reynzt betur en glerkúlur, hvað endingu snertir. Hins vegar þola þeir ekki nema takmarkað dýpi vegna þrýstings. Eru því enn notaðar glerkúlur, þar sem veiðar eru stundaðar á djúpu vatni.

Hafin hefur verið framleiðsla á nótaflotholtum úr plasti hér á landi og hafa þau reynzt mjög vel og standast samanburð við innflutt nótaflotholt bæði að verði og gæðum. Má því gera ráð fyrir að verulega dragi úr innflutningi á þessari vöru næstu árin, þrátt fyrir aukinn markað hér á landi.

Garn úr gerviefnum til veiðarfæragerðar.

Innflutningur á garni úr gerviefnum til veiðarfæragerðar hófst á árunum 1950—1953 eða um líkt leyti og innflutningur á fiskinetum og fiskinetaslöngum úr gerviefnum. Garnið hefur verið notað sem netaefni, en einnig sem fyllingar- og bætigarn fyrir nótaverkstæði.

Manillahampur.

Manillahampur hefur verið fluttur til landsins í stórum stíl sem hráefni fyrir Hampiðjuna h.f., til framleiðslu á botnvörpugarni og nú síðari ár einnig í kaðla. Breytileiki innflutnings eftir árum á sér ýmsar orsakir, svo sem breytingar á eftirspurn veiðarfæra úr hampi og framboði innfluttra hampveiðarfæra, breytingar á verðhlutföllum manillahamps og sísalhamps o. fl. Innflutningur og framleiðsla á veiðarfærum úr manillahampi hefur þegar stórlega dregizt saman á þessu ári vegna nýrra gerviefna (polyethylene og polypropelene), sem virðast munu ryðja veiðarfærum úr manillahampi úr vegi.

Sísalhampur.

Innflutningur á sísalhampi samkvæmt innflutningsyfirlitinu hér að framan var 20—40 tonn á árunum 1951—1958, en 220—600 tonn á árunum 1959—1964. Aukning á innflutningi á sísalhampi 1959 stafar af því, að það ár hefur Hampiðjan h.f. framleiðslu á fiskilínum og köðlum til notkunar fyrir bátaflotann.

Ekki er sjáanlegt, að í náinni framtíð verði notað gerviefni í fiskilínur og bindigarn og mun því sísalhampur verða notaður í þessar vörur áfram. Fiskveiðar með

línu hafa dregizt stórlega saman undanfarin ár. Líkur eru á að notkun kaðla úr sísal muni minnka til muna vegna tilkomu gerviefna.

Netagarn úr hampi.

Innflutningur á netagarni úr hampi var talsverður fram til ársins 1954 eða þar til notkun á netum úr náttúrlegum efnum fór að dragast saman, en fyrir þann tíma var talsvert hnýtt af þorskanetum úr ítölskum hampi.

Kaðlar og línur til fiskveiða.

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóraskrifstofunni flokkast innflutningur á línum og köðlum þannig, að færi og línur eru miðaðar við grennra en 10 mm og kaðlar við 10 mm og sverara. Ekki mun þessi flokkun vera nákvæm og mun því eitthvað geta flutzt þar á milli flokka.

Nefndin taldi æskilegt að fá sundurliðaðan innflutning á þessum vörum í vörur úr gerviefni og náttúrlegum efnum á árinu 1964, eins og fram kemur hér að framan. Niðurstöður þessarar sundurliðunar gefa ótvírætt til kynna, að gerviefni séu að ryðja úr vegi að verulegu leyti náttúrlegum efnum úr köðlum, en að nokkru úr færum og línum. Líklegt má telja að kaðlar, sem notaðir verða sem neta- og nótateinar, muni í framtíðinni að mestu eða öllu leyti verða úr gerviefnum og enn fremur bólfæri á neta- og línuveiðarfæri, en fiskilínur muni áfram verða úr sísal, nema hvað þær verði styrktar með gerviþræði eins og gert hefur verið í vaxandi mæli s. l. ár.

Öngultaumar og önglar.

Fiskveiðar með línu hafa verið stundaðar um áratugaskeið og voru lengi eitt aðalveiðarfæri bátaflotans á vetrarvertíð. Síðustu árin hefur línuútgerð hins vegar orðið að láta undan síga og þá aðallega fyrir þorskanetum og árið 1964 minnkuðu veiðar með línu verulega vegna síldveiða og þorskveiða með nót.

Að óbreyttum aðstæðum er ekki horfur á, að fiskveiðar með línu aukist að ráði vegna þess, hve kostnaðarsamar þær eru og fiskverð lágt miðað við útgerðarkostnað.

Líkur eru því á, að innflutningur á önglum og öngultaumum muni verða næstu árin álíka og á árinu 1964.

Byggð hefur verið önglaverksmiðja í Hafnarfirði, sem hefur ekki náð fótfestu á markaðinum hér með framleiðslu sína og virðist ekki ástæða til að álykta, að hún hafi áhrif á innflutning á önglum í framtíðinni, enda mun hún hafa hætt starfsemi sinni að sinni.

Fiskinet og fiskinetaslöngur úr náttúrlegum efnum og gerviefnum.

Samkvæmt töflu I var lítill innflutningur á þessum tegundum veiðarfæra úr gerviefnum fram til ársins 1953. Úr því tók hann að vaxa ört og náði að magni til yfirhöndinni árið 1958. Árið 1962 hafa veiðarfæri úr gerviefnum að heita má útrýmt netum og nótum úr náttúrlegum efnum.

Frá og með fyrri heimsstyrjöldinni og fram til ársins 1957 voru þorskveiðar með netum aðallega stundaðar frá Vestmannaeyjum og Grindavík, en eftir það hefjast þær veiðar fyrir alvöru frá höfnum við Faxaflóa og Breiðafjörð og síðar einnig frá öðrum verstöðvum. Á árunum 1963 og 1964 minnkaði notkun á þorskanetum vegna nýrrar veiðiaðferðar, þ. e. a. s. veiða með þorskanót, en vegna lélegs árangurs af þeim veiðum á vetrarvertíð 1965 má gera ráð fyrir verulegri og áframhaldandi notkun á þorskanetum á næstu árum. Notkun þorskaneta mundi þó minnka, ef leyfð yrði togveiði í landhelgi.

Með stækkandi skipastól og bættum aflabrögðum á síldveiðum hefur markaður fyrir efni í síldarnætur vaxið stórlega og var það stærsti hluti veiðarfærainnflutningsins að verðmæti samkvæmt sundurliðun Tollendurskoðunarinnar árið 1964.

Virkaðlar.

Virkaðlar til útgerðar hafa aðallega verið fluttir inn til notkunar fyrir togarana og fyrir bátaflotann sem snurpuvír. Innflutningur á þessari vöru mun að öllum líkindum minnka á næstu árum, ef framhald verður á þeim samdrætti, sem nú er í útgerð togara.

Veiðarfæralásar, bobbingar og snurpunótahringir.

Veiðarfæralásar eru notaðir á öllum fiskiskipum og mun þá innflutningur á þeim ekki breytast að ráði ár frá ári

Bobbingar eru eingöngu notaðir á togurunum og mun þá innflutningur á þeim fara eftir viðgangi togveiða.

Snurpunótahringir eru notaðir á bátum, sem veiða með nót. Að óbreyttri þátttöku í slíkum veiðum, mun innflutningur á þeim ekki minnka miðað við innflutninginn 1964, frekar fara vaxandi. Rétt er að geta þess, að bobbingar og snurpunótahringir voru framleiddir hér á landi um skeið.

Sala og dreifing veiðarfæra.

Innflutningur veiðarfæra er í höndum margra fyrirtækja. Fyrir sum þeirra skiptir veiðarfærainnflutningur verulegu máli og nemur miklum hluta heildarveltu þeirra. Fyrir önnur er þýðing hans miklu minni.

Helztu innflytjendur veiðarfæra eru:

Asíufélagið h.f., Hafnarstræti 11, Reykjavík.
Friðrik Jörgensen, Ægisgötu 7, Reykjavík.
Jóhann Klausen, Eskifirði.
Jónsson og Júlíusson, Tryggvagötu 8, Reykjavík.
Kaupfélag Hafnfirðinga, Strandgötu 28, Hafnarfirði.
Kristján G. Gíslason h.f., Hverfisgötu 6, Reykjavík.
Kristján Ó. Skagfjörð, Tryggvagötu 4, Reykjavík.
L. Í. Ú., Innkaupadeild, Hafnarhvoli, Reykjavík.
Magnús Ólafsson, Garðastræti 2, Reykjavík.
Marco h.f., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Marinó Pétursson, Hafnarstræti 8, Reykjavík.
O. Johnson & Kaaber h.f., Sætúni 8, Reykjavík.
Ólafur Gíslason & Co., Ingólfsstræti 1a, Reykjavík.
Steinavör h.f., Norðurstíg 7, Reykjavík.
V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h.f., Aðalstræti 4, Reykjavík.
Verðandi h.f., Tryggvagötu, Reykjavík.
Verzl. O. Ellingsen h.f., Hafnarstræti 15, Reykjavík.

Aðferðir hinna ýmsu fyrirtækja við sölu og dreifingu eru allólíkar. Fer það í fyrsta lagi eftir stærð og veltu fyrirtækjanna, í öðru lagi eftir því hvaða tegundir veiðarfæra um er að ræða og í þriðja lagi, hve traustur viðskiptavinurinn er álitinn vera. Af þessum sökum er erfitt að ræða um almennar reglur, sem fylgt er í þessum viðskiptum.

Ekki mun fjarri lagi að segja, að mikill hluti veiðarfæra, sem fluttur er til landsins, sé seldur beint til útgerðarmanna. Létu forstöðumenn fyrirtækis eins, sem nefndin ræddi við svo um mælt, að þeir útveguðu öllum, sem þeir treystu, veiðarfærin beint frá framleiðendum.

Flest hinna stærri innflutningsfyrirtækja láta viðskiptamenn sína opna bankaábyrgð fyrir hluta andvirðis pantananna. Smærri fyrirtæki sum hver og þó einkum þau, sem reyna að ná fótfestu á markaðinum freistast oft til að selja án ákveðinnar tryggingar. Verður þeim oft hált á því og liggja vörurnar oft ógreiddar svo mánuðum skiptir. Hafa þessir viðskiptahættir mælzt illa fyrir hjá erlendum seljendum.

Þegar um stórar upphæðir er að ræða eins og t. d. vegna kaupa á nótum er venjulega veittur gjaldfrestur allt að einu ári, þannig að ⅓ hluti andvirðis er greiddur við móttöku, ⅓ eftir 6 mánuði og lokagreiðslan að ári liðnu. Er hér um undantekningu að ræða frá hinni almennu reglu um leyfilegan þriggja mánaða gjaldfrest, er keypt er erlendis frá.

Flest hinna stærri fyrirtækja liggja með allmiklar birgðir veiðarfæra. Er reynt að meta eftirspurnina yfir ákveðið tímabil fram í tímann og pantanir gerðar samkvæmt því mati.

Við sölu veiðarfæra er mikið stuðzt við persónuleg sambönd og viðkynningu. Er bæði um að ræða gagnkvæmar heimsóknir sölumanna og viðskiptavina, en einnig er mikið selt með aðstoð símans.

Erlendir framleiðendur, einkum í Vestur-Evrópu, senda oft sína eigin sölumenn til Íslands og ferðast þeir umhverfis landið í fylgd fulltrúa hérlendra umboðsmanna.

Eini innlendi framleiðandi veiðarfæra og veiðarfæraefna úr vefjarefnum, Hampiðjan h.f., selur ýmist beint til notenda eða í umboðssölu fyrir milligöngu innlendra dreifenda eftir því, hvort um er ræða veiðarfæri fyrir togara eða önnur veiðarfæri.

IV. kafli.

SAMANBURÐUR Á KJÖRUM VEIÐARFÆRAIÐNAÐARINS VIÐ KJÖR ANNARS IÐNAÐAR

Í þessum kafla er gerður samanburður á kjörum veiðarfæraiðnaðarins og kjörum annars iðnaðar. Fyrst er gerður samanburður við allan annan iðnað en sjávarvöruiðnað. Síðar er svo gerður samanburður við sjávarvöruiðnaðinn. Af ástæðum, sem þá verður getið um, miðast samanburðurinn við fiskveiðar og fiskiðnað sem heild.

Rétt er að fara nokkrum orðum um það, hvaða merking verður hér lögð í orðið „kjör". Það er notað í víðustu merkingu sem tákn um þann aðbúnað eða starfsskilyrði, sem veitt eru af hendi stjórnvaldanna. Með athöfnum sínum um þessi efni setja stjórnvöldin rekstri fyrirtækja ákveðna umgjörð, sem getur ráðið úrslitum um arðsemi fyrirtækja og um leið um sókn fjármagns og vinnuafls í atvinnugreinar.

Mikillar fjölbreytni hefur gætt í afskiptum stjórnvaldanna af rekstri fyrirtækja. Má m. a. nefna eftirfarandi:

1. Alls konar innflutningstollar. Tollar geta verið lagðir á innflutning hráefna, mismunandi háir eftir tegund hráefna eða notkunarhætti; fullunnar afurðir geta verið tollaðar misjafnlega mikið.
2. Framleiðslustyrkir eða niðurgreiðslur.
3. Fjárfestingarstyrkir.
4. Beiting mismunandi gengis á erlendum gjaldeyri eftir því, hver sé uppruni gjaldeyris eða tilætluð not.
5. Innflutningshöft.
6. Mismunandi lánskjör. Mikill hluti allrar lánastarfsemi er í höndum ríkisstofnana, og Seðlabankinn ræður opinberum vaxtakjörum.
7. Mismunandi skattlagning.
8. Mismunandi aðstaða til verðlagningar vegna verðlagseftirlits.

Þegar kjör einnar starfsgreinar eru borin saman við kjör annarrar starfsgreinar, getur reynt á mörg þessara atriða. Skal nú vikið að aðalviðfangsefni þessa kafla.

Samanburður við iðnað, annan en fiskiðnað.

Þau atriði, sem fyrst og fremst verka til mismunar á kjörum veiðarfæraiðnaðar og annars iðnaðar, er mismunur í tollun. En einnig er vert að gefa gaum að

því, hvort mismunun eigi sér stað varðandi innflutningshöft, lánskjör og aðstöðu gagnvart verðlagseftirliti.

Á síðustu fimm árum hafa verið gerðar tvær rannsóknir á **tollvernd** íslenzks iðnaðar. Hin fyrri var gerð af nefnd, „sem skipuð var af iðnaðarmálaráðherra, til þess að rannsaka þjóðhagslegt gildi neyzluvöruiðnaðarins“. Nefndin skilaði áliti í desember 1960. Síðari rannsóknin var gerð af Arne Haarr, og bar skýrsla hans heitið: „Tariff Problems in Iceland“, dags. 12. júní 1963. Veiðarfæraiðnaðarnefnd hefur ekki talið ástæðu til þess að leggja í sjálfstæða könnun á tollvernd iðnaðarins í dag. Á tímabilinu, sem liðið er síðan síðari skýrslan var samin, hafa engar verulegar breytingar orðið á tollum, er raskað geti gildi niðurstaðnanna nú. Veiðarfæraiðnaðarnefnd álítur jafnframt, að úrtök þau, er skýrslurnar tvær byggja á, séu nægilega táknræn fyrir íslenzkan iðnað. Leyfir nefndin sér að vitna í og endurrita sína töfluna úr hvorri skýrslunni, en þessar töflur sýna nettótollvernd nokkurra iðnaðarvara.

Hér á eftir fer Tafla XIII. í skýrslu „Neyzluvörunefndar“.

Nettótollar á nokkrar vörutegundir.

	0—5 %	5—15 %	15—30 %	30—40 %	40—50 %	50—60 %	60—90 %	90—100 %
Smjörlíki	..	..	..	X	..	..	..	..
Hreinlætisvörur	..	..	..	..	..	..	X	..
Sement	..	X	..	..	..	..	..	..
Áburður	X	..	..	..	..	..	..	..
Málning	..	..	X	..	..	..	..	..
Gluggar	..	..	..	..	..	..	X	..
Hurðir	..	..	..	X	..	..	..	..
Fiskumbúðir	X	..	..	..	..	..	..	..
Þakpappi	X	..	..	..	..	..	..	..
Botnvörpugarn	X	..	..	..	..	..	..	..
Net, netaslöngur	X	..	..	..	..	..	..	..
Sokkar	..	..	..	..	..	..	X	..
Nærföt	..	..	X	..	..	..	..	..
Manchettskyrtur	..	..	..	..	X	..	..	..
Vinnuföt	..	..	..	..	..	..	..	X
Vinnuvettlingar	..	..	..	..	..	X	..	..
Leðurskór	..	..	..	..	X	..	..	..
Sjóklæði	..	..	..	..	X	..	..	..
Eldhúsvaskar	..	..	X	..	..	..	..	..
Miðstöðvarofnar	..	X	..	..	..	..	..	..
Eldavélar	..	..	..	..	..	X	..	..
Þvottavélar	..	..	..	..	X	..	..	..
Kæliskápar	..	..	..	..	X	..	..	..

Þessi tafla er miðuð við tolla, eins og þeir voru eftir gengisbreytinguna 1960. Er hér um að ræða alla tolla, hverju nafni sem þeir nefndust, er síðar voru sameinaðir í einn toll.

Taflan leiðir til þeirrar niðurstöðu, að verulegur hluti vörutegundanna naut hærri nettótollverndar en 15%. Af þeim vörutegundum, sem nutu lægri tollverndar en 15%, tilheyrðu allar rekstrarvörum fiskveiða og fiskiðnaðar, þar með talin veiðarfæri, að undanskildum eftirfarandi vörutegundum: áburði, sementi, þakpappa og miðstöðvarofnum. Sem afurðir opinberra fyrirtækja njóta sement og áburður þeirrar sérstöðu, er tryggir þeim samkeppnishæfni. Þess má geta að núgildandi tollur á sementi er 35%.

„Tafla II“ í skýrslu Haarr er sem hér er sýnt:

Hrein tollvernd nokkurra innlendra iðnaðarvara.

	Tollur af fullunnum innfl. vörum. % af cif-verðmæti	Meðaltollur hráefna. % af cif-verðmæti	Hlutdeild hráefna í verksmiðjuv.%	Hrein tollvernd % af cif-verðmæti
Kex	125	8	40	120
Súkkulaði	125	61	40	100—110
Sykurvörur	125	56	57	90—100
Smjörlíki	70	30	75	48—50
Ullargarn	50	20	50	38—42
Vefnaður úr ull	65	25	50	52
Vefnaður úr baðmull	40	15	50	33
Prjónavörur úr ull	65	50	50	38—42
Prjónavörur úr gerfiefnum	65	15	50	58
Fatnaður	90	65	50	55—65
Karlmannaskór	100	40	45	75—85
Húsgögn úr tré	90	40	50	65—75
Málning og lakk	60	25	45	45—50
Sápa	110	33	35	95—100
Rafmagnseldavélar	80	35	50	60—70
Ísskápar	80	35	50	60—70

Svo sem samanburður taflanna tveggja leiðir í ljós, er þar að hluta fjallað um mismunandi vörutegundir. Í töflu Haarr nýtur engin vörutegund minni nettóverndar en 33%. Tafla hans tekur ekki til neinna þeirra vörutegunda, sem í töflu „Neyzluvörunefndar“ njóta lægri tollverndar en 15%. Þegar um svipaðar eða sömu vörutegundir er að ræða, sýnir tafla Haarr yfirleitt hærri tollvernd en tafla „Neyzluvörunefndar“.

Þegar tvær ofangreindar skýrslur voru samdar og allt fram á þennan dag hafa nettótollar á veiðarfærum verið frá 0—4%. Á einni aðalframleiðsluvöru Hampiðjunnar hf., netagarni úr hampi, hefur tollurinn verið 2%.

Þessar staðreyndir, er nú hefur verið gerð grein fyrir, leiða ótvírætt í ljós, að íslenzkur veiðarfæraiðnaður er, ásamt öðrum iðngreinum, er starfa í þágu fiskveiða og fiskiðnaðar, þ. e. umbúðaiðnaði og skipasmíðum, í algjörum sérflokki. Hann nýtur nær engrar nettótollverndar í þeim skilningi, sem lagður er í það orð.

Svo sem tekið er fram í skýrslu „Neyzluvörunefndar“ ber þess þó að gæta, „að sú tala, sem þannig er fundin, er ekki raunveruleg nettótollvernd vegna þess, að fleira þyrfti að telja með í þessu sambandi. Má benda á tolla af vélum og verkfærum, tolla af rekstrarefnum, sem ekki ganga beint inn í framleiðsluafurðirnar, eins og olíu, eða tolla af rafvirkjunarefni, sem koma fram í rafmagnsverðinu“. (Álit bls. 109). Það eru fyrst og fremst tollar af vélum, sem hér koma til álita. Að undanförnu hefur aðalreglan verið sú, að tollur af vélum til iðnaðar hefur verið 35%. En veiðarfæraiðnaður hefur verið undanþeginn þessum tolli; veiðarfæraiðnaðurinn nýtur m. ö. o. betri kjara á þessu sviði en annar iðnaður yfirleitt. Þær tölulegu upplýsingar, sem settar eru fram í áliti „Neyzluvörunefndar“ gera kleift að meta, hve mikil þessi ívilnun hefur verið að því er varðar aðalframleiðsluvöru Hampiðjunnar h.f. á þessum tíma. Í álitinu eru upplýsingar um gjaldeyri í vélafjárfestingu, um heildsöluvirði framleiðslunnar (600 tonn), og loks er þar gefin forsenda um endingartíma véla (10 ár). Verður niðurstaða útreikninga sú, að undanþága frá 35% tolli svarar til fjárhæðar, sem er um 1.2 til 1.5% af heildsöluvirði innlendrar framleiðslu (mismunandi eftir því, hvort reiknað er með 10 eða 15% vöxtum). Þar sem erlent verð var, skv. niðurstöðu nefndarinnar, mjög svipað innlenda verðinu, jafngildir undanþágan um 1.2%—1.5% mismun á nettótollvernd,

veiðarfæraiðnaði í vil. Hér er því um að ræða afar lága ívilnun í samanburði við þau betri kjör, sem annar iðnaður nýtur.

Næst er að víkja að **innflutningshöftum.** Slík höft geta beinzt að hráefnum, fullunnum afurðum og vélum, nauðsynlegum til vinnslu afurðanna. Innflutningshöft á framleiðslunauðsynjum (hráefni og vélum) eru til tjóns fyrir viðkomandi framleiðslu, en höft á innflutningi fullunnu vörunnar jafngilda í áhrifum sínum á samkeppnisstöðu svo háum tolli, er útilokar innflutning, að því marki, er höftin ná.

Um innflutningshöft á framleiðslunauðsynjum segir Haarr eftirfarandi:

„Sökum hinna ströngu innflutningshafta hefur yfir lengri tímabil verið skortur og óreglulegur aðflutningur á hráefnum og hálfunnum vörum, og val á innkaupalöndum hefur oft verið takmarkað. Með sama hætti hefur aðgangur oft verið takmarkaður á innflutningi véla og tækja til framleiðslunnar". Þessar innflutningstakmarkanir munu nú að verulegu leyti vera úr sögunni og geta því ekki lengur raskað innbyrðis samkeppnisstöðu einstakra greina iðnaðarins.

Að því er varðar reglur um innflutning fullunninna iðnaðarvara, sams konar þeim, sem hér eru framleiddar, hefur þróunin gengið í sömu átt. Um veiðarfæri er það að segja, að í gildi er reglugerð, er heimilar ráðherra takmörkun á innflutningi línu og kaðla úr náttúrlegum efnum. Þessi ákvæði hafa ekki orðið til þess að takmarka innflutning á viðkomandi vörum þann skamma tíma, sem þau hafa verið í gildi. Veiðarfæraiðnaðurinn nýtur því ekki góðs af innflutningstakmörkunum samkeppnisvara. Um annan iðnað er það að segja, að sumar greinar njóta engrar verndar með þessum hætti, en aðrar greinar njóta enn verndar hafta. Er hér bæði um að ræða greinar, er búa við litla sem enga tollvernd, og greinar, er njóta skjóls hárra tolla. En bæði er, að þessum greinum fer fækkandi og rýmkað er á höftum. — Niðurstaðan um innflutningshöft er því sú, að veiðarfæraiðnaðurinn nýtur ýmist sömu kjara eða lakari kjara en aðrar greinar iðnaðar.

Þá er að ræða um **verðlagseftirlit.** Verðlagseftirlit, eins og það hefur verið framkvæmt hér á landi, getur haft þau áhrif, að verð vöru verður lægra en vera mundi, ef framleiðandinn fengi óáreittur að nýta á sem hagkvæmastan hátt ákveðna tollvernd. Á hinn bóginn getur samkeppni við innfluttar vörur verið svo hörð, að innlendi framleiðandinn sjái sér hag í því að halda lægra verði heldur en honum er heimilt að taka. Um verðlagseftirlit hér á landi segir Haarr m. a.: „Til þess að vinna á móti verðbólgu hefur verið haldið uppi ströngu verðlagseftirliti. Í mörgum tilvikum hefur þetta hindrað fyrirtækin í að færa sér tollverndina í nyt. Stjórn verðlagsmála hefur almennt bannað verðhækkanir, nema hægt væri að sýna fram á, að framleiðslukostnaður hafi hækkað. Þröng mörk hafa verið sett þeim hagnaði, sem fyrirtækjum væri leyft að öðlast."

Um raunveruleg áhrif verðlagseftirlitsins á verð iðnaðarvara og á ágóða iðnfyrirtækja eru skiptar skoðanir, en ef áhrifin eru einhver, hljóta þau að vera í þá átt að lækka ágóða og, a. m. k. yfir skamman tíma, einnig vöruverð. Rannsóknir á raunverulegum áhrifum verðlagseftirlits, er eitthvert gildi hefðu, eru naumast framkvæmanlegar, nema með ærinni fyrirhöfn og tilkostnaði. Á pappírnum mundu verðlagsyfirvöld þó ekki ákveða álagningu eða vöruverð lægra en svo, að fyrirtækjunum væri með því tryggður hæfilegur ágóði, að dómi yfirvaldanna.

Verðlagsákvæði hafa að undanförnu ekki haft virk áhrif á verðlagningu innlendra veiðarfæra. Samkeppni við erlend fyrirtæki hefur séð um það.

Loks er að minnast á *skilyrði til lánsfjáröflunar.* Fyrirtæki veiðarfæraiðnaðar hafa aðgang að sömu lánastofnunum og önnur iðnfyrirtæki. Njóta þau engrar sérstöðu um lánsupphæðir né um lánskjör. Rétt er þó að taka fram, að stærsta fyrirtækið í greininni, Hampiðjan h.f., hefur notið sérstakrar fyrirgreiðslu Landsbankans við öflun *erlendra* rekstrarlána vegna hráefnakaupa. Þessi kaup (sísal og manillahampur) hafa verið gerð tiltölulega löngu fyrir notkun, en framboð og markaðsverð er háð talsverðum sveiflum. Að sjálfsögðu hvílir áhætta af gengisbreytingu á lántakandanum.

Samanburður við fiskveiðar og fiskiðnað.

Það fer bezt á því að taka fiskveiðar og fiskvinnslu sem eina heild, þegar gera skal samanburð við iðnað, annan en fiskiðnað, eða við einhverja grein iðnaðar, veiðarfæraiðnaðinn. Milli fiskveiða og fiskvinnslu eru, sem kunnugt er, þau tengsl, að meginhluti fiskaflans fer til vinnslu í íslenzkum fiskvinnslustöðvum, og vinnslustöðvarnar fá hráefni sitt eingöngu frá íslenzkri útgerð. Alkunna er og, að það er algengt, að fyrirtæki í fiskveiðum og fiskiðnaði eru rekin af sömu aðilunum. En það er annað, sem skiptir meginmáli í þessu sambandi. Með ákvörðunum um ferskfiskverð eru dregin milli þessara atvinnugreina mörk, sem alls ekki eru einhlít til ákvörðunar um rekstrarafkomu hvorrar greinarinnar um sig. Skal þetta skýrt nokkru nánar. Fiskiðnaðarfyrirtækjum er gert að greiða útflutningsgjöld af afurðum sínum. Þessi útflutningsgjöld renna svo til stofnana, sem fyrst og fremst starfa í þágu fiskveiða. Fræðilega séð má útgerð og fiskvinnslu einu gilda, hvort þessi háttur er á hafður, eða hinn, að útgerðin greiði sjálf til þessara stofnana af tekjum sínum og fái þá þeim mun hærra verð frá vinnslustöðvunum. Hér er að sjálfsögðu gert ráð fyrir óbreyttum launum til sjómanna í krónutölu. Annað dæmi er það, að nú greiðir ríkissjóður uppbætur á vissan fisk til útgerðarinnar. Það kæmi í sama stað fyrir útgerð og fiskiðnað, ef fiskverðið, sem fiskiðnaður greiðir, væri hærra um upphæð, er svarar til styrksins, en ríkissjóður greiddi fiskiðnaði vinnslustyrk að sama skapi. M. ö. o., hugsazt gæti, að fiskiðnaður væri rekinn með ágætri afkomu, en útgerð því aðeins, að til kæmu verulegir styrkir úr ríkissjóði. Ef fiskverð hækkaði nægilega, mundi afkoma fiskiðnaðar því aðeins haldast ágæt, að allur ríkisstyrkurinn rynni þangað. — Þegar hér á eftir verður rætt um sjávarútveg, verður átt við fiskveiðar og fiskiðnað sem eina heild.

Sjávarútvegur nýtur betri kjara en veiðarfæraiðnaður á nær öllum sviðum, þar sem þessum atvinnugreinum er á annað borð mismunað, svo sem nú skal sýnt fram á.

Frá því að hafið var að greiða svokallaða **styrki** til sjávarútvegs og allt fram til 1960 var veiðarfæraiðnaður settur skör lægra en sjávarútvegur. Á þessum árum voru tilbúin veiðarfæri jafnan í flokki þeirra innfluttra vara, sem sættu hagstæðustu gengi við innflutning. Og á skráð gengi gjaldeyris fékk sjávarútvegur að meðaltali hærri bætur heldur en svaraði til þeirra yfirfærslugjalda, er bætt var við skráð gengi gjaldeyris, er fór til kaupa á innfluttum veiðarfærum.

Í febrúar 1960 varð hér gjörbreyting í efnahagsmálum, svo sem kunnugt er. Frá því í febrúar 1960 til ársloka 1963 má segja, að veiðarfæraiðnaður hafi notið jafnréttis við sjávarútveginn um allt annað en skilyrði til fjáröflunar og lánakjör. Á árinu 1963 urðu miklar kauphækkanir. Voru þær álitnar valda svo mikilli röskun á starfsgrundvelli sjávarútvegsins, að hann mundi ekki geta þolað þær bótalaust. Til leiðréttingar voru þá sett lög um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. nr. 1/1964. Þessi lög kváðu á um verulega lagfæringu á starfsgrundvelli sjávarútvegsins: (1) Togaraútgerðinni var veitt 51 millj. kr. framlag, (2) úr ríkissjóði skyldi greiða 6% viðbót við ferskfiskverð (annað en síldar) til handa allri útgerð, (3) hluti fiskiðnaðarins fékk 43 millj. króna framlag „til framleiðniaukningar og annarra endurbóta“, og loks (4) var útflutningsgjald af þorskafurðum lækkað úr 6% í 4.2%, en þeim sjóði sjávarútvegsins, sem varð fyrir tekjumissi vegna þessarar lækkunar, skyldi bættur skaðinn beint úr ríkissjóði. Síðar var svo ákveðið, að uppbót á ferskfiskverð frá 1. júní 1964 skyldi vera 4% í stað 6%.

Sjávarútvegur býr við betri aðstöðu til **lánsfjáröflunar** en veiðarfæraiðnaður. Vextir af endurkeyptum afurðavíxlum voru á síðastliðnu ári 2% lægri en af venjulegum víxlum. Auk þess er sjávarútvegi tryggður ríflegri aðgangur að fjármagni til rekstrar en iðnaði yfirleitt með ábyrgð Seðlabankans á endurkaupum víxla. Endurkeyptir afurðavíxlar munu á síðastliðnu ári hafa verið að meðaltali rúmlega 450 millj. kr., og hefur því vaxtamismunurinn numið 9 millj. kr.

Þá mun hafa verið talið upp hið helzta, er gert hefur kjör fyrirtækja í sjávarútvegi frábrugðin kjörum veiðarfæraiðnaðar.

Hér á eftir er sýnt, hve miklu þær leiðréttingar, sem að ofan er getið, hafa numið 1964:

	Millj kr.
Framlag til togaraútgerðar	51
Viðbót við ferskfiskverð	60
Til framleiðniaukningar og annarra endurbóta	43
Bætur vegna lækkunar útflutningsgjalda	48
Vaxtamismunur	9
Samtals	211

Markaðsvirði sjávarafurða (annarra en niðursuðuvara og hvalafurða) mun á árinu 1964 hafa verið um 4 400 millj. kr. Heildarfjárhæð ofangreindra leiðréttinga hefur því numið 4.8% af markaðsverði sjávarafurða. Þessi prósentutala hefur jafnmikla þýðingu fyrir afkomu sjávarútvegs og jafnhá nettótollvernd hefur fyrir iðnað. Ekki er þó svo að skilja, að sjávarútveg mætti einu gilda, hvort hann hefði notið þessara leiðréttinga eða hærra gengis erlends gjaldeyris um 4.8% vegna þess, að sá hluti framleiðslunauðsynja sjávarútvegs, sem er af erlendum uppruna, mundi hækka í verði við slíka gengishækkun.

Skipting heildarkostnaðar í sjávarútvegi í erlendan og innlendan kostnað er allbreytileg eftir tegund fyrirtækja og vinnsluaðferðum, en ekki mun vera fjarri lagi að áætla, að erlendur kostnaður sé um 40% heildarkostnaðar. Ef gert er ráð fyrir, að erlendur kostnaður sé 40%, mundi hafa þurft 8% gengishækkun erlends gjaldeyris, ef ofangreindar leiðréttingar hefðu ekki komið til, svo að sjávarútvegur hefði árið 1964 verið jafnvel settur og hann var með leiðréttingunum einum saman.

Niðurstaða nefndarinnar um þetta efni er því sú, að veiðarfæraiðnaður sé í flokki örfárra iðngreina, er búa við lakari kjör en meginhluti iðnaðar og sjávarútvegs.

V. kafli.

KJÖR ÍSL. VEIÐARFÆRAIÐNAÐAR SAMANBORIÐ VIÐ HLIÐSTÆÐAN IÐNAÐ ERLENDAN

Margt hlýtur að vera ólíkt um þau starfsskilyrði, sem veiðarfæraiðnaður í einstökum löndum býr við. Hið sama getur einnig átt við um starfskjör fyrirtækja í greininni innan hvers lands. Hin helztu þeirra atriða, er nefndin mundi telja ástæðu til að gera samanburð um, eru eftirfarandi:

1. Framboð og gæði vinnuafls og launakostnaður.
2. Skilyrði til fjáröflunar.
3. Tekjuskattar hvers konar.
4. Gengisskráning.
5. Aðflutningsgjöld af framleiðslunauðsynjum til veiðarfæraiðnaðar og af fullunnum afurðum.
6. Niðurgreiðslur á veiðarfærum.
7. Framkvæmd löggjafar um varnir gegn undirboði.

Nefndin hefur beint athygli sinni aðallega að þremur síðasttöldu atriðunum, en um öll hin atriðin og reyndar einnig lið 7) gildir, að mjög óhægt er að gera viðhlítandi samanburð. Nefndin vill þó fara nokkrum orðum um þessi atriði í því skyni fyrst og fremst að sýna, á hvern hátt þau geta verkað til mismunar á starfskjörum.

Það, sem helzt hefur vakið athygli nefndarinnar í sambandi við framboð og gæði vinnuafls hér á landi annars vegar og í nágrannalöndunum hins vegar, er hin

gífurlega umframeftirspurn, sem hér er á vinnuafli. Sú umframeftirspurn er í nánu samhengi við þá verðbólgu, sem hér hefur lengi viðgengizt. Jafnframt verðbólgunni hefur hér gætt óvissu meðal launþega um það, hvaða launakjör stæðu til boða í öðrum greinum en þeirri, sem þeir eru hverju sinni starfandi í. Afleiðing umframeftirspurnar og óvissu hefur verið sú, að mjög tíð starfsmannaskipti hafa verið í íslenzkum iðnaði. Samkvæmt skýrslu A. Haarr var starfsfólk í verksmiðjuiðnaði að meðaltali 6 mánuði um kyrrt í sama starfi á árinu 1961. Með hliðsjón af því, að það tekur ávallt nokkurn tíma, mislangan að vísu, að ná fullri þjálfun til hvers konar starfa, ekki síður í verksmiðjuiðnaði en við önnur störf, er augljóst, hvílíkan kostnað starfsmannaþjálfun hlýtur að hafa í för með sér, þegar starfstími er svo stuttur. En kostnað við þjálfun og ófullnægjandi afköst má að sjálfsögðu umreikna sem viðbót við mánaðarleg laun viðkomandi starfsfólks. Svo sem Haarr bendir á, hefur Ísland sérstöðu í þessum efnum.

Fjármagnsmarkaður hvers lands hefur sín sérkenni. Hefur nefndin ekki séð sér fært að leggja í neina könnun um þau efni. Eitt af því, sem sérkennir lánsfjármarkað hér, er, að lánsfé til langs tíma, sem fáanlegt er frá lánastofnunum, ber hér óeðlilega lága vexti miðað við verðhækkanir, en hins vegar mun slíkt lánsfé ekki fáanlegt frá lánastofnunum í jafnríkum mæli og víða annars staðar. Frá sjónarmiði hinna einstöku fyrirtækja hefur lánsfé til skamms tíma verið af skornum skammti. Viðhorf atvinnurekenda til lánsfjármagns hafa að sjálfsögðu mjög mótazt af þeim aðstæðum, er verðbólgan hefur skapað.

Reglur um greiðslu tekjuskatta til ríkis og sveitarfélaga munu vera allólíkar í einstökum löndum. Sjálfir skattstigarnir munu nú vera lægri hér en í nágrannalöndunum, en fleira skiptir þó máli en skattstigarnir. Fyrst og fremst hefur það þýðingu, hvernig hreinar skattskyldar tekjur er skýrgreindar í hinum ýmsu löndum, og þá ekki sízt, hver áhrif verðbólga hefur á uppgjör skattskyldra tekna. Nákvæmlega samhljóða reglur um álagningu skatta geta leitt til misjafnlega þungrar skattbyrði, allt eftir því, hvernig verðlagsþróun er háttað. Nægir í þessu sambandi að minna á regluna um að miða skattalegar afskriftir fastafjármuna við upphaflegt kostnaðarvirði. Stöðug verðbólga hefur einmitt gert tekjuskatta hér mun þungbærari, en þeir mundu hafa verið við stöðugt verðlag.

Í sambandi við gengisskráningu skal á það bent, sem áður er getið, að leiðréttingar stjórnarvalda til handa sjávarútvegi vegna rangrar gengisskráningar hafa numið tæpl. 5% af framleiðsluverðmæti sjávarútvegs 1964 og að hækka hefði þurft gengi erlends gjaldeyris um 8% til þess að sjávarútvegurinn byggi við óbreyttar aðstæður, ef leiðréttingar hefðu ekki komið til.

Nefndin hefur talið óþarft að gera samanburð á raunhæfi gengisskráningar í einstökum löndum, enda telur hún fullvíst, að Ísland skeri sig úr í þessu efni.

Þá er komið að því að gera grein fyrir aðflutningsgjöldum og niðurgreiðslum. Lönd þau, er sérstaklega hafa verið tekin til rannsóknar, eru eftirfarandi: Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Bretland, Írland, Portúgal, Spánn, Þýzkaland, Frakkland, Benelux, Ítalía og Ísland.

Í öllum þessum löndum eru yfirleitt engin aðflutningsgjöld á hráefnum til veiðarfæragerðar. Í töflunni hér á eftir er yfirlit um innflutningstolla á hálfunnum og fullunnum veiðarfærum í þessum löndum. Athugun töflunnar leiðir í ljós, að Ísland hefur algjöra sérstöðu.

Tollar EBE landanna eru þeir tollar, er giltu út á við hinn 1. jan. 1965 fyrir einstök lönd. Að því mun koma, að þessir tollar verði hinir sömu fyrir öll löndin.

Í Portúgal eru eingöngu lagðir á þungatollar. Miðgildi tollsins á köðlum er 18 escudos pr. kg. Með þeim tolli mundi kaðall, er kæmi til tolls á verði er jafngilti ísl. kr. 80.00 pr. kg taka á sig toll, er næmi tæpl. 34%.

TAFLA III

INNFLUTNINGSTOLLAR Á HÁLFUNNUM OG FULLUNNUM VEIÐARFÆRUM
(í % af c. i. f. verði, nema annars sé getið)

Lönd Vöruheiti	Noregur *	Danmörk	Svíþjóð	Bretland.	Írland	Portúgal	Spánn	Þýzkal.	Frakkl.	Benelux	Ítalía	Ísland	Innan E.B.E.-landa	Innan E.F.T.A.-landa Danm., Bretl.
39 - 07 - 31 Netakúlur og nótaflot		15	15	10	0	60 - 120 esc. pr. kg.	56	17.6	23	20	22	2	3 - 6	3-4.5
57 - 05 - 02 Netagarn úr hampi	0	5	10	7½	60	78 - 156 esc. pr. kg.	39	8	12.8	6.4	10	2	2 - 6	1.5-2.5
59 - 04 - 01 Færi og línur til fiskiveiða	Nkr. 4.00** pr. kg. 10%	8	10 - 20	15 - 33 1/3	0 - 60	12 - 24 esc. pr. kg.	35	12.8 - 13	13.6-16.8	12.8-14.8	11.7-16	4	2.2-6.9	2.4-12.6
59 - 04 - 02 Kaðlar	Nkr. 4.00** pr. kg. 10%	8	10 - 20	15-33 1/3	0 - 60	12 - 24 esc. pr. kg.	41½	12.8 - 13	13.6-16.8	12.8-14.8	11.7-16	4	2.2-6.9	2.4-12.6
59 - 04 - 03 Öngultaumar	10	8	10 - 20	33 1/3	0 - 60	12 - 24 esc. pr. kg.	41½	12.8 - 13	13.6-16.8	12.8-14.8	11.7-16	4	2.2-6.9	2.4-12.6
59 - 04 - 05 Garn úr gervi-efnum		8	10 - 20	33 1/3	0 - 60	12 - 24 esc. pr. kg.	m.a.	12.8 - 13	13.6-16.8	12.8-14.8	11.7-16	4	2.2-6.9	2.4-12.6
59 - 05 - 01 Fiskinet og netasl. úr gerviefnum	5	6 - 10	45 Sv. kr. pr. 100 kg.	42	0	8 - 16 esc. pr. kg.	30	15.2	19.1	18	16	4	4.2-7.5	1.8-12.6
59 - 05 - 02 Fiskinet og netaslöngur úr öðru en gerviefnum	5	6 - 10	25 - 45 Sv. kr. pr. 100 kg.	20	0	8 - 16 esc. pr. kg.	35	14	16.7	6.8	14	4	4.2-7.5	3-6
97 - 07 - 01 Fiskiönglar		0	0	20	0	8 - 16 esc. pr. kg.	50	7.2	10.8	7.2	10	4	1.2-4.5	0-6

* Samkv. upplýsingum frá F.Í.L. ** Þungatollur : gerviefni. Verðtollur : náttúruleg efni.

Í Noregi háttar svo til að sérstök ríkiseinkasala, Statens Fiskeredskapsimport, annast um innkaup á öllum innfluttum hráefnum til veiðarfæragerðar svo og á því litla, sem flutt er inn af fullunnum veiðarfærum. Í bréfi sendiráðs Íslands í Osló, dags 3. des. 1964 segir: „... Í þessu sambandi skal vakin athygli á athugasemdum við þessi tollskráratriði, þar sem ráðuneyti er gefin heimild til að veita undanþágu frá tolli, og það er yfirleitt gert, að vísu með mjög fáum undantekningum, sem hafa mjög litla praktíska þýðingu. Þar er aðallega um að ræða urriðanet, öngla, flotholt og sökkur. Segja má, að um 95% af innflutningi hráefna til veiðarfæra og hálfunninna veiðarfæra sé tollfrjáls. Fullunnin veiðarfæri, sem flutt eru inn til Noregs, eru í það litlum mæli, að varla skiptir máli ..."

Noregur er eina landið, þar sem niðurgreiðslum er beitt, og það í ríkum mæli. Í áðurnefndu bréfi sendiráðsins í Osló er gefin greinargóð lýsing þessa kerfis. Þar segir m. a.: „Hvað snertir niðurgreiðslur á hráefni og hálfunnum veiðarfærum (eins og áður segir skiptir innflutningur á fullunnum veiðarfærum sama sem engu máli), vísast til laga frá 13. febr. 1953, en samkvæmt þeim hefur ríkið innflutningseinkasölu á þessum vörum. Þessi innflutningseinkasala nær ekki til véla, sem notaðar eru í þessum iðnaði. Einkasalan selur svo þessar vörur til norskra veiðarfæraverksmiðja, einkasalan fær niðurgreiðslur sínar greiddar beint úr ríkissjóði og selur vörurnar með þeim mun lægra verði til verksmiðjanna, sem niðurgreiðslum nemur. Á þessu ári nema niðurgreiðslur þessar í allt 27 til 28 milljónum norskra króna. Það samsvarar í heild ca. 50% af innkaupsverði að meðaltali. Niðurgreiðslur eru hærri á hrávöru en á hálfunnum vörum, á fullunnum veiðarfærum eru niðurgreiðslur mjög litlar. Talið er, að umræddar niðurgreiðslur hafi það í för með sér, að veiðarfæri, framleidd af norskum verksmiðjum verði yfirleitt 20—25% lægri í verði en ella. Mestar niðurgreiðslur eru á nylonþræði, allt frá ca. Nkr. 10 — Nkr. 19 pr. kg, en mesti partur veiðarfærahráefna og hálfunninna veiðarfæra er niðurgreiddur með ca. Nr. 10 — 12 pr. kg. Kaðlar (tau), hvort sem er í snurpunætur, lóðir eða net, eru niðurgreiddir með Nkr. 4.50—6.50".

Samkvæmt upplýsingum, er nefndin hefur á hendi, ber ekki að skilja ofangreind ummæli svo, að með niðurgreiðslunum sé norskum framleiðendum beinlínis ívilnað samanborið við erlenda keppinauta á hinum norska markaði. Niðurgreiðslur munu vera hinar sömu pr. þungaeiningu, hvort sem varan er framleidd í Noregi eða innflutt. Sem hundraðshluti verðmætis hlýtur niðurgreiðslan hins vegar að vera mismunandi eftir vinnslustigi vörunnar.

Af ofangreindri lýsingu verður ekki ráðið, hvort norskum veiðarfæraiðnaði sé tryggður forgangsréttur á norskum veiðarfæramarkaði. Hins vegar er það staðreynd, að verð þau, sem ein stærsta verksmiðja Noregs hefur boðið veiðarfæri (kaðla) á til Íslands, eru mun hærri en þau verð, sem ein stærsta verksmiðja Danmerkur hefur boðið sömu vörur á til Íslands. Norskt fyrirtæki býður til Íslands kaðla úr polyethylene 2″ og sverari á Nkr. 14.00 pr. kg fob. (skv. verðlista dags. 1. okt. 1964) á sama tíma og danskar verksmiðjur bjóða sömu vöru til Íslands á Dkr. 10.50—10.95. Slíkur verðmismunur gæti naumast verið til, ef dönsku verksmiðjurnar gætu selt og vildu selja þessa vöru til Noregs á sama verði og þær bjóða til Íslands. Nefndinni hefur ekki tekizt að fá upplýst, hvernig háttað er þeim innflutningstakmörkunum til Noregs, sem ofangreindar staðreyndir gefa til kynna. Bréf Sambands Norskra Veiðarfæraverksmiðja (Norske Fiskeredskapsfabrikanters Forening) til Útflutningsráðs Noregs (Noregs Exportråd), dags. 10. maí 1965, gefur e. t. v. vísbendingu um hluta af skýrslunni. Í bréfinu segir m. a.: I realiteten står det fritt for samtlige **större** grossister (og for fabrikkene) å importere fiskeredskaper fra utlandet idet disse kan anmode Statens Fiskeredskapsimport om på sine vegne å foreta slik import". (Undirstrikun nefndarinnar). Á öðrum stað segir: „Som nevnt ovenfor er importen av ferdige redskaper til Norge for såvidt fri — og med krav på subsidier — som alle *de ledende grossister i bransjen* (og fabrikkene) kan kreve slik import

foretatt for seg", (Undirstrikun nefndarinnar). Í þessu sambandi má minna á, að unnt er að takmarka influtning með því að takmarka útgáfu verzlunarleyfa, t. d. til þeirra dreififyrirtækja, sem séu á einhvern hátt skuldbundin af samningum við þau innlendu iðnfyrirtæki, er þau hafa umboð fyrir. Jafnframt mætti óbeinlínis stuðla að innflutningstakmörkunum með því að þola, að iðnfyrirtæki heimalandsins geri samninga við iðnfyrirtæki annars lands um takmörkun samkeppni. Ósagt skal látið, hvernig þessu misræmi raunverulega er háttað.

Varðandi möguleika hinna norsku veiðarfæraframleiðenda til ágóðaöflunar, er rétt að vitna í eftirfarandi ummæli sendiráðsins í Osló: „Ástæða er til að taka fram, að hér í Noregi ríkir mjög strangt verðlagseftirlit í þessari framleiðslugrein. Í vissum tilfellum eru fyrirskipuð ákveðin hámarksverð á vissum veiðarfærum, og í öðrum tilfellum gilda ákveðnar reglur, svokallaðar „kalkulasjonsregler". Í þeim tilvikum er það meginreglan, að verksmiðjurnar fylgi þessum reglum: Ákveðið verð hrávörunnar frá einkasölunni að viðbættum framleiðslukostnaði, sem er ákveðinn af því opinbera fyrir hverja tegund veiðarfæra, og þar að auki tiltekin prósenttala, sem á að mæta óvissu og sanngjörnum ágóða".

Eins og tekið er fram í upphafi þessa kafla er framkvæmd löggjafar um undirboð í hinum ýmsu löndum eitt þeirra atriða, er getur gert samkeppnisaðstöðu veiðarfæraiðnaðar mismunandi. Í blaðaskrifum og í umræðum á opinberum vettvangi um íslenzkan veiðarfæraiðnað hefur að undanförnu verið deilt um það, hvort veiðarfæri væru flutt inn til landsins með undirboðskjörum, og stjórnarráðið mun hafa haft til meðferðar ósk Hampiðjunnar h.f. um beitingu lagaákvæða um undirboðstoll.

Miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, urðu nefndarmenn ekki sammála um, hvort innflutningur veiðarfæra með undirboðskjörum hefði átt sér stað á liðnum árum. Til beitingar lagaákvæða í þessu efni hefur ekki komið, enda þótt þau séu allrúm.

Tveir nefndarmanna, þeir Árni Vilhjálmsson og Kristján Ragnarsson, hafa tekið saman greinargerð um undirboðsmálið hvor um sig, óháð nefndarálitinu, sem þeir senda iðnaðarmálaráðuneytinu með skýrslu nefndarinnar. Verður þessu máli ekki gerð frekari skil hér.

Niðurstaða nefndarinnar um efni þessa kafla er sú, að veiðarfæraiðnaður þeirra landa, er aflað hefur verið upplýsinga frá njóti allmiklu betri kjara en íslenzkur veiðarfæraiðnaður. Meðal annars var bent á óhagræði tíðra starfsmannaskipta hér á landi og hvernig verðbólgan hefur aflagað grundvöll skattlagningarinnar. Alvarlegast telur þó nefndin vera öryggisleysi það sem óverndaður veiðarfæraiðnaður hér á landi hefur búið við til þessa. Gagnstætt honum hefur veiðarfæraiðnaður í flestum löndum Vestur-Evrópu, átt við tiltölulega stöðugt verðlag að búa auk allverulegrar tollverndar.

VI. kafli.

ERU BREYTINGAR Á KJÖRUM VEIÐARFÆRAIÐNAÐARINS ÆSKILEGAR?

Almennar forsendur.

Eins og heiti þessa kafla ber með sér er ætlunin að ræða, hvort breytingar á núverandi starfsgrundvelli veiðarfæraiðnaðarins séu æskilegar og þá í hverju þær ættu helzt að vera fólgnar.

Í köflum hér að framan hefur verið sýnt fram á, að íslenzkur veiðarfæraiðnaður njóti lakari rekstrarkjara af hendi hins opinbera, heldur en þær aðrar innlendar atvinnugreinar, sem eðlilegt er að gera samanburð við. Er hér bæði um að ræða verksmiðjuiðnað annan en vinnslu sjávarafurða, svo og sjávarútvegur. Komizt var að þeirri niðurstöðu, að veiðarfæraiðnaður væri í flokki örfárra iðngreina, er njóta svo til engrar nettótollverndar, meðan flestar greinar verksmiðjuiðnaðar njóta

tiltölulega hárrar nettótollverndar í samanburði við hliðstæðar greinar í nágrannalöndunum. Um öll hin atriðin, er varða aðbúnað af hálfu stjórnvaldanna, nýtur veiðarfæraiðnaður annað hvort svipaðra eða lakari kjara en aðrar iðngreinar.

Við samanburð veiðarfæraiðnaðar við sjávarútveg var ein meginniðurstaðan sú, að þær leiðréttingar, sem gerðar voru 1964 á rekstrargrundvelli sjávarútvegs, hefðu hliðstæð áhrif á rekstrarafkomu sjávarútvegs og um 5% nettótollvernd fyrir iðnfyrirtæki, sem framleiða fyrir heimamarkað. Aðrar atvinnugreinar, þar með talinn veiðarfæraiðnaður, hafa hins vegar ekki notið slíkrar leiðréttingar, enda mun sá aðstöðumunur, sem hér um ræðir, að því er varðar margar greinar iðnaðar, vera margfaldlega jafnaður í eiginlegri nettótollvernd (þ. e. nettótollvernd miðað við raunverulegt gengi, er sjávarútvegur nýtur).

Niðurstöður nefndarinnar af samanburði á starfskjörum innlends og erlends veiðarfæraiðnaðar voru og þær, að veiðarfæraiðnaður hér væri verr settur en sams konar iðnaður erlendis. Koma hér fyrst og fremst til mismunandi innflutningstollar, en auk þess aðrar aðgerðir, m. a. aðgerðir, sem nefndinni hefur ekki tekizt að varpa svo skýru ljósi á sem hún hefði óskað (sbr. aðstöðu norsks veiðarfæraiðnaðar og varnir gegn undirboðum).

Það gildir því einu, hvert litið er til samanburðar. Íslenzkur veiðarfæraiðnaður er og hefur verið algjör hornreka í atvinnulífi þjóðarinnar. Afleiðingar stefnunnar gagnvart veiðarfæraiðnaðinum hafa komið berlega í ljós. Um tíma voru t. d. 4 fyrirtæki starfandi að gerð veiðarfæra úr vefjarefnum og lögðu um skeið skerf til þjóðarbúsins, sem torvelt er að meta til fulls. Aðeins eitt þessara fyrirtækja hefur haldið velli.

Nefndinni er ljóst, að stefnan gagnvart veiðarfæraiðnaði hefur ekki mótazt af andúð stjórnvaldanna gagnvart þessum iðnaði, heldur hafa stjórnvöldin fyrst og fremst látið stefnuna ráðast af þeirri þörf að tryggja sjávarútveginum rekstrarvörur á sem lægstu verði, án þess að íhuga um leið að þetta kynni beinlínis að verða á kostnað annarra atvinnugreina, eins og t. d. veiðarfæraiðnaðarins, nema aðrar aðgerðir kæmu jafnframt til.

Nefndin getur ekki séð, að þau sjónarmið, sem ráðið hafa stefnunni gagnvart veiðarfæraiðnaði, hafi átt við rök að styðjast, þvert á móti hafi þau beinlínis brotið í bág við þjóðarhag. Stefnan gagnvart einstökum atvinnugreinum á að grundvallast á þeirri meginreglu, að framleiðsluþættirnir njóti jafnréttis. Með þeim hætti leita þeir í þær atvinnugreinar, sem skila beztum hagrænum árangri. Þær undantekningar, sem þykir rétt að gera frá þessari meginreglu af t. d. menningar- eða öryggisástæðum, geta, að áliti nefndarinnar, á engan hátt gefið tilefni til að setja veiðarfæraiðnað í sérflokk með örfáum öðrum greinum, á þann hátt, sem gert hefur verið, nema síður sé. Frá þessari sjálfsögðu meginreglu hefur augljóslega verið vikið um veiðarfæraiðnaðinn, án þess að nokkuð gilt tilefni hafi verið til. Í ljósi þess, sem hér hefur verið sagt um ósanngjarna og óskynsamlega mismunun gagnvart veiðarfæraiðnaði samanborið við aðrar atvinnugreinar, liggur í augum uppi, að höfuðforsendan fyrir breytingu á kjörum veiðarfæraiðnaðarins er þessi mismunun. Hvað sem öðru líður ber að uppræta hana með öllu í eitt skipti fyrir öll.

Sérstakar forsendur.

Í þessu sambandi er þó ýmiss annars að gæta og skal hér einkum vikið að þremur atriðum, enda þótt nefndinni sé ljóst, að þau séu ekki tæmandi.

Athuga verður þýðingu innlendrar veiðarfæraframleiðslu fyrir sjávarútveginn borið saman við að fullnægja þörfum hans með innflutningi. Einnig ber að huga að sambandinu milli innlendrar veiðarfæraframleiðslu og innlendra rannsókna á sviði veiðitækni. Þá verður að athuga raunverulega samkeppnisaðstöðu veiðarfæraiðnaðarins. Verða þessi atriði nú rædd nokkuð nánar.

Um þýðingu innlendrar veiðarfæraframleiðslu fyrir sjávarútveginn eru í sjálfu

sér ekki skiptar skoðanir. Nefndin er öll þeirrar skoðunar, að innlend veiðarfæragerð hafi mikilvægu hlutverki að gegna. Enginn vafi virðist leika á því að innlendur veiðarfæraiðnaður skapi útgerðinni meira öryggi en ella. Kom það berlega í ljós í heimsstyrjöldinni síðari, að fiskveiðar landsmanna hefðu beðið stórfelldan hnekki, ef ekki hefði verið starfræktur veiðarfæraiðnaður í landinu.

Þá verður að telja innlenda veiðarfæragerð mikilvæga forsendu þess, að tæknilegar rannsóknir í sambandi við notkun nýrra efna í veiðarfæri, framleiðslu veiðarfæra og notagildi ýmissa gerða þeirra, nái sem fyllstum árangri. Eins og er leitum við um flest, er heitir nýjungar og rannsóknir til annarra þjóða. Þótt íslenzkir útvegsmenn og sjómenn séu að jafnaði ákaflega fljótir að tileinka sér tæknilegar nýjungar, er ekki hægt að telja, að við leikum forystuhlutverk á þessum vettvangi, þar sem allar aðstæður eru okkur þó hvað hagstæðastar.

Í framhaldi af því, sem að ofan greinir, má ályktа, að veiðarfæraframleiðsla sé ein þeirra hliðargreina, sem sjávarútveginum sé mikilvægt, að þróist innanlands, bæði af öryggisástæðum og vegna betri möguleika á tæknilegum rannsóknum, er oft á tíðum hljóta að beinast að lausn sérstæðra vandamála og þarfa íslenzkra fiskveiða. Með þessu er þó ekki verið að segja, að útiloka beri innflutning. Slíkt mundi aðeins leiða af sér tjón. Og er þá komið að þriðja atriðinu — samkeppnisaðstöðunni — er nefnd var að framan.

Til er það sjónarmið, að það mæli í mót aðgerðum til eflingar innlends veiðarfæraiðnaðar, að hann hafi ekki þegar hafizt af sjálfsdáðum til meiri vegs en raun ber vitni. Slík uppbygging hljóti að eiga sér stað á kostnað sjávarútvegsins. Telja verður, að þetta sjónarmið beri vott töluverðrar skammsýni og vanþekkingar. Rakið hefur verið ítarlega hér að framan, hvernig farið hefur verið með veiðarfæraiðnaðinn sem olnbogabarn, með því að um langt skeið var sá iðnaður settur skör lægra en aðrar atvinnugreinar og hefur nú á ný um nokkurt skeið búið við verri kjör en t. d. sjávarútvegur og flestar aðrar iðngreinar. Á árum uppbótakerfisins varð veiðarfæraiðnaður fórnardýr árlegra bráðabirgðaráðstafana til að leysa knýjandi skammæ vandamál sjávarútvegsins. Mætti orða það svo, að vaxtarmöguleikar þessarar greinar hafi beðið hnekki á árum uppbótakerfisins. Ókleift reyndist að safna sjóðum til frekari uppbyggingar og stækkunar. Sökum þessa fjárskorts svo og þess öryggisleysis, sem við var að búa, dró mjög úr möguleikum hans að tileinka sér nýjungar og hagnýta þær.

Slík rök hníga samt að því, að hér megi reka samkeppnisfæran veiðarfæraiðnað.

1. Markaður er stór. Nægir í því sambandi að vísa til kafla III um veiðarfæramarkaðinn.
2. Vélbúnaður getur verið sá sami og hjá sams konar fyrirtækjum erlendis.
3. Verð á hráefnum getur verið svipað eða hið sama.
4. Ytri aðstæður eru hér allgóðar — faglært fólk, vélaverkstæði til viðgerðar o. fl.

Þannig má segja, að hér á landi ættu að vera svipaðar aðstæður og í nágrannalöndum okkar til arðgæfrar veiðarfæraframleiðslu.

Sameiginlegar tillögur.

Af þessum sökum ályktar nefndin, að breytingar á núverandi starfskjörum veiðarfæraiðnaðarins séu æskilegar. Um það, hvaða leiðir koma til greina og hve langt eigi að ganga, ríkir hins vegar nokkur skoðanamunur. Verður nú gerð grein fyrir tillögum nefndarmanna.

1. Þar sem veiðarfæraiðnaður býr að mörgu leyti við svipaðar starfsaðstæður í grundvallaratriðum og sjávarútvegur, þ. e. verður að hlíta ástandi heimsmarkaðsins hverju sinni, er eðlilegt að hann njóti sem næst sömu kjara og sjávarútvegurinn, hvað gengi krónunnar snertir. Með þessu er raunar verið að segja, að afnám mismununar þeirrar, er ríkt hefur undanfarin tvö ár, sé ekki einungis æskileg heldur fyrst og fremst réttlætismál. Þetta þýðir í framkvæmd, að sérhver hækkun innlends

framleiðslukostnaðar, sem sjávarútveginum er bætt í einu eða öðru formi, verði einnig látin ná til veiðarfæraiðnaðarins. Mismunun þá, er ríkt hefur frá ársbyrjun 1964, er tiltölulega auðvelt að meta til fjár.

Nefndin leggur því til, að nú þegar komi til framkvæmda leiðrétting, er nemi sem næst 4.8% af söluvirði afurða starfandi fyrirtækja í veiðarfæraiðnaði vegna ársins 1964. Fyrir árið 1965 og framvegis verði gerðar hliðstæðar leiðréttingar.

2. Eins og rækilega hefur verið bent á hér að framan hlaut veiðarfæraiðnaðurinn illa meðferð á dögum uppbótakerfisins og hefur ekki borið sitt barr síðan. Hefur þessi meðferð, ásamt óvissunni um rekstrargrundvöll, hindrað vöxt hans og viðgang, og gert honum þar af leiðandi örðugt um vik að taka þátt í hinni hröðu þróun, er átt hefur sér stað í framleiðslu veiðarfæra undanfarið með því að endurnýja véla- og tækjakost svo sem nauðsynlegt hefði verið.

Til þess að jafna metin og leiðrétta á einhvern hátt áralangt misrétti, er það tillaga nefndarinnar, að fyrirtækjum þeim, er starfa að framleiðslu veiðarfæra og efnis til þeirra, verði greitt nokkurt framlag, er hjálpi þeim til að laga sig að breyttum framleiðsluaðferðum og breyttri eftirspurn veiðarfæra. Upphæð framlagsins verði metin með hliðsjón af innkaupsverði nauðsynlegra véla og tækja.

3. Þá mælir nefndin með því að veiðarfæraiðnaður verði aðstoðaður við útvegun hagstæðra lána með ríkisábyrgð, ef þörf krefur.

4. Loks telur nefndin rétt, að athugað verði, hvort til greina komi að undanþiggja ný fyrirtæki í veiðarfæraiðnaði tekjusköttum um ákveðið árabil, t. d. 3 ár, í því skyni að örva til stofnunar nýrra fyrirtækja í greininni.

Auk ofangreindra tillagna um breytingar á kjörum veiðarfæraiðnaðar, vísast til VII. kafla um tillögu nefndarinnar varðandi undirbúningsrannsóknir í þágu veiðarfæraiðnaðarins.

Nefndarmenn standa allir sameiginlega að ofangreindum tillögum. Hins ber að gæta, að einn nefndarmanna, Árni Vilhjálmsson, gerir í eftirfarandi viðauka grein fyrir aðaltillögu sinni um breytingar á kjörum veiðarfæraiðnaðarins. Formaður nefndarinnar Sveinn Björnsson, hefur lýst yfir stuðningi við tillögu Árna sem varatillögu.

Sértillaga.

Veiðarfæraiðnaði sé tryggð aðstaða, er jafngildi nú 15% nettótollvernd, enda verði gengi íslenzkrar krónu og hvers konar leiðréttingar á rekstrargrundvelli sjávarútvegs óbreytt frá því sem nú er. Verði gerðar breytingar á rekstrargrundvelli sjávarútvegs af hendi stjórnvalda að óbreyttu gengi, breytist nettótollvernd sem því nemur.

Þessi tillaga felur í sér leiðréttingu til jafns við þann aðstöðumun, sem nú er milli sjávarútvegs og veiðarfæraiðnaðar og nam á síðastliðnu ári um 5%, svo og 10% eiginlega nettótollvernd. Sá liður nettótollverndar, er skal leiðréttur til samræmis við breytingar á rekstrargrundvelli sjávarútvegs, eru umræddd 5%.

Þessi nettótollvernd, þ. e. 15%, verður að teljast mjög hófleg, hvort sem litið er til annars innlends iðnaðar eða samanburður er gerður við erlendan veiðarfæraiðnað. Að áliti forstjóra stærsta starfandi fyrirtækis í veiðarfæraiðnaði, Hampiðjunnar h.f., yrði þessi aðstaða nægileg til að tryggja starfsgrundvöll fyrir lífvænlegum veiðarfæraiðnaði, er tæki yfir öll stig vinnslu frá „extrusion" úr plastkornum til fullunninna afurða. Vegna þessa, svo og vegna þess sem vitað er um raunverulega samkeppnisaðstöðu íslenzks veiðarfæraiðnaðar og um áhuga erlendra aðila á þátttöku í uppbyggingu veiðarfæraiðnaðar hér, tel ég ekki ástæðu til að mæla með hærri nettótollvernd en 15%, eða jafngildi hennar, en hefði verið reiðubúinn til að mæla með nokkru hærri eiginlegri nettótollvernd, ef ætla mætti, að fjölbreyttur veiðarfæraiðnaður þyrfti á að halda til viðunandi rekstrarafkomu.

Hér að framan hefur verið rætt um nettótollvernd eða jafngildi nettótollverndar frá sjónarhóli veiðarfæraiðnaðar. Form þessarar leiðréttingar gæti verið með ýmsu

móti, t. d. tollur á innflutningi veiðarfæra eða niðurgreiðslur úr ríkissjóði á innlenda framleiðslu. Hvort tveggja yrði þó að vera sveigjanlegt í samræmi við hugsanlegar breytingar á rekstrargrundvelli sjávarútvegs og á gengi, sbr. framanskráð. Ég álít það ekki vera aðalhlutverk nefndarinnar að gera tillögu um það form, sem haft yrði á leiðréttingunni, heldur sé aðalhlutverk hennar að komast að niðurstöðu um, hve mikil breyting ætti að verða á kjörum veiðarfæraiðnaðar.

Við val milli tolls og niðurgreiðslu er rétt að hafa í huga þá breytingu, sem orðið hefur á stefnu stjórnvaldanna gagnvart sjávarútvegi. Frá 1960 til 1963 var stefnan sú, að með ákvörðun hæfilegs gengis ísl. krónunnar skyldi sjávarútvegi tryggður viðunandi rekstrargrundvöllur, með undantekningu vegna togara og með hagstæðum lánum vegna birgðamyndunar. Frá og með árinu 1964 hafa verið greiddar alls konar „bætur" í allstórum stíl bæði til einstakra fyrirtækja og stofnana sjávarútvegs. „Bæturnar" tóku við því hlutverki gengisskráningarinnar að tryggja sjávarútveg viðunandi rekstrarskilyrði. Ég tel rétt, að leiðréttingin væri í formi tolls frekar en í formi niðurgreiðslu, enda yrði búið svo um hnútana, að starfsskilyrði sjávarútvegs eftir álagningu tolls yrðu engu að síður viðunandi. Ég get því lagt til, að fram til þess tíma, er heildarendurskoðun verður næst gerð á afskiptum ríkisins af sjávarútvegi, svo sem verið hefur árlega undanfarin tvö ár, verði veiðarfæraiðnaði greiddar niðurgreiðslur úr ríkissjóði, en um leið og ráðstafanir verði gerðar næst gagnvart sjávarútvegi, hvort heldur með breytingum á „bótum" eða gengisbreytingu, þá komi í stað niðurgreiðslna tollur á öll veiðarfæri, enda verði starfsskilyrði sjávarútvegs engu að síður gerð viðunandi.

VII. kafli.

ER STÓRFELLD AUKNING VEIÐARFÆRAIÐNAÐARINS ÆSKILEG?

Í kafla VI hefur verið komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegt sé að bæta til muna rekstrarskilyrði veiðarfæraiðnaðar hér á landi. Þegar tillögðum breytingum hefði verið komið í framkvæmd, mundu viðhorf athafnamanna til fjárfestingar í þessari starfsgrein væntanlega breytast, án þess að atbeini stjórnarvalda kæmi til. Nefndin treystir sér ekki að svo stöddu til þess að spá neinu um það, hvort, og þá í hve ríkum mæli, einkaaðilar muni stunda framleiðslu veiðarfæra, eftir að lagfæringar á kjörum hefðu átt sér stað. Athafnasemi þeirra á þessum vettvangi yrði m. a. komin undir því, hvort og hve vel þeir skynjuðu ávöxtunarmöguleika á þessum vettvangi, stjórnsemi þeirra, er hefðu frumkvæði, tæknilegum möguleikum og skilyrðum til ávöxtunar fjármagns í öðrum greinum framleiðslu.

Í þessu sambandi er vert að hafa hugfast, að þótt forstjóri Hampiðjunnar h.f. hafi í viðtali við nefndina látið í ljós það álit, að starfsaðstaða, er jafngildi 15% tolli, væri nægileg vegna þeirrar framleiðslu, er það fyrirtæki hefði hug á að vinna að, er ekki þar með sagt, að sú starfsaðstaða væri nægileg til arðbærs rekstrar á öllum sviðum veiðarfæraiðnaðar. Í framkvæmdaáætlun Hampiðjunnar fyrir næstu ár mun t. d. ekki gert ráð fyrir framleiðslu á neta- og nótaslöngum úr gerviefnum, þessum mikilvægu framleiðsluvörum veiðarfæraiðnaðar.

Um möguleika á hagkvæmri framleiðslu síðastnefndra vara við skilyrði, er jafngilda 15% tolli, vill nefndin þó vísa til umræðna við erlenda aðila um þátttöku í slíkri framleiðslu (sbr. t. d. fskj. nr. 4). Slíkar umræður hafa gefið til kynna að tiltölulega litla bót þurfi að gera á starfsskilyrðum þessarar greinar veiðarfæraiðnaðar til þess, að grundvöllur verði fyrir arðsömum rekstri.

Án þess að geta stutt skoðun sína með niðurstöðum sérstakrar rannsóknar, þykir nefndinni sýnt, að viðgangur nýrra fyrirtækja í veiðarfæraiðnaði yrði háður stærð fyrirtækjanna eða hlutdeild þeirra í heildarmarkaðnum. Ef til vill yrði hér rými fyrir aðeins tvö, þrjú eða fjögur samkeppnishæf fyrirtæki, en færi fjöldi

þeirra upp í t. d. sex til sjö mundu þau e. t. v. berast á banaspjót. Það er ljóst, að þeim athafnamönnum, er hygðust setja sig niður í þessari grein, væri nauðsynlegt að taka ekki ákvörðun fyrr en að undangenginni ítarlegri tæknilegri og hagrænni rannsókn á rekstrarskilyrðum. En að öðru óbreyttu hefðu þeir þó enga trygginu fyrir því, að starf þeirra væri ekki unnið fyrir gýg, ef aðrir aðilar mundu með athöfnum sínum raska þeim forsendum, er ákvarðanir hinna fyrri voru byggðar á.

Stjórnvöldin gætu gegnt mikilsverðu hlutverki í sambandi við forrannsóknir á rekstrarskilyrðum, m. a. af tveim ástæðum. (1) Þau gætu stuðlað að því, að starfhæf einkafyrirtæki yrðu stofnsett í greininni fyrr en ella, m. a. með því að leggja þeim til sönnunargögn fyrir góðum afkomuhorfum fyrirtækja í greininni. Vegna kostnaðar við forrannsóknir mundu einkafyrirtæki síður leggja út í rannsóknirnar og þess vegna ekki geta metið afkomuhorfurnar rétt. (2) Forrannsóknir, sem kostaðar yrðu að meira eða minna leyti af stjórnarvöldunum, mundu leiða til niðurstöðu um lágmarksstærð hagkvæmra fyrirtækja í greininni. Sérstakar aðgerðir, er grundvölluðust á slíkum niðurstöðum, gætu komið í veg fyrir mistök og tjón, sem af því hlytist, að of mörg fyrirtæki hæfu starfsemi í greininni.

Nefndin leggur því til, að ráðherra íhugi kosti þess að leggja fyrir Stóriðjunefnd eða hliðstæða stofnun að gera nauðsynlegar forrannsóknir á starfsskilyrðum veiðarfæraiðnaðar, eftir að gerðar hefðu verið þær breytingar á kjörum þessarar iðngreinar, sem nefndin leggur til.

Með tilvísun til þess, sem að framan segir, hefur nefndin að svo stöddu ekki talið tilefni til að kanna æskileika þess að aflað yrði erlends eigin fjár til nýrra fyrirtækja í veiðarfæraiðnaði. Nefndin vill þó taka fram, að hún álítur, að erlent fjármagn geti ekki haft sérstöku hlutverki að gegna í þessari starfsgrein öðrum fremur. Í þessari grein sem í svo mörgum öðrum mundi með erlendu eigin fé koma tækni- og stjórnunarþekking, en að lauslega athuguðu máli telur nefndin, að þessi starfsgrein skeri sig ekki úr um kosti þessa sérstaka háttar við innflutning tækniþekkingar.

Niðurstaða nefndarinnar er sú að lagfæringar á kjörum muni leiða í ljós vaxtarmöguleika veiðarfæraiðnaðarins. Hins vegar telur nefndin sér ekki unnt að gefa einhliða svar við þeirri spurningu, hvort stefna beri að stórfelldri eflingu þessa iðnaðar, án þess að á undan hafi farið áðurnefndar forrannsóknir.

Auk þess má bæta við, að svo virðist nú, að á næstu árum muni eiga sér stað nokkur breyting á skipan ísl. iðnaðar vegna nýrra viðhorfa í markaðsmálum á alþjóðavettvangi og mun sú stefna, sem mótast í málum iðnaðarins á næstu árum ráða miklu um framtíð veiðarfæraiðnaðarins í landinu.

Reykjavík, 18. sept. 1965.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐARNEFND

Sveinn Björnsson, form.

Árni Vilhjálmsson. Kristján Ragnarsson. Már Elísson.

Fylgiskjal 1.

Reykjavík, 8. jan. 1965.

Hinn 16. sept. s. l. skipaði iðnaðarmálaráðuneytið þá Árna Vilhjálmsson prófessor, skv. tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda, Má Elísson skrifstofustjóra, skv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, Kristján Ragnarsson fulltrúa, skv. tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, og undirritaðan skv. tilefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands, í nefnd til þess að framkvæma sérfræðilega athugun á því, hvort ekki sé tímabært, að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði, t. d. miðað við meðal-

tollvernd EBE og EFTA landanna, og einnig, hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umræddra iðnaðar með þátttöku erlends fjármagns eða aukningu í áföngum með innlendu fjármagni.

Í starfsáætlun þeirri, sem nefndin hefur sett sér, er m. a. ætlunin að kanna, eftir því sem ástæður leyfa, þróun og vandamál veiðarfæraiðnaðarins. Tilgangurinn með þessari könnun er sá, að öðlast nokkurt yfirlit yfir það, hvað einkum hefur staðið veiðarfæraiðnaðinum fyrir þrifum. Af þessari ástæðu hefur nefndin ákveðið að leita samvinnu við íslenzkar veiðarfæraverksmiðjur, sem starfandi eru, og fyrrverandi eigendur þeirra, sem ekki starfa lengur, með það fyrir augum að afla ýmissa upplýsinga um starfsemi fyrirtækjanna.

Þær upplýsingar, sem nefndin leyfir sér að óska frá yður eru eftirfarandi:

1. Stutt ágrip af sögu fyrirtækisins. Hér þyrftu m. a. koma fram upplýsingar um tildrög að stofnun fyrirtækisins, stofnár, um rekstrarform og eignaraðild og helztu tímamót og viðburði, sem hafa markað sögu þess.
2. Tegundir og magn framleiðsluvara. Tölfræðilegar upplýsingar, ef til eru, um magn aðalframleiðsluvaranna frá ári til árs ásamt stuttri lýsingu á hverri.
3. Hráefni. Hér óskast upplýsingar um hráefnanotkun miðað við tegundir, uppruna og magn, eftir því sem ástæður leyfa. Varðandi lið nr. 2 og 3 eru breytingar, sem orðið hafa vegna tilkomu nýrra efna, einkar forvitnilegar.
4. Vélakostur. Lýsing á vélum, afkastageta þeirra, fjöldi, aldur, notagildi og annað, sem máli skiptir.
5. Húsakostur. Stærð og gerð húsnæðis, aldur og annað, sem máli skiptir.
6. Starfsmannahald. Fjöldi starfsmanna, faglærðir, ófaglærðir, skipting þeirra eftir kynjum og aldri og annað, sem máli skiptir.
7. Starfsskilyrði og samkeppnisaðstaða. Hér óskast í stuttri greinargerð drepið á hinar ytri aðstæður, að því er varðar markaðsmál, kjör af hálfu hins opinbera (tollamál, skattamál), aðgang að vinnuafli, fjármál o. s. frv.
8. Hafi fyrirtækið hætt starfsemi sinni, hvort heldur er fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, óskast sérstaklega gerð grein fyrir tildrögunum að því.

Telja verður mjög áríðandi fyrir árangurinn af starfi nefndarinnar, að geta veitt sem gleggst yfirlit yfir þróun og vandamál veiðarfæraiðnaðarins í landinu. Af þessari ástæðu leyfir nefndin sér að vænta góðrar samvinnu af yðar hálfu. Umbeðnar upplýsingar óskast sendar nefndinni fyrir 15. febr. n. k. Heimilisfang er:

Veiðarfæraiðnaðarnefnd
c/o Iðnaðarmálastofnun Íslands, pósthólf 160, Reykjavík.

Til viðbótar þessum skriflegu upplýsingum væntir nefndin þess, að fá síðar í vetur tækifæri til þess að eiga tal við yður, til þess að öðlast sem beztan skilning á reynslu og viðhorfum yðar til vandamála og framtíðar íslenzks veiðarfæraiðnaðar.

F. h. Veiðarfæraiðnaðarnefndar,
Sveinn Björnsson, form.

Fylgiskjal 2.

HAMPIÐJAN H.F. 25 ÁRA.

Stofnun Hampiðjunnar.

Hampiðjan var stofnuð 5. apríl 1934, og var aðalhvatamaður að stofnun hennar Guðmundur S. Guðmundsson, vélstjóri, en hann hafði áður kynnt sér slíka iðju erlendis. Nokkru fyrir stofnfundinn eða 10. marz 1934 var tekin ákvörðun um að stofna félagið og skyldi tilgangur þess vera að starfrækja verksmiðju til að vinna úr hampi ýmsar garntegundir, aðallega til veiðarfæra, botnvörpugarn o. fl. Nokkrir sjómenn studdu Guðmund við stofnun fyrirtækisins,

Sama ár voru fest kaup á vélum frá Írlandi til vinnslu á manila og sísalhampi, einnig var byggt einlyft verksmiðjuhús í Rauðarárholti að stærð 450 fermetrar. Áður en árið var liðið, var verksmiðjan tekin til starfa, og voru fyrstu framleiðsluvörurnar seldar 3. jan. 1935.

Verð á framleiðslunni var þegar í upphafi samkeppnisfært, og tóku útgerðarmenn fyrirtækinu vel. Féll innflutningur á botnvörpugarni svo til niður næstu ár. Óx starfsemin hröðum skrefum. Verksmiðjuhúsið var hækkað 1939 og byggð við það álma 1941. Var gólfflötur þá orðinn 1500 fermetrar. Á árunum 1935—1939 framleiddi Hampiðjan 653 tonn af botnvörpugarni og fullnægði þá alveg þörfum togaraflotans. Var innflutningur af botnvörpum og botnvörpugarni árið 1939 aðeins 2 tonn.

Það þurfti áræði, dugnað og gáfur til að ráðast í stofnun Hampiðjunnar á tímum almennrar fátæktar og vantrúar á framtíð íslenzks iðnaðar. En þessa eiginleika hafði forgöngumaðurinn, Guðmundur S. Guðmundsson. Hans naut þó skammt við, því að hann andaðist 20. maí 1942, þegar árangurinn af starfi hans var að koma hvað skýrast í ljós.

Starfið á stríðsárunum.

Það féll í hlut Frímanns Ólafssonar að taka við forstjórastarfinu að Guðmundi látnum. Biðu þá framundan mikil verkefni, því að bandamenn töldu sig ekki geta selt tilbúin veiðarfæri til Íslands. Hins vegar var Íslandi ætlað ákveðið magn af sísalhampi. Var þá ekki hjá því komizt að gera ráðstafanir til að hampurinn væri unninn bæði fyrir báta og togara. Óskaði ríkisstjórnin eftir samstarfi veiðarfæragerðanna um að nýta framleiðsluna í það ítrasta. Pétur Magnússon, þáverandi viðskiptamálaráðherra, skrifaði Hampiðjunni m. a. eftirfarandi.

„Eins og Hampiðjunni h.f. mun kunnugt, eru fyrirsjáanleg vandræði framundan hjá öllum þeim bátum sem fiska með línu, vegna veiðarfæraskorts. . .

Vill ráðuneytið eindregið mælast til þess, að h.f. Hampiðjan spinni nú fyrst um sinn, þar til öðru vísi verði ákveðið, hampgarn til línugerðar".

Var brugðizt við þessum tilmælum á þann hátt, að hampur í allar fiskilínur bátaflotans var spunninn í Hampiðjunni og auk þess framleitt botnvörpugarn fyrir togaraflotann. Var unnið í verksmiðjunni allan sólarhringinn í nær fjögur ár og með því komið í veg fyrir stöðvun fiskveiðanna.

Á árunum 1940—1948 var eins og að framan greinir lítill og stundum enginn innflutningur á þessum vörum, en Hampiðjan framleiddi á sama tímabili 1487 tonn af botnvörpugarni og 938 tonn af fiskilínum og eingirni í þær.

Hagvísindi eftirstríðsáranna.

Þessi þjónusta veiðarfæraiðnaðarins gleymdist fljótt eftir stríðið. Árið 1948 voru með leyfum viðskiptaráðs flutt inn 424 tonn af botnvörpugarni og botnvörpunetum og 110 tonn af fiskilínum. Framleiðsla Hampiðjunnar sama ár var 371 tonn.

Á þessu eina ári var flutt inn og framleitt í landinu tveggja ára birgðir af þessum vörum. Þrátt fyrir aðvaranir stjórnenda Hampiðjunnar og Félags ísl. iðnrekenda um hættulegan samdrátt veiðarfæraiðnaðarins af hinum gífurlega innflutningi, virtust stjórnendur landsins og innflutningsyfirvöld kærulaus um þann iðnað, sem sömu aðilar leituðu til á hættustund stríðsáranna.

Á þessum tímum verðbógu og rangrar gengisskráningar var farið að styrkja sjávarútveg og landbúnað, en hinn ótollverndaði veiðarfæraiðnaður naut engrar fyrirgreiðslu. Voru samt orsakir erfiðleika hans nákvæmlega þær sömu og áðurnefndra atvinnugreina. Nágrannaþjóðir okkar höfðu önnur vinnubrögð gagn-

vart sínum veiðarfæraiðnaði. Brezkar og belgískar verksmiðjur fengu með ríkisaðstoð hampinn á lægra verði en við áttum kost á. V-Þýzkaland tollaði tilbúin veiðarfæri um 18% og Norðmenn greiddu niður hráefni til veiðarfæra og greiddu auk þess veiðarfæraiðnaðinum framleiðslustyrk.

Afleiðing af þessum búvísindum hér var neyðarástand og samdráttur í innlendum veiðarfæraiðnaði. Árið 1949 var ekkert hráefni keypt til vinnslu Hampiðjunnar og vélarnar, er áður voru starfræktar allan sólarhringinn, voru notaðar nokkra tíma á dag við að vinna upp birgðir. Var framleiðslan það ár aðeins 64 tonn af botnvörpugarni og fyrirtækið rekið með stórfelldu tapi. Var búizt við stöðvun framleiðslunnar, en áður en til þess kom, var gerð gengisbreyting í marz 1950. Varð þá framleiðsla Hampiðjunnar samkeppnisfær eins og ávallt, þegar gengi krónunnar er miðað við að útflutningsframleiðslan beri sig styrkjalaust.

Það tók langan tíma að koma rekstri Hampiðjunnar aftur í eðlilegt horf. Hampbirgðir voru þrotnar, en það tekur 4—6 mánuði að fá hamp frá Filippseyjum, starfsfólkið að mestu farið í aðra atvinnu, miklar birgðir í landinu fluttar inn á lággengi og fjárhagur fyrirtækisins lamaður. Framleiðslan var 180 tonn árið 1950, en var komin upp í 270 tonn árið 1955.

Frímann Ólafsson stjórnaði Hampiðjunni, þegar allur ársaflinn var veiddur með framleiðslu innlenda veiðarfæraiðnaðarins og einnig á tímum mestu erfiðleika í sögu félagsins, þegar leyfður innflutningur nam meiru en notkuninni og veiðarfæraiðnaðinum var ætlað að bera þær byrðar, er aðrar atvinnugreinar gátu ekki borið.

Frímann andaðist 8. jan. 1956. Hafði hann þá stjórnað fyrirtækinu í nærri 14 ár af dugnaði og fyrirhyggju.

Hampiðjan í dag.

Við starfi Frímanns Ólafssonar tók Hannes Pálsson, skipstjóri. Hófst hann strax handa um að stækka fyrirtækið, svo að það yrði samkeppnishæfara og gæti betur gegnt hlutverki sínu. Vélar fyrirtækisins voru orðnar slitnar eftir hina miklu notkun stríðsáranna. Var nú gerð áætlun um endurskipulagningu með nýjustu gerð véla, afkastmeiri og hagkvæmari í rekstri en gömlu vélarnar.

Árið 1956 voru vélakaupin leyfð, og árið 1957 stækkun á verksmiðjuhúsinu. Framkvæmdabanki Íslands lánaði til vélakaupanna, og sigldi Hannes til Írlands og samdi um smíði á vélasamstæðu, sem getur þrefaldað afkastagetu fyrirtækisins. Unnið var að stækkun verksmiðjuhúsanna 1957 og 1958. Er nú gólfflötur fyrirtækisins 3720 fermetrar. Grunnhæð er um 1700 ferm. og eru þar vélasalir. Á efri hæðum eru skrifstofur, netastofa, salur til að fullgera botnvörpur, veiðarfærageymsla, hampgeymsla og geymslur fyrir fullunnar vörur.

Vegna mikillar vinnu við byggingar tafðist uppsetning vélanna, en fyrir nokkru er lokið við að koma fyrir þeim vélum og tækjum, sem tilheyra þeim áfanga, er eykur framleiðsluna á botnvörpugarni, og getur fyrirtækið nú fullnægt þörfum alls togaraflotans á þeirri vöru. Næsti áfangi er að fá vélar til fjölbreyttari framleiðslu og standa vonir til, að þess muni ekki langt að bíða. Framleiðsla Hampiðjunnar síðustu 3 árin var sem hér segir:

	1956	1957	1958
Botnvörpugarn úr manilahampi	238 tonn	317 tonn	380 tonn
Bindigarn úr sísal	20 —	34 —	28 —
Aðrar vörur	6 —	8 —	9 —
	264 tonn	359 tonn	417 tonn

Innflutt tilbúin veiðarfæri 1958:

Botnvörpugarn	205	tonn	Cif.	verð	kr. 2 509 000
Færi og línur	605	—	—	—	— 5 511 000
Öngultaumar	34	—	—	—	— 1 463 000
Grastóg	58	—	—	—	— 387 000
Kaðlar	1204	—	—	—	— 12 812 000
Fiskinet úr nylon	330	—	—	—	— 29 973 000
Fiskinet úr öðru	158	—	—	—	— 5 091 000
Netateinungar	3	—	—	—	— 80 000
	2597	tonn	Cif.	verð	kr. 57 826 000

Innflutt efni í veiðarfæri 1958:

Netagarn ólitað úr gerfiþráðum	19	tonn	Cif.	kr. 1 034 000
Netagarn úr baðmull	27	—	—	— 682 000
Netagarn úr hör	10	—	—	— 182 000
Netagarn úr hampi	14	—	—	— 233 000
Hampur óunninn	485	—	—	— 2 862 000
	555	tonn	Cif.	kr. 4 993 000

Innflutningur veiðarfæra úr spunaefnum og gerviefnum var samtals 1958 3 152 tonn fyrir 62.8 millj. kr., eða um 94 millj. kr. með yfirfærslugjaldi. Þar af eru tilbúin veiðarfæri 92% af verðmæti, en efni í veiðarfæri fyrir innlenda iðnaðinn aðeins um 8%.

Þótt Íslendingar eigi mest undir fiskveiðum allra þjóða veraldar virðist veiðarfæraiðnaðurinn hafa átt hér ótrúlega erfitt uppdráttar. Athyglisverðasta við starf Hampiðjunnar er sú staðreynd, að starfsemin hefur engrar tollverndar notið. Þvert á móti hefur innflutningsverzlunin notið margvíslegra skattfríðinda fram yfir þennan iðnrekstur. Þótt veiðarfæraiðnaðurinn keppi við erlent markaðsverð eins og sjávarútvegurinn, fær hann enga fyrirgreiðslu á tímum verðbólgu og rangrar gengisskráningar.

Á s. l. 25 árum hefur Hampiðjan framleitt um 6000 tonn af botnvörpugarni, botnvörpum og fiskilínum. Hnýting botnvörpuneta fer aðallega fram í heimahúsum af fólki, sem getur ekki sótt vinnu frá heimilum sínum vegna sjúkleika, eða af öðrum ástæðum. Tekur vinna þessi ekki vinnuafl frá öðrum atvinnugreinum, en notar vinnuafl heimilanna til þátttöku í gjaldeyrissparnaði. Á s. l. ári voru greiddar kr. 1 306 500.00 fyrir netahnýtingu í heimahúsum í Reykjavík.

Fyrirtækið hefur auk þess starfrækt netastofu á Eyrarbakka síðan árið 1939. Þar fellur vinna niður á sumrin og einnig á vertíð, nema um langvarandi landlegu sé að ræða. S. l. ár voru greiddar kr. 232 þús. fyrir netahnýtingu á Eyrarbakka.

Hampiðjan hefur jafnan haft duglegu starfsfólki á að skipa, enda ber starfsemin þess merki. Skrifstofustjóri er Hilmar Þórhallsson, yfirverkstjóri í verksmiðjunni er Björn Magnússon, yfirverkstjóri netagerðar Jón Sigurðsson, afgreiðslumaður Gunnar Jóhannsson og vélfræðingur Bergur Jónsson. Allir eru þessir menn framúrskarandi starfsmenn og gjörþekkja sitt starfssvið. Á fyrirtækið m. a. starfsfólki sínu að þakka, að það þarf enga fyrirgreiðslu aðra en drengilega jafnréttisaðstöðu við aðrar atvinnugreinar, en á því hefur orðið misbrestur.

Við uppbyggingu og öflun hráefna hefur Hampiðjan notið margvíslegrar fyrirgreiðslu á undanförnum aldarfjórðungi. Landsbanki Íslands studdi fyrirtækið fyrsta fetið og er aðalviðskiptabanki þess. Í mestu erfiðleikum stríðsár-

anna vann Thor Thors sendiherra ómetanlegt starf fyrir veiðarfæraiðnaðinn og fiskveiðarnar með útvegun á hampi frá Bandaríkjunum, þegar annað brást. Ráðherrar og ráðuneytisstjórar hafa ávallt sýnt í verki velvilja við lausn margra vandamála. Við þá uppbyggingu er nú á sér stað ber sérstaklega að þakka núverandi iðnaðarmálaráðherra, Gylfa Þ. Gíslasyni, er beitti sér persónulega fyrir leyfisveitingum til vélakaupa og stækkunar á verksmiðjuhúsum. Framkvæmdabanki Íslands lánaði fyrir nýju vélunum.

Öllum þessum aðilum, ásamt viðskiptamönnum fyrirtækisins, er margir hafa haldið tryggð við það frá upphafi, vilja forráðamenn Hampiðjunnar þakka þátttöku í uppbyggingu atvinnugreinar, sem hefur verið of lengi vanrækt.

Í greinargerð, er fyrsti forstjóri fyrirtækisins skrifaði fyrir 25 árum síðan. kemst hann m. a. að orði á þessa leið:

„Ýmsir telja mjög vafasamt, hvort hægt sé að telja iðnaðinn til atvinnuvega landsins. Þeir telja jafnvel ekki æskilegt, að svo verði nokkurn tíma, með því að skilyrði vanti að mestu eða öllu leyti til þess að iðnaður verði rekinn hér, svo að til þjóðþrifa megi teljast.

Iðnaðinum hefur verið fundið það til foráttu, að hann skapaði engin útflutningsverðmæti, en notaði hins vegar að mestu erlend aðkeypt hráefni. Hefur það jafnvel staðið í víðlesnum blöðum, ritað af áhugamönnum í þjóðlífinu, að iðnaður, sem ynni úr erlendum hráefnum ætti engan rétt á sér, aðeins hinn, sem ynni úr þeim innlendu.

Væri þessi staðhæfing rétt og algild regla um iðnaðarstarfsemi í heiminum yfirleitt, þá mundi ekki verða mikið úr iðnaði ýmissa þjóða, sem nú teljast mestu iðnaðarþjóðir.

Það virðist sem sé ekkert aðalatriði hvaðan hráefnin eru keypt, getur enda oft verið hagkvæmara að flytja út innlenda hráefnið og kaupa í staðinn önnur erlend, sem betur henta til vinnslu fyrir innlendan markað. Er í þessu margt sem kemur til greina, og skal ekki farið frekar út í það hér. En hitt er aðalatriðið, að vinnan, tæknin og þar með fjölþættara atvinnulíf og menning aukist í landinu. Að því miðar tvímælalaust hinn ungi innlendi iðnaður að svo verði."

Með þetta sjónarmið forgöngumannsins var Hampiðjan stofnuð. Á sínu sviði hefur fyrirtækið sannað, að hann hafði rétt fyrir sér. Má nú með hagkvæmri nýtingu veiðarfæraiðnaðarins vinna að gjaldeyrissparnaði, er nemur andvirði nýtízku togara árlega.

Við upphaf annars aldarfjórðungs í starfssögu Hampiðjunnar blasa við ný verkefni, nýjar fyrirætlanir og trú á að fyrri tíma mistök verði ekki endurtekin. Það sem er sérstaklega ánægjulegt við þessi tímamót er það, að forráðamenn þjóðarinnar, hagfræðingar og bankastjórar hafa áhuga á eflingu veiðarfæraiðnaðarins til sparnaðar á hinni ört vaxandi gjaldeyrisþörf. Standa vonir til, að ekki muni langt að bíða viðurkenningar og jafnréttis í þessari atvinnugrein. Munu þá ekki líða mörg ár, þar til Íslendingar fara að flytja út veiðarfæri af framleiðslu umfram þarfir veiðiflotans.

Fylgiskjal 3.

Vestmannaeyjum 12/9 1965.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS,
Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf yðar frá 8/1 1965, þar sem óskað er ýmissa upplýsinga um stofnun og starfsemi félagsins og fleira.

Upplýsingar þær, er hér fylgja á eftir, eru e. t. v. lengra mál en til var ætlazt, en vart svo lífrænar sem skyldi, því félagið neyddist til að hætta störfum fyrir nokkrum árum.

1.

Ekki verður með vissu sagt, hvenær þorskanetaveiði hefst hér við land, en í ferðabók sinni frá árunum 1775—1777 hvetur Olavíus til þess að landsmönnum verði kennd þessi veiðiaðferð. Hann bendir á, að við Ísafjarðardjúp, þriðja veturinn sem Norðmenn voru þar, hafi þorskanet verið lögð þar 15 sinnum á tímabilinu febr. til miðs apríls, og í þau aflazt um 1100 af feitum þorski, ýsu og löngu og enn fremur einn selur.

Hér við Vestmannaeyjar er fyrst vitað til að þorskanet hafi verið lögð í sjó árið 1908. Var það þann 11. apríl að Þorsteinn Jónsson í Laufási, að áeggjan Bjarna Sæmundssonar fiskifræðings, lagði 10 net 16 möskvadjúp, en netin hafði hann keypt í „GOODHAAB"-verzluninni í Reykjavík, en henni veitti þá forstöðu Thor Jensen. Tilraun þessi misheppnaðist algjörlega. Næstu árin voru gjörðar frekari tilraunir með þorskanet, en þær báru ekki tilætlaðan árangur, enda þótt þær sýndu ótvírætt, að hægt var að veiða fisk í net hér við Eyjar. Það er ekki fyrr en árið 1913, að norskur maður, A. Förland að nafni, byrjaði að veiða hér í þorskanet, með mjög góðum árangri, enda hafði hann áður stundað þorskanetjaveiðar við Noregsstrendur. Var þar með brautin rudd fyrir hinum miklu þorskanetjaveiðum hér, og á árunum 1916—1919 voru flestir eða allir útvegsmenn búnir að taka þorskanet á báta sína. Um næstu áratugabil voru svo þorskanetin langsamlega þýðingarmesta veiðarfæri flotans, og þótt miklar breytingar hafi orðið á veiðitækni, hafa þó þorskanetin enn þýðingarmiklu hlutverki að gegna.

Það lætur að líkum, að miklu meira magn þurfti að nota af þorskanetjum á svo stóran flota, en hægt var að handhnýta hér á landi, og voru því þorskanetjaslöngur keyptar að mestu leyti frá Bretlandi og Noregi um nálega tvo áratugi. Þessi skipan þótti ekki hagkvæm né til frambúðar og ýmsir útgerðarmenn töldu nauðsynlegt að Eyjamenn kæmu sér upp eigin netjagerð.

Mál þetta var síðan tekið til umræðu í Útvegsbændafélagi Ve., og á fundi sem haldinn var 18. ágúst 1936, var samþykkt að stjórn félagsins tæki að sér forsjá málsins og leitaði eftir hlutafé meðal útvegsmanna. Hagur útvegsins stóð yfirleitt mjög höllum fæti um þessar mundir og svo var og í Vestamannaeyjum, og tókst ekki að fá hlutafjárloforð fyrir meira en kr. 16 900.00. Þótt ekki blési byrlega, var þó félagið stofnað 29. september 1936 og nefndist NETAGERÐ VESTMANNAEYJA h.f., og stóðu að því flestir starfandi útvegsmenn í bænum eða 54 talsins. Fyrir milligöngu Björns Ólafssonar buðust félaginu strax kaup á tveimur notuðum netjahnýtingavélum frá Þýzkalandi fyrir mjög lágt verð, eða 13. þús. kr. hvora. Viggó Björnsson bankastjóri Útvegsbankans í Ve. veitti félaginu sérstaka fyrirgreiðslu með kaup á vélunum, og svo skjótlega var að þessum málum unnið, að vélarnar voru komnar til landsins það fljótt, að netjagerðin var tekin til starfa 3. nóv. 1936. Fékk félagið inni með vélar sínar og starfrækslu í svonefndri Austurbúð, en þar hafði Brydes-verzlunin áður verið til húsa. — Árið 1938 kaupir félagið netjahnýtingavél Sigurjóns Péturssonar „Álafoss" og árin 1946—1947 byggir það eigið verksmiðjuhús við Heiðarveg og kaupir þá jafnframt 2 nýjar netjahnýtingavélar frá Bretlandi.

Eftir að nylonnetin komu til sögunnar og næstu árin á eftir þrengdist svo mjög hagur félagsins, að það að lokum varð að hætta störfum. Samkv. kröfu Útvegsbankans hér voru eignir félagsins (verksmiðjuhús og vélar) seldar á nauðungaruppboði. Bankinn keypti eignir þessar fyrir kr. 1 550 000.00.

2.

Aðalframleiðsluvara félagsins voru þorskanetjaslöngur, bálkar í síldar- og dragnætur, reknet og öngultaumar. Framleiðslan mun láta nærri að hafa verið:

1936—1940	47 868	þorskanetaslöngur
1941—1948	40 384	—

1949—1953	44 187	þorskanetaslöngur
1954—1958	9 901	—
Enn fremur	3 500	bálka í dragnætur og síldarnætur og reknet
—	30	milljónir öngultauma.

3.

Þorskanetin voru í fyrstu að langmestu leyti framleidd úr hampgarni og lítið eitt af hör, og var garnið að mestu keypt beint frá Ítalíu. Skömmu eftir að heimsstyrjöldin skall á, lokaðist þessi markaður algjörlega, og olli það félaginu ýmsum örðugleikum, því ógjörningur reyndist að fá hampgarn keypt annars staðar þá. Úr þessu rættist þó á þann hátt að félaginu tókst að fá bómullargarn frá Bandaríkjunum næstu árin og síðar örlítið af hampgarni frá Bretlandi. Voru nú þorskanetin framleidd að mestu úr bómullargarni næstu árin og reyndist þetta nýmæli sæmilega. Eftir að styrjöldinni lauk eða frá 1949 var aftur farið að framleiða þorskanetaslöngur nær eingöngu úr hampgarni, en eftir 1954, er nylonnetin koma til sögunnar, eru ekki framleiddar þorskanetaslöngur úr öðru en nylon.

4.

Netahnýtingavélar:

Tvær, 200 skyttur hvor, keyptar notaðar frá Þýzkalandi 1936. Í hvorri þessari vél var hægt að hnýta: 11/16 möskva net, 7/26 möskva eða 5/36 möskva samtímis.

Ein, 250 skyttur gömul (Álafossvélin). Í vélina vantaði nokkrar skyttur og var því ekki hægt að hnýta í henni í einu nema sem svaraði 8 netjum, 26 möskva djúp.

Ein, 200 skyttur ný, keypt frá Bretlandi. Í þessari vél var hægt að framleiða sama magn í hverri umferð og í þýzku vélunum, eða sem svarar 7/26 möskva net í hverri umferð.

Ein, 300 skyttur ný, keypt frá Bretlandi. Í vélinni var hægt að hnýta 10/26 möskva net í hverri umferð, eða 8/26 m og 2/36 möskva.

Með vélum þessum fylgdu að sjálfsögðu tilheyrandi spóluvélar og strekkjari. Tvær litlar taumavélar. Öll voru þessi tæki rafknúin.

5.

Eins og áður greinir, hóf félagið starfsemi sína í svonefndri Austurbúð, sem er stórt og reislulegt hús frá eldri tíma, byggt úr tilhöggnu mógrjóti árið 1880. — Árin 1946—1947 byggir félagið sitt eigið verksmiðjuhús við Heiðarveg hér. Hús þetta er 25 m á lengd og 15 m á breidd, tvær hæðir og kjallari og brunnur undir nokkrum hluta þess. Vinnusalur var bjartur og rúmgóður, og herbergi fyrir kaffidrykkju og hreinlætistæki voru á neðri hæð, á efri hæð skrifstofur og geymsla. Í vinnusal voru 5 netjahnýtingavélar auk annara tækja.

6.

Í verksmiðjunni unnu mest 15—16 stúlkur auk verkstjóra. Allt var þetta ófaglært fólk nema verkstjóri með vélstjóraréttindi. Aldur starfsfólks var mjög breytilegur eða frá 16 til 60 ára.

7.

Við stofnun félagsins og næstu ár á eftir mátti telja starfskilyrði hagkvæm. En á árunum 1942—1948 minnkar framleiðsla félagsins stórlega á þorskanetjum, sem m. a. stafaði af erfiðleikum með útvegun á hráefni af styrjaldarorsökum, og minnkandi sölu þorskanetja vegna breyttrar veiðitækni — troll og dragnót. Á næstu árum 1949—1953 fer framleiðsla og sala félagsins vax-

andi, þrátt fyrir aukna samkeppni við innflutning tilbúinna þorskanetja frá útlöndum.

En á árinu 1953 koma fyrst til sögu þorskanet úr nýju efni — nylongarni. Net úr þessu efni voru lítið eitt reynd hér á vertíð 1953, án þess að sú tilraun vekti nokkra sérstaka athygli. En um haustið voru slík net notuð við Faxaflóa, með svo góðum árangri að undrun sætti. Varð nú upp fótur og fit hjá útgerðarmönnum hér að afla sér netja úr þessu efni, og var unnið að því með þeirri djörfung og festu, sem er einkennandi fyrir útgerðarmenn hér. Og nú varð hrein bylting, svo snögg urðu umskiptin. Hampnetin, sem um áratugi höfðu verið aðalveiðarfæri Eyjabátanna og borið uppi afla þeirra, voru nú algjörlega dæmd úr leik, því á vertíðinni 1954, er nylonnetin voru almennt tekin í notkun, seldi félagið aðeins milli 2—3 þús. net, eða um 25% af ársframleiðslu félagsins á hampnetjum, í stað þess að ársframleiðsla félagsins seldist venjulega öll á hverri vertíð.

Félagið gerði fljótlega tilraun með framleiðslu og sölu á netjum úr nylongarni, en þar var við margvíslega örðugleika að etja m. a. hina tæknilegu hlið málsins í fyrstu, vaxandi framleiðslukostnað, efnið ákaflega dýrt í innkaupum en rekstursfé takmarkað, og svo hin geysilega samkeppni af hálfu hinna erlendu framleiðenda um sölu og innflutning á þessari vörutegund. Of langt yrði að rekja þá sögu hér, aðeins bent á hinar fjölmennu hópferðir íslenzkra útgerðarmanna til útlanda í boði hinna erlendu netjaverksmiðja, fyrir milligöngu umboðsmanna þeirra hér, enda talar þetta sínu máli.

Engar hömlur voru á innflutningi nylon-þorskanetja, en kunnugt var að hinir erlendu netjaframleiðendur nutu og njóta ýmissa fríðinda s. s. með niðurgreiðslu á hráefni, framleiðslustyrki og tollverndar af hálfu ríkisstjórna sinna landa, (sbr. gr. H. P. í Ísl. iðnaður 1964). Veiðarfæraiðnaðurinn hér hafði ekki notið slíkra fríðinda af hálfu stjórnarvalda landsins, og þegar þess var farið á leit af félaginu og Netjag. B. B. við Iðnaðarmálaráðuneytið, að þessi aðstöðumunur yrði að einhverju leyti jafnaður, m. a. með því að viðskiptagjaldið, sem var 55% yrði lækkað í 30% af netjagarni, fengu þessar óskir og aðrar engan hljómgrunn.

Þessi mál skulu ekki rakin hér frekar, aðeins bent á að lokum þá ömurlegu staðreynd, að þrjú fyrirtæki veiðarfæraiðnaðarins hafa orðið að hætta störfum og hið fjórða berst nú mjög í bökkum.

8.

Félagið hefur fyrir nokkrum árum hætt störfum fyrir fullt og allt. Tildrögin eru að nokkru rakin hér að framan, en til viðbótar skal þess getið, að á árinu 1958 var gerð áætlun um aukna framleiðslu í 3000/4000 net, en viðskiptabanki félagsins, Útvegsbankinn, synjaði um rekstursfé, nema með þeim skilyrðum sem ekki reyndist unnt að fullnægja.

Þótt félagið hafi hætt störfum, hefur það ekki orðið gjaldþrota.

Virðingarfyllst,

NETAGERÐ VESTMANNAEYJA h.f.

Eiríkur Ásbjörnsson. Martin Tómasson.
Jónas Jónasson. Guðjón Jónsson.

Fylgiskjal 4.

Greinargerð um starfsemi og þróun netaverksmiðjunnar
BJÖRN BENEDIKTSSON H.F.
(Tekin saman að beiðni Veiðarfæraiðnaðarnefndar dags. 8/1/1965).

1. Ágrip af sögu fyrirtækisins.

Aðalstofnandi og eigandi fyrirtækisins, Björn Benediktsson, hafði rekið netagerð allt frá árinu 1924, sem annaðist hvers konar tilbúning, viðhald, litun og geymslu hvers konar veiðarfæra fyrir bátaflotann. Árið 1933 byggði hann yfir starfsemi þessa hús við Holtsgötu og Ánanaust í Reykjavík, sem með síðari stækkunum varð langstærsta og um langt árabil fullkomnasta bygging sinnar tegundar hér á landi. Mun láta nærri, að um árabil hafi t. d. upp undir helmingur allra síldarnóta í landinu verið í viðhaldsumsjá og geymslu netagerðarinnar og talsverður hluti síldarnóta verið settur upp þar, auk margs konar annarra veiðarfæra. Var jafnan rekið útibú á Siglufirði á síldarvertíð og stundum víðar.

Starfsmenn fyrirtækisins skiptu einatt mörgum tugum og hefur margt fólk, sem enn starfar sem netagerðarmenn lært hjá Birni.

Ýmiss konar veiðarfæratilraunir, litunarrannsónir og nýjungar í veiðitækni og viðhaldi veiðarfæra áttu rætur að rekja til starfsemi þessa fyrirtækis. M. a. var fyrsta hringnótin teiknuð og sett upp af Birni Benediktssyni fyrir Bjarna Andrésson útgm. á vélbátinn Dagsbrún.

Að undanskilinni nokkurri vélanotkun í litunardeild var eingöngu um handverk að ræða með svipuðum hætti og í hliðstæðum fyrirtækjum, sem gegna sama hlutverki í dag. Að jafnaði var unnið úr innfluttu fullunnu efni, ef undan er skilið korkflot (B. B. stofnaði ásamt fleirum Korkiðjuna h.f.), blýkúlur og handhnýtt efni.

Verður þessi forsaga netaverksmiðjunnar látin nægja, en benda má til frekari upplýsinga á grein eftir Ól. B. Björnsson í 7.—9. tölublaði tímaritsins Akranes, árið 1951, þar sem er að finna margháttaðan fróðleik um starfsemi stofnanda fyrirtækisins allt til þess árs.

Björn Benediktsson gerði sér ljóst, þegar fyrir síðari heimsstyrjöldina, hvert hagræði yrði að því að geta framleitt í landinu að vild og eftir þörfum fyrir íslenzkar aðstæður net og nótaefni, sem á þessum tíma var allt úr náttúrulegum efnum, baðmull og hampi (manila, sísal og ítölskum hampi). Kom þetta reyndar enn þá betur í ljós á stríðsárunum, er bagalegur hörgull var á nothæfu nótaefni hér. Hafði hann þegar gert ráðstafanir til að kaupa hnýtingarvélar (3) fyrir styrjöldina frá Þýzkalandi, en af því gat þó ekki orðið. Kom þar til m. a. fjárskortur, en styrjöldin gerði svo þessi áform að engu um sinn.

Að styrjöldinni lokinni tók Björn þetta mál upp á ný. Nú var Nýbyggingarráð komið til sögunnar og samþykkti það að taka áætlanir hans upp sem lið í nýsköpun atvinnuveganna. Pantaði B. B. nú 7 netahnýtingarvélar frá Frakklandi og var svo ráð fyrir gert, að fé yrði lánað af Stofnlánadeild sjávarútvegsins. Þegar til átti að taka, reyndist Stofnlánadeildin þurrausin.

Af þessum sökum ákvað B. B. nú að stofna hlutafélag um reksturinn og afla fjár þannig. Var það stofnað 9. okt. 1948 undir heitinu Björn Benediktsson h.f., netaverksmiðja.

Ráðizt hafði verið í byggingu viðbótarhúss til að hýsa hina nýju véladeild. Kom fyrsta vélin af 5 til landsins 1948, en hin síðasta haustið 1950. Fleiri urðu þær ekki.

Við margs konar erfiðleika hafði verið að stríða við að koma þessari nýframleiðslu á fót, en hinn 26. maí 1949 brann allt fyrirtækið til kaldra kola og þar með mikill fjöldi síldarnóta og margs annars.

Sköpuðust nú gerbreytt viðhorf. Ógerlegt reyndist að endurbyggja hina gömlu netagerð með hjöllum og tilheyrandi, sem var stærsta fyrirtæki landsins sinnar tegundar og átti að nýta meginhluta hinnar nýju netaframleiðslu. Þess í stað var byggt yfir vélhnýtinguna eingöngu. Í þessari mynd var fyrirtækið orðið eingöngu netaverksmiðja, sem þurfti að keppa við erfiðar aðstæður við um 20—25 erlendar netaverksmiðjur, sem hér höfðu átt margar hverjar öruggan sess um langt árabil. Af ástæðum, sem síðar verður vikið að, var ákveðið að hætta rekstri fyrirtækisins, a. m. k. um sinn, árið 1963. Stofnandi Björns Benediktssonar h.f. var framkvæmdastjóri þess til dauðadags 1957, en þá tók við Haraldur Gíslason, sem áður hafði annazt framleiðslustjórn og verið hægri hönd B. B. í hvívetna.

2. Tegundir og magn framleiðsluvöru.

Í vélum fyrirtækisins var hægt að framleiða síldarnet, síldarnætur, þorskanet, ýsunet, loðnunætur, silunganet, laxanet, snurvoðir, kolanet, hrognkelsanet, selanet o. fl. í möskvastærðum allt frá 9—160 mm úr hvers konar garni, svo sem baðmull, hampi, hör, nylon.

Mest var framleitt á ári úr 30/35 tonnum garns. Að samsetningu var framleiðslan mjög breytileg frá ári til árs. Að jafnaði var framleitt mest af þorskanetaslöngum (3300—5000 stk.), snurpunótanefni (5—10 síldarnótaslöngur) og reknetaslöngur (1000—1500 stk.) auk annars.

Í rauninni starfaði fyrirtækið í þremur deildum: véladeild, uppsetningardeild og litunardeild. Var framleiðslan seld á ýmsum vinnslustigum allt frá neti eins og það kom úr vélunum til fullgerðra veiðarfæra.

3. Hráefni.

Um þær mundir, er stofnað var til verksmiðjunnar, voru aðalnetaefnategundir: baðmull til síldarneta og -nóta, ítalskur hampur til þorskaneta, en þetta voru aðalframleiðslutegundir verksmiðjunnar, eins og áður hefur komið fram. Baðmullargarn var að jafnaði keypt inn frá belgísku spunaverksmiðjusambandi. Var það gert úr ameríska baðmull, en garnið framleitt skv. fyrirmælum netaverksmiðjunnar. Hampgarn til þorskaneta var yfirleitt keypt frá Danmörku eða Ítalíu, unnið úr ítölskum hampi. — Um magntölur vísast til framleiðslu í lið nr. 2.

Þegar á árinu 1950 var á vegum fyrirtækisins farið að kanna möguleika á framleiðslu síldarnóta, rekneta og þorskaneta úr gerviefnum. Var kannað vestanhafs um útvegun á nylongarni í þessu skyni. Þetta bar þann árangur, að algjörlega var hætt við framleiðslu á hampþorskanetaslöngum 1953, en fyrstu nylonþorskanetin frá verksmiðjunni voru sett á markað árið 1952. Fyrsta nylonsíldarnótaslangan var hnýtt árið 1956. Var þetta fyrsta nylonsíldarnótin, sem notuð var til síldveiða við Ísland. Kaupandi var Ingvar Vilhjálmsson útgerðarmaður, Reykjavík, og var nótin notuð af vélskipinu Hafþóri, skipstjóri Valdimar Árnason. Mun óhætt að fullyrða, að þetta frumkvæði netaverksmiðjunnar hafi mjög flýtt fyrir þeirri þróun, sem átti sér stað í ríkum mæli árin á eftir að gera síldarnætur og þorskanet úr gerviefnum, sem reyndust veiðnari, sterkari og endingarbetri, en hin eldri gerð neta.

Þar sem garn úr gerviefnum reyndist allt að fimm sinnum dýrara, a. m. k. í byrjun, en tilsvarandi baðmullar- og hampgarn, krafðist framleiðslan mun meira rekstursfjár en áður og olli þetta fyrirtækinu geysimiklum erfiðleikum.

Nylongarn, sem verksmiðjan notaði var í fyrstu flutt inn frá U.S.A., en síðar frá Stóra-Bretlandi og Frakklandi, þegar þessi lönd gátu boðið þessa vöru og þá á mun hagstæðara verði en bandarískar garnverksmiðjur.

Eins og reynd var á hjá netaverksmiðjum víða um lönd, reyndist það nokkrum erfiðleikum háð að komast yfir tæknilega örðugleika, er fylgdu því að fram-

leiða net úr gerviefnum. Höfuðvandamálið var fólgið í haldgóðri festingu hnúta. Þetta vandamál tókst að leysa að miklu leyti, en hefði verksmiðjan átt að starfa áfram, hefði verið óhjákvæmilegt að festa verulegt fjármagn í tækjum (heat-setting) til hnútafestingar.

4. Vélakostur.

Eins og áður segir, voru netahnýtingarvélar fyrirtækisins fimm að tölu. Voru þær allar keyptar beint frá framleiðendum í Frakklandi, sem um áratugaskeið höfðu verið leiðandi í smíði slíkra véla. Voru tvær þeirra af Zang-gerð (unnu líkt og vefstólar), en þrjár af Sereville-gerð (einspóluvélar — unnu með einum þræði). Af ráðagerðum um vélar til framleiðslu á botnvörpuneti úr hampi og sísal varð ekki.

Vélakosturinn var að samsetningu til valinn með tilliti til þess, að framleiða fyrst og fremst síldarveiðarfæri úr baðmull, en engu að síður var unnt að framleiða fleiri tegundir neta, sbr. lið nr. 2. Upphaflega var reiknað með að framleiða mætti með 48 klst. vinnuviku, sem svaraði úr 40 tonnum baðmullargarns árlega, enda þótt sú framleiðslugeta nýttist aldrei, svo sem síðar skal vikið að.

Auk hnýtingarvéla átti fyrirtækið hjálparvélar, svo sem spólu- og strekkingarvélar, miðflóttaafls bikunarvél, auk rannsóknartækja fyrir garn, sjálfritandi vökvaknúna togþolsvél, snúðteljara o. fl.

Þegar þetta er ritað, hafa netahnýtingarvélarnar ýmist verið rifnar eða fluttar úr landi. Einspóluvélarnar reyndist ekki unnt að nota til framleiðslu á síldarnótaefni úr nylon, sem nú er notað, þar sem þær komust ekki niður í svo smáa möskva sem þurfti. Hafði þetta þau áhrif, að aðaláherzlan var lögð á framleiðslu nylonþorskaneta í Zang-vélunum, en einspóluvélarnar urðu verkefnislausar, sér í lagi þar sem reknetaútgerð féll svo til með öllu niður hér við land um 1960.

5. Húsakostur.

Verksmiðjubygging hlutafélagsins stendur við Holtsgötu og Ánanaust. Gólfflötur er 650 m² og húsið tvílyft, byggt úr steinsteypu. Er það um þessar mundir leigt út fyrir netagerð (viðtald og uppsetningu síldarnóta).

6. Starfsmannahald.

Starfsfólk í véladeild fyrirtækisins, ef frá er talinn verkstjóri með vélum, var aðallega ófaglærðar stúlkur, sem önnuðust stjórn véla og gæðaeftirlit, 8—10 að tölu.

Í uppsetningardeild var hins vegar um faglegan vinnukraft að ræða, karl og konu, mismunandi margt eftir verkefnum, að jafnaði um fimm manns. Málaferli risu vegna kröfu fagfélags netagerðarmanna um sérréttindi til að stjórna hnýtingarvélum. Hæstaréttardómur féll á þá leið, að fyrirtækið var sýknað, enda kunnátta netagerðarmanna engin á þessu sviði.

7.—8. Starfsskilyrði — samkeppnisaðstaða.

Eins og áður er komið fram, gerbreyttust væntanleg starfsskilyrði fyrirtækisins til hins verra, er netagerðin, sem áður getur, brann í þann mund, er hefja skyldi vélræna framleiðslu. Afsetningarmöguleikar, sem áður höfðu mátt teljast tiltölulega tryggir og þar með nýting þeirra fjármuna, sem lagðir höfðu verið í aukningu fyrirtækisins, urðu í einu vetfangi ótryggir og aðstæður allar hinar erfiðustu.

Tollamál.

Í upphafi hafði verksmiðjan orðið að greiða í tolla af vélakostinum, aðflutningsgjöld og söluskatta, sem námu u. þ. b. andvirði sjöttu netahnýtingarvélarinnar (rúml. 21% af CIF-verði) eða rúml. 100 þús. kr. Til viðbótar þessu

var framleiðslunni íþyngt með tollum og söluskatti af litarefnum (koltjöru og barkarlit), sem voru samtals í kringum 25% af CIF-verði. Af garni var hins vegar aðeins greiddur lágur vörumagnstollur.

Á sama tíma var tollur af innfluttum netum aðeins tæp 3.3% og gilti þá einu í hverju ástandi var. Með rökstuddri greinargerð, sem send var fjármálaráðuneytinu 22. nóv. 1952, var sýnt fram á, að framleiðsla verksmiðjunnar gildi „öfugrar tollverndar", þannig, að ef umreiknaðir væru tollar og söluskattar af vélum pr. framleidda einingu og að auk tekið tillit til tolla og söluskatts af litarefnum á sama hátt, væri íslenzkum framleiðanda gert að greiða um 38.5% hærri aðflutningsgjöld en greiða þyrfti af sömu tegund og magni innflutts nets (úr baðmull).

Með lögum um breytingu á tollskrá 4. febr. 1953, var komið að talsverðu leyti til móts við óskir verksmiðjunnar um lagfæringar með því m. a. að heimiluð var endurgreiðsla aðflutningsgjalda (ekki söluskatts) af vélum til netagerðar. Hefur síðan verið heimilt að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.

Fjármál.

Eins og áður hefur komið fram, reyndist Stofnlánadeild þess ómegnug að leggja fé fram til fyrirtækisins. Fjárhagsgrundvöllur starfseminnar varð því mun veikari að öllu leyti en efni höfðu staðið til. Útvegsbanki Íslands sá fyrirtækinu að talsverðu leyti fyrir rekstursfé, en það var jafnan af skornum skammti. Kom þetta fram í því m. a., að fjárhagurinn leyfði litla sem enga birgðasöfnun. Framleiðslan varð því meira eða minna vertíðabundin, og vofði sú hætta jafnan yfir, að starfsemin lamaðist algjörlega, ef misbrestur yrði á sölu. Af þessum ástæðum varð framleiðslan jafnan mun minni en afkastagetan leyfði. Mátti teljast ára sæmilega, þegar vélar gengu sem svaraði 60% einnar vaktar vinnuviku.

Með tilkomu gerviefna, sem voru miklu dýrari en baðmull og hampur, varð fjárþröng starfseminnar mun meiri en áður, enda þótt nokkur rýmkun á rekstrurslánum ætti sér stað.

Samkeppnisaðstaðan.

Þrátt fyrir margvíslega örðugleika reyndist samkeppnisaðstaðan ekki verri en svo, að allar líkur eru til að fyrirtækið hefði haldið velli, ef eingöngu hefði verið um evrópska keppinauta að ræða.

Sú framleiðsluvara, sem ef til vill náði mestri hylli sjómanna var reknet og reyndist það því alvarlegt áfall, er reknetaútgerð féll með öllu niður.

Er innflutningur japanskra neta til landsins hófst fyrir alvöru, syrti fyrst fyrir alvöru í álinn fyrir verksmiðjuna. Gilti það reyndar engu síður um aðstöðu evrópskra framleiðenda á netamarkaðnum hér. Var ekki einasta, að Japanir virtust hafa óbilandi þol til að bjóða keppinauta sína í kútinn í verði, heldur gátu þeir einnig boðið vöru, sem stóð framarlega að gæðum. Náðu þeir á stuttum tíma stórum hluta íslenzka netamarkaðarins öðrum en í botnvörpuneti, þar sem gerviefni hafa ekki komið til sögunnar fyrr en alveg nýverið.

Þegar kom fram á þennan áratug, 1962—1963, varð fyrirtækið að gera þá spurningu upp við sig, hvort spyrna skyldi við fótum, stórauka og fullkomna vélakostinn með tilsvarandi aðgerðum og fjárfestingu eða leggja árar í bát. Þótt ekki væri sú ákvörðun léttilega tekin, kom það af sjálfu sér að velja síðari kostinn.

Ástæðan: Eftir margra ára reynslu af öryggisleysi gagnvart hemjulausum innflutningi neta hversu sem áraði hér á landi í gjaldeyrismálum eða á öðrum sviðum efnahagslífsins, sýnilegu áhugaleysi flestra forystumanna útgerðarmanna og stjórnarvalda um aðstöðu og afdrif veiðarfæraiðnaðarins og án nokkurrar vonar um að á þessu yrði breyting, kom ofangreind ákvörðun af sjálfu sér.

Nægir í þessu sambandi að benda á, að við hliðstæð skilyrði, sem veiðarfæraiðnaðinum hafa verið búin yfir langt árabil, væru ýmsar atvinnugreinar hér á landi illa staddar nú. Án framleiðslustyrkja, útflutningsuppbóta, niðurgreiðslna eða verulegrar tollverndar hefði fjöldi framleiðslugreina í þessu landi ekki getað komizt af. Í raun réttri hafa sömu lögmál gilt um veiðarfæraiðnaðinn og útflutningsiðnað landsmanna. Munurinn er aðeins sá, að hann hefur aldrei notið neins konar fríðinda af þessu tagi, hversu fjarri sem skráning ísl. krónu hefur verið réttu lagi.

Þegar leitazt er við að gefa sæmilega heilsteypta mynd af því, hversu högum þessa fyrirtækis er komið, má tína margt fleira til en hér hefur komið fram. Til dæmis verður það að viðurkennast, að sölustarfsemi þess hefur að líkindum aldrei verið rekin af þeim krafti, sem þurft hefði. Einmitt á þeim vettvangi hafa margir innflytjendur sýnt undraverða atorku og neytt margvíslegra ráða, sem sumpart gætu verið íslenzkum veiðarfæraframleiðendum til fyrirmyndar, en sumpart eru ekki á færi þeirra að leika eftir.

Ekki virðist ástæða til að hafa þessa greinargerð öllu lengri. Það er enn óráðið, hvort hlutafélag vort mun hefja veiðarfæraframleiðslu á ný síðar, en þess má geta, að í viðræðum, er fulltrúar félagsins áttu við erlendan netaframleiðanda á síðasta ári, er hugði á samstarf við það um framleiðslu hér á landi, kom fram af hálfu erlenda aðilans, að nema því aðeins að kjör innlends veiðarfæraiðnaðar væru bætt (t. d. með 15—20% tollvernd), sæist enginn grundvöllur vera fyrir slíka framleiðslu hér.

Júlí 1965.

Fylgiskjal 5.

Reykjavík, 27. júlí 1965.

Í tilefni af bréfi yðar dags. 8. jan. s. l. og ítrekuðu þann 5. þ. m., vil ég f. h. Orra h.f. leitast við að svara þeim fyrirspurnum yðar og gefa þær upplýsingar, sem beðið er um í umræddum bréfum.

I. Fyrirtækið Orri h.f. var stofnað seinni hluta ársins 1962. Markmið stofnunar fyrirtækisins var framleiðsla á ýmiss konar vörum úr plasti aðallega á brúsum og flöskum undir sápulög og efnagerðarvörur o. fl. Einnig hefur fyrirtækið framleitt allar krukkur undir neftóbak fyrir T. Á. R. Fyrirtækið var upphaflega stofnað af fimm einstaklingum, en fljótlega eftir stofnunina urðu eigendur þess átta að tölu.

Í okt. 1963 urðu eigendaskipti að fyrirtækinu og eru núverandi eigendur þess fimm að tölu. Þeir eru: Einar Eysteinsson, Háaleitisbraut 18, Sigurður H. Þórðarson, Háaleitisbraut 45, Jón Aðalsteinn Jónasson, Bjargarstíg 15, Jón Grétar Sigurðsson, Melabraut 3, og Kristján Benediktsson, Bogahlíð 12. Fljótlega eftir eigendaskiptin á fyrirtækinu var farið að hrinda í framkvæmd hugmynd um framleiðslu á nótaflotum. Eftir mikinn og kostnaðarsaman undirbúning var hafin framleiðsla á flotum fyrir síldarnætur. Hugmyndina að smíði og gerð flotanna átti Sigurður H. Þórðarson, sem er einn af eigendum fyrirtækisins. Hefur verið sótt um einkaleyfi á framleiðslu þessara flota. Framleiðsla flotanna hófst ekki fyrr en á árinu 1964.

II. Framleidd hafa verið frá byrjun til þessa dags um ca. 30 000 — þrjátíu þúsund flot. Flot þessi hafa aðallega farið á síldarnætur, en einnig hafa þau verið notuð lítillega á þorskanætur. Flotin eru blástursmótuð holveggja flot með gati í gegnum. Hægt er að framleiða flot með þessari aðferð sambærileg að gæðum og verði og önnur flot, sem eru á markaðnum hér á landi, en á fljótvirkari hátt.

III. Hráefnið, sem notað hefur verið til framleiðslu flotanna, er mulið plastefni Polyetelin. Til framleiðslu fyrstu flotanna var notað efni frá Du Pont en

upp á síðkastið hefur verið notað efni frá I. C. I. Nú eiga að hefjast tilraunir með nýtt efni, sem fyrirtækið fær frá dönsku firma.

IV. Fyrirtækið á eina vél, Askov blástursmótunarvél. Vélin var keypt ný árið 1962. Afkastageta vélarinnar er 2000 flot á sólarhring. Annar vélakostur er m. a. mulningsvél, sem mylur niður efnisafganga.

V. Fyrirtækið er til húsa í leiguhúsnæði að Dugguvogi 21. Leigusamningur er til 1. júní 1967. Vélasalur er á 1. hæð í viðbyggingu. Í kjallara undir vélasalnum að nokkrum hluta er verkstæði til smíði á mótum. Annað húsnæði er á tveimur hæðum og er það aðallega lagerpláss. Húsnæði má teljast nokkuð gott, þótt þröngt sé frekar í vélasal.

VI. Starfsmenn hafa verið 4—5 að undanförnu. Tveir af eigendum fyrirtækisins hafa unnið að staðaldri við það. Sá þriðji hefur einnig unnið við fyrirtækið að nokkru, sem framkvæmdastjóri.

VII. Um starfsskilyrði er það að segja, að þau hafa verið allerfið, sérstaklega vegna skorts á fjármagni. Um samkeppnisaðstöðu er það að segja, að hún er allgóð vegna þess að flotin, sem fyrirtækið framleiðir, standast fyllilega samanburð við önnur flot, sem eru á markaðinum, bæði að því er við kemur verði og gæðum. Það skal tekið fram, að allar tilraunir og undirbúningur að framleiðslu flotanna hefur verið kostaður af fyrirtækinu sjálfu. Engin föst lán hafa fengizt til þeirra hluta. Segja má að aðstoðin, sem fyrirtækið hefur fengið við framleiðslu á flotunum, sé sú að 200 000.00 kr. víxillán hefur fengizt í Landsbankanum, út á væntanlegt lán frá Fiskveiðasjóði. Upphæð sú, sem fengizt hefur til framkvæmdanna, er aðeins hluti af þeim kostnaði, sem fyrirtækið hefur orðið að leggja út, vegna framleiðslu á flotunum og við tilraunir.

VIII. Fyrirtækið hefur ákveðið að halda áfram með tilraunir við önnur flot. Ákveðið hefur verið að gera nýtt flot fyrir þorskanætur, einnig flot eða hringi fyrir þorskanet. Tilraunir þessar verða byggðar á sömu aðferð við mótun flotanna, eða með blástursaðferð. Gera forráðamenn fyrirtækisins sér vonir um að þau flot og hringir standist fyllilega samanburð við önnur flot og hringi, sem eru á markaðnum, hvað snertir verð og gæði. Tilraunir þessar fara að miklu leyti eftir því, hvort til þeirra fáist nægilegt fjármagn að láni.

Dregizt hefur að svara bréfi yðar núna vegna sumarleyfa og anna.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Orra h.f.,

Jón Grétar Sigurðsson.

Til veiðarfæraiðnaðarnefndar,
c/o Iðnaðarmálastofnun Íslands, box 160, Reykjavík.

Fylgiskjal 6.

ISLANDS AMBASSADE
Dantes Plads 3
Köbenhavn
Danmark.

11. janúar 1965.

Um þessar mundir fer fram athugun á starfsskilyrðum og framtíðarhorfum íslenzks veiðarfæraiðnaðar. Hefur undirrituðum ásamt þremur öðrum verið falið þetta verkefni, sbr. meðfylgjandi ljósrit af skipunarbréfi nefndarinnar.

Um nokkurt árabil hefur gætt verulegs samdráttar í þessum iðnaði, enda þótt að áliti margra, er til þekkja, ættu vaxtarskilyrði hans að vera tiltölulega hagstæð.

Ekki skal við þetta tækifæri farið út í þá sálma, hvað þessu hefur valdið. Hins vegar er óhætt að fullyrða, að verulegur áhugi hefur skapazt hjá stjórnvöldum og ýmsum öðrum aðilum á því að skapa á ný starfsskilyrði fyrir þennan iðnað í landinu, sé þess kostur.

Eins og skipunarbréf nefndarinnar ber með sér, þarf hún að afla sér upplýsinga um „kjör“ veiðarfæraiðnaðar í ýmsum löndum og einnig að því er varðar EBE og EFTA.

Vill nú nefndin leyfa sér að óska aðstoðar íslenzka sendiráðsins í Kaupmannahöfn vegna gagnasöfnunar varðandi Danmörk og Írland.

Það, sem fyrst og fremst er þörf fyrir af upplýsingum er vitneskja um „kjör“ veiðarfæraiðnaðarins í viðkomandi löndum að því er varðar tollamál, þ. e. a. s. um tolla á innfluttum tilbúnum veiðarfærum og efni til veiðarfæra, svo sem netum, netaslöngum, línum, köðlum, öngultaumum, önglum o. þ. h. Tollar á vélum til veiðarfæragerðar skipta hér einnig máli. Þau tollskrárnúmer (skv. Bruxellesskránni), sem hér er einkum um að ræða, eru:

Tollskrárnr.	Vöruheiti
39.07.31	Netakúlur og nótaflotholt
57.05.02	Netagarn úr hampi.
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða
59.04.02	Kaðlar
59.04.03	Öngultaumar
59.05.01	Fiskinet og netaslöngur úr gerviefnum
59.05.02	Fiskinet og netaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum
97.07.01	Fiskiönglar

Sums staðar nýtur veiðarfæraiðnaður sérstaks stuðnings af opinberri hálfu, t. d. í Noregi, þar sem um er að ræða niðurgreiðslur á verði veiðarfæra og efni til þeirra. Upplýsingar um þess háttar fyrirkomulag, þar sem stjórnarvöld beinlínis styðja veiðarfæraiðnað beint eða óbeint, væru nefndinni mjög þarfar.

Loks er hugsanlegt að stuðningur eigi sér stað vegna útflutnings veiðarfæra, sérstaklega eða vegna almenns stuðnings valdhafa við útflutningsiðnað, og væri þá æskilegt að fá einnig upplýsingar um slíkt.

Séu fyrir hendi prentaðar upplýsingar (bækur eða tímaritsgreinar) um veiðarfæraiðnað í viðkomandi löndum, væri að sjálfsögðu fengur í slíkum fróðleik. Mun nefndin standa straum af kostnaði vegna útvegunar gagna, sé um það að ræða.

Um leið og nefndin leyfir sér að æskja góðrar samvinnu sendiráðsins um þetta mál, vill hún taka fram, að hún yrði þakklát fyrir hvað eina af upplýsingum, sem kostur væri á að afla um veiðarfæraiðnað viðkomandi lands og tæki fegins hendi á móti víðtækari upplýsingum en hér er sérstaklega óskað eftir.

Heimilisfang nefndarinnar er:

Veiðarfæranefnd
c/o Iðnaðarmálastofnun Íslands
Pósthólf 160
Reykjavík.

Í von um að heyra frá yður innan tíðar.

Með vinsemd og virðingu,

f. h. VEIÐARFÆRAIÐNAÐARNEFNDAR
form.

Afrit: Utanríkisráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal 7.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐARNEFND
Pósthólf 160
Reykjavík.

Reykjavík, 20. febr. 1965.

Síðastliðið haust skipaði iðnaðarmálaráðherra nefnd til að „framkvæma sérfræðilega athugun á því, hvort ekki sé tímabært að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði ...., og einnig hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umrædds iðnaðar" með eða án þátttöku erlends fjármagns og þekkingar.

Þar sem hér er einnig um að ræða verulega hagsmuni innflytjenda veiðarfæra álítur nefndin nauðsynlegt, að innflytjendur fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og leyfir sér því, að óska álits yðar á því, hvort gera beri ráðstafanir til eflingar íslenzkum veiðarfæraiðnaði skv. framansögðu.

F. h. Veiðarfæraiðnaðarnefndar.
Már Elísson.

(Sjá lista yfir innflytjendur veiðarfæra).

Innflytjendur veiðarfæra.

Asíufélagið h.f., Hafnarstræti 11, Reykjavík.
Friðrik Jörgensen, Ægisgötu 7, Reykjavík.
Jóhann Klausen, Eskifirði.
Jónsson & Júlíusson, Tryggvagötu 8, Reykjavík.
Kaupfélag Hafnfirðinga, Strandgötu 28, Hafnarfirði.
Kristján G. Gíslason h.f., Hverfisgötu 6, Reykjavík.
Kristján Ó. Skagfjörð h.f., Tryggvagötu 4, Reykjavík.
L. Í. Ú., Innkaupadeild, Hafnarhvoli, Reykjavík.
Magnús Ólafsson, Garðastræti 2, Reykjavík.
Marco h.f., Aðalstræti 6, Reykjavík.
Marinó Pétursson, Hafnarstræti 8, Reykjavík.
O. Johnson & Kaaber h.f., Sætúni 8, Reykjavík.
Ólafur Gíslason & Co. h.f., Ingólfsstræti 1a, Reykjavík.
Steinavör h.f., Norðurstíg 7, Reykjavík.
V. Sigurðsson & Snæbjörnsson h.f., Aðalstræti 4, Reykjavík.
Verðandi h.f., Tryggvagötu, Reykjavík.
Verzl. O. Ellingsen h.f., Hafnarstræti 15, Reykjavík.

Fylgiskjal 8.

NETAGERÐ JÓHANNS KLAUSEN
Eskifirði.

Veiðarfæraiðnaðarnefnd, Reykjavík.

Mér hefur borizt heiðrað bréf yðar, dags. 20. febr. s. l., um „hvort gera beri ráðstafanir til eflingar íslenzkum veiðarfæraiðnaði".

Að mínum dómi er sjálfsagt að stuðla að eflingu þessa iðnaðar og gera hann samkeppnisfæran við hinn erlenda. Tek ég sem dæmi hið geysilega magn, sem flutt er til landisns af efni í síldarnætur, og mundi enginn þurfa að kvarta um atvinnuleysi fyrir norðan, ef allt þetta væri hnýtt þar. Sjálfur hef ég haft samband við erlendan aðila um kaup á vélbúnaði til slíkrar starfsemi og aðstoð við að koma framleiðslunni í gang.

Mjög stór stökk tel ég vafasöm, þar sem þjálfa verður fólk til starfans og því varla þörf á erlendu fjármagni, en erlend þekking og tækniaðstoði er sjálfsögð, því eins og fyrr segir er nauðsynlegt að framleiðslan verði samkeppnisfær við hina erlendu, bæði verð og gæði.

Virðingarfyllst,

Jóhann Klausen.

Fylgiskjal 9.

Reykjavík, 23. febrúar 1965.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐARNEFND
Pósthólf 160, Reykjavík.

Við þökkum dreifibréf yðar, dags. 20. febrúar 1965, varðandi íslenzkan veiðarfæraiðnað, með nánari skilgreiningum yðar í því sambandi, og er okkur ljúft að láta í ljósi eftirfarandi skoðanir okkar á þessu málefni.

Ef sú almenna hugmynd verður áfram ríkjandi hér á landi að fyrst og fremst beri að líta á hag íslenzks sjávarútvegs, þegar íhuguð er verðmyndun, vörugæði og tæknilegar framfarir hvað snertir veiðarfæri almennt, þá teljum við að einnig beri að halda áfram þeirri stefnu að ávallt verði tryggð hindranalaus aðstaða veiðarfæraframleiðenda hvar sem er í heiminum til samkeppni um íslenzkan veiðarfæramarkað.

Með hliðsjón af framanskráðu teljum við eftirfarandi staðreyndir vera ljósar.

1. Ef sérfræðileg athugun yðar leiðir það í ljós, að stórfelld aukning íslenzks veiðarfæraiðnaðar mundi líkleg *til að valda hagstæðari verðmyndun* á veiðarfærum almennt fyrir íslenzkan sjávarútveg, þá teljum við að framkvæma beri þá aukningu, annars ekki.
2. Ef sérfræðileg athugun yðar leiðir það í ljós, að stórfelld aukning íslenzks veiðarfæraiðnaðar mundi líkleg *til að tryggja beztu vörugæði* á hverjum tíma, þá teljum við að framkvæma beri þá aukningu, annars ekki.
3. Ef sérfræðileg athugun yðar leiðir í ljós, að stórfelld aukning íslenzks veiðarfæraiðnaðar sé líkleg *til að tryggja áframhaldandi forystu íslenzks sjávarútvegs í tafarlausri nýtingu hvers konar framfara í veiðarfæraútbúnaði,* þá teljum við að framkvæma beri slíka aukningu, annars ekki.

Virðingarfyllst,

pr. pr. O. JOHNSON & KAABER h.f.

Jóhann Möller.

Fylgiskjal 10.

Reykjavík, 24. marz 1965.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐARNEFND
Pósthólf 160, Reykjavík.

12. þ. m. móttókum vér bréf nefndarinnar, dags. 6. þ. m., þar sem óskað er álits vors á því, „hvort gera beri ráðstafanir til eflingar íslenzkum veiðarfæraiðnaði skv. framansögðu", þ. e. „að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði .... og einnig hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umræddS iðnaðar."

Strax skal tekið fram, að oss er ekki ljóst að hvaða leyti innlendur veiðarfæraiðnaður býr við önnur kjör en erlendur veiðarfæraiðnaður. Ef þessi kjör innlends veiðarfæraiðnaðar eru lakari en kjör hins erlenda, sjáum vér engin rök hníga til slíks og álítum, að það geti ekki orðið íslenzkri útgerð til góðs á nokkurn hátt, sízt ef slíkt gæti leitt til þess að koma þessum iðnaði hér á landi á kné.

Reynsla íslenzkrar togaraútgerðar af íslenzkum veiðarfæraiðnaði hefur verið mjög góð og á það skal bent, að í síðari heimsstyrjöldinni hefði íslenzk togaraútgerð verið í molum ef hans hefði ekki notið við, bæði vegna þess, að illmögulegt var að fá botnvörpur erlendis og þær, sem keyptar voru, voru úr ónýtu efni, en það leiddi aftur til ómetanlegs aflatjóns. — Á þessum árum sá íslenzk veiðarfæragerð einnig bátaflotanum fyrir öllu efni í fiskilínur. Vörur þessar voru og hafa alltaf verið úr fyrsta flokks efni og lögun, t. d. botnvarpan eftir óskum kaupenda. Hins vegar hefur oft og tíðum farið svo, að þegar keypt hafa verið net erlendis hefur þurft að breyta þeim meira og minna hér heima með auknum kostnaði. Þetta hefur skeð, þrátt fyrir það að hérlendir umboðsmenn erlendra framleiðenda hafi sent þeim heilar botnvörpur framleiddar hér til þess að láta hnýta eftir þeim.

Í s. l. janúarmánuði sneri sjávarútvegsmálaráðherra, Emil Jónsson, sér til félags vors vegna rekstrarerfiðleika Hampiðjunnar h.f., sem hann kvað m. a. stafa af því að togararnir hefðu hætt noktun botnvarpa úr hampi og snúið sér að gerviefnum, og keyptu nú vörpur sínar erlendis. — Kvaðst ráðherrann hafa upplýsingar um það, að fyrirtækið gæti nú séð fyrir þörfum togaranna fyrir botnvörpu úr gerviefnum, þannig að hún væri samkeppnishæf í verði og gæðum. — Þessar upplýsingar voru síðan staðfestar af Hampiðjunni h.f. — Kvað ráðherrann eðlilegt að togaraeigendur beindu á ný viðskiptum sínum til fyrirtækisins og óskaði þess, að togaraeigendur tækju afstöðu til málsins.

Var skjótlega boðað til félagsfundar um málið og þar samþykkt að snúa sér bréflega til allra meðlima félagsins, þar sem spurzt var fyrir um hvort þeir væru því „samþykkir að beina innkaupum á botnvörpum til Hampiðjunnar h.f. hér eftir að því tilskildu, að hún selji slíkar botnvörpur á samkeppnishæfu verði, enda séu gæði varanna hliðstæð."

Svör bárust frá öllum aðilum nema tveimur, og hafa þau verið send sjávarvegsmálaráðherra. Voru þau öll jákvæð að undanteknu einu, sem var óljóst, og í svari eins stærsta aðilans að félaginu segir„að æskilegt væri að leita fyrir sér um það, hvaða kjör hún (Hampiðjan h.f.) gæti veitt, ef samtök gætu orðið um það, að allur togaraflotinn skipti við hana, og ef í ljós kæmi að hún treysti sér til þess að lækka verð verulega við þær kringumstæður, þá að kanna hvort ekki reyndist unnt að standa allir að þeim viðskiptum."

Það er álit vort að þarna sé komið að einu veigamesta atriðinu varðandi framtíð veiðarfæraiðnaðar á Íslandi. Ef hann byggi eigi við lakari kjör en erlendur veiðarfæraiðnaður og ef hann enn fremur ætti vís ákveðin lágmarksviðskipti, sem hann gæti miðað rekstur sinn við, verður að telja svo til víst að hann fengi fyllilega staðizt alla samkeppni. Að þessu teljum vér æskilegt að stefnt sé.

Jafnframt viljum vér lýsa þeirri skoðun vorri, að ómetanlegt öryggi er að því fyrir íslenzkan sjávarútveg að öflug veiðarfæragerð sé í landinu og að hún geti skapað erlendum aðilum svo harða samkeppni, að vér njótum ætíð hagstæðasta veiðarfæraverðs. — Vér erum þeirrar skoðunar að ef erlendum framleiðendum tækist að knésetja íslenzkan veiðarfæraiðnað, t. d. með óréttmætum viðskiptaháttum, yrði þess ekki langt að bíða, að allt verðlag veiðarfæra mundi stórhækka.

Loks skal á það lögð áherzla hvílíkt öryggi er að því að hafa veiðarfæragerð í landinu sjálfu, ef svo skyldi fara, að truflanir yrðu á flutningum vegna styrjalda eða af öðrum ástæðum. Jafnframt eiga íslenzkir útvegsmenn þá auðveldara með að hafa áhrif á það, að gerð og efni þeirra veiðarfæra, sem þeir nota, sé þeim að skapi og einnig er mikið hagræði að þessu í sambandi við vöruinnkaup, þ. e. a. s. að því leyti að geta hvenær sem er fengið vöruna jöfnum höndum í stað þess að þurfa hver og einn að liggja með miklar vörubirgðir.

Vér teljum mjög æskilegt, að íslenzk veiðarfæragerð, nú Hampiðjan h.f., njóti nægilegs stuðnings í einhverri mynd af hálfu íslenzkra stjórnarvalda svo að starf-

semi hennar geti haldið áfram og aukizt og eflzt og þannig gegnt því mikilvæga hlutverki, sem nauðsynlegt er að hún gegni fyrir íslenzkan sjávarútveg.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda,

Loftur Bjarnason, formaður. **Hafsteinn Bergþórsson,** varaformaður.

Fylgiskjal 11.

Reykjavík, 25. júní 1965.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐARNEFND

c/o Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Skipholti 37, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf yðar, dags. 6. marz s. l., þar sem þér óskið eftir áliti voru á því, hvort ekki sé tímabært að íslenzkum veiðarfæraiðnaði verði búin sömu kjör og öðrum íslenzkum iðnaði og hliðstæðum erlendum iðnaði og einnig, hvort stefna beri að stórfelldri aukningu umrædds iðnaðar með eða án erlends fjármagns.

Þar sem oss er ekki kunnugt um aðra mismunun, sem íslenzkur veiðarfæraiðnaður býr við miðað við annan innlendan iðnað, en að hann nýtur mun minni tollverndar, viljum vér taka fram og leggjum á það áherzlu, að vér teljum, að íslenzkur veiðarfæraiðnaður eigi ekki að njóta tollverndar. Annar iðnaður á ekki frekar að njóta tollverndar, sem gerir honum mögulegt að draga til sín vinnuafl frá sjávarútvegi, þar sem þess er rík þörf við þjóðhagslega mikilvæg störf.

Eins og nú er ástatt í íslenzkum sjávarútvegi, þegar honum er íþyngt úr hófi með háu kaupgjaldi og miklum kostnaði vegna vaxandi verðbólgu, jafnhliða lágu fiskverði, er óhugsandi, að hann geti tekið á sig aukin útgjöld vegna verndartolls, sem settur kynni að vera á innflutt veiðarfæri, án þess að fá það að fullu bætt frá þjóðfélagsheildinni.

Það er skoðun vor, að á undanförnum árum höfum vér notið hagstæðs verðs á yfirleitt góðum veiðarfærum, sem flutt hafa verið til landsins. Teljum vér að lækkandi verð á veiðarfærum, úr gerviefnum, sem vér í vaxandi mæli höfum notið, sé að þakka harðri samkeppni milli erlendra aðila um íslenzka markaðinn. Má þar til nefna samkeppni milli Japana annars vegar og landa í Evrópu hins vegar um markað fyrir þorskanet og síldar- og þorskanætur úr gerviefnum og enn fremur samkeppni Portúgala og annarra landa í Vestur-Evrópu um markað fyrir tiltölulega nýtt gerviefni, sem komið hefur í stað náttúrlegra efna í kaðla og línur til fiskveiða.

Sem svar við þeirri fyrirspurn yðar, hvort stefna beri að stórfelldri aukningu íslenzks veiðarfæraiðnaðar, þá viljum vér taka fram, að vér erum þeirrar skoðunar, að æskilegt sé, að veiðarfæraiðnaður sé í landinu, en þó því aðeins að hann geti, miðað við núverandi tollaákvæði, keppt að gæðum og verði við innflutt veiðarfæri. Innlend veiðarfæraframleiðsla ætti að hafa betri aðstöðu í samkeppni við erlend veiðarfæri, vegna betri þekkingar á markaðsþörf hér.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna,

Sverrir Júlíusson. **Gunnar Hafsteinsson.**

Fylgiskjal II.

Greinargerð Árna Vilhjálmssonar um undirboðsmál.

Undirritaður hefur ekki aflað sér upplýsinga um efni löggjafar í hinum einstöku löndum um ráðstafanir gegn undirboðum frá útlöndum. Íslenzk löggjöf á þessu sviði mun þó vera nær samhljóða samsvarandi löggjöf í Danmörku. Í íslenzkum lögum er undirboð skýrgreint á eftirfarandi hátt:

„Með undirboði eða undirboðskjörum í lögum þessum er átt við það, ef erlend vara er flutt inn eða boðin fram

a. á verði, sem er lægra en sambærilegt verð í útflutningslandinu á tilsvarandi vöru við venjuleg viðskiptaskilyrði, eða
b. ef slíkt verð er ekki fyrir hendi í útflutningslandinu, þá annað hvort
   1. á verði, sem er lægra en hæsta útflutningsverð á tilsvarandi vöru til einhvers annars lands, eða
   2. á verði, sem er lægra en framleiðslukostnaður vörunnar í upprunalandinu, að viðbættu sanngjörnu álagi fyrir sölukostnaði og ágóða.

Við samanburð þann, er um ræðir í 1. málsgr., skal taka tillit til mismunandi sölu- og afgreiðsluhátta, flutningskostnaðar, skatta og annars slíks aðstöðumunar, sem skipt getur máli".

Fyrirtæki, sem selur með undirboðskjörum, getur að sjálfsögðu haft ágóða af viðskiptunum, enda hefur verið til viðskiptanna stofnað í því skyni. Er sérstaklega mikilvægt að hafa þetta hugfast varðandi undirboð samkv. lið b. 2. hér að ofan, en með framleiðslukostnaði er þar væntanlega átt við fullan framleiðslukostnað, þ. e. kostnað, sem inniheldur hlutdeild í föstum kostnaði fyrirtækisins. Fyrirtækið getur haft hag af því að selja hluta framleiðslu sinnar við lægra verði en fullum kostnaði, þar sem fastur kostnaður fyrirtækisins eykst ekki við þá sölu.

Hvað sem líður hugsanlegum mismun í löggjöf um undirboð í einstökum löndum, virðist framkvæmd þeirra þó vera mismunandi að efni og árangri, sbr. það sem á eftir kemur fram um framkvæmd þeirra hér á landi og í Danmörku.

En meðal framleiðenda á garni, línum og köðlum í ýmsum Evrópulöndum hefur gætt óánægju um framkvæmd laga gegn undirboðum. Þannig segir í skýrslu FIDUROP (Interfederal Body af European Hard Fiber Spinners) 12. apríl 1960 m. a.:

„Fulltrúi Dana, Gjessing, minnti á það, hve reglum um varnir gegn undirboði væri ábótavant í flestum löndum, og ályktaði, að allir fulltrúarnir skyldu hvetja stjórnvöldin, hver í sínu landi, til þess að setja virkar reglugerðir."

Mál þetta var enn á dagskrá FIDUROP á ársfundi 29. maí 1964. Þá sagði fulltrúi Dana, Lauritzen m. a.:

„Að því er varðar undirboðstolla er ég áhyggjufullur út af því, hve þunglamalegt kerfið er, með því að viðkomandi aðili er neyddur til að færa sönnur á erfiðleika af völdum undirboðs, áður en hægt er að beita mótaðgerðum. Ég álít, að löggjöf í sérhverju landi ætti að gera einfaldari, og ég vona, að þið munið allir, hver hjá sér, leggja fast að stjórnvöldunum, að svo verði".

Þessar kvartanir fulltrúa FIDUROP virðast fyrst og fremst hafa beinzt að athæfi Portúgala. Í skýrslu um fyrri ársfundinn, sem vitnað var til hér að framan, segir m. a.:

„Fulltrúi Breta, Dawson, sagði m. a.: „Meginvandamálið, sem við er að etja, er einfalt. Það er, að Portúgal, sem eykur framleiðslugetu sína hröðum skrefum, undirbýður okkur á hefðbundnum útflutningsmörkuðum okkar með því að setja verð, sem við getum ekki keppt við og sem hlýtur að leiða yfir þá verulegt tap . . . Mér virðist augljóst, að við höfum litla von um

að ná aftur þeim útflutningsmörkuðum, sem við höfum verið flæmdir burtu frá með verðmismun, en það er afar áríðandi fyrir okkur alla, að við gerum þær ráðstafanir, er nægi til að vernda okkar eigin heimamarkaði.“ Í svari við fyrirspurn Dana, Gjessing, kom fram, að sum lönd hefðu enn ekki orðið fyrir tjóni af innrás Portúgala, en í öðrum hefði orðið alvarlegt tjón, nefnilega í Belgíu og þó sérstaklega í Svíþjóð; danski markaðurinn hefði orðið fyrir minniháttar skaða af þessum völdum. Fundarstjórinn, Dawson, endurtók, að portúgalska vandamálið væri meginháyggjuefnið, og varpaði fram þeirri spurningu, hvað taka ætti til bragðs.“

Það var einmitt við þessari spurningu, sem fulltrúi Dana, Gjessing, gaf það svar, sem vitnað var til hér að framan, þ. e. um varnir gegn undirboðum.

Á ársfundinum 1964 var enn tilefni til að taka mál Portúgala til meðferðar. Í skýrslu sérstakrar nefndar segir svo:

„Nefndin gat ekki litið framhjá því, að markaðir í vissum löndum EBE hafa orðið fyrir vaxandi truflunum vegna útflutnings frá Portúgal á garni og köðlum úr sísal við verði, sem er meira en 20% lægra en verð á heimamarkaði“.

Ofangreindar tilvitnanir úr skýrslum FIDUROP varða verðlagningu á vörum úr sísal. Kvartanir Hampiðjunnar h.f. við stjórnarráðið hafa hins vegar beinzt að innflutningsverði á vörum úr gerfiefnum frá Portúgal og að innflutningsverði vara bæði úr gerfiefnum og úr náttúrulegum efnum frá Danmörku.

Um staðhæfingu Hampiðjunnar h.f. um undirboðsverð á vörum úr gerfiefnum frá Portúgal er það að segja, að utanríkisráðuneytið hefur ekki getað orðið við þeirri ósk Hampiðjunnar h.f. að afla upplýsinga um heimaverð á þessum vörum í Portúgal, og hafa þar með möguleikarnir á að fá fullgilt svar orðið að engu til þessa. Í þessari greinargerð er ekki fullyrt um undirboð frá Portúgal til Íslands á vörum úr gerfiefnum.

Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að útflutningsverð Portúgala til Íslands á vörum úr gerfiefni er lægra en heimamarkaðsverð dönsku verksmiðjanna. Í bréfi einnar stærstu verksmiðju Dana á þessu sviði, Esbjerg Tovværksfabrik A/S til vararæðismanns Íslands í Esbjerg, dags. 27. nóv. 1964, segir m. a. svo: „ . . . viljum við undirstrika kröftuglega, að ákvarðanir okkar um verðlagningu vara til Íslands ráðast af því verði, sem önnur lönd, fyrst og fremst Portúgal, setja“. Í þessum orðum felst viðurkenning á því, að þetta fyrirtæki hafi boðið vörur til sölu til Íslands á lægra verði heldur en það tekur á heimamarkaði.

Rétt er að skjóta hér inn þeirri athyglisverðu staðreynd, að samkvæmt innflutningsskýrslum Danmerkur 1963 var enginn innflutningur frá Portúgal á línum og köðlum. Undirrituðum er ekki kunnugt um skýringuna á þessu. Gæti verið, að slíkar vörur frá Portúgal séu ekki tollafgreiddar eða að Portúgalar dirfist ekki að bjóða þessar vörur til Danmerkur á sama verði og þeir setja fyrir Ísland í vissu um, að slíkur innflutningur yrði ekki þolaður.

Í yfirliti hér á eftir eru settir fram eftirfarandi þrír verðlistar:

1) Verðlisti, sem er að finna í áðurnefndu bréfi frá Esbjerg Tovværksfabrik A/S, dags. 27. nóv. 1964. Er fullyrt í umræddu bréfi, að hér sé um að ræða „heildsöluverð“ („engros-priser“) á innanlandsmarkaði.
2) Verðlisti frá Esbjerg Tovværksfabrik A/S fyrir sölur til Íslands f.o.b. Khöfn, dags. 26. ágúst 1965.
3) Verðlisti frá Jakob Holm & Sönner A/S fyrir sölur til Íslands f.o.b. Khöfn, dags. 1. okt. 1964.

Verðlisti þessi fylgdi bréfi til Sendiráðs Íslands í Khöfn.

Verð á línum og köðlum úr polyethylene í Dkr. pr. kg.

	(1)	(2)	(3)
2¼″ og sverara	15.00	10.50	10.95
1¼″—2″	10.50	10.50	10.95

9 mm	10.90	10.75	11.20
8 mm	10.90	11.00	11.45
7 mm	10.90	11.00	12.00
6 mm	12.15	11.50	12.50
5 mm	12.60	12.00	13.00
4 mm		12.50	13.50

Milli dagsetninga verðlista (1) og (2) liggja 9 mánuðir. Á þessu tímabili hefur verð á hráefninu lækkað nokkuð, svo að búast má við, að framleiðslukostnaður umræddra vara hafi fremur lækkað. Með hliðsjón af því, sem segir í áðurnefndu bréfi frá Esbjerg Tovværksfabrik A/S um verðlagningu vara til Íslands, vekur það því furðu, að verðmismunur á verðlistum (1) og (2) fyrir 7 mm og sverara er ýmist enginn eða svo til enginn og að á 7 mm og 8 mm er verðið samkv. verðlista (1) reyndar lægra en verðið samkvæmt verðlista (2). Verður ekki séð, að nein ástæða hafi verið til að „undirstrika kröftuglega" það, sem fyrirtækið hefur að segja um verðlagningu vara til Íslands, ef það verð, sem tilgreint er á verðlista (1) er raunverulega heildsöluverð á heimamarkaði. En aðrar upplýsingar vekja grunsemdir um, að svo sé ekki, svo sem bráðlega verður nánar vikið að. — Því miður hefur undirritaður ekki haft aðgang að verðlista frá umræddu fyrirtæki, er gilti um sölur til Íslands í nóvember 1964, nema það hafi þá verið verðlisti (1).

Að framan hefur verið bent á, að kaðlar af ákveðnum sverleika, t. d. 2¼", hafi verið boðnir til sölu til Íslands á ákveðnu tímabili á verði, sem er hæst kr. 10.95 pr. kg, en lægst, að því er ætla má, á ekki hærra verði en Dkr. 10.50. Í bréfi til sendiráðsins í Khöfn frá P. Anthoniesen, Skagen, dags. 26. nóv. 1964, er að finna eftirfarandi verðlista með tilheyrandi skýringum:

„Vedr. polyethylene kan vi opgive Dem följende priser:

5 mm	kr.	17.50	pr. kg	engros	kr.	22.50	detail.
6 mm	—	17.00	— —	—	—	21.25	—
8 mm	—	15.50	— —	—	—	19.50	—
10 mm og derover	—	15.00	— —	—	—	19.00	—

De opgivne priser er beregnet for polyethylene 3-slaaet og priserne er for salg i hele ruller."

Ef orðið „engros-pris" táknar hið sama í bréfum Esbjerg Tovværksfabrik A/S og P. Anthoniesen, þ. e. ef það táknar vöruverð á sama stað í dreifikerfinu, er fráleitt, að upplýsingar frá báðum aðilum geti verið réttar. Verð annars aðilans á 2¼" köðlum er Dkr. 10.50, en hins aðilans Dkr. 15.00.

Gerum ráð fyrir, að heildsöluverð í Danmörku á köðlum 2¼" sé ekki lægra en það verð, sem P. Anthoniesen tilgreinir, þ. e. Dkr. 15.00. Er þá ástæða til að spyrja: Á hvaða verði þyrftu dönsku iðnfyrirtækin að selja til hinna íslenzku innflytjenda, til þess að ekki væri um undirboð að ræða? Hinir íslenzku innflytjendur mundu ýmist vera fyrirtæki, sem kaupa í eigin reikning og selja af birgðum, eða útvegsmenn, sem kaupa beint fyrir milligöngu áðurnefndra fyrirtækja. Fulltrúi Landssambands ísl. útvegsmanna hefur fullyrt, að útvegsmenn kaupi yfirleitt beint frá framleiðanda. Hæsta verð, sem eðlilegt virðist, að þeim væri gert að greiða, væri áðurnefnd heildsöluverð, þ. e. Dkr. 15.00 pr. kg, ef þessi innkaup þeirra væru að magni til svipuð því, sem venjulegt er í sölum frá heildsala (eða framleiðanda) til smásala, en lægsta verð það verð, sem heildsölur verða að greiða iðnfyrirtæki. Verður að ætla, að fráleitt sé, að heildsala, er selji þessar vörur á Dkr. 15.00 greiði ekki meira en Dkr. 10.50 pr. kg. Heildsöluálagning væri þá 42,9%.

Fulltrúi Landssamb. ísl. útvegsmanna hefur nú skýrt frá því, að ísl. útvegsmenn fái umrædda vöru, þ. e. 2¼" kaðla, sem hér er tekin sem sýnishorn,

keypt á Dkr. 10.50 f.o.b. danska höfn. Jafnframt hefur hann lagt fram verðlista frá veiðarfæraverzlun í Reykjavík, sem sýnir, að verð pr. kg á heilum rúllum af 2¼" köðlum sé Íkr. 87.00. Á meðan verður P. Anthoniesen, samkvæmt eigin upplýsingum, að láta sér nægja, að heildsöluverð á heilum rúllum sé sem svarar Íkr. 93.30, en smásöluverð á heilum rúllum Íkr. 118.20.

Aðrar upplýsingar, sem fyrir liggja, vekja einnig til alvarlegrar tortryggni um það, sem Esbjerg Tovværksfabrik A/S segir um „engros-priser" sína. Í bréfi sendiráðsins í Khöfn til utanríkisráðuneytisins, dags. 22. jan. 1965, segir, að smásöluverð í Khöfn á umræddum köðlum, þ. e. 2¼", sé Dkr. 21.60, en Dkr. 18.00, „sé um stærri pantanir að ræða". Ef með „stærri pöntunum" er átt við kaup á heilli rúllu hið minnsta, virðast þau kaup, sem 18.00 kr. verðið gildir um, vera sams konar og þau kaup, sem 19.00 kr. verð P. Anthoniesen gildir um. Hér er um lítils háttar ósamræmi að ræða. En smásöluverð P. Anthoniesen á heilum rúllum er 81,0% hærra og smásöluverð í Khöfn á stærri pöntunum er 71,4% hærra en staðhæft heildsöluverð Esbjerg Tovværksfabrik A/S.

Upplýsingar frá Noregi geta e. t. v. varpað nokkru ljósi á það vandamál, sem hér er til meðferðar. Í bréfi frá sendiráðinu í Oslo til utanríkisráðuneytisins, dags. 27. nóv. 1964, segir: „Den Norske Fiskeredskapsfabrikanters Forening hefur gefið sendiráðinu eftirgreindar upplýsingar um verð á „Polyethylene" frá verksmiðju til smásala:

Polyethylene:

2¼" og gildari ..... ca. 20.00 pr. kg.

Til heildsala má reikna með 8—10% afsl., og fer eftir því, hve mikið magn er keypt". Heildsalinn mundi m. ö. o. fá Nkr. 1.60 — Nkr. 2.00 fyrir hvert kg. Til þess að P. Anthoniesen og önnur slík fyrirtæki á sama viðskiptastigi fengju sömu þóknun og starfsbræður þeirra í Noregi, ætti hann að greiða ca. Dkr. 13.00 — Dkr. 13.40 pr. kg. Álagning þeirra yrði þá ca. 11,9—15,4%, andstætt 42,9% samkvæmt áðurgreindum útreikningum.

Ofangreindur samanburður hefur tekið sérstaklega til kaðla af ákveðnum sverleika (2¼"), en svo sem þeir verðlistar og útdrættir úr verðlistum, sem hér hafa verið sýndir, bera með sér, eru þau verðhlutföll, sem hér er um að ræða, svipuð fyrir kaðla af öðrum sverleikum.

Undirritaður verður að ætla, að fráleitt sé, að danskir útvegsmenn og aðrir aðilar, er nota línur og kaðla alls konar í álíka mæli og einstakir íslenzkir útvegsmenn, eigi kost á að fá umræddar vörur á verði, sem svarar til Dkr. 10.50 verðs á 2¼" köðlum. Þeir aðilar, sem láta sér annt um þann málstað, að umræddar vörur séu ekki boðnar til Íslands með undirboðskjörum, ættu máli sínu til stuðnings að geta lagt fram raunsanna reikninga frá dönskum útvegsmönnum eða öðrum notendum.

Til þessa hefur verið rætt um vörur úr polyethylene. Þess er að minnast, sem fyrr greinir um staðhæfingu um 20% undirboð Portúgala á vörum úr sísal, svo og það, sem segir í tilvitnun úr bréfi frá Esbjerg Tovværksfabrik A/S um sambandið milli útflutningsverðs Dana til Íslands og verðlagningu Portúgala. Að vísu segir í sama bréfi frá þessu fyrirtæki, að ekki sé hægt að gefa upp neitt verð á línum og köðlum úr sísal „vegna þess að hér í landi (þ. e. Danmörku) er engin notkun á þessum vörum". Í áðurnefndu bréfi frá P. Anthoniesen er tekið í sama streng, en þar segir: „. . . sísaltóg er vara, sem ekki er lengur seld í Danmörku, þar sem manillatóg hefur fullkomlega rutt henni úr vegi." Sendiráðið í Khöfn hefur þó svo seint sem 22. jan. 1965 sent utanríkisráðuneytinu bréf (sbr. áður), sem inniheldur skrá um smásöluverð í Khöfn á línum og köðlum úr sísal. Segir þar m. a., að smásöluverð á 2¼" köðlum sé Dkr. 5.70 ef um stærri pantanir er að ræða. Þetta verð er nákvæmlega hið sama og nefnt er í símskeyti til Hampiðjunnar h.f. frá trúnaðarmanni þess fyrir-

tækis í Khöfn, dags. 2. nóv. 1964. Í því skeyti kemur jafnframt fram, að verð til heildsala sé Dkr. 4.80 pr. kg. Fyrirtækið Randers Rope Trading Ltd. hefur hins vegar í bréfi til sendiráðsins í Khöfn, dags. 30. nóv. 1964, sett fram verðlista, er gildir fyrir Ísland, þar sem fram kemur, að verð á þessum köðlum til Íslands sé Dkr. 3.45 pr. kg (f.o.b. Khöfn). Er hér um gífurlegan verðmismun að ræða.

Fylgiskjal III.

Athugasemd Kristjáns Ragnarssonar um undirboð.

Í tilefni af umræðum í nefndinni um undirboð á veiðarfærum, og í tilefni af greinargerð Árna Vilhjálmssonar, vil ég gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Í greinargerð Árna Vilhjálmssonar er látið að því liggja, að um undirboð sé að ræða á veiðarfærum frá Portúgal, og danskar verksmiðjur eru ásakaðar fyrir að selja veiðarfæri úr gerfiefnum og náttúrulegum efnum á undirboðsverði til Íslands. Mun ég ræða hvert þessara atriða nánar hér á eftir.

Undirboð frá Portúgal á veiðarfærum úr gerfiefnum.

Í greinargerð Árna er ekki að finna nein rök fyrir undirboðum frá Portúgal á veiðarfærum úr gerfiefnum, heldur einungis getgátur byggðar á samanburði við heildsöluverð hliðstæðra vara í Danmörku, og þá aðeins borið saman við verð, sem Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn hefur gefið upp, en ekki borið saman við verð einnar stærstu dönsku verksmiðjunnar, Esbjerg Tovværksfabrik A/S, sem gefur upp sama heildsöluverð fyrir danskan og íslenzkan markað.

Einn nefndarmanna, Már Elísson, hefur samkvæmt upplýsingum, sem hann hefur gefið nefndinni, rætt um undirboð frá Portúgal á veiðarfærum úr gerfiefnum við Hilmar Kristjónsson, framkvstj. frá FAO, en hann mun vera, vegna starfs síns, kunnugastur allra Íslendinga veiðarfæraframleiðslu hinna ýmsu þjóða. Eftir upplýsingum Más, telur Hilmar Kristjónsson, að veiðarfæraverksmiðjur í Portúgal undirbjóði ekki annarra þjóða verksmiðjur, heldur hafi þeir ágóða af framleiðslu sinni.

Einnig vil ég leyfa mér að vísa til blaðagreinar, sem birtist í Mbl. 28. marz s. l., frá Félagi ísl. stórkaupmanna, en greinin er svar við ásökunum Hannesar Pálssonar í Mbl. 23. marz um undirboð frá Portúgal:

„Einnig má geta þess, að í Færeyjum er starfandi verksmiðja, sem framleiðir fléttað polyethylenegarn til notkunar í botnvörpunet. Færeyingar munu nú eingöngu nota þetta efni í sínar botnvörpur. Verð á þessu garni í Færeyjum er Dkr. 16.00 pr. kíló (eða ísl. kr. 99.56) samkvæmt upplýsingum hr. Tronds Jacobsen, netagerðarmanns, sem staddur er hér á landi um þessar mundir. Sams konar efni innflutt frá Portúgal kostar 16 sh. 3 d. pr. kíló f.o.b. Portúgal, sem samsvarar Dkr. 16.25 pr. kíló (ísl. kr. 101.16)".

Það er heldur ótrúlegt, að Portúgalar selji veiðarfæri úr gerfiefnum á undirboðsverði, þegar Færeyingar geta framleitt og selt sams konar veiðarfæri á lægra verði á sínum heimamarkaði.

Undirboð frá Danmörku á veiðarfærum úr gerfiefnum.

Í greinargerð Árna Vilhjálmssonar er undirboð frá Danmörku rökstutt með því að draga í efa sannleiksgildi upplýsinga frá Esbjerg Tovværksfabrik, sem er ein stærsta veiðarfæraverksmiðjan þar í landi, um heildsöluverð í Danmörku á polyethylene. Í bréfi fyrirtækisins, dags. 27. nóv. 1964, gefur það upp heildsöluverð í Danmörku fyrir polyethylene 10 mm og sverara Dkr. 10.50, en það er sama verð og fram kemur í verðlista sama fyrirtækis yfir vörur til Íslands,

dags. 25. ágúst 1965. Í fyrrgreindu bréfi segir m. a. svo: „ . . . viljum við undirstrika kröftuglega, að ákvarðanir okkar um verðlagningu vara til Íslands ávarðast af því verði, sem önnur lönd, fyrst og fremst Portúgal, selja á". Ljóst er af þessum upplýsingum, að erlendi markaðurinn ræður verðákvörðunum dönsku verksmiðjanna en ekki heimamarkaðurinn, enda munu kaðlar þeir, sem við kaupum frá Danmörku úr polyethylene og polypropylene, lítið sem ekkert vera notaðir þar í landi. Aðalnotkun okkar á þessum köðlum er í netateina og færatóg á þorskanet, en sú veiðiaðferð þekkist ekki í Danmörku.

Samanburður Árna á heildsöluverði og smásöluverði breytir hér engu, enda ekki sambærilegt að bera saman verð á vöru, sem keypt er í tugum tonna til Íslands og verð á líku efni í smásölu í verzlun í Kaupmannahöfn, þar sem þetta efni er jafnframt notað til annars en fiskveiða. Í tilefni af ályktunum Árna hef ég kynnt mér mismun á heildsöluverði og smásöluverði hér á landi á þessum efnum, og fengið eftirfarandi upplýsingar:

Útvegsmenn hér flytja yfirleitt sjálfir inn vöruna beint frá framleiðanda, og fá hana því á heildsöluverði, sem er á 10 mm polyethylene Dkr. 10.50 pr. kíló f. o. b. Danmörku, ísl. kr. 65.30. Tollur, flutningsgjald og uppskipunarkostnaður er ca. kr. 4.40 pr. kg. eða samtals kr. 69.70. Samkvæmt reikningi frá Verzl. O. Ellingsen í Reykjavík, dags. 20/9 1965, er þessi sama vara seld í smásölu á kr. 107.00 pr. kg., eða á 53.5% hærra verði en heildsöluverðið er að viðbættum kostnaði.

Ástæða er til þess að benda á, að ásakanir þessar um undirboð frá Portúgal og Danmörku á veiðarfærum úr gerfiefnum eru ekki tilkomnar, vegna þess að um samkeppni við ísl. framleiðslu hafi verið að ræða. Hampiðjan h.f. hefur ekki getað framleitt þau veiðarfæri, sem um er rætt fyrr en nú nýlega, og þá aðeins botnvörpunet í litlum mæli. Netateina og færatóg úr polyethylene og polypropylene getur hún enn ekki framleitt.

Undirboð frá Danmörku á veiðarfærum úr sísal.

Varðandi undirboð frá Danmörku á veiðarfærum úr sísal, leyfi ég mér að birta hér bréf frá Esbjerg Tovværksfabrik A/S dags. 1. marz 1965 til innkaupadeildar LÍÚ, en þar er þetta rætt það ítarlega, að ég sé ekki ástæðu til þess að bæta þar neinu við.

Bréfið er birt í ísl. þýðingu.

„Vér vísum til fundar okkar í Kaupmannahöfn 20. febr. s. l., þar sem þér tilkynntuð oss, að ákæra um „dumping" útflutning danskra verksmiðja á köðlum og línum til Íslands hafi verið endurnýjuð, og hún væri byggð á upplýsingum frá íslenzka sendiráðinu í Kaupmannahöfn, sem segði, að verð á sísalköðlum og -línum væri um 30% hærra á danska markaðnum en útflutningsverðið.

Eins og vér skýrðum yður frá á fundi vorum, og eins og vér höfum áður skýrt fyrir íslenzkum valdhöfum við fyrri ákæru, er oss ómögulegt að skilja, hvernig sendiráðið getur komizt að þessari niðurstöðu. Það er staðreynd, að sísalkaðlar og -línur eru alls ekki seldar á danska markaðnum vegna þess, að danski fiskiskipaflotinn notar alls ekki þessa tegund af veiðarfærum. Mjög lítið magn af þvottasnúrum er selt í landinu, en þær eru búnar til úr dýrara hráefni, þ. e. vélþurrkuðum sísal. Þær eru ekki olíubornar, gagnstætt fiskiköðlum og línum, og eru þess vegna dýrari í framleiðslu, og þær eru venjulega seldar í stuttum lengdum, eða í tiltölulega litlu magni í einni eða fáum rúllum í hvert skipti. Af framangreindum ástæðum er útilokað að bera saman verð á þessari framleiðslu og köðlum og línum, sem afgreiddar eru til Íslands. Grundvallað á ofangreinum upplýsingum teljum vér, að þér og vér eigum rétt á að fá skýringar á, hvernig íslenzk yfirvöld hafa komizt að þessari niðurstöðu um „dumping", og vér myndum vilja bæta við, að það myndi vera mikilvægt að fá vitneskju um, hvernig sendiráðið hefur gert þennan

svokallaða samanburð, þegar litið er á, að óunninn síssall hefur á síðastliðnum 8 mánuðum verið að lækka í verði frá því að vera hæst í 148 pundum per tonn í 94 pund per tonn.

Oss þykir mjög leitt og vér erum mjög undrandi yfir að móttaka þessa endurteknu ákæru um „dumping", sem oss finnst vera ómakleg. Eins og þér vitið höfum vér mikinn útflutning til margra landa í öllum heiminum, án þess að verða fyrir ákærum eins og þessari. Sala vor til Íslands er aðeins 15% af útflutningi vorum. Þar sem vér seljum ekki til Íslands á lægra verði en til annarra landa, þá skiljum vér ekki ástæðuna fyrir síendurteknum ákærum frá landi yðar um „dumping".

Að lokum vil ég taka fram, að ég tel það vera íslenzkum veiðarfæraiðnaði til skaða, að stöðugt skuli vera haldið á loft órökstuddum ásökunum um undirboð á hendur erlendum viðskiptamönnum okkar, sem selt hafa hingað veiðarfæri, sem við höfum ekki getað án verið, á yfirleitt hagstæðu verði, vegna innbyrðis samkeppni erlendra aðila. Slíkar ásakanir munu valda tortryggni og jafnvel andstöðu við íslenzkan veiðarfæraiðnað.

Í íslenzkum lögum er tekið fram, að undirboðstoll megi ekki leggja á til lengri tíma en 6 mánaða í senn, enda er talið, að sé um undirboð að ræða, geti það ekki staðið öllu lengur. Ásökunum um undirboð á hendur stærstu viðskiptavinum okkar hefur hins vegar verið haldið á loft í mörg ár, og ætti það eitt að vera sönnun þess, að um undirboð hafi ekki verið að ræða.

Reykjavík, 18. september 1965.

Kristján Ragnarsson.

Fylgiskjal IV.

Álit forstjóra Efnahagsstofnunarinnar.

Með bréfi dags. 7. febr. s. l. sendi iðnaðarmálaráðuneytið Efnahagstofnuninni til athugunar og umsagnar álitsgerð Veiðarfæranefndar, dags. í sept. 1965, álitsgerð ráðuneytisstjóranna Gunnlaugs E. Briem og Brynjólfs Ingólfssonar, dags. 2. apríl 1965, og álitsgerð Þórhalls Ásgeirssonar, ráðuneytisstjóra, dags. 1. apríl 1965. Eftir að ég hafði kynnt mér þessar álitsgerðir, ræddi ég þessi mál við þig, og varð niðurstaðan af því samtali sú, að það sem mest riði á nú í sambandi við þessi mál væri að framkvæma ítarlega athugun á því, hver rekstrargrundvöllur Hampiðjunnar h.f. gæti orðið eftir þær breytingar á vélakosti og rekstri fyrirtækisins, sem nú er verið að framkvæma. Urðum við ásáttir um að fara þess á leit við Árna Vilhjálmsson, prófessor, að hann framkvæmdi slíka athugun, en hins vegar léti Efnahagsstofnunin ekki frá sér fara neina umsögn um þær álitsgerðir, er að framan greinir.

Athugun Árna Vilhjálmssonar er nú lokið, og fylgir skýrsla hans hér með (Rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir Hampiðjuna h.f., maí 1966). Helztu niðurstöður skýrslunnar eru þessar:

1. Miklar líkur virðast til þess, að rekstur fyrirtækisins með hinum nýju vélum muni bera sig, sé miðað við það verðlag á innfluttum vörum, sem ríkjandi hefur verið þar til nú fyrir skömmu. Er þá gert ráð fyrir, að hinar nýju vélar séu fyrndar á fjórum árum og allt fé, sem bundið er í fyrirtækinu skili 8% vöxtum.
2. Til þess að fyrirtækið geti um næstu áramót hafið eðlilegan rekstur með hinu nýja fyrirkomulagi, mun það skorta fé að upphæð um 6 m. kr. Greiðsluáætlanir benda til, að þetta fé gæti endurgreiðzt á þremur til fjórum árum.

Áður en Árni Vilhjálmsson hafði að fullu gengið frá skýrslu sinni, bárust fregnir um verðlækkun á dönskum veiðarfærum, er keppa við framleiðslu Hamp-

iðjunnar. Samkvæmt beiðni minni hefur Árni gert sérstaka grein fyrir áhrifum þessarar verðlækkunar í viðauka við skýrsluna (Áhrif verðlækkunar innfluttra veiðarfæra á rekstrarafkomu Hampiðjunnar). Er niðurstaða Árna sú, að á grundvelli hins nýja verðs mundi verða árlegur rekstrarhalli hjá Hampiðjunni, er næmi 3.5 m. kr. Má telja víst, að forráðamenn fyrirtækisins hefðu ekki ráðizt í hina nýju fjárfestingu á slíkum grundvelli, og þeir myndu nú leitast við að selja hinar nýju vélar, áður en þær kæmu til landsins, hætta rekstri og reyna að koma öðrum eignum fyrirtækisins í verð, ef gera yrði ráð fyrir, að þetta verðlag héldist. Það er skoðun Árna, að hér sé um undirboð af hálfu hinna dönsku framleiðenda að ræða, og sennilega einnig af hálfu Portúgala. Rökstyður hann þá skoðun nánar í skýrslunni. Nýjar upplýsingar, sem Hampiðjan hefur aflað sér nú síðustu dagana, benda til, að innanlandsverð í Danmörku sé a. m. k. 20% hærra en það verð, sem hinar dönsku verksmiðjur selja á hér á landi.

Mér virðist nauðsynlegt, að ríkisstjórnin, að undangenginni athugun viðskipta- og fjármálaráðuneytanna, taki sem allra fyrst ákvörðun um það, hvort kleift sé í þessu tilviki að beita ákvæðum laga um undirboðstolla. Verði niðurstaðan sú, að þetta sé ekki kleift, og heldur ekki fært að veita fyrirtækinu aðra aðstoð, er jafngilti beitingu undirboðstolla, má fastlega gera ráð fyrir, að fyrirtækið hætti rekstri og selji hinar nýju vélar. Verði niðurstaðan hins vegar sú, að kleift sé að beita ákvæðum laga um undirboðstolla, eða gera aðrar jafnáhrifamiklar ráðstafanir, þarf jafnframt að aðstoða fyrirtækið við að leysa fjármagnsþörf sína. Eðlilegast væri, að fyrirtækið fengi lán úr Iðnlánasjóði (hagræðingarfé), er helzt mætti ekki vera minna en 4 m kr. Fengist slíkt lán og væri rekstur fyrirtækisins að öðru leyti sæmilega tryggður, telja forráðamenn þess, að einhver hlutafjáraukning kæmi til greina, þrátt fyrir það að hlutaféð hefur þegar verið aukið verulega á undanförnum árum. Ekki virðist heldur óeðlilegt, að undir þessum kringumstæðum og í sambandi við aukningu á rekstri fyrirtækisins veitti viðskiptabanki þess því nokkru hærri rekstrarlán en áður.

Að mínum dómi væri það hin mesta ógæfa, ef rekstur Hampiðjunnar leggðist niður, og gæti þetta haft hin alvarlegustu áhrif í þá átt að draga úr viðleitni til eflingar heilbrigðs iðnrekstrar í landinu. Hér er um að ræða grein, þar sem íslenzkur iðnaður hefur betri eðlileg rekstrarskilyrði en í flestum öðrum greinum, en hefur átt örðugt uppdráttar vegna ríkjandi stefnu í efnahagsmálum á undanförnum áratugum, og að öllum líkindum einnig vegna undirboða erlendra aðila. Allt bendir til þess, að Hampiðjan hafi verið rekin af hagsýni og dugnaði, og þrátt fyrir margvísleg áföll er fjárhagur fyrirtækisins enn tiltölulega traustur. Neyðist slíkt fyrirtæki til að leggja upp laupana virðist loku fyrir það skotið, að um nokkra þróun veiðarfæraiðnaðar geti verið að ræða hér á landi um langa framtíð.

Fylgiskjal V.

Kafli úr álitsgerð próf. Árna Vilhjálmssonar, um rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir Hampiðjuna h.f.

Felur hin danska verðlagning í sér undirboð?

Einn aðalframleiðandi á þessu sviði, Esbjerg Tovværksfabrik A/S, hefur í bréfi til hinnar íslenzku utanríkisþjónustu skrifað eftirfarandi: „ . . . viljum við undirstrika kröftuglega, að ákvarðanir okkar um verðlagningu vara til Íslands ráðast af því verði, sem önnur lönd, fyrst og fremst Portúgal, setja". (bréf dags. 27. nóv. 1964). Athyglisvert er, að Danir skyldu ekki hafa lækkað verð sitt að nokkru þegar í haust, er verð vara frá Portúgal lækkaði, en hafa í þess stað beðið

þangað til nú, skömmu fyrir þann tíma, er Hampiðjan skyldi stórauka framleiðslu sína á viðkomandi vörum með nýjum tækjakosti. Skal ósagt látið um það, hvort Dönum hafi verið ókunnugt um verðlækkanir á portúgölskum vörum s. l. haust, en víst er, að hægðarleikur er fyrir umboðsmenn portúgalskra og danskra framleiðenda að fylgjast með fyrirætlunum Hampiðjunnar hverju sinni og hafa svo samráð við umbjóðendur sína um viðeigandi aðgerðir. Má vera, að umboðsmennirnir hafi leynt hina dönsku framleiðendur verðlækkun portúgalskra vara í haust til þess að geta greitt Hampiðjunni enn stærra högg, þegar verst gegndi. Allavega er verðlækkun Dana mun meiri (rúmlega tvöfalt meiri) en verðlækkun portúgalskra vara nú nýlega og verður því ekki rökstudd með henni einni saman.

Forráðamenn Hampiðjunnar hafa við önnur tækifæri haft uppi fullyrðingar um undirboð af hálfu Dana, undirboð í þeim skilningi, að heimaverð danskra verksmiðja væri hærra en verð til Íslands á sama viðskiptastigi. Hef ég áður haft tilefni til þess að kynnast gögnum um slík mál og sett fram álit um það sem meðlimur nefndar, sem skipuð var af iðnaðarmálaráðherra 16. sept. 1964 til athugunar á vandamálum veiðarfæraiðnaðarins (sbr. fylgiskjal II. með frumvarpi þessu).

Ekkert nýtt hefur komið fram í þessu máli nema bréf það, sem er í fskj. c., þar sem fram kemur, að „sem afleiðing af portúgölskum verðlækkunum á tógverki úr polypropylene og polyethylene höfum við séð okkur tilneydda til að lækka verð okkar". Enn sem fyrr er lögð áherzla á verðforystu Portúgala. — Það væri verðugt viðfangsefni fyrir hina íslenzku utanríkisþjónustu að kanna, hvort í kjölfar verðlækkunar portúgalskra vara á Íslandi hafi komið á hinum danska heimamarkaði almenn verðlækkun hliðstæð þeirri, sem hefur orðið á dönskum vörum, seldum til Íslands.

Fskj. a.

JACOB HOLM & SØNNER.

30. august 1965.

Prisliste for Tovværk og Liner af:

	PP (polypropylen-monofilament)	PET (polyethylen-monofilament)
10 mm og sværere	11.50	10.50
9 —	11.75	10.75
8 —	12.00	11.00
7 —	12.50	11.50
6 —	13.00	12.00
5 —	13.50	12.50
4 —	14.00	13.00

Dkr. per kg fob. København sædv. betingelser.

Fskj. b.

JACOB HOLM & SØNNER.

25. maí 1966.

Prisliste for Tovværk og Liner af:

	DANAFLEX (polypropylen-splitfibre)	PP (polypropylen-monofilament)	PET (polyethylen-monofilament)
10 mm og sværere	9.50	9.50	9.25
9 —	9.75	9.75	9.50
8 —	10.00	10.00	9.75
7 —	10.50	10.50	10.25
6 —	11.00	11.00	10.75
5 —	11.50	11.50	11.25
4 —	12.00	12.00	11.75

Dkr. per kg fob. København sædv. betingelser.

Fskj. c.

JACOB HOLM & SØNNER.

26. maí 1966.

H/F Hampiðjan
Stakkholt 4, Reykjavik,
Island.
Att.: Hr. direktør H. Pálsson.
Ang.: Nye priser på tovværk.

Som følge af de portugisiske prisnedsættelser på tovværk af polypropylen og polyethylen har vi set os nødsaget til at reducere vore priser.

Vi vedlægger til Deres orientering vor nye prisliste, idet vi gerne imødeser Deres tilsvarende prisliste ved første lejlighed.

Med venlig hilsen,

Jacob Holm & Sønner A/S.

Fylgiskjal VI.

Innflutt samkvæmt hagskýrslum.

Tollskr. nr.		1964 Tonn	1964 Cif. 1000 kr.	1965 Tonn	1965 Cif. 1000 kr.	1966 jan.—júní Tonn	1966 jan.—júní Cif. 1000 kr.
57.05.02	Netagarn úr hampi	1,6	81	0,9	84	0,9	78
59.04.01	Færi og línur	282,8	11 650	119,5	4 608	75,4	2 992
59.04.02	Kaðlar	632,9	30 045	601,9	36 658	392,6	23 906
59.04.03	Öngultaumar	17,6	3 591	8,6	1 756	2,3	542
59.05.01	Fiskinet úr gerfiefnum .	769,1	145 746	1 067,8	180 883	695,9	120 324
59.05.02	Fiskinet úr öðrum efnum	7,2	1 332	11,5	2 075	3,1	438
	Samtals	1 711,2	192 445	1 810,2	226 064	1 170,2	148 280

	1964	1965
Færi, línur og kaðlar: Innfl.	915,7 tonn	721,4 tonn
Færi, línur og kaðlar: Framl. af Hampiðjunni	413 —	370 —

Framleiðsla samkvæmt áætlun 1966 verður 395 tonn að verðmæti 29 000 þús. kr.

Framleiðsla samkvæmt áætlun 1967 verður 480 tonn að verðmæti 32 545 þús. kr.

Framleiðslu Hampiðjunnar má auðveldlega auka um 100% með þeim vélum, sem verið er að taka í notkun, og vaktavinnu.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Óskar E. Levy, Björn Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Lækjarbær er innst í Vesturárdal í Miðfirði, á mörkum byggðar og heiðar. Það er ekki gamalt býli. Þar var hafinn búskapur árið 1860 og búið á jörðinni til ársins 1924, þó með þeim undantekningum, að hún féll tvisvar úr ábúð á því tímabili, árin 1901—1908 og 1913—1914. En síðan 1924 hefur enginn óskað þess að fá jörðina til ábúðar, og ekki virðast neinar líkur benda til þess, að hún byggist. Þar eru engin mannvirki, og þangað liggur enginn vegur.

Ef Fremri-Torfustaðahreppur eignast jörðina, er það áform hreppsbúa að nota land hennar sem afrétt, til viðbótar hluta hreppsins af heiðarlandinu sunnan byggðarinnar. Á næstliðnu vori keypti hreppurinn jörðina Fosskot í sama skyni, en hún féll úr byggð á þessu ári. Er hentugt fyrir hreppsbúa að fá lönd beggja þessara jarða til afnota, þar sem þau eru samliggjandi.

Hér með fylgir samþykkt um málið, sem gerð var á sveitarfundi í Fremri-Torfustaðahreppi 17. maí 1966, og bréf hreppsnefndaroddvita, dags. 12. sept. 1966.

Fylgiskjal I.

Á almennum sveitarfundi í Fremri-Torfustaðahreppi, sem hreppsnefnd hafði boðað til með löglegum fyrirvara 17. maí 1966 og meðal annars auglýst, að rætt yrði um, hvort hreppurinn ætti að fara fram á að fá Lækjarbæjarland keypt af ríkissjóði, var eftirfarandi samþykkt:

„Fundurinn felur hreppsnefnd og væntanlegri hreppsnefnd að óska eftir að fá Lækjarbæjarland keypt af ríkissjóði og ganga frá þeim kaupum".

Rétt afrit staðfest,

Barkarstöðum, 2. sept. 1966,

oddviti Fremri-Torfustaðahrepps.

Ragnar Benediktsson.

Fylgiskjal II.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 12. sept. 1966 að óska eftir því við hæstvirt Alþingi, að Fremri-Torfustaðahreppur fái keypta ríkisjörðina Lækjarbæ í sama hreppi.

Ástæðan fyrir óskum hreppsnefndar í þessu máli er sú, að á þeim sama fundi og um getur í fylgiskjali I. var jörðin Fosskot keypt af Jóni bónda Jónssyni, en hann er að flytja burt af jörðinni og hætta búskap fyrir aldurs sakir. Jörðin fer um leið í eyði. Jörðin Lækjarbær er samliggjandi við Fosskotsland. Er það hugmyndin með kaupum á jörðum þessum að gera þær að upprekstrarlandi, þar sem sannað þykir, að afréttarlöndum Miðfirðinga hefur hrakað mjög hin síðari ár vegna ofbeitar.

Barkarstöðum, 12. sept. 1966,

f. h. hreppsnefndar,
oddviti Fremri-Torfustaðahrepps.

Ragnar Benediktsson.

Sþ. 27. Fyrirspurnir. [27. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um Vesturlandsveg.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvaða fyrirætlanir eru uppi um notkun lánsheimilda í vegáætlun til lagningar Vesturlandsvegar frá Elliðaám í Hvalfjarðarbotn?

II. Til menntamálaráðherra um sjónvarp til Vestfjarða.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Hvenær má búast við, að Vestfirðingar geti notið sjónvarps?
2. Eru einhverjir erfiðleikar á því að sjónvarpa til einstakra byggðarlaga á Vestfjörðum, og ef svo er, hvaða byggðarlög eru það?

III. Til ríkisstjórnarinnar um störf tveggja nefnda, sem settar hafa verið til að rannsaka atvinnuástand á Norðurlandi.

Frá Ragnari Arnalds.

Hví hefur enginn sýnilegur árangur orðið af störfum stjórnskipaðrar nefndar, sem fyrir rúmum tveimur árum ferðaðist um Norðurland til þess að rannsaka atvinnuástand þar og gera tillögur til úrbóta, og hví hefur ekkert spurzt til þessarar nefndar í tvö ár?

Má vænta árangurs af störfum nýrrar nefndar, sem í sumar ferðaðist um Norðurland á vegum stjórnarvaldanna og kvaðst hafa nákvæmlega sama hlutverk og hin fyrri? Ef árangurs má vænta, þá hvenær?

IV. Til sjávarútvegsmálaráðherra um rannsókn á rekstrarvandamálum hinna smærri báta.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. Hefur nefnd alþingismanna, sem skipuð var seint á s. l. ári til þess að rannsaka rekstrarerfiðleika báta undir 120 smálestum, skilað áliti?
2. Verður álitsgerð nefndarinnar ekki birt opinberlega og þá hvenær?

Ed. 28. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárlaganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. okt. 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Björn Jónsson. Sveinn Guðmundsson. Helgi Bergs.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um sumarheimili kaupstaðabarna í sveit.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um stofnun sumarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.

Skal að því stefnt, að á slíkum sumarheimilum hafi börnin viðfangsefni, er geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau.

Nefndin skal hafa samráð við borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir kaupstaða, sveitarstjórnir kauptúnahreppa og barnaverndarráð Íslands.

Ráðherra skipar fjóra nefndarmenn eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en fimmta nefndarmanninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það var lengi háttur kaupstaðabúa að koma börnum sínum í sumardvöl á sveitaheimili. Var það eftirsóknarvert og þótti hollt og þroskavænlegt fyrir börnin.

Nú er öldin önnur hvað snertir möguleika á slíkri sumardvöl fyrir börn í sveit. Því veldur hin mikla fólksfækkun, sem orðið hefur á svo að segja hverju einasta sveitaheimili. Þar er ekki lengur sá vinnukraftur innanhúss, sem með þarf, til að sinna þörfum aðkomubarna. Þörfin fyrir sumardvöl kaupstaðabarna í sveit er þó ekki minni en áður, þvert á móti vex hún óðfluga með fólksflutningum til þéttbýlisins. Ýmis félagssamtök í landinu hafa á virðingarverðan hátt leitazt við að bæta nokkuð úr þessari þörf, og á vegum Reykjavíkurborgar hefur verið starfræktur vinnuskóli, sem innt hefur af hendi ágætt starf, en þetta hvort tveggja leysir ekki nema að mjög takmörkuðu leyti það viðfangsefni, sem hér um ræðir.

Af þessu hefur það leitt, að foreldrar í kaupstöðum hafa neyðzt til að koma börnum sínum á barnaskólaaldri til starfa á hinum almenna vinnumarkaði, þegar ekki er um skólagöngu þeirra að ræða. Eru mörg dæmi þess, að börn hafa verið

sett til þeirra starfa, sem ekki verða talin þeim holl eða hættulaus, hvorki andlega né líkamlega.

Hér er tvöföld hætta á ferðum. Annars vegar sú, að kaupstaðabörn missa af þeim skóla, sem sveitin og sveitalífið hefur verið börnum landsins, hins vegar ráðast þau til þeirra starfa við sjávarsíðuna, sem jafnvel geta orðið þeim viðsjárverð, eða þau hafa engin sérstök viðfangsefni við að fást.

Að sjálfsögðu er það mikið verkefni að koma upp dvalarheimilum í sveitum fyrir kaupstaðabörn. En víst má telja, að svo mikill reynist skilningur Alþingis, bæjar- og sveitarstjórna og foreldra á þessari þörf, að fljótlega verði hafizt handa í þessum efnum, ef skipulega er að því unnið, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um þyrlur til strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Jónas Pétursson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að landhelgisgæzlan fái hið fyrsta tvær nýjar þyrlur og verði önnur þeirra notuð í þágu strandgæzlu, björgunar- og heilbrigðisþjónustu við Breiðafjörð, á Vestfjörðum og við Húnaflóa, en hin á Norðausturlandi og Austfjörðum. Skal stefnt að því, að þessi tæki verði að jafnaði staðsett í þeim landshlutum, sem þau eiga að þjóna.

Greinargerð.

Landhelgisgæzlan á nú eina þyrlu, sem reynzt hefur mjög vel. Er hún staðsett í Reykjavík, en getur lent á þilfari tveggja varðskipanna. Mun gert ráð fyrir því, að hið nýja varðskip, sem hafizt verður handa um að byggja í byrjun næsta árs, verði einnig þannig útbúið.

Það er skoðun forstöðumanns landhelgisgæzlunnar, að þyrlur muni í framtíðinni gegna þýðingarmiklu hlutverki við strandgæzlu og björgunarstörf. Enn fremur er auðsætt, að slík tæki geta bætt verulega úr þeim vanda, sem læknaskorturinn hefur haft í för með sér víðsvegar um land og þó sérstaklega í strjálbýlustu héruðunum. Væri ómetanlegt hagræði að þeim til sjúkra- og læknaflutninga, ekki sízt eftir að fyrirhugaðar læknamiðstöðvar hefðu verið settar á stofn í hinum ýmsu landshlutum. Úr öryggisleysi fólksins í þeim héruðum, þar sem lækna vantar, verður að bæta. Til þess má einskis láta ófreistað.

Þyrlur er einnig hægt að nota til margvíslegra annarra flutninga. Hafa þær þegar komið að notum hér á landi, t. d. þegar snjóþyngsli hafa lokað samgönguleiðum á landi.

Það er því skoðun flm. þessarar tillögu, að brýna nauðsyn beri til þess að afla slíkra tækja og hafa þau að jafnaði staðsett í þeim landshlutum, sem þau eiga að þjóna. Hugsanlegt væri að hætta rekstri minnstu varðbátanna, sem eru mjög dýrir í rekstri, en ná þó ekki tilgangi sínum, hvorki sem varðskip né björgunarskip. Er því óvíst, að rekstur þyrlanna hefði tilfinnanlegan aukakostnað í för með sér.

Nd. 31. Frumvarp til laga [30. mál]

um ríkisframlag til hafnargerða og lendingarbóta.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Hafnar- og lendingarbótastöðum samkv. 2. gr. laga um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, skal skipta í 3 flokka, er nefnast A-flokkur, B-flokkur og C-flokkur. Skal skiptingin við það miðuð, að hafnarsjóðir hafi sem jafnasta fjárhagslega aðstöðu til að koma upp undirstöðumannvirkjum hafnargerðar. Til undirstöðumannvirkja teljast í þessu sambandi t. d. hafnargarðar (öldubrjótar), bátakvíar, ein afgreiðslubryggja með allt að 150 metra legukanti í hverri höfn og dýpkun á siglingaleið í hafnarmynni og að bryggju hafnarsjóðs. Um skiptingu í flokka fer að öðru leyti eftir 2. gr.

2. gr.

Vitamálastjóri gerir eftir gildistöku laga þessara rökstudda tillögu um skiptingu hafnar- og lendingarbótastaða í flokka samkv. 1. gr. Skal tillaga til þingsályktunar um skiptinguna lögð fyrir sameinað Alþingi á árinu 1967. Þegar ályktunin hefur hlotið samþykki Alþingis, skulu ákvæði um ríkisframlag samkv. 4. gr. og ríkisábyrgð samkv. 5. gr. taka gildi. Í þingsályktuninni má ákveða, að þau ákvæði taki einnig til framkvæmda, sem unnar eru áður en hún hlaut samþykki.

3. gr.

Vitamálastjóri gerir einnig eftir gildistöku þessara laga áætlun til tveggja ára í senn um framkvæmdir samkv. lögum þessum og um fjármagnsþörf vegna þeirra. Skal tillaga til þingsályktunar um slíka tveggja ára áætlun og öflun fjármagns til hennar lögð fyrir Alþingi samtímis tillögu þeirri, er um getur í 2. gr. Þegar framkvæmdaáætlunin hefur hlotið samþykki Alþingis, greiðir ríkissjóður að fullu ár hvert ríkisframlag til áætlunarframkvæmdanna á því ári.

Veita skal jafnframt á fjárlögum fé til að standa skil á ógreiddum framlögum fyrri ára þannig, að greiðslum þessum verði að fullu lokið 3 árum eftir gildistöku þessara laga.

Ríkisstjórnin veitir hafnarsjóðum aðstoð við útvegun lánsfjár til framkvæmda samkv. 2 ára áætlun.

4. gr.

Ríkisframlag til hafnar- og lendingarbótamannvirkja skal, unz sett hafa verið ný lög í stað þeirra laga, er nú gilda um hafnargerðir og lendingarbætur, vera sem hér segir:

1. Á stöðum í A-flokki 50% af kostnaði.
2. Á stöðum í B-flokki 60% af kostnaði.
3. Á stöðum í C-flokki 70% af kostnaði.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hluta af hafnar- og lendingarbótakostnaði sem hér segir:

1. Á stöðum í A-flokki 50% af kostnaði.
2. Á stöðum í B-flokki 40% af kostnaði.
3. Á stöðum í C-flokki 30% af kostnaði.

Af ábyrgðarupphæðum samkv. þessari grein skal ekki greiða áhættugjald samkv. 4 gr. laga nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, eru taldir upp 113 hafnarstaðir, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til hafnarframkvæmda. Fram til ársloka 1960 hafði ríkissjóður lagt fram fé til framkvæmda á nál. 90 af þessum 113 stöðum (sums staðar þó mjög lágar upphæðir), og hefur víst engin teljandi breyting orðið á þeirri tölu síðan. Þessum 113 stöðum, sem taldir eru upp í lögunum, er skipt í tvo flokka. Á 35 stöðum eru kallaðar hafnir, en á 78 stöðum lendingarbætur. Ríkisframlagið er í lögunum ákveðið 40% af framkvæmdakostnaði, nema um sé að ræða „lendingarbót", sem hefur ekki kostað meira en 1.6 millj. kr., þá er ríkisframlagið 50%. En þegar kostnaður við lendingarbót er kominn yfir 1.6 millj. kr., lækkar ríkisframlagið niður í 40% af þeim kostnaði, sem er fram yfir 1.6 millj. kr. Ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast lán allt að þeirri upphæð, sem hafnar- og lendingarbótasjóði ber að greiða, þ. e. 50 eða 60% af stofnkostnaðinum. Þegar hér á eftir verður rætt um hafnarsjóði í þessari greinargerð, er einnig átt við lendingarbótasjóðina, enda er þar raunverulega yfirleitt lítill munur á. Og þegar rætt verður um hafnir hér á eftir, er einnig átt við lendingarbætur.

Lengst af hafa flestir hafnarsjóðir orðið að taka lán til að greiða sinn hluta framkvæmdakostnaðar að mestu eða öllu leyti, enda er hér nú yfirleitt um svo háar upphæðir að ræða, að engin von er til, að hægt sé að greiða nema þá mjög lítinn hluta þeirra af tekjum sveitarfélaga, þegar framkvæmdir eiga sér stað. Slík lán eru tekin með ríkisábyrgð. Við þetta bætist svo, að ríkissjóður hefur ekki haft tök á að standa skil á sínum hluta að fullu jafnóðum, og hafa þá safnazt skuldir til bráðabirgða, sem engin ríkisábyrgð er fyrir, en bráðabirgðalán tekin út á væntanlegt lögboðið ríkisframlag.

Sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi, án tillits til hafnalaga, að koma afgreiðslu fjárlaga í það horf, að ekki standi á greiðslu ríkisframlagsins, og hafa öðru hverju verið gerðar ráðstafanir, sem miða í þá átt. En auðsætt er nú, að þetta nægir ekki. Öllum þorra hafnarsjóðanna, eða sveitarfélaganna, sem að þeim standa, er það ofviða að standa straum af lánum, sem nema 60% af framkvæmdakostnaði, eða jafnvel þótt ekki sé nema 50%. Höfnunum er yfirleitt hvergi nærri lokið og hafa því ekki enn þá tekjuöflunarmöguleika, sem þær kunna að hafa síðar, þegar áhrifa af hafnargerðinni er farið að gæta á þróun atvinnulífs og íbúafjölda. Gangur málsins er þá sá, að hafnarsjóðirnir hafa komizt í vanskil vegna lána, sem fyrirsjáanlega voru þeim um megn, og ríkissjóður, eða sú deild hans, sem nú er kölluð ríkisábyrgðasjóður, hefur orðið að greiða vexti og afborganir. Nýlega var gerð gangskör að því að semja við hafnarsjóðina um vanskilaskuldir við ríkissjóð, sem þannig hafa myndazt. Var sumt af skuldunum gefið eftir, en hafnarsjóðir eða sveitarfélög látin greiða eftirstöðvarnar með skuldabréfum, sem þau auðvitað geta ekkert fremur staðið straum af en öðrum lánum. Vanskilaskuldir eru því nú þegar byrjaðar að safnast á nýjan leik, eins og við mátti búast, enda þótt nokkuð hafi að sögn verið gert að því að taka jöfnunarsjóðsfé sveitarfélaganna upp í greiðslu af hafnarlánum. Sú aðferð er raunar ekki alls kostar æskileg, þar sem þetta fé er ætlað sveitarfélögum til almennra þarfa.

Til eru svonefndar landshafnir, sem ríkið sjálft byggir og greiðir allan stofnkostnað við. Til sumra annarra mannvirkja á einstökum stöðum hefur ríkið tekið lán og greiðir af þeim vexti og afborganir án tillits til hafnalaga, enda varla um annað að ræða til að gera þær framkvæmdir mögulegar.

Þegar á allt þetta er litið, verður að dómi flm. ekki lengur hjá því komizt að viðurkenna, að ákvæði hafnalaga um ríkisframlag til hafnargerða eru úrelt orðin. Þau verða að hækka til mikilla muna. Þá fyrst kann að verða von til þess, að hafnarsjóðir geti yfirleitt staðið straum af lánum sínum. Þetta er nauðsynja- og sanngirnismál, eins og nú er ástatt, og þolir ekki bið.

Árið 1958 fól Alþingi ríkisstjórninni að láta endurskoða hafnalögin og lög um hafnarbótasjóð, gera 10 ára áætlun um hafnargerðir. Þessu verki var lokið haustið 1961 og frumvarp til nýrra hafnalaga afhent ríkisstjórninni. Þar er það enn í athugun.

Að því hlýtur þó að koma, að Alþingi setji ný hafnalög. En þó að beðið sé eftir nýjum hafnalögum, er hægt að setja ákvæði til bráðabirgða til lagfæringar á fjármálum hafnanna. Þá leið vilja flm. þessa frv. fara. Flutt hefur verið frv. til l. um hækkun ríkisframlags til nánar tilgreindra hafnarframkvæmda, en ekki hefur tekizt að fá það samþykkt á Alþingi. Nú er með flutningi þess frv. enn á ný gerð tilraun til að fá ríkisframlagið hækkað, en með öðrum hætti en fyrr, ef vera mætti, að fremur yrði á það fallizt.

Í 1. og 4. gr. þessa frv. er lagt til, að þeim hafnar- og lendingarbótastöðum, sem taldir eru upp með nöfnum í gildandi lögum, verði skipt í 3 flokka með það fyrir augum, að einstakir hafnarsjóðir eða staðir hafi sem jafnasta aðstöðu, og að þeim verði fjárhagslega viðráðanlegt að koma upp undirstöðumannvirkjum hafnargerðar þannig, að hafnvæðing landsins geti komizt í framkvæmd sem fyrst. Lagt er til, að hundraðshluti ríkisframlagsins verði þrenns konar, en þó alls staðar hærri en hann er nú, og miðist við þörf þannig, að í A-flokki verði ríkisframlagið 50%, í B-flokki 60% og í C-flokki 70%. Sá hluti kostnaðarins, sem hlutaðeigandi hafnarsjóður greiðir, yrði þá 50, 40 og 30% í stað 60%, sem nú tíðkast. Í samræmi við þetta er lagt til, að ríkisábyrgð nemi þessum hundraðshlutum kostnaðarins.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að undirbúin verði á árinu 1967 skipting hinna lögfestu staða í flokka og á því ári lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um flokkaskiptinguna. Alþingi tæki síðan tillöguna til venjulegrar meðferðar, og gengi flokkaskiptingin í gildi, er ályktunin hefði hlotið samþykki þingsins með þeim breytingum, sem það kynni að gera á henni. Að því loknu bæri ríkissjóði að greiða það ríkisframlag í hverjum flokki, sem kveðið er á um í þessu frv. Hér er um að ræða svipaða málsmeðferð og nú er lögboðin í sambandi við vegáætlun. Ef þetta frv. verður að lögum, nægir sem sé þingsályktun til að ákveða flokkaskiptinguna og þar með hundraðshluta ríkisframlagsins í hverjum flokki. Stefnt er að því með frv., að unnt geti orðið að ákveða hækkunina á næsta ári. En rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að hún geti náð til framkvæmda fyrir gildistökutíma, og þá með sérstöku tilliti til þess, að of lengi hefur dregizt að hækka ríkisframlagið.

Í 3. gr. frv. er annað nýmæli: Að gerð verði tveggja ára áætlun um framkvæmdir samkvæmt frv. þessu og um öflun fjármagns til áætlunarframkvæmdanna, enda verði þá jafnframt lögfest skylda til að greiða að fullu ár hvert ríkisframlagið til þeirra hafnarmannvirkja, sem gerð eru á árinu samkvæmt framkvæmdaáætluninni. Er hér að því stefnt, að bundinn verði endi á það ástand, að hafnarsjóðir eigi fé inni hjá ríkinu, jafnvel árum saman. Jafnframt er lagt til, að eldri skuldir ríkisins við hafnarsjóði verði greiddar að fullu á næstu 3 árum. Mætti hugsa sér, að ríkið tæki, ef þurfa þætti, nokkurt fé að láni til að koma framlagsgreiðslunum í viðunandi horf. Þegar um skuldamyndun er að ræða vegna þessara framkvæmda, er í rauninni eðlilegt, að ríkið, en ekki hafnarsjóðir, taki lán til að greiða þann hluta kostnaðarins, sem ríkinu ber að greiða að lögum. — Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin veiti hafnarsjóðum aðstoð við útvegun lánsfjár til framkvæmda samkvæmt tveggja ára áætluninni.

Ákvæði 5. gr. um ríkisábyrgð eru í samræmi við ákvæði 4. gr., um ríkisframlag, en lagt er til, að áhættugjald falli niður.

Frv. að mestu leyti sama efnis var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki samþykki. Fylgdi því meginmál grg., sem prentuð er með þessu frv.

Nd. 32. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál.

Flm.: Einar Olgeirsson, Eðvarð Sigurðsson, Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer sjö manna nefnd, verðlagsnefnd. Skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, þegar lög þessi taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Kosnir skulu og jafnmargir varamenn á sama hátt. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsnefnd skal ákveða hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Skal það regla verðlagsnefndar að beita þessu valdi til þess að koma sem mest í veg fyrir vöxt verðbólgu og dýrtíðar og því aðeins sleppa því að ákveða hámarksverð á vissum sviðum, að samkomulag sé um slíkt í nefndinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er viðurkennd þjóðfélagsleg nauðsyn, að stöðva verði óðaverðbólguna. Verðbólga, sem árum og áratugum saman er 10% á ári að meðaltali, er eyðileggjandi fyrir þjóðfélagið, ekki síst siðferðilega. Væri hægt að tryggja, að verðbólga yrði ekki nema 2—3% á ári, væri mikið fengið.

Ríkisstjórnin viðurkennir, að henni hafi, eins og fleiri ríkisstjórnum, mistekizt að stöðva verðbólguna.

Flutningur þessa frv. er prófsteinn á, hvort ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að vinna að stöðvun óðaverðbólgunnar, ef tillaga um það kemur frá stjórnarandstöðunni.

Verkalýðshreyfingin lýsti yfir því vorið 1964, að hún væri reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina um stöðvun óðaverðbólgunnar. Aðferðir þær, sem ríkisstjórnin hefur beitt eða lagt til að beita, duga ekki.

Í þessu frv. felst ráðstöfun, sem mun duga, svo langt sem hún nær, ef henni er beitt.

Fyrsta skilyrðið til þess að halda verðbólgu í skefjum er að leyfa ekki sjálfkrafa verðhækkanir, með öðrum orðum: afnema vald atvinnurekenda og kaupsýslumanna til að hækka verðlag að sama skapi og kaupgjald hækkar. Eins og nú standa sakir, hefur fésýslustéttin þetta vald á flestum sviðum viðskiptalífsins og beitir því vægðarlaust, svo sem dæmin sanna. Frv. fer fram á að afnema þetta vald, en veita verðlagsnefnd, sem öruggt er að fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar

ætti sæti í, vald til ákvarðana um verðlag. Síðan yrði reynslan að skera úr því, hvaða flokkar væru reiðubúnir til þess að beita því valdi til að vinna gegn verðbólgu og hverjir ekki.

Stundum hefur verið reynt af hálfu yfirvaldanna að skírskota til fésýslustéttarinnar að beita ekki valdi því, sem hún hefur fengið undanfarin ár, til verðlagshækkana og verðbólgu. Þannig reit núverandi viðskiptamálaráðherra Gylfi Þ. Gíslason grein í Alþýðublaðið 17. júlí 1965, eftir kaupsamningana þá, þar sem hann sagði m. a.:

„En verðlagseftirliti og öllum öðrum hugsanlegum ráðum verður að beita til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir, er eyði áhrifum þeirra kauphækkana, sem um hefur verið samið. Launþegar hafa auðvitað augljósra hagsmuna að gæta í því sambandi, að verðlaginu sé haldið í skefjum. En það væri skammsýn stefna af hálfu atvinnurekenda að leggja nú meiri áherzlu á að fá umsamda kauphækkun bætta með hækkuðu verðlagi, því að afleiðingin gæti ekki orðið önnur en röskun á efnahagsjafnvægi innanlands og erfiðleikar í greiðsluviðskiptum gagnvart útlöndum. Þegar frá líði, mundu þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið yrði neytt til að grípa til í því skyni að stöðva þá þróun, verða atvinnurekendum í heild þungbærari en hitt nú er að gera skipulega og markvissa tilraun til þess að bæta rekstrarhagkvæmni og auka framleiðni, í samvinnu við ríkisvald og launþegasamtök, til þess að kauphækkanirnar þurfi ekki að leiða til hækkandi verðlags.

Ef allir aðilar, sem hér geta lagt hönd á plóginn, gera sér grein fyrir skyldum sínum við sjálfa sig og samfélagið í þessu efni, þá á það að geta tekizt að varðveita efnahagsjafnvægi innanlands og treysta enn grundvöllinn undir heilbrigðri efnahagsþróun á Íslandi og síbatnandi lífskjörum."

En allar slíkar áskoranir hafa reynzt máttlausar. Fésýslustéttin lítur á verðbólguna sem eina höfuðgróðalind sína og heldur áfram að raka til sín gróða í krafti þess valds, er hún hefur fengið, svo lengi sem samfélagið lætur henni haldast það uppi. Og vilji einhver aðili stilla álagningu í hóf, á hann jafnvel yfir höfði sér að vera gert erfitt að fá vörur til sölu.

Því ber að gera tilraun til þess að stöðva óðaverðbólguna með þeim aðferðum, sem hér er lagt til.

Vissulega þarf fleiri ráðstafanir. Strangt eftirlit og skynsamleg yfirstjórn á fjárfestingunni er annað höfuðskilyrði til stöðvunar verðbólgu. En slík ráð hafa ekki samrýmzt því einræðisvaldi til óðaverðbólgu og vitlausrar fjárfestingar, sem ríkisstjórnin hefur gefið fésýslustéttinni og kallað „frelsi" hennar.

Það verður nú í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að reyna á, hver alvara mönnum er um stöðvun óðaverðbólgunnar. Frv. þetta var svæft á síðasta þingi og reynir nú á, hvort nálægð kosninga og umtal um verðstöðvun á sér raunverulega fylgi á þingi eða ekki.

Nánar í framsögu.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um rétt Íslands til landgrunnsins.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Helgi Bergs, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að vinna ásamt ríkisstjórninni að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, sbr. ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í auglýsingu nr. 4 frá 1961.

Greinargerð.

Lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, byggjast á þeirri hugsun, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls og að þeir fari þar með fulla lögsögu og yfirráð. Hafa reglugerðir um útfærslu landhelginnar verið settar með skírskotun til þeirra laga, svo sem kunnugt er. En þó að það sé sjálfsagt réttlætismál í augum Íslendinga, að landgrunnið með öllum þess gögnum og gæðum, þar með talin fiskimið á landgrunninu, tilheyri Íslandi, hefur sú regla, að strandríki hafi einkarétt til fiskimiða landgrunns þess, ekki enn náð viðurkenningu sem þjóðréttarregla. Það hefur Alþingi verið ljóst. Hinn 5. maí 1959 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun um landhelgismál:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlinum umhverfis landið."

Þessi þingsályktunartillaga var flutt af utanríkismálanefnd og samþykkt samhljóða á Alþingi.

Eins og ljóst er af henni, telur Alþingi, að Ísland eigi ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, þ. e. að sú landhelgisákvörðun sé í fullu samræmi við þjóðréttarreglur, svo sem nú mun raunar almennt viðurkennt. En jafnframt lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, „að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948." Í þessari viljayfirlýsingu Alþingis felst auðvitað áskorun til ríkisstjórnarinnar um að reyna að afla þeirrar viðurkenningar.

Í samningnum við Breta um lausn fiskveiðideilunnar frá 1961, sbr. auglýsingu nr. 4/1961, segir svo: „Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins."

Hér áskilja Íslendingar sér að vísu rétt til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hvort heldur er til landgrunnsins alls eða tiltekinna svæða þess, svo sem stefnt var að með ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og landgrunnslögunum frá 1948, en báðir samningsaðilar skuldbinda sig til að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins um lögmæti útfærslunnar, ef til ágreinings skyldi um hana koma.

Ljóst er af þessu, að möguleikar Íslendinga til frekari landhelgisútfærslu og til friðunaraðgerða á landgrunninu eru mjög komnir undir því, hver þróun þjóðréttarreglna verður á þessu sviði. Skiptir því miklu, að fylgzt sé sem allra bezt með réttarþróuninni í þessum efnum og reynt sé með öllum tiltækum ráðum að stuðla að hagstæðri réttarþróun. En á því leikur enginn vafi, að á undanförnum árum hefur þróun þjóðréttarreglna um landhelgi verið okkur Íslendingum hagstæð, bæði um víðáttu eiginlegrar fiskveiðilandhelgi og um rétt ríkja yfir landgrunninu, en nú mun viðurkenndur umráðaréttur ríkja yfir hafsbotninum á landgrunninu, hvort heldur er til rannsókna eða nýtingar náttúruauðlinda þar. Hitt er einnig víst, að með staðfastri baráttu sinni í landhelgismálinu áttu Íslendingar drjúgan þátt í þeirri þróun.

Þó að mikið hafi áunnizt með útfærslu landhelginnar, fer því fjarri, að framtíðarhagsmunum íslenzku þjóðarinnar á því sviði sé þar með fullnægt. Þar er ekki fullur sigur unninn, fyrr en viðurkenndur hefur verið réttur þjóðarinnar yfir fiski-

miðum landgrunnsins, svo að hún geti sett þær reglur um fiskveiðar þar og friðunaraðgerðir, sem þörf er á til verndunar fiskstofnum og varnar gegn ofveiði. En það mun nú samdóma álit allra, sem gerst þekkja til, að veiði á uppeldisstöðvum fiskstofnanna á landgrunninu utan núgildandi landhelgislínu gangi langt úr hófi fram. Er þar mikil og alvarleg hætta á ferð, jafnvel svo að lífshagsmunir þjóðarinnar eru í húfi. Nútíma veiðitækni hefur stóraukið þá hættu. Rannsóknir munu sýna, að Íslendingar veiða ekki nema örlítið brot af þeim ungfiski, sem þar er um að ræða.

Það er því orðin brýn og aðkallandi þörf framkvæmda á grundvelli ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í auglýsingu nr. 4/1961. Það þarf að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu. Undirbúning þess máls þarf að hefja sem skjótast. Ákvarðanir í því máli þarf að undirbúa vandlega og á svipaðan hátt og landhelgisútfærslan var undirbúin á sínum tíma. Setja þarf kunnáttumenn til að kynna sér mál þessi öll og réttarþróunina sem rækilegast, svo og til að kynna öðrum þjóðum málstað Íslands og stuðla með öllum tiltækum úrræðum að þeirri réttarþróun, sem stefnt er að með framangreindri Alþingisályktun. Það er þjóðarnauðsyn, að um mál þetta og allar ákvarðanir sé sem allra mest samstaða stjórnmálaflokkanna og þjóðarinnar allrar. Framgangur málsins er ekki hvað síst undir því kominn, að um það og þær leiðir, sem ákveðið verður að fara, skapist fullur einhugur innanlands. Þess vegna er hér lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að hafa forustu í þessu máli ásamt ríkisstjórninni. Með því er bezt tryggð samstaða. Allar framkvæmdir verða, eins og áður er sagt, að byggjast á vandlegum undirbúningi. Það þarf að leggja höfuðáherzlu á sérstöðu Íslands í þessu máli. Það þarf að safna saman og hafa tiltæk öll rök fyrir málstað Íslands, hvort heldur eru siðferðislegs, sögulegs, efnahagslegs eða lagalegs eðlis. En höfuðatriðið er, að eins og málum nú er komið, þolir það enga bið, að þegar í stað sé farið að vinna að því með festu og á skipulegan hátt að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu, svo sem stefnt var að með þingsályktuninni frá 1959 og landgrunnslögunum frá 1948. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Nd. 34. Frumvarp til laga [33. mál]

um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör faglærðra framreiðslumanna og barmanna í veitingahúsum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun þóknunar og starfskjara hafa hliðsjón af samningi frá 4. júní 1965 milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, svo og þeirra kauphækkana og kjarabóta, sem sambærilegar stéttir hafa orðið aðnjótandi frá því 4. júní 1965.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Félags framreiðslumanna, sem hófst 8. júlí 1966.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur veitingahúsaeigenda til félaga í Félagi framreiðslumanna gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skal samningur Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, dags. 4. júní 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þar til nýr samningur tekst milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, þó eigi lengur en til 1. febrúar 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að verkfall hafi staðið yfir hjá félögum í Félagi framreiðslumanna frá því 8. þ. m., og hafi sáttatilraunir ekki borið árangur og ekki horfur á lausn deilunnar í bráð, m. a. vegna djúpstæðs ágreinings um rétt Félags framreiðslumanna til afskipta af vinnutilhögun í veitingahúsum.

Enn fremur, að Samband veitinga- og gistihúsaeigenda hafi ákveðið að loka veitingahúsum sínum fyrir alla, nema erlenda dvalargesti, meðan verkfallið stendur, og tilkynnt það samgöngumálaráðuneytinu bréflega. Muni þá ekki unnt að veita öðrum mönnum, þar á meðal farþegum erlendra skemmtiferðaskipa, almenna og samningsbundna þjónustu. Nú sé mesti annatími veitingahúsa, vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna og ferðamannaskipa. Verði ekki unnt að veita þessu ferðafólki sæmilega þjónustu, sé hætta á að varanlega verði spillt árangri langrar og ötullar landkynningarstarfsemi, sem erfitt yrði að bæta, og bitna myndi á öllum þeim aðilum hér á landi, sem hafa atvinnu af þjónustu við ferðamenn, og verða þjóðinni til vansæmdar.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til að koma í veg fyrir stöðvun á rekstri veitingahúsanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Hæstiréttur tilnefnir 3 menn í gerðardóm, sem ákveði kaup og kjör faglærðra framreiðslumanna og barmanna í veitingahúsum.

Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur, aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna, og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra eða skriflegra, af einstökum mönnum og embættismönnum.

2. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun þóknunar og starfskjara hafa hliðsjón af samningi frá 4. júní 1965 milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, svo og þeirra kauphækkana og kjarabóta, sem sambærilegar stéttir hafa orðið aðnjótandi frá því 4. júní 1965.

3. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála, sem lög þessi taka til, eru óheimil, þar á meðal framhald verkfalls Félags framreiðslumanna, sem hófst 8. júlí 1966.

4. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 1. gr., skulu að því er varðar greiðslur veitingahúsaeigenda til félaga í Félagi framreiðslumanna gilda frá gildistöku laga þessara.

Að öðru leyti skal samningur Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, dags. 4. júní 1965, gilda, þar til gerðardómur fellur.

5. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þar til nýr samningur tekst milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna, þó eigi lengur en til 1. febrúar 1967.

Gjört að Bessastöðum, 15. júlí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Ed. 35. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Annar málsl. b-liðs 1. málsgr. 49. gr. laganna orðist svo:

„Fyrir hvert viðtal á lækningastofu og hverja vitjun til sjúklings greiða samlagsmenn lækni þó gjald, er ákveðið skal með reglugerð".

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt fyrir tilmæli samninganefndar trygginganna við læknasamtökin, en í henni eiga sæti fulltrúar tilnefndir af Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og ríkisstjórninni. Nefndin lætur frumvarpinu fylgja svo hljóðandi greinargerð:

„Með almannatryggingalögunum nr. 24/1956 var horfið frá því að læknishjálp hjá heimilislækni skyldi vera alveg ókeypis fyrir samlagsmenn og sett ákvæði (í 52. gr.) um að samlagsmenn á 1. verðlagssvæði skyldu greiða 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir vitjun læknis í heimahús. Yrði breyting á kauplagsvísitölu um meira en 10% skyldi samræma gjaldið þeirri breytingu. Á árinu 1958 var kaupstaðasamlögum á 2. verðlagssvæði veitt hemild til að taka upp sömu reglu. Með lögum nr. 18/1962 var gjald þetta hækkað í 10 kr. og 25 kr. og ákveðið að það skyldi gilda um land allt. Kom þetta til framkvæmda jafnframt nýskipun á greiðslum fyrir störf héraðslækna, sem ákveðin var með lögum nr. 45., 25. apríl 1962.

Ákvæðið um aðlögun gjaldsins að breytingum á kauplagsvísitölu var fellt niður 1962, þar sem verðlagsuppbætur voru þá engar greiddar, og hefur gjaldið því haldizt óbreytt síðan.

Um þær mundir, sem áðurnefnd hækkun tók gildi, var fastagjald heimilislæknis hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur ákveðið kr. 163.00 á ári fyrir fullorðna og kr. 30.00 fyrir börn. Í september 1966 er fastagjaldið, með verðlagsuppbót, kr. 294.70—305.60 fyrir fullorðna og 54.00—56.20 fyrir börn. Eru hærri fjárhæðirnar greiddar læknum, sem eingöngu stunda heimilislækningar en þær lægri þeim, sem jafnframt sinna öðrum störfum. Hinn 1. okt. verður nokkur grunnhækkun, samkv. samningi, til samræmis við almennar grunnkaupshækkanir, sem orðið hafa, svo og við hækkanir rekstrarkostnaðar. Er þannig skammt í tvöföldun fastagjalds frá því sem var, vorið 1962. Sem uppbót fyrir það, að sjúklingagjald hefur ekki hækkað greiðir S. R. heimilislæknum sem svarar 36.00 kr. á númer á ári, auk framannefnds fastagjalds. Samningar samlaga utan Reykjavíkur hafa á þessum árum í aðalatriðum tekið breytingum til samræmis við það sem orðið hefur í Reykjavík.

Sjúklingsgjaldið var á sínum tíma upp tekið að áeggjan læknasamtakanna. Til grundvallar því liggja aðallega þau rök, að það hamli móti óhóflegu álagi á heimilislækna, að þjónusta þeirra sé ekki algjörlega ókeypis fyrir samlagsmenn, auk þess sem það stuðli að auknu samræmi milli tekna læknisins og þeirrar vinnu, sem í té er látin. Má ljóst vera að gjaldið, eins og það var ákveðið 1956 og eins og því var breytt 1962, mátti ekki lægra vera, til þess að hafa þýðingu að þessu leyti. Jafnljóst er það að gjaldið er nú orðið allt of lágt, enda leggja læknasamtökin mikla áherzlu á hækkun þess og telja raunar skárra að fella það niður en halda því áfram óbreyttu.

Það hefur reynzt óheppilegt að hafa fjárhæð gjaldsins bundna í lögum og er því hér lagt til að það verði framvegis ákveðið með reglugerð.

Breyting þessi miðar ekki að tekjuhækkun fyrir lækna, enda mundi uppbót sú, sem samlög greiða læknum og að framan er vikið að lækka eða falla niður, til samræmis við þá breytingu, sem gerð yrði á gjaldinu.

Í viðræðum um samninga þá sem tóku gildi 1. maí s. l. vor hét samninganefndin að beita sér fyrir leiðréttingu á gjaldinu strax og tækifæri gæfist".

Nd. **36. Frumvarp til laga** [35. mál]

um bátaábyrgðarfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari allt að 400 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt lögum þessum innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lögtaki skv. 17. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 400 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að eigi sé útlit fyrir að gert verði við skipið eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

4. gr.

Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að taka að sér endurtryggingu á hluta þeirrar áhættu, sem Samábyrgðin yfirtekur frá öðrum bátaábyrgðarfélögum.

5. gr.

Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar á sjómönnum og ábyrgðartryggingar.

Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem mætt er með a. m. k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en heimildin er veitt.

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein.

6. gr.

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vest-

mannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. laganna um aðstoð.

Ákvæði laga þessara taka ekki til hvalveiðiskipa.

7. gr.

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt bátaábyrgðarfélag. Allir eigendur vátryggingarskyldra fiskiskipa á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að vátryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi, er starfar samkvæmt lögum þessum.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flyzt á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—25000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, hámark þeirrar áhættu, sem hvert bátaábyrgðarfélag tekur á eigin reikning í hverju skipi.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar í hinum vátryggðu skipum, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorazt.

Verði ágreiningur milli bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðarinnar um endurtryggingariðgjöld, sker ráðherra úr.

9. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skulu þeir ganga úr stjórninni til skiptis, tveir annað árið og þrír hitt árið.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Stjórnarfundi skal halda þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær, ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

Stjórnin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún úrskurðar skaðabótagreiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæð nemur 20000 kr. eða meiru.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

10. gr.

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þeir ganga úr til skiptis. Á sama hátt skulu kosnir tveir endurskoðendur til vara til sama tíma. Aðalfundur ákveður þóknun endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá fundarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

11. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit.

Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórnin hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur skv. 9. og 10. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 500 000 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins.

Félagsmaður getur farið með atkvæðisrétt fyrir aðra félagsmenn, enda hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða í félaginu. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði er mætt á þeim fundi.

Senda skal ráðuneytinu og Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert. Skulu reikningarnir vera í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

12. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

13. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar- og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.

Stjórn félagsins ákveður þóknun skoðunarmanna, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Bátaábyrgðarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum, sérfróðum mönnum.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Vátryggingarverð skipanna skal miða við matsverð eftir nánari fyrirmælum, sem sett verða í reglugerð.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, sem vátryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega,

sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin, eftir að viðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir viðgerðina.

14. gr.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

15. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna.

16. gr.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukaiðgjald á vátryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af vátryggðum skipum og 100% af iðgjöldum trygginga skv. 5. gr. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Aukaiðgjald verður eigi lagt á iðgjöld tiltekins árs, nema ákvörðun um það hafi verið tekin áður en 2 mánuðir eru liðnir frá lokum ársins.

17. gr.

Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum af skipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Sama gildir um aukaiðgjöld, sem reiknuð eru af vátryggingariðgjöldum skipa.

18 gr.

Nú hefur bátaábyrgðarfélag ekki innheimt vátryggingariðgjöld og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingariðgjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa tryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi.

19. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

20. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

21. gr.

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem bátaábyrgðarfélögin gefa út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þar á meðal um vátryggingarskilmála, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 61 31. maí 1947.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Ákvæði 6. gr. l. nr. 61/1947, um stjórn félaganna skulu halda gildi sínu, þar til ný stjórn hefur verið kosin skv. 9. gr. þessara laga.

Núgildandi vátryggingarskilmálar skyldutryggðra skipa skulu haldast, þar til nýir skilmálar hafa verið ákveðnir, og skulu þeir gagnvart skipum, sem nú eru tryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, taka gildi um áramót.

Skip undir 400 rúml. að stærð, sem nú eru vátryggð utan bátaábyrgðarfélaganna, skulu tekin í tryggingu hjá bátaábyrgðarfélögunum jafnskjótt og vátryggingartímabili hjá núverandi vátryggjanda lýkur, þó eigi fyrr en vátryggingarskilmálar hafa verið ákveðnir í reglugerð og eigi síðar en einu ári eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Eftir að frumvarpið hafði verið lagt fyrir Alþingi var svofelld ályktun samþykkt á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna 1965:

„Aðalfundur L.Í.Ú. telur, að frumvörp til laga, sem nú liggja fyrir Alþingi, og send hafa verið samtökunum til umsagnar, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um bátaábyrgðarfélög, þurfi frekari athugunar við en hægt er að gera á þeim skamma tíma, sem aðalfundur stendur yfir. Þess vegna samþykkir fundurinn að kjósa þriggja manna nefnd til þess að semja umsögn um bæði frumvörpin, og skal nefndin hafa samráð við stjórn samtakanna um efni hennar, áður en hún er send Alþingi.

Þó vill fundurinn taka eindregna afstöðu gegn hækkaðri skyldutryggingu úr 100 lestum í 400 rúmlestir."

Er frumvarpið var lagt fram á síðasta Alþingi, fylgdu því þær athugasemdir, sem hér fara á eftir:

Lögum þeim, sem drög eru lögð að með þessu frumvarpi, er ætlað að koma í staðinn fyrir lög nr. 61 31. maí 1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Frumvarpið

er samið á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins af Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingafræðingi.

Þýðingarmestu breytingar, sem í frumvarpinu felast, eru sem hér segir:

1. Fiskiskip, sem eru allt að 400 rúml. brúttó að stærð, verði skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, en nú nær skyldutryggingin til skipa allt að 100 rúml.
2. Bátaábyrgðarfélögunum verði með vissum skilyrðum heimilað að taka að sér aðrar tryggingar fyrir útgerðina, aðallega slysatryggingar og ábyrgðartryggingar, sem útgerðarmenn hafa með samningum við sjómannasamtökin skuldbundið sig til að kaupa.
3. Vátryggingarskilmálar verði ekki lengur ákveðnir í lögum, heldur með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Samkvæmt l. nr. 61/1947 eru öll fiskiskip með þilfari allt að 100 lestir að stærð skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, en félögin eru aftur skyld að endurtryggja skipin hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem er miðstöð fyrir bátaábyrgðarfélögin. Um þá stofnun gilda nú lög nr. 23 1921, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til nýrra laga um Samábyrgðina.

Bátaábyrgðarfélögin, sem nú eru starfandi, eru þessi:

1. Vélbátatrygging Reykjaness.
   Félagssvæði: Frá Krísuvíkurbergi að Keilisnesi.
2. Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta.
   Félagssvæði: Frá Keilisnesi í Hvalfjarðarbotn.
3. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga.
   Félagssvæði: Frá Hvalfjarðarbotni að Búðum (Búðir ekki með).
4. Bátatrygging Breiðafjarðar.
   Félagssvæði: Frá Búðum að Brjánslæk.
5. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga.
   Félagssvæði: Frá Brjánslæk að Skagatá.
6. Vélbátatrygging Eyjafjarðar.
   Félagssvæði: Frá Skagatá að Digranesi.
7. Skipatrygging Austfjarða.
   Félagssvæði: Frá Digranesi til Hornafjarðar.
8. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla.
   Félagssvæði: Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
9. Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja.
   Félagssvæði: Vestmannaeyjar.

Skyldutryggingu á fiskiskipum var fyrst komið á með l. nr. 27 1938, og náði tryggingarskyldan þá til skipa allt að 70 rúml. að stærð, en takmarkið var fært upp í 100 lestir með l. nr. 31 1942. Þá var langmestur hluti fiskiflotans, nema togararnir, undir 100 lestum að stærð, þar sem einungis rúm 20 skip voru stærri, flest gömul skip.

Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú, að ný skip, sem bætzt hafa í flotann, hafa langflest verið yfir 100 lestir að stærð, og er ekki útlit fyrir, að breyting verði á því á næstunni. Þessi skip eru flest vátryggð hjá einkafélögum.

Hér fer á eftir yfirlit um fjölda skipa, sem vátryggð eru hjá hverju bátaábyrgðarfélagi, vátryggingarfjárhæðir og iðgjöld, og í öðru lagi þau skip yfir 100 lestir, sem skrásett eru á félagssvæði hvers félags og munu koma í tryggingu hjá viðkomandi félagi, ef frumvarpið verður að lögum. Nokkrir bátar yfir 100 lestir eru nú tryggðir hjá bátaábyrgðarfélögunum.

Bátaábyrgðarfélag	Nú í tryggingu hjá bátaábyrgðarfél. Tala skipa	Vátr. fjárh. þús. kr.	Iðgjald þús. kr.	Nú tryggð hjá einkafél. Tala skipa	Vátr. fjárh. þús. kr.	Iðgjald þús. kr.
Reykjanes	84	240 707	13 886	27	254 836	8 381
Grótta	91	146 980	8 132	41	390 677	15 830
Akranes	21	66 949	3 568	9	74 756	2 820
Breiðafjörður	52	98 669	5 827	6	50 005	1 693
Ísafjörður	156	207 161	10 823	19	181 993	5 654
Eyjafjörður	105	137 620	8 673	23	226 906	7 494
Austfirðir	74	111 676	6 485	22	215 945	7 134
Vestmannaeyjar	81	159 896	9 426	8	84 428	2 666
Hekla	18	52 217	4 073	0		
	682	1 221 875	70 893	155	1 479 546	51 672

Yfirlitið ber það með sér, að nú eru 155 bátar yfir 100 lestir tryggðir hjá einkafélögunum og að vátryggingarverð þessara báta er meira samtals en allra báta, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Það er því augljóst, að bátaábyrgðarfélögin gegna ekki nú nema að nokkru leyti því hlutverki, sem þeim var ætlað, þegar núgildandi lög voru sett.

Á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna í nóv. s. l. var gerð svohljóðandi samþykkt:

„Aðalfundur L. Í. Ú., haldinn 26.—28. nóvember, telur, að ekki megi lengur dragast að setja ný lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, þar sem gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og á margan hátt ógerlegt að starfa eftir þeim.

Fundurinn telur æskilegt að skyldutrygging fiskiskipa verði miðuð við allt að 400 rúmlestir brúttó og bátaábyrgðarfélögin verði efld frá því sem nú er og verksvið þeirra fært út þannig, að þau annist allar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann.

Það er álit fundarins, að stjórn Samábyrgðar Íslands eða sambands bátaábyrgðarfélaganna eigi að vera í höndum útvegsmanna sjálfra að verulegu leyti, en telur eðlilegt að ríkisvaldið eigi þar einnig sinn fulltrúa. Fundurinn skorar á sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram á Alþingi því, sem nú situr, frumvarp til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip."

Framangreind samþykkt aðalfundar Landssambandsins var höfð til hliðsjónar við samning frumvarpsins.

Bátaábyrgðarfélögin hafa nú auk skipatryggingganna heimild til að taka að sér tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, sem hún kann að setja, sbr. 5. málsgr. 2 gr. l. nr. 61/1947. Ekki hefur þó orðið af framkvæmdum í þessu efni, nema hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, sem er að mestu undanþegið ákvæðum laganna.

Útgerðarmenn hafa á seinni árum skuldbundið sig með samningum við sjómannasamtökin til að kaupa sérstaka slysatryggingu að upphæð kr. 200 þús. á hvern skipverja og ábyrgðartryggingu að upphæð allt að kr. 1 250 000 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu kr. 500 000 til hvers einstaklings. Þessar tryggingar kaupa útgerðarmenn nú hjá einkafélögunum, venjulega hjá því félagi, sem vátryggir skipið, ef um er að ræða skip í frjálsri tryggingu. Æskilegt er, að bátaábyrgðarfélögin geti tekið þessar tryggingar að sér, þar sem þau ættu að geta boðið hagstæðari kjör, auk þess sem það er hagræði fyrir útgerðarmanninn að geta haft þær tryggingar, sem hann þarf á að halda, á sama stað, í stað þess að verða að skipta við fleiri félög.

Vátryggingarskilmálar stærri skipanna, sem tryggð eru á frjálsum markaði, eru aðrir og víðtækari en á minni skipunum. Stóru skipin eru t. d. tryggð 100% og tryggingin nær að nokkru til véltjóna og fleiri atriða, sem trygging bátaábyrgðarfélaganna bætir ekki. Ef þessi skip verða tekin inn í skyldutrygginguna, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er óhjákvæmilegt að tryggja þau með víðtækari skilmálum en nú eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Hins vegar er óvíst og raunar ólíklegt, að heppilegt verði talið að nota sömu skilmála fyrir smá skip og stór.

Vátryggingarskilmálar skyldutryggðu skipanna eru nú ákveðnir með lögunum frá 1947. Þeir eru orðnir úreltir í mörgum greinum. Það er t. d. orðið óraunhæft, að skipseigandi hafi 10% af verði skips í eigin áhættu. Einnig eru reglur um frádrátt frá tjónbótum úreltar.

Það hefur alltaf verið álitamál, hvort rétt væri að ákveða vátryggingarskilmálana með lögum. Slíkt er þungt í vöfum, en æskilegt er að breyta skilmálunum eftir því sem breyttar aðstæður krefjast. Ef nú þar við bætist, að sömu skilmálar geta ekki gilt fyrir öll skipin, þá má telja sjálfsagt að binda skilmálana ekki lengur með lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. l. nr. 61/1947.

Um 2. gr.

Efnislega samhljóða 1.—4. málsgr. 2. gr. l. nr. 61/1947 að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir að öll skip allt að 400 rúmlesta að stærð verði skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum í stað allt að 100 lesta skipa nú.

Í frumvarpi þessu er notað orðið „bátaábyrgðarfélög“ um þau gagnkvæmu tryggingarfélög, sem um er að ræða. Þannig eru þau aðgreind frá öðrum vátryggingarfélögum. Athugandi væri að breyta nöfnum félaganna þannig að orðið bátaábyrgðarfélag kæmi fyrir í nöfnum þeirra allra.

Um 3. gr.

Það er ekki óalgengt, þegar skip eru orðin gömul og léleg, að þeim er lagt við festar eða dregin á land og ekki hirt um þau framar. Þegar svo er komið er nauðsynlegt, að skipin séu felld úr tryggingu. Um þetta eru ekki sérstök ákvæði í núgildandi lögum, og hefur það valdið erfiðleikum. Hér er reynt að bæta úr því.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli. Með því er opnuð leið til þess að Samábyrgðin dreifi áhættunni milli bátaábyrgðarfélaganna. Þannig má auka hlutdeild þessa tryggingakerfis í áhættunni og spara endurtryggingar út úr kerfinu. Í Noregi er þessi háttur hafður á og hefur gefizt vel.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ráðherra geti heimilað bátaábyrgðarfélögunum að taka að sér aðrar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann, og er þetta í samræmi við ályktun aðalfundar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem getið er um að framan. Hér er aðallega um að ræða slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar, auk trygginga á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, sem félögunum er nú þegar heimilt að taka að sér með samþykki Samábyrgðarinnar, og vísast til þess, sem sagt er í almenna hluta athugasemdanna.

Gæta verður að því, að slysa- og ábyrgðartryggingarnar fela í sér mikla áhættu, og stórtjón verða gjarnan samtímis tjóni á skipinu sjálfu (ef áhöfnin ferst, týnist skipið einnig). Þess vegna þarf að fara með gát í þessu efni, og verður óhjákvæmilegt að félögin endurtryggi mikinn hluta þeirrar áhættu, sem þau taka að sér í

þessum tryggingum, enda er gert ráð fyrir því í öðru frumvarpi, að Samábyrgðin geti tekið endurtrygginguna að sér. Af sömu ástæðum þykir rétt að gera það að skilyrði fyrir því, að bátaábyrgðarfélag fái heimild til að taka þessar tryggingar að sér, að félagsmenn hafi almennt áhuga á því, sjá 2. mgr.

Sjálfsagt er að halda þessum tryggingum sér í reikningum félaganna. Hins vegar þykir ekki ráðlegt að ákveða, að aðalsjóður félags beri ekki ábyrgð á skuldbindingum vegna þessarar starfsemi, þar sem það mundi gera fjárhagslegan grundvöll hennar of veikan.

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða síðustu mgr. 2. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 110/1949.

Útgerð hvalveiðiskipa er svo frábrugðin útgerð annarra fiskiskipa, að sjálfsagt þykir að þau falli utan við skyldutrygginguna.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. málsgr. 3. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

3. mgr. er efnislega samhljóða 12. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952. Þó er hámark sektar hækkað úr 5000 kr. í 25000 kr. vegna breytts peningagildis.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur í stað 5. gr. l. nr. 61/1947.

Bátaábyrgðarfélögin hafa nú öll 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin áhættu, þó aldrei yfir ákveðið hámark, sem nú er þannig:

Reykjanes	150 þús.
Grótta	100 —
Akranes	100 —
Breiðafjörður	200 —
Ísafjörður	300 —
Eyjafjörður	500 —
Austfirðir	200 —
Hekla	100 —

Eyjafjarðarfélagið kaupir sérstaka toppatryggingu vegna tjóna, sem ella færu yfir 200 000 kr. í ábyrgð félagsins.

Vestmannaeyjafélagið, sem er undanþegið ákvæðum laganna, endurtryggir aðeins helming af totaltjónum og björgunarkostnaði, en ekkert af öðrum tjónum.

Óheppilegt verður að telja að binda það í lögum, að félögin megi ekki hafa nema 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin áhættu. Frá áhættusjónarmiði gætu a. m. k. stærri félögin haft í eigin áhættu stærri hluta í litlum bátum. Þess vegna er betra að binda hámarksáhættu félags eingöngu við ákveðna upphæð í hverju skipi, en ekki hundraðshluta af vátryggingarfjárhæð. Eðlilegt er að slík hámarksupphæð sé mismunandi eftir félögum, þar sem félögin eru misjafnlega öflug.

Af 2. mgr. leiðir, að ekki er ætlunin að skylda bátaábyrgðarfélögin til að endurtryggja hjá Samábyrgðinni þær áhættur, sem þau kunna að taka að sér skv. 5. gr., heldur er hugmyndin að þau ráði því, hvar slík endurtrygging er keypt.

Um 9. gr.

Þessi grein kemur í stað tilsvarandi ákvæða í 6. gr. l. nr. 61/1947.

Hér er gert ráð fyrir, að stjórn bátaábyrgðarfélags sé skipuð 5 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi, en nú eru stjórnarmenn þrír, þar af einn skipaður af Samábyrgðinni, auk þriggja varamanna. Jafnframt eru sett fyllri ákvæði um stjórnarfundi og að stjórnarmaður megi ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir

hann sjálfan fjárhagslega, og má það teljast sjálfsagt. En þetta mælir aftur með því, að stjórnarmenn séu fleiri en þrír. Hins vegar er lagt til, að stjórnin sé ályktunarfær ef þrír mæta, og þá á ekki að vera þörf á varamönnum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum í 6. gr. l. nr. 61/1947.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu efnislega samhljóða ákvæðum 8. gr. l. nr. 61/1947. Helzta breytingin er sú, að eitt atkvæði er fyrir hverjar 500 000 kr. eða minni upphæð í hverju skipi, en skv. núgildandi lögum er eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 kr., sem er orðið fráleitt. Einnig er hér gert ráð fyrir að fundur sé boðaður með „auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt", en skv. gömlu lögunum á að boða fund með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 9. gr. l. nr. 61/1947

Um 13. gr.

1. og 2 málsgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 7. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

3. mgr. er samhljóða 1. og 2. málslið 4. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. málslið 3. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

5. mgr. er efnislega samhljóða 5. málsgrein 11. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952

6. mgr er samhljóða 2. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

7. mgr. kemur í stað 7. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947 (sjá breytingu á númerum málsgreina með l. nr. 103/1952). Fellt er niður ákvæðið um, að aðeins skuli vátryggja 9/10 af virðingarverði skips. Hins vegar þurfa að koma í reglugerð ákvæði um frádrátt frá tjónbótum, sem væntanlega ná einnig til alskaða, og því er orðalag málsgreinarinnar haft svo.

8. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. l. nr. 61/1947.

Um 14. gr.

Þessi grein er eftir því sem við á samhljóða 2. mgr. 22. gr. l. nr. 61/1947 að öðru leyti en því, að niður er fellt ákvæði um, að eigi megi greiða meira en 50% af afla- og veiðarfæratjóni, sem skip, er kemur til hjálpar, verður fyrir, en það ákvæði er óheppilegt.

Þar sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að tryggingarskyldan nái framvegis til skipa allt að 400 rúmlestir í stað 100 rúmlesta áður, ná ákvæði þessarar greinar að sjálfsögðu einnig yfir þeim mun víðtækara svið. Ætti það að stuðla verulega að ódýrari tryggingu skipanna.

Um 15. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. mgr. 30. gr. l. nr. 61/1947.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða 4. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

Samkvæmt gömlu lögunum ber ríkissjóður vissa ábyrgð á skuldbindingum félaganna, þó hámark kr. 800 000, sem síðan á að endurgreiðast. Auk þess er heimild til að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum allt að 1 millj. króna. Lagt er til, að þessi ákvæði falli niður, enda hafa þau litla þýðingu nú orðið vegna verðfalls

krónunnar. Auk þess er eðlilegt að ganga út frá því, að félögin verði að standa á eigin fótum fjárhagslega án aðstoðar ríkisins.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að innheimta allt að 1% aukagjald á ári af vátryggingarverði skipanna, ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, og renni gjaldið í sjóð félagsins. Þetta ákvæði hefur verið notað talsvert, en frá og með 1964 er aukaiðgjald ekki innheimt.

Nú er lagt til, að heimild til álagningar aukaiðgjalds sé miðað við 20% af iðgjöldum skipanna sem hámark, en eðlilegra verður að telja, að miðað sé við hundraðshluta af iðgjöldum heldur en hundraðshluta af vátryggingarverði. Þá er lagt til að leggja megi allt að 100% aukaiðgjald á tryggingar skv. 5. gr., þ. e. tryggingar á afla og veiðarfærum, slysa- og ábyrgðartryggingar, og er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að aukaiðgjald verði því aðeins lagt á þessar tryggingar, að halli hafi orðið á þeim. Til samanburðar má geta þess, að í lögum norskra bátaábyrgðarfélaga er heimild til álagningar allt að 200% aukaiðgjalds.

Af síðustu málsgreininni leiðir, að unnt er að ákveða aukaiðgjald eftir á, þ. e. þegar séð er nokkurn veginn, hvernig útkoma ársins hefur orðið, þó eigi síðar en 2 mánuðum eftir lok ársins.

Heimildin til álagningar augaiðgjalds hefur það markmið að gera félögunum kleift að taka meiri áhættu á eigin reikning en ella, og á það að geta stuðlað að lægri iðgjöldum.

Um 17. gr.

Fyrri málsliður er efnislega samhljóða 1. málslið 3. mgr. 30. gr. l. nr. 61/1947. Síðari málsliður er hliðstæður síðustu mgr. 4. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

Hér er ekki minnzt á inntökugjald, enda er ætlazt til að það falli niður.

Ekki er gert ráð fyrir, að félag eigi lögveð í skipi fyrir iðgjöldum af tryggingum samkv. 5. gr.

Um 18. gr.

Þessi gr. er efnislega samhljóða síðustu mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

Um 19. gr.

Þessi gr. er efnislega samhljóða 32. gr. l. nr. 61/1947, eftir því sem við á. Þó þykir ekki ástæða til að undanþiggja ágreining út af þóknun fyrir aðstoð gerðardómsmeðferð, eins og gert er í núgildandi lögum.

Um 20. gr.

Þessi gr. er samhljóða 33. gr. l. nr. 61/1947.

Um 21. gr.

Fyrri mgr. er efnislega samhljóða 35. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 44/1962.

Síðari mgr. er hliðstæð 2. málslið 8. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947. Hér er gert ráð fyrir, að vátryggingarskírteini vegna trygginga skv. 5. gr. séu einnig undanþegin stimpilgjaldi.

Um 22. gr.

Eins og áður var nefnt eru vátryggingarskilmálar ekki teknir upp í frumvarp þetta nema að litlu leyti, heldur gert ráð fyrir að þeir verði ákveðnir með reglugerð. Þær greinar l. nr. 61/1947, sem falla niður af þessum sökum, eru 7. mgr. 11. gr., 13.—21. gr., 1. mgr. 22. gr., 23.—29. gr., 4. mgr. 30. gr.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. **37. Frumvarp til laga** [36. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin", skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um reksturinn.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og er hann formaður, og tvo eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórn.

Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr.

Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, eins og þær eru aðgreindar í 2. gr., staflíðum a.—e.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafund.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

7. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

II. KAFLI

Bráðafúatryggingar.

8. gr.

Allir eigendur tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgðinni gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins.

Þegar skip eru smíðuð eða skipshlutar endurnýjaðir, skal eigandi skips hlíta þeim fyrirmælum, sem Samábyrgðin setur til varnar gegn hættu af bráðafúa.

9. gr.

Eigi er skylt að vátryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir að gert verði við skipið eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

10. gr.

Nú óskar eigandi skips, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt gegn bráðafúa, og er þá Samábyrgðin skyld að vátryggja skipið, enda hafi skipið ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri tryggingu.

11. gr.

Neiti eða vanræki skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af Samábyrgðinni, allt eftir ákvörðun þessara laga svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

12. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Skulu þeir við matið fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur.

13. gr.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

14. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð fer fram, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um, að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveim þriðju hlutum tjónmatsins.

Með reglugerð skal ákveða hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

15. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi og síðan 1. janúar ár hvert.

16. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip ásamt síðari breytingum og viðauka.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ráðherra skal í fyrstu skipa þrjá menn án tilnefningar í stjórn Samábyrgðarinnar, þar til stjórnarmenn hafa verið kosnir á fulltrúafundi skv. 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Eftir að frumvarpið hafði verið lagt fyrir Alþingi var svofelld ályktun samþykkt á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna 1965:

„Aðalfundur L.Í.Ú. telur, að frumvörp til laga, sem nú liggja fyrir Alþingi, og send hafa verið samtökunum til umsagnar, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um bátaábyrgðarfélög, þurfi frekari athugunar við en hægt er að gera á þeim skamma tíma, sem aðalfundur stendur yfir. Þess vegna samþykkir fundurinn að kjósa þriggja manna nefnd til þess að semja umsögn um bæði frumvörpin, og skal nefndin hafa samráð við stjórn samtakanna um efni hennar, áður en hún er send Alþingi.

Þó vill fundurinn taka eindregna afstöðu gegn hækkaðri skyldutryggingu úr 100 lestum í 400 rúmlestir."

Er frumvarpið var lagt fram á síðasta Alþingi, fylgdu því þær athugasemdir, sem hér fara á eftir:

Lögum þeim, sem drög eru lögð að með þessu frumvarpi, er ætlað að koma í staðinn fyrir lög nr. 23 27. júní 1921 um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip ásamt viðauka í lögum nr. 24 29. apríl 1958. Lög þessi eru nú svo úrelt orðin, að nauðsyn þykir að setja ný lög um sama efni. Frumvarpið verður að skoða í samhengi við frv. til laga um bátaábyrgðarfélög, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Frumvarpið er samið á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins af Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingafræðingi.

Til hliðsjónar við samningu frumvarpsins var höfð ályktun, sem gerð var á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna í nóvember 1964, en ályktunin er svo hljóðandi:

> „Aðalfundur L. Í. Ú., haldinn 26.—28. nóvember, telur, að ekki megi lengur dragast að setja ný lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, þar sem gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og á margan hátt ógerlegt að starfa eftir þeim.
>
> Fundurinn telur æskilegt, að skyldutrygging fiskiskipa verði miðuð við allt að 400 rúmlestir brúttó, og bátaábyrgðarfélögin verði efld frá því sem nú er og verksvið þeirra fært út þannig, að þau annist allar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann.
>
> Það er álit fundarins, að stjórn Samábyrgðar Íslands eða sambands bátaábyrgðarfélaganna eigi að vera í höndum útvegsmanna sjálfra að verulegu leyti, en telur eðlilegt, að ríkisvaldið eigi þar einnig sinn fulltrúa. Fundurinn skorar á sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram á Alþingi því, sem nú situr, frumvarp til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip."

Helztu efnisbreytingar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Stjórn Samábyrgðarinnar verði skipuð fimm mönnum, formanni tilnefndum af ráðherra, tveimur mönnum tilnefndum af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og tveimur kosnum af bátaábyrgðarfélögunum. Framkvæmdastjóri sé ekki jafnframt í stjórn félagsins. Nú eru þrír menn í stjórn, tveir skipaðir af ráðherra, þ. á m. formaðurinn, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, en einn er tilnefndur af bátaábyrgðarfélögunum.
2. Samábyrgðin fái heimild til að taka að sér slysa- og ábyrgðartryggingar fyrir útgerðina, ýmist sem endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélög, sem taka slíka tryggingu að sér, eða sem frumtryggjandi, ef bátaábyrgðarfélag á viðkomandi tryggingasvæði tekur ekki að sér slíkar tryggingar.
3. Sett eru ákvæði um, að Samábyrgðin boði til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögunum eigi sjaldnar en þriðja hvert ár, þar sem kosnir séu tveir menn í stjórn Samábyrgðarinnar, skipzt á skoðunum og gerðar ályktanir um málefni trygginganna.
4. Ákvæði núgildandi laga um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Samábyrgðarinnar verði fellt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

1. mgr., a.-liður. Kemur í staðinn fyrir a.-lið 2. gr. l. nr. 23/1921. Núgildandi ákvæði um, að Samábyrgðin taki ekki ábyrgð á meira en helmingi af vátryggingarverði skips, er ónothæft, enda hefur ekki verið farið eftir því.

b.-liður. Þetta er nýmæli. Hér er átt við endurtryggingu á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar, sem bátaábyrgðarfélögin kunna að taka að sér, sbr. frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög. Sjá einnig e.-lið hér að neðan.

c.-liður. Þessi liður er efnislega samhljóða b-lið 2. gr. l. nr. 23/1921.

d.-liður. Þessi liður kemur í stað 3. mgr. 2. gr. l. nr. 23/1921, sbr. l. nr. 28/1948, og er ekki um að ræða efnisbreytingu.

e.-liður. Þessi liður kemur í stað c.-liðar 2. gr. l. nr. 23/1921.

Samábyrgðin hefur nú heimild til að taka að sér tryggingu á afla, veiðarfærum og útbúnaði „ef um algeran skiptapa er að ræða.“ Þessi heimild er of bundin, þar sem t. d. veiðarfæratryggingar þær, sem útgerðarmenn kaupa nú, ná einnig til tjóna, sem verða án þess að skipið týnist jafnframt. Hér er einnig bætt við heimild til, að Samábyrgðin taki að sér aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, en þar er aðallega um að ræða slysatryggingar sjómanna og ábyrðartryggingar, sem eru bundnar samningum milli útvegsmanna og sjómanna. Með síðasta málsliðnum: „Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar“, er átt við, að ef bátaábyrgðarfélag gefur skipaeigendum á sínu félagssvæði kost á umræddum tryggingum, þá skuli Samábyrgðin ekki starfa sem frumtryggjandi á sama sviði á félagssvæðinu. Slíkt væri óheppilegt, þar sem þá er gert ráð fyrir, að Samábyrgðin sé endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélagið, sbr. b.-lið. Taki einhver bátaábyrgðarfélög ekki að sér þessar tryggingar, en um hugsanlega starfsemi þeirra á því sviði er fjallað í frumvarpi um bátaábyrgðarfélög, þá væri eðlilegt og æskilegt, að Samábyrgðin kæmi til skjalanna sem frumtryggjandi.

f.-liður. Um bráðafúatryggingar gilda nú l. nr. 24/1958 um viðauka við l. nr. 23/1921.

2. mgr. Hliðstætt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Samábyrgðin á að vera miðstöð fyrir bátaábyrgðarfélögin, og þangað eiga þau að geta sótt ráð og leiðbeiningar.

Um 3. gr.

Um ákvæði þessarar greinar vísast til þess, sem sagt er í almennu athugasemdunum hér að framan. Tilsvarandi ákvæði eru nú í 12. gr. l. nr. 23/1921.

Um 4. gr.

Hér eru sett ákvæði um stjórnarfundi, en hliðstæð ákvæði eru ekki í núgildandi lögum.

Þá er gerð sú breyting, sem áður var getið um, að stjórnin ráði framkvæmdastjóra, og að hann skuli ekki eiga sæti í stjórn félagsins. Í svo stóru og þýðingarmiklu fyrirtæki, sem Samábyrgðin er, þykir það ekki hæfa, að framkvæmdastjórinn sé jafnframt í stjórn félagsins.

Um 5. gr.

1. mgr. Þarfnast ekki skýringa. Hliðstæð ákvæði eru ekki í lögum nú, en í framkvæmdinni hefur reikningsár félagsins verið almanaksárið.

2. mgr. Nauðsynlegt þykir, að tekjur og gjöld vegna hverrar tryggingargreinar fyrir sig komi fram, og hefur það verið svo í framkvæmd.

3. mgr. Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. l. nr. 24/1958. Ákvæði þeirrar greinar um endurtryggingu áhættunnar eru felld niður. Áhættan hefur ekki verið endurtryggð hingað til og virðist ekki ástæða til að gera það framvegis, en um það mundi stjórn Samábyrgðarinnar hafa frjálsar hendur.

4. mgr. Ákvæðið um endurskoðanda er ekki í núgildandi lögum, en skv. 3. gr. rgj. nr. 88/1921 skipar stjórnarráðið endurskoðanda.

5. mgr. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 12. gr. l. nr. 23/1921, sbr. l. nr. 28/1948. Gamla ákvæðið um ársfjórðungslegar skýrslur er úrelt, og hefur því ekki verið framfylgt. Ekki hefur heldur verið framfylgt því ákvæði, að Samábyrgðin skili reikningum innan þriggja mánaða frá árslokum, enda er sá frestur of skammur.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sjá almennu athugasemdirnar.

Slíkir fundir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi nauðsynlegir til að kjósa menn í stjórn Samábyrgðarinnar, sbr. 3. gr. Í öðru lagi ætti það að vera mjög gagnlegt, að þeir menn, sem að þessum málum vinna í hinum ýmsu landshlutum, hittist og beri saman bækur sínar. Slíkt eykur áhuga á starfinu og vikkar sjónarsviðið.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. eru að mestu efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum í 10. gr. l. nr. 23/1921. Síðasti málsliður þeirrar greinar er felldur niður, enda er hann óþarfur, þar sem hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum um bátaábyrgðarfélögin og gert ráð fyrir, að það haldist.

3. mgr. er samhljóða 9. gr. l. nr. 23/1921.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958. Síðari málsgrein er þó viðbót.

Um 9. gr.

Í núgildandi lög um bráðafúatryggingar vantar ákvæði um, hvenær skip verði talið ónýtt í þeim mæli, að bráðafúatryggingin eigi að falla niður, og hefur þetta verið bagalegt. Með ákvæði 1. mgr. er reynt að bæta úr þessu.

Kunnugir telja, að súðbyrt skip skemmist aldrei af bráðafúa, og því þykir rétt að þau séu undanþegin tryggingunni.

Um 10. gr.

Þessi grein kemur í stað 3. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958. Ákvæði niðurlags greinarinnar: „enda hafi skipið ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri trygg-

ingu", er nýmæli, sem þýðir, að réttur til að tryggja skipið glatast, ef hann hefur ekki ætið verið notaður, þegar hann var fyrir hendi. Ákvæðið er sett til að hindra, að eigandi óski þá fyrst tryggingar á skipinu, þegar hann fær grun um, að bráðafúi sé að koma upp í því.

Um 11. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958.

Um 12. gr.

Þessi grein kemur í stað 2. gr l. nr. 24/1958. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá því, sem verið hefur í framkvæmd.

Um 13. gr.

Þessi grein er samhljóða síðustu málsgrein 4. gr. l. nr. 24/1958.

Um 14. gr.

1.—5. mgr. eru efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum 4. gr. l. nr. 24/1958. 6. mgr. kemur í stað síðustu mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958.

Um 15. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958.

2. mgr. kemur í stað 1. málsliðar 2. mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958. Um efnisbreytingu er ekki að ræða.

Um 16. gr.

Þessi grein er samhljóða 6. gr. l. nr. 24/1958.

Um 17. gr.

Í núgildandi lögum um Samábyrgðina eru engin ákvæði um fríðindi varðandi skattskyldu eða stimpilgjald, en í framkvæmdinni hefur þeim málum verið háttað eins og segir í greininni. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 38. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 24. okt. 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Sveinn Guðmundsson. Helgi Bergs. Karl Kristjánsson.

Sþ. 39. Fyrirspurn [37. mál]

Þingskjal 247—248 849

til sjávarútvegsmálaráðherra um lýsisherzluverksmiðju.

Frá Skúla Guðmundssyni, Gunnari Gíslasyni, Ólafi Jóhannessyni, Birni Pálssyni, Óskari E. Levy, Jóni Þorsteinssyni og Ragnari Arnalds.

Hvað er að frétta af rannsókn þeirri, sem samkvæmt ályktun Alþingis var hafin 1965 á því, hvort tímabært sé að byggja lýsisherzluverksmiðju hér á landi?

Nd. 40. Frumvarp til laga [38. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Vola í Hraungerðishreppi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ragnar Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gísla Högnasyni bónda, Læk, eyðijörðina Vola í Hraungerðishreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umsögn hreppsnefndarinnar í Hraungerðishreppi er prentuð hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Gísli Högnason bóndi, Læk, hefur ritað hreppsnefndinni í Hraungerðishreppi og óskað eftir meðmælum hennar með því, að hann fái keypta eyðijörðina Vola, sem er eign Kirkjujarðasjóðs og ein af mörgum fornum hjáleigum prestssetursjarðarinnar Hraungerðis.

Tæp 50 ár eru liðin frá því, að síðast var búið í Vola. Hús eru þar engin og jörðin mannvirkjalaus að öllu leyti. Land er þar að heita má eingöngu mýrlendi, en mögulegt er að þurrka mýrina með afrennslisskurðum í Hróarsholtslæk. Gísli Högnason hefur haft eyðijörð þessa til ábúðar í 14 ár og notað sem beitiland, enda hægt um vik, þar sem lönd jarðanna liggja saman. Nú óskar Gísli eftir því að kaupa Volaland í þeim tilgangi að sameina það eignar- og ábýlisjörð sinni, sem er fremur landlítil og erfitt að þurrka það til túnræktar. Á Læk eru stórar og góðar byggingar, og þarf ekki að auka þær að sinni, þó að jarðir þessar verði gerðar að einu lögbýli.

Búrekstraraðstaða á Læk verður traustari við það, að jarðirnar sameinist, og getur slík eining styrkt sveitarfélagið. Hins vegar er Vola svo lítil jörð, að á henni einni verður ekki rekinn lífvænlegur búskapur.

Samkvæmt framansögðu mælir hreppsnefndin með því, að Gísli Högnason fái Volaland keypt og að hann sameini það eignarjörð sinni, Læk.

Hraungerðishreppi, 21. júní 1966.

Ágúst Þorvaldsson. Ólafur Ögmundsson. Stefán Guðmundsson.
Runólfur Guðmundsson. Jón Árnason.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um rannsókn á kaupmætti tímakaups verkamanna í dagvinnu.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela kjararannsóknarnefnd athugun á orsökum þess, að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur ekki aukizt, heldur í sumum tilfellum minnkað síðan 1959, þrátt fyrir miklu meiri þjóðartekjur nú en þá. Kappkostað sé, að þessari athugun sé lokið sem fyrst.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vinnutími verkamanna er nú miklu lengri hér á landi en í nálægum löndum. Löngum vinnutíma fylgir ekki aðeins mikil hætta fyrir heilsu og hreysti þeirra, sem vinna, heldur oft léleg vinnubrögð og minni afköst, svo að langur vinnutími er ekki síður óheppilegur fyrir vinnuveitendur en verkamenn sjálfa. Það á því að vera sameiginlegt áhugamál allra aðila að stytta vinnutímann, og er það líka í þeim löndum, sem lengst eru komin í verkmenningu.

Það stendur nú mest í vegi þess, að vinnutíminn geti stytzt, að kaupmáttur daglauna er allt of lágur. Kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu hefur fremur minnkað en aukizt síðan 1959, gagnstætt því, sem átt hefur sér stað í öllum nálægum löndum. Ekki verður því kennt um, að þjóðartekjur hafi minnkað, því að þær munu vafalítið alltaf verða 40% meiri í ár en þær urðu 1959. Vegna þess að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur ekki aukizt á þessum tíma, en hins vegar komið til sögu kröfur um meiri þægindi og betri lífskjör, hafa menn reynt að minnka bilið með því að lengja vinnutímann. Þar er um öfugþróun að ræða, sem stafar af því, að ekki hefur tekizt að auka kaupmátt dagvinnukaupsins.

Frá Efnahagsstofnuninni liggja fyrir útreikningar um kaupmátt tímakaupsins 1959 og 1966. Samkvæmt þessum útreikningum hefur kaupmáttur tímakaups iðnverkamanna, sem taka kaup samkvæmt töxtum Iðju í Reykjavík, verið 97.1 hinn 1. júní síðastliðinn, miðað við, að hann hafi verið 100 á árinu 1959. Tímakaup það, sem Efnahagsstofnunin miðar við, er byggt á „ákveðnum hlutföllum dag-, eftir- og næturvinna," og gefur því ekki rétta mynd af kaupmætti sjálfs dagvinnukaupsins. Ef það væri tekið eitt sér, sem réttara er, mundi rýrnun kaupmáttarins verða enn meiri.

Þá hefur Efnahagsstofnunin reiknað út í skýrslu sinni til Hagráðs, að kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu, sem taka kaup samkvæmt töxtum Dagsbrúnar í Reykjavík, hafi verið 106.6 hinn 1. júní síðastliðinn, miðað við, að kaupmátturinn hafi verið 100 á árinu 1960. Þegar þess er gætt, að kaupmáttur tímakaupsins var um 9% minni 1960 en 1959, frá 1. marz til 31. sept., kemur það glöggt í ljós, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarmanna í dagvinnu er nú minni en 1959. Breytir það ekki þessari staðreynd, þótt verkamenn hafi fengið lítils háttar kauphækkun síðan.

Hversu ástatt er um kaupmátt daglauna hjá verkamönnum, verður vel ráðið af eftirgreindum samanburði: Mánaðarkaup Dagsbrúnarmanna, 2. taxti (en samkvæmt honum munu langflestir mánaðarkaupsmenn í Dagsbrún taka kaup) er nú kr. 9399.00. Árslaun þessara manna eru m. ö. o. 112 788.00. Samkvæmt framfærsluvísitölu 1. þ. m. greiðir fjögurra manna fjölskylda nú fyrir vörur og þjónustu og í beina skatta, þegar búið er að draga fjölskyldubætur frá, réttar 117 þús. kr. Það vantar þannig kr. 4123.00 á það, að árskaup mánaðarkaupsmanns í Dagsbrún hrökkvi fyrir þessu. Eftir er svo húsnæðiskostnaðurinn allur, en undantekning má það heita,

ef þriggja herbergja íbúð fæst leigð fyrir minna en 5000—6000 kr. á mánuði, og enn meiri verður húsnæðiskostnaðurinn, ef eignalítill maður ræðst í að eignast íbúð. Samkvæmt þessu verður Dagsbrúnarmaðurinn að vinna fyrir öllum húsnæðiskostnaðinum — og raunar meiru — í eftir- og næturvinnu.

Þetta er óheilbrigt ástand og óviðunandi, og því verður ekki breytt nema með stórauknum kaupmætti tímakaups í dagvinnu.

Það verður að vera eitt megintakmark í launamálum að auka kaupmátt tímakaupsins í dagvinnu. Til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig þessu takmarki verður bezt náð, mundi það vafalaust verða lærdómsríkt að kynna sér sem bezt ástæður þess, að kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu skuli ekki hafa aukizt síðan 1959. Því er lagt til í tillögunni, að slík athugun verði látin fara fram og kappkostað verði að ljúka henni sem allra fyrst.

Nd. 42. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, setji óþarflega þröngar skorður varðandi val manns til að gegna formennsku barnaverndarráðs. Beri því brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breyting á nefndri lagagrein, á þann veg, að niður sé felld kvöð um embættisgengi lögfræðings þess, er vera skal formaður ráðsins.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 12. gr. laga nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna, orðist svo:

Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera lögfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 4. ágúst 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um húsnæðismál.

Flm.: Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ákvæði gildandi laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins um byggingar hagkvæmra, vandaðra og staðlaðra íbúða, er láglaunafólk í verkalýðsfélögum hafi forkaupsrétt að með sérstökum lánskjörum, koma til framkvæmda hvarvetna utan Reykjavíkur, þar sem brýn þörf er aukinna íbúðabygginga og hlutaðeigandi sveitarfélög og byggingarsamvinnufélög verkafólks eða verkalýðsfélög tryggja, að fullnægt sé ákvæðum laganna um gerð íbúðanna og hagkvæmar byggingarframkvæmdir.

Greinargerð.

Í sambandi við gerð kjarasamninga sumarið 1964 var gefin um það yfirlýsing af hálfu ríkisstjórnarinnar og borgarstjórnar Reykjavíkur, að þessir aðilar skuldbyndu sig til að standa að byggingu 1250 íbúða, er reistar yrðu í Reykjavík á 5 árum og láglaunafólk í verkalýðsfélögum ætti forkaupsrétt að. Skyldi láglaunafólk í verkalýðsfélögunum njóta sérstakra lánskjara til kaupa á þessum íbúðum á þann hátt m. a., að lán næmu 80% af verðmæti íbúða og lánstími yrði 33 ár og lánin afborgunarlaus fyrstu 3 árin.

Í framhaldi af framangreindri yfirlýsingu beitti ríkisstjórnin sér síðan fyrir breytingu á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, þess efnis, að ríkisstjórninni heimilaðist að láta byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög og veita láglaunafólki í verkalýðsfélögunum þau lánskjör til kaupa á slíkum íbúðum, sem í hinni greindu yfirlýsingu var heitið. Voru lög um þetta efni samþykkt á Alþingi og hlutu staðfestingu 10. maí 1965.

Framkvæmdir samkvæmt gefnum yfirlýsingum og greindum heimildarlögum hafa nú um hríð verið í undirbúningi í Reykjavík, og mun bygging 350 íbúða hefjast þar innan skamms. Hins vegar sér þess enn ekki merki, að ríkisstjórnin hyggist notfæra sér heimildarákvæði laganna frá 10. maí 1965 til neinna hliðstæðra framkvæmda utan höfuðborgarinnar.

Allir munu fagna því mikla átaki, sem í fyrirhuguðum framkvæmdum felst, í húsnæðismálum verkafólks í Reykjavík, og einnig því, að þetta átak er líklegt til að breyta íbúðamarkaðinum þar í heilbrigðara horf og lækka byggingaverðlag almennt á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn verður ekki séð, að það verði með neinu móti réttlætt, að verkafólk annars staðar á landinu verði með öllu afskipt varðandi þau sérstöku lánskjör, sem hér er um að ræða, og um þá möguleika, sem í því felast, að

teknar eru upp nýjar og stórbættar bygginga- og framkvæmdaaðferðir, sem lækka munu íbúðaverð verulega.

Með síhækkandi byggingarkostnaði verður með hverju ári fjarlægara fyrir allt láglaunafólk að eignast sómasamlegt húsnæði, og er nú í rauninni orðið óhugsandi fyrir almenna verkamenn eða iðnverkamenn með þeim einu lánamöguleikum, sem þeim standa nú opnir, lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem nægja nú tæplega fyrir ⅓ af kostnaðarverði meðalstórrar íbúðar, enda heyrir það nú orðið til undantekninga, að láglaunafólk ráðist í íbúðabyggingar, a. m. k. mun sú reynslan úti um land.

Ef hér á að verða breyting á, er óhjákvæmilegt, að greitt verði stórum betur en enn er gert fyrir hagkvæmum lánskjörum til handa efnalitlu og lágt launuðu fólki til byggingaframkvæmda, og jafnframt, að ráðstafanir verði gerðar til lækkunar byggingarkostnaðar. Lög þau, sem um ræðir í þessari þáltill., eru vafalaust spor í rétta átt, og það spor verður að stíga til fulls með því að láta lögin koma til framkvæmda gagnvart láglaunafólki um land allt, þar sem unnt er að fullnægja þeim eðlilegu skilyrðum, sem sett eru fyrir hinum tiltölulega hagstæðu lánskjörum, og þar sem húsnæðisskortur er ríkjandi.

Er þess að vænta, að hv. Alþingi láti með samþykkt þessarar þáltill., í ljós ótvíræðan vilja sinn um, að sami réttur verði tryggður láglaunafólki um land allt til hinna hagstæðustu byggingakjara, sem nú er völ á og lög heimila.

Nd. 44. Frumvarp til laga [42. mál]

um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkið skal aðstoða þá aðila, sem reka almenn barnaheimili: vöggustofur, dagheimili og vistheimili svo og sumardvalarheimili fyrir börn, svo sem hér segir:

Ríkið greiðir viðkomandi aðila a. m. k. 600 kr. á mánuði fyrir hvert barn sem rekstrarstyrk til barnaheimilisins, en þó að jafnaði eigi minna en þriðjung kostnaðar við rekstur heimilisins. Þá er ríkinu og skylt að lána að kostnaðarlausu skólahúsnæði að sumri til til afnota fyrir barnaheimili, ef það þykir hentugt og það húsnæði er eigi notað til annars.

Aðilar geta verið hvort heldur er sveitarfélag, áhugafélag, opinber stofnun eða atvinnufyrirtæki.

Félagsmálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hve mikinn hluta áætlaðs rekstrarkostnaðar aðstandendur barna, ef einhverjir eru, skuli greiða, og skal þar höfð sú regla, að greiðsla fari eftir efnahag og aðstæðum aðstandenda, allt frá því að vera ókeypis fyrir þá aðstandendur, sem við erfiðastar aðstæður búa, og upp í að vera ⅔ rekstrarkostnaðar fyrir þá, sem beztar aðstæður hafa, en þó skal ætíð taka tillit til barnafjölda frá sömu fjölskyldu.

Félagsmálaráðuneytið skal fela trúnaðarmönnum sínum eftirlit með barnaheimilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Ríkið skal aðstoða sveitarfélög, sem hafa yfir 1000 íbúa og byggja barnaheimili, eftir að lög þessi öðlast gildi, svo sem hér segir:

Ríkið leggur fram helming kostnaðar við slíka byggingu og tilheyrandi tæki, enda hafi félagsmálaráðuneytið samþykkt teikningu.

Heimilt er og ríkisstjórn að veita slíkt framlag til kaupa á húsi til rekstrar barnaheimilis, ef sveitarstjórn óskar þess frekar og félagsmálaráðuneytið álítur hús heppilegt til slíks rekstrar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast byggingarkostnað eða kaupverð.

Greiðslu á framlagi ríkisins í þessu skyni skal lokið innan fimm ára, frá því að bygging er hafin.

Nú byggir eða kaupir einn þeirra aðila, sem um ræðir í 1. gr. 3. málsgr., barnaheimili, sem þessi grein gerir ráð fyrir, og er þá ráðherra heimilt að láta þann aðila njóta slíks styrks, er þessi grein ákveður, ef viðkomandi sveitarstjórn mælir með því.

3. gr.

Nú óskar sveitarfélag með undir 1000 íbúum að verða þess réttar aðnjótandi, sem ákveðinn er í 2. og/eða 3. gr., og skal þá félagsmálaráðuneytið athuga ósk þá sérstaklega, og er heimilt að verða við henni, ef aðstæður eru þannig að mati ráðuneytisins, að nauðsyn sé á þessu fyrir sveitarfélagið.

4. gr.

Ríkið skal reka fóstruskóla í Reykjavík, þ. e. skóla til þess að kenna þeim, er búa sig undir störf við barnaheimili.

Ríkisstjórnin skal með reglugerð ákveða fyrirkomulag skólans. Skal í þeirri reglugerð ákveðið, að við hann skuli starfa skólastjóri og minnst tveir fastir kennarar. Námstími skal vera a. m. k. 24 mánuðir samanlagt, miðað við 6 stunda kennslu á dag.

Ríkisstjórninni heimilast að leigja húsnæði undir skólann, meðan ekki hefur verið reist skólahús.

Ríkisstjórninni er heimilað að kaupa hús eða láta byggja hús til þessarar skólastarfsemi og taka lán til þess að standast þann kostnað, allt að 6 — sex — milljónum króna.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur nú verið flutt á þremur þingum, og fylgdi því síðast greinargerð, er í aðalatriðum hljóðaði svo:

Vér verðum að horfast í augu við þá þjóðfélagslegu byltingu, sem breytt hefur íslenzku þjóðfélagi á örskömmum tíma úr hinu forna bændaþjóðfélagi í bæjar- og borgaþjóðfélag með öllum þess kostum og löstum. Vér verðum að glíma við þau þjóðfélagslegu vandamál, sem þetta nýja mannfélag skapar, og ráða við þau.

Eitt af hinum miklu vandamálum þessa bæjaþjóðfélags er barnauppeldið sökum þeirrar gerbreytingar, sem orðin er á fjölskyldulífinu og þjóðfélagslegri aðstöðu kvenna. Konan vinnur nú í sívaxandi mæli utan heimilis, bæði við að mennta sig og þjálfa til starfs og síðan við starfið sjálft. Uppeldi barnanna verður í æ ríkara mæli verkefni þjóðfélagsins. Þetta er viðurkennt með sjálfri skólalöggjöfinni hvað snertir börnin 7 ára og eldri. En þetta á í æ ríkari mæli við börnin undir þeim aldri. Í þessum efnum er að gerast þróun, sem verður ekki stöðvuð, hvort sem mönnum þykir betur eða verr. Verður að horfast í augu við það af fullri djörfung og taka afleiðingunum með því að framkvæma þær félagslegu endurbætur, sem þetta ástand kallar á.

Fyrir margar mæður er það bein, óhjákvæmileg nauðsyn að geta komið börnum innan 7 ára á vöggustofur og dagheimili, bæði vegna vinnu, er þær stunda, máske sem eina fyrirvinnan, sem og vegna náms. En fyrir allar þær mæður, er stunda vinnu utan heimilis, er þetta einnig nauðsyn og gott fyrir þjóðfélagsheildina, er nýtur góðs af vinnu þeirra. Þessi nauðsyn er þegar viðurkennd af öllum stærstu bæjarfélögum landsins, og fjöldi kvenna hefur unnið mikið og fórnfúst starf við að halda uppi barnaheimilunum sem fóstrur, gott og nytsamt starf

hefur verið af hendi leyst til að halda uppi kennslu fóstranna við erfiðar aðstæður og mikið sjálfboðaliðsstarf verið unnið bæði af konum og karlmönnum vegna þessara barnaheimila. Það er því tími til kominn, að farið sé að festa þetta fyrirbrigði, barnaheimilin, í löggjöf með því að byrja á að ákveða aðstoð ríkisins við þau, eigi ósvipað og þegar er gert með barnaskólana. Erlendis er þessi mikla nauðsyn þegar viðurkennd í löggjöf. Sérstaklega eru Danir og Svíar til fyrirmyndar í þessum efnum.

Það er lagt til í þessu frv., að undir væntanleg lög heyri almenn barnaheimili, þ. e. a. s.: 1) dagheimili fyrir börn, 2—6 ára, þar sem þau eru frá morgni til kvölds og borða á heimilinu; 2) vistheimili fyrir börn, sem geta ekki dvalizt heima hjá sér; 3) vöggustofur fyrir börn undir 2 ára (eða eins og nú er kallað víða vöggustofur og skriðdeild); 4) sumardvalarheimili fyrir börn. Hins vegar mundu ekki heyra undir þessi lög barnaheimili fyrir vangefin börn, taugaveikluð eða þau, sem að öðru leyti þurfa að vera undir hendi lækna eða sérfræðinga. Þarf sérstök lög um slík heimili.

Í Reykjavík er þetta vandamál barnaheimilanna eðlilega brýnast sökum stærðar bæjarfélagsins, og þar hefur þegar verið hafizt handa og eru miklar fyrirætlanir um framkvæmdir á næstu árum. En þar er þörfin svo gífurleg, að ekki er unnt að leysa nema úr örlitlum hluta vandans með þeirri aðstöðu, sem þegar er sköpuð. Eftirspurnin er svo mikil eftir að koma börnum að á barnaheimilum, að ekki þykir einu sinni taka því að setja fólk á biðlista.

Á þrem vöggustofum (og „skriðdeild“) er rúm fyrir 68 börn. Á sex dagheimilum er rúm fyrir 330 börn. Vistheimili fyrir þau börn, sem aðeins geta treyst á bæjarfélagið sem aðstandanda sinn, hefur aðeins verið eitt, að Silungapolli, fyrir 30 börn, — og er þeirri vistarveru mjög ábótavant, — og svo fyrir slík börn á skólaskyldualdri eitt að Reykjahlíð. En nú er verið að reisa upptökuheimili fyrir slík börn að Dalbraut.

Reykjavíkurborg hefur þegar keypt 5 hús fyrir dagheimili og greitt sjálf. Barnavinafélagið Sumargjöf hefur unnið gott brautryðjandastarf í þessum málum, svo og Verkakvennafélagið, Mæðrafélagið, Thorvaldsensfélagið o. fl.

Reykjavíkurborg hefur þegar gert áætlanir um að verja á næstu 4 árum allt að 12 milljónum króna á ári — eins og er í fjárhagsáætlun í ár — til þess að byggja 2 hús fyrir barnaheimili á ári, sjá fylgiskjal I. Vart mun þó sú áætlun verða framkvæmd til fulls, nema til aðstoðar komi annars staðar frá. Framlag samkvæmt þessum lögum mundi hins vegar tryggja, að farið yrði fram úr þessari áætlun, og þess er full þörf.

Í kaupstöðum úti um land er verið að berjast við að koma upp barnaheimilum, og þarf að létta undir með bæjarfélögunum í þeirri baráttu. Í Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Akranesi, Ísafirði og víðar er þörfin brýn og ýmsar framkvæmdir hafnar, en fjárskortur háir alls staðar.

Það er lagt til, að ríkið greiði einn þriðja rekstrarkostnaðar við barnaheimilin. Hann er talinn í Reykjavík um 1800 krónur á mánuði. Væri þá eðlilegt, að bæjarfélagið greiddi þriðjung og aðstandendur þriðjung, þó þannig, að það færi eftir efnum og ástæðum, eins og reglugerð félagsmálaráðuneytisins mælti fyrir. Mæður, sem einar berjast fyrir að framfleyta börnum sínum, eiga ekkert að greiða, en hjón, sem vinna bæði utan heimilis á góðu kaupi, ættu að greiða ⅔ kostnaðar, en síðan væru ýmis millistig. Hafa Danir og Svíar gott skipulag á þessu, er taka mætti til fyrirmyndar.

Þá er lagt til, að ríkið greiði hálfan kostnað við byggingu barnaheimila, sem reist eru, eftir að lög þessi öðlast gildi. Er að öllu leyti eðlilegt, að um byggingu barnaheimila fari eins og um barnaskóla.

Þótt fyrst og fremst sé gert ráð fyrir, að sveitarfélög með yfir 1000 íbúa þurfi á þessari aðstoð að halda, þá er þó með 3. gr. heimilað að veita minni sveitarfélögum einnig slíka aðstoð.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að rekstrarstyrkinn geti eftirfarandi aðilar fengið:

1) Sveitarfélögin sjálf, og verður það eðlilega höfuðreglan.

2) Áhugafélög. Eins og fyrr er getið, hafa ýmiss konar áhugafélög í þessu efni víða brotið ísinn, jafnt verkakvennafélög og kvenfélög sem barnavinafélög og Thorvaldsensfélagið. Það er því rétt að gera ráð fyrir því, að þau njóti slíks styrks, þó að þróunin verði víðast hvar sú, að bæirnir taki síðan reksturinn að sér.

3) Opinberar stofnanir. Það er rétt að gera ráð fyrir, að opinberar stofnanir, eins og Háskólinn og ríkisbankarnir o. fl., vilji koma upp barnaheimilum vegna þeirra, sem vinna þar og nema. Er hin brýnasta þörf á þessu, ekki síst við háskólann, ef jafnrétti kvenna til æðri mennta á að verða raunveruleiki.

4) Atvinnufyrirtæki. Þá er og eðlilegt, að stórfyrirtæki, ekki síst þau, sem hafa margt kvenna starfandi hjá sér, komi upp barnaheimilum við verksmiðjur. Slíkt tíðkast víða erlendis, ekki síst í sósialistísku ríkjunum. Hefur og verið gerð nokkur tilraun með slíkt hér, og er rétt að ýta undir það.

Vistheimili, þar sem börn dveljast alveg, eru orðin mikil nauðsyn, eins og þjóðfélagsþróunin er. Ríkið og bæjarfélögin, ekki síst höfuðborgin, eiga að setja stolt sitt í það að gera slík heimili vel úr garði. Þau börn, sem eru svo ógæfusöm að geta ekki notið foreldra af einni eða annarri ástæðu, eiga að finna það, að þjóðfélagið getur verið þeim góður aðstandandi. Ísland er nú svo ríkt, að það á að setja sóma sinn í það að búa sem bezt að slíkum börnum. Þau fara nógu mikils á mis samt.

En öll þessi barnaheimili verða ekki rekin án kennara frekar en barnaskólarnir. Ríkið verður því að taka að sér að koma upp föstum skóla fyrir fóstrurnar. Sá skóli hefur verið á hrakhólum, engan fastan samastað átt og ýmsa erfiðleika átt við að stríða. Þess vegna mælir 4. gr. fyrir um stofnun slíks skóla, en meðan hann er í mótun, er eðlilegt, að ríkisstjórnin ráði skipan hans meira með reglugerð, byggðri á þessum lögum, en að nákvæm lög séu sett síðar. Svipað var gert um tækniskóla á síðasta þingi. Rétt væri og, að ríkisstjórnin tæki það til alvarlegrar athugunar, hvort hægt væri, annaðhvort í sambandi við fóstruskólann eða kennaraskólann, að koma upp leiðsögn eða kennslu fyrir þá, sem verða vilja tómstundakennarar, æskulýðsleiðbeinendur eða starfsfólk vegna þjóðfélagslegra vandamála (social workers), þannig að það fólk fengi undirbúning hér undir fullkomnara nám erlendis.

Skiptar eru skoðanir um, hvort hentugra væri, að fóstruskóli yrði deild í kennaraskólanum, og þarf m. a. að athuga það mál, áður en fóstruskóli er endanlega mótaður. En starfsemi hans verður að efla og tryggja nú þegar, því að skortur á fóstrum háir starfsemi barnaheimilanna tilfinnanlega. Skólastjóri fóstruskólans, frú Valborg Sigurðardóttir, sagði í ræðu, sem hún hélt við skólaslit 25. maí 1963: „Mér telst svo til, að til þeirra barnaheimila, sem byggja skal hér í borg á næstu 5 árum, þurfi minnst milli 50 og 60 sérmenntaðar fóstrur. Reikna ég hér eingöngu með fóstrum í stöður forstöðukvenna og deildargæzlu. Ef fullnægja á þessum lágmarkskröfum til starfsliðs, þarf að auka og efla fóstruskólann að miklum mun. Skoðun mín er sú, að tómt mál sé að tala um að fjölga barnaheimilum hér á landi, ef fóstruskólinn er ekki efldur að sama skapi.“ Í fóstruskólanum höfðu alls 88 lokið námi þá, er skólastjórinn hélt þessa ræðu, en þá voru 14 útskrifaðar, svo að alls hafa 102 lokið námi.

Það er því hin brýnasta nauðsyn að efla fóstruskólann, fá til hans nýja nemendur, auglýsa skólann sem bezt og hvetja efnilegar stúlkur til þessa náms. Nú er ástandið þannig, að í þrem af sex barnaheimilum í Reykjavík eru engar fóstrur starfandi nema sem forstöðukonur. Þyrfti einnig að athuga viðvíkjandi framtíðarstarfi á þessum vettvangi að gera þeim, sem sérstökum trúnaðarstörfum gegna, fært að nema við erlenda sérskóla eða stofnanir í þessum efnum, sem eru ágæt á Norðurlöndum.

Frv. þetta var fyrst flutt 1963—64. Kom þá þegar í ljós, hver áhugi var á því

hjá þeim samtökum, er helzt þekkja til, að frv. yrði samþykkt. M. a. gerðu eftirfarandi samtök samþykktir, sem birtar eru hér á eftir sem fylgiskjöl:

1. Menningar- og friðarsamtök ísl. kvenna, fylgiskjal III.
2. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands, fylgiskjal IV.

Þá hafa og eftirfarandi samtök gert samþykktir um þessi mál án þess að vitna sérstaklega til þessa frv.:

3. Kvenréttindafélag Íslands, fundur haldinn 21. apríl 1964, fylgiskjal V.
4. Bandalag kvenna í Reykjavík, aðalfundur haldinn 2.—3. nóv. 1964, fylgiskjal VI.

Það er ljóst, að framganga þess máls, sem þetta frv. fjallar um, þolir ekki langa bið.

Fylgiskjal I.

Áætlun um byggingu dagheimila og leikskóla í Reykjavík 1964—1968.

Lögð fram í borgarstjórn Reykjavíkur vorið 1963.

Árið 1964. Heildarupphæð 6 millj.
Dagheimili við Rauðalæk, fullgert, kostnaður 6 millj. kr.

Árið 1965. Heildarupphæð 9 millj.
Leikskólar í Vogahverfi og Hvassaleiti, fullgerðir, kostnaður samtals 5 millj.
Dagheimili í Vogahverfi og leikskóli við Safamýri, byrjunarframkvæmdir, samtals 4 millj.

Árið 1966. Heildarupphæð 9 millj.
Leikskóli við Safamýri og dagheimili í Vogahverfi, lokaframkvæmdir, samtals 4.5 millj. Dagheimili í Háteigshverfi, fullgert, hluti borgarsjóðs 3 millj. (reiknað með 3 millj. frá öðrum aðilum). Leikskóli við Rauðalæk, byrjunarframkvæmdir, 1.5 millj.

Árið 1967. Heildarupphæð 9 millj.
Leikskóli við Rauðalæk, lokaframkvæmdir, 1 millj. Dagheimili við Árbæjarblett, fullgert, 6 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, byrjunarframkvæmdir 2 millj.

Árið 1968. Heildarupphæð 9 millj.
Dagheimili við Vesturborg, byrjunarframkvæmdir, 3.75 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, lokaframkvæmdir, 4 millj. Leikskóli í Háteigshverfi, fullgerður, hluti borgarsjóðs 1.25 millj. (gert ráð fyrir jafnháu framlagi annars staðar frá).

Fylgiskjal II.

Áætlun um byggingu vistheimila 1963—1968.

1963. Upptökuheimili við Dalbraut, byrjun, 1.5 millj.

1964. Upptökuheimili við Dalbraut, lokið, 4.5 millj.

1965. Fjölskylduheimili (byggt eða keypt), lokið, 1.5 millj.
Upptökuheimili við Hlíðarenda, byrjað, 1.5 millj.

1966. Upptökuheimili við Hlíðarenda, lokið, 1.5 millj.
Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), byrjað, 1.5 millj.

1967. Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), lokið, 2 millj.
Unglingaheimili 5—8 pilta, byrjað, 1 millj.

1968. Unglingaheimili 5—8 pilta, lokið, 1 millj.
Unglingaheimili 5—8 stúlkna, lokið, 2 millj.

Fylgiskjal III.

12. marz 1964.

Til hæstvirts Alþingis.

Aðalfundur Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna, haldinn 25. febr. 1964, styður framkomið frumvarp til laga, á þingskjali nr. 215, um aðstoð ríkisins við byggingar og til rekstrar barnaheimila og fóstruskóla.

Sú gagngera bylting, sem orðið hefur á atvinnuháttum þjóðarinnar og á lífskjörum hennar öllum, krefst þess, að í hendur haldist félagslegar framkvæmdir á öllum sviðum.

Nútímaþjóðfélag kallar á æ fleiri hendur til starfa, enda æ fleiri störf, sem konur sérhæfa sig til að takast á hendur. Enda hafa konur haft sama rétt og karlar til náms og starfa á landi hér síðan árið 1911.

En áhrif kvenna á félagslega starfsemi þjóðfélagsins hafa ekki verið í réttu hlutfalli við réttindi þeirra. Þjóðfélagið hlýtur að taka það á sig, að koma upp þeim félagslegum stofnunum, sem gera konum kleift að stunda atvinnu utan heimilis, en rækja þó jafnframt móðurskyldur sínar.

Fundurinn væntir þess eindregið, að hið háa Alþingi samþykki þetta frumvarp, og leggur áherzlu á, að þau ákvæði, sem það felur í sér, verði sem fyrst að veruleika.

Virðingarfyllst,

f. h. Menningar- og friðarsamtaka ísl. kvenna,
María Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal IV.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 2. marz 1964.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands skorar á háttvirt Alþingi að samþykkja nú á þessu þingi fram komið frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og fóstruskóla, þingskjal 215.

Fylgiskjal V.

Fundur Kvenréttindafélags Íslands, haldinn 21. apríl, gerði svofelldar ályktanir:

a. Að leikskólavist hluta úr degi hverjum sé uppeldisleg nauðsyn og öryggi börnum, sem eru yngri en 7 ára, ef þau alast upp í borgum og bæjum. Þess vegna telur fundurinn, að fjölga þurfi slíkum stofnunum mikið frá því, sem nú er.

b. Að fjölga þurfi fullkomnum dagheimilum fyrir börn frá smábarnaaldri til skólaskyldualdurs, svo að konur, sem þurfa eða vilja, geti stundað vinnu utan heimilis, þótt þær eigi börn á þeim aldri, og einstæðar mæður, sem vilja ala börn sín upp og til þess eru hæfar, þurfi eigi að láta þau frá sér sökum skorts á slíkum stofnunum.

c. Að ávallt sé séð um, að þau börn, sem óhjákvæmilega þurfa að alast upp á uppeldisheimilum, njóti þar góðs og heimilislegs aðbúnaðar, bæði af hálfu hins opinbera og starfsfólks heimilanna.

d. Að brýn nauðsyn sé að koma á fót heimavistarskólum fyrir börn á skólaskyldualdri, sem af heimilisástæðum, hegðunarvandkvæðum eða öðrum orsökum eigi, að áliti sérfræðinga, ekki samleið með öðrum skólabörnum.

e. Að stofnsettur sé sem fyrst fullkominn uppeldisskóli fyrir ungar stúlkur, er lent hafa á glapstigum, svo að barnaverndarnefndir og aðstandendur stúlkna

þessara geti þar leitað hjálpar við enduruppeldi þeirra til að gera þær að nýtum þjóðfélagsþegnum.

f. Að lögbinda þurfi ríflegt framlag til byggingar og reksturs allra uppeldisstofnana landsins, til þess að bæta úr þörfum þjóðfélagsins í uppeldismálum, auk þess sem starf fóstruskólans sé svo eflt og aukið, að hann hafi aðstöðu til að sjá leikskólum og öðrum uppeldisstofnunum landsins fyrir nægilega mörgu sérmenntuðu starfsfólki, sbr. samþykkt fundar K. R. F. Í. 17. marz síðastliðinn.

Fylgiskjal VI.

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík, haldinn dagana 2.—3. nóv. 1964, skorar á menntamálanefnd Alþingis að beita sér fyrir því, að Fóstruskólinn verði tekinn inn í fræðslukerfi ríkisins, aukinn og endurskipulagður, svo að hann verði fær um að sjá þjóðfélaginu fyrir sérmenntuðu starfsfólki við hinar ýmsu samfélagsstofnanir landsins (sósialstofnanir).

Greinargerð.

Fundurinn álítur það óviðunandi ástand, að meiri hluti alls starfsfólks dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra samfélagsstofnana landsins skuli ekki hafa menntun til starfa síns. Fóstruskólinn hefur gert mjög mikið gagn, en þar sem hann er einkaskóli með takmarkaða getu, er ekki nein von, að hann anni þjóðarþörfum.

Það er álit fundarins, að þessi mál komist aldrei í viðunandi ástand, nema ríkið reki fullkominn skóla til menntunar alls þess fólks, sem við þessi störf vinnur.

Fundinum er kunnugt um, að margir mundu læra til þessara starfa, ef þeir ættu þess kost hér á landi, og getur ekki skilið þann sofandaháttt, sem í þessum málum ríkir hjá ráðamönnum þjóðfélagsins.

Fyrir hönd stjórnar Bandalags kvenna í Reykjavík.

Aðalbjörg Sigurðardóttir, formaður.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 45. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um samþykki Alþingis við tillögur U Þants til lausnar á styrjöldinni í Vietnam.

Flm.: Einar Olgeirsson, Gils Guðmundsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að lýsa yfir samþykki sínu við tillögur U Þants, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, til lausnar á styrjöldinni í Vietnam. En þær eru þessar:

1. Að Bandaríkin hætti loftárásum sínum á Norður-Vietnam.
2. Að styrjaldaraðilar í Suður-Vietnam dragi úr hernaðaraðgerðum sínum.
3. Að Þjóðfrelsishreyfing Suður-Vietnams verði viðurkenndur samningsaðili og allir aðilar fallist á að setjast að samningsborði.

Felur Alþingi ríkisstjórninni að framfylgja þessari samþykkt á alþjóðavettvangi, m. a. tilkynna hana á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Greinargerð.

Hin hræðilega árásarstyrjöld hins volduga bandaríska stórveldis gegn fátækri, frelsisunnandi þjóð Vietnams veldur nú daglega ógnum og dauða hjá þessari þjóð, sem aðeins þráir að fá að lifa í friði, frjáls eftir langa nýlendukúgun og fórnfrekt frelsisstríð. Jafnframt vofir sú hætta í sífellu yfir, að þetta árásarstríð Bandaríkjanna gegn fámennri þjóð geti breiðzt út og orðið að stórstyrjöld, er stofni allri heimsbyggðinni í hættu.

U Þant, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur lagt sig mjög fram til þess að reyna að koma á friði í Vietnam. Hann hefur lagt fram tillögur sínar um, hvernig að því skuli farið, í þrem liðum, sem í þingsályktunartillögunni greinir. Vitað er, að ein höfuðástæðan til þess að hætta er á, að hann taki eigi endurkosningu nú, er, að hann hefur ekki getað fengið þær tillögur fram. U Þant kom hingað í sumar, vafalaust m. a. til þess að vinna tillögum sínum fylgi.

Alþingi Íslendinga á af sinni hálfu að taka undir þessar tillögur hans og leitast þar með við að hjálpa til að koma á friði í Vietnam og enn fremur að tryggja Sameinuðu þjóðunum áfram starfskrafta U Þants.

Vitað er, að ýmsir aðilar hafa þegar orðið til þess að taka undir þessar tillögur. Á Norðurlöndum hefur t. d. ríkisstjórn Svíþjóðar lýst fylgi sínu við þær. Vitað er að norski Vinstriflokkurinn er fylgjandi þeim.

Alþingi Íslendinga hefur látið alþjóðamál allt of lítið til sín taka. Það er bæði frá sjónarmiði mannúðar og skynsemi rétt að láta þetta mál verða eitt hið fyrsta þeirrar tegundar.

Sþ. 46. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að athuga og gera tillögur um, hvernig hagfelldast væri fyrir ríkið í félagi við Tryggingastofnun ríkisins, sveitarfélög og sýslufélög að koma upp á hentugum stöðum víðs vegar um land dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

Skal nefndin þannig skipuð, að þingflokkarnir tilnefni sinn nefndarmanninn hver, Tryggingastofnun ríkisins einn mann, Samband íslenzkra sveitarfélaga einn mann. Sjöunda manninn skipi ríkisstjórnin án tilnefningar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal m. a. sérstaklega athuga möguleika á því, að hreppsfélög með aðstoð frá ríki og almannatryggingum geti látið byggja færanleg íbúðarhús, sem aldrað fólk (t. d. hjón) í sveitum geti fengið leigð til notkunar á þeim stað, er þau kjósa. Enn fremur skilyrði til, að sýslu- og bæjarfélög með aðstoð sömu aðila láti reisa dvalarheimilahverfi á jarðhitasvæðum til afnota fyrir aldrað fólk úr viðkomandi sýslu- eða bæjarfélögum.

Nefndin skili tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi, en var þá ekki afgreidd. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð:

Mannfjöldaskýrslur og ævilengdartöflur Hagstofunnar sýna, að íslenzku þjóðinni fjölgar ört. Ein ástæðan til þess er sú, að meðalaldur manna hefur lengzt.

Árið 1910 urðu 6.5 af hundraði landsmanna 65 ára og eldri. Þetta hlutfall hefur verið að hækka síðan, og árið 1960 voru 8.1 af hundraði 65 ára og eldri. Meðalaldur kvenna er nú 75 ár og karla 70.7 ár. Meðalaldur kvenna hefur þannig lengzt síðan 1940 um 9.4 ár og karla um 9.8 ár. Síðastliðin hundrað ár hefur meðalaldur kvenna lengzt um 37.1 ár og karla um 38.8 ár. Á árunum 1951 til 1960 dóu 29 menn, sem voru 100 ára og þar yfir. Voru það 25 konur og 4 karlar. Þessar tölur allar sanna það óvefengjanlega, að aldraða fólkinu fjölgar mjög mikið og hlutfallslega meira en áður var. Er þetta árangur af aukinni þekkingu, sem leitt hefur af sér bætt lífsskilyrði og heilsugæzlu. Væntanlega verður enn áframhald á því, að mannsævin lengist. Við Íslendingar getum hrósað miklum sigri á þessu sviði, því að nú er manndauðahlutfallið lægra hér en í nokkru öðru landi Evrópu.

En með hverjum sigri skapast alltaf ný viðhorf og vandamál. Nú þarf að skipa hinum aukna fjölda aldraðs fólks til viðunandi sætis í þjóðfélaginu, svo að það geti notið elliáranna sem frjálsir menn og hlutgengir þegnar, meðan heilsan leyfir þátttöku í störfum, og hinum sjúku þarf að búa sem bezta hjúkrun og góð dvalarheimili. Fram að þessu hefur fremur lítið verið gert af hálfu þjóðfélagsins til að tryggja gamla fólkinu góð lífskjör á elliárunum annað en greiðsla ellilífeyris til þeirra, sem orðnir eru 67 ára og eldri. Ellilífeyrinn kaupa menn sér samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga með iðgjaldsgreiðslu frá 16—67 ára aldri, enn fremur með gjöldum sínum til viðkomandi sveitarsjóða, sem síðan borga árgjald til almannatrygginganna, og með skattgreiðslum sínum beinum og óbeinum til ríkissjóðs.

Ekki skal vanmetin sú hjálp, sem almannatryggingarnar veita með ellilífeyrisgreiðslum sínum. En það er skoðun flutningsmanna, að almannatryggingarnar þurfi mjög að víkka starfssvið sitt öldruðu fólki til hjálpar. Með breyttum þjóðlífsháttum er reynslan sú, að heimilin geta ekki nú eins og þau urðu að gera áður veitt hæli fyrir aldraða og sjúka. Almannatryggingarnar þyrftu og ættu samfara því að greiða ellilífeyri einnig að styrkja byggingu íbúðarhúsa og dvalarheimila fyrir aldrað fólk í samvinnu við ríkið og sveitarfélögin. Mikil nauðsyn er á því að fjölga dvalarheimilum fyrir hina öldruðu, því að þeim fer mjög fjölgandi, sem komast á háan aldur og þurfa á að halda hjálp þjóðfélagsins, þegar þrek dvínar til starfa. Hrekkur þá ekki til, þó að ellilífeyrir væri nægur, ef hvergi fæst hjálp og skjól.

Í sveitum landsins hagar víðast svo til, að gamla fólkið verður að hætta búskap, áður en kraftar eru að fullu þrotnir, og liggur þá leiðin oftast til þorpa og bæja, þar sem annaðhvort eru fest kaup á íbúð eða íbúð tekin á leigu. Atvinna í bæjunum fyrir aldraða fólkið, sem þangað kemur úr dreifbýlinu, er svo til engin. Dreifbýlinu er í flestum tilfellum mikill missir í brottflutningi hins aldraða fólks, því að unga kynslóðin, sem tekur við störfum þess, svo sem ábúð jarða, tapar hollri aðstoð, sem gamla fólkið getur oft veitt einnig sér til gagns og gleði. Þá getur gamla fólkið, sem nokkra starfsorku hefur, ef það er kyrrt í sveitum og þorpum, í mörgum tilfellum haft sér til gagns og gamans smábúskap, t. d. nokkrar kindur, hænsni eða dálitla garðrækt. Þannig getur notazt að vinnuafli til framleiðslu fyrir þjóðfélagið, sem annars tapast. Þá má nefna, að mörgu sveitarfélagi gæti orðið það drjúgur stuðningur fjárhagslega, að eldra fólkið dveldist þar áfram í stað þess að hverfa burt með fjármuni sína. Flestu mundi líka aldraða fólkinu ljúfara að eyða elliárunum í átthögunum, ef þess væri kostur.

Með þingsályktunartillögu þessari er þeirri hugmynd hreyft, að athugaðir verði möguleikar á því, að sveitarfélög, ríki og almannatryggingar komi upp í samvinnu þægilegum íbúðarhúsum, sem sniðin væru við hæfi aldraðs fólks og flytja mætti milli staða og setja niður hvar sem væri með tiltölulega litlum undirbúningi, og leigð til dvalar fyrir hóflegt gjald. Þegar t. d. öldruð hjón hættu að nota slíkt hús, gætu önnur hjón fengið það flutt til sín og búið í því o. s. frv. Þá er mikil þörf að koma upp í héruðum, þar sem jarðhiti er, þyrpingum lítilla íbúðarhúsa til dvalar fyrir aldraða, sem eru sjálfbjarga að mestu. Enn fremur hælum fyrir sjúka og ellihruma.

Hér er drepið á þríþætt verkefni, sem sveitarfélögum, ríki og almannatryggingunum ber að leysa. Það er í fyrsta lagi að koma upp færanlegum litlum íbúðum fyrir þá, sem kjósa að búa í nánd við sín fyrri heimili, meðan heilsan leyfir. Í öðru lagi að stofna íbúðahverfi á jarðhitastöðum fyrir aldraða. Og í þriðja lagi að reisa hæli á slíkum stöðum fyrir þá, sem eru ósjálfbjarga. Ekki verða slík verkefni leyst án athugunar, og auðvitað verða slík viðfangsefni að þróast í samræmi við ný viðhorf á hverjum tíma. En aðkallandi er að hefjast handa sem fyrst, því að mikil verkefni af þessu tagi eru sýnilega fyrir hendi nú þegar og í framtíðinni. Til þess benda eindregið skýrslur Hagstofunnar um lengingu mannsævinnar hér á landi.

Sú löggjöf, sem til er um stuðning við gamla fólkið á Íslandi í umræddum efnum, er ófullnægjandi. Sú aðstoð, sem lög nr. 40 30. apríl 1963 (76. gr.), um almannatryggingar, veita til þess að koma upp elliheimilum, er lán og miðast aðallega við stór heimili. Og lög nr. 49 20. apríl 1965, um byggingarsjóð aldraðs fólks, eru einvörðungu miðuð við lánastarfsemi og áhrifalítil.

Þessi málefni þarf því að athuga betur og finna í þeim betri úrlausnir, og vegna þess er tillagan flutt.

Ed. 47. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:
   1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.
   2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
   3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
   4. Vaxtatekjur.

b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærri en ⅗ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar samkvæmt 1. málsgr. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari málsl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 24. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅗ hlutum, en ⅖ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum, og á því sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyni verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhugaverð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunnindajarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að

öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau nemi allt að ⅔ hlutum byggingarkostnaðar. Lán til verkamannabústaða eru þó mun hærri en íbúðarlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins og með mjög góðum kjörum. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema ⅔ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stórauka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að nokkur hluti lánsfjárhæðarinnar sé greiddur í bankavaxtabréfum.

Ed. 48. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
ÞGK og BGuðm voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 31. okt. 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 49. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
ÞGK og BGuðm voru fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 31. okt. 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason.
Karl Kristjánsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 50. Frumvarp til laga [46. mál]

um byggingarsamvinnufélög.

Flm.: Einar Ágústsson, Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína, til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignarframlögum félagsmanna og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna.

2. gr.

Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélög, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 50 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

3. gr.

Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hentugum íbúðum og sameiginlegum þægindum. Skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða.

Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir, sbr. 2. gr.

4. gr.

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðist þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félagsins, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafn-

háir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands. — Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og má það gjald aldrei vera minna en kr. 200.00 árlega á hvern félagsmann. Sjóði þessum sé varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins, eftir því sem nauðsyn krefur. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Skylt er félagsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, sem félagið reisir. Með byggingarkostnaði skal telja gatnagerðargjald og önnur byggingarleyfisgjöld, þar með talið skipulagsgjald. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána sem einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki. Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

D. Skylt er Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf skv. B-lið fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr.

5. gr.

Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til að koma upp íbúðum til eigin afnota. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í húsum og lóðarréttindum, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 80% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

6. gr.

Byggingarsamvinnufélög, sem starfa eftir lögum þessum, skulu fyrir 1. júní ár hvert senda Húsnæðismálastjórn ríkisins og fjármálaráðuneytinu umsóknir um lán vegna félagsmanna sinna, og skal þeim umsóknum fylgja teikning samþykkt af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum ásamt skilríkjum fyrir lóðarréttindum. Slíkri umsókn skulu einnig fylgja kostnaðaráætlun og upplýsingar um lán, sem kunna að verða tekin á 1. veðrétt.

7. gr.

Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum að meðtalinni geymslu og þvottahúsi.

B. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti og sé eignarhluti afhentur félagsmanni, þegar hann hefur greitt hann að fullu. Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn innrétti íbúðir sínar sjálfir, ef hlutaðeigandi lánaflokkur óskar þess.

C. Að félagsmaður sé fjárráða.

D. Sæki fleiri félagsmenn um aðild að byggingu heldur en byggingarsamvinnufélagið getur annað, skulu þeir sitja fyrir, sem lengst hafa verið í félaginu og ekki eiga fullnægjandi íbúð fyrir.

8. gr.

Í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, er hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða.

9. gr.

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana innan 15 ára, frá því að bygging hófst, nema stjórn félagsins hafi áður auglýst íbúðina til sölu til félagsmanna og hafnað forkaupsrétti félagsins vegna. Aldrei má framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni.

Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda ákveði stjórn félagsins, hve há leigan megi vera. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða fyrstu 15 árin, frá því að bygging hófst, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættum verðhækkunum samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna.

10. gr.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt húseign hærra en leyfilegt er samkvæmt 9. gr., og rennur þá sá hluti söluverðs, sem er umfram hið lögleyfða verð, í varasjóð félagsins.

11. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags ekki forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins. Ákvæði þessi ná þó eigi til íbúða þeirra, sem eldri eru en 15 ára, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 36 frá 1952.

12. gr.

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra að frádeginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

13. gr.

Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

14. gr.

Húsnæðismálastjórn lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þá í té án endurgjalds. Sömuleiðis sér húsnæðismálastjórn um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Byggingarsamvinnufélög, er starfa samkvæmt lögum þessum skulu undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðagjalds.

16. gr.

Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

17. gr.

Ákvæði laga þessara ná aðeins til þeirra íbúða, sem hafin er bygging á eftir gildistöku laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru nú gildi numdar 12.—26. gr. laga nr. 36 16. febrúar 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Greinargerð.

Ekki þarf að eyða löngu máli til að rökstyðja þá brýnu þörf, sem á því er að koma húsnæðismálunum í betra horf, svo mjög eru allir sammála um það. Enda þótt lánsfé til húsbygginga hafi að undanförnu vaxið talsvert að krónutölu, skortir verulega á, að viðunandi marki hafi þar verið náð. Hinn 1. júlí s. l. var byggingarkostnaður samkvæmt útreikningi hagstofunnar kr. 2720.37 á teningsmetra. Þannig kostar 370 m³ meðalíbúð nú yfir 1 milljón króna í byggingu. Hámarkslán úr hinu almenna veðlánakerfi hafa enn eigi náð 30% af byggingarkostnaði hér á landi, meðan grannþjóðir okkar lána allt upp í 90% í þessu skyni. Er því ljóst, að verulegt átak þarf hér til að koma. Verðbólgan og húsnæðisvandamálin eru svo samtvinnuð, að tæpast er hugsanlegt að leysa þau án stöðvunar verðbólguvaxtarins né lækna verðbólguna án lausnar húsnæðisvandamálanna. Þegar af þessum ástæðum er óhjákvæmilegt að ráða bót á þessum vanda. En auk þess kemur hér til það, að húsnæði er ein af frumþörfum manna til jafns við fæði og klæði. Þjóðfélagið hefur því ekki uppfyllt skyldur sínar við borgarana, fyrr en tekizt hefur að tryggja öllum rétt til viðunandi húsnæðis á viðráðanlegu verði. Þetta, sem hér hefur verið sagt, viðurkenna allir og því óþarft að hafa um það fleiri orð. Vissulega verður að bæta aðstöðu byggingarsjóðs ríkisins og auka það fjármagn, sem hann hefur til ráðstöfunar, jafnframt því sem vinna verður kappsamlegar að því en gert hefur verið undir forustu húsnæðismálastjórnar að lækka byggingarkostnaðinn.

Hér í þessu frv. er aðeins vikið að einum þætti þessara mála. Enginn vafi leikur á því, að með setningu laganna um byggingarsamvinnufélög var mikilsvert spor stigið í því að aðstoða einstaklinga til að koma upp hóflegum íbúðum til eigin afnota. Hafa fjölmargir notað sér af þeirri fyrirgreiðslu, sem þessi lög veita. Það er einkum tvennt, sem skort hefur, til þess að byggingarsamvinnufélögin kæmu að fyllsta gagni. Annars vegar skortur á hæfum byggingarlóðum, sem a. m. k. sums staðar hefur verulega háð þessari starfsemi. Hins vegar er svo það, hversu torvelt og jafnvel ómögulegt það hefur verið að koma ríkistryggðum skuldabréfum félaganna í verð, og er óhætt að fullyrða, að fjárskorturinn hefur verið erfiðastur Þrándur í Götu þessa félagsforms, sem að öðru leyti hefur svo margt að bjóða til lausnar þessa mikilsverða vandamáls.

Með hliðsjón af framansögðu leggjum við flutningsmenn þessa frumvarps til í fyrsta lagi, að í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, sé hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða, og í öðru lagi, að sú skylda verði lögð á Seðlabanka Íslands að kaupa á nafnverði árlega, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf byggingarsamvinnufélaga fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. Jafnframt eru lagðar til nokkrar smærri breytingar á lögunum um byggingarsamvinnufélög, og verður þeirra getið í sambandi við einstakar greinar hér á eftir.

Um 1. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Óbreytt að öðru leyti en því, að tilskilinn lágmarksfjöldi stofnenda byggingarsamvinnufélags í Reykjavík er hækkaður úr 25 í 50.

Um 3. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Smávægilegar breytingar eru gerðar á A-, B- og C-lið greinarinnar frá hliðstæðum ákvæðum gildandi laga, sem ekki þarfnast sérstakra skýringa, en í D-lið greinarinnar er það nýmæli tekið upp, að Seðlabanka Íslands er gert að skyldu, ef þörf krefur, að kaupa ríkistryggð skuldabréf skv. B-lið greinarinnar fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. árlega. Það er skoðun okkar flutningsmanna, að þessi aðstoð sé alveg óumflýjanleg, ef ákvæðin um byggingarsamvinnufélög eiga að geta náð tilgangi sínum.

Um 5.—7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Ákvæðið er nýmæli og skyldar sveitarstjórnir til þess að láta byggingarsamvinnufélög, sem starfa í viðkomandi sveitarfélagi, sitja fyrir um úthlutun lóða.

Um 9. gr.

Samhljóða ákvæðum gildandi laga að öðru leyti en því, að bann laganna við því að selja íbúðir, nema stjórn byggingarsamvinnufélags hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, er aðeins látið gilda í 15 ár. Flutningsmönnum þykir ekki eftir atvikum sanngjarnt, að þessi kvöð verði látin hvíla á íbúðunum lengur en hér er lagt til.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 9. gr.

Um 12.—13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Í stað „ríkisstjórnar“ í gildandi lögum er lagt til að komi „húsnæðismálastjórn“, enda fer sú stofnun með þau mál, sem í greininni er fjallað um.

Um 15. gr.

Lagt er til, að byggingarsamvinnufélög, er starfa samkvæmt lögum þessum, skuli undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðagjalds, og er hér um nýmæli að ræða.

Um 16.—18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 51. Fyrirspurn [47. mál]

til félagsmálaráðherra um úthlutun úr byggingarsjóði ríkisins.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvenær má vænta næstu úthlutunar úr byggingarsjóði ríkisins? Verður hægt að fullnægja fyrirliggjandi lánshæfum umsóknum, ef ekki, hversu mikið fjármagn skortir þá til þess?

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar (samsýningar og sérsýningar) utan höfuðborgarinnar. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Landsbyggðin utan Reykjavíkur er ærið fátæk að listasöfnum og undantekning, ef myndlistarmenn þjóðarinnar sýna verk sín opinberlega annars staðar en í Reykjavík. Jafnvel á Akureyri eru myndlistarsýningar fágætir viðburðir. Slíkt ástand er engan veginn heillavænlegt. Hversu háskalegt sem það er landsbyggðinni að dragast aftur úr í atvinnulegum efnum — og um það er enginn ágreiningur — þá felst einnig dulin, ef ekki augljós hætta, þegar menningarskilyrði eru að verulegum mun lakari á einum stað en öðrum. Félags- og menningarlegur ójöfnuður meðal þjóðarinnar, hvort heldur er milli einstakra stétta eða landshluta, hefur hættu í för með sér, sem gefa þarf nánar gætur og hindra sem framast má verða.

Telja má með réttu, að löngum hafi menningarlegur jöfnuður verið aðal íslenzku þjóðarinnar. Lista- og bókmenntaáhugi var sameign allra manna, hvort sem þeir voru efnaðir eða örsnauðir. Menningarskilyrði voru almennt lík í landshlutunum. Því er vart að heilsa nú á tímum. Ójöfn menningarskilyrði eru næsta áberandi í landinu. Þær tvær listgreinar t. d., sem gróskumestar hafa verið síðustu áratugi, myndlist og tónlist, eru mjög einskorðaðar við Reykjavík. Á það þó alveg sérstaklega við um myndlistina. Listsýningar, hver annarri betri, eru tíðum haldnar í höfuðborginni. Líður varla sú vika, að ekki sé eitthvað að gerast í Listamannaskálanum eða Bogasal Þjóðminjasafnsins. Menntaskólanemar í Reykjavík hafa komið upp tveimur ógleymanlegum myndlistarsýningum í vetur í húsakynnum skólans. Útlend list er einnig sýnd við og við í höfuðborginni. Með þessu er þó alls ekki sagt, að ekkert standi til bóta í listmálum höfuðborgarinnar. Listamannaskálinn er t. d. gjörónýtt hús og með öllu ósamboðinn sem listsýningarstaður. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að Reykjavík ein nýtur nær alls þess, sem gerist í myndlist á Íslandi. Þessi mál eru almennt í algerri vanrækslu úti um landið. Úr þeim þarf að bæta með sérstöku og skipulegu átaki í anda þeirrar tillögu, sem hér er flutt. Þjóðfélaginu ber að búa svo um hnútana, að öllum landsmönnum sé tryggð sem jöfnust aðstaða til að kynnast því, sem gerist og gerzt hefur í listum hér á landi. Með þeim hætti má skapa frjálsa list fyrir fólkið, gera listina að almenningseign. Eitthvað er bogið við það þjóðfélag, sem stefnir til menningarlegs ójafnaðar. Slík þróun er þeim mun ógeðfelldari hér á landi sem vitað er, að íslenzka þjóðin hefur ávallt verið listelsk og listnjótendur óháðir þjóðfélagsstöðu og búsetu. Enda er mikill áhugi á listum í sveitum og kaupstöðum víðs vegar um landið. Þann áhug má glæða og veita fullnægju með skynsamlegri listkynningu og stofnun listasafna svo víða sem kostur er. Þeir tiltölulega fáu listamenn, sem sýnt hafa verk sín úti um land, hafa orðið aufúsugestir.

Stofnun listasafna utan Reykjavíkur þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Fjárhags- og skipulagsgrundvöllur verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar framþróunar. Þótt listasöfn séu stofnuð í kaupstað,

sýslu eða stærri landshluta, þá ber þeim eigi að síður að vera á „landsmælikvarða", þau eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listum. En æskilegt er og raunar sjálfsagt, að þau sinni einnig sérstaklega þeirri listsköpun, sem kann að eiga sér stað innan hvers safnhverfis. Mundi þá væntanlega koma í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru. En umfram allt ættu almenn listasöfn að gefa sem sannasta mynd af listmenningunni á hverjum tíma.

Annað aðalatriði þessarar tillögu er, að ráð verði fundin til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar. Ef til vill er fjölgun listsýninga nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða í listmálum landsbyggðarinnar. Virðist það og tiltölulega auðleyst verkefni. Víða eru sæmilegar aðstæður til myndlistarsýninga, og ef þær væru nýttar sem kostur er, mætti stórlega fjölga listsýningum úti um land án teljandi viðbúnaðar eða kostnaðar.

Ed. 53. Frumvarp til laga [49. mál]

um listamannalaun og Listasjóð.

Flm.: Gils Guðmundsson.

I. KAFLI
Um listamannalaun.

1. gr.

Veita skal tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun á fjárlögum eftir lögum þessum.

2. gr.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun fastra listamannalauna, án tillits til aldurs, efnahags, búsetu eða borgaralegra starfa.

3. gr.

Flokkar fastra listamannalauna á fjárlögum skulu vera tveir. Allt að tíu mönnum skal veita 120 þús. kr. árleg heiðurslaun ævilangt og allt að tuttugu mönnum 80 þús. kr. árleg listamannalaun. Eigi skulu færri en 25 listamenn hljóta föst laun á fjárlögum ár hvert.

4. gr.

Stjórn Listasjóðs (sbr. 14. gr.) velur listamenn, er njóta skulu heiðurslauna og listamannalauna skv. 3. gr. Við val í heiðurslaunaflokk í fyrsta sinn skal stjórn Listasjóðs velja þá menn alla, sem nutu 75 þús. kr. listamannalauna samkv. ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1966. Að öðru leyti setur sjóðsstjórnin sér reglur um valið.

5. gr.

Stjórn Listasjóðs skal fyrir 1. júlí ár hvert senda menntamálaráðuneytinu skrá um þá listamenn, sem hún hefur valið nýja í flokk heiðurslauna eða fastra listamannalauna. Skal ráðuneytið sjá um, að nöfn þeirra verði tekin upp í fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár.

6. gr.

Veitingu listamannalauna á fjárlögum skal fylgja sami réttur og veitingu embættis, eftir því sem við getur átt, en án aldurshámarks.

7. gr.

Verði almenn hækkun gerð á launum opinberra starfsmanna, skal hækka listamannalaun á fjárlögum í sama hlutfalli.

II. KAFLI
Um Listasjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Listasjóður Íslands. Verkefni sjóðsins eru:

a) Að veita viðtöku fé, sem Alþingi ákveður á fjárlögum eða með öðrum lögum að renna skuli í sjóðinn, svo og gjafafé og öðru því fé, sem honum kann að berast.
b) Að veita viðtöku sérsjóðum, sem einstaklingar, félög eða fyrirtæki stofna til stuðnings listum og faldir verða Listasjóði til ávöxtunar og ráðstöfunar samkvæmt skipulagsskrá.
c) Að úthluta fé úr sjóðnum til listamanna og eflingar listalífs í landinu samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

9. gr.

Á fjárlögum skal árlega veitt fé til Listasjóðs Íslands, eigi minni upphæð en 5 milljónir króna.

10. gr.

Úr Listasjóði Íslands skal úthluta árlega starfsstyrkjum til listamanna. Skulu 5—10 listamenn njóta starfsstyrkja að upphæð 120 þús. kr. ár hvert og 15—20 listamenn starfsstyrkja að upphæð 80 þús. kr. Listamanni skal jafnan veittur starfsstyrkur tvö ár í röð, eða þrjú ár í röð hið lengsta.

11. gr.

Úr Listasjóði Íslands skal veita árlega viðurkenningu allt að 30 listamönnum, 40 þús. kr. hverjum, enda njóti þeir hvorki listamannalauna á fjárlögum né starfsstyrkja skv. 10. gr. Stjórn Listasjóðs ákvarðar, hversu oft sami listamaður hlýtur slíka viðurkenningu.

12. gr.

Eftirstöðvum árlegra tekna Listasjóðs er stjórn hans heimilt að verja til stuðnings listum og listamönnum svo sem hér segir:

a) Með því að reisa, kaupa eða taka á leigu hús á hentugum stöðum, þar sem listamönnum yrði boðið að dveljast um skeið við listsköpun.
b) Með því að skipuleggja og kosta eða styðja með fjárframlögum kynningu og túlkun góðrar listar sem víðast um land.
c) Með stuðningi við íslenzkar myndlistarsýningar erlendis.
d) Með stuðningi við listahátíð, sem haldin yrði á nokkurra ára fresti.
e) Með því að greiða höfundarlaun og útgáfustyrk vegna allt að fjögurra bóka á ári, sem valdar yrðu úr íslenzkum samtíðarbókmenntum og gefnar út í ódýrum almenningsútgáfum með sérstöku tilliti til æskufólks.
f) Með öðrum stuðningi við íslenzka listsköpun og listtúlkun samkv. reglum, er stjórn Listasjóðs setur þar um og menntamálaráðherra staðfestir.

13. gr.

Heimilt er stjórn Listasjóðs að leggja til hliðar allt að 20% af árlegum tekjum sjóðsins. Nú vill sjóðsstjórn nota hluta af þeirri eign, sem þannig myndast, til kostnaðarsamra verkefna skv. 12. gr., og skal hún þá afla sér heimildar menntamálaráðherra til þess.

14. gr.

Stjórn Listasjóðs Íslands skal skipuð sjö mönnum. Háskólaráð Háskóla Íslands kýs tvo menn í stjórnina, Menntamálaráð tvo og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna þrjá. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðilum og aðalmenn.

Ekki skal kjósa í stjórn eða varastjórn mann, sem líklegt er að kunni að hafa hagsmuna að gæta fyrir sig við úthlutun listlauna.

Kjör til sjóðsstjórnar gildir til fjögurra ára.

Sjóðsstjórn fær þóknun úr Listasjóði fyrir störf sín. Menntamálaráðherra ákveður þóknunina.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um reikningshald Listasjóðs og ávöxtun hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Um langt skeið hafa menn gert sér ljósa nauðsyn þess, að komið verði á fastari og hentugri skipun en verið hefur um úthlutun listamannalauna. Árlega rísa harðar deilur um skiptingu þess fjár, sem veitt er á fjárlögum til listamanna. Tvímælalaust eiga þær að verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að Alþingi hefur látið undir höfuð leggjast að marka skynsamlega heildarstefnu um meðferð listamannafjár, þar sem tryggt væri eftir föngum með löggjöf, að framlag ríkissjóðs verði lyftistöng fyrir listsköpun í landinu og þeim viðurkenndum listamönnum samboðið, sem heiðurslauna er ætlað að njóta. Úthlutun listamannafjár hefur verið í höndum ýmissa aðila, Alþingis sjálfs, Menntamálaráðs, fulltrúa úr hópi listamanna og nú allmörg hin síðustu ár þingkjörinnar nefndar. Segja má, að engin þessara úthlutunaraðferða hafi þótt gefast vel, en þó munu flestir telja, að torfundið verði óhentugra fyrirkomulag en nú er, þar sem fulltrúar þingflokkanna, kjörnir árlega til að annast eina úthlutun, koma saman í fáeina daga og skipta fénu, án þess að hafa nein lagafyrirmæli eða fastar reglur við að styðjast. Er og svo komið, að allir ljúka upp einum munni um, að þessi skipan sé óhæf, stuðningi ríkisins við listamenn og listalíf í landinu þurfi að koma í betra og hagfelldara horf.

Ný og bætt skipan þessara mála er ekki einungis æskileg frá sjónarmiði listamannanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild, sem nýtur verka þeirra. Sá háttur, sem nú er á hafður um úthlutun listamannafjár, kemur listalífi í landinu að mjög takmörkuðum notum. Með breyttum starfsháttum og hagfelldri skipan má þar mikið um bæta. Aukinnar fjárveitingar til stuðnings listum og listamönnum er að vísu full þörf, eigi að koma málum þessum í viðunandi horf. Stuðningur ríkisins við listamenn hefur rýrnað mjög á síðari árum, þegar alls er gætt: síaukinnar verðbólgu, fjölgunar þjóðarinnar, fjölgunar listamanna, fjölþættara listalífs. En svo lengi sem óbreytt ástand ríkir um úthlutun listamannafjár, er hætt við, að torsótt reynist að fá úthlutunarupphæðina hækkaða verulega. Allt öðru máli gegnir, ef Alþingi sér sóma sinn í því að tryggja með löggjöf eðlilega og skynsamlega meðferð listamannafjár, svo að slíkt framlag úr almannasjóði gegni því tvíþætta hlutverki, að verða íslenzkum listum til verulegrar eflingar og samboðið þeim listamönnum, sem ætlunin er að heiðra fyrir listastörf.

Frv. þetta miðar að því að setja meginreglur um úthlutun listamannalauna, auk þess sem það kveður um aukinn stuðning ríkisins við íslenzka listsköpun í öðru og fjölþættara formi. Helztu atriði frumvarpsins eru þessi:

1) Gert er ráð fyrir nýrri skipan úthlutunarnefndar, þar sem þrír aðilar eiga fulltrúa, Háskóli Íslands, löggjafarvaldið og heildarsamtök listamanna.
2) Tiltekinn fjöldi viðurkenndra listamanna njóti fastra listamannalauna á fjárlögum.
3) Tiltekinn fjöldi listamanna hljóti allríflega starfsstyrki í tvö eða þrjú ár.
4) Stofnaður verði Listasjóður, sem styðji íslenzkt listalíf með ýmsum hætti, svo sem nánar er fyrir mælt í frv. þessu.

5) Heildarframlag ríkisins til stuðnings listum og listamönnum verði hækkað verulega.

Frv. þetta er flutt af brýnni nauðsyn, til að leitast við að koma fastri og sæmilegri skipan á þessi mál. Flutningsmanni er ljóst, að vandasamt er að skipa þeim svo, að vel sé. Mun það seint gert á þann veg, að öllum líki. Hitt telur hann vafalaust, að frv., ef að lögum yrði, gæti orðið til verulegra bóta.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér þá mikilsverðu breytingu, að fremstu listamenn þjóðarinnar, sem réttmætt þykir að heiðra, njóti allverulegra launa ævilangt, en séu ekki árlegt bitbein og háðir duttlungum úthlutunarnefndar. Flestir, sem rætt hafa um úthlutun listamannalauna, eru sammála um þetta atriði, enda hefur það verið kjarni flestra þeirra frumvarpa og tillagna, sem fram hafa komið um listlaunamál á síðari árum.

Um. 2. gr.

Greinin kveður á um það, að við ákvörðun heiðurslauna og fastra listamannalauna skuli aldur, efnahagur, búseta eða embætti ekki útiloka menn frá að njóta þeirra. Því er sízt að leyna, að uppi hafa verið raddir um, að höfð skuli hliðsjón af þessum atriðum. Sum þeirra hljóta eðlilega að hafa áhrif á úthlutun heinna starfsstyrkja, en þegar um heiðurslaun er að ræða, telur flm. allt öðru máli gegna.

Vera kann, að hugtakið „íslenzkur listamaður" þurfi nánari skilgreiningar við. Flm. lítur svo á, að ríkisfang skeri ekki ævinlega úr um það, hvort um íslenzkan listamann sé að ræða. Listakona, sem giftist útlendum manni og verður útlendur ríkisborgari, hlýtur eftir sem áður að geta talizt íslenzkur listamaður, ef hún er þátttakandi í íslenzku listlífi, ritar bækur á íslenzku eða heldur listsýningar á Íslandi, svo að dæmi séu nefnd. Hér yrði mat úthlutunarnefndar að ráða, hverja hún teldi „íslenzka listamenn" og verðuga listlauna frá íslenzka ríkinu.

Um 3. gr.

Þriðja grein tryggir 25—30 listamönnum föst laun á fjárlögum. Að athuguðu máli þótti ekki rétt að rígbinda með lögum tölu þeirra listamanna, sem laun þessi hljóta, heldur ákveða hámarkstölu í hvorum flokki fyrir sig og lágmarkstölu beggja flokkanna sameiginlega.

Um 4. gr.

Fjórða grein kveður á um það, að stjórn Listasjóðs Íslands velji þá listamenn, er hljóta skuli föst listamannalaun. Annar kafli frv. þessa fjallar um Listasjóð, og eru í 14. gr. ákvæði um stjórn hans. Rétt þótti að mæla svo fyrir í lagagrein þessari, að þeir fimm listamenn, sem nú njóta hæstu listamannalauna samkvæmt ákvörðun Alþingis, skuli allir skipa heiðurslaunaflokk.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þessi grein á að tryggja það, með þeim takmörkunum einum, sem gilda um embættismenn, að listamaður, sem hlýtur fastan listamannastyrk samkvæmt lögum þessum, njóti hans til æviloka. Þar getur sú ein breyting á orðið, að maður úr hinum lægri launaflokki verði fluttur í heiðurslaunaflokk.

Um 7. gr.

Greinin á að tryggja það, að hin föstu listamannalaun verði ekki að engu í eldi verðbólgunnar, en breytist í sömu hlutföllum og launakjör opinberra starfsmanna.

Um 8. og 9. gr.

8. grein mælir svo fyrir — og er það annað meginatriði frv. — að stofnaður skuli sjóður, er nefnist Listasjóður Íslands. Er honum skv. 9. gr. ætlað árlegt framlag úr ríkissjóði. Slíkur sjóður, undir stjórn manna, sem kosnir væru til fjögurra ára í senn, á að hafa stórum meira svigrúm en núverandi úthlutunarfyrirkomulag leyfir til að styðja íslenzka listsköpun. Þar eiga að geta komið til álita ýmsir fleiri möguleikar en árleg útdeiling fjár til ákveðins hóps listamanna, svo sem nánar er um fjallað í 12. gr. Þegar fastur sjóður væri til orðinn, sem hefði það hlutverk að styðja listamenn og listastörf með allfjölbreytilegum hætti, kynni og að koma til álita að tryggja honum aðra fasta tekjustofna en ríkissjóðsframlagið eitt. Þá mætti einnig vænta þess, eftir að sjóðurinn hefði starfað um hríð og sannað tilverurétt sinn, að honum tækju að berast gjafir, bæði til hinnar almennu starfsemi hans og tilgreindra verkefna. Enn mætti gera ráð fyrir, að í framtíðinni yrðu stofnaðir sérsjóðir til stuðnings listum eða einstökum listgreinum, og þætti þá hagkvæmt að fela Listasjóði og stjórn hans ávöxtun og meðferð slíkra sjóða.

Um 10. gr

Þessi grein gerir ráð fyrir, að fullum helmingi árlegs framlags ríkisins til Listasjóðs megi verja í því skyni að veita ákveðinni tölu listamanna starfsstyrki. Hugmynd flm. er sú, að slíkir styrkir séu veittir starfandi listamönnum og ungum og efnilegum mönnum, sem þegar hafa sýnt hæfileika og líklegir þykja til góðra hluta, ef þeim gefst kostur á að starfa að list sinni. Er ráð fyrir því gert, að menn njóti þessara starfsstyrkja a. m. k. tvö ár í röð, eða þrjú ár samfellt hið lengsta. Ættu slíkir styrkir að geta komið mönnum að verulegu gagni og gegnt á sínu sviði áþekku hlutverki og styrkir Vísindasjóðs.

Um 11. gr.

Viðurkenning sú, sem ráðgert er að stjórn Listasjóðs veiti árlega allt að 30 listamönnum, er ekki fyrirhuguð sem föst listamannalaun. Að vísu á sami maður að geta notið slíkrar viðurkenningar tvö ár í röð eða lengur, en það er hins vegar háð úthlutun hverju sinni. Flm. gerir ráð fyrir, að þessa viðurkenningu hljóti túlkandi listamenn, menn, sem vinna að listsköpun í algerum hjáverkum, en eru viðurkenningar verðir, svo og aðrir, sem ástæða þykir til að örva til listastarfa, en njóta að svo komnu máli hvorki fastra listamannalauna né starfsstyrkja samkv. 10. gr.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru tilgreind sérstaklega fimm atriði, sem Listasjóði er ætlað að styrkja umfram það, sem um ræðir í 10. og 11. gr. Greinin gerir hins vegar ráð fyrir því, að stjórn Listasjóðs geti ákveðið, eftir því sem sjóðnum vex fiskur um hrygg, að færa út kvíarnar og taka upp nýja starfsþætti til eflingar listalífi í landinu.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Samtala þeirra fjárhæða, sem ábyrgð útgerðarmanns og annarra aðila samkvæmt 1. málsgr. takmarkast við, skal um kröfur, sem stafa af sama atburði, ekki fara fram úr fjárhæðum þeim, sem ákveðnar eru í 206. gr.

11. gr.

213. gr. orðist svo:

Beita skal ákvæðum kafla þessa, þegar krafizt er takmörkunar á ábyrgð fyrir íslenzkum dómstóli.

12. gr.

214. og 215. gr. falla úr gildi.

Fyrir „213. gr.“ í 2. málsgr. 222. gr., 2. málsgr. 223. gr. og 229. gr. komi: 211. gr.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Kröfur, sem stofnazt hafa fyrir gildistöku laganna, skal dæma eftir eldri lögum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af því tilefni, að ríkisstjórnin telur nauðsynlegt vegna íslenzkra hagsmuna, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957. Er jafnframt þessu

frumvarpi borið fram annað frumvarp um heimild til handa ríkisstjórninni til að staðfesta greinda alþjóðasamþykkt fyrir Íslands hönd. En breyting á núgildandi ákvæðum siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanna er skilyrði fyrir því, að Ísland geti gerzt aðili að henni.

Siglingalögin nr. 56 30. nóvember 1914, sem giltu til ársins 1963, voru þýðing á dönskum siglingalögum frá 1892. Um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna voru lögin í samræmi við siglingalög Norðurlandaríkjanna Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er sett höfðu verið á árunum 1891—1893. Aðalreglan var sú, að á tilteknum kröfum, sem stofnuðust vegna útgerðar skipa, báru útgerðarmenn aðeins ábyrgð með skipi og farmgjaldi, en ekki öðrum eignum.

Hinn 25. ágúst 1924 var í Brüssel sett alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna. Var þar ákveðið, að hinar takmörkuðu sjókröfur skyldu útgerðarmenn ábyrgjast með verði skips, að viðbættum 10%, sem kæmi í stað farmgjalds. Ábyrgð skyldi þó ekki fara fram úr 8 sterlingspundum fyrir hverja rúmlest skips, þegar eingöngu væri um eignatjón að ræða, og ekki fram úr 16 sterlingspundum fyrir rúmlest, þegar jafnframt eða eingöngu kæmu til bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Norðurlandaþjóðirnar Danmörk, Noregur og Svíþjóð gerðust aðilar að Brüsselsamþykktinni frá 1924. Breyttu þær á árunum 1928 og 1929 siglingalögum sínum til samræmingar við ábyrgðarreglur hennar. Ísland gerðist hins vegar aldrei aðili að þessari samþykkt, en með núgildandi siglingalögum nr. 66 frá 1963 voru ákvæði um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna samræmd reglum samþykktarinnar og þágildandi Norðurlandalögum. Þó var ekki tekin upp í siglingalögin reglan um, að ábyrgðin takmarkaðist við 8 eða 16 sterlingspund fyrir rúmlest. Samkvæmt 206. gr. siglingalaganna er aðalreglan sú, að útgerðarmaður ber ábyrgð á hinum takmörkuðu sjókröfum með verði skipsins að viðbættum 10%, þegar bæta skal eignatjón, en með tvöfaldri þeirri fjárhæð, þegar jafnframt eða eingöngu skal bæta lífs- eða líkamstjón.

Ný alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna var gerð í Brüssel 10. október 1957. Þar er í tveimur mikilsverðum atriðum vikið frá reglum alþjóðasamþykktarinnar frá 1924:

1. Kröfum þeim, sem útgerðarmenn bera takmarkaða ábyrgð á, er fækkað að miklum mun, sbr. umsögn um 3. grein hér á eftir.

2. Felld er algerlega niður reglan um, að útgerðarmenn ábyrgist sjókröfurnar takmarkað við verð skips, að viðbættum 10%. Í stað þess er haldið reglunni um ábyrgð með tiltekinni fjárhæð fyrir hverja rúmlest skips, en þó þannig breyttri, að í stað 8 og 16 sterlingspunda komi 1000 frankar fyrir rúmlest, þegar eingöngu er um eignatjón að ræða, en til viðbótar 2100 frankar fyrir rúmlest (alls 3100 frankar), þegar jafnframt eða eingöngu er um að tefla bætur fyrir lífs- eða líkamstjón.

Franki sá, sem notaður er samkvæmt samþykktinni við ákvörðun ábyrgðar, er tiltekin gullmynt (Poincaré-franc), sem tilheyrir ekki myntkerfi neinnar þjóðar og má því ekki blanda saman við franskan franka. Hér er um mynteiningu að ræða, sem innihalda skal 65.5 milligrömm af gulli með 900/1000 skírleika. Eru 1000 slíkir frankar taldir jafngilda um 24 sterlingspundum. Eftir núverandi gengi íslenzkrar krónu gagnvart sterlingspundi samsvarar því einn franki sem næst kr. 2.90. Ef um ábyrgð samkvæmt samþykktinni er tekið sem dæmi 1000 rúmlesta skip, verður hámark hinnar takmörkuðu ábyrgðar útgerðarmanns um 24 000 sterlingspund (um 2 900 000 krónur), þegar bæta skal eignatjón eingöngu, en um 74 400 sterlingspund (tæpar 9 000 000 krónur), þegar jafnframt eða eingöngu er um að ræða bætur fyrir lífs- eða líkamstjón. Auðsætt er, að hámark ábyrgðar verður hér lægra en samkvæmt núgildandi lögum, þar sem miðað er við tvöfalt verð skips að viðbættum 10%. Hér er þó aðgætandi, að eftir samþykktinni koma færri kröfur til að keppa um greiðslu af hinni takmörkuðu ábyrgðarfjárhæð en eftir gildandi lögum, eins og sjá má af umsögn um 3. gr. frv.

Við gerð Brüsselsamþykktarinnar 1957 þótti nauðsyn bera til, að ákveðið yrði tiltekið lágmark ábyrgðarfjárhæðar, þegar um smáskip væri að tefla. Varð þá annars vegar að taka tillit til, að útgerðarmönnum slíkra skipa yrði ekki íþyngt um of um vátryggingarkostnað, og hins vegar, að líta til þess, að þeir, sem fyrir tjóni yrðu af völdum skipanna, ættu aðgang að hæfilegum bótum. Niðurstaðan varð sú, að sett var í samþykktina ákvæði um, að skip undir 300 rúmlestum skuli við ákvörðun ábyrgðar sæta sömu kjörum og 300 rúmlesta skip. Með viðbótarákvæði í fundargerð var aftur á móti ákveðið, að þátttökuríkin geti undanþegið sig þessu ákvæði, og er þeim þá frjálst að haga þessu í löggjöf sinni með öðrum hætti. Hafa mörg þátttökuríki, þar á meðal fyrrgreind Norðurlandaríki, notað sér undanþáguheimildina. Þegar Norðurlandaríkin breyttu siglingalögum sínum árið 1964 til samræmis við Brüsselsamþykktina, var lágmark ábyrgðarfjárhæðar vegna eignatjóns eingöngu ákveðið 150 000 frankar (sem svarar til 435 000 ísl. kr.), og er þá miðað við, að skip undir 150 rúmlestum sæti sömu reglum og væru þau 150 rúmlestir. En þegar bæta skal lífs- eða líkamstjón, fylgja norrænu lögin Brüsselsamþykktinni, að því er tekur til aukningar ábyrgðarfjárins, og er þá miðað við 300 rúmlestir, enda þótt um minni skip sé að ræða. Nemur aukningin þá minnst 630 000 frönkum, en samanlagt nema ábyrgðarfjárhæðirnar 780 000 frönkum (um 2 260 000 ísl. kr.). Í frumvarpinu er í þessu efni fylgt þeirri leið, sem umrædd Norðurlandaríki hafa farið, sbr. lágmarksfjárhæðir þær, sem gert er ráð fyrir í 1. og 2. málsgr. 4. gr. um breytingu á 206. gr. siglingalaganna.

Í Brüsselsamþykktinni 1957 er aðildarríkjum áskilinn réttur til að láta ríki, sem standa utan samtakanna, sæta verri kjörum um ábyrgð á sjókröfum en leiða mundi af ákvæðum samþykktarinnar. Þegar athugað er, að skaðabótakröfur vegna tjóns af völdum íslenzkra skipa, sem um kann að vera dæmt erlendis, geta numið stórfelldum fjárhæðum, þá væri mjög viðurhlutamikið fyrir Ísland að standa utan umræddra alþjóðlegra samtaka. Ekki verður annað séð en að ábyrgðarreglur samþykktarinnar séu efnislega sanngjarnar og hagkvæmar. Innganga í samtökin mundi skipa Íslandi í flokk með þeim löndum, sem héðan eru mestar samgöngur við á sjó, þar á meðal Norðurlandaríkjunum og Englandi. Einnig er á það að líta, að á yfirstandandi öld hefur verið stefnt að samræmingu norrænnar löggjafar, þar sem því verður við komið, og væri þá spor aftur á bak, ef Ísland viki í siglingalöggjöf sinni í mikilsverðum atriðum frá reglum, sem gilda annars staðar á Norðurlöndum.

Um einstakar greinar frv. skal eftirfarandi tekið fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. (4) (a) í Brüsselsamþykktinni 1957 taka ákvæði hennar um takmarkaða ábyrgð ekki til sjótjónsframlaga úr hendi útgerðarmanns, sbr. og umsögn um 3. gr. frv. Verður því til þess að ná samræmi við samþykktina að fella niður 1. málsgr. 192. gr. siglingalaganna. Hins vegar helzt takmörkuð ábyrgð farmeigenda á sjótjónsframlögum þeirra.

Um 2. gr.

Þar sem ákvæði Brüsselsamþykktarinnar um takmarkaða ábyrgð ná ekki til björgunarlauna vegna björgunar á skipi, sbr. áður tilvitnaða 1. gr. (4) (a), verður að breyta 6. málsgr. 199. gr. siglingalaganna til samræmis við það. Um ábyrgð eigenda farms á björgunarlaunum er haldið reglu gildandi laga um, að ábyrgðin er takmörkuð við muni þá, sem björgun tekur til.

Um 3. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru greindir þeir kröfuflokkar, sem takmarkaðri ábyrgð skulu sæta samkvæmt frv. Eru ákvæðin um þá samræmd reglum 1. gr. (1) í Brüssel-

samþykktinni. Eins og fyrr var getið, er kröfum með takmarkaðri ábyrgð fækkað að miklum mun frá því, sem nú gildir.

Nú á dögum er það orðin almenn skoðun réttarfræðinga, að ekki beri að takmarka ábyrgð manna, hvorki útgerðarmanna né annarra, á kröfum, sem unnt er með sanngirni að ætlast til, að þeir vátryggi sig fyrir. Þá fyrst er ástæða til að takmarka ábyrgðina, þegar kröfufjárhæðir, t. d. vegna stórslysa, fara fram úr venjulegum vátryggingarfjárhæðum. Sumar kröfur hafa og verið gerðar háðar takmarkaðri ábyrgð af þeim sökum, að útgerðarmaður átti þess yfirleitt ekki kost að fylgjast með stofnun þeirra, svo sem þegar skipstjóri gerði samninga fyrir hönd útgerðarmanns samkvæmt stöðuumboði sínu utan heimilis skipsins, en á þessu hafa orðið breytingar vegna hinna víðtæku fjarskiptasambanda nú á dögum. Með þetta í huga voru í Brüsselsamþykktinni 1957 felldir burtu kröfuflokkar þeir, sem í samræmi við Brüsselsamþykktina 1924 voru teknir upp í 3., 4., 6., 7. og 8. tölulið 205. gr. sigll. 1963. Þó má ekki líta svo á, að allar kröfur, sem í töluliðum þessum greinir, skuli nú sæta ótakmarkaðri ábyrgð, því að tilteknar kröfur samkvæmt þeim munu nú falla undir ákvæði um takmarkaða ábyrgð í 1. gr. Brüsselsamþykktarinnar og 3. gr. frv., sbr. 1. og 3. tölulið þeirrar greinar samanborið við 3. tölulið 205. gr. sigll. Ljóst er hins vegar, að kröfur samkvæmt 4. tölulið 205. gr. siglingalaganna, sem rísa af því, að tilgreiningar í farmskírteini eru rangar eða ófullnægjandi, kröfur samkvæmt 6. tölulið um björgunarlaun og kröfur samkvæmt 7. tölulið um framlög til sameiginlegs sjótjóns skulu sæta ótakmarkaðri ábyrgð, svo og kröfur eftir 8. tölulið, sem stafa af skuldbindingum skipstjóra samkvæmt stöðuumboði hans utan heimilis skipsins.

Í ákvæðum 3. gr. um takmarkaða ábyrgð er ekki tekin afstaða til þess, hvaða atvik valdi stofnun kröfu. Um það fer eftir ákvæðum siglingalaganna og öðrum gildandi réttarreglum. En þegar stofnazt hefur krafa á hendur útgerðarmanni vegna atvika, sem hann ber ábyrgð á, og krafan stafar af tjóni, sem um ræðir í 1.—5. tölulið, þá skal ábyrgðin vera takmörkuð.

Í 1. tölulið 3. gr. ræðir í fyrsta lagi um bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns manna, sem á þeim tíma, er slys ber að höndum, eru staddir á skipi til að fylgjast með því. Tekur þetta bæði til farþega, sbr. 1. gr. (1) (a) Brüsselsamþykktarinnar, og áhafnar skips, sbr. 1. gr. (4) (b) samþykktarinnar og umsögn um 2. málsgr. 3. gr. frv. En reglan nær og til annarra manna, sem hvorki teljast til farþega né skipshafnar, en eiga að fylgjast með skipi, t. d. hafnsögumanns. Í öðru lagi ber útgerðarmaður takmarkaða ábyrgð á tjóni á munum, sem í skipi eru. Hér er átt við hvers konar eignir í skipi, þar á meðal farm, farangur farþega og eignir skipverja.

Í 2. tölulið er fjallað um bótakröfur vegna tjóns á mönnum eða munum af völdum manna, sem á skipi eru. Hér er haft í huga tjón á mönnum eða munum, sem eru utan skipsins, þegar slys verður. Þar undir fellur því tjón, sem skip veldur á öðru skipi með ásiglingu, tjón á mönnum eða munum í landi o. s. frv.

Í 3. tölulið eru teknar kröfur, sem stafa af siglingu skips eða standa í beinu sambandi við venjulegan rekstur þess, svo og kröfur, sem eiga rót sína að rekja til flutnings á farmi eða farþegum, eins og nánar segir í töluliðnum. Oft mundi tjón, sem hér greinir, falla undir 1. eða 2. tölulið. Ákvæði 3. töluliðs mun einkum fá sjálfstæða þýðingu, þegar tjón, sem útgerðarmaður ber ábyrgð á, verður af völdum aðila, sem ekki er á skipinu.

Bótakröfur samkvæmt 4. tölulið eru hér greindar til samræmis við 1. gr. (1) (c) samþykktarinnar, en munu væntanlega einnig falla undir ákvæði 2. eða 3. töluliðs.

Kröfur samkvæmt 5. tölulið svara til krafna, sem um getur í 5. tölulið 205. gr. siglingalaganna 1963, að því viðbættu, að teknar eru með kröfur, sem stofnast vegna skyldu til að gera óskaðlegt skip, sem yfirgefið hefur verið.

Um 2. málsgr. Í löggjöf sumra ríkja, þar á meðal annarra Norðurlandaríkja en Íslands, hefur verið upp tekin sú regla, að útgerðarmenn skuli bera ótakmarkaða

ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns manna, sem á skip eru ráðnir. Hér á landi hafa slíkar kröfur alltaf sætt takmarkaðri ábyrgð, og þykir viðurhlutamikið að breyta þeirri reglu, þegar litið er til þess, hversu ófyrirsjáanlega háum fjárhæðum slíkar kröfur geta náð, t. d. þegar skip ferst með allri áhöfn og atvik liggja svo til, að útgerðarmaðurinn verður bótaskyldur. Ákvæði 2. málsgr. er hins vegar sett til að fullnægja reglum í 1. gr. (4) (b) Brüsselsamþykktarinnar 1957, en samkvæmt þeim ber aðildarríkjum að beita ábyrgðarreglum erlends aðildarríkis um bótakröfur vegna lífs- eða líkamstjóns manns, sem á skip er ráðinn, ef starfsamningur hans á undir löggjöf hins sama erlenda ríkis, enda verði ábyrgðin þá annaðhvort ótakmörkuð eða taki til hærri fjárhæða en um ræðir í 3. gr. samþykktarinnar, sbr. 1. og 2. málsgr. 4. gr. frv.

Um 3. málsgr. Í 2. málsgr. 205. gr. siglingalaganna er sú regla, að ákvæði um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns nái ekki til krafna, sem stafa af yfirsjónum eða vanrækslu hans sjálfs, nema hann sé jafnframt skipstjóri og krafa eigi rót sína að rekja til yfirsjónar eða vanrækslu hans við stjórntök skips. Hér er reglan um takmarkaða ábyrgð rýmkuð þannig, að hún er látin taka til allra krafna, sem falla á hendur útgerðarmanni vegna yfirsjóna hans eða vanrækslu í starfi á skipi, þegar hann gegnir þar skipstjóra- eða skipverjastarfi.

Um 4. málsgr. Ákvæði þessarar málsgr. er nýmæli, sem upp er tekið til samræmis við sams konar ákvæði í siglingalöggjöf annarra Norðurlandaþjóða.

Um 4. gr.

Í almennri umsögn um frumvarpið hér að framan hefur verið rætt um ákvæði þessarar greinar, og vísast til þess. Eins og þar greinir, er hámark ábyrgðar útgerðarmanna ákveðið í sérstakri gullmynt, sem nefnd er franki. Gerð var athugun á því, hvort ekki væri unnt að miða við ísl. krónu í stað franka og reikna þá krónu eftir gullgildi, þannig að ábyrgðarfjárhæðir eftir íslenzkum lögum yrðu hinar sömu og eftir samþykktinni. En það var sameiginlegt álit hinna norrænu siglingalaganefnda, sem fjölluðu um samræmingu norrænu laganna við Brüsselsamþykktina 1957, að aðildarríkjum að samþykktinni væri óheimilt að ákveða í lögum sínum hámark ábyrgðar með öðrum hætti en gert er í samþykktinni sjálfri, þ. e. miðað við franka með gullinnihaldi, eins og þar segir. Eru ábyrgðarfjárhæðir því ákveðnar í frönkum í 4. gr., svo sem og er gert í siglingalögum annarra Norðurlandaríkja.

Um 5. gr.

Í 1. málsgr. kemur fram, að hámark ábyrgðar eftir 4. gr. tekur hverju sinni til krafna, sem stafa af sama atburði (distinct occasion samkvæmt 2. gr. (1) Brüsselsamþykktarinnar). Ef fleiri en einn slíkan atburð, sem hefur bótaskyldu í för með sér, ber að höndum, verður útgerðarmaður ábyrgur með hámarks fjárhæð samkvæmt 4. gr., að því er tekur til krafna vegna hvers einstaks atburðar.

Ákvæði 2. málsgr. svara til fyrirmæla í 2. málsgr. 209. gr. siglingalaganna. Kröfur vegna eignatjóns skulu aldrei njóta greiðslu af aukningu ábyrgðarfjárhæðar samkvæmt 2. málsgr. 4. gr. Aftur á móti geta kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns hlotið greiðslu af ábyrgðarfjárhæð samkvæmt 1. málsgr., ef fjárhæð 2. málsgr. hrekkur ekki til fullrar greiðslu þeirra. Skal þá greiða eftirstöðvarnar að réttri tiltölu við eignatjónskröfur. Og þó að ekki sé um neinar eignatjónskröfur að ræða, skulu eftirstöðvar umræddra krafna vegna lífs- eða líkamstjóns greiðast af ábyrgðarfjárhæð samkvæmt 1. málsgr. 4. gr., ef á þarf að halda.

Um 6. gr.

Grein þessi fjallar um tryggingar, sem settar eru **hér á landi** til að afstýra kyrrsetningu, fá kyrrsetningu felldа niður eða eldri tryggingar leystar. Reglur þess-

ar gilda aðeins um kyrrsetningar eða tryggingar fyrir kröfum með takmarkaðri ábyrgð, en eru óviðkomandi því, þegar gengið er að skipi eða öðrum eignum útgerðarmanns til fullnægingar kröfum með ótakmarkaðri ábyrgð, enda þótt tryggðar séu með sjóveði. Þá fer um setningu tryggingar til að afstýra kyrrsetningu eftir ákvæðum 13. gr. laga nr. 18 frá 1949.

Með orðunum „allri ábyrgðarfjárhæð“ í 6. gr. er átt við samanlagðar fjárhæðir eftir 1. og 2. málsgr. 4. gr. Þó mun nægilegt, að trygging sé sett aðeins fyrir hámarki fjárhæðar eftir 1. málsgr., ef ljóst er, að tjón hefur einungis orðið á eignum og að ekki muni koma fram kröfur vegna lífs- eða líkamstjóns.

Um 7. gr.

Hér ræðir um tryggingu, sem sett hefur verið **erlendis** fyrir ábyrgðarfjárhæðum samkvæmt 1. og 2. málsgr. 4. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er dómara heimilt, en ekki skylt, að verða við kröfu útgerðarmanns um, að kyrrsetning skuli ekki framkvæmd, kyrrsetning felld niður eða eldri trygging leyst, þegar full trygging hefur verið sett í ríki, sem annaðhvort er ekki aðili að Brüsselsamþykktinni 1957 eða trygging hefur verið sett í aðildarríki, án þess að hún fullnægi skilyrðum 2. málsgr. um tryggingarstað.

Eftir 2. málsgr. er dómara skylt að verða við kröfum útgerðarmanns, slíkum sem að framan greinir, þegar full trygging, sem kröfuhafi á aðgang að, hefur verið sett á hafnarstöðum þeim, sem greindir eru í stafliðunum a, b og c. Liggur hér sem ella undir dómara að meta, hvort trygging teljist fullnægjandi.

Um 8. og 9. gr.

Greinar þessar svara með óverulegum breytingum til 211. og 213. gr. siglingalaganna 1963.

Um 10. gr.

Í 1. málslið 1. málsgr. er svo mælt, að reglum um takmarkaða ábyrgð skuli einnig beita, þegar kröfur, sem í 205. gr. getur (3. gr. frv.), falla á eiganda skips (sem ekki er jafnframt útgerðarmaður þess), afnotahafa, farmsamningshafa eða umráðamann. Hér eru taldir fleiri aðilar en í núgildandi 205. gr. siglingalaganna, og er tilætlunin með ákvæðinu að setja um það öruggar reglur, að hver sá, sem í stað útgerðarmanns hefur forstöðu um rekstur skips, skuli hafa sömu heimild sem hann til að takmarka ábyrgð sína.

Þá er í 2. málslið 1. málsgr. það nýmæli, að ábyrgð, sem falla kann á hafnsögumann, skipstjóra, skipverja eða aðra, sem til starfs eru ráðnir hjá útgerðarmanni eða öðrum, sem hafa forstöðu um rekstur skips, skuli vera takmörkuð, enda hafi krafa stofnazt í sambandi við framkvæmd á umræddu starfi þeirra. Mundi þetta m. a. koma til greina, þegar útgerðarmaður hefur þegar greitt kröfu, en gerir framkröfu á hendur þeim, sem tjóni hefur valdið.

Um 11. gr.

Í sambandi við fyrirmæli þessarar greinar er rétt að benda á, að skírskotunin til ákvæða „kafla þessa“ nær m. a. til hinnar alþjóðlegu einkaréttarreglu í 2. málsgr. 3. gr., og ber því, þó að mál sé rekið fyrir íslenzkum dómstóli, að beita henni, þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi.

Um 12. og 13. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 58. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. nóv. 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.
Lúðvík Jósefsson. Jónas G. Rafnar. Matthías Á. Mathiesen.
Einar Ágústsson.

Ed. 59. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 7. nóv. 1966.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Helgi Bergs. Sveinn Guðmundsson.
Björn Jónsson, með fyrirvara.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um loftpúðaskip.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvort loftpúðaskip muni ekki henta við íslenzkar aðstæður til samgöngubóta.

Greinargerð.

Brezkt fyrirtæki, British Hovercraft Corporation Ltd., hefur á undanförnum árum gert allvíðtækar tilraunir með smíði á svokölluðum loftpúðaskipum af ýmsum stærðum. Er tilraunum þessum það vel á veg komið, að slík skip hafa nú víða verið tekin í notkun, þ. á m. í Noregi, Danmörku, Skotlandi og víðar, og einnig eru skip þessi í förum yfir Ermarsund, og virðast þau þar hafa gefið allgóða raun.

Eru þau aðallega notuð til mannflutninga og einnig til flutninga á fólksbifreiðum og öðrum smærri farartækjum.

Vestmanneyingar hafa að undanförnu nokkuð fylgzt með þróun þessara mála sem hugsanlegri samgöngubót fyrir sig, og hefur þá verið gert ráð fyrir, að slíkt skip gengi yfir sundið milli lands og Eyja, bæði með farþega og einnig með fólksbifreiðar. Kostur við þessi skip umfram önnur er m. a. sá, að þau þurfa engin hafnarmannvirki til að athafna sig við, hvorki við brottför né lendingu, ef um sæmilega slétta strönd er að ræða, þar sem þau af eigin vélaafli lyfta sér upp á ströndina og á flot aftur. Einnig má sigla þeim um árósa og upp eftir ám, þótt straumharðar séu, ef aðrar tálmanir eru ekki fyrir hendi. Skip, sem talið er að hentaði bezt til flutninga t. d. milli lands og Vestmannaeyja, er af svokallaðri SRN 6-gerð. Getur það flutt 38 farþega í ferð hvora leið eða tvær fólksbifreiðar af venjulegri stærð ásamt farþegum þeirra. Áætlað verð mun vera um £ 110 þúsund frá verksmiðju.

Þar sem líklegt má telja, að skip af þeirri gerð, sem hér um ræðir, geti hentað víða um land til samgöngubóta, verður að telja eðlilegast, að ríkisvaldið hafi forgöngu um alla athugun á málinu, og er tillaga þessi af þeirri ástæðu flutt hér á Alþingi.

Sþ. 61. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um skólaskip og þjálfun sjómannsefna.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að vinna að því í samráði við sérfróða menn, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna, m. a. með rekstri hentugs skólaskips, eins eða fleiri, eftir því sem tiltækt þætti.

Greinargerð.

Ekki þarf um það að deila, að sjómennska er ein hin mikilvægasta undirstöðugrein íslenzks atvinnulífs og þar með þjóðfélagsins í heild. Fiskimenn og farmenn mynda í sameiningu svo gildan þátt í sjálfri líftaug hins íslenzka lýðveldis, að án þeirra hlyti hún að bresta. Það er því lífsnauðsyn, að ávallt sé nægilegt framboð ungra og vaskra manna, sem vilja gefa sig við sjómennsku. Fari svo, að ekki verði hægt að manna skip og báta með íslenzku úrvalsliði, þá mun fleiru hætt í þjóðfélaginu en fiskveiðum og siglingum sem slíkum. Það mundi óhjákvæmilega leiða til almenns vandræðaástands og þeirrar þjóðarógæfu, sem seint yrði úr bætt. Hér gildir hið forna rómverska orðtak: Navigare necesse est — sigling er nauðsyn.

Það er skylda ráðamanna þjóðarinnar að vaka yfir velferð atvinnulífsins og vernda undirstöður þess í nútíð og framtíð. Meðal þess, sem sízt má gleyma, er að rækja vel menntun og verkþjálfun framleiðslustéttanna, þannig að þær standi öðrum innlendum starfsstéttum á sporði um menning og starfskunnáttu og haldi fyllilega til jafns við erlenda starfsbræður, sem þær eiga beint og óbeint í samkeppni við.

Fram undir þetta hefur e. t. v. ekki verið veruleg hætta á því, að ekki fengist vinnuafl til þess að halda uppi frumþáttum atvinnulífsins. Þó er það ekki einhlítt. Oft hefur skapazt vandræðaástand í sambandi við mönnun báta og skipa, svo að dæmi sé nefnt, — m. a. vegna þess, að ungir menn hafa af ýmsum ástæðum fremur leitað í önnur störf. Ein ástæðan er sú, að drýgsta uppspretta sjómanna-

stéttarinnar, sjávarþorpin og sveitirnar, er að þrotum komin miðað við óhjákvæmilega endurnýjunarþörf stéttarinnar. Ungu mennirnir, sem vaxa upp í borg og ýmsum stærri bæjum, eru margir ókunnugir sjómennsku, svo að hún verður æ fjarlægari í hugarheimi þeirra og veruleika. Ástæðulaust er að ásaka þessa ungu menn, því að viðhorf þeirra mótast eðlilega af því umhverfi, sem fóstrar þá. Á því er höfuðmunur fyrir verðandi sjómann, hvort hann elst upp frá blautu barnsbeini í náinni snertingu við sjó og sjómennsku eða hvort hann kynnist slíkum störfum og lífsháttum af afspurn og án nokkurra beinna tengsla. Unglingur úr sjávarþorpi, sem fæddur er og uppalinn í flæðarmálinu að kalla og hefur daglega fyrir augunum skip og sjó, sjómenn og sjóvinnu, kemst í þau veruleikatengsl við sæfarir og flest, sem að sjómennsku lýtur, að honum er það fullkomlega eðlilegt að gerast sjómaður, þegar hann hefur aldur og þroska til. Enda er þarna að finna hinn náttúrlega skóla íslenzkra sjómannsefna og þá lind, sem þrotlaust hefur verið ausið af. En hvað mun verða, ef þjóðlífsbreyting og búsetuþróun kollvarpar þessum náttúrlegu skilyrðum? Sú hætta kann að vera fyrir hendi að meira eða minna leyti. Svarið við þeirri spurningu er að dómi flm. það eitt, að tekin verði upp skipuleg þjálfun sjómannsefna með einum eða öðrum hætti. Í því sambandi hlýtur það að teljast undirstöðuatriði, að rekið sé hentugt skólaskip, búið þeim vélum og tækjum og öðrum skipsbúnaði, sem almennt tíðkast. Engin vandkvæði ættu að vera á öflun nothæfs skips. Kæmi án efa til greina að kaupa eða leigja togara eða stóran fiskibát í þessu skyni. Til athugunar hlýtur það einnig að verða að tengja kennslu í sjóvinnu við störf gagnfræðaskóla, enda hefur það nokkuð verið reynt í Reykjavík og gefizt eftir vonum, þrátt fyrir ófullkomnar aðstæður. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með starfrækslu sjóvinnunámskeiða og útgerð skólaskips á vegum Æskulýðsráðs Reykjavíkur, og þeir, sem að því hafa staðið, telja mikils af slíkri starfsemi að vænta. Á Akureyri var um skeið haldið uppi svipaðri starfsemi og gafst vel. Allar þessar tilraunir eru lofsverðar og eiga skilið meiri stuðning af hálfu hins opinbera en raun ber vitni.

Þessi tillaga til þingsályktunar er borin fram í þeirri trú, að Alþingi vilji taka mál þetta til umræðu og ákvörðunar og feli ríkisstjórninni að annast framkvæmd þess á þann hátt, að viðhlítandi sé. Íslenzk sjómannastétt hefur löngum verið talin dugmikil og vel verki farin. Má öðru fremur þakka það þeirri staðreynd, að nýliðar í sjómennsku hafa allajafna alizt upp við hagstæð skilyrði, sem bæði hafa beint áhuga þeirra að sjómennsku og gert þá færari en ella til þess að tileinka sér sjómannsstörfin, sem vissulega eru margþætt og vandasöm og krefjast áræðis, lagvirkni og snerpu. Þessara eiginleika mun verða þörf framvegis sem hingað til, og það skiptir miklu máli, hversu til tekst um undirbúningsþjálfun og framboð sjómannsefna.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar, með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Flm.: Davíð Ólafsson, Pétur Sigurðsson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfræðinga til að gera athugun og tillögur um radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar við Ísland, með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Greinargerð.

Tækniþróun á sviði siglinga og fiskveiða hefur verið með ólíkindum undanfarinn aldarfjórðung og í vaxandi mæli síðasta áratuginn. Ýmsar þær nýjungar,

sem nú þykja sjálfsagðar á þessum sviðum, voru ýmist fundnar upp á styrjaldarárunum beint í sambandi við styrjaldarreksturinn eða fengu þá sína fyrstu raunverulegu reynslu.

Bezt þekkt hér á landi af slíkum tækjum mun asdik-tækið vera, enda hefur það, ef svo má segja, skipt aldahvörfum í fiskveiðum okkar.

Radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar hafa hlotið vaxandi útbreiðslu á þessu tímabili. Við norðanvert Atlantshaf og á aðliggjandi höfnum eru það tvenns konar kerfi, sem rutt hafa sér til rúms. Á vesturhluta svæðisins, þ. e. við austurströnd N.-Ameríku og einnig á Grænlandi og Íslandi, er það svokallað „Lóran"-kerfi, sem í notkun er, en á austurhluta svæðisins, þ. e. í Norðursjó og þar í kring, er það svonefnt „Decca"-kerfi, sem notað er. Þá er unnið að því nú að setja upp „Decca"-kerfi í Noregi.

Fram að þessu hafa kerfi þessi fyrst og fremst verið miðuð við almennar siglingar, en að sjálfsögðu hafa fiskiflotar haft af þeim gagn við veiðarnar. Nútíma fiskveiðar krefjast sífellt bættrar tækni á öllum sviðum, og eitt þeirra atriða, sem þar telst þýðingarmikið, er staðsetning skipsins. Með þeim tækjum, sem nú eru notuð við fiskveiðar, má segja, að þær séu orðnar í vaxandi mæli mikil nákvæmnisvinna, og hver sú tækni, sem getur hjálpað til að auðvelda hana og auka veiðimöguleikana, er því þýðingarmikil. Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að það sé nú tímabært að gera á því gagngera athugun, hvernig bezt verði tryggt, að fiskiflotinn við Ísland fái notið þess radíóstaðsetningarkerfis, sem getur gefið mesta nákvæmni í staðsetningu, og því er lagt til, að sérfræðingum verði nú falin sú athugun.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að dráttarvextir í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans verði lækkaðir úr 1% á mánuði í ¾% á mánuði, eða sem svarar í 9% á ári.

Greinargerð.

Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Árið 1960 voru vextir af víxlum hækkaðir um 4%, en vextir af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs um 2½%. Vextir af víxlum hafa verið lækkaðir úr 12% í 9%, en vextir af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs hafa ekki verið lækkaðir. Dráttarvextir af stofnlánum hafa einnig haldizt óbreyttir og eru nú 1% á mánuði. Lítil vanskil eru við stofnlánadeild Búnaðarbankans, og þar hafa dráttarvextir verið innheimtir með nokkurri vægð. Við fiskveiðasjóð hefur hins vegar verið mikill dráttur á greiðslum, og þar er ríkt eftir því gengið, að dráttarvextir séu greiddir að fullu, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum. Vafalaust er tilgangurinn með háum dráttarvöxtum að ýta á eftir lánþegum með skilsemi. Flestir eru þannig gerðir, að þeir reyna að greiða umsamdar skuldir, ef þeir geta. Bankastjórar vita oftast um, hvort getuleysi veldur vanskilum eða hirðuleysi er um að kenna. Valdi vanræksla vanskilum, er þeim í sjálfsvald sett að ganga að veðinu og þurfa ekki á háum dráttarvöxum að halda til þess að knýja lánþega til að inna greiðslur af hendi. Valdi getu-

leysi vanskilum, gera óhóflegir dráttarvextir aðstöðu lánþegans erfiðari, draga úr kjarki og valda vonleysi, sem er það lakasta bæði fyrir lánþega og lánardrottin.

Bændur og útgerðarmenn greiða árlega ríflegar fjárhæðir í stofnlánasjóði landbúnaðar og sjávarútvegs. Sanngjarnt er því, að hófs sé gætt í vöxtum af stofnlánum til þeirra. Þeir, sem eru fjárhagslega vel stæðir, greiða umsamda vexti og afborganir í flestum eða öllum tilfellum, þá skiptir það engu, hve háir dráttarvextir eru. Án efa eru útvegsmenn mishæfir til að stjórna atvinnufyrirtækjum, en aðstaða þeirra er einnig mjög misjöfn og breytileg. Með háum dráttarvöxtum er í flestum tilfellum níðzt á þeim, sem lakasta aðstöðu hafa. Alþingi og ríkisstjórn ber því að hlutast til um, að því verði breytt, því að þar er um óviturlegan og ómannlegan verknað að ræða.

Ed. 64. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo (ný gr.):

Ráðherra er heimilt að endurgreiða verðjöfnunargjald samkv. 2. gr. af því magni olíu, sem togarar nota.

Ákveða skal með reglugerð nánar um framkvæmd heimildar þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verðjöfnun á olíum og benzíni hefur verið framkvæmd síðan 1953, samkvæmt lögum nr. 34 18. febr. 1953. Þegar hún hófst, voru togarar gerðir út frá mörgum stöðum í öllum landshlutum. Nú er aðstaðan hins vegar breytt. Togaraútgerð er nú nær eingöngu starfrækt frá Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri. Afkoma togaranna er svo sem alkunnugt er mjög slæm. Þá hefur og orðið sú breyting, að neyzla þeirra olíutegunda (gasolía og fuelolía), sem togararnir nota, hefur aukizt mjög hjá öðrum aðilum (t. d. síldarverksmiðjum), sem hafa betri afkomumöguleika. Verðjöfnunargjald á fuelolíu er nú kr. 130.00 per tonn, en á gasolíu 16.5 aurar pr. ltr.

Með skírskotun til framanritaðs, þykir því rétt að gera þá breytingu á lögunum um verðjöfnun á benzíni og olíum, að ráðherra verði veitt heimild til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi því, sem togarar greiða í sjóðinn.

Sþ. 65. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

Flm.: Oddur Andrésson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

Greinargerð.

Allir eru sammála um, að gera þarf eins vel við sjúkt fólk eða slasað og unnt er, bæði frá læknisfræðilegu og þjóðfélagslegu sjónarmiði. Miklar framfarir hafa orðið á þessum sviðum hin síðari ár um heim allan. Endurhæfingarstöðvar hafa verið reistar, þar sem unnið er að því að gera sjúkt og slasað fólk, sem ekki nær fullum bata við lækningar, hæft á ný, ýmist til sjálfsbjargar eða starfs.

Yfirleitt er grundvallarreglan sú: að vinna að því með öllum tiltækum ráðum að gera viðkomandi hæfan, þrátt fyrir svo og svo mikla takmörkun á orku, til að nýta til fullnustu alla möguleika, sem fyrir hendi eru til aukinnar sjálfsbjargar og starfsgetu vanmegna einstaklinga. Það gefur auga leið, að sú starfsemi er til hagsbóta fyrir þjóðfélagið í heild, sem leitast við að gera, í fyrsta lagi: rúmlegusjúklinga rólfæra og e. t. v. að litlu eða miklu leyti vinnufæra, í öðru lagi: óvinnufæra sjúklinga, sem að vísu þurfa ekki hjúkrun á sjúkrahúsi, vinnufæra að miklu eða öllu leyti.

Endurþjálfun hefur vissulega verið stunduð hér á landi í smáum stíl af ýmsum aðilum og við misjafnar aðstæður. Það hefur þá tíðum verið undir hælinn lagt, hverjir nytu slíkrar endurhæfingarþjálfunar á hverjum tíma.

Ekkert heildarskipulag um þessi mál er fyrir hendi. Þau eru þó æði viðtæk og skipta máli fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Talið er, að 10—15% allra einstaklinga þjóðfélagsins þurfi einhvern tíma ævinnar á endurhæfingarþjálfun að halda.

Enn fremur er lögfest heildarskipulag þessara mála hagsmunaatriði lýðtrygginga, svo og allra þeirra félaga og einstaklinga, sem að þessum málum vinna.

Öll endurhæfingarstarfsemi er kostnaðarsöm, svo sem önnur hliðstæð þjónusta. Því er löggjöf um hana nauðsynleg hér, hliðstæð lögum um þessi mál í nágrannalöndum okkar, svo sem Norðurlöndunum.

Nd. 66. Frumvarp til laga [59. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Við 28. gr. í stað síðasta málsliðar 1. málsgr. komi:

Þeir unglingar, sem náð hafa 14 ára aldri, mega þó án ökuskírteinis aka dráttarvél, þegar hún er notuð við jarðyrkju- eða heyskaparstörf utan alfaravegar. Yfirbyggt skýli skal vera á slíkum dráttarvélum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sá málsliður, sem hér er lagt til að breyta, hljóðar nú svo: „Eigi þarf ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær eru notaðar við jarðyrkjustörf utan alfaravegar“. Samkvæmt umferðarlögum eru því nú engin takmörk fyrir því, hve ungir þeir unglingar eða börn mega vera, sem stýra dráttarvélum utan alfaravegar.

Þegar umferðarlögin voru til umræðu á Alþingi 1957—58, var flutt af hálfu Alþýðubandalagsins breytingartillaga um, að unglingar skyldu hafa náð 14 ára aldri til þess að mega stýra dráttarvél utan alfaravegar. Sú tillaga var kolfelld.

Dauðaslys á unglingum og börnum af völdum dráttarvéla verða æ tíðari. Þetta frv. miðar að því að takmarka rétt unglinga til þess að stýra dráttarvélum utan alfaravegar við 14 ára aldur. Jafnframt er sett það skilyrði, að skýli sé á slíkum dráttarvélum, því að það dregur úr slysahættunni.

Nánar í framsögu.

Nd. 67. Lög [3. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 10. nóv.)

Samhljóða þskj. 3.

Sþ. 68. Fyrirspurn [61. mál]

til forsætisráðherra um lóðaúthlutun Þingvallanefndar.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve mörgum lóðum undir sumarbústaði hefur Þingvallanefnd úthlutað úr landi jarðanna Kárastaða og Gjábakka í Þingvallasveit?
2. Hvaða reglum hefur Þingvallanefnd fylgt við ráðstöfun lóða þessara?
3. Með hvaða skilmálum eru lóðirnar af hendi látnar?
4. Hverjir hafa fengið umræddar lóðir?
5. Hver er tilgangur Þingvallanefndar með lóðaúthlutun þessari?
6. Hefur Þingvallanefnd í hyggju að halda áfram úthlutun lóða á Þingvallasvæðinu?

Ed. 69. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. desember 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

9. liður B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðilja þannig: 1 frá samtökum sjómanna sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðilja í verðlagsráði: frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og 1 sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðilja í verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðva á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbund-

inn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

3. gr.

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: og fiskúrgangi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 60 24. desember 1964 um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins inn í lög nr. 97 18. desember 1961 um verðlagsráð sjávarútvegsins og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við ákvörðun fiskverðs á undanförnum árum, en þó sérstaklega í sambandi við ákvörðun verðsins á s. l. vetri, hefur komið í ljós, að það er annmörkum bundið, að ákvörðun verðs á fiskúrgangi skuli falla utan ramma laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins. Sala á úrgangi er þýðingarmikill liður í tekjum fiskvinnslustöðva, og þá einkum frystihúsa, og skiptir því úrgangsverðið verulega máli fyrir ákvörðun fiskverðsins sjálfs. Á hinn bóginn eiga sjómenn og útgerðarmenn nú enga aðild að ákvörðun úrgangsverðsins og þær fiskvinnslustöðvar, sem ekki eiga sjálfar hlutdeild í fiskimjölsverksmiðjum, telja sig hafa veika aðstöðu í samningum um úrgangsverð. Það frumvarp, sem hér er lagt fram, miðar að því að bæta úr þessum annmörkum. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að Verðlagsráð fjalli um verð á fiskúrgangi með svipuðum hætti og um fiskverð. Skal ráðið þá skipað 3 fulltrúum söluaðila, þ. e. sjómanna, útgerðarmanna og fiskvinnslustöðva og 3 fulltúum kaupenda, er tilnefndir séu af síldar- og fiskimjölsverksmiðjum. Náist ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um ákvörðun úrgangsverðs, mun yfirnefnd fjalla um ágreiningsatriðin á þann hátt, sem 9. gr. laganna gerir ráð fyrir, en ekki er talin ástæða til, að nein breyting verði á ákvæðum þeirrar greinar í sambandi við þá breytingu laganna, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Nd. 70. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1966, um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laga nr. 25/1966 orðist svo:

2. tölulíður 5. gr. laga nr. 45/1963 orðist svo:

2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að 150 milljón króna lán“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: allt að 250 milljón kr. lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Iðnaðurinn býr við mikinn og vaxandi lánsfjárskort, þrátt fyrir nokkra eflingu Iðnlánasjóðs að undanförnu. Með frv. þessu er stefnt að því að rétta nokkuð hlut iðnaðarins í þessum efnum, en þó engan veginn svo, að fullnægjandi geti talizt nema til bráðabirgða. Mikil þörf er á því að taka öll lánamál iðnaðarins til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum, að hann fái þá úrlausn, að samkeppnisaðstaða hans verði verulega styrkt að þessu leyti og grundvöllur lagður að raunhæfri eflingu hans á sem flestum sviðum.

Aðalbreytingarnar á iðnlánasjóðslögunum, sem felast í þessu frv., eru tvær.

Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag ríkisins verði jafnhátt tekjum þeim, sem sjóðurinn fær af gjaldi því, sem iðnaðurinn greiðir til sjóðsins. Tvö Iðnþing hafa borið fram þessa sjálfsögðu kröfu, og er ekki vansalaust, að Alþingi dragi lengur að verða við henni, þar sem framlög ríkisins til hliðstæðra fjárfestingarsjóða landbúnaðar og sjávarútvegs eru jafnhá framlögum þessara atvinnugreina til sjóðanna.

Í öðru lagi er lagt til, að lántökuheimild sjóðsins sé hækkuð úr 150 millj. kr. í 250 millj. króna.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

Nd. 71. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með þessari

BREYTINGARTILLÖGU:

Aftan við 2. mgr. 1. gr. frv. bætist: eða hlunnindi, sem henni fylgja.

HV var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. nóv. 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Sverrir Júlíusson.	Björn Pálsson.	Jónas Pétursson.

Sþ. **72. Tillaga til þingsályktunar** [64. mál]

um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó.

Flm.: Hjörtur E. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta, svo fljótt sem unnt er, fara fram ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að leiða í ljós, hvers konar tæki og tækni henta bezt til þungaflutninga hér á landi, þegar fannalög og óstöðug vetrartíð gera venjuleg samgöngutæki óvirk.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var áður flutt í lok síðasta þings, en varð ekki afgreidd. Henni fylgdi þá eftirfarandi greinargerð, sem hér birtist óbreytt:

Eitt af einkennum nútíma þjóðfélags er vaxandi þörf á greiðum og öruggum samgöngum. Þess vegna er uppbygging og viðhald samgöngukerfis eitt af meginviðfangsefnum allra þjóða, sem eru á framfarabraut.

Verkefni þetta er ákaflega miserfitt, ekki sízt uppbygging landvegakerfis, og fer það einkum eftir náttúrufari og þéttbýli hinna ýmsu landa.

Hér á landi er það fremur síðara atriðið, strjálbýlið, sem því veldur, að landsamgöngukerfið er þjóðinni dýrt. Þó er nú svo komið, að þjóðvegakerfið tengir saman að heita má allar byggðir landsins. Að vísu er það víðast af vanefnum gert og stendur til bóta. Vandræðalaust má það þó kallast undir öllum venjulegum kringumstæðum.

En út af því bregður þó, þegar snjó kingir niður í vetrarhríðum. Þá getur svo farið og ber raunar við nálega á hverjum vetri, að heil héruð og landshlutar missa að einhverju eða öllu leyti not af vegakerfi sínu um lengri eða skemmri tíma, jafnvel mánuðum saman. Þá stöðvast öll samgöngutæki, sem á hjólum ganga, en þau, sem ganga á beltum, eru ýmist svo veigalítil, að þau ráða engan veginn við þungaflutninga, eða þau eru svo hæggeng, að ógerlegt er að notast við þau á lengri leiðum.

Stórvirk tæki til að ryðja snjó af vegum eru til og víðast fyrir hendi, en þau stoða lítið í óstöðugri veðráttu, þegar jafnvel lítils háttar stormur getur á nokkrum klukkustundum gert að engu margra daga verk öflugustu vinnuvéla.

Af þessum sökum skapast oft þvílíkt öngþveiti í samgöngumálum heilla landshluta, að neyðarástand má kalla, sem veldur einstaklingum lítt yfirstíganlegum erfiðleikum og sveitarfélögum og ríki feikilegum útgjöldum. Það er því að vonum, að menn velti þessu vandamáli fyrir sér og leiti svars við spurningum svo sem þessum: Hvaða tæki koma helzt til greina, sem komizt geta leiðar sinnar með viðunandi burðar- eða dráttargetu og viðunandi hraða þrátt fyrir fannfergi og erfitt tíðarfar? Hvernig ber helzt að beita þeim tækjum, gamalkunnum eða nýjum, sem við kunnum að hafa yfir að ráða, í viðureigninni við snjó og storm, þannig, að árangurinn verði beztur? Ýmislegt hefur verið reynt í þessu sambandi af einstökum mönnum víða á landinu og sitt hvað athyglisvert komið í ljós. En öll slík „tilraunastarfsemi“ hefur verið óskipulögð og af vanefnum gerð, og víst er það, að meginvandamálið er enn óleyst, þ. e. hvernig unnt er að flytja þungavöru um kaffennta vegi með þolanlegum hraða og með hóflegum kostnaði.

Í öllum löndum kringum Norður-Íshafið er glímt við þetta sama vandamál og varið til miklu fé. Einkum mun það þó gert á vegum þeirra stofnana, sem vinna að varnarmálum þessara landa, fyrst og fremst á vegum landhersins.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu, að nauðsynlegt sé og aðkallandi, að íslenzka ríkið beiti sér einnig fyrir leit að lausn þessa vandamáls.

Eðlilegt virðist, að Vegagerð ríkisins verði falið þetta verkefni hér. Gera má ráð fyrir, að nokkru fé þurfi að eyða í þessu skyni. Í það má þó ekki horfa, þar sem hér er um meiri háttar vandamál að ræða, sem árlega gleypir gífurlegar fjárhæðir einstaklinga og opinberra aðila.

Má telja mjög líklegt, að skipulagðar rannsóknir og tilraunir í þessu efni geti fljótlega gefið niðurstöður, sem komið geti í veg fyrir margs konar mistök, misbeitingu tækja og ótímabæran snjómokstur á vegum og sparað með því þjóðinni stórfé.

Sþ. 73. Skýrsla

dómsmálaráðherra um athugun á meðferð dómsmála og dómaskipun.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því í dómsmálaráðuneytinu að rannsaka meðferð dómsmála í landinu og önnur tilvik, sem eru þar í nánum tengslum. Hefur öllum héraðsdómurum landsins verið gert að láta ráðuneytinu í té nákvæma skýrslugerð um afgreiðslu dómsmála eftir nánari sundurgreiningu í einkamál, opinber mál og fógetagerðir og jafnframt leitað álitsgerða þeirra um lagfæringar á löggjöf eða í framkvæmd, sem til bóta mættu teljast.

Var í fyrstu safnað skýrslum, er tóku til áranna 1961—1963, en að fenginni reynslu þessarar skýrslugerðar var síðar bætt við árunum 1964—1965, svo að nú liggja fyrir ýtarleg gögn um þetta fimm ára tímabil. Hefur Sigurður Líndal, hæstaréttarritari, verið ráðuneytinu til aðstoðar við úrvinnslu þessara gagna og þá skýrslugerð, sem nú liggur fyrir á þessum grundvelli, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér að lútandi. Að vísu er vikið að þessum málum í dómsmálaskýrslum hagstofunnar, sem út voru gefnar á sínum tíma, en á nokkuð annan hátt.

Augljóst er af þessari gagnasöfnun og skýrslugerð („statistik"), að í henni felst verðmæt yfirsýn þessara mála, sem ætti að geta haft verulega þýðingu við endurskoðun og umbætur, sem kynni að vera talin þörf á í dómaskipun og meðferð dómsmála.

Meðan á þessari gagnasöfnun hefur staðið, hefur þróunin á öðrum sviðum stjórnsýslu hneigzt að endurskoðun mála í samræmi við breytta þjóðhætti og margvíslegar aðstöðubreytingar í þjóðfélaginu.

Sett voru ný lög um læknaskipun í landinu á Alþingi 1964—1965 (l. nr. 43/1965). Verulegar breytingar eru fólgnar í þessari löggjöf, en þess er einnig orðið vart, að líklegar eru miklu meiri breytingar á grundvelli þeirra heimilda, sem í lögunum felast, og er þar einkum átt við heimildir til þess að sameina læknishéruð og koma upp læknamiðstöðvum, sem reynslan virðist benda til, að líklegra sé en eldri skipan til þess að veita mun raunhæfari læknisþjónustu og betri fyrirgreiðslu, eins og nú háttar til í landinu.

Þann 23. apríl 1965 skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til þess að endurskoða prestakallaskipun og prófastsdæmi landsins. Sú nefnd skilaði áliti 28. marz 1966. Álit nefndarinnar og tillögur hafa verið til umræðu á prestastefnu s. l. vor. Alþingismönnum hafa verið sendar þessar tillögur og álitsgerð. Ráðherra lagði málið fyrir Kirkjuþing, sem nýlokið er. Er nú í undirbúningi að leggja þetta mál fyrir Alþingi.

Á fundi í fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem haldinn var í Reykjavík dagana 10. og 11. marz 1966, var einróma gerð ályktun varðandi endurskoðun gildandi lagaákvæða um sveitarstjórnarumdæmi í landinu. Lagði fulltrúaráðið til, að sett verði á stofn sérstök nefnd skipuð fulltrúum frá ríkisvaldinu og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, sem fái það hlutverk „að framkvæma gagngerða endurskoðun á skipan sveitarstjórnarumdæma í landinu og gera tillögur í frumvarpsformi um þær breytingar, sem nefndin telur tímabært, að

gerðar verði.“ Félagsmálaráðherra hefur skipað slíka nefnd og gert er ráð fyrir, að hún skili áliti og tillögum eigi síðar en í árslok 1968. Samkvæmt ályktun fulltrúaráðsins skyldi nefndin sérstaklega athuga og gera tillögur um stækkun sveitarfélaganna, á þeim grundvelli að sameina sveitarfélög og breyta mörkum þeirra.

Í lok síðasta þings lögðu nokkrir þingmenn fram tillögu til þingsályktunar um athugun á breyttri héraðsdómaskipun. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu, en fram komu í greinargerð hennar og við umræðu þau sjónarmið, að þessi mál þörfnuðust endurskoðunar.

Ætla verður, að fimm ára skýrslan um meðferð dómsmála í landinu og álitsgerðir dómara samtímis þeirri gagnasöfnun veiti mjög verðmætar upplýsingar í sambandi við hugsanlegar breytingar á dómaskipun. En þegar jafnframt er haft í huga, að sýslumannsembættin munu vera meðal elztu embætta landsins, virðist eðlilegt, að full gát verði höfð á breyttri skipan þessara mála. Hins vegar er ekki óeðlilegt, að endurbætur haldist í hendur við aðrar umbætur í stjórnsýslu landsins.

Niðursuðuiðnaður hefur löngum verið olnbogabarn í íslenzku atvinnulífi. Á hverju ári hafa Íslendingar mokað gífurlegum aflaverðmætum á land, en minna hirt um að fullvinna afurðirnar sjálfir. Fiskvinnslustöðvar víða um heim hafa fengið ódýrt úrvalshráefni frá Íslandi og hagnazt drjúgum á því að margfalda hráefnisverðið með fullvinnslu. Meðan 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða er niðursoðinn eða niðurlagður fiskur, er hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins um ½%.

Það er meginefni þessa frumvarps, að hafin sé þegar í stað skipuleg uppbygging þessarar atvinnugreinar og markvissar ráðstafanir gerðar til að leggja grundvöll að stóriðju í matvælaiðnaði. Eftir að þessi iðngrein hefur nánast hjakkað í sama farinu um áratugi, er nú löngu orðið ljóst, að ríkisvaldið verður að taka að sér forustuna með markvissu skipulagsstarfi og útvegun nægilegs fjármagns, ef því

sjálfsagða takmarki á að ná, að þessi iðnaður verði einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni.

1. Sérstök þingkjörin stjórn.

Í frumvarpinu er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, er beri heitið Fiskiðja ríkisins, og starfi hún undir þingkjörinni stjórn. Jafnframt taki fiskiðjan við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði. Hingað til hefur stjórn Síldarverksmiðja ríkisins haft umsjón með rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar. Er það löngu viðurkennt af flestum, að nauðsynlegt er að skipa sérstaka stjórn fyrir verksmiðjuna og ákveða henni verulegt stofnframlag af ríkisfé. Stjórn S. R. hefur hvað eftir annað farið fram á það við ráðherra, að þetta verði gert, en af því hefur ekki orðið.

2. Bygging nýrra verksmiðja.

Með frumvarpinu er Fiskiðju ríkisins falið að reisa nokkrar nýjar verksmiðjur til fullvinnslu sjávarafurða, eftir því sem markaður kann að leyfa. Við staðsetningu þeirra ber fyrst og fremst að hafa það í huga að bæta atvinnuástand staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg.

Í þessu sambandi er rétt að minna á loforð ríkisstjórnarinnar, sem hún gaf í samningum verkalýðsfélaganna vorið 1965. Einn liður þess var sá, að atvinnulitlir staðir á Norðurlandi og í Strandasýslu yrðu látnir sitja í fyrirrúmi um staðsetningu, ef byggðar yrðu nýjar niðursuðu- eða niðurlagningarverksmiðjur. Stjórnarvöldin hafa þó ekki sýnt lit á að efna þetta loforð. Víða á Norðurlandi væru góðar aðstæður til að reisa slíkar verksmiðjur. Í þessu sambandi má sérstaklega minna á tillögu, sem þingmenn þriggja flokka fluttu á Alþingi í fyrra, um byggingu verksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax og aðrar fullunnar sjávarafurðir, en sú tillaga náði ekki fram að ganga.

3. Markaðsöflun.

Langmikilvægasta tillagan, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að ríkisvaldið aðstoði framleiðendur við markaðsöflun. Ef þessi iðngrein á að geta tekið stórt stökk fram á við, er óhjákvæmilegt, að skipulögð verði sérstök sölusamtök framleiðenda og jafnframt reynt að brjótast inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki. Stórfelld söluherferð hefur aldrei verið framkvæmd, enda hefur enginn einn framleiðandi það fjármagn, sem til þess þarf. Ríkisvaldið verður að skilja og viðurkenna forustuhlutverk sitt í atvinnuuppbyggingu landsins og leggja fram nægilegt fjármagn, svo að þetta brautryðjendastarf verði unnið.

4. Vísinda- og fræðslustarfsemi.

Ef fullvinnsla sjávarafurða á að geta orðið traustur atvinnuvegur á Íslandi í framtíðinni, er ekki nóg að reisa verksmiðjur og afla markaða. Það er eins í þessum iðnaði og flestum öðrum atvinnugreinum, að ein helzta undirstaðan er tilrauna- og vísindarannsóknir og víðtæk fræðslustarfsemi. Einnig á þessu sviði er eðlilegt, að Fiskiðja ríkisins hafi forustu með fjárstuðningi hins opinbera.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að fiskiðjan hafi samvinnu við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um tilraunastarfsemi við hvers konar fullvinnslu sjávarafurða og miðli reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Jafnframt ber fiskiðjunni að gera ráðstafanir til þess, að áhugamenn séu sendir utan til að sérmennta sig í niðursuðutækni. Að sjálfsögðu mun fyrr eða síðar koma að því, að stofnað verði til fastrar kennslu hér á landi í þessari iðngrein, líkt og verið hefur um langt árabil í Noregi, en fyrst um sinn ber einkum að leggja á það áherzlu, að efnt sé við og við til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Ed. 79. Frumvarp til laga [70. mál]

um rafvæðingu Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins skulu leggja rafmagnslínu frá Vík í Mýrdal, er nái til allra byggðra býla í Álftaveri, Leiðvallarhreppi, Skaftártungu, Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi, og skal þeirri framkvæmd lokið eigi síðar en á árinu 1969.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd samkvæmt 1. gr. greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var einnig flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Í þeim drögum að vinnuáætlun um framhald rafvæðingaráætlunarinnar, sem lögð hafa verið fyrir raforkuráð, er Vestur-Skaftafellssýsla alls ekki á blaði, enda vitað, að enn þá hefur ekkert verið ákveðið um frekari rafvæðingu þessa landshluta. Eru þó aðeins tveir af sjö hreppum sýslunnar, sem hafa rafmagn frá samveitum. Hrepparnir fimm austan Mýrdalssands hafa ekki samband við almenningsveitur.

Síðan teknir voru upp mjólkurflutningar frá þessu svæði fyrir allmörgum árum, hefur búskapur aukizt mjög og blómgazt í þessum sveitum. Nauðsynin á öruggri og nægri raforku er því enn brýnni en áður.

Meðallínulengd til bæja hefur verið látin ráða um röðun á rafvæðingaráætlanir, og er það eðlileg meginregla, en ekki einhlít. Fleiri atriði eiga að koma til athugunar í því sambandi. Óeðlilegt virðist með öllu að láta svo fjölmennt og blómlegt landssvæði sem austanverða Vestur-Skaftafellssýslu mæta afgangi, þó að meðallínulengd á bæ sé í lengra lagi.

Lína frá Vík austur í Fljótshverfi yrði 233 km á lengd og næði til 115 bæja. Meðalvegalengd á býli er því 2.03 km eða svipuð og á sumum þeirra svæða, sem eru á fyrrnefndum drögum að rafvæðingaráætlun.

Skaftfellingar voru brautryðjendur um rafvæðingu í sveitum. Löngu áður en almenn rafvæðing á opinberum vegum hófst, byggðu þeir einkavatnsaflsstöðvar víða í héraðinu og raunar einnig annars staðar á landinu. Búa þeir að því leyti enn að þessu brautryðjendastarfi, að af þessum 115 býlum, sem hér um ræðir, hafa 70 einkarafstöðvar, en þær eru flestar of litlar og ófullkomnar, margar gamlar, enda munu nær allir bændur í héraðinu reiðubúnir að lýsa yfir, að þeir muni vilja taka rafmagn frá héraðsrafmagnsveitu.

Með lögunum um Landsvirkjun frá s. l. ári var því endanlega slegið föstu, að rafvæðing landsins skyldi byggð á stórum vatnsaflsstöðvum með víðfeðmum línunetum, en svonefndri smávirkjanaleið hafnað. Er því ljóst, að ekki kemur önnur leið til greina til úrlausnar raforkumálum þessa byggðarlags en sú, sem hér er gert ráð fyrir.“

Nd. 80. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Skúla Guðmundssyni og Sigurði Ágústssyni.

Við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Fyrir reglulegt Alþingi 1967 skal ríkisstjórnin undirbúa þær breytingar á lögum, að aðstöðugjöld samkv. III. kafla verði lögð á eftir sama gjaldstiga í öllum sveitarfélögum og að heimild til hækkunar á útsvörum verði takmörkuð verulega frá því, sem er í 2. mgr. 34. gr.

Nd. 81. Frumvarp til laga [26. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. nóv.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 82. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Einar Ágústsson.	Lúðvík Jósefsson.	Jónas G. Rafnar.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Sþ. **83. Tillaga til þingsályktunar** [71. mál]

um, að skipan heilbrigðismála verði endurskoðuð.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka frá grunni meðferð heilbrigðismála í landinu og endurskoða gildandi lagaákvæði um stjórn þeirra. Sérstaklega verði kannað, hvort ekki sé hagkvæmt að koma á fót sérstöku heilbrigðismálaráðuneyti, endurskipuleggja landlæknisembættið og sameina þætti heilbrigðisþjónustunnar undir eina yfirstjórn. Athugun þessari skal hraðað, og að henni lokinni skal álitsgerð og tillögur lagðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram í þeim tilgangi fyrst og fremst að beina athygli að yfirstjórn og meðferð heilbrigðismála í landinu. Að baki liggur sannfæringin um, að skipan þeirra mála sé úrelt og gegni því ekki hlutverki sínu lengur, en slíkt er þjóðinni að sjálfsögðu mikil skaðsemd.

Margt má nefna til sannindamerkis um, að stjórn heilbrigðismála hérlendis sé í molum og heildarstjórnin svo til engin í reynd. Þegar við bætist þekkingarleysi á stöðu þessara mála í nútímaþjóðfélagi og andóf ráðandi manna gegn tímabærum breytingum, er sízt við góðu að búast. Afleiðingin verður bein afturför. Hér skal nú getið nokkurra atriða, er snerta þetta vandamál og ljóslega sýna, hver staðreyndin er.

Fyrir hartnær tveim áratugum hófst samtímis smíði þriggja stórspítala í Reykjavík. Að einni byggingunni stóð ríkið, Reykjavíkurbær að annarri og einkafyrirtæki að þeirri þriðju. Hver þessara aðila baukaði í sínu horni, án samráðs við aðra, án samvinnu og án tillits til heildarsjónarmiða. Ekkert var hirt um sameiginlegar þarfir, öll hagkvæmni í vinnubrögðum sniðgengin og möguleikar á innbyrðis verkaskiptingu sjúkrahúsanna látnir lönd og leið. Allsherjaráætlun um framkvæmdir var aldrei gerð, enda varð enginn var við í þessu sambandi, að til væri í landinu heildarstjórn sjúkrahúsmála.

Bygging viðbótar Landspítalans er kapítuli fyrir sig. Þar hefur allt auðkennzt af þvílíku handahófi, að nærri stappar hneyksli, og gildir það jafnt um undirbúning sem framkvæmdir. Er full þörf á sérstakri rannsókn þess máls alls, og í grannlöndum okkar hefði rannsókn löngu verið fyrirskipuð í ámóta tilviki.

Þegar byggingu Landspítalans og borgarsjúkrahússins í Fossvogi lýkur, sennilega sem næst tveim áratugum eftir að smíðin hófst, eru litlar horfur á, að fullgild starfsemi geti hafizt þar. Við blasir tilfinnanleg vöntun á þjálfuðu starfsliði. Það segir sína sögu um fyrirhyggju í þessu efni, að árlega er fjölda ungra kvenna bægt frá námi í Hjúkrunarkvennaskóla Íslands. Það er látið reka á reiðanum.

Heilsuverndarlög voru sett hér árið 1955 og þóttu merkur áfangi. Heilsuverndin er annar tveggja meginþátta heilbrigðisþjónustunnar og lætur nú hvarvetna æ meir að sér kveða. Setning laganna stjórnaðist vafalaust af góðum vilja, en það var galli á gjöf Njarðar. Í lögunum er þannig um hnútana búið, að heilbrigðisstjórn landsins ber enga ábyrgð á heilsuverndinni. Það eru sveitarfélögin, sem hafa veg og vanda af framkvæmdinni, og þau hafa ekki reynzt vandanum vaxin. Lögin um heilsuvernd eru pappírsgagn, ef Reykjavík er undan skilin, og alls staðar ríkir kyrrstaða á þessu sviði heilbrigðismála síðasta áratuginn. Raunar hafa félög áhugamanna reynt að bæta úr brýnni þörf og beitt sér fyrir krabbameinsvörnum, hjarta- og æðavernd og geðvernd, en það eru ekki verðleikar heilbrigðisyfirvaldanna.

Eina grein heilsuverndar virðast stjórnmálamenn setja ofar öðrum. Það eru varnir gegn atvinnusjúkdómum. Um þær eru til tvenn lög, tveir ráðherrar fara

með málin, og framkvæmdina annast tvær stofnanir, hvor óháð annarri. Afleiðingin er síðan sú, að atvinnusjúkdómavarnirnar hafa lent í sjálfheldu. Ofstjórn er líklega engu skárri en óstjórn.

Á síðari tímum hafa öðru hverju risið úfar með stjórnvöldum landsins og læknastéttinni, og eru þau átök kunnugum bezta sönnun þess öngþveitis, sem ríkir í meðferð heilbrigðismála. Héraðslæknaskortur hefur lengi hrjáð landsbyggðina. Í þeim vanda var fyrsta og helzta úrræði stjórnvalda að lögþvinga unga lækna til starfa í héruðum. Það þarf varla að taka fram, að þessi vinnukvöð, sem er einstök í sinni röð, hefur ekki borið teljandi árangur, nema þá helzt þann að gera læknum erfitt fyrir. Hins vegar lýsir úrræðið vel glámskyggni þeirra, sem til þess hafa gripið.

Læknar í Reykjavík hafa lengi verið óánægðir með þá steinrunnu skipan sjúkrahjálpar, sem sjúkrasamlag borgarinnar heldur dauðahaldi í. Árið 1961 hugðust þeir ganga úr þjónustu samlagsins sökum erfiðrar aðstöðu til starfa og lélegra launakjara. Yfirvöldin andæfðu á sinn hefðbundna hátt og neyddu læknana til að þjóna undir samlagið áfram með sérstökum lögum, er einn ráðherranna setti í beinu trássi við bókstaf stjórnarskrárinnar. Afleiðingar þess blinda tiltækis eru síðan að koma í ljós smám saman, og er ein þeirra sú, að ungir læknar sneiða hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur af fremsta megni.

Það er í fersku minni, að þorri lækna Landspítalans sagði upp stöðum sínum á síðastliðnu vori. Var ástæðan óánægja þeirra með starfskjör og allan aðbúnað í sjúkrahúsinu. Í það sinn treysti ríkisstjórnin sé ekki til nauðungarráðstafana og harmaði það hástöfum. Það olli henni hins vegar ekki hugarangri að skilja hvorki upp né niður í málinu, sem um var deilt, — þeirri gerbreyttu spítalaþjónustu, sem læknarnir börðust fyrir og að því miðar að gera Landspítalann hæfan hlutverki sínu sem sjúkrahús, kennslustofnun og vísindamiðstöð.

Talið er, að farið sé að brydda á skorti almennra lækna í Reykjavík og að á næsta leiti sé vöntun sjúkrahúslækna og annarra sérfræðinga, ef ekki verður að gert. Þó eru til nógu margir íslenzkir læknar. Fjöldi þeirra dvelst erlendis við störf, flestir í Svíþjóð og Bandaríkjunum, og virðast hafa lítinn hug á að koma heim, á meðan svo er í pottinn búið sem er. Það er í þágu alþjóðar að skapa þessum sérfræðingum sómasamlega starfsaðstöðu, enda mundu þeir þá koma. En líklega er það meira í stíl við fyrri úrræði, að íslenzk yfirvöld biðja stjórnir fyrrgreindra landa um að flæma læknana burt í von um, að einhverjir þeirra kynnu þá að slæðast heim.

Í átökunum við læknastétt landsins flíkar ríkisstjórnin því mjög, að læknar heimti óhóflega há laun og að deilur snúist aðallega um þau. Þetta er ekki rétt, en sennilega haft á oddinum í því skyni að gera málstað læknanna óvinsælan hjá almenningi. Launakjör héraðslækna í strjálbýlinu hafa verið bætt til stórra muna, en árangur ekki orðið að sama skapi. Skýringin á því er, að meginkröfum lækna hefur ekki verið sinnt. Þeir hafa bent á nauðsyn þess að koma á fót vel búnum lækningamiðstöðvum, þar sem læknar starfi saman tveir eða fleiri og skipti með sér verkum eftir sérkunnáttu. Þessu svara yfirvöldin með þegjandi þögninni. Hið sanna er, að veigamestu kröfur læknanna, — þær kröfur, sem varða heill almennings, — njóta sízt meiri skilnings heilbrigðisstjórnar en beinar launakröfur, og á þetta jafnt við um tilhögun læknaþjónustunnar úti á landsbyggðinni sem um læknaskipan sjúkrahúsanna og sjúkrahjálp samlaganna.

Einn liðurinn í stjórn heilbrigðismála er landlæknisembættið. Það stendur á gömlum merg og virðist eiga að varðveitast á sama hátt og dýrmætar menjar frá löngu horfinni tíð. Árið 1958 var flutt á Alþingi lagafrumvarp, sem fól í sér breytingu á þessu embætti. Þar var lagt til, að skipað yrði heilbrigðisráð fimm sérfróðra lækna, er hafa skyldu yfirumsjón með allri heilbrigðisstarfsemi í landinu og vera æðsti ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, er varðar heilbrigðismál. Formaður ráðsins og framkvæmdastjóri átti landlæknir að vera. Þetta frumvarp fékk ekki

afgreiðslu á Alþingi, enda lagzt fast gegn því af þeim, sem þá taldi sér skyldast að vernda tveggja alda gamalt landlæknisembættið óspjallað. Vel má það vera, að önnur tilhögun sé heppilegri en sú, sem ráðgerð var í frumvarpinu, þótt enginn yrði til þess að benda á hana þá. Víst er um það, að landlæknir á erfitt um vik mitt í allri óreiðunni, og ef horfið verður að því ráði að taka stjórn og meðferð heilbrigðismálanna traustum tökum, er ósennilegt annað en að nýskipan embættisins þyki sjálfsögð.

Yfirstjórn heilbrigðismála hér á landi er fortíðarfyrirbæri, og þó er sönnu nær að segja, að heildarstjórn sé engin til lengur, því að þessi mál eru öll í tætingi. Í stjórnarráðinu finnst ekki neitt ráðuneyti heilbrigðismála, heldur er þeim málum holað þar niður á víð og dreif. Flest munu þau niður komin í skrifborðsskúffum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en fjölmörg þeirra rekur einnig á fjörur félagsmálaráðuneytisins. Má vart á milli sjá, hvor meira má sín í stjórn heilbrigðismála, dómsmálaráðherrann eða félagsmálaráðherrann. Í ráðuneyti menntamála mun liggja slæðingur þessara málefna og jafnvel víðar í ráðuneytum. Það vill svo til, að í stjórnarráðinu hafa heilbrigðismál aldrei verið talin mikilvæg eða viðkvæm, og einungis þess vegna reynist ringulreiðin ekki óbærileg með öllu. Það er óhætt að sofa á þessum málum fyrir þá sök, að þau hafa ekki mikla pólitíska þýðingu, og þar er meinið.

Ef litlar kröfur eru gerðar til stjórnmálamanna í þessu efni, kemur það ekki til af því, að mikilvægi góðrar heilbrigðisþjónustu sé dregið í efa, heldur hinu, að þorri manna þekkir ekki annað en það ástand, sem hér er. Það eru læknar öðrum fremur, og þá einkum ungir læknar, sem aðstöðu hafa til samanburðar á meðferð heilbrigðismála hér og erlendis, þar sem hún fer bezt úr hendi. Því hvílir á þeim sérstaklega skyldan til að benda á, hverra umbóta sé þörf, og jafnvel að berjast fyrir þeim. Það gera þeir að vísu, þótt árangur sé ekki mikill enn, enda nú sem endranær við ramman reip að draga, þegar kyrrstöðuöflin eru annars vegar.

Nd. 84. Frumvarp til laga [72. mál]

um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

I. KAFLI
um skipun prestakalla og prófastsdæma.

1. gr.

Prestaköllum og prófastsdæmum skal skipað þannig:

I. *Norður-Múlaprófastsdæmi:*
1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
   Prestssetur: Skeggjastaðir.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs- og Vopnafjarðarsóknir.
   Prestssetur: Hof.
3. Egilsstaðir: Egilsstaða-, Hofteigs- og Eiríksstaðasóknir.
   Prestssetur: Egilsstaðir.
4. Eiðar: Eiða-, Hjaltastaða-, Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir.
   Prestssetur: Eiðar.
5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar-, Áss-, Vallaness og Þingmúlasóknir.
   Prestssetur: Valþjófsstaður.

6. Desjamýri: Borgarfjarðar-, Njarðvíkur- og Húsavíkursóknir.
   Prestssetur: Desjamýri.
7. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppstaðasóknir.
   Prestssetur: Seyðisfjörður.

II. *Suður-Múlaprófastsdæmi:*

8. Norðfjörður: Norðfjarðar- og Brekkusóknir.
   Prestssetur: Neskaupstaður.
9. Eskifjörður: Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarsóknir.
   Prestssetur: Eskifjörður.
10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Fáskrúðsfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Kolfreyjustaður.
11. Heydalir: Heydala- og Stöðvarfjarðarsóknir.
    Prestssetur: Heydalir.
12. Djúpivogur: Djúpavogs-, Beruness- og Berufjarðarsóknir og Hofssókn í Álftafirði.
    Prestssetur: Djúpivogur.

III. *Skaftafellsprófastsdæmi:*

13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Hafnarsóknir.
    Prestssetur: Bjarnanes.
14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Brunnhólssóknir og Hofssókn í Öræfum.
15. Klaustur: Prestsbakka-, Kálfafells-, Grafar- og Langholtssóknir.
    Prestssetur: Kirkjubæjarklaustur.
16. Vík: Víkur-, Reynis- og Þykkvabæjarsóknir.
    Prestssetur: Vík.

IV. *Rangárvallaprófastsdæmi:*

17. Skógar: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir.
    Prestssetur: Skógar.
18. Bergþórshvoll: Akureyjar- og Krossóknir.
    Prestssetur Bergþórshvoll.
19. Breiðabólsstaður: Breiðabólsstaðar- og Hlíðarendasóknir.
    Prestssetur: Breiðabólsstaður.
20. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir.
    Prestssetur: Oddi.
21. Kirkjuhvoll: Skarðs-, Haga-, Marteinstungu-, Kálfholts-, Hábæjar- og Árbæjarsóknir.
    Prestssetur: Kirkjuhvoll.

V. *Árnesprófastsdæmi:*

22. Hruni: Hruna-, Tungufells-, Hrepphóla- og Stóra-Núpssóknir.
    Prestssetur: Hruni.
23. Skálholt: Skálholts-, Ólafsvalla-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.
    Prestssetur: Skálholt og Torfastaðir.
24. Mosfells í Grímsnesi: Mosfells-, Stóruborgar-, Búrfells-, Miðdals- og Úlfljótsvatnssóknir.
    Prestssetur: Mosfell.
25. Selfoss: Selfoss-, Hraungerðis-, Laugardæla- og Villingaholtssóknir.
    Prestssetur: Selfoss.
26. Eyrarbakki: Eyrarbakka-, Stokkseyrar- og Gaulverjabæjarsóknir.
    Prestssetur: Eyrarbakki.

27. Hveragerði: Hveragerðis-, Kotstrandar-, Hjalla- og Strandarsóknir.
Prestssetur: Hveragerði.

VI. *Kjalarnessprófastsdæmi:*

28. Grindavík: Grindavíkur- og Kirkjuvogssóknir.
Prestssetur: Grindavík.
29. Útskálar: Útskála- og Hvalsnessóknir.
Prestssetur: Útskálar.
30. Keflavík: Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkursóknir.
Prestssetur: Keflavík.
31. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðarsókn.
Prestssetur: Hafnarfjörður.
32. Garðar: Garða-, Bessastaða- og Kálfatjarnarsóknir.
Prestssetur í Garðahreppi.
33. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Þingvalla- og Viðeyjarsóknir.
Prestssetur: Mosfell.
24. Reynivellir: Reynivalla-, Saurbæjar- og Brautarholtssóknir.
Prestssetur: Reynivellir.
35.—36. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.
Prestssetur: Vestmannaeyjar.

VII. *Borgarfjarðarprófastsdæmi:*

37. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-, Leirár- og Innra-Hólmssóknir.
Prestssetur: Saurbær.
38. Akranes:Akranessókn.
Prestssetur: Akranes.
39. Hvanneyri: Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir.
Prestssetur: Staðarhóll.
40. Reykholt: Reykholts-, Stóra-Áss-, Gilsbakka- og Síðumúlasóknir.
Prestssetur: Reykholt.
41. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og Norðtungussóknir.
Prestssetur: Stafholt.
42. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu- og Akrasóknir.
Prestssetur: Borg.

VIII. *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi:*

43. Miklaholt: Rauðamels-, Kolbeinsstaða-, Staðarhrauns-, Breiðabólsstaðar- og Narfeyrarsóknir.
Prestssetur: Söðulsholt.
44. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða-, Hellna- og Fáskrúðabakkasóknir.
Prestssetur: Staðastaður.
45. Ólafsvík: Ólafsvíkur-, Ingjaldshóls- og Brimilsvallasóknir.
Prestssetur: Ólafsvík.
46. Setberg: Setbergs- og Grundarfjarðarsóknir.
Prestssetur: Grundarfjörður.
47. Stykkishólmur: Stykkishólms-, Helgafells- og Bjarnarhafnarsóknir.
Prestssetur: Stykkishólmur.
48. Kvennabrekka: Kvennabrekku-, Stóra-Vatnshorns-, Snókdals- og Hjarðarholtssóknir.
Prestssetur: Kvennabrekka.
49. Hvoll: Staðarhóls-, Skarðs-, Dagverðarness-, Staðarfells- og Hvammssóknir.
Prestssetur: Hvoll í Saurbæ.

IX. *Barðastrandarprófastsdæmi:*

50. Reykhólar: Reykhóla-, Garpsdals-, Gufudals-, Flateyjar og Múlasóknir.
Prestssetur: Reykhólar.
51. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals-, Saurbæjar-, Brjánslækjar-, Haga- og Breiðavíkursóknir.
Prestssetur: Sauðlauksdalur.
52. Patreksfjörður: Patreksfjarðar- og Stóra-Laugardalssóknir.
Prestssetur: Patreksfjörður.
53. Bíldudalur: Bíldudals-, Selárdals-, Hrafnseyrar- og Álftamýrarsóknir.
Prestssetur: Bíldudalur.

X. *Ísafjarðarprófastsdæmi:*

54. Þingeyri: Þingeyrar-, Hrauns-, Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir.
Prestssetur: Þingeyri.
55. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir.
Prestssetur: Holt.
56. Staður: Staðarsókn.
Prestssetur: Staður í Súgandafirði.
57. Bolungarvík: Hólssókn og Staðarsókn í Grunnavík
Prestssetur: Bolungarvík.
58. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdalssóknir og Eyrarsókn í Seyðisfirði.
Prestssetur: Ísafjörður.
59. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar-, Unaðsdals- og Ögursóknir.
Prestssetur: Vatnsfjörður.

XI. *Húnavatnsprófastsdæmi:*

60. Hólmavík: Árness-, Kaldrananess-, Drangsness-, Staðar-, Hólmavíkur- og Kollafjarðarnesssóknir.
Prestssetur: Hólmavík.
61. Prestsbakki í Hrútafirði: Prestsbakka-, Staðar- og Óspakseyrarsóknir.
Prestssetur: Prestsbakki.
62. Melstaður: Melstaðar-, Hvammstanga-, Staðarbakka- og Efra-Núpssóknir.
Prestssetur: Melstaður.
63. Breiðabólsstaður: Tjarnar-, Vesturhópshóla-, Breiðabólsstaðar- og Víðidalstungusóknir.
Prestssetur: Breiðabólsstaður í Vesturhópi.
64. Þingeyraklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduóssóknir.
Prestssetur: Steinnes.
65. Bólstaðarhlíð: Bólstaðarhlíðar-, Bergsstaða-, Auðkúlu-, Svínavatns- og Holtastaðasóknir.
Prestssetur: Bólstaður.
66. Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

XII. *Skagafjarðarprófastsdæmi:*

67. Sauðárkrókur: Sauðárkróks-, Hvamms- og Ketusóknir.
Prestssetur: Sauðárkrókur.
68. Glaumbær: Glaumbæjar-, Víðimýrar- og Reynistaðarsóknir.
Prestssetur: Glaumbær.
69. Mælifell: Mælifells-, Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir.
Prestssetur: Mælifell.
70. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-, Flugumýrar- og Hofsstaðasóknir.
Prestssetur: Miklibær.

71. Hólar: Hóla-, Viðvíkur- og Rípursóknir.
Prestssetur: Hólar.
72. Hofsós: Hofsóss-, Hofs-, Fells-, Barðs- og Knappsstaðasóknir.
Prestssetur: Hofsós.

XIII. *Eyjafjarðarprófastsdæmi:*

73. Siglufjörður: Siglufjarðarsókn.
Prestssetur: Siglufjörður.
74. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn.
Prestssetur: Ólafsfjörður.
75. Dalvík: Valla-, Tjarnar-, Urða- og Dalvíkursóknir.
Prestssetur: Dalvík.
76. Hrísey: Hríseyjar-, Stærra-Árskógssóknir.
Prestssetur: Hrísey.
77. Möðruvellir í Hörgárdal: Möðruvalla-, Glæsibæjar-, Bakka- og Bægisársóknir.
Prestssetur: Möðruvellir.
78.—79. Akureyri: Akureyrar-, Lögmannshlíðar- og Miðgarðasóknir.
Prestssetur: Akureyri. Annar hvor prestur Akureyrar skal jafnan hafa með höndum þjónustu Miðgarðasóknar í Grímsey.
80. Laugaland: Munkaþverár-, Kaupangs-, Grundar-, Möðruvalla-, Saurbæjar- og Hólasóknir.
Prestssetur: Laugaland.

XIV. *Þingeyjarprófastsdæmi:*

81. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs- og Grenivíkursóknir.
Prestssetur: Laufás.
82. Háls: Háls-, Illugastaða- og Draflastaðasóknir.
Prestssetur: Háls.
83. Staðarfell: Ljósavatns-, Þóroddsstaða- og Lundarbrekkusóknir.
Prestssetur: Staðarfell.
84. Skútustaðir: Skútustaða-, Reykjahlíðar-, Víðirhóls- og Möðrudalssóknir.
Prestssetur: Skútustaðir.
85. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Þverár-, Einarsstaða- og Nessóknir.
Prestssetur: Grenjaðarstaður.
86. Húsavík: Húsavíkur- og Flateyjarsóknir.
Prestssetur: Húsavík.
87. Skinnastaður: Skinnastaðar-, Garðs- og Snartarstaðasóknir.
Prestssetur: Skinnastaður.
88. Raufarhöfn: Raufarhafnarsókn.
Prestssetur: Raufarhöfn.
89. Sauðanes: Sauðaness- og Svalbarðssóknir.
Prestssetur: Sauðanes.

XV. *Reykjavíkurprófastsdæmi:*

Í Reykjavíkurprófastsdæmi skulu jafnan vera svo margir prestar, að sem næst 5000 manns komi á hvern að meðaltali. Kirkjustjórn ákveður takmörk sókna og prestakalla að fengnum tillögum safnaðarráðs Reykjavíkur (sbr. 2. gr.) og velur þeim heiti.

2. gr.

Í Reykjavík skal vera safnaðarráð. Skal það skipað formönnum safnaðarnefnda og safnaðarfulltrúum í prófastsdæminu og prestum þess. Prófastur er for-

maður ráðsins og kallar það saman. Skylt skal að kalla safnaðarráð saman til fundar, þegar fullur þriðjungur safnaðarrásmanna óskar þess. Verkefni ráðsins eru:

1. Að gera tillögur um skiptingu prófastsdæmisins í sóknir og prestaköll og um breytingar á þeim svo oft, sem þörf er, og skal sú skipting miðuð við það, að einn prestur sé í hverju prestakalli.
2. Að sjá um kosningu safnaðarnefnda í prestaköllum eftir skiptingu. Ein safnaðarnefnd sé fyrir hvert prestakall, og hefur hún á hendi störf sóknarnefnda, eftir því sem við á, og er kosin með sama hætti. Þar, sem fleiri en einn söfnuður eiga sömu kirkju, skulu nefndirnar hafa sameiginlega stjórn á afnotum og fjármálum kirkjunnar.
3. Að vinna að eflingu kirkjulegs starfs og kristilegrar félagsstarfsemi innan prófastsdæmisins.

3. gr.

Í kaupstöðum utan Reykjavíkurprófastsdæmis skulu prestar vera svo margir, að sem næst 4000 manns komi á hvern. Skipta skal prestaköllum, þar sem eru tveir eða fleiri prestar, á hliðstæðan hátt og ákveðið er í 2. gr., 1. tölulið.

4. gr.

Nú er skipt prestakalli, þar sem er einn prestur, í tvö eða fleiri prestaköll, og hefur þá presturinn rétt til að velja, hvaða hluta þess hann hyggst að þjóna.

5. gr.

Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagið skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans.

6. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígðan mann til sérstakra starfa í Skálholti.

7. gr.

Biskupi er heimilt að ráða 2 prestsvígða menn til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða prestakallið prestslaust af öðrum ástæðum. Skulu þeir taldir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar.

8. gr.

Biskupi er heimilt að ráða prestsvígðan mann sem æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar til þess að aðstoða og leiðbeina við æskulýðsstörf í söfnuðum landsins. Ráðningartími skal vera allt að þremur árum í senn.

Þá er og heimilt að ráða tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa til starfa með æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Biskupi er heimilt með samþykki ráðherra að ráða prestsvígða menn til sérstakrar sjúkrahúsaþjónustu í Reykjavík. Biskup setur þeim erindisbréf.

10. gr.

Heimilt er kirkjustjórninni að ráða til þriggja ára í senn prestsvígðan mann til kirkjulegra starfa meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn og annars staðar á Norðurlöndum eftir því sem við verður komið. Ráðherra setur honum erindisbréf.

11. gr.

Heimilt er biskupi að ráða prestsvígðan mann til þess að annast og skipuleggja kristilegt starf meðal ísl. sjómanna og annarra þeirra, sem dvelja langtímum saman fjarri heimilum sínum á vertíðum.

12. gr.

Laun og annar kostnaður við embætti þau, er upp eru talin í 6.—11. gr., greiðast úr ríkissjóði skv. úrskurði kirkjumálaráðherra.

13. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla, flytja sókn eða hluta úr sókn úr einu prestakalli í annað, leggja niður kirkju eða færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, þar sem ákvæði 2. og 3. gr. eiga ekki við, og skal það mál koma fyrir safnaðarfund, eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur aðeins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Séu söfnuðir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Séu söfnuðir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki síðan héraðsfundur (eða héraðsfundir, ef breytingin nær til fleiri en eins prófastsdæmis) tillögurnar, er kirkjustjórn rétt að staðfesta breytingarnar.

14. gr.

Nú er við breytingar þær, sem um ræðir í 13. gr., aðeins um tilfærslu gjaldenda milli sókna að ræða, og kirkjur eru í báðum sóknum, og skal þá sóknarkirkja sú, er nýja gjaldendur fær við sóknarbreytinguna, gjalda kirkju þeirrar sóknar, er gjaldendur missir, sem svarar þriggja ár lögboðnu sóknargjaldi fyrir hvern gjaldanda. Upphæðin greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum, en án vaxta.

Nú er sókn skipt og tekin upp ný sókn og kirkjubygging hafin, og skal þá kirkjumálaráðherra ef honum berst krafa um það, skipa þrjá menn í samráði við biskup til þess að meta skuldlausar eignir sóknarkirkjunnar. Er kirkjunni síðan skylt að greiða vaxtalaust og með jöfnum afborgunum á næstu 5 árum þann hluta eignanna, er hinni nýju sókn ber að tiltölu réttri við tölu gjaldenda í báðum sóknum, þegar skiptin fara fram, að frádregnu þriggja ár sóknargjaldi þeirra gjaldenda, er kirkjan missir við skiptinguna. — Þegar ný sókn er löglega upp tekin, er presti þess prestakalls, þar sem guðsþjónustuhús sóknarinnar er, skylt að annast þar guðsþjónustur án sérstaks endurgjalds.

15. gr.

Þegar sóknarkirkja er lögð niður, skulu eignir hennar og andvirði renna til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, er sóknin hverfur til, og skiptast á milli þeirra í réttu hlutfalli við tölu þeirra gjaldenda, er hverri sókn bætist við niðurlagningu sóknarinnar.

Nú eyðist kirkjusókn gersamlega af fólki eða söfnuður er orðinn svo fámennur, að hann getur ekki haldið kirkju messufærri að dómi hlutaðeigandi sóknarprests og prófasts, og skal þá prófastur taka við sjóði kirkjunnar og umsjón hennar. Kirkjustjórn ákveður síðan, að fengnum tillögum héraðsprófasts, hvort kirkjan skuli lögð niður. Ef svo verður, varðveitist andvirði hennar og sjóður í Hinum almenna kirkjusjóði. Þau heimili, sem eftir kynnu að vera í sókninni skulu lögð til annarrar sóknar eða sókna eftir ákvörðun kirkjustjórnar. Byggist sóknin á ný og sóknarmenn ákveða að endurreisa kirkju, skal veita henni sóknarréttindi að nýju og afhenda sjóð hinnar niðurlögðu kirkju.

16. gr.

Heimilt er kirkjustjórn að ákveða, að fenginni umsögn sóknarnefnda prestakalls og með ráði sóknarprests og héraðsprófasts, að flytja skulu prestssetur á hentugri stað í prestakallinu. Ákvörðun um þetta efni skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

17. gr.

Viðlend og afskekkt prestaköll skulu njóta staðaruppbótar samkvæmt mati kirkjustjórnarinnar á staðháttum, að fengnum tillögum Prestafélags Íslands.

18. gr.

Nú tekst ekki að fá prestakall skipað er það hefur verið auglýst laust til umsóknar þrisvar, og er þá kirkjustjórn heimilt að sameina það öðru prestakalli eða öðrum. Nú hefur prestakall lagzt niður með þessum hætti og skal það tekið upp að nýju, ef tala íbúa og aðrar aðstæður gera það eðlilegt að mati kirkjustjórnar.

19. gr.

Kirkjustjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem ákvæði 1. greinar hafa í för með sér, komist á svo fljótt, sem við verður komið eftir gildistök þessara laga.

20. gr.

Þegar eftir gildistöku þessara laga skulu ákvæði 1. greinar um skipun prófastsdæma koma til framkvæmda, og skulu starfandi prestar í hinum einstöku prófastsdæmum tilnefna prófasta hið fyrsta.

21. gr.

Kostnaður við embættisferðir prófasta innan hvers prófastsdæmis greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, sem ráðherra úrskurðar.

II. KAFLI
Um Kristnisjóð.

22. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kristnisjóður.

23. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

a) Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í Kristnisjóð.
b) Andvirði kirkjujarða, annarra en prestssetursjarða, sem seldar verða eftir gildistöku laga þessara.
c) Prestakallasjóður. Skal sá sjóður renna í Kristnisjóð.

24. gr.

Tekjur Kristnisjóðs skulu vera:

a) Arður af stofnfé Kristnisjóðs.
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari opinberum kostnaði af þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum og við síðari breytingar á prestaköllum landsins. Skal miða við full prestslaun með sex ára aldurshækkun, eins og þau eru á hverjum tíma, svo og við áætlaðan opinberan kostnað af prestssetri.
c) Tekjur þær, sem prestakallasjóður hefur haft.
d) Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.
e) Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

25. gr.

Hlutverk Kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum og fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.

2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til sérstakra verkefna í þágu þjóðkirkjunnar í heild samkvæmt ákvörðun Kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki Kirkjuráðs.

3. Styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði æskulýðsmála, líknarmála eða að öðrum mikilvægum verkefnum.

4. Veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.
5. Kosta búferlaflutning guðfræðinga, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölulið.
6. Styrkja námsmenn til undirbúnings undir prestsstarf og önnur kirkjuleg störf.
7. Styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.

26. gr.

Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 25. gr., skulu njóta réttinda opinberra starfsmanna. Kandidötum skal reiknað til embættisaldurs sú þjónustu, sem þeir kunna að inna af hendi samkv. 25. gr.

27. gr.

Kirkjuráð hinnar íslenzku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn Kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir Kirkjuþingi á stjórn hans.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Í lögum þessum merkir orðið „kirkjustjórn“ kirkjumálaráðherra og biskup.

29. gr.

Guðfræðingar mega ekki sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar fyrr en þeir hafa gegnt aðstoðarþjónustu samkvæmt 1. tölulið 25. greinar í minnst 6 mánuði.

30. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi eftirtalin lög: nr. 31 4. febr. 1952, nr. 68 24. apríl 1954, nr. 18 21. febr. 1956, nr. 17 20. apríl 1959, nr. 20 21. apríl 1960 og nr. 66 27. apríl 1962, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hin öra þróun, sem átt hefur sér stað á flestum sviðum þjóðlífsins á síðustu áratugum, hefur orðið þess valdandi, að nauðsynlegt hefur reynzt að taka til gagngerðrar endurskoðunar ýmis atriði varðandi skipulagsform þjóðfélagsins og færa þau til samræmis við aðstæður þær, sem nú eru fyrir hendi, og sem verða væntanlega fyrir hendi á næstu áratugum. Á sviðum stjórnsýslu og opinberrar þjónustu við landsmenn má hér nefna: sveitarstjórnarkerfi, dómaskipun, læknaskipun og skipulag þjóðkirkjunnar.

Sveitarstjórnarskipun í heild og í einstökum atriðum er nú til athugunar, og er miðað að því að mynda sveitarstjórnarkerfi, er fullnægi betur nútíma þjóðfélagsháttum, m. a. með hliðsjón af tilfærslu fólks milli byggðarlaga í landinu og gjörbreyttri samgöngutækni.

Læknaskipun hefur þegar verið endurskoðuð, og Alþingi samþykkti á s. l. ári ný læknaskipunarlög í samræmi við þær aðstæður, sem eru fyrir hendi í dag og með rúmum heimildarákvæðum varðandi frekari nauðsynlegar breytingar á læknaskipun í landinu.

Skipulag þjóðkirkjunnar er vitanlega orðið mjög úrelt og fullnægir ekki þeim kröfum, sem gera verður til starfsmöguleika þeirrar þjóðkirkju, sem á samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár lýðveldisins að njóta stuðnings ríkisvaldsins.

Að athuguðu þessu ástandi skipaði kirkjumálaráðherra hinn 23. apríl 1965 fimm manna nefnd til að endurskoða skipun prestakalla og prófastsdæma, og markaði ráðherra nefndinni starfssvið með svo hljóðandi erindisbréfi:

„Verkefni nefndarinnar er að athuga, hvort þörf er á að breyta þeirri prestakallaskipun, sem nú er ákveðin í lögum, og, ef hún telur slíka þörf fyrir hendi, að gera rökstuddar og sundurliðaðar tillögur um nauðsynlegar breytingar.

Nefndin skal hafa í huga þau meginsjónarmið *að* starf hinnar íslenzku þjóðkirkju nái til landsmanna allra, þannig að enginn maður verði afskiptur að því er varðar kirkjulega þjónustu, og *að* hver einstakur prestur og prófastur þjóðkirkjunnar hafi nægilegt starfssvið í samræmi við menntun og starfsorku, að svo miklu leyti sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Nefndin skal gera tillögur um skipun prófastsdæma, er nauðsynlegar kunna að verða í sambandi við tillögur, er nefndin kann að gera um breytingar á skipum prestakalla."

Nefndin tók til starfa í júní 1965 og lauk störfum í marz 1966. Var hún þannig skipuð: Ásgeir Pétursson sýslumaður, formaður, séra Ingólfur Ástmarsson biskupsritari, ritari, Ólafur Björnsson fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Páll Kolka fyrrv. héraðslæknir og séra Sigurður Einarsson, Holti. Starfshættir nefndarinnar voru þeir, að í upphafi, sumarið 1965, var einstökum nefndarmönnum falið að kanna aðstæður í ýmsum tilteknum landshlutum, og var hverjum nefndarmanni falið að kanna tiltekið svæði á landinu. Síðan fóru nefndarmenn um landið, ræddu við klerka og leikmenn á hverjum stað, en að því loknu gáfu nefndarmenn nefndinni í heild skýrslur um aðstæður og gerðu tillögur til nýrrar skipunar prestakalla og prófastsdæma í þeim landshlutum, sem þeim hafði verið falið að athuga. Að fengnum upplýsingum einstakra nefndarmanna tók nefndin í heild til athugunar tillögur um framtíðarskipun prestakalla og prófastsdæma á landinu öllu, og farið var yfir gildandi lög um þessi efni og jafnframt gengið frá tillögum um æskilegar breytingar frá núverandi skipun, lið fyrir lið, með hliðsjón af þjóðfélagsaðstæðum í dag og væntanlegu viðhorfi á komandi árum.

Að nefndarstörfum loknum, hinn 28. marz 1966, skilaði nefndin *einróma* áliti til kirkjumálaráðherra í lagafrumvarpsformi, og skiptist nefndarálitið í 4 meginkafla:

1. Almenn greinargerð.
2. Texti lagafrumvarps.
3. Athugasemdir við einstakar greinar lagafrumvarpsins.
4. Fundargerðir nefndarinnar.

Að fengnu þessu nefndaráliti ákvað kirkjumálaráðherra að kynna það biskupi, öllum starfandi prestum þjóðkirkjunnar, kirkjuráði, kirkjuþingi og alþingismönnum, en jafnframt ákvað ráðherra að taka fyrst afstöðu til málsins í heild og í einstökum atriðum að fengnu áliti prestastefnu, kirkjuráðs (og þar með biskups) og kirkjuþings. Þessir aðilar hafa nú haft málið til athugunar og gert ýmsar breytingatillögur við tillögur þær, er prestakallanefnd skilaði til ráðherra hinn 28. marz 1966.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fyrir Alþingi, er byggt í meginatriðum á tillögum prestakallanefndar. En ýmsar breytingar hafa á orðið í meðferð ráðuneytisins eftir athugun málsins hjá prestastefnu, kirkjuráði og á kirkjuþingi.

Núgildandi lög um skipun prestakalla og prófastsdæma eru lög nr. 31 4. febrúar 1952 með breytingum skv. l. nr. 68/1954, 18/1956, 17/1959, 20/1960 og 66/1962. Samkvæmt lögum þessum er prófastsdæmi nú 21, prestaköll utan Reykjavíkur 109 og prestaköll í Reykjavík 18 (af 18 prestaköllum í Reykjavíkurprófastsdæmi er þó aðeins búið að skipa í 15, sbr. auglýsingu nr. 154/1963).

Með lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir, er lagt til, að prófastsdæmum verði fækkað úr 21 í 15, en prestaköllum utan Reykjavíkur úr 109 í 89.

Þrátt fyrir fækkun þessa og sparnaði í launagreiðslum og öðrum greiðslum, sem er samfara henni, er ekki ætlunin að skerða starfsfé þjóðkirkjunnar.

Í fyrsta lagi eru ákvæði í 6.—11. grein frumvarpsins um að fjölga þeim prestsembættum, sem ekki eru bundin við sérstök prestaköll, og í öðru lagi er lagt til, að beinn sparnaður, sem hlýzt af fækkun prestakalla, renni til kristnisjóðs, sem nánar er getið um hér á eftir.

Þá ber einnig að geta þess, að mörg þeirra prestakalla, sem nú er lagt til að sameina öðrum köllum, hafa verið prestslaus árum eða jafnvel áratugum saman. Þannig má segja, að meginstefna frumvarpsins sé í raun og veru sú að viðurkenna staðreyndir, sem þegar liggja fyrir, og samræma skipulag þjóðkirkjunnar í verulegum atriðum því þjóðfélagsástandi, sem fyrir hendi er í dag.

Annar kafli þessa frumvarps fjallar um *kristnisjóð*.

Kafli þessi er saminn með hliðsjón af ályktun IV. kirkjuþings, sem háð var í Reykjavík 25. október til 6. nóvember 1964, en ályktun þessi var lögð fyrir kirkjuþing af biskupi, og var jafnframt ætlazt til þess, að kirkjuþing tæki afstöðu til þess, hvort rétt þætti að fækka prestaköllum með því að sameina þau öðrum. Kirkjuþing tók þá ekki afstöðu til þess síðarnefnda atriðis, og skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipun prestakalla vorið 1965, svo sem áður er rakið.

Ofannefndri ályktunartillögu, sem kirkjuráð og biskup lögðu fyrir kirkjuþing 1964, fylgi svo hljóðandi greinargerð:

„Tillaga þessi til þingsályktunar hefur tvær meginforsendur. Önnur er sú, að prestakallaskipun landsins er að ýmsu leyti úrelt, og valda því hinir miklu tilflutningar fólks á undanförnum áratugum. Um langt skeið hefur reynzt mjög örðugt að fá mörg prestaköll skipuð, einkum þau, sem fámennust eru og afskekktust, enda hafa prestssetrin að jafnaði komizt í niðurníðslu á þessum stöðum, húsum og öðrum mannvirkjum ekki verið haldið við og sums staðar hafa prestssetursjarðirnar verið hlutaðar sundur með þeim hætti, að sá hluti þeirra, sem presti er ætlaður, er stórum óhentugri eftir. Er ekki fyrirsjáanlegt, að úr þess rætist á næstunni, svo að þau embætti, sem hér er um að ræða, komi kirkjunni að notum. Með tilliti til þess, hve breytingar eru örar í landinu þessi árin og hve mörg eru verkefnin, sem kirkjan þarf að takast á við með tímabærum hætti, er það auðsætt, að hún þarf að yfirvega nýtingu þeirra starfskrafta, sem hún hefur á að skipa. Hún þarf að leita nýrra úrræða til þess að sjá afskekktum byggðarlögum fyrir þjónustu. Mundi hvort tveggja þetta komast í nýtt og betra horf, ef lög yrðu sett í samræmi við þessa tillögu. Má í því sambandi og telja mikilvægt, að leið yrði opnuð til þess að kandidatar í guðfræði gætu fengið nokkra starfsreynslu áður en þeir taka ábyrgð á embætti. Mun það ekki eiga sér stað í kirkjum annarra þjóða, að menn séu sendir beint frá prófborði til þess að takast á hendur prestsembætti með fullri ábyrgð án undanfarins reynslutíma. En svo hefur þetta verið hér á landi.

Hin forsendan er sú, að sjóður sá, sem hér er um að ræða, mundi veita kirkjunni nokkurt aukið svigrúm til starfa. Hann yrði vísir að dálitlum, sjálfstæðum fjárráðum, er Kirkjuþing bæri ábyrgð á og hefði ráðstöfunarrétt yfir og gæti notað til þess að örva og styrkja ný tök í kirkjulegri starfsemi, svo og til þess að launa menn til nauðsynlegra starfa í þágu þjóðkirkjunnar, án þess að eiga um það undir löggjafarvaldið að sækja hverju sinni. Þetta mundi styrkja stöðu Kirkjuþings og

veita því allmiklu traustari fótfestu. Fjárráð sjóðsins yrðu að sönnu ekki svo mikil, að hann gæti lyft Grettistökum. En þó væri honum skv. tillögu þessari séð fyrir tekjum, er mættu nýtast til mikils góðs, ef vel væri á haldið. Munar þar mest um það opinbera framlag, sem gert er ráð fyrir, en þar er aðeins um fé að ræða, sem kirkjunni ber hvort eð er, og eru því ekki gerðar með þessu auknar kröfur, ríkissjóðs.

Flutningsmaður hefur ekki talið rétt að flytja að svo stöddu tillögu um önnur, lögmælt framlög til sjóðsins, en slíkur tekjuauki gæti komið til greina, þótt síðar yrði og þótti sýnt að benda á þann möguleika. Það liggur fyrir að finna tekjustofn handa þjóðkirkjunni, sérstaklega með tilliti til stórframkvæmda safnaða, svo sem bygginga kirkna og viðhalds þeirra. Skal það skýrt tekið fram hér í greinargerð, að þessi tillaga er alls ekki flutt með hliðsjón af tillögu til þingsályktunar, sem síðasta Alþingi samþykkti um það efni, og mun Kirkjuþing fjalla um það á öðrum grundvelli. Sanngjarnt þykir, að Kirkjujarðasjóður, sem stofnaður var á sínum tíma til þess að auðvelda kirkjunni hagstæðari not af jarðeignum sínum, verði látinn renna inn í kristnisjóð, og að verð seldra kirkjujarða hverfi þangað eftirleiðis. Þá er ráð fyrir því gert, að söfnuðir landsins vilji styrkja sjóðinn með frjálsum framlögum og væri eðlilegt, að fjársöfnunardagur væri árlega honum til ágóða. Gengið er út frá því, að þetta Kirkjuþing geri tillögu um, hvaða prestaköll skuli nú þegar numin úr lögum og upphæð sú, er þar með losnar, lögð til kristnisjóðs. Að sjálfsögðu verður að ganga út frá því, að ákvæði gildandi laga um skipun prestakalla, þar sem kveðið er á um meðaltölu safnaðarmanna á hvern þjónandi prest í Reykjavík og í kaupstöðum, standi óhögguð og verði framkvæmd lögum samkvæmt, þótt sú lagasetning, sem hér er lögð til, nái fram að ganga.“

Fyrir kirkjuþing 1966 lagði kirkjuráð tillögu, sem efnislega er að miklu leyti í samræmi við frumvarp það, er hér liggur fyrir, og var hún samþykkt af kirkjuþingi með nokkrum breytingum.

Þriðji kafli þessa frumvarps hefur inni að halda almenn ákvæði um gildistöku og um það, hvaða lagaákvæði skuli felld úr gildi, ef frumvarpið verður samþykkt að öðru leyti.

Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar í frumvarpinu.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er meginefni frumvarpsins, skrá um prófestsdæmi og prestaköll.

Prófastsdæmi eru nú 21 að tölu, en lagt er til, að þau verði framvegis 15, enda var skipun prófastsdæma ekki breytt á árinu 1952, þegar allmiklar breytingar voru gerðar á breytingu prestakalla. Skv. frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi breytingar:

Norður-Múlaprófastsdæmi verði stækkað um 1 prestakall (3 sóknir), þ. e. Vallaness-, Þingmúla og Egilsstaðasóknir í núverandi Vallanessprestakalli, þannig að allt Fljótsdalshérað verði framvegis í prófastsdæmi þessu.

Suður-Múlaprófastsdæmi minnkar vegna stækkunar á Norður-Múlaprófastsdæmi.

Skaftafellsprófastsdæmin tvö verði sameinuð í eitt prófastsdæmi, samtals 5. prestaköll.

Mýra- og Borgarfjarðarsprófastsdæmi verði sameinuð.

Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi verði sameinuð.

Ísafjarðarprófastsdæmin verði sameinuð.

Stranda- og Húnavatnsprófastsdæmin verði sameinuð.

Þingeyjarprófastsdæmin tvö verði sameinuð.

Prestaköll, sem lögð eru niður (sameinuð öðrum), eru þessi:
Kirkjubær (sameinað Eiðum og Egilsstöðum).
Hof í Öræfum (sameinað Kálfafellsstað).
Ásar (sameinað Klaustri og Vík).
Fellsmúli (sameinað Kirkjuhvoli).
Skarð í Gnúpverjahreppi (sameinað Hruna og Skálholti).
Þingvellir (sameinað Mosfelli í Grímsnesi og Mosfelli í Mosfellssveit).
Staðarhraun (sameinað Borg og Miklholti).
Hvammur í Dölum (sameinað Hvoli í Saurbæ og Kvennabrekku).
Flatey á Breiðafirði (sameinað Reykhólum).
Brjánslækur (sameinað Sauðlauksdal).
Hrafnseyri (sameinað Bíldudal).
Núpur (sameinað Þingeyri).
Staður í Grunnavík (sameinað Bolungarvík).
Ögurþing (sameinað Ísafirði og Vatnsfirði).
Árnes (sameinað Hólmavík).
Tjörn á Vatnsnesi (sameinað Breiðabólsstað í Vesturhópi).
Hvammur í Laxárdal (sameinað Sauðárkróki).
Barð í Fljótum (sameinað Hofsósi).
Grímsey (sameinað Akureyri).

Í stað Kirkjubæjarprestakalls verður stofnað nýtt prestakall að Egilsstöðum á Völlum með hinni nýju Egilsstaðasókn, ásamt Eiríksstaða- og Hofteigssóknum. Kirkjubæjar- og Sleðbrjótssóknir fylgja Eiðum.

Um 2. gr.

Samhljóða núgildandi lögum, nema að því leyti, að bætt er við ákvæði um skyldu til að kalla saman safnaðarráð, ef þriðjungur safnaðarráðsmanna krefjist þess.

Um 3. gr.

Óbreytt frá núgildandi lögum, nema Reykjavíkurprófastsdæmi kemur í stað Reykjavíkur.

Um 4. gr.

Óbreytt.

Um 5. gr.

Bætt við núverandi reglur ákvæði um að kirkjur skulu undanþegnar gatnagerðargjaldi.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli.

Um 7. gr.

Gert ráð fyrir að fjölga megi svonefndum farprestum í 2.

Um 8. gr.

Bætt við heimild til að ráða tvo menn til aðstoðar æskulýðsfulltrúa.

Um 9. gr.

Nýmæli, heimild til að ráða presta til sjúkrahússþjónustu. Við slíka þjónustu hefur undanfarið starfað einn fyrrverandi prestur gegn lítils háttar þóknun til viðbótar eftirlaunum.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir að lögfesta embætti prests í Kaupmannahöfn, er starfi meðal Íslendinga þar og annars staðar á Norðurlöndum. Til þessara starfa hefur verið ráðinn prestur frá miðju ári 1964, og laun hans og embættiskostnaður greitt skv. sérstökum fjárveitingum.

Um 11. gr.

Heimild skv. greininni til að ráða prest til starfa meðal sjómanna er nýmæli.

Um 12. gr.

Rétt þykir að skýrt ákvæði sé varðandi greiðslu launa og embættiskostnað presta, sem gegna ekki sérstökum prestaköllum.

Um 13. gr.

Samhljóða 9. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Samhljóða 10. gr. í gildandi lögum.

Um 15. gr.

Samhljóða 11. gr. í gildandi lögum.

Um 16. gr.

Samhljóða 1. mgr. 12. gr. í gildandi lögum, þó þannig, að í stað tillagna sóknarnefnda komi framvegis umsögn sóknarnefnda.

Um 17. gr.

Nýmæli. Gert er ráð fyrir að staðaruppbót geti fylgt víðlendum og afskekktum prestaköllum. Ákvæði er hliðstætt samsvarandi ákvæði í læknaskipunarlögum.

Um 18. gr.

Nýmæli. Heimild til að leggja niður prestaköll, ef ekki tekst að fá þau skipuð, en jafnframt heimild til að endurstofna þau síðar, ef aðstæður breytast.

Um 19.—21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 22.—27. gr.

Varðandi þessar greinar vísast til almennra athugasemda hér að framan, sbr. greinargerð Kirkjuráðs til Kirkjuþings 1964. Þó skal þess getið, að Kirkjuráð gerði í tillögum sínum ráð fyrir, að Kirkjuþing ráðstafaði fé kristnisjóðs, en í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að Kirkjuráð hafi stjórn um umsjá sjóðsins, en beri ábyrgð fyrir Kirkjuþingi á stjórn sjóðsins.

Um 28.—13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 85. Frumvarp til laga [73. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í bréfi oddvita Miklaholtshrepps, sem ég birti sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, eru færð rök fyrir nauðsyn þess, að hreppsnefnd Miklaholtshrepps fái leyfi eða samþykki Alþingis til sölu jarðarinnar Litlu-Þúfu — og að vextir af söluandvirðinu megi renna til styrktar fátækum í nefndu hreppsfélagi.

Einnig fylgir endurrit úr afsals- og veðskuldabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, um yfirlýsingu gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar bónda á Litlu-Þúfu, dags. 21. júní 1880.

Fylgiskjal I.

Stakkhamri, 3. október 1966.

Hr. alþingismaður
Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi.

Fyrir hönd hreppsnefndar Miklaholtshrepps fer ég þess á leit við þig, hr. alþingismaður, að þú flytjir á næsta Alþingi tillögu um, að hreppsnefnd Miklaholtshrepps verði leyft að selja kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi ábúandanum Ingveldi Jóhannsdóttur.

Tildrög málsins eru þau, að ábúandinn fór fram á það við hreppsnefndina, að hreppurinn legði fram fé til umbóta á jörðinni, eða seldi sér hana að öðrum kosti.

Hreppsnefndin vill ekki að svo stöddu leggja fram fé til umbóta á jörðinni, meira en gert hefur verið, þar sem eigna- og umráðaréttur hans á jörðinni virðist, samkvæmt gjafabréfi, vera nokkuð takmarkaður, en mundi hins vegar fúslega samþykkja sölu hennar til ábúanda, ef leyfi hins háa Alþingis lægi fyrir.

Forsenda fyrir gjöf jarðarinnar var í upphafi sú, að tekjur af henni skyldu renna til styrktar fátækum í hreppnum. Sú forsenda er nú í rauninni fallin burtu með aukinni samhjálp hins opinbera í því efni, enda mjög lítilfjörlegar tekjur eftir jörðina að hafa eins og er, og þá einnig óvíst, hvernig fara mundi, ef hreppurinn færi að leggja fé í kostnað við byggingar o. fl., sem ábúandinn kynni að óska eftir.

Hins vegar hefur hreppsnefndin ákveðið, ef leyfi fengist til sölu jarðarinnar og hún yrði seld ábúanda, að söluverð hennar skuli renna til menningarmála og þá með því að láta það ganga til hins nýja barna- og unglingaskóla í **Laugargerði.**

Með vinsemd og virðingu.

Oddviti Miklaholtshrepps.

Alex. Guðbjartsson.

Fylgiskjal II.

Endurrit úr afsals- og veðskuldabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Nr. 16.

Af því að algóðum guði hefr þóknazt að taka af mér að nokkru leyti sjónina, og nú á seinasta ári að mestu leyti ferlivist, svo að ég ekki get mér þrautalaust að kalla stundu lengr á fótum verið, og því ekki í neinu verulegu gengið um mitt eða eptir því litið inni né úti, og því síður af sjálfsburðum án annarra hjálpar og liðveizlu farið frá heimili mínu mér til lífsbjargarfanga, aðdrátta eða útréttinga, en á engan einstakan mann að, nær eða fjær, eins og heldr ekki neinn lífserfingja, sem mér án mikils kostnaðar og fémissis gæti eða vildi takast í fang eða á hendur að sjá um mig og fjármuni mína, meðan ég lifi, þá hefi ég nú fyrir skemmstu ráðfært mig við góða menn, hreppsbúa mína, og fundið mér í vaxanda hruma og elli minni umsvifaminnst, hægast og hollast, að gjöra við hreppsnefndina í Miklaholtshreppi, hvar ég nú seinast hefi unnið mér framfærsluhrepp, eftirskrifaðan

Samning og skilmála

að eg hérmeð upp frá þessum degi afhendi henni allar eigur mínar kvikar og dauðar, fastar og lausar, hverju nafni sem nefnast, til allrar reiðilegrar umsjónar, umhirðingar og umráða, þó ekki sem fulla eign, heldur svo sem væru þær fullkomin eign Miklaholtshrepps, móti því hins vegar, að hreppsnefndin í Miklaholtshrepp sameiginlega sjái mér fyrir allri nauðsynlegri forsorgun, góðum verustað og góðri aðhlynningu, meðan líf mitt treinist, og þar að auki, þegar eg hefi skilið hér við tímanlega, einnig þá gjöri standi mínu sæmandi útför og greptrun mína. Þær eigur mínar sem afgangs þessu þá kynnu eptir mig að verða, hverju nafni sem nefnast, ánafna ég hérmeð og gef Miklaholtshreppi, sem hreppi þessum arðberandi kristfé þaðan í frá.

Samning þessum og skilmála óska eg að hreppsnefndin í Miklaholtshreppi láti þinglýsa á næstkomandi manntalsþingi.

Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi dag 21. júní 1880.

Gísli Árnason
handsalað nafn.

Geir Bachmann (L.S.)

Sem viðstaddir vottar að gjörðum þessum
Geir Bachmann (L.S.) (Áteiknun)
Jón Skúlason (L.S.) oddviti hreppsnefndarinnar vegna.

Lesið á manntalsþingi að Fáskrúðarbakka þ. 29. júní 1880 og innfært í afsals- og veðskuldabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu Nr. 5.

Það vottast hér með
Skrifstofu Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 13. október 1880.
Sigurðr Jónsson.

Borgun: Þglestr: 0.75 au
bókun: 0.25
(Ein) 1 króna
borgað
Sigurðr Jónsson

Rétt endurrit staðfestir
Jón Magnússon, ftr.
skrifstofu Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, 7. október 1966.

Nd. 86. Frumvarp til laga [74. mál]

um heimild til verðstöðvunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að eigi megi hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu í hvaða formi sem hún er, þar á meðal til hvers konar þjónustu, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum mánuðum hefur hin mikla verðhækkun, sem orðið hafði á útflutningsafurðum landsins á tveimur síðastliðnum árum, snúizt í verðlækkun á mörgum þýðingarmestu afurðunum. Að svo komnu máli er ekkert hægt um það að fullyrða, hversu mikil þessi verðlækkun muni verða, né hversu lengi hún muni standa. Hækkun afurðaverðs erlendis á undanförnum árum hefur skapað svigrúm fyrir þeim miklu launahækkunum, sem átt hafa sér stað. Á hliðstæðan hátt er það

brýn nauðsyn vegna verðfallsins, að ekki eigi sér stað frekari hækkun framleiðslukostnaðar hjá útflutningsatvinnuvegunum. Það er skilyrði þess, að svo megi verða, að frekari hækkanir verðlags séu nú stöðvaðar. Í þessu skyni ákvað ríkisstjórnin að greiða niður hækkun þá á búvöruverði, sem ella hefði orðið í septembermánuði síðastliðnum, og hefur hún síðan gert ráðstafanir til lækkunar á visitölu framfærslukostnaðar niður í það, sem hún var 1. ágúst s. l., annars vegar með frekari aukningu niðurgreiðslna í síðasta mánuði, og hins vegar með því að hækka fjölskyldubætur frá og með 1. nóvember s. l., svo sem lög heimila. Þessar ráðstafanir geta þó ekki komið að haldi, nema unnt sé að koma á almennri verðstöðvun, og miðar frumvarp þetta að því, að svo megi verða. Beiting þeirra heimilda, sem ríkisstjórninni á að veita samkvæmt frumvarpinu, byggist á þeirri forsendu, að eigi verði kauphækkanir, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að ríkisstjórnin fái, á verðstöðvunartímabili til 31. október 1967, heimild til að ákveða, að verðhækkun á **öllum** vörum og á seldri þjónustu í **hvaða formi sem hún er,** megi ekki eiga sér stað, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og að þau megi þá ekki leyfa aðra verðhækkun en þá, sem þau telja óhjákvæmilega, t. d. vegna verðhækkana erlendis frá.

Yfirvöld þau, er mega, ef til kemur, leyfa óhjákvæmilegar verðhækkanir samkvæmt þessari gr., eru hin sömu og nú fara með verðlagsákvarðanir, hvert á sínu sviði, þ. e. Verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, Sexmannanefnd, er ákveður verð búvöru samkvæmt lögum nr. 55/1966, um breyting á framleiðsluráðslögum nr. 59/1960. Loks eru nokkrar verðlagsákvarðanir lögum samkvæmt í höndum einstakra ráðuneyta.

Um 2. gr.

Ef til kemur, er gert ráð fyrir, að hið almenna verðhækkunarbann gildi þegar frá þeim degi, er frv. þetta var lagt fyrir Alþingi. Augljóst er, að verðhækkanir, er ættu sér stað frá framlagningardegi frv. og þar til það yrði að lögum, mundi torvelda og jafnvel hindra framgang þeirra ráðstafana, er felast í frv.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af því, hve víðtæk ákvæði 1. gr. frv. eru, þykir rétt og sanngjarnt, að álagningarstigar tekjuútsvars, eignarútsvars og aðstöðugjalds hækki ekki, ef til kemur, frá því, sem er 1966, nema sérstakt samþykki ríkisstjórnarinnar komi til. Getur orðið óhjákvæmilegt að veita slíkar undanþágur, eftir mati hverju sinni. Eru um þetta ákvæði í fyrri málsgr. 3. gr., og í síðari málsgr. hennar eru samsvarandi ákvæði um önnur opinber gjöld.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 87. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Í stað orðanna „einni tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf“ í 2. gr. laganna komi: eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

2. gr.

Á eftir orðinu „íþróttir“ í 3. gr. laganna komi: einkum sund.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í skólanum skulu vera fiskimannapróf 1. og 2. stigs.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Til fiskimannaprófs 1. stigs útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):
   1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, almenn brot, tugabrot, finna eina óþekkta stærð í jöfnu, þríliðureikning, einfaldan prósentureikning, veldi og rót, notkun logaritma.
   2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, þríhyrningar, ferhyrningar, hringurinn, flatarmál þríhyrnings, rétthyrnings og hrings.
   3. Þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra, rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
   1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, breidd og lengd; kompáslínur og kompásstrik.
   2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún er fundin með jarðlægum athugunum, á segulskekkjutöflum og stýristöflum.
   3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
   4. Þekking á miðunartækjum, vegmælum og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, drift og straumi; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í sjókortinu.
   5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
   6. Þekking á sextanti og notkun hans.
   7. Þekking á meðferð og notkun helztu siglinga- og fiskileitartækja og annarra raftækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):
   1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum, á bjargtækjum og notkun þeirra.
   2. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, reiða og seglum, undirstöðuþekking á stöðugleika skipa; talíureikningur, almennar skipamælingar.
   3. Að kunna algengustu hnúta, samsetning kaðla og víra, netaviðgerð og seglasaum. Gerð veiðarfæra og meðferð þeirra.

   Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra um fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

IV. Íslenzka (skrifleg og munnleg):

   Að læra íslenzka réttritun og undirstöðuatriði íslenzkrar málfræði, einkum þau atriði, er stuðla að stafsetningarkunnáttu. Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Efnið skal valið þannig, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um efni, sem tilheyrir starfi þeirra, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett. Nemendur læri skýra framsetningu og réttan framburð íslenzkrar tungu.

V. Danska (munnleg):

   Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VI. Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VII. Sjóréttur (skriflegur):
Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjórnarmanna.

VIII. Heilsufræði (munnleg):
Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
3. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum.
4. Þekking á notkun lyfja og tækja í lyfjakistu skips.

5. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, sem verður 6. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis svo hljóðandi:

Til fiskimannaprófs 2. stigs útheimtist hið sama og til fiskimannaprófs 1. stigs og enn fremur:

I. Stærðfræði (skrifleg):
1. Í flatarmálsfræði: Marghyrningar, sporbaugur, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, uppdrættir og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
2. Í þríhyrningafræði: Sinus-regla um flata þríhyrninga.
3. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks og þyngdar tenings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
1. Fyllri þekking á segulskekkju kompássins, kunna að finna segulskekkju með viks-athugun sólar, skyn á kompás-leiðréttingum.
2. Þekking á samdrætti og kunna að reikna stefnu og vegalengd milli tveggja staða með vaxandi breiddarmun og lengdarmun.
3. Þekking á leiðarbókarhaldi.
4. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum þess, á að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólar.
5. Þekking á hæðarleiðréttingum sólar og að kunna að finna breiddina með athugun sólar í hádegisbaug.
6. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið og segulskekkju kompássins með hæðaraðferðinni.
7. Fyllri þekking á meðferð og notkun helztu siglinga- og fiskileitartækja og annarra raftækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg og skrifleg):
1. Þekking á noktun alþjóða-merkjabókar og flöggum og þekking á ljós- og hljóð-morsemerkjum eftir Morse-stafrófi.
2. Skipamælingar og fyllri þekking á stöðugleika skipa. Áhrif skrúfu og stýris.
3. Þekking í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati.
4. Þekking á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu.

IV. Íslenzka (munnleg og skrifleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Fyllri málfræðiþekking og helztu atriði setningafræðinnar.

V. Danska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti í lausu máli, einkum úr sjómannamáli, geta talað dönsku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.

VI. Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt úr að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, geta talað ensku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.
VII. Sjóréttur (skriflegur):
Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs.
VIII. Heilsufræði (munnleg):
Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs, einkum um næma sjúkdóma, samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.
IX. Vélfræði (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, vindur og dælur, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.
X. Bókhald:
Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.
XI. Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði og læra og skilja helztu tákn og skýringar á veðurkorti.

6. gr.

6. gr. laganna, sem verður 7. gr., orðist þannig:

Við burtfararpróf skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir föngum. Í fallgreinum skulu þó vera tveir prófdómarar.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

7. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist þannig:

Þeir, sem staðizt hafa próf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteini við burtfararpróf skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu alþjóðamáli.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum voru lögð fyrir Alþingi haustið 1964, voru þau að mestu sniðin eftir gildandi lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, þeim kafla þeirra, er fiskimannapróf varðaði. Lögin um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum gerðu þó ráð fyrir frekari þekkingu í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja. Verður þetta að teljast eðlilegt vegna tilkomu margs konar nýrra tækja í fiskiskipaflotanum, er óþekkt voru, er lögin um stýrimannaskólann í Reykjavík voru samþykkt árið 1955. Enn fremur gerðu lögin um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum ráð fyrir frekari þekkingu í meðferð sjávarafurða, fiskverkun, fiskmati og þekkingu á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu en ákvæði voru um í hinum eldri lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, þótt fræðsla í þessum greinum hafi án efa verið veitt þar, eftir því sem breyttar aðstæður um borð í íslenzkum fiskiskipum kröfðust.

Á síðasta Alþingi var lögunum um stýrimannaskólann í Reykjavík breytt allverulega, einnig að því er fiskimannaprófið varðar.

Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt til þess að samræma lögin um stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum við þann kafla laganna um stýrimannaskólann í Reykjavík, er fjallar um fiskimannapróf 1. og 2. stigs. Eru 4. og 5. gr. þessa frv. að mestu samhljóða 5. og 6. gr. umræddra laga, eins og þau nú eru eftir þá breytingu, sem á þeim var gerð á síðasta alþingi, þó með nokkrum orðalagsbreytingum. Við III.

kafla 5. gr. þessa frv. (Sjómennska, munnleg og skrifleg) er bætt við tveimur liðum, 3. tölul.: „Þekking í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati“, og 4. tölulið: „Þekking á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu“. Þá eru í 5. gr. frv. fyllri ákvæði en áður var um, að nemendur læri skýra framsetningu og réttan framburð íslenzkrar tungu. Er þetta eðlilegt. Má telja, að fáum sé nauðsynlegri skýr framsetning á mæltu máli en einmitt skipstjórnarmönnum.

Verður að teljast eðlilegt, að lög beggja þessara skóla séu sem mest samhljóða að því er varðar inntökuskilyrði, námsgreinar og fræðslu við nám til fiskimannaprófs 1. og 2. stigs, þar sem báðir þessir skólar veita hliðstæð réttindi, til skipstjórnar á fiskiskipum fyrir þá aðila, sem brottskráðir eru með tilskildum prófum.

Nd. 88. Frumvarp til laga [76. mál]

um byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta byggja á árinu 1967 500 íbúðir til þess að bæta úr skorti þeim á leiguhúsnæði, er nú ríkir í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Nú lýsir stjórn sveitarfélags yfir því, að mikill skortur sé þar á leiguhúsnæði og sé því þörf á aðstoð ríkisins við, að slík leiguhús séu byggð í umdæmi þess. Staðfesti húsnæðismálastofnun ríkisins þetta, skal ríkisstjórnin semja við slík sveitarfélög um byggingu leiguhúsnæðis í umdæmum þeirra. Skulu þessi sveitarfélög þá láta í té ríkinu að kostnaðarlausu lóðir, er séu heilar göturaðir, eins og ríkið óskar. Séu þær útbúnar með öllum leiðslum, er til þarf, þannig að hægt sé að reisa slík hús í húsaröðum á sem hagkvæmastan tæknilegan hátt, yfirleitt þriggja til fjögurra hæða hús og að öðru leyti eins og lög þessi og reglugerðir gera kröfu til. Íbúðir þessar skulu vera tveggja tegunda, önnur tegundin 60—70 fermetrar að stærð að innanmáli útveggja, en hin 70—80 fermetrar, skipt í 2—3 herbergi með eldhúsi og borðkrók.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við sveitarfélög um framlag af þeirra hálfu til slíkra bygginga og séu þau þá meðeigendur að þeim hluta, er þau leggja fram. Ríkisstjórnin má og fela sveitarfélögum stjórn á þessu leiguhúsnæði og eftirlit.

4. gr.

Allt þetta húsnæði skal leigt út með kostnaðarverði. Þó má leiga aldrei vera hærri en sem svarar 8% af verði íbúðanna. Félagsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um, hvernig það skuli reiknast, og um viðhald og viðhaldskostnað.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal bjóða út smíði bygginga þessara og skal, þegar um Reykjavík er að ræða, bjóða út a. m. k. smíði 100 íbúða í einu lagi, svo að hægt sé að knýja fram sem ódýrasta smíði, og a. m. k. 24 íbúðir, þegar um önnur bæjarfélög er að ræða.

6. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að þrjú hundruð milljónum króna, vegna þessara byggingarframkvæmda. Þá er og ríkisstjórninni heimilt að semja við einstaka sjóði um, að þeir leggi fram fé til slíkra bygginga, með þeim kjörum,

að þeir eigi það húsnæði, sem samsvarar framlagi þeirra, og fái af því þær vaxtatekjur, er ríkið ætlaði sjálfu sér. Ríkið annast hins vegar alla stjórn á þessu og skuldbindur sig gagnvart þessum sjóðum til þess að kaupa af þeim þeirra húsnæði, hvenær sem sjóðir þessir æskja þess. Skal það þá greitt með sömu upphæð og fram var lögð. En að tíu árum liðnum mega sjóðir þessir láta selja íbúðir þessar á markaðsverði, ef þeir óska þess.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur falið húsnæðismálastjórn ríkisins framkvæmdir allar í þessum málum fyrir sína hönd.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður nánar með reglugerð um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skortur á leiguhúsnæði, sérstaklega í Reykjavík og nágrenni, en einnig víðar á landinu, er nú orðinn svo mikill, að við neyðarástandi liggur. Er óhjákvæmilegt, að hið opinbera láti það til sín taka, þegar skortur þrengir að almenningi á brýnustu lífsnauðsynjum, eins og húsnæði.

Tillögur þær, sem felast í þessu frv., eiga því ekkert skylt við varanlega framtíðarlausn á húsnæðisvandamálunum. Slík framtíðarlausn þyrfti að vera byggð á félagslegu átaki almennings, er ríkið aðstoðaði með því að veita lán, er nemi helzt 75—90% byggingarkostnaðar, til langs tíma, 60—80 ára, og með lágum vöxtum, 2—4%, enda þyrfti þá að vera tryggt stöðugt verðgildi krónunnar og útrýming alls brasks með íbúðir. Tillögur um framtíðarlausn húsnæðisvandamála munu þingmenn Alþýðubandalagsins leggja fram óháð þessu frv.

Þetta frv. miðar að því að lina nokkuð neyðarástand, sem nú ríkir, með því að ríkið byggi sjálft eða láti húsnæðismálastofnun ríkisins annast það fyrir sig í samráði við viðkomandi bæjarfélög og leigi síðan þessar íbúðir með kostnaðarverði. Er þá nauðsynlegt, að ríkið kappkosti að komast að sem beztum kjörum um lán. Nauðsynlegt er að reyna að knýja það fram með einu eða öðru móti, að vextir verði ekki hærri en 4%. Jafnvel hefur ríkið í hendi sér að skylda bankana, þar með talinn Seðlabankann, með lögum til að lána ríkinu slíka upphæð með slíkum vöxtum, ef erfitt skyldi vera að semja við bankana um slíkt.

Í frv. eru allströng fyrirmæli um fyrirkomulag og byggingu þessa leiguhúsnæðis. Eru þau sett í því skyni, að íbúðir þessar megi verða sem ódýrastar, en þó hentugar og í samræmi við kröfur nútímans. Ætti kostnaðarverð slíkra íbúða að geta orðið 20—30% lægra en venjulegra einkaíbúða.

Ýmsum sjóðum er með 6. gr. gefinn kostur á að lána ríkinu fé og — ef það er fest til a. m. k. 10 ára — að fá rétt til að selja þær íbúðir, sem fé þeirra hefur farið í, að þessum tíma liðnum. Héldi verðbólga áfram, mundu þessir sjóðir þar með hafa tryggt sig gegn henni.

Þar sem frv. þetta miðast við að bæta úr brýnni þörf þessara ára og flutningsmenn hafa trú á, að að 10 árum liðnum yrði búið að koma á skynsamlegum ráðstöfunum til frambúðarlausnar húsnæðisvandamálsins, er lagt til, að selja megi nokkuð af þessum íbúðum þá. Er það máske einnig hentugt frá sjónarmiði hins opinbera að ráðstafa þeim til einstaklinga, þegar viðhald fer að verða meira, því að eigendur mundu þá gæta slíks betur en ella yrði gert.

Tæknilega séð yrði slík bygging leiguhúsnæðis í stórum stíl einnig merkileg tilraun um, hvað spara megi með fullkominni verkhyggni á öllum sviðum.

Ákvarðanirnar um, að leiga megi ekki fara fram úr 8% af kostnaðarverði íbúðanna, ætti að geta orðið til þess að halda nokkuð niðri húsaleigu á nýjustu

íbúðunum. Sökum skortsins á leiguhúsnæði er nú mánaðarleiga á 2—3 herbergja íbúðum orðin miklu hærri en samsvarar byggingarkostnaði, og eru þess dæmi í Reykjavík, að slíkar íbúðir séu leigðar á 7000 kr. á mánuði og þar yfir og jafnvel fríðindi, svo sem fyrirframborganir, að auki. En í þeim ríkisíbúðum, sem fyrirhugaðar eru samkv. þessu frv., ætti leiga að geta orðið allt að helmingi lægri og er samt há miðað við kaupgjald þorra verkamanna. En lægri leigu eða lægri kostnað við eigin íbúð er hins vegar erfitt að knýja fram, nema með róttækri breytingu á lánamálum hvað íbúðabyggingar snertir og þá fyrst og fremst lágum vöxtum, 2—4%, eins og fyrr er getið.

Frv. þetta hefur nú verið flutt á undanförnum þrem þingum, var fyrst flutt á þinginu 1963—64. Nauðsynin á samþykkt þess og framkvæmd hefur hins vegar farið sívaxandi.

Nánar verður frv. þetta skýrt í framsögu.

Nd. 89. Frumvarp til laga [77. mál]

um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ákveða skal heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík og gerð þeirra höfuðbygginga, sem ákveðið verður að reisa þar, með þeim hætti, er segir í lögum þessum.

Gera skal uppdrátt af heildarskipulaginu, svo og teikningu af öllum höfuðbyggingum, er þar skulu vera. Skal uppdráttur sá gerður með hvort tveggja fyrir augum að varðveita gamlar, sögulegar byggingar miðbæjarins og svip hans, eftir því sem við á, og að tryggja fegurð og samræmi í þeim byggingum, sem reistar verða, sérstaklega þó hinum opinberu byggingum.

Heildarskipulag þetta skal miðast við svæði, sem takmarkast af Hringbraut að sunnan, af Suðurgötu og Garðastræti að vestan, af Tryggvagötu að norðan og af Sóleyjargötu, Skothúsvegi, Þingholtsstræti og (frá Bankastræti) Ingólfsstræti og Sölfhólsgötu að austan.

2. gr.

Ákvörðun þessa heildarskipulags skal sérstök nefnd annast: skipulagsnefnd miðbæjarins. Skal hún skipuð með þeim hætti, er hér segir:

1. 4 menn skulu skipaðir af Alþingi, einn tilnefndur af hverjum þingflokki.
2. 4 menn tilnefndir af ríkisstjórn.
3. 4 menn tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur, einn frá hverjum flokki.
4. 4 menn tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands.

Þá skulu og eftirfarandi menn eiga sæti í nefndinni án tilnefningar: skipulagsnefndarmenn ríkisins, borgarstjóri Reykjavíkur, þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins.

Þessi nefnd skal kjósa sér framkvæmdanefnd. Heimilt er skipulagsnefnd miðbæjarins að ráða í þjónustu sína sérfræðinga og aðra starfsmenn, láta gera teikningar og líkön og gangast fyrir hugmyndasamkeppni, einnig með þátttöku erlendra manna. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starf nefndarinnar. Hafa skal hún aðgang að öllum þeim teikningum, uppdráttum og öðru, sem unnið hefur verið að áður á þessu sviði. Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Skipulagsnefnd miðbæjarins skal alveg sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss — til viðbótar eða í stað hins núverandi, stjórnarráðshúss

og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis. Þá skal hún og ákveða, hvort ráðlegt sé að listasafn ríkisins og aðrar opinberar byggingar verði innan þessa svæðis. Það er og í hennar verkahring að ákveða um, hverjar einkabyggingar verði á þessu svæði, og að móta í aðalatriðum gerð þeirra, sem og torga þeirra og opinberra garða, er þar skal hafa.

Bannað er að rífa eða breyta hið ytra menntaskólahúsinu, alþingishúsinu, dómkirkjunni og stjórnarráðshúsinu, né nokkru því inni í þessum húsum, er raskar sögulegum minjum tengdum þeim.

Nefndin skal ákveða, hvaða aðrar gamlar byggingar skuli standa og bannað sé að fjarlægja eða rífa.

4. gr.

Þar til skipulagsnefnd miðbæjarins hefur lokið störfum og heildarskipulag miðbæjarins verið endanlega ákveðið, er bannað að reisa varanlegar byggingar innan þessa svæðis. Ljúka má þó byggingum þeim, sem byrjað var á fyrir 31. des. 1963.

Engar bráðabirgðabyggingar má reisa á þessu svæði, nema með einróma samþykki skipulagsnefndar miðbæjarins.

5. gr.

Þegar starfi nefndarinnar er lokið og endanlegar tillögur gerðar um allt heildarskipulag miðbæjarins og höfuðbygginga hans, skal nefndin leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, ríkisstjórn og borgarstjórn Reykjavíkur. Fallist allir þessir aðilar á sömu tillögu, er heildarskipulagið þar með ákveðið. Verði ágreiningur milli þeirra, tekur ríkisstjórn endanlega ákvörðun. Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð ströng skipulagsákvæði til þess að tryggja, að framkvæmd skipulagsuppdráttarins verði í föstum skorðum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sem stendur er um það rætt að byggja allar helztu opinberar byggingar ríkis og höfuðborgar, þær er venjulega þykja svipmestar í höfuðborgum, á einum og sama stað: í „kvosinni“, hinum gamla miðbæ Reykjavíkur. Er hér um að ræða stjórnarráðshús, alþingishús og ráðhús Reykjavíkur. Eru starfandi sérstakar nefndir í öllum þessum byggingarmálum, ein í hverju. Hins vegar er enn ekkert heildarskipulag ákveðið.

Samtímis er það svo, að enn standa á þessu sama svæði sögulegar byggingar, sem hver menningarþjóð mundi setja stolt sitt í að varðveita sem bezt til síðari tíma án þess að breyta þeim. Er hér um að ræða hús eins og menntaskólahúsið, alþingishúsið, dómkirkjuna og stjórnarráðshúsið, eða af yngri byggingum Iðnó og gamla Búnaðarfélagshúsið, — sérkennilega fulltrúa horfins byggingarstíls, geymandi einnig sögulegar minjar. Öll þessi hús og ótal fleiri á þessum stað og víðar í Reykjavík, ekki sízt í Vesturbænum, mundu aðrar þjóðir reyna að varðveita sem lengst á þeim stað, þar sem þau eru. Komandi kynslóðir verða ekki í neinum vandræðum með að byggja hús, þær munu búa við allsnægtir í þeim efnum, sem við vart gerum okkur grein fyrir. En eitt geta þær ekki gert: þær geta ekki byggt gömul hús. Þau sögulegu hús, sem nú verða rifin, verða aldrei byggð aftur. Núverandi kynslóð er stundum orðhvöss gagnvart fátækum forfeðrum, er glatað hafi dýrmætum skrifuðum söguminjum, en hún má gæta þess, að komandi kynslóðir dæmi hana ekki harðar fyrir að hafa vísvitandi eyðilagt í bráðræði, steigurlæti eða gróðabraski sögulegar minjar, sem eigi verða endurheimtar.

Það þarf að vanda það vel, hvernig miðbærinn gamli í Reykjavík verður, hvernig hið gamla, sem á að haldast, og hið nýja, sem á að rísa, fari bezt saman, án þess að eyðileggja öll hlutföll og skemma heildarmynd. Það er algerlega ófært að ákveða skipulag hvers húss út af fyrir sig án þess að hafa þegar ákveðið heildarmyndina. Þess vegna er höfuðtilgangur þessa frv. að gera ráðstafanir til þess, að

slíkt heildarskipulag sé ákveðið fyrir miðbik höfuðborgarinnar, áður en farið er að gera óafturkallanlegar ráðstafanir um einstök hús. Er því m. a. lagt til að banna að reisa varanlegar byggingar í miðbænum, unz heildarskipulag hefur verið ákveðið.

Það er þegar búið að spilla mikið útliti Reykjavíkur sökum skorts á yfirsýn, og fer sú eyðilegging stöðugt í vöxt, svo sem skessuhofið á Skólavörðuhæðinni sýnir bezt. Miðbærinn hefur heldur ekki farið varhluta af slíkri eyðileggingu.

Allar menningarþjóðir sýna höfuðborg sinni sérstaka rækt í þessum efnum. Vér Íslendingar eigum að gera það líka. Og það eru síðustu forvöð að taka í taumana.

Það kann vel svo að fara, ef þetta frv. verður samþykkt, að lóðir í miðbænum kynnu að lækka nokkuð í verði, þegar bannað yrði um nokkurt skeið að reisa varanlegar byggingar á þeim.

Áætlað var fyrir nokkrum árum, að söluverð aðeins lóðanna við Austurstræti, Bankastræti og upp að Laugaveg 99 sé a. m. k. 335 millj. kr. (hins vegar eru allar jarðir á landinu líklega undir 200 millj. kr. virði til sölu). Lóðaverðið í miðbænum er baggi á heilbrigðu efnahagslífi. Það væri því til góðs fyrir heildina, ef bann um tíma við byggingum í aðalmiðbænum gæti orðið til að draga úr miskunnarlausu gróðabraski með lóðir þar, svo að ekki sé talað um, að það gæti ef til vill orðið til þess að forða Reykjavíkurborg frá því a. m. k. um tíma að kasta út hundruðum milljóna króna í eyðslu, sem sumir mundu kalla flottræfilshátt, en eyðilegði um leið óafturkallanlega þá aðstöðu, sem þorra bæjarbúa er nú mjög kær við tjarnarendann hjá Vonarstræti.

En þetta eru góðar afleiðingar, sem af samþykkt frv. gætu orðið auk aðaltilgangsins: að tryggja í senn fegurð og þjóðlega ræktarsemi í miðbæ höfuðborgarinnar.

Nd. 90. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum af upphæðinni, frá því þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verði, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, skipuð einum manni frá hverjum þingflokki, rannsakað allt, sem varðar tæknilegt gildi og efnahagslegan rekstur verksmiðjunnar, jafnvel frá upphafi, ef þurfa þykir, og síðan samþykkt að greiða hærra en nafnverð mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem ympað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera rekin sem hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélagarekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun.

Á næstu árum eftir samþykkt frv. í þessari mynd gerðust svo þau tíðindi, að tveir forustumenn Framsóknarflokksins, þeir Hermann Jónasson, er þá var um nokkurt skeið landbúnaðarráðherra, og Eysteinn Jónsson, er löngum var fjármálaráðherra, tóku að lýsa yfir því úr ráðherrastóli á Alþingi, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum stæði í lögunum, að hún væri sjálfseignarstofnun. Var þessum yfirlýsingum strax harðlega mótmælt og átalið, að ráðherrar væru að reyna að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi, er bakað gætu ríkinu stórtjón.

Áburðarverksmiðjan mun hafa kostað um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutafé 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga $\frac{2}{5}$ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema um 120 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherrayfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Óhætt mun að fullyrða, að áburðarverksmiðjan sé nú um 350 milljón króna virði. Þeir menn, sem halda því fram, að einkahluthafar, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, eigi verksmiðjuna, eru í huga sínum að gefa þessum einkahluthöfum 140 milljóna króna eign, þegar afskriftum er lokið.

Áburðarverksmiðjan er reikningslega gott fyrirtæki. Hreinar tekjur verksmiðjunnar 1961 eru, ef farið er að lagafyrirmælum, um 12 milljónir króna.

Það má því ekki seinna vera en nú, að Alþingi taki af öll tvímæli um, að ríkið eigi þessa miklu verksmiðju að fullu. Meðan núverandi 13. gr. er látin haldast, vofir meira að segja alltaf yfir sú hætta, að allri verksmiðjunni sé stolið úr eign ríkisins með því að selja einstökum einkahluthöfum einnig hlutabréf ríkisins. Má í því sam-

bandi minna á þá yfirlýsingu, er núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni síðar meir.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætíð var fyrirhugað, þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Það er því aðalatriðið í þessu frv. að slá föstu, svo að ekki verði framar umdeilt, eignarrétti ríkisins á verksmiðjunni.

Það mun ætlun yfirvalda að þrefalda framleiðslu áburðar fram til ársins 1980. Er þá því meiri nauðsyn á, að áður en slíkar ákvarðanir séu endanlega teknar, sé allt komið á hreint um eignarrétt ríkisins á verksmiðjunni.

Ég hef áður flutt frv. um þetta mál og flyt það nú í nokkuð nýrri mynd, og skulu ástæður til þess skýrðar nánar í framsögu.

Sþ. 91. Fyrirspurn [79. mál]

til menntamálaráðherra um sjónvarp til Austurlands.

Frá Jónasi Péturssyni.

Hvenær má vænta ákvörðunar um byggingu endurvarpsstöðvar sjónvarps á Fjarðarheiði fyrir Austurland?

Sþ. 92. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá fjárveitinganefnd.

			þús. kr.
1. Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 1. I. (Póstur og sími, rekstrartekjur).	
		a. Við 1. (Seld frímerki o. fl.).	
		Fyrir „82 000“ kemur	86 000
		b. Við 3. (Skeytagjöld).	
		Fyrir „27 000“ kemur	28 000
		c. Við 5. (Símaafnotagjöld).	
		Fyrir „243 000“ kemur	270 000
2. —	3. —	A. Sundurliðun. 1. (Póstur og sími, áætluð afskrift).	
		Fyrir „63 500“ kemur	95 500
3. —	10. —	III. 25. Nýr liður:	
		Til Alþjóðaflóttamannasöfnunarinnar	600

				þús. kr.
4.	Við 11. gr.	A. 12. (Til byggingar fangahúsa).		
		Fyrir „1 000“ kemur		1 200
5.	— 11. —	A. 14. Liðurinn orðast svo:		
		Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		350
		Þar af til félagssamtakanna „Vernd“ 250 þús. kr.		
6.	— 11. —	A. 26. (Til Templarahallar).		
		Fyrir „400“ kemur		1 000
7.	— 12. —	IX. Liðurinn orðast svo:		
		Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa:		
		1. Akranes	2 000	
		2. Álafoss	310	
		3. Borgarnes	360	
		4. Eskifjörður	350	
		5. Húsavík, læknisbústaður	160	
		6. Húsavík, sjúkrahús	1 440	
		7. Hvammstangi	119	
		8. Kópavogur	100	
		9. Laugarás	320	
		10. Reyðarfjörður	109	
		11. Sauðárkrókur	500	
		12. Selfoss	200	
		13. Seyðisfjörður	300	
		14. Siglufjörður	1 200	
		15. Skagaströnd	230	
		16. Suðureyri	75	
		17. Vestmannaeyjar	2 200	
		18. Vík	200	
		19. Þórshöfn	300	
		20. Reykjavík	10 000	
		21. Akureyri, v/byggingar þvottahúss	900	
		22. Akureyri, v/kaupa á röntgentækjum	600	
		23. Ísafjörður	168	
		24. Hvammstangi	102	
		25. Austur-Egilsstaðahérað	267	
		26. Norður-Egilsstaðahérað	175	
		27. Kleppjárnsreykir	350	
		28. Ólafsvík	534	
		29. Ólafsfjörður	1 140	
		30. Neskaupstaður	400	
		31. Stórólfshvoll	125	
				25 234
8.	— 12. —	XXVIII. (Námskeið fyrir embættislækna).		
		Fyrir „50“ kemur		80
9.	— 12. —	XXXV. (Námskeið aðstoðarfólks við hjúkrun).		
		Fyrir „50“ kemur		75
10.	— 13. —	A. II. Nýir liðir:		
		a. Til rekstrar snjóbíls á Fljótsdalshéraði vegna læknisþjónustu		30
		b. Til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóbíla		20
11.	— 13. —	C. VII. Liðurinn orðast svo:		
		Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:		
		1. Akranes	700	
		2. Akureyri	700	

		þús. kr.	
3.	Arnarstapi	100	
4.	Bakkafjörður	350	
5.	Bíldudalur	500	
6.	Blönduós	200	
7.	Bolungarvík	600	
8.	Borgarfjörður eystri	300	
9.	Breiðdalsvík	400	
10.	Búðardalur	250	
11.	Búðareyri	600	
12.	Dalvík	350	
13.	Djúpivogur	350	
14.	Drangsnes	100	
15.	Eskifjörður	600	
16.	Eyrarbakki	450	
17.	Fáskrúðsfjörður	200	
18.	Flatey á Skjálfanda	400	
19.	Flateyri	600	
20.	Grafarnes	350	
21.	Grímsey	200	
22.	Hafnarfjörður	700	
23.	Hafnir í Höfnum	100	
24.	Hauganes	500	
25.	Hellissandur	200	
26.	Hellnar	100	
27.	Hofsós	700	
28.	Hólmavík	50	
29.	Húsavík	400	
30.	Hvammstangi	50	
31.	Höfn í Hornafirði	700	
32.	Ísafjörður	500	
33.	Járngerðarstaðir	700	
34.	Kópavogur	400	
35.	Neskaupstaður	700	
36.	Norðurfjörður	300	
37.	Ólafsfjörður	500	
38.	Ólafsvík	700	
39.	Patreksfjörður	500	
40.	Raufarhöfn	400	
41.	Sandgerði	500	
42.	Sauðárkrókur	450	
43.	Seyðisfjörður	700	
44.	Siglufjörður	400	
45.	Skagaströnd	200	
46.	Stokkseyri	250	
47.	Stykkishólmur	500	
48.	Súðavík	300	
49.	Suðureyri	500	
50.	Tálknafjörður	100	
51.	Vestmannaeyjar	700	
52.	Vogar	50	
53.	Vopnafjörður	700	
54.	Þingeyri	500	
55.	Þórshöfn	600	
			22 950

			þús. kr.
12.	Við 13. gr.	C. VIII. Liðurinn orðast svo:	
		Ferjubryggjur:	
		1. Brjánslækur 400	
		2. Staður á Reykjanesi 100	
		3. Eyri í Mjóafirði 100	
			600
13.	— 13. —	C. X. (Eftirstöðvar ríkisframlags til hafnarframkvæmda).	
		Fyrir „16 400“ kemur	11 500
14.	— 13. —	D. IV. 8. (Aðrir flugvellir).	
		Fyrir „1 550“ kemur	1 650
15.	— 13. —	E. I. F. 2. (Jarðeðlisfræðideild, aukavinna).	
		Fyrir „65“ kemur	140
16.	— 13. —	F. VIII. 3. (Til landmælinga, annar kostnaður).	
		Fyrir „1 000“ kemur	1 144
17.	— 13. —	F. XV. (Sjómannaskóli í Vestmannaeyjum).	
		Fyrir „225“ kemur	400
18.	— 14. —	A. II. 3. (Handritastofnunin, annar kostnaður).	
		Fyrir „170“ kemur	200
19.	— 14. —	A. IV. (Fræðslumálastjóraembættið).	
		a. Við d. (Ferða- og bifreiðakostnaður).	
		Fyrir „250“ kemur	275
		b. Við g. Nýir liðir:	
		1. Til kennaranámskeiða	250
		2. Til skólaminjasafns	25
20.	— 14. —	A. VIII. (Menntaskólinn á Akureyri).	
		a. Við b. (Stundakennsla).	
		Fyrir „2 704“ kemur	3 000
		b. Við c. (Hiti, ljós og ræsting).	
		Fyrir „830“ kemur	850
		c. Við d. (Húsaleiga).	
		Fyrir „250“ kemur	319
		d. Við k. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „230“ kemur	300
		e. Við k. Nýr liður:	
		Til brunavarna	100
21.	— 14. —	A. X. 1. b. (Kennaraskólinn, stundakennsla).	
		Fyrir „2 256“ kemur	2 476
22.	— 14. —	A. XV. 27. (Til kennaranámskeiða).	
		Liðurinn fellur niður.	
23.	— 14. —	A. XVI. 49. (Námskeið fyrir gagnfræðaskólakennara).	
		Liðurinn fellur niður.	
24.	— 14. —	A. XXI. 1. (Íþróttakennaraskóli ríkisins).	
		a. Við f. (Ræsting, ljós og hiti).	
		Fyrir „120“ kemur	150
		b. Við j. (Annar kostnaður).	
		Fyrir „100“ kemur	130
25.	— 14. —	A. XXI. 8. Nýr liður:	
		Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna landskeppni við Skota sumarið 1966	50
26.	— 14. —	A. XXVII. Liðurinn orðast svo:	
		Til blindrastarfsemi:	
		1. Blindravinafélag Íslands 100	
		2. Blindrafélagið í Reykjavík 100	
			200

			þús. kr.
27.	Við 14. gr.	A. XXXI. Nýir liðir:	
		a. Til Skáksambands Íslands vegna þátttöku í Ólympíuskákmótinu á Kúbu	75
		b. Til Taflfélags Reykjavíkur vegna húsakaupa	40
28.	— 14. —	B. III. (Þjóðminjasafnið).	
		a. Við 2. (Til aðstoðar o. fl.).	
		Fyrir „485“ kemur	535
		b. Við 7. (Til örnefnasöfnunar).	
		Fyrir „40“ kemur	100
29.	— 14. —	B. V. 2. (Listasafn Íslands, annar kostnaður).	
		Fyrir „365“ kemur	400
30.	— 14. —	B. XIV. (Náttúrugripasafn Akureyrar).	
		Fyrir „50“ kemur	75
31.	— 14. —	B. XIV. Nýr liður:	
		Til náttúrugripasafns Neskaupstaðar	50
32.	— 14. —	B. XV. (Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum).	
		Fyrir „50“ kemur	75
33.	— 14. —	B. XVI. (Náttúrufræðifélagið).	
		Fyrir „35“ kemur	50
34.	— 14. —	B. XXI. (Styrkur til ritstarfa o. fl.)	
		Fyrir „2 500“ kemur	2 530
35.	— 14. —	B. XXIII. (Til Norræna félagsins).	
		Fyrir „100“ kemur	150
36.	— 14. —	B. XXXII. a. (Til tónlistarskóla).	
		Fyrir „3 750“ kemur	4 000
37.	— 14. —	B. XXXII. b. (Barnamúsikskólinn).	
		Fyrir „150“ kemur	195
38.	— 14. —	B. XXXVI. (Þjóðleikhúsið). Nýr liður:	
		Til endurbóta á brunavörnum	275
39.	— 14. —	B. XXXVIII. (Leikfélag Reykjavíkur).	
		Fyrir „300“ kemur	500
40.	— 14. —	B. XLIX. Nýr liður:	
		Til myndlistarskóla í Neskaupstað	20
41.	— 14. —	B. L. Nýr liður:	
		Til sýningar íslenzkrar alþýðulistar í Hamborg	35
42.	— 14. —	B. LII. Nýr liður:	
		Til Iceland Review	80
43.	— 14. —	B. LV. (Til minningarlunda og skrúðgarða).	
		Fyrir „100“ kemur	150
44.	— 14. —	B. LVI. Nýr liður:	
		Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á þörungagróðri	50
45.	— 14. —	B. LVIII. Nýir liðir:	
		a. Til norræna sumarháskólans á Íslandi sumarið 1968 (fyrri greiðsla)	125
		b. Til minnisvarða um Svein Pálsson lækni	25
46.	— 15. —	I. (Biskupsembættið).	
		a. Við 4. (Skrifstofukostnaður).	
		Fyrir „380“ kemur	430
		b. Við 5. (Ferðakostnaður).	
		Fyrir „100“ kemur	125
47.	— 15. —	II. 5. (Húsaleigustyrkur presta).	
		Fyrir „360“ kemur	500
48.	— 15. —	XIV. (Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi).	
		Fyrir „250“ kemur	300

				þús. kr.
49.	Við 16. gr.	A. 1. a. (Búnaðarfélag Íslands).		
		Fyrir „11 792“ kemur		12 192
50.	— 16. —	A. 13. Liðurinn orðast svo:		
		Til fyrirhleðslna:		
		a. Þverá og Markarfljót	500	
		b. Keldnaá í Fljótsdal	100	
		c. Stigá í Öræfum	60	
		d. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	140	
				800
51.	— 16. —	A. 14. Liðurinn orðast svo:		
		Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:		
		a. Grjótá í Svínadal	15	
		b. Þverá hjá Kvíum í Þverárhlíð	20	
		c. Grundará í Eyrarsveit	10	
		d. Holtsá í Fróðárhreppi	20	
		e. Reykjadalsá hjá Fellsenda	20	
		f. Kollabúðaá hjá Kollabúðum	20	
		g. Víðidalsá hjá Víðidalstungu	50	
		h. Vatnsdalsá hjá Hofi	50	
		i. Giljá í Austur-Húnavatnssýslu	20	
		j. Héraðsvötn austan vatna	80	
		k. Svartá við Ártún	20	
		l. Skálará og Nípá í Suður-Þing.	25	
		m. Norðfjarðará í Norðfirði	25	
		n. Norðurdalsá í Breiðdal	40	
		o. Tunguá í Fáskrúðsfirði	10	
		p. Djúpaá í Mýrahreppi	60	
		q. Laxá hjá Blómsturvöllum	10	
		r. Djúpá hjá Maríubakka	20	
		s. Fossálar á Síðu	40	
		t. Skaftá við Stjórnarsand	10	
		u. Eldvatn hjá Syðri-Fljótum	20	
		v. Kúðafljót	50	
		x. Miðskálaá, Holtsá og Írá	60	
		y. Stóra-Laxá hjá Hlíð	15	
		z. Hvítá hjá Kaldaðarnesi	20	
				730
52.	— 16. —	A. 15. Liðurinn orðast svo:		
		Til sjóvarnargarða:		
		a. Akranes	250	
		b. Álftanes	150	
		c. Borgarfj. eystra	50	
		d. Búðardalur	100	
		e. Flateyri	200	
		f. Garðskagi	50	
		g. Grótta	100	
		h. Seltjarnarnes	150	
		i. Stokkseyri	150	
		j. Þórshöfn	200	
				1 400
53.	— 16. —	A. 16. d. (Til landgræðslu, skrifstofukostnaður).		
		Fyrir „50“ kemur		75

			þús. kr.
54.	Við 16. gr.	A. 18. (Til skógræktar). a. Við e. (Til skjólbelta). Fyrir „100“ kemur	200
		b. Við k. (Til skógræktarfélaga). Fyrir „800“ kemur	900
55.	— 16. —	A. 23. (Styrkir til fiskræktar). Fyrir „350“ kemur	700
56.	— 16. —	A. 25. c. (Styrkur til að stunda dýralækningar). Fyrir „50“ kemur	75
57.	— 16. —	A. 31. (Landssamband ísl. hestamannafélaga). Fyrir „25“ kemur	50
58.	— 16. —	A. 36. b. (Bændaskólinn á Hvanneyri). a. Við 4. (Hiti, ljós og ræsting). Fyrir „350“ kemur	385
		b. Við 11. (Til undirbúnings framhaldsnáms). Fyrir „100“ kemur	130
59.	— 16. —	A. 46. Nýr liður: Til Félags áhugamanna um fiskrækt	25
60.	— 16. —	A. 48. Nýr liður: Til landþurrkunar í Út-Hjaltastaðaþinghá	50
61.	— 16. —	B. 4. (Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins). Fyrir „185“ kemur	220
62.	— 16. —	E. I. 2. b. (Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, annar kostnaður). Fyrir „1 650“ kemur	1 850
63.	— 16. —	E. I. 5. h. Nýr liður: Til kalrannsókna	75
64.	— 16. —	E. I. 5. i. 1. (Jarðræktartilraunir, rekstrarkostnaður). Fyrir „2 400“ kemur	2 500
65.	— 16. —	E. I. 5. j. 3. (Fjárræktarbúið á Hesti, annar kostnaður). Fyrir „900“ kemur	1 000
66.	— 16. —	E. I. 5. k. 3. (Tilraunastöðin á Korpúlfsstöðum, annar kostnaður). Fyrir „250“ kemur	300
67.	— 17. —	III. 5. (Iðnnemasamband Íslands). Fyrir „50“ kemur	100
68.	— 17. —	V. 6. Nýr liður: Til sjúkraflugs á Vestfjörðum	125
69.	— 17. —	V. 7. Nýr liður: Til Sviffflugfélags Íslands	100
70.	— 17. —	V. 8. b. (Til starfskvennaskóla). Fyrir „160“ kemur	200
71.	— 17. —	V. 10. Liðurinn orðast svo: Til dagheimila, byggingarstyrkir: a. Á Egilsá ..... 50 b. Verkakvennafélagið Framtíðin ..... 30 c. Í Kumbaravogi ..... 50 d. Í Neskaupstað ..... 75 e. Á Selfossi ..... 75 f. Á Akranesi ..... 75 g. Í Kópavogi 125	480
72.	— 17. —	V. 14. i. (Geðverndarfélag Íslands). Fyrir „25“ kemur	75

				Þús. kr.
73.	Við 17.	gr	V. 19. e. (Bandalag ísl. farfugla). Fyrir „25“ kemur	50
74.	— 17.	—	V. 19. h. Nýr liður: Til æskulýðsnefndar Eyjafjarðar	25
75.	— 17.	—	V. 20. Nýr liður: Til byggingar elliheimilis á Ísafirði, vegna 100 ára afmælis Ísafjarðarkaupstaðar	1 000
76.	— 17.	—	V. 21. (Sjómannaheimili í Neskaupstað). Fyrir „25“ kemur	50
77.	— 20.	—	Út. VI. 7. Nýr liður: Til byggingar starfsmannahúss og greiðslu kostnaðar við malbikun við Kristneshæli	1 000
78.	— 20.	—	Út. IX. (Til sjúkraflugvalla). Fyrir „400‘ kemur	600
79.	— 20.	—	Út. XI. 4. (Til byggingar Sjómannaskólans). Fyrir „640“ kemur	1 000
80.	— 20.	—	Út. XVII. Liðurinn orðast svo: Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri	800
81.	— 20.	—	Út. XLVI. Nýr liður: Til jarðeignasjóðs ríkisins	6 000
82.	— 22.	—	XXIV. Liðurinn orðast svo: Að verja söluandvirði m/s Heklu, m/s Herðubreiðar, m/s Skjaldbreiðar og m/s Þyrils til endurnýjunar á skipakosti Skipaútgerðar ríkisins og til að bæta aðstöðu við vöruafgreiðslu útgerðarinnar við Reykjavíkurhöfn, og enn fremur að leggja fram fé eða taka að láni allt að 15 millj. kr. í sama skyni.		
83.	— 22.	—	XXV. Nýir liðir: a. **Að greiða hluta Íslands í kostnaði við flutninga aðalstöðva NATO frá Frakklandi.** b. **Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað.** c. **Að verja 30 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til framleiðnisjóðs landbúnaðarins.**		

Sþ. 93. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

				Þús. kr.
1.	Við 2.	gr.	1. (Tekju- og eignarskattur). Fyrir „596 000“ kemur	603 000
2.	— 2.	—	5. (Aukatekjur). Fyrir „65 000“ kemur	60 000
3.	— 2.	—	8. (Söluskattur). a. Fyrir „1 280 700‘ kemur	1 328 200
			b. Fyrir „102 500“ kemur	106 300
4.	— 2.	—	10. (Gjald af bifreiðum og bifhjólum). Fyrir „168 800“ kemur	173 300
5.	— 3.	—	A. Sundurliðun. 2. I. (Áfengis- og tóbaksverzlun, sala). Fyrir „859 500“ kemur	868 420

Sþ. **94. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf störf sín og athugun á fjárlagafrumvarpinu þegar á fyrstu dögum þingsins. Hefur nefndin alls haldið 34 fundi um málið, en auk frumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar og afgreiðslu fjölmörg erindi, sem til hennar hafa borizt frá ýmsum aðilum.

Fjárlagafrumvarp það, sem hér um ræðir, er hið fyrsta, sem samið er á vegum þeirrar fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem sett var á stofn innan fjármálaráðuneytisins fyrr á þessu ári.

Enda þótt frumvarpið sé í öllum meginatriðum óbreytt frá því, sem verið hefur, að því er alla uppbyggingu snertir, og þær breytingar, sem stofnunin telur æskilegar við undirbúning og samningu fjárlaganna, bíði næsta árs og komi þá til framkvæmda, í samræmi við nýsett lög um ríkisreikning og fjárlög, þá er það álit meiri hluta nefndarinnar, að fjárveitingar til ríkisstofnana séu að þessu sinni í meira samræmi við raunverulegar þarfir stofnananna en áður hefur tíðkazt. Þetta álit meiri hluta nefndarinnar er byggt á þeim upplýsingum, sem nefndin hefur aflað sér og fram hafa komið í viðræðum nefndarinnar við forsvarsmenn hinna ýmsu ríkisstofnana.

Að þessu sinni hefur hagsýslustjóri ríkisins, Jón Sigurðsson, starfað með nefndinni og veitt henni margvíslegar upplýsingar. Hefur það auðveldað störfin og flýtt fyrir afgreiðslu málsins. — Þá hafa nefndarmenn nú sem fyrr skipt með sér verkum og unnið að athugun einstakra málaflokka milli funda. Hefur það einnig flýtt fyrir afgreiðslu málsins í heild.

Um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Varðandi breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 92 vilja fulltrúar Framsóknarflokksins og fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni taka það fram, að fyrrnefndar breytingartillögur, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóti ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins. Þeir munu því skila séráliti.

Varðandi tekjubálk frumvarpsins leggur meiri hluti nefndarinnar til, að gerðar verði breytingar, svo sem fram kemur á þingskjali 93. Eru breytingartillögur meiri hlutans byggðar á nýjum upplýsingum, sem nefndin hefur fengið frá Efnahagsstofnuninni. Hefur komið í ljós við nýja endurskoðun á tekjum ríkissjóðs á árinu 1966, varðandi suma tekjuliði frumvarpsins, að gera má ráð fyrir, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1967 verði svo sem fram kemur á fyrrnefndu þingskjali.

Með hliðsjón af því ástandi, sem skapazt hefur vegna stórlækkaðs afurðaverðs á mörgum þýðingarmestu útflutningsvörum þjóðarinnar, beitti ríkisstjórnin sér fyrir því á síðastliðnu hausti að greiða niður hækkun á búvöruverði, sem ella hefði komið til framkvæmda í septembermánuði s. l. Síðan hafa komið til framkvæmda, hækkaðar fjölskyldubætur og frekari niðurgreiðslur. Allar þessar ráðstafanir eru til þess ætlaðar, að koma í veg fyrir verðhækkanir innanlands og skapa grundvöll fyrir almennri verðstöðvun.

Af þessu leiðir, að gera verður breytingar á 17. og 19. gr. frumvarpsins, varðandi þá gjaldaliði, sem þessar ráðstafanir snerta. Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um verðstöðvun. Að öðru leyti eru sumir þættir þessara mála enn í athugun hjá ríkisstjórninni. Nefndin hefur því ákveðið að fresta afgreiðslu þeirra til 3. umræðu.

Önnur mál, sem nefndin hefur ekki lokið athugun sinni á og frestar afgreiðslu til 3. umr., eru m. a. tillögur um skiptingu á fé til nýrra skólabygginga og skóla-

stjóraíbúða, enn fremur breytingartillögur við 18. gr. og nokkur erindi, sem nefndin mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umræðna.

Samvinnunefnd samgöngumála mun skila tillögum sínum um styrki til flóabáta og vöruflutninga á sérstöku þingskjali.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

Um 2. gr.

Allar áætlanir um tekju- og eignarskatt eru mikilli óvissu háðar. Miðað er við, að tekjuhækkunin milli 1965 og 1966 nemi 18%, svo og að skattvísitalan verði ákveðin 18% hærri en 1966. Þess skal getið, að hér er átt við allar tekjur af tekju- og eignarskatti, að frádreginni þeirri upphæð, sem færð er til gjalda á 17. gr. Síðan fjárlagafrumvarpið var samið, liggja fyrir nýjar tölur um álagða skatta á öllu landinu. Álagðir skattar 1966 reyndust nokkru hærri en reiknað var með, og hækkar því áætlunin fyrir 1967 að sama skapi. Samkvæmt þessu hækka tekjur af tekju- og eignarskatti um 7 millj. kr.

Samkvæmt endurskoðun Efnahagsstofnunarinnar hækkar söluskattur um 47.5 millj. kr., og þar af leiðandi hækkar framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 3.8 millj. kr. Söluskattur, sem kemur til tekna á 2. gr., verður því nettó 1 221 900 000 kr. — Einnig hækkar gjald af bifreiðum og bifhjólum um 4.5 millj. kr. Hins vegar lækka aukatekjur um 5 millj. kr. í samræmi við nýja áætlun.

Um 3. gr.

Samkvæmt nýjum áætlunum hækka tekjuliðir hjá pósti og síma um 32 millj. kr., en á móti þessu hækkar liðurinn „Áætluð afskrift“ um sömu upphæð, sbr. tillögur nefndarinnar á þingskjali 92.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar verður 557 600 000 kr. vegna nýrrar áætlunar. Þar af leiðandi hækkar sala að frádregnum söluskatti og afslætti um 8 920 000 kr. og niðurstöðutölur breytast samsvarandi.

Um 10. gr.

Lagt er til, að tekinn verði upp nýr liður: Til alþjóðaflóttamannasöfnunarinnar 600 þús. kr.

Um 11. gr.

Til byggingar fangahúsa hækkar um 200 þús. kr. — Lagt er til, að liðurinn „Til fangahjálpar samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra“ hækki um 40 þús. kr., og jafnframt, að félagssamtökin „Vernd“ hljóti 250 þús. kr. af heildarupphæðinni. — Til Templarahallar, byggingarstyrkur, hækkar um 600 þús. kr.

Um 12. gr.

Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 2 849 þús. kr. Er þá haldið sama greiðslufyrirkomulagi og síðastliðið ár, þ. e. a. s. að greiða ríkisframlagið til sjúkrahúsa á 8 árum og til sjúkraskýla og læknisbústaða á 5 árum.

Lagt er til, að liðurinn „Til námskeiða fyrir embættislækna“ hækki um 30 þús. kr. og liðurinn „Til námskeiða fyrir aðstoðarfólk í hjúkrun“ um 25 þús. kr.

Um 13. gr. A.

Lagt er til, að teknir verði upp tveir nýir liðir: Til rekstrar snjóbíls á Fljótsdalshéraði vegna læknisþjónustu 30 þús. kr. og til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóbíla 20 þús. kr.

Um 13. gr. C.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 6 350 000 kr. Hins vegar lækkar liðurinn „Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda“ um 4 900 000 kr. — Ferjubryggjur hækka um 150 þús. kr.

Um 13. gr. D.

IV. liður 8: „Aðrir flugvellir“, hækkar samkvæmt tillögum nefndarinnar um 100 þús. kr.

Um 13. gr. E.

Lagt er til, að F-liðurinn: „Jarðeðlisfræðideild, aukavinna“, hækki um 75 þús. kr.

Um 13. gr. F.

Til landmælinga hækkar liðurinn „Annar kostnaður“ um 144 þús. kr., er það vegna hækkunar á húsaleigu. — Rekstrarstyrkur sjómannaskóla í Vestmannaeyjum hækkar og um 175 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Annar kostnaður hjá Handritastofnuninni hækkar um 30 þús. kr. — Hjá fræðslumálastjóraembættinu hækkar ferðakostnaður um 25. þús. kr. Enn fremur bætast við tveir nýir liðir: Til kennaranámskeiða 250 þús. kr. og til skólaminjasafns 25 þús. kr. Á 14. gr. A. XV. 27 og XVI. 49 eru fjárveitingar til kennaranámskeiða, samtals að upphæð 225 þús. kr. Lagt er til, að báðir þessir liðir verði felldir niður, og er því raunverulega um 25 þús. kr. hækkun að ræða til kennaranámskeiða. — Menntaskólinn á Akureyri, þar er lagt til, að hækkaðir verði nokkrir liðir, og nemur hækkunin samtals 555 þús. kr. — Kennaraskólinn, þar hækkar stundakennsla um 220 þús. kr. — Í sambandi við Íþróttakennaraskóla ríkisins er lagt til, að ræsting, ljós og hiti hækki um 30 þús. kr. og annar kostnaður hækki um 30 þús. kr. — Til blindrastarfsemi hækkar um 170 þús. kr., og er nú styrknum skipt til jafns milli Blindravinafélags Íslands og Blindrafélags Reykjavíkur. — Lagt er til, að teknir verði upp nýir liðir sem hér segir: Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna landskeppni við Skota 50 þús. kr., til Skáksambands Íslands vegna þátttöku í Ólympíuskákmótinu á Kúbu 75 þús. kr. og til Taflfélags Reykjavíkur til húsakaupa 40 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Hjá Þjóðminjasafninu hækka tveir liðir: Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. um 50 þús. kr., er það vegna launahækkunar gæzlukvenna, og til örnefnasöfnunar 60 þús. kr. — Annar kostnaður hjá Listasafni Íslands hækkar um 35 þús. kr. — Náttúrugripasöfnin í Vestmannaeyjum og á Akureyri hækka um 25 þús. kr. hvort. Einnig er lagt til, að náttúrugripasafnið í Neskaupstað verði tekið inn með 50 þús. kr. fjárveitingu. — Til Hins íslenzka náttúrufræðifélags hækkar um 15 þús. kr. — Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa hækkar um 30 þús. kr. — Til Norræna félagsins hækkar um 50 þús. kr. — Framlag til tónlistarskóla er hækkað um 250 þús. kr., og Barnamúsikskólinn er hækkaður um 45 þús. kr. — Í sambandi við Þjóðleikhúsið er tekinn inn nýr liður: Til brunavarna 275 þús. kr. — Fjárveiting til Leikfélags Reykjavíkur er hækkuð um 200 þús. kr. — Styrkir til minningarlunda og skrúðgarða hækka um 50 þús. kr. — Lagt er til, að eftirfarandi liðir verði teknir inn: Til norræna sumarháskólans á Íslandi sumarið 1968 (fyrri greiðsla) 125 þús. kr. Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á þörungagróðri 50 þús. kr. Til Iceland Review 80 þús. kr. Til minnisvarða um Svein Pálsson lækni 25 þús. kr. Til sýningar íslenzkrar alþýðulistar í Hamborg 35 þús. kr. Til myndlistarskóla í Neskaupstað 20 þús. kr.

Um 15 gr.

Skrifstofukostnaður við biskupsembættið hækkar um 50 þús. kr., svo og ferðakostnaður um 25 þús. kr. Einnig hækkar húsaleigustyrkur presta um 140 þús. kr. Og fjárveiting til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. A.

Framlag til Búnaðarfélags Íslands er hækkað um 400 þús. kr., og er það vegna hækkunar á húsaleigu o. fl. — Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar

að hækkar um 30 þús. kr. — Skrifstofukostnaður hjá landgræðslu hækkar um 25 þús. kr. — Hjá skógræktinni hækka tveir liðir: Til skjólbelta um 100 þús. kr. og til skógræktarfélaga um 100 þús. kr. — Styrkir til fiskræktar hækka um 350 þús. kr. — Styrkur til einstakra manna til að stunda dýralækningar hækkar um 25 þús. kr. — Fjárveiting til Landssambands íslenzkra hestamannafélaga er og hækkuð um 25 þús. kr. — Lagt er til, að teknir verði inn tveir nýir liðir: Til Félags áhugamanna um fiskrækt 25 þús. kr. og til landþurrkunar í Út-Hjaltastaðaþinghá 50 þús. kr. — Í sambandi við bændaskólann á Hvanneyri eru hækkaðir tveir liðir: Hiti, ljós og ræsting um 35 þús. kr. og til undirbúnings framhaldsnáms um 30 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Framlag til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er hækkað um 35 þús. kr.

Um 16. gr. E.

Annar kostnaður hjá rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er hækkaður um 200 þús. kr., og er þar um leiðréttingu að ræða.

Í sambandi við rannsóknastofnun landbúnaðarins er tekinn inn nýr liður: Til kalrannsókna 75 þús. kr. Einnig er annar kostnaður við fjárræktarbúið á Hesti hækkaður um 100 þús. kr. Þá hækkar og rekstrarkostnaður jarðræktartilrauna um 100 þús. kr., og annar kostnaður við tilraunastöðina á Korpúlfsstöðum hækkar um 50 þús. kr.

Um 17. gr.

Framlag til Iðnnemasambands Íslands er hækkað um 50 þús. kr. — Einnig hækka framlög til Geðverndarfélags Íslands um 50 þús. kr. og til Bandalags íslenzkra farfugla um 25 þús. kr. — Til starfskvennaskóla hækkar um 40 þús. kr. — Lagt er til, að teknir verði inn eftirfarandi liðir: Til æskulýðsnefndar Eyjafjarðar 25 þús. kr. Til Svifflugfélags Íslands 100 þús. kr. Til sjúkraflugs á Vestfjörðum 125 þús. kr. Til byggingar elliheimilis á Ísafirði, vegna 100 ára afmælis Ísafjarðarkaupstaðar, 1 millj. kr.

Um 20. gr.

Framlag til sjúkraflugvalla hækkar um 200 þús. kr. — Einnig hækkar framlag til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri um 200 þús. kr. og niður fellur orðið „lokagreiðsla“. — Inn eru teknir tveir nýir liðir: Til byggingar starfsmannahúss og greiðslu kostnaðar við malbikun við Kristneshæli 1 millj. kr. og til jarðeignasjóðs ríkisins 6 millj. kr.

Um 22. gr.

Í sambandi við XXIV. liðinn er orðalagsbreyting. Fyrir „m/s Esju“ kemur: m/s Heklu og m/s Herðubreiðar. — Teknir eru inn þrír nýir liðir: Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað. — Að verja 30 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til framleiðnisjóðs landbúnaðarins. — Að greiða hluta Íslands í kostnaði við flutninga aðalstöðva NATO frá Frakklandi.

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas Pétursson.

Matthías Bjarnason. Óskar E. Levý.

Sþ. 95. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, ÁÞ).

		þús. kr.
1.	Við 13. gr. A. Nýr liður (verði rómv. I): Framlag til vegamála samkv. 89. gr. vegalaga, nr. 71/1963	47 000
2.	— 22. — XXV. Nýr liður: Að greiða vegasjóði allt að 47 millj. kr., verði um greiðsluafgang í ríkissjóði að ræða á árinu 1966.	

Sþ. 96. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þar sem þetta fjárlagafrv. er það síðasta, sem afgreitt verður fyrir almennar alþingiskosningar, þykir rétt að hefja þetta nefndarálit með því að rifja upp fyrirheit stjórnarliða fyrir valdatöku þeirra og í upphafi hennar.

Núverandi stjórnarflokkar hófu samstarf sitt um myndun ríkisstjórnar í desember árið 1958, og það hefur staðið síðan, með þeirri breytingu, að Alþýðuflokkurinn fór einn með ríkisstjórn þar til í nóvember 1959. Forsætisráðherra Alþýðuflokksstjórnarinnar lýsti verkefnum þeim, er við þeirri ríkisstjórn blöstu, með svofelldum orðum í upphafi ræðu sinnar, er hann gerði grein fyrir frv. ríkisstjórnarinnar um niðurfærslu verðlags og launa:

„Undanfarnar vikur og mánuði hefur íslenzka þjóðin haft af því áhyggjur þungar, hve þróun verðlags- og kaupgjaldsmála árið 1958 hefur verið óskyggileg og uggvænleg. Verðbólgan hefur farið stöðugt vaxandi og með auknum hraða."

Í framhaldi af þessari skýringu lýsti forsætisráðherra (Emil Jónsson) því yfir, að um tvær leiðir væri að velja til úrbóta vegna atvinnuveganna: meiri álögur eða stöðvun verðbólgu. Síðari leiðina mundi ríkisstjórnin fara og framkvæma hana með auknum niðurgreiðslum og þeirri niðurfærslu verðlags og launa, er frv. það, er hann talaði fyrir, boðaði.

Ríkisstjórn þessi og stuðningslið hennar hélt því fram í kosningabaráttunni 1959, að það hefði tekizt að stöðva dýrtíðina og þeirri stefnu yrði haldið áfram, ef þessir flokkar, Alþýðu- og Sjálfstæðisflokkur, fengju aðstöðu til forustu um málefni þjóðarinnar með myndun ríkisstjórnar. Þykir rétt til að staðfesta, að þessi fyrirheit voru gefin af stjórnarliðinu, að tilfæra hér atriði úr stefnuskrá, blaðaummælum og ræðum, er sanna þetta.

Fyrsta boðorðið í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins við haustkosningar 1959 var: „Stöðvun verðbólgu." Enn fremur: „Náð verði samkomulagi milli framleiðslustéttanna um stöðvun víxlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags." „Leggja inn á nýjar brautir, er sneiði hjá verðbólgu og samdrætti."

Alþýðuflokksmenn létu ekki á sér standa með fögur fyrirheit um stöðvun verðbólgu.

Núverandi félagsmálaráðherra, Eggert G. Þorsteinsson, sagði í Alþýðublaðinu 16. okt. 1959 m. a. þetta:

„Alþýðuflokkurinn heimtar óbreytt ástand. Við í launþegasamtökunum styðjum þá stefnu. Þjóðin veit, að hverju hún gengur. Hennar er að velja á milli."

Emil Jónsson, þáverandi forsætisráðherra, sagði í útvarpsræðu 20. okt. 1959 m. a. þetta:

„Kosningar, sem nú fara í hönd, eru örlagaríkar. Þær eru það vegna þess, að þær skera úr um það, hvort freistað verður að leysa vandamál framtíðarinnar með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefur verið á þessu ári“ (þ. e. 1959).

Út á þessi fögru fyrirheit og önnur álíka fengu stjórnarflokkarnir meiri hluta í alþingiskosningunum 1959 og aftur 1963, þótt naumur væri.

Þar sem fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, sannar greinilega, hvernig til hefur tekizt með framkvæmd á stöðvun verðbólgunnar, skal að því vikið og þeim viðhorfum, sem eru í efnahagslífi þjóðarinnar nú, eftir átta ára stjórn þessara flokka, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksins, í mesta góðæri af náttúrunnar hendi í sögu þessarar þjóðar.

Á þessum átta ára stjórnartíma þeirra hefur gengi íslenzkrar krónu verið fellt tvisvar. Fjárlög hafa hækkað yfir 400%. Vísitala vöru og þjónustu hefur tvöfaldazt á tímabilinu. Til niðurgreiðslu á vöruverði var varið 115 millj. kr. á árinu 1958. Á næsta ári mun þurfa um 720—730 millj. kr. til niðurgreiðslna, auk þess sem þær breytingar, sem gerðar voru á greiðslu fjölskyldubóta árið 1960 og síðar, eru liður í niðurgreiðslu á vöruverði, enda hafa þær áhrif á kaupgjaldsvísitölu. Mun því láta nærri, að um 900 milljónum króna sé varið af fé ríkissjóðs til að halda niðri vöruverði á næsta ári, miðað við þá framkvæmd, sem gildir þar um í dag.

Rekstrarkostnaður ríkisins og ýmissa þjónustustofnana ríkissjóðs hefur aukizt stórlega frá 1958, svo sem þessar tölur sýna:

Kostnaður við stjórnarráð og utanríkisþjónustu um 360%.
Dómgæzlu- og lögreglumál um 440%.
Álagning og innheimta skatta og tolla um 370%.
Niðurgreiðslur um 535%.
Tekjur pósts og síma hafa vaxið um 400%.
Tekjur Ríkisútvarps um 300%.
Daggjöld á Landsspítalanum um 300%.
Rafmagnsverð ríkisrafveitna hefur nærri þrefaldazt.
Og farmgjöld hjá Ríkisskip hafa hækkað um 118%.

Þessi þróun í fjármálum og þjónustu stofnana ríkisins sýnir greinlega, til hvers sú verðstöðvun leiddi, er boðuð var 1959 og stjórnarliðar töldu sig þá hafa komið á og áfram yrði haldið, ef þeir mættu ráða. — Það, sem hefur orðið, er skefjalausari dýrtíð en áður hefur verið, sem leitt hefur til stórkostlega aukins rekstrarkostnaðar ríkisins og niðurgreiðslna, sem aftur hefur leitt til allra þeirra hækkana, er að framan er lýst, og þess, að framlög til verklegra framkvæmda og uppbyggingar í landinu hafa lækkað hlutfallslega. Hefur þessi þróun orðið slík, að árið 1958 var varið til verklegra framkvæmda, uppbyggingar atvinnuvega og framkvæmda ríkisins á 20. gr. fjárlaga 26.2% af heildarfjárhæð þeirra, en nú 13%.

Þessi þróun er alvarleg í landi, þar sem uppbygging og almennar umbætur eru skammt á veg komnar, svo sem í okkar landi er.

Hver er ástæðan til þess, að svo hefur farið um stöðvun verðbólgunnar sem raun ber vitni um?

Ástæðurnar eru margar, og við munum greina frá nokkrum þeirra.

Engin verðstöðvun.

Stöðvun verðbólgunnar var ekki raunhæf árið 1959. Það var þeim ljóst, er fyrir þeirri framkvæmd stóðu. Þeir gerðu sér grein fyrir því, að breytingu á skráðu gengi krónunnar yrði að gera, enda var að því verki gengið, strax og haustkosningar voru um garð gengnar. Verðstöðvun var sýndarmennska, sem sett var á svið vegna kosninga 1959 og til að tryggja núverandi valdhöfum leiðina í valdastólana.

Tekjur útflutningssjóðs teknar í ríkissjóð.

Með gengisbreytingunni 1960 var útflutningssjóður lagður niður. Eðlilegt hefði verið, að tekjustofnar þeir, er útflutningssjóður hafði, hefðu þá einnig verið lagð-

ir niður. Svo var þó ekki gert, heldur tók ríkissjóður til sín tekjur af þeim og lagði jafnframt á nýja skatta, svo sem almennan söluskatt. Skattaálagning ríkisstjórnarinnar varð þá þegar til þess, að vöxtur verðbólgunnar hélt áfram.

Gengisbreytingin 1961.

Gengisbreytingin 1961 var gerð algerlega að óþörfu, eftir að mjög hófsamleg kauphækkun hafði verið gerð og skynsamlegir kjarasamningar. Þessi stjórnarráðstöfun hefur haft mjög mikil áhrif til að auka verðbólguna, enda gerð í refsihug.

Skattaálagning ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin hefur hækkað söluskattinn tvívegis á stjórnartímabilinu. Aukatekjur ríkissjóðs og stimpilgjöld hafa verið hækkuð verulega, eignarskatturinn hefur verið hækkaður með sexföldun á fasteignamati og leyfisgjald af bifreiðum yfirfært á fleiri bifreiðategundir, benzínskattur, þungaskattur og gúmmígjald margfaldað. Auk þessa hefur svo verið lagt á mikið af sérsköttum, svo sem: Bændaskattur, iðnlánasjóðsgjald, gjaldeyrisskattar, veitingahúsaskattar, ríkisábyrgðarsjóðsgjald, umferðarskattar, rafmagnsskattur, launaskattur, skattur á byggingarefni. þjónustugjöld ríkisstofnana, svo sem pósts og síma o. fl., hafa verið margfölduð.

Álag vegna vísitölutryggingar húsnæðislána, vaxtahækkun og óhagstæðari fjárfestingalán hefur og haft mikil áhrif til að auka verðbólguna í landinu.

Útfærsla ríkiskerfisins.

Ríkisstjórnin hefur þanið ríkiskerfið út með nýjum embættum og stofnunum og útfærslu annarra, m. a. til að auka áhrif flokka sinna með því að koma liðsmönnum sínum þar að.

Meðal stofnana og embætta, sem upp hafa verið sett á síðustu árum, eru:

Efnahagsstofnun.
Gjaldheimtan.
Almannavarnir.
Hagsýslugerð.
Ríkisskattstjóri og skattstofur.
Ráðunautur í viðskiptamálum.
Fjölgun bankastjóra og bankaráðsmanna.
Fjölgun stjórnarnefndarmanna í: húsnæðismálastjórn, stjórn sementsverksmiðju, úthlutunarnefnd listamannalauna og síldarútvegsnefnd.
Sakadómurum hefur verið fjölgað, svo og borgarfógetum og borgardómurum.

Fleiri launaðar nefndir eru nú starfandi á vegum ríkisins en áður hefur verið. Meira eytt í ráðstefnur, ferðalög og veizlur á vegum ríkisins en hjá fyrri ríkisstjórnum. Þannig mætti lengi telja, þó að það verði ekki gert hér. Allt hefur þetta krafizt hærri tekna til ríkissjóðs, hærri fjárlaga.

Sparnaður enginn í framkvæmd.

Af fyrrverandi og núverandi fjármálaráðherra voru gefin 59 fyrirheit um sparnað hjá ríkissjóði og sérstakar yfirlýsingar gefnar um hagsýni og ráðdeild í ríkisrekstrinum og meðferð ríkisfjár. Árangurinn af fyrirheitum um sparnað og hagsýni í meðferð ríkisfjár er að finna í greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1967. Þar segir svo m. a.:

„Annað tæknilegt viðfangsefni, sem ekki kemur fram í þeim athugasemdum, sem hér að framan hafa verið gerðar, er skortur á upplýsingum fyrir miðstjórn ríkisrekstrarins til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, við þær fjárhæðir, sem um er beðið eða veittar eru í fjárlögum.

Eins og málum er nú háttað, er grundvöllur fjárveitinga að jafnaði rekstur tiltekinna stofnana, sem hafa tilgreindan fjölda starfsmanna. Kostnaður við rekstur

stofnunarinnar er síðan áætlaður eftir tilkostnaði eða fjárveitingum síðustu ára með álagi fyrir tilkostnaðarhækkunum.

Tilvera stofnunarinnar sem skipulagseiningar skyggir þannig á eða dregur athyglina frá þeim verkefnum, sem þessi skipulagseining á að afkasta.

— — — —

Með þessum hætti fæst oft ekkert mat á því, hversu vel eða illa stofnun hefur sinnt sínum viðfangsefnum, þar eð fjárveiting til stofnunarinnar miðaðist ekki við ákveðið viðfangsefni, heldur við rekstur stofnunar."

Eftir 7 ára fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins kemur sjálfur fjármálaráðherra fram fyrir þjóðina og lýsir yfir því, að hann viti ekkert um ríkisreksturinn, það skorti allar upplýsingar til að tengja hvert viðfangsefni, sem unnið er að, þeirri fjárveitingu, sem veitt er. **Það er góður árangur af hagsýslu og bættum vinnubrögðum þetta.**

Og sparnaður er nú orðinn svo fjarri, að hætt er að gefa fyrirheit þar um eða tala um kjark til að koma sparnaði við. Það eitt má segja að standi þar um sparnað, að eitthvað mætti draga úr kostnaði við kirkjuþing. **Sú fjárhæð er innan við 200 þús. kr. Það munar um minna á fimm milljarða fjárlögum.**

Fjárfestingin skipulagslaus. Verklegar framkvæmdir.

Allt stjórnartímabilið hefur fjárfestingin í landinu verið skipulagslaus. Það og hitt, hvað verðbólgan gleypir mikið af tekjum ríkissjóðs, hefur orðið til þess, að flest nauðsynleg verkefni hins opinbera hafa setið á hakanum. Þannig eru ekki hafnar framkvæmdir við fjörutíu skólabyggingar, sem Alþingi hefur tekið á fjárlög. Af þeim eru þó tuttugu og fimm, sem Alþingi hefur samþykkt að hefja skuli framkvæmdir við. Hér er um að ræða byggingar, sem ekki þola bið. Til viðbótar er nú sótt um fjárveitingar til 30—40 nýrra skólamannvirkja. Sést af þessu, hve geysileg þörf er á auknu fé til nýrra skóla. Ekki er þó ætlað meira fé til þeirra nú en á yfirstandandi fjárlögum, en þar er varið álíka fjárhæð til nýrra gagnfræðaskólabygginga í landinu og hús Guðmundar Í. kostaði ríkissjóð, er það var keypt af honum. Afgreiðsla skólamálanna bíður 3. umræðu, og skulu þau því ekki rædd frekar hér.

Samgöngumál eru eitt af stórmálum þessarar þjóðar. Á fjárlögum íslenzka ríkisins var áður varið verulegri fjárhæð til þeirra. T. d. lagði ríkissjóður alltaf nokkra fjárhæð umfram tekjur af umferð (þ. e. skatta og tolla af bifreiðum og varahlutum til þeirra), en 1960 og síðan hefur ríkissjóður haft verulegar tekjur umfram gjöld af umferðinni, og nú er svo komið, að með fjárlögum 1966 var allt framlag ríkissjóðs til vegamála fellt niður. Þó kemur ríkissjóður til með að hafa 160—180 millj. króna í tekjur af leyfisgjöldum einum á þessu ári, og gert er ráð fyrir svipaðri fjárhæð á næsta ári. Allar tekjur ríkissjóðs af umferðinni, tolltekjur og söluskattar, nema hundruðum milljóna.

Í landi, þar sem vegakerfið er jafnófullkomið og það er í okkar landi, er það réttmæt krafa, að allar þær tekjur, sem ríkissjóður hefur af innflutningi bifreiða, varahluta og brennsluefni til þeirra, gangi til vegamálanna. Lágmarkskrafa er, að sérskattarnir, svo sem leyfisgjöld, gangi til vegasjóðs. Þeirri kröfu verður að koma í framkvæmd, þótt nú sé ekki þingmeirihluti fyrir því.

Ein undirstaða sjávarútvegs og samgangna er góð höfn. Ótalinn er sá aukni útgerðarkostnaður, sem útvegsmenn hafa af lélegum höfnum vegna aukins viðhalds. Fjárveiting til nýbygginga á höfnum átti að vera óbreytt frá yfirstandandi ári. Nokkuð fékkst þokað í rétta átt í fjárveitinganefnd, en þó minna en vonazt var til, þar sem fjárveiting til greiðslu á vangreiddum framlögum ríkissjóðs til hafnarframkvæmda fyrri ára var nærri því lækkuð að sama skapi frá frv. Er það gert í fullkominni andstöðu við okkur fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd. Með þeim fjárveitingum, sem nú er lagt til, og eðlilegum framkvæmdum í hafnagerð á næsta ári má gera ráð fyrir, að ógreiddur ríkissjóðshluti til hafna verði í lok næsta

árs 70—80 millj. króna. Það er a. m. k. tveggja ára ríkisframlag miðað við sömu fjárveitingu og nú er.

Um aðra flokka verklegra framkvæmda er sömu sögu að segja, svo sem framkvæmdir í rafmagnsmálum, sem brennur þó heitt á þeim, sem eftir því bíða. Nú virðist ekki hægt úr nærri 5 milljarða fjárlögum að leggja fram fé úr ríkissjóði, er svipað framkvæmdagildi hefur og var fyrir valdatöku þessarar ríkisstjórnar, er fjárlög voru 800—900 millj. kr., hvað þá í einhverjum hlutföllum við hækkun fjárlaganna.

Hið sama er að segja um flugmálin. Framlag ríkisstjórnarinnar til uppbyggingar flugvalla er svo skorið við nögl, að venjulega er búið að eyða fjárveitingum að mestu fyrir fram. Nokkuð hefur það orðið til hjálpar í framkvæmdum á höfnum og flugvöllum, að útvegað hefur verið lánsfé til framkvæmda þar, þótt það virðist með öllu óeðlilegt, að ríkissjóður geli ekki lagt fram sinn hluta til eðlilegra framkvæmda í landinu af fjárlögum, sem eru 4—5 milljarðar.

Mikið þarf stjórnin á fjármálum ríkisins að breytast til batnaðar, ef hægt á að vera í framtíðinni að halda uppi eðlilegum fjárveitingum til verklegra framkvæmda og greiða vexti og afborganir af skuldum frá góðu árunum á fyrri hluta sjöunda tugs þessarar aldar.

Allt frá 1960 hefur verið eindæma góðæri í þessu landi. Sjávarafli hefur vaxið jafnt og þétt, var til dæmis árið 1958 alls 505 138 tonn, árið 1964 971 514 tonn og árið 1965 1 198 304 tonn. Þar við bætist, að aflaverðmætið hefur hækkað enn þá meira vegna sérstaklega hagstæðs verðlags, og allt hefur selzt, er á land hefur komið. Þrátt fyrir þetta góða árferði hefur stjórnarstefnan leikið atvinnuvegina svo grátt með verðbólgu, vaxtaokri, lánsfjárhöftum og fleiri stjórnarráðstöfunum, að fjárhagsafkoma frystihúsanna er svo slæm, að mörg þeirra og það jafnvel þau stærri hafa stöðvazt. Togaraútgerðin er að gefast upp, helmingur togaraflotans seldur úr landi eða liggur bundinn í höfn. Bátaflotinn, sem stundar línu- og netaveiði, hefur ekki rekstrargrundvöll og bíður eftir aðgerðum ríkisvaldsins til úrbóta. Er sú bið orðin æði löng.

Iðnaður á í harðri keppni við innfluttar iðnaðarvörur. Fleiri og fleiri iðnfyrirtæki heltast úr lestinni, og allur iðnaður á í vök að verjast, enda býr hann vægast sagt við lítinn skilning valdhafanna og seinvirka fyrirgreiðslu.

Landbúnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja á yfirstandandi ári, og þar mun nú vera um samdrátt að ræða. Möguleikar þeir, sem sá atvinnuvegur hafði til útflutnings á framleiðsluvörum sínum, eru nú úr sögunni að mestu vegna verðbólgunnar.

Þetta stutta yfirlit um fjárhagsafkomu atvinnuveganna sýnir, til viðbótar öðru, hve verðbólgan leikur allt atvinnu- og fjárhagskerfi þjóðarinnar grátt. Það sýnir einnig, að ríkisstjórnin hefur enga stefnu í atvinnu- né fjárhagsmálum þjóðarinnar. Hún hefði með valdi sínu á peninga- og bankakerfi landsins og með samningum sínum við stéttarfélögin um kjaramál getað komið stefnu sinni í atvinnumálum í framkvæmd, ef hún hefði einhver verið, en trúleysi hjá ríkisstjórninni á atvinnuvegum þjóðarinnar og á gæðum landsins kom greinilega fram í ræðu forsætisráðherra á flokksráðstefnu Sjálfstæðisflokksins í haust, er hann sá þá braut eina rudda og stefnu markaða, er var væntanlegur atvinnurekstur útlendinga í Straumsvík.

Ljóst er, að á næsta leiti er að ráða fram úr mest aðkallandi vandræðum atvinnuveganna, svo að hjá stöðvun verði komizt. En það verður hins vegar að vera framtíðarverkefni íslenzku þjóðarinnar og ráðamanna hennar að marka sér stefnu í atvinnumálum, gera sér grein fyrir, hvað atvinnuvegirnir geta og hvað ekki, ákveða þeim fjármagn til rekstrarins — og umfram allt að **treysta á atvinnuvegina og trúa á land sitt.**

Í nefndaráliti okkar hér að framan höfum við sýnt fram á, hver sjónhverfing verðstöðvun sú, sem Alþýðuflokksstjórnin taldi sig hafa komið á 1959, var og hve

fjarri veruleikanum voru fyrirheit þeirra stjórnarliða frá 1959 og síðar um stöðvun verðbólgu, um sparnað og hagsýn í ríkisrekstrinum, traustan, varanlegan og heilbrigðan grundvöll, er þeir hétu að skapa atvinnurekstrinum. Við viljum vekja sérstaka athygli á þessum staðreyndum nú, þar sem að því er stefnt að endurtaka sjónhverfinguna frá 1959 með því að greiða niður dýrtíðina fram yfir kosningar.

Við þessa umræðu fjárlagafrv. liggur í raun og veru ekkert fyrir um niðurstöðutölu þess. Fjárveiting til niðurgreiðslna, sem áætluð er á 19. gr. þess 478 millj. kr., verður samkvæmt ákvörðunum, sem teknar hafa verið um niðurgreiðslur, miðað við heilt ár, 720—730 millj. kr., og inn á fjárlagafrv. vantar líka 30—40 milljónir króna vegna hækkunar á fjölskyldubótum. Þá er enn þá óljóst, hvernig ríkisstjórnin ætlar að leysa aðkallandi vandamál sjávarútvegsins og frystihúsanna, og ekki sjáanlegt annað en til þess þurfi einhverjir fjármunir að koma, hvernig sem á að afla þess fjár. Þegar þetta er haft í huga og fleiri verkefni, sem bíða úrlausnar við 3. umræðu fjárlagafrv., er það ljóst, að tekjur ríkissjóðs verða að vera hátt í fimm milljarða á næsta fjárlagaári, ef greiðslujöfnuður á að vera tryggður.

Tekjur ríkissjóðs munu samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra í fjárlagaræðu og því, sem nú liggur fyrir, fara eitthvað á fimmta milljarð kr. á þessu ári. Árið 1966 hefur verið mikið verðbólguár. Í viðskiptalífinu hefur verið sérstaklega mikil „spenna“. Þó virðist ríkisstjórnin reikna með því, að árið 1967 verði meira verðbólguár, þar sem hún gerir ráð fyrir að innheimta meiri tekjur til ríkissjóðs en á yfirstandandi ári. Ætti því þjóðinni að verða það ljóst, hvaða alvara fylgir tali stjórnarliða um verðstöðvun nú. Þeirra hugsun er sú sama og var 1959. Verðstöðvun þarf að sýna fram yfir kosningar. Eftir þær er svigrúm til gengislækkunar, það var gert þá. „Sagan endurtekur sig“, var orðtak Tryggva Þórhallssonar.

Við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 1966 fluttum við fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd aðeins eina tillögu til útgjalda, það var tillaga um, að staðið yrði við samninga um, að ríkissjóður veitti 47 millj. kr. á fjárlögum til vegasjóðs. Þessi tillaga hafði þá og nú sérstöðu, þar sem þessu var heitið við afgreiðslu vegalaga 1963, og minnum við á ummæli hæstv. samgöngumálaráðherra þar um, úr ræðu 17. des. 1963, en þar segir m. a. svo: „Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkisframlagið til veganna verði lækkað, það er alveg útilokað“.

Þessa breytingartillögu flytjum við nú aftur og teljum það skyldu ríkisstjórnarinnar að sjá fyrir tekjum vegna þessara útgjalda.

Enn fremur flytjum við á 22. gr. fjárlaga heimildartillögu þess efnis, að verði um tekjuafgang að ræða á árinu 1966, sem gera má ráð fyrir samkvæmt upplýsingum fjármálaráðherra í fjárlagaræðu, verði ríkisstjórninni heimilt að verja 47 millj. króna til að greiða vegasjóði framlag það, sem honum bar frá ríkissjóði 1966 samkvæmt samkomulaginu frá 1963.

Ástæðan til þess, að við flytjum ekki nema þessa einu brtt., er sú, að óðaverðbólgan, sem ríkisstjórnin hefur magnað með álögum og stjórnleysi, hefur leikið ríkisbúskapinn svo grátt, að ekki er rúm fyrir fjárveitingar til nauðsynlegustu verkefna á fjárlögum, sem verða hart nær fimm milljarðar. Á þessari staðreynd viljum við vekja athygli þjóðarinnar alveg sérstaklega. Við viljum undirstrika, að fjárhagsmál þjóðarinnar verða ekki lagfærð með einstökum brtt., heldur verður að ráðast að orsökum meinsins, þ. e. rótum dýrtíðarinnar.

Ofsköttun, stjórnleysi og stefnuleysi í fjárfestingu þjóðarinnar, sem ríkt hefur hjá þessari ríkisstjórn — og ríkir enn, hefur leitt til þess ástands, sem ríkisstjórnin sjálf hefur gefið þá yfirlýsingu um, að hún væri mitt í góðærinu stödd á vegamótum „velgengni og vandræða“. Viljann til að hanga í valdastólum skortir þó ekki. Þess vegna biður ríkisstjórnin nú um aðstoð stjórnarandstöðunnar til að koma þeim vilja sínum fram og reynir hverja sjónhverfingu annarri fráleitari, eins og það að vera með tilburði og tal um verðstöðvun, um leið og hún afgreiðir fjárlög, sem eiga tilveru sína undir verðþenslu og spennu í viðskiptalífinu. Aðeins stefnubreyting í stjórn á málefnum þjóðarinnar, festa og trú á atvinnuvegi landsmanna,

þjóðina og landið getur komið afgreiðslu fjárlaga, efnahagskerfi og atvinnulífi þjóðarinnar í réttan farveg.

Að lokum viljum við taka fram, að við höfum gert svofelldan fyrirvara um aðild okkar að þeim tillögum, sem fluttar eru af nefndinni og meiri hluti hennar gerir grein fyrir:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins vilja taka fram, að breytingartillögur þær, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóta ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins."

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 97. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

				þús. kr.
1.	Við	10. gr.	II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn). Liðurinn fellur niður.	
2.	—	10. —	II. 1. Nýr liður: Sendiráð á Norðurlöndum	4 500
3.	—	10. —	II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.	
4.	—	10. —	II. 5. Liðurinn orðast svo: Sendiráðið í París	2 800
5.	—	10. —	II. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.	
6.	—	10. —	II. 11. (Ferðakostnaður). Liðurinn fellur niður.	
7.	—	10. —	II. 11. Nýr liður: Til ferðakostnaðar og kostnaðar utanríkisráðuneytisins af samningum við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum	2 400
8.	—	10. —	II. 12. (Kostnaður vegna samninga við erl. ríki á vegum utanríkisráðuneytisins). Liðurinn fellur niður.	
9.	—	10. —	II. 13. (Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins). Liðurinn fellur niður.	
10.	—	10. —	III. 19. (Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins). Liðurinn fellur niður.	
11.	—	11. —	A. 10. b. Liðurinn orðast svo: Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	2 000
12.	—	11. —	A. 20. (Til almannavarna). Fyrir „4 000" kemur	500
13.	—	12. —	XXV. (Styrkur til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis). Fyrir „500" kemur	1 000

			þús. kr.
14.	Við 13. gr.	A. Nýr liður (verður rómv. I): Framlag til vegamála samkv. 89. gr. vegalaga, nr. 71/1963 ..	60 000
15.	— 14. —	A. XXI. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „5 400“ kemur	7 000
16.	— 14. —	B. XXXIX. (Bandalag ísl. leikfélaga). Fyrir „200“ kemur	300
17.	— 16. —	D. IX. (Jarðhitasjóður). Fyrir „10 000“ kemur	12 100
18.	— 16. —	D. X. 3. (Jarðhitadeild, annar rannsóknarkostnaður). Fyrir „3 500“ kemur	5 600
19.	— 16. —	D. X. Tekjur 2. (Jarðhitadeild, úr jarðhitasjóði). Fyrir „10 000“ kemur	12 100
20.	— 17. —	V. 9. (Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.). Fyrir „750“ kemur ..... *Til vara*	2 000 1 000
21.	— 17. —	V. 22. Nýr liður: Til Menningar- og friðarsamtaka kvenna	50
22.	— 22. —	XXV. Nýr liður: Að taka allt að 15 millj. kr. lán og endurlána fé til byggingar dráttarbrauta, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.	

Sþ. 98. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar fjárlög eru afgreidd að þessu sinni, blasa óheillavænlegar afleiðingar af stefnu ríkisstjórnarflokkanna greinilegar við en nokkru sinni fyrr.

Í nærri 7 ár hefur ríkisstjórninni gefizt kostur á, í mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað, að reyna í verki þær kenningar Sjálfstæðisflokksins, að athafnir og umsvif einstaklinga, „hins frjálsa framtaks“, í því skyni að afla sjálfum sér gróða, séu eðlilegasta hreyfiaflið í þjóðfélaginu og að algert frelsi til innflutnings og álagningar á vöruverð leiði til farsælustu þróunar í verðlagsmálum.

Það hefur að sjálfsögðu komið æ betur í ljós, eftir því sem lengra hefur liðið á stjórnartímabil viðreisnarstjórnarinnar, að það sjónarmið að gefa einkaaðilum algerlega frjálsar hendur um ráðstöfun þeirra verðmæta, sem vinnan skapar, frjálsar hendur til skipulagslausrar fjárfestingar, hömlulauss innflutnings án tillits til þarfa þjóðarinnar og til frjálsrar álagningar er í eðli sínu andstætt allri viðleitni til að hamla gegn verðbólgu.

Með ofurkappi sínu að tryggja atvinnurekendum, innflytjendum og öðrum þeim, sem fjármagninu ráða, sem mest frelsi til athafna og umsvifa án tillits til hagsmuna þjóðarheildarinnar, hefur ríkisstjórnin beinlínis ræktað verðbólguna, en síaukinni fjárþörf ríkissjóðs vegna aukningar dýrtíðarinnar hefur hún jafnan mætt með frekari skattheimtu og niðurskurði nauðsynlegustu framkvæmda.

Sú stefna að stuðla sem mest að því, að þau efnahagslögmál verki sem óheftust, að fjármagnið sæki í þær atvinnugreinar og þann rekstur, sem mestan gróða gefur hverju sinni, hefur valdið því, að þær atvinnugreinar, sem ekki hafa haft aðstöðu til að ausa upp af mestu gróðalindunum, svo sem síldveiðum, innflutningsverzlun og byggingu íbúða til sölu, en búa við síaukna verðbólgu, hafa dregizt aftur úr og eru ekki samkeppnisfærar. Er nú svo komið, að verðbólgustefna stjórnarflokkanna

er að koma veigamiklum þáttum framleiðsluatvinnuveganna í þrot. Togaraútgerð er að leggjast niður, enginn grundvöllur er til að gera út aðra vélbáta en þá, sem geta stundað síldveiðar, frystihúsin, sem byggt hafa rekstur sinn á þessum greinum útgerðar, leggja upp laupana eitt af öðru, og allmörg iðnfyrirtæki hafa hætt rekstri.

Alþýðubandalagið hefur frá upphafi viðreisnarstefnunnar varað við þeim afleiðingum hennar, sem nú eru að koma í ljós, og lagt á það áherzlu við afgreiðslu hverra fjárlaga, að breytt yrði um stefnu, áður en hún komi framleiðsluatvinnuvegunum í þrot.

Sérstök áherzla var t. d. á þetta lögð við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1965, þegar verkalýðssamtökin höfðu sumarið 1964 gert úrslitatilraun til þess að fá ríkisstjórnarflokkana til þess að hverfa frá verðþenslustefnunni og gera raunhæfar aðgerðir til stöðvunar verðbólgunnar. Við afgreiðslu þeirra fjárlaga lagði Alþýðubandalagið sérstaka áherzlu á, að leitað yrði til allra þingflokka um samstöðu um niðurskurð á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og frekari aðgerðir til að vinna gegn verðbólgunni. Í stað þess að koma til móts við aðgerðir verkalýðshreyfingarinnar til þess að draga úr verðbólguþróuninni, stórhækkuðu stjórnarflokkarnir söluskatt við afgreiðslu fjárlaga haustið 1964 og hrundu af stað nýrri verðbólguskriðu. Enn var allt látið reka á reiðanum í trausti þess, að sífellt aukin afköst sjómanna við síldveiðar og hækkað afurðaverð gæti vegið upp áhrif verðhækkananna innanlands og haldið útflutningsatvinnuvegunum gangandi.

Viðhorfin í þessu efni eru nú breytt. Í fyrsta sinn um langt skeið hafa sjávarafurðir ekki hækkað í verði og sumar nokkuð lækkað frá því hæsta verði, sem þær hafa náð, og þar með er viðreisnarstefnan að bresta og stöðvun veigamikilla þátta útflutningsframleiðslunnar blasir við.

Nú er stefna ríkisstjórnarinnar komin í sjálfheldu, og þá snýr hún blaðinu skyndilega við. Eftir þrotlausa ræktun verðbólgunnar með tveimur gengislækkunum, vaxtahækkunum og söluskattshækkunum og hvers kyns öðrum álögum tekur ríkisstjórnin til að greiða niður verð á vörum, sem hún hætti að greiða niður s. l. vor, þegar hún lýsti því yfir, að það væri stefna hennar að hætta niðurgreiðslum. Er nú heitið algerri verðstöðvun með því að greiða niður frá 1. ágúst s. l., verðhækkanir, sem hafa áhrif á vísitöluna, en verðlag að öðru leyti fest með þeirri óhóflegu álagningu, sem verzlunarstéttin hefur helgað sér í hinu síaukna álagningarfrelsi undanfarin ár.

Allt er þetta að sjálfsögðu gert til þess að reyna að leyna þjóðina því, fram yfir næstu alþingiskosningar, í hverjar ógöngur viðreisnarstefnan hefur komið framleiðsluatvinnuvegunum í mestu góðærum, sem þjóðin hefur lifað. Það hvarflar að sjálfsögðu ekki að stjórnarflokkunum, að það sé nokkur frambúðarlausn á vandanum að festa það ástand, sem nú ríkir, með verð- og kaupstöðvun, en tilraun er gerð til þess að leika sama blekkingarleikinn og minnihlutastjórn Alþýðuflokksins var látin leika fram yfir síðari þingkosningar 1959. Strax og þær kosningar höfðu farið fram, köstuðu núv. stjórnarflokkar frá sér stöðvunarstefnunni, felldu gengið og skertu lífskjörin á margvíslegan hátt og hófu þá verðbólgustefnu, sem nú er að koma atvinnuvegunum í þrot mitt í góðærunum.

Svo staðráðnir virðast stjórnarflokkarnir vera í því að halda verðbólgustefnunni áfram, ef þeir fá ráðið málum eftir kosningarnar næsta sumar, að í engu er reynt að samræma fjárlagafrumvarpið fyrir næsta ár þeirri verðstöðvun, sem ríkisstjórnin þykist nú keppa að, að öðru leyti en því, að ríflegu fé verður varið til niðurgreiðslna. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1967 ber öll merki fyrri verðbólgufjárlaga viðreisnarstjórnarinnar. Hækkunin frá fyrra ári er meiri en nokkru sinni fyrr, eða nál. 900 millj. kr., sem svarar til 4500 kr. hækkunar á hvert mannsbarn í landinu. Af þessari gífurlegu hækkun fara aðeins um 50 millj. kr. til verklegra fram-

kvæmda, en meginhluti þeirrar upphæðar fer þó til greiðslu skulda, sem þegar hefur verið stofnað til, en ekki til nýrra framkvæmda á næsta ári.

Þegar tekið er tillit til rýrnandi gildis krónunnar, verður því enn áframhald á þeirri þróun, að samhliða stórauknum þjóðartekjum eru þær framkvæmdir, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar, markvisst dregnar saman með ári hverju.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að verja 4.8 millj. kr. til nýrra barnaskólabygginga á öllu landinu eða nákvæmlega sömu upphæð og **hækkun** er frá fyrra ári á rekstrarkostnaði 3 embætta í Reykjavík, en til marks um fjárþörfina er það, að umsóknir liggja fyrir um framlög í 26 ný skólamannvirki. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að verja 6.8 millj. kr. til byggingar nýrra gagnfræðaskóla, en sú upphæð nær því ekki að nema ⅔ hlutum af þeirri **hækkun**, sem áætluð er á einu ári á embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur.

Framlag ríkissjóðs til allra nýrra hafnarframkvæmda annarra en landshafna, er áætlað 6 350 600 kr. á næsta ári, á sama tíma og kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur **hækkar** á einu ári um 8 millj. kr. og kemst upp í 35.5 millj. kr.

Þannig hverfa heildarupphæðir til nýrra framkvæmda á nauðsynlegustu sviðum algerlega í skuggann af árlegum hækkunum á rekstrarkostnaði á einstökum liðum í fjárlagafrumvarpinu.

Við afgreiðslu núgildandi fjárlaga felldu stjórnarflokkarnir niður framlag ríkissjóðs til vegamála, en það framlag hafði árið áður numið 47.1 millj. kr. Var með þeim hætti að engu gert það samkomulag, sem varð milli þingflokkanna um, að ríkissjóður kippti ekki að sér hendinni um framlag til vegamála, samtímis því sem 100 millj. kr. nýir skattar voru lagðir á bifreiðaeigendur.

Þrátt fyrir að ríkistekjurnar séu samkv. áætlun 11. okt. s. l. taldar munu hækka um 910 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum, ætla stjórnarflokkarnir enn ekki að standa við það samkomulag, að ríkisframlag til vegamála skyldi haldast, og til vegasjóðs er engin fjárveiting fyrirhuguð á næsta ári, þótt ríkissjóður hirði á sama tíma 173.3 millj. kr. af bifreiðaeigendum í leyfisgjaldinu einu.

Verðbólgustefna ríkisstjórnarinnar bitnar því ekki einungis á þeim atvinnurekstri, sem nú er að gefast upp, og því fólki, sem við þær atvinnugreinar hefur unnið, heldur veldur hún því á sama tíma, að sífellt minni hluta af þeim fjárhæðum, sem ríkið innheimtir, er varið til nauðsynlegustu verklegra framkvæmda í þágu allra landsmanna, en að sama skapi þenjast rekstrarliðirnir út. Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur hefur t. d. hækkað um 340% á 4 árum eða um 26.5 millj. kr. Kostnaður við borgardómaraembættið er áætlaður 41.5% hærri á næsta ári en á núgildandi fjárlögum, kostnaður við borgarfógetaembættið 37.6% hærri, kostnaður við lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli ríflega 40% hærri, kostnaður við almannavarnir 46.6% hærri og kostnaður við tollstjóraembættið 36.1% hærri.

Með tillögum þeim, sem 2. minni hl. fjárveitinganefndar flytur til breytinga á fjárlagafrv., er aðeins gerð tilraun til nauðsynlegustu lagfæringa. En gegn óheillavænlegri stefnu viðreisnarstjórnarinnar verður að sjálfsögðu ekki hamlað með breytingartillögum við fjárlagafrumv. Til þess þurfa að koma afskipti kjósenda í alþingiskosningum, og víst er, að almenningur í landinu gerir sér nú betur ljóst en nokkru sinni fyrr, hve dýrt það er þjóðinni að búa við ráðsmennsku stjórnarflokkanna, sem hafa fengið að stjórna málum þjóðarinnar í mestu góðærum í sögu hennar, en hafa kaffært svo atvinnuvegina með óstjórn sinni og ráðleysi, að góðærið dugir ekki til mótvægis.

Varðandi breytingartillögur þær, sem fluttar eru í nafni fjárveitinganefndar, skal það tekið fram, að 2. minni hl. styður þær ekki allar og hefur áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins.

Um þær breytingartillögur, sem fylgja nefndaráliti þessu, skal eftirfarandi tekið fram:

Breytingartillögur við 10. gr.

Enn sem fyrr er lagt til, að 3 sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt og um 2.4 millj. kr. sparaðar á næsta ári, en sá sparnaður yrði enn meiri, þegar skipulagsbreytingin væri að fullu komin í kring. Sýnist fráleitt að ausa fjármunum í 3 sendiráð á Norðurlöndum, þegar ekki er talin ástæða til að hafa sendiherra í heilli heimsálfu, sem Íslendingar skipta mikið við.

Þá er lagt til, að lækkuð verði fjárveiting til sendiráðs í París og skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD, en sú útgerð öll kostar rúml. 6 millj. kr. á ári eða næstum jafnmikið og 3 sendiráð. Færi bezt á því nú, þegar Frakkar eru að vísa fulltrúum NATO á dyr, að Íslendingar létu verða af því að fella sína þátttöku þar niður.

Á fjárlagafrumv. er ferðakostnaður utanríkisráðuneytisins, kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum sama ráðuneytis á 3 liðnum með 4.4 millj. kr. fjárveitingu samtals. Lagt er til, að þessir liðir verði sameinaðir í einn lið með 2.4 millj. kr. fjárveitingu. Gæti stjórnin, þótt í litlu væri, sýnt hug sinn til sparnaðar og stöðvunar útþenslu með því að skera þennan kostnað niður.

Ekki verður séð, að það þjóni neinum skynsamlegum tilgangi að eyða fjórðungi milljónar króna á ári til þess að senda fulltrúa frá Alþingi á samkomur þingmannasambands NATO og því einsætt að firra skattgreiðendur þeim kostnaði. Er því lagt til, að þessi liður verði felldur niður.

Breytingartillögur við 11. gr.

Lagt er til, að spöruð verði útgjöld við gæzlu herliðsins á Keflavíkurflugvelli og fjárveiting til lögregluliðs þar lækkuð um tæpl. 6.5 millj. kr., en á fjárlagafrv. eru ætlaðar nál. 8.5 millj. kr. til þessarar gæzlu eða ríflega 11 sinnum meira en ríkið leggur til barnagæzlu í öllu landinu, þ. e. til sumardvalarheimila, vistheimila og dagheimila. Eitt sinn hétu stjórnarflokkarnir að spara á þessum lið, og virðist tími til, að efndirnar fari að sjá dagsins ljós.

Lagt er til, að framlag til almannavarna verði lækkað í 500 þús. kr., í stað þess að hækka það í 4 millj. kr., eins og lagt er til í fjárlagafrv., og er þá haft í huga, að fjárveitingin miðist við hugsanlegar hættur af völdum náttúruhamfara.

Breytingartillögur við 12. gr.

Á ári hverju þurfa fjölmargir sjúklingar að leita læknishjálpar erlendis, iðulega þangað, sem hún er óheyrilega dýr. Þegar svo stendur á, ber þjóðfélaginu að koma til aðstoðar, en mjög hefur skort á, að gert væri ráð fyrir því á fjárl. Er því lagt til, að styrkur til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, verði tvöfaldaður.

Breytingartillögur við 13. gr.

Lagt er til, að staðið verði við það samkomulag þingflokkanna, sem gert var við setningu vegalaga, að áfram verði veitt fé á fjárlögum til vegasjóðs, svo sem 89. gr. vegalaga gerir ráð fyrir.

Breytingartillögur við 14. gr.

Að lokinni síðustu úthlutun úr íþróttasjóði nam ógreidd þátttaka hans í heildarkostnaði íþróttamannvirkja 32.8 millj. kr., og hefur upphæðin farið vaxandi með ári hverju. Lagt er til, að framlag ríkissjóðs til íþróttasjóðs verði hækkað úr 5.4 millj. kr. í 7 millj. kr.

Bandalag ísl. leikfélaga gegnir mikilvægu hlutverki fyrir leikfélög, sem starfa úti á landsbyggðinni. Auknar fjárveitingar til leikfélaganna kalla á meiri þjónustu frá bandalaginu, en það hefur átt við fjárhagsvandræði að stríða og sækir um aukna

fjárveitingu. Lagt er til, að framlag til bandalagsins hækki úr 200 þús. kr. í 300 þús. kr.

Breytingartillögur við 16. gr.

Samkv. fjárlagafrv. er ætlunin að draga úr rannsóknarkostnaði jarðhitadeildar, en mjög skortir á, að fullnægjandi rannsóknir fari fram á jarðhita. Er lagt til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað um 2.1 millj. kr., eins og forráðamenn jarðhitadeildar sóttu um, og þeirri upphæð varið til jarðhitarannsókna.

Bæjar- og sveitarfélög, verkalýðsfélög og önnur samtök sýna vaxandi viðleitni til þess að koma á móts við þörfina á dagheimilum og sumardvalarheimilum fyrir börn, en ríkissjóður eykur ekki framlög sín að sama skapi, og það framlag, sem í fjárlagafrv. er ætlað í þessu skyni, er furðulega lágt. Tillaga er gerð um, að nokkuð verði úr þessu bætt með hækkun framlags úr 750 þús. kr. í 2 millj. kr.

Menningar- og friðarsamtök kvenna hafa unnið merk störf á undanförnum árum og hyggjast nú koma á fót listiðnaðarskóla. Lagt er til, að samtökin verði styrkt með 50 þús. kr. framlagi.

Breytingartillögur við 22. gr.

Framlög til nýrra hafnarframkvæmda eru smátt skömmtuð og hámarksframlag til einstakra hafna aðeins 700 þús. kr., enda þótt um sé að ræða byggingu dráttarbrautar auk stórframkvæmda í hafnargerð á viðkomandi stöðum. Til þess að þeim, sem í slíkum stórframkvæmdum standa til þess að leysa úr brýnum þörfum bátaflotans, sé veitt einhver úrlausn, er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 15 millj. kr. og endurlána það til byggingar dráttarbrauta.

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Geir Gunnarsson.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um fiskeldisstöðvar.

Flm.: Björn Jónsson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fram fara athugun sérfróðra manna á því, hverjar gerðir fiskeldisstöðva, er reknar yrðu sem aukabúgrein, hentuðu bezt íslenzkum bændum, og jafnframt að láta gera athuganir á kostnaði við byggingar og rekstur slíkra eldisstöðva. Þá verði og rannsakað, hver opinber stuðningur sé nauðsynlegur, til þess að þessi búgrein geti eflzt með æskilegum hætti.

Niðurstöður framangreindra athuguna verði kynntar bændum rækilega, í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

Greinargerð.

Víða um heim er fiskrækt í ýmsum myndum rekin sem mikilvæg atvinnugrein, og fer útbreiðsla hennar og arðsemi hraðvaxandi á síðari tímum með aukinni vísindalegri þekkingu og þeim möguleikum, sem hún skapar m. a. á sviði kynbóta og rekstrartækni fiskræktarstöðva.

Flest bendir til þess, að Ísland hafi á margvíslegan hátt yfirburði umfram önnur lönd sem fiskræktarland. Hér er óhemjumikið, gott og enn sem komið er ómengað vatnasvæði, sem víða skortir, bæði vegna náttúrueðlis og nú orðið einnig víða vegna eitrunar og mengunar af völdum nútíma verksmiðjurekstrar og

annarra náttúruspjalla. Hér er kaldtempraður sjór, en þó víða gróður- og lífmikill í lónum, fjörðum og flóum allt umhverfis landið, sem býður margs konar góðfiski hin ágætustu lífsskilyrði og þá ekki síst hinum hraustu og ljúffengu laxfiskastofnum, sem hér hafa lifað frá ómunatíð. Hættulegar hitabreytingar á vatni og sjó þarf hér ekki að óttast, og kuldi vatnsins, sem að vísu gerir þroska nokkru hægari, virðist hin bezta vörn gegn hvers kyns sjúkdómum, sem valda miklum skaða á fiskstofnum í hlýrra umhverfi.

Þeir möguleikar, sem hér eru fyrir hendi, eru síður en svo bundnir við nýtingu hinna stærri fljóta okkar til sportveiði, sem fram til þessa hafa verið helztu nytjarnar. Með ríkulegu klaki lax og silungstegunda, sem sleppt yrði í árnar, skapast aðstaða til stórframleiðslu hinna verðmætustu matvælategunda. Fiskrækt í vötnum, lónum og tjörnum og fiskeldi í tilbúnum tjörnum geta einnig orðið stórar framleiðslugreinar. Margir, ef ekki flestir góðir bæjarlækir bjóða upp á möguleika til arðsamrar fiskræktar, t. d. bleikju, sjóbirtings og vatnaurriða. Þar sem slíkir lækir renna út í sjávarlón, er sérstæð aðstaða til þess að loka lónunum og opna eftir þörfum til endurnýjunar sjónum, sem býr yfir lífrænu fóðri, sem unnt er að auka með ræktun og láta fiskinn alast þar upp við góð skilyrði og með litlum tilkostnaði. Einnig er víða sú að aðstaða, að með stórvirkum vinnuvélum má breyta rennsli lækja og smærri vatnsfalla, svo að stórar tjarnir eða smærri vötn myndist í lægðum og verði uppeldisskjól fyrir ungviði, sem þar gæti dafnað jafnvel með lítilfjörlegri hjálp í formi fóðrunar eða örvunar með ræktun.

Þar sem náttúrlegt fóður hrykki ekki til, svo sem ef um eldispolla væri að ræða, kæmi að sjálfsögðu til fóðuröflun, en hún er víða auðveld, svo sem í grennd við fisk- og kjötvinnslustöðvar. Notkun þurrfóðurs hefur á síðari tímum rutt sér mjög til rúms og hefur mjög auðveldað fiskræktina, en við Íslendingar höfum gnægðir hráefnis í slíkt þurrfóður, og er þess væntanlega ekki langt að bíða, að framleiðsla þess hefjist hérlendis, bæði til útflutnings og innanlandsnotkunar.

Þrátt fyrir þá miklu möguleika, sem allir kunnáttumenn, sem um hafa fjallað, sjá í fiskræktarmálum hér á landi, er fiskrækt hér enn á algeru byrjunarskeiði, ef frá er skilinn rekstur klakstöðva til eflingar sportveiði, sem þó er lítt fallin til þjóðhagslegs hagnaðar. Veldur þar vafalaust mestu um, að þekking á þessari atvinnugrein er og hefur verið af skornum skammti og naumast um að ræða nokkra sérmenntaða menn í þeim fræðum, sem eru undirstaða hennar. Vitneskja um stofn- og rekstrarkostnað eldisstöðva hefur ekki legið á lausu, og fræðsla um klak, hirðingu og eldi hefur ekki verið tiltæk, en allt eru þetta grundvallarskilyrði til þess, að atvinnugreinin geti skapazt og dafnað og dýrmæt reynsla fengizt.

Margt bendir til þess, að í landi, þar sem ekki verður að marki byggt á innlendri reynslu í fiskrækt, sé affarasælast að hefjast handa í fremur smáum stíl, fremur en að efna til stórfyrirtækja þegar í upphafi. Líklegt má og telja, að smáfyrirtæki, sem byggju við góð skilyrði, gætu verið allt eins hagkvæm í rekstri og hin stærri og dýrari. Ekki á þetta síst við í sveitum landsins, þar sem jafnvel mætti nýta vinnuafl unglinga og barna við hin geðfelldu störf, sem sinna þarf í sambandi við fiskræktina, og notfæra ýmsa aðstöðu, sem ella væri gagnslaus með öllu.

Offramleiðsla búvöru er nú af ýmsum talin mikill þjóðhagslegur háski, og víst er um það, að aukin arðbær verkefni til handa því fólki, sem halda vill tryggð við sveitir landsins, eru nauðsyn til viðhalds og eflingar byggðum og búum. Því ber að huga vel að öllum möguleikum, sem opnast til þess, að jafnt ungir sem gamlir geti unað í sveitunum við sambærileg lífskjör og atvinnugreinarnar í fjölbýlinu bjóða. Fiskræktin við hin miklu og góðu vatnasvæði landsins er einn þessara möguleika og trúlega ekki hinn sízti, ef rétt er á haldið og hið opinbera réttir áhuganum, sem nú er að vakna í þessum málum, höndina og hjálpar honum með skynsamlegri forsjá til þess að komast yfir fyrsta hjallann.

Sþ. 100. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar. Efni hennar er áskorun á ríkisstjórnina um að vanda um við Seðlabanka Íslands fyrir, að hann geri ekki skyldu sína samkv. ákvæðum laga frá 24. marz 1961 um hæfilegt framboð lánsfjár til atvinnuveganna.

Það hefur komið fram við umræður um málið, að útlánaaukning bankakerfisins frá því í sept. 1965 til sept. 1966 nemur 1716 millj. kr., en innlánaaukning á sama tíma 1245 millj. kr., og hefur útlánaaukningin því verið 471 millj. kr. umfram innlánaaukningu.

Í greinargerð með tillögunni er látið að því liggja, að hið svokallaða „frysta fé" Seðlabankans liggi þar ónotað af óskiljanlegum eða annarlegum ástæðum. Það hefur hins vegar verið upplýst, að fjármagn Seðlabankans liggur allt annars vegar í gjaldeyrisvarasjóðnum og hins vegar í endurkeyptum víxlum atvinnuveganna. Hin svokallaða „frysting" er því, eins og nú háttar, í því fólgin, að ráðstöfunarréttur á nokkrum hluta innlánaaukningarinnar er tekinn af viðskiptabönkum og sparisjóðum og varið annars vegar til þess að greiða gjaldeyrisvarasjóðinn og hins vegar til endurkaupa á framleiðsluvíxlum. Hið sanna í málinu er því það, að hér er um að ræða hagstjórnartæki og þjónustu, sem fyrst og fremst er miðuð við þarfir atvinnuveganna. Ásökun flutningsmanna tillögunnar í garð stjórnar Seðlabankans er því í fyllsta máta óréttmæt. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að till. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ásakanir þær á stjórn Seðlabankans, sem í till. felast, eru óréttmætar og leiðir þær, sem að er vikið í greinargerð um lausn vandans, óraunhæfar og frekar til þess fallnar að auka vanda atvinnuveganna en leysa, þá ályktar Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1966.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm. — Matthías Bjarnason, fundaskr. — Pétur Sigurðsson.

Axel Jónsson.

Ed. 101. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. nóv. 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Björn Jónsson.

Karl Kristjánsson. — Helgi Bergs.

Sþ. 102. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1966.

Framkvæmdir samkv. vegáætlun 1966.

I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar á yfirstandandi ári, eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu.

1. **Vegáætlun 1965.** Þegar skýrsla um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1965 var lögð fram, þá lágu ekki fyrir lokareikningsskil um framkvæmd hennar. Samkvæmt endanlegum reikningsskilum varð halli á vegáætlun 1965 tæpar 5.9 millj. kr. Af þessum halla voru um 10% á liðnum stjórn og undirbúningur og bein afleiðing launahækkana, en 90% á viðhaldi þjóðvega, sem að mestu leyti stafaði af stórfelldum skemmdum á vegum og brúm vegna mikilla vatnavaxta á Suður- og Vesturlandi í október og nóvember 1965, sem vikið var að í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar fyrir það ár.

2. **Breyting á vegalögum.** Með þeirri breytingu á vegalögum, sem tók gildi 1. jan. s. l., var benzíngjald til vegasjóðs hækkað úr kr. 2.77 á lítra í kr. 3.67 á lítra og þungaskattur af dísilbifreiðum einnig hækkaður um 30—35%. Var áætlað, að tekjur vegasjóðs á yfirstandandi ári af þessari hækkun mundu nema 56.5 millj. kr., en ráðstöfunarfé aukast um 9.5 millj. kr., þar sem fellt var niður 47.0 millj. kr. fjárveiting til vegasjóðs í fjárlögum, sem gert er ráð fyrir í vegáætlun. Var því ákveðið, að auk þeirra framkvæmda, sem vegáætlun í ár gerir ráð fyrir, þá yrði einnig lokið þeim verkum í vegáætlun 1965, sem frestað var það ár samkv. sérstakri heimild í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og nánar voru tilgreind í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1965 og námu alls 9.4 millj. kr.

3. **Áhrif verðhækkana á vegáætlun 1966.** Verulegar verðbreytingar hafa orðið síðan vegáætlun var samin og hafa þær að sjálfsögðu haft í för með sér aukinn kostnað við ýmsar framkvæmdir í vegáætlun. **Kaupgjaldsvísitala hefur hækkað um 15.25% frá 1. marz 1965 til 1. sept. 1966 auk grunnkaupshækkana.**

Eftir því sem næst verður komizt, þá hafa verðbreytingar frá því í febrúar 1965 til ágúst 1966 haft eftirfarandi áhrif til hækkunar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða:

	Marz 1965	Ágúst 1966	Hækkun í %
Vegaviðhald	489	570	16.6
Vegagerð	466	526	12.9
Brúagerð	544	691	27.0

Að brúargerðarkostnaður hækkar meira en vegaviðhald og vegagerð stafar af því, að vinnulaun eru þar hlutfallslega meiri hluti kostnaðar en við vegaviðhald og vegagerð. Þá hefur stytting vinnuvikunnar úr 48 í 44 stundir haft sérstök áhrif til hækkunar í brúargerðarflokkum umfram aðra vegavinnuflokka, þar sem ekki hefur reynzt unnt að láta þá vinna 5 daga vinnuviku, þar sem menn í þeim flokkum eru oftast það fjarri heimilum sínum, að þeir geta ekki farið heim til sín nema aðra eða þriðju hverja helgi.

Þessar verðbreytingar hafa haft í för með sér óhjákvæmileg útgjöld umfram það, sem vegáætlun gerir ráð fyrir, eins og hér greinir:

1. Stjórn og undirbúningur (I)	2 320	þús. kr.	
2. Vegaviðhald (II)	15 000	—	—
3. Brúargerðir (V)	6 600	—	—
			23 320 þús. kr.

Um nánari skýringar á liðum 2 og 3 vísast til viðeigandi framkvæmdaliða í skýrslu þessari.

4. **Áhrif veðurfars og náttúruhamfara.** Á s. l. hausti urðu stórkostleg spjöll á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi. Þar sem skemmdir þessar urðu í október og nóvember var ekki unnt að framkvæma fullnaðarviðgerðir fyrr en s. l. vor og sumar. Kostnaður við þær nam um 3 m.kr.

Síðastliðinn vetur var, eins og kunnugt er, óhemju snjóþungur á Norður- og Austurlandi, en á Suður- og Vesturlandi voru samfelld frost á auða jörð mánuðum saman, sem ollu miklum erfiðleikum vegna svellalaga. Afleiðing þessa varð sú, að beinn kostnaður við snjómokstur og klakahögg varð á s. l. vetri um 17 m.kr. og er það 10 m.kr. hærri upphæð en gert hafði verið ráð fyrir í vegáætlun og verið hafði árið áður. Hefur óhjákvæmilegur kostnaður við vegaviðhald í ár því hækkað um 10 m.kr. af þessum sökum.

Hækkun útgjalda af ofangreindum sökum nemur því:

1. Vegna skemmda af flóðum haustið 1965	3.0	m.kr.
2. Vegna óvenjulegs vetrarviðhalds	10.0	—
Alls	13.0	m.kr.

5. **Viðaukagreiðslur til kaupstaða og kauptúna.** Auk beins framlags samkv. vegáætlun í ár og framlags vegna frestunar framkvæmda á s. l. ári, sbr. lið 2, þá koma til útgjalda í ár á þessum lið 3.368 þús. kr. , sem eru mismunur á 12½% af heildartekjum Vegasjóðs árin 1964 og 1965 og framlagi til kaupstaða og kauptúna samkv. vegáætlun sömu ár.

6. **Innheimta tekna og greiðsluyfirlit.** Í greinargerð með frumvarpi að breytingu á vegalögum, sem lögfest var á Alþingi í des. s. l. og tók gildi hinn 1. jan. þ. á., var áætlað að nettó tekjur Vegasjóðs samkv. lögunum yrðu á yfirstandandi ári 275.2 m.kr. Miðað við innheimtu tekna fyrstu 9 mánuði ársins eru horfur á, að þessi áætlun standist ríflega. Tekjur af þungaskatti hafa verið eins og áætlað var, gúmmígjald hefur orðið um 7% umfram áætlun og benzínsala um 4% umfram áætlun. Standist áætlun í greinargerð frumvarpsins um endurgreiðslur á þungaskatti og benzínskatti má gera ráð fyrir að nettó tekjur vegasjóðs í ár verði um 285 m.kr. eða um 10 m.kr. hærri en áætlað var.

Handbært fé vegasjóðs í ár verður þá samkvæmt framansögðu:

Tekjur:

1. Yfirfærðar nettótekjur frá 1965 skv. rekstrarreikningi	26.2	m.kr.
2. Áætlaðar nettótekjur á árinu	285.0	—
Alls	311.2	m.kr.

Samkvæmt framangreindu yfirliti verða gjöld svo sem hér segir:

Gjöld:

1. Halli á vegáætlun 1965 skv. lið I.	5.9	m.kr.
2. Gjöld samkv. vegáætlun 1966	254.4	—

3.	Gjöld vegna frestunar framkvæmda 1965	9.4 m.kr.
4.	— — verðhækkana skv. lið 3.	23.3 —
5.	— — veðurfars og náttúruhamfara skv. lið 4.	13.0 —
6.	— — kaupstaða og kauptúna skv. lið 5.	3.4 —
	Alls	309.4 m.kr.

Samkvæmt framansögðu eru horfur á, að greiðslujöfnuður vegasjóðs verði jákvæður á árinu, þrátt fyrir mjög aukin útgjöld.

7. **Föst lán til vegaframkvæmda.** Með heimild í III. kafla vegáætlunar 1966 hefur ráðuneytið í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til lagningar nokkurra þeirra vega, sem tilgreindir eru í III. kafla vegáætlunar í ár. Til einstakra vegaflokka nema lán þessi eftirtöldum upphæðum:

1.	Hraðbrautir	30.1 m.kr.
2.	Þjóðbrautir	32.3 —
3.	Landsbrautir	4.5 —
	Alls	66.9 m.kr.

Af lánum þessum eru 59.6 m.kr. samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 7.3 m.kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Um skiptingu lána þessara vísast til greinargerðar um framkvæmdir á einstökum vegum.

Yfirlit yfir föst lán vegasjóðs í m.kr.

		Árslok 1965	Árslok 1966
1.	Hraðbrautir	229.4 m.kr.	237.8 m.kr.
2.	Þjóðbrautir	33.3 —	60.0 —
3.	Landsbrautir	5.2 —	9.7 —
	Alls	267.9 m.kr.	307.5 m.kr.

8. **Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda.** Í ár hefur yfirleitt verið fylgt sömu reglu og síðastliðið ár að samþykkja aðeins bráðabirgðalán til þeirra vegaframkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár og hámark lána miðað við þær fjárveitingar. Hafa slík lán þó aðeins verið samþykkt, að verulegur ávinningur væri að því að vinna verk í einum áfanga eða ljúka tilteknu verki.

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreind bráðabirgðalán til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta í árslok 1965 og 1966, sem greiðast eiga af fjárveitingum í vegáætlun 1967—1968.

		Árslok 1965	Árslok 1966
1.	Hraðbrautir	0 000 þús. kr.	0 000 þús. kr.
2.	Þjóðbrautir	4 762 — —	2 359 — —
3.	Landsbrautir	6 534 — —	6 689 — —
4.	Sýsluvegir	0 000 — —	0 189 — —
	Alls	11 296 þús. kr.	9 237 þús. kr.

Af bráðabirgðalánum í árslok 1966 eru 3.4 m.kr. lán frá 1965 og hafa því verið samþykkt ný lán á árinu, sem nema 5.8 m.kr.

II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 97.6 m.kr. og var miðuð við vísitölu vegaviðhalds í marz 1965 (489 stig), þegar vegáætlun var tekin til afgreiðslu á Alþingi. Vísitala vegaviðhalds í ágúst s. l. var 570 stig eða 16.6% hærri en þegar vegáætlun var samin, en það samsvarar 16.2 m.kr. hækkun. Með hliðsjón af þessari miklu verðhækkun og sívaxandi umferð var ekki talið fært annað en heimila 15.0 m.kr. hækkun á vegaviðhaldi af þessum sökum.

Vetrarviðhald. Eins og vikið hefur verið að hér að framan, þá varð beinn kostnaður við snjómokstur og klakahögg á s. l. vetri um 17 m kr., sem er 10 m.kr. hærri upphæð en veturinn 1964—1965. Þrátt fyrir þennan gífurlega tilkostnað urðu miklar samgöngutruflanir á Norður- og Austurlandi af völdum fannfergis vikum og mánuðum saman. Í þessum landshlutum og víðar lögðu einstakir hreppar fram verulegt fé til greiðslu kostnaðar við snjómokstur eftir þeim reglum, sem um það gilda og eru frá 1958. Hafa komið fram mjög ákveðnar óskir víða að um að reglur þessar verði endurskoðaðar með hliðsjón af breyttum atvinnuháttum og aðstæðum víða um land. Endurskoðun á gildandi reglum um snjómokstur hefur óhjákvæmilega í för með sér verulega aukin útgjöld til vetrarviðhalds umfram það, sem gert er ráð fyrir í vegáætlun og verður því að athuga það mál sérstaklega við endurskoðun á vegáætlun fyrir 1967 og 1968.

Ein afleiðing hinna miklu frosta á Suður- og Vesturlandi á s. l. vetri var sú, að skemmdir á vegum vegna holklaka urðu mjög miklar s. l. vor, svo að ýmsir fjölfarnir vegir voru í raun ófærir yfirferðar vikum saman. Slíkar vorviðgerðir kosta mikið fé, en koma annars að mjög takmörkuðu gagni. Er vegaviðhaldið víða komið inn í þann vítahring, að mestur hluti viðhaldsfjárins fer í bráðabirgðaviðgerðir á vorin, en lítið eða ekkert fé verður aflögu til endurnýjunar á slitlagi og styrkingar á hinum veikbyggðu vegum.

Með hliðsjón af þessum vanda, þá var nýverið gert samkomulag við Landsvirkjun um það, að hún legði fram 5.5 m.kr. lán til styrkingar 15 km kafla af Suðurlandsvegi í Flóa, til þess að fyrirbyggja truflanir á samgöngum við Búrfellsvirkjun af völdum holklaka. Er hér um bráðabirgðalán að ræða, sem endurgreiðist af viðhaldsfé á 3 árum.

Aukning umferðarinnar. Umferðartalningar hafa verið gerðar í ár með sama sniði og undanfarin ár. Leiða þær í ljós, að umferðin í sumar er 10—20% meiri á ýmsum vegum en á sama tíma í fyrra. Umferð um Reykjanesbraut hjá Straumi var í ágúst—september 1965 1350 bílar á dag, en var í ár á sama tíma 1540 bílar og er það 14% aukning. Á Vesturlandsvegi sunnan Þingvallavegamóta var umferðin á sama tíma 2020 bílar á dag 1965, en 2540 bílar 1966 og er það 25.8% aukning. Vestan Þingvallavegamóta var meðalumferðin í sept. s. l. um 1400 bílar á dag og er þar um 11% aukningu að ræða.

Þessi aukning umferðarinnar er nokkru meiri en samsvarar bifreiðaaukningu í landinu, sem nam 9.5% á s. l. ári (3035 bílar), en var 9.2% árið 1964 (2700 bílar). Horfur eru hins vegar á því, að bifreiðaaukningin verði mun meiri í ár en í fyrra, þar sem innflutningur bifreiða fyrstu 9 mánuði ársins var 67% meiri en á sama tíma í fyrra (4674 bílar á móti 2790).

Ástand fjölförnustu malarveganna hefur í ár verið mun lakara en á s. l. ári, og er það orðið vonlaust verk að halda þessum vegum sæmilega akfærum með malarslitlagi.

Skemmdir vegna vatnavaxta. Áður hefur verið vikið að því, að mjög alvarlegar skemmdir urðu á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi í október og nóvember

á s. l. ári. Sökum frosta og snjóa var ekki unnt að framkvæma fullnaðarviðgerð vegna þessara skemmda fyrr en í ár og varð kostnaður við þær viðgerðir á þessu ári um 3 m.kr. Verulegar skemmdir urðu af vatnavöxtum í lok júlí og ágúst á Vesturlandi og Suðurlandi, en þó ekki eins stórfelldar og í fyrrahaust. Kostnaður við viðgerðir vegna þeirra verður þá 1—2 m.kr.

2. Vegmerkingar samkv. umferðalögum.

Fjárveiting var 1.0 m.kr. Sett voru upp umferðarmerki skv. reglugerð 61/1959 á 430 km af landsbrautum og þjóðbrautum, en merkingu hraðbrauta var lokið 1964. Af einstökum flokkum vega samkv. vegaáætlun 1965—1968 er nú lokið merkingum eins og hér segir:

Af	112 km	af hraðbrautum	eru merktir	112 km	eða 100%
—	2911 —	- þjóðbrautum —	—	2550 —	— 87.7%
—	5736 —	- landsbrautum —	—	1580 —	— 27.5%
	Alls 8759 km			Alls 4242 km	

Auk umferðarmerkja samkv. reglugerð 61/1959 voru sett upp 37 stór leiðarmerki (töflur) við veigamikil vegamót. Er það fyrsta skrefið í þá átt að merkja einstaka vegi með tölum, svo sem tíðkast í flestum löndum, og er eina leiðin til þess að ferðamenn geti ratað um vegakerfið, með vegakorti.

III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A 2):**

Vegurinn var opnaður til almennrar umferðar hinn 26. okt. haustið 1965, og jafnframt var hafin innheimta umferðargjalds samkv. reglugerð frá 18. okt. 1965, sem sett var með heimild í 95. gr. vegalaga.

Í ár var fjáröflun til vegarins og gjöld áætluð eins og hér segir:

Fjáröflun:

1.	Fjárveiting í vegáætlun	6.8 m.kr.
2.	Framlag varnarliðsins	0.3 —
3.	Áætlaðar nettótekjur af umf.gjaldi	13.2 —
4.	Lán skv. framkvæmdaáætlun	24.8 —
	Alls	45.2 m.kr.

Gjöld:

1.	Greiðslur vaxta og afborgana af lánum	35.8 m.kr.
2.	Kostnaður við fullnaðarfrágang á vegi að undanskildum 0.9 km kafla ofan við Hafnarfjörð	3.8 —
3.	Greiðslur vegna efnistöku, bætur fyrir landspjöll og lántökukostnaður	5.6 —
	Alls	45.2 m.kr.

Lokið var fullnaðar frágangi vegarins, en samningum um greiðslur fyrir efnistöku og landspjöll er ekki að fullu lokið.

Bókfærður stofnkostnaður vegarins um næstu áramót verður um 270 m.kr. og þar af föst lán 232.4 m.kr.

Innheimta umferðargjalds hjá Straumi hófst 26. okt. 1965 skv. reglugerð frá 18. okt. 1965. Með breytingu á þeirri reglugerð frá 23. marz þ. á., sem tók gildi 1. apríl s. l., var gjaldið í tveim efstu gjaldflokkunum lækkað um þriðjung.

Umferð um Reykjanesbraut og tekjur af umferðargjaldi hafa orðið eins og sýnt er á eftirfarandi yfirliti:

1965	Tala bifreiða	Tekjur alls (brúttó)	Innheimtu-kostnaður	Tekjur alls (nettó)	Meðalumf. á dag í báðar áttir
26. okt.—31. des.	39 065	2 600 690.00	364 640.00	2 236 050.00	1182 bílar
1966					
1. jan.—31. okt.	216 678	12 004 517.50	1 062 150.00	10 942 367.50	1426 bílar
	255 743	14 605 207.50	1 426 790.00	13 178 417.50	

Í áætlun Efnahagsstofnunarinnar um tekjur af umferðargjaldinu fyrir 1966 var miðað við 1200 bíla meðalumferð á dag. Fyrstu 9 mánuði ársins hefur umferðin orðið um 17% meiri. Hreinar tekjur af umferðargjaldinu voru áætlaðar 13.2 m.kr. fyrir árið 1966, en þá var miðað við gjaldskrána frá 18. október. Lækkun sú á gjaldskránni, sem tók gildi 1. apríl s. l., hefur á tímabilinu 1. apríl—31. október lækkað tekjurnar um 1094 þús. kr., eða um 160 þús. kr. á mánuði. Er því vafasamt, að hreinar tekjur af umferðargjaldinu í ár nái 13.2 m.kr., eins og áætlað var.

2. **Þrengslavegur (G 2):**

Fjárveiting 3.2 m.kr. Fór til að byggja upp og lagfæra um 3.0 km kafla milli Þrengsla og Sandfells.

3. **Suðurlandsvegur (G 1):**

Lán skv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar 5.3 m.kr. Gerðar voru lagfæringar á veginum frá Elliðaám að Sandskeiði og verið er að vinna við undirbyggingu um 3 km kafla ofan Sandskeiðs.

2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—68.)

2. **Stykkishólmsvegur (B 26):**

a. Lambadalur — Langá:

Fjárveiting 600 þús. kr. 23 þús. kr. fóru til greiðslu á skuld. 500 þús. kr. voru færðar yfir á Þverárhlíðarveg. Áætlað er að grafa skurði á 0.3 km kafla vestan Langár, en verkinu er ekki lokið.

3. **Ólafsvíkurvegur (B 37):**

a. Enni:

Fjárveiting 4.18 m.kr. Fór til greiðslu upp í skuld. Föst lán um næstu áramót 5.0 m.kr.

4. **Grundarfjarðarvegur (B 48):**

a. Kolgrafir — Berserkjahraun:

Fjárveiting 820 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

5. **Vestfjarðavegur (C 1):**

a. Sunnan Þingmannaheiðar:

Fjárveiting 700 þús. kr., framkvæmdalán, skv. Vestfjarðaáætlun 1.3 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 1.07 m.kr. Framkvæmdum frestað til næsta sumars. Föst lán um næstu áramót 1.3 m.kr.

b. Breiðadalsheiði:

Fjárveiting 620 þús. kr., framkvæmdalán, skv. Vestfjarðaáætlun 1.5 m.kr. og bráðabirgðalán út á næsta árs fjárveitingu 1.8 m.kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 949 þús. kr. Fullendurbyggður var 4.1 km kafli úr Skógarbrekkum niður á vegamót Flateyrar, og var hann tekinn til umferðar. Af þessum kafla voru 2.7 km að nokkru undirbyggðir á síðasta ári og yfirbyggingu neðsta kaflans 2.4 km er ekki að fullu lokið. Byggt var stórt bogaræsi á Þverá. Föst lán um næstu áramót 3.5 m.kr.

c. Jarðgöng:

Fjárveiting engin, en framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 1.0 m.kr. Framkvæmdar voru jarðvegsrannsóknir á jarðgangasvæðinu á Breiðadalsheiði og borað í gegnum jarðlögin. Föst lán um næstu áramót 1.0 m.kr.

7. **Strandavegur (C 37):**

a. Hólmavík — Víðidalsá:

Fjárveiting 560 þús. kr. fór til greiðslu upp í 836 þús. kr. skuld frá fyrra ári.

b. Hólmavíkurálma:

Lánsfé frá sýslu 600 þús. kr. Lagður 700 m langur vegur um Kálfaneslæk og vegamótin til Hólmavíkur.

8. **Norðurlandsvegur (E 1):**

Á Garðsgrundum í Mývatnssveit er unnið fyrir bráðabirgðalán 100 þús. kr. út á vegáætlun 1967. Verkinu er ekki lokið.

9. **Siglufjarðarvegur (D 39):**

Fjárveiting 1.5 m.kr. og framkvæmdalán 22.0 m.kr. Til afborgana á lánum fóru 2.7 m.kr.

Lokið var við sprengingu á 780 m löngum jarðgöngum um Stráka og vinna hafin við styrkingu á þeim og steypu gangamunna. Undirbyggður var um 3 km kafli frá Siglufirði að jarðgöngum að austan. Vestan jarðganga var lokið við undirbyggingu og mölburð á um 12 km kafla að Heljartröð, og unnið er við undirbyggingu og ræsagerð vestan Heljartraðar ofan Hrauna að Lambanesási. Er því verki ekki lokið.

Föst lán um næstu áramót 36.6 m.kr.

10. **Ólafsfjarðarvegur:**

Fjárveiting 1.0 m.kr. og framkvæmdalán 3.5 m.kr. Til afborgana á lánum fóru 1.3 m.kr.

Lokið var undirbyggingu vegarins og mölburði að mestu leyti milli Karlsár og Ólafsfjarðar, 13 km, settar upp varnargrindur við hættuleg gil og skorninga og vegurinn merktur.

Föst lán um næstu áramót 10.4 m.kr.

11. **Kinnarvegur:**

b. Norðan Núps:

Fjárveiting 100 þús. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Mölborinn var 800 m langur kafli.

12. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**
    b. Sunnan Húsavíkur:
    Fjárveiting 260 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.
    d. Húsavík—Syðri-Tunga:
    Fjárveiting 100 þús. kr. Notuð ásamt fjárveitingu í e-lið til vegagerðar um Rekárgil.
    e. Skeifárgil—Rekárgil:
    Fjárveiting 600 þús. kr. Greidd 127 þús. kr. skuld. Lagður var um 500 m langur vegur yfir Rekárgil og er því verki ekki lokið.
    g. Lindárbrekka—Hóll:
    Fjárveiting var 500 þús. kr. Undirbyggður var 2.4 km kafli um Lindarbrekku.
    h. Austan Jökulsár, vestan heiðar:
    Fjárveiting 200 þús. kr. Fullgerður var 0.7 km kafli norðan Leirhafnar.
    i. Á Ytra-Hálsi:
    Fjárveiting 440 þús. kr. Fullgerður var 2.6 km kafli á Ytra-Hálsi.

13. **Austurlandsvegur (F 1):**
    a. Í Möðrudal:
    Fjárveiting 800 þús. kr. Undirbyggðir voru 4.6 km á Geitasandi og í eystri Möðrudalsfjallgarði. Mölborinn að nokkru leyti 1 km austan Möðrudals.
    c. Um Hróarstungu:
    Fjárveiting 660 þús. kr. Var unnið við að grafa skurði, lagfæra og mölbera veg á 4.5 km kafla um Fagraflöt og í Heiðarenda.
    e. Á Breiðdalsheiði:
    Fjárveiting 500 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar og í skurðgröft við Ásunnarstaði í Breiðdal.
    g. Streitishvarf—Lónsheiði:
    Fjárveiting 1 millj. kr. Fullgerður var 0.6 km kafli í Hamarsfirði. Undirbyggður og mölborinn að mestu leyti 1.0 km kafli í Álftafirði utan við Rannveigarstaði.
    h. Í Lóni:
    Fjárveiting 590 þús. kr. Fullgerður var 1.1 km kafli um Þorgeirsstaðaklif.

14. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**
    a. Fjárveiting 250 þús. kr. Fullgerður var 1.0 km kafli á Miðheiðarhrygg á Sandvíkurheiði.

15. **Norðfjarðarvegur (F 31):**
    a. Um Fagradal:
    Fjárveiting 400 þús. kr. Undirbyggðir voru 0.8 km neðan Biskupshlaups.
    b. Í Reyðarfirði:
    Fjárveiting engin, en geymt frá fyrra ári 400 þús. kr. (Framkvæmdum þá frestað). Fullgerður var 0.4 km kafli utan við kauptúnið.

16. **Suðurfjarðarvegur (F 39):**
    a. Um Vattarnes:
    Framkvæmdalán 3.0 millj. kr. Til greiðslu skulda frá 1965 fór 1.0 m.kr. Fullgerðir voru 0.4 km innan við Vattarnes. Undirbyggt í skriðum 2.6 km. Lokið var við undirbyggingu á 1.0 km kafla, sem byrjað var á 1965.
    b. Í Stöðvarfirði:
    Fjárveiting 500 þús. kr. Fullgerðir voru 0.25 km. við Flautagerði. Lokið var við 0.6 km kafla frá 1965. Undirbyggt að mestu 0.7 km innan Vallár.

17. **Suðurlandsvegur (G 1):**
    d. Efri-Rauðalækur — Lyngás:
    Fjárveiting 550 þús. kr. Fjárveitingu varið við vegagerð í sambandi við endurbyggingu brúar á Seljalandsá.

18. **Biskupstungnabraut (G 11):**
    a. Kafli austan Kers:
    Fjárveiting 470 þús. kr. Fullgerður 1.1 km kafli. Framkvæmdir standa yfir.
    b. Kafli um Brúará:
    Fjárveiting 650 þús. kr. Framkvæmdum frestað.

19. **Þingvallabraut (G 3):**
    a. Valhöll — Leirugjá:
    Fjárveiting 110 þús. kr. Fór til lagfæringa á þessum kafla.
    b. Kafli um Vatnsvík og Klifið:
    Fjárveiting 220 þús. kr. Fór til breikkunar og lagfæringa á veginum um Klifið.

3. Til landsbrauta.

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—1968).

1. **Krýsuvíkurvegur (A 3):**
    a. Á Almenningi:
    Fjárveiting 1965 60 þús. kr., en framkvæmdum frestað til þessa árs. Verður notuð í haust til að lagfæra blindhæð.

2. **Grindavíkurvegur (A 5):**
    c. Um Selháls:
    Fjárveiting 1965 145 þús. kr. og í ár 500 þús. kr. var varið til þess að leggja 0.7 km nýjan veg yfir Selháls og til lagfæringa á um 0.5 km í framhaldi af því.

3. **Kjósarskarðsvegur (A 24):**
    Fjárveiting 55 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Var varið til undirbyggingar við Fellsenda.

4. **Dragavegur (B 2):**
    Fjárveiting 250 þús. kr. og geymt frá fyrra ári 180 þús. kr. (þá fært á Skorradalsveg). Lokið var að mestu undirbyggingu á 1.3 km kafla í Kornahlíð. Framkvæmdum fyrir 100 þús. kr. frestað til næsta árs.

6. **Skorradalsvegur (B 9):**
    Fjárveiting 250 þús. kr. fór til greiðslu upp í skuld.

7. **Lundarreykjadalsvegur (B 12):**
    Fjárveiting 220 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 118 þús. kr. Áætlað er að endurbyggja 0.4 km kafla hjá Múlakoti. Verkinu er eigi lokið.

8. **Flókadalsvegur (B 14):**

Engin fjárveiting var til Flókadalsvegar á þessu ári, en 125 þús. kr. fjárveiting til brúar á Flóku var lánuð til bráðabirgða út á vegáætlun 1967. Undirbyggður og tekinn í notkun 0.5 km ómölborinn kafli að brúarstæðinu og grafnir vegskurðir á 1.5 km kafla.

10. **Hálsasveitarvegur (B 17):**

Fjárveiting 300 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967 300 þús. kr. Lokið var undirbyggingu á 2.0 km kafla milli Ásgils og Deildargils. Einnig var steypt ræsi á Hringsgil og lokið vegagerð á 0.1 km kafla um það.

11. **Þverárhlíðarvegur (B 19):**

Engin fjárveiting, en 500 þús. kr. yfirfærðar frá Stykkishólmsvegi. Fullgerðir voru og teknir í notkun 1.3 km um nýja brú á Örnólfsdalsá hjá Norðtungu.

12. **Norðurárdalsvegur (B 22):**

a. Frá Hákeksstöðum:

Fjárveiting 385 þús. kr. Þar af fóru 88 þús. kr. til greiðslu á skuld. Lokið var undirbyggingu vegarins milli Hákeksstaða og Hóls og ræsi sett í Stekkjargil. Mölborinn var og tekinn í notkun 2.9 km kafli að Hóli, þar af fullundirb. 1.3 km 1965.

b. Varmaland—Einifell:

Fjárveiting 100 þús. kr. Grafnir voru vegskurðir á 1.2 km kafla.

13. **Ferjubakkavegur (B 23):**

Til ráðstöfunar voru af fjárveitingu síðasta árs 30 þús. kr. Var því varið til greiðslu á kostnaði vegna girðinga.

16. **Hraunhreppsvegur (B 30):**

a. Um Akra:

Fjárveiting 500 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 33 þús. kr. Byggt var ræsi á Akraós og lokið undirbyggingu vegar á 0.1 km kafla um það. Grafnir voru vegskurðir meðfram samtals 2.8 km væntanlegs vegar.

17. **Heydalsvegur (B 34):**

Geymslufé 370 þús. kr. og framkvæmdalán 1.0 m.kr.

a. Í Hnappadal:

Endurbyggður og tekinn í notkun var 1.2 km kafli hjá Mýrdal. Kostnaður varð 120 þús. kr.

b. Á Skógarströnd:

Mölborinn var 2.3 km kafli, sem undirbyggður var 1965, undirbyggður 1 km kafli, mölbornir 0.7 km og grafinn 3.1 km af vegskurðum. Kostnaður varð 850 þús. kr. Lánað var til Skógarstrandarvegar 370 þús. kr. sbr. liður 24. Fast lán um næstu áramót 1 m.kr.

19. **Skógarnesvegur (B 36):**

Fjárveiting engin, en til ráðstöfunar 15 þús. kr. frá fyrra ári. Endurbyggt var ræsi og borið ofan í veginn.

22. **Útnesvegur (B 41):**

a. Garðar:

Fjárveiting 320 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.6 km kafli að Görðum.

23. **Framsveitarvegur (B 43):**
Fjárveiting 150 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 107 þús. kr. Endurbætt voru ræsi í veginum.

24. **Skógarstrandarvegur (B 46):**
a. Skógarströnd:
Fjárveiting 639 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 595 þús. kr. Lán frá Heydalsvegi 370 þús. kr. Byggður var og tekinn í notkun 1.0 km kafli í Narfeyrarhlíð.

26. **Hörðudalsvegur (B 48):**
Fjárveiting 110 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

27. **Hálsabæjavegur (B 49):**
Fjárveiting engin. Geymt frá fyrra ári 16 þús. kr. Brú á Hundadalsá var tengd til umferðar.

28. **Hlíðarvegur (B 50):**
Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld. Veitt var bráðabirgðalán til að byggja ræsi á Svarfhólslæk.

30. **Laxárdalsvegur (B 52):**
a. Laxárdalur:
Fjárveiting 200 þús. kr. Bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967—1968 að upphæð 633 þús. var notað til framkvæmda sunnan Laxár og norðan.
Endurbyggðir og teknir í notkun tveir kaflar, annar 0.6 km, hinn 1.5 km.
b. Norðan ár—Hjarðarholtsvegur:
Fjárveiting 110 þús. kr. Bráðabirgðalán sbr. lið a. Greidd var 202 þús. kr. skuld, undirbyggður 2.6 km kafli og 0.7 km mölbornir.

31. **Klofningsvegur (B 53):**
Fjárveiting 900 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld. Veitt var bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967—1968 600 þús. kr. Endurbyggður var 0.7 km kafli hjá Saurhóli í Saurbæ. Klofningsskarð breikkað og lagfært. Áætlað að grafa samtals 3.1 km vegskurða milli Valþúfu og Breiðabólstaðar og milli Hóls og Rauðbarðaholts á Fellsströnd. Verkinu er eigi lokið.

33. **Efribyggðarvegur (B 55):**
Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

36. **Hvanneyrarvegur (B 1—11):**
Fjárveiting engin. Geymt frá fyrra ári 70 þús. kr. Grafnir voru vegskurðir á 1.7 km kafla.

38. **Helgafellsvegur (B 26—8):**
Fjárveiting 70 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld.

40. **Örlygshafnarvegur (C 13):**
Um Skersá:
Geymslufé 120 þús. kr. af framkvæmdaláni skv. Vestfjarðaáætlun, frá fyrra ári. Byggt var bogaræsi á Skersá. Föst lán um næstu áramót 500 þús. kr.

41. **Kollsvíkurvegur (C 14):**
Fjárveiting 162 þús. kr. Fór til endurbyggingar vegar á Hænuvíkurhálsi.

42. **Bíldudalsvegur (C 15):**

a. Tálknafjörður—Bíldudalur, um Hálfdán:

Fjárveiting 1.35 m.kr. og framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 1.9 m.kr., auk þess um 1.0 m.kr. lán út á næsta árs fjárveitingu.

Greitt var bráðabirgðalán frá fyrra ári 930 þús. kr. Undirbyggður var alls 5.2 km kafli á Hálfdáni, sunnanvert að Keldeyrará í Tálknafirði og yfirbyggðir 7.0 km.

Auk þess var endurbyggður 300 m langur kafli Bíldudalsmegin og lokið var við sprengingar og lagfæringar á veginum í Mikladal. Er þá kominn samfelldur endurbyggður vegur milli Patreksfjarðar og Bíldudals, nema í Tálknafjarðarbotni, um 2 km.

b. Trostansfjörður á vm. Vestfjarðarvegar:

Endurbyggður var um 2 km kafli í Sunnhlíð í Trostansfirði, áleiðis til Reykjarfjarðar.

Föst lán um næstu áramót 3.4 m.kr.

43. **Tálknafjarðarvegur (C 17):**

a. Um Sveinseyrartún:

Fjárveiting 230 þús. kr. Lagður var 1.4 km vegur í jaðri Sveinseyrartúns.

44. **Svalvogavegur (C 19):**

Geymslufé 250 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

45. **Ingjaldssandsvegur (C 21):**

a. Um Núp að Alviðru:

Fjárveiting 260 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 31 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu 600 m langs vegar frá Alviðru inn fyrir Núp.

47. **Súgandafjarðarvegur (C 25):**

Fjárveiting 400 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

48. **Bolungavíkurvegur (C 27):**

Fjárveiting 500 þús. kr. og framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 1.1 m.kr. og eftirstöðvar framkvæmdaláns frá 1965, 460 þús. kr.

Til brúar á Hólsá í Bolungavík fóru 1.7 m.kr., sem endurgreiðast. Endurbætur fóru fram á nokkrum hluta vegarins, en verkinu er ekki lokið.

Föst lán í árslok 2.1 m.kr.

49. **Djúpvegur (C 29):**

Að flugvelli:

Eftirstöðvar framkvæmdaláns 1965, 1 283 þús. kr. og framkvæmdalán 1966, 500 þús. kr. Unnið var að vegi um Hafrafell í Skutulsfirði og við brú á Langá áleiðis að flugvelli. Alls voru endurbyggðir 2.0 km.

a. Hattareyri—Eyri í Seyðisfirði:

Fjárveiting 600 þús. kr. Greidd var skuld frá s. l. ári 216 þús. kr. Borið var á við og dreif ofan í veg í Sjötúnahlíð í Álftafirði á 4 km kafla og á 5 km næst við Eyri í Seyðisfirði og varð bílfært að Eyri.

b. Frá Ögri að Hjöllum:

Fjárveiting 600 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 110 þús. kr. Undirbyggður var 900 m langur vegur um tún á Skarði í Skötufirði og yfirbyggður að nokkru.

Föst lán um næstu áramót 2.0 m.kr.

50. **Vatnsfjarðarvegur (C 30):**

Fjárveiting 130 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967, 250 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 107 þús. kr. og endurbyggður 700 m langur snjóþungur kafli í Reykjarfjarðarbotni.

51. **Snæfjallastrandarvegur (C 34):**

Fjárveiting 200 þús. kr. Greidd var skuld frá fyrra ári 17 þús. kr. Varnargarðar við Mórillu voru styrktir og vegur sunnan brúar endurbættur.

52. **Strandavegur (C 37):**

b. Úr Veiðileysufirði til Djúpuvíkur og í Gjögur:

Fjárveiting var 400 þús. kr. og fór til greiðslu upp í skuld frá fyrra ári, 1.7 m.kr.

d. Djúpuvíkurkleifar—Djúpuvík:

Óafturkræft lánsfé frá Árneshreppi 250 þús. kr. Unnið var að því að fullgera veg úr Djúpuvíkurkleif að Djúpuvík og að endurbótum á ruðningsveginum víðsvegar.

54. **Heggstaðanesvegur (D 3):**

a. Um Sandá:

Fjárveiting 310 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Fullgerður var 1.8 km kafli frá Steinsstaðaá að Söndum.

57. **Vatnsnesvegur (D 7):**

b. Í Vesturhópi:

Fjárveiting 211 þús. kr. Grafnir voru skurðir og gerðar aðrar minni háttar endurbætur á h. u. b. tveggja km kafla frá Hörgshólsá að Grundará.

59. **Víðidalsvegur (D 11):**

a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi:

Fjárveiting 551 þús. kr. Fullgerður var 2.2 km kafli um nýja brú á Ásgeirsá. Auk þess var undirbyggður að mestu 1.2 km kafli frá Norðurlandsvegi.

60. **Vatnsdalsvegur (D 12):**

a. Hvammur—Másstaðir:

Fjárveiting 435 þús. kr. Gengið var frá undirbyggingu og mölburði á 5 km kafla.

b. Við Bjarnarstaði:

Fjárveiting 80 þús. kr. Fullgerður var 0.3 km vegarkafli.

61. **Þingeyravegur (D 14):**

a. Leysingjastaðir:

Fjárveiting 75 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Mölborinn var 1 km vegarins hjá Þingeyrum.

63. **Svínvetningabraut (D 18):**

a. Frá Sauðan.—Ytri-Löngum.

Fjárveiting 85 þús. kr. Áætlað er að grafa skurði meðfram gömlum vegi. Framkvæmdum ekki lokið.

64. **Svínadalsvegur (D 19):**

b. Við Reykjabót:

Fjárveiting 70 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Endurbættir voru kaflar á veginum.

65. **Svartárdalsvegur (D 22):**

b. Um Hvamm:

Fjárveiting 265 þús. kr. 100 þús. kr. fóru til greiðslu skuldar frá 1965. Mölborinn var 1.2 km kafli um Hvamm.

66. **Skagavegur (D 23):**

a. Í Neðribyggð og við Fossá:

Fjárveiting 100 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Fjárveitingin geymd til næsta árs.

71. **Skagafjarðarvegur (D 30):**

b. Við Tungukot:

Fjárveiting 125 þús. kr. Undirbyggður 500 m vegarkafli.

73. **Kjálkavegur (D 36):**

a. Flatatunga — Kelduland:

Fjárveiting 760 þús. kr. Fjárveiting 200 þús. kr. frá 1965. Var þá ekki notuð vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Unnið var að undirbyggingu, mölburði og girðingum á um 7 km kafla.

75. **Að félagsheimili Varmahlíð (E 1—9):**

Fjárveiting 268 þús. kr. Framkvæmdum var frestað.

82. **Hörgárdalsvegur (E 9):**

a. Hörgárbrú — Möðruvallarmelar:

Fjárveiting 120 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Þessari fjárveitingu og 217 þús. kr. fjárv. til sama vegar sunnan Þríhyrnings var varið til að fullgera 2.1 km vegar um Möðruvallamela.

b. Sunnan Þríhyrnings.

Fjárveiting 217 þús. kr. Var varið til vegagerðar á Möðruvallamelum sbr. lið a.

84. **Blómsturvallavegur (E 12):**

b. Að Blómsturvallamelum:

Fjárveiting 200 þús. kr. Undirbyggður var sá hluti vegarins, 1.5 km, sem er austan Norðurlandsvegar.

85. **Eyjafjarðarbraut (E 13):**

a. Hjá Brunná:

Fjárveiting 1965 200 þús. kr. Frestun skv. heimild í 22. gr. fjárlaga 30 þús. kr. Unnið var að mölburði og lagfæringum á 0.4 km kafla.

b. Við Rifkelsstaði:

Fjárveiting 400 þús. kr. Fjárveitingin er ekki nægileg til þess að ljúka áfanganum við Rifkelsstaði. Ráðgert er að vinna að skurðgreftri við Klauf, en framkvæmdum er ekki lokið.

c. Við brú hjá Vatnsenda:
Fjárveiting 250 þús. kr. Ráðgert er að tengja nýja brú hjá Vatnsenda við vegi austan og vestan ár. Framkvæmdum ekki lokið.

86. **Svalbarðsstrandarvegur (E 16):**
b. Við Veigastaði:
Fjárveiting 325 þús. kr. Auk þess var unnið fyrir 150 þús. kr. bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967. Endurbyggður var 0.7 km kafli við Veigastaði.

88. **Fnjóskadalsvegur eystri (E 19):**
a. Hjá Grund og Veisuseli:
Fjárveiting 465 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

89. **Fremstafellsvegur (E 21):**
a. Frá Kvíslarbrú að Hriflu:
Fjárveiting var 175 þús. kr. Byggður var 0.3 km kafli við Hriflu og auk þess var allur vegurinn mölborinn að nokkru leyti.

90. **Út-Kinnarvegur (E 22):**
b. Við Ófeigsstaði:
Fjárveiting var 60 þús. kr. Unnið hefur verið að ýmsum minni háttar lagfæringum. Framkv. ekki lokið.

93. **Bárðardalsvegur eystri (E 24):**
a. Við Kálfborgará:
Fjárveiting 200 þús. kr. Til greiðslu skuldar frá 1965 fóru 150 þús. kr. Fullgerður var 0.3 km kafli um Kálfborgará.

96. **Sandsvegur (E 31):**
a. Knútsstaðir — Sandur:
Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.

97. **Austurhlíðarvegur (E 32):**
a. Við Laugaskóla:
Fjárveiting 1965 100 þús. kr. Framkvæmdum enn frestað af skipulagsástæðum.

98. **Stafnsvegur (E 33):**
a. Norðan Stafns:
Fjárveiting 150 þús. kr. frá 1965. Var þá ekki notuð vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Mölborinn var 1.5 km vegarins og kaflar lagfærðir.

100. **Vestursandsvegur (E 37):**
a. Lindarbrekka — Seyrur:
Fjárveiting 200 þús. kr. Byggður var 0.5 km kafli með ræsum um Seyrur.

102. **Hólsfjallavegur (E 39):**
a. Jökulsá — Beitivallamór:
Fjárveiting 400 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu 2.4 km kafla norðan Austara-Lands.

103. **Gilsbakkavegur (E 40):**

a. Hjá Hafrafellstungu:

Fjárveiting 1965 200 þús. kr. Framkvæmdum var þá frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Byggt var ræsi og vegur lagður um það að Gilsbakkaá.

104. **Austursandsvegur (E 41):**

a. Sandá — Ærlækjarsel:

Fjárveiting 100 þús. Undirbyggður var 1.0 km kafli.

108. **Langanesvegur (E 45):**

a. Norðan Sauðaness:

Fjárveiting 60 þús. kr. Framkvæmdum ekki lokið.

110. **Vopnafjarðarvegir (F 2 — F 9):**

Fjárveiting 600 þús. kr. Fullgerður var 1.0 km kafli á Ytri-Hlíðarvegi. Byggð voru ræsi á Grjótá, Þuríðará og Banatorfulæk, svo og smábrú á Stekkjará, og lagðir stuttir kaflar við þær, alls 0.5 km.

111. **Eyjavegur (F 10):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

112. **Jökuldalsvegur efri (F 12):**

Fjárveiting 350 þús. kr. Undirbyggt og mölborið að nokkru 1.1 km innan við Langagerði.

114. **Hróarstunguvegir (F 14 — F 17):**

Fjárveiting 500 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967 150 þús. kr. Undirbyggður og mölborinn að mestu 1.7 km kafli við Urriðavatn. Mölborinn að mestu 30 km kafli við Skógargerði.

116. **Upphéraðsvegur (F 19):**

Fjárveiting 600 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 300 þús. kr. Bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967 og 1968 900 þús. kr. Fullgerður 1.9 km kafli á milli Ormarsstaðaár og Þorleifarár. Fullgerður 0.4 km kafli í Hofsklifi. Undirbyggður og mölborinn að nokkru 0.9 km kafli við Strönd. Unnið er við 0.4 km kafla í Bergsbás (Hallormsstaðaskógi), sem áætlað er að ljúka í haust.

118. **Fjarðarheiðarvegur (F 23):**

Fjárveiting 560 þús. kr. Fullgerður var 1.2 km kafli innan við kaupstað.

120. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25):**

Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 0.6 km kafli við Mýnes.

121. **Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15, F 26 — F 28):**

Fjárveiting 103 þús. kr. Undirbyggður og mölborinn að litlu leyti 1.2 km kafli af Lagarfossvegi um Stóra-Steinsvað.

122. **Loðmundarfjarðarvegur (F 30):**

Fjárveiting 130 þús. kr. Unnið var að lagfæringum á milli Borgarfjarðar og Húsavíkur, en framkvæmdum varð ekki lokið.

123. **Mjóafjarðarvegur (F 32):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Lagfært og mölborið frá Norðfjarðarvegi og inn Slenjudal. Skurðgröftur og ræsagerð fyrir innan Brekku.

125. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 41):**

Fjárveiting 200 þús. kr. Fjárveiting 300 þús. kr. frá 1965. Var ekki notuð þá vegna frestunar framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga. Fullgerður var 0.7 km kafli innan Ljótunnarár og mölborinn 0.7 km kafli utan við sömu á.

129. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**

a. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:

Fjárveiting 450 þús. kr. Lokið var við 1.0 km kafla um Tröllaskörð, sem byrjað var á 1965, og fullgerður var þar 0.4 km langur kafli til viðbótar.

b. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:

Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 1.9 km kafli innan við Hof, 0.9 km kafli innan Svínafellsár og 0.4 km kafli utan sömu ár. Mölburður í undirbyggingar frá 1965: 2.0 km kafli á Kotáraur og 1.1 km kafli við Falljökulkvísl.

130. **Suðurlandsvegur (G 1):**

c. Skaftáreldahraun — Dyngjur:

Fjárveiting 250 þús. Fór til greiðslu skulda frá 1965.

d) Ofan Ása í Skaftártungu:

Fjárveiting 170 þús. kr. Lokið við mölburð á 2.0 km og grætt upp jarðrask með þeim kafla.

132. **Laugarvatnsvegur (G 15):**

b. Grafará — Efra-Apavatn:

Fjárveiting 860 þús. kr. Mölborinn og fulllokið við 3.0 km. Framkvæmdir standa yfir.

133. **Geysisvegur (G 20):**

b. Geysir — Tungufljót:

Fjárveiting 612 þús. kr. og lán frá fjárveitingu til brúar á Brúará 1 m.kr. Greidd skuld frá fyrra ári 433 þús. kr. Undirbyggður 2.4 km kafli og yfirbyggður 2.6 km kafli. Er nú komið á sambandi frá Geysi um Kjóastaði á Biskupstungnabraut hjá Gýgjarhól.

135. **Langholtsvegur (G 30):**

a. Efra Langholt — Auðsholtsvegur:

Fjárveiting 100 þús. kr. og fjárveiting frá 1965 100 þús. kr. Undirbyggður var 3.4 km kafli.

137. **Gaulverjabæjarvegur (G 41):**

Austan Stokkseyrar:

Fjárveiting 100 þús. kr. Undirbyggður 1.2 km kafli og yfirbyggður að mestu. Framkvæmdir standa yfir.

138. **Þykkvabæjarvegur (G 49):**

b. Flóðgátt — Hrafntóftir:

Fjárveiting 500 þús. kr. Fullgerður 1.6 km kafli.

139. **Hagavegur (G 52):**

a. Raftholt — Saurbær:

Fjárveiting 100 þús. kr. Endurbyggður og mölborinn 3.5 km kafli.

140. **Rangárvallavegur (G 55):**

a) Keldur — Reyðarvatn:

Fjárveiting 200 þús. kr. frá 1965. Yfirbyggður 0.9 km kafli. Framkvæmdir standa yfir.

143. **Út-Landeyjavegur (G 62):**

a. Skúmstaðir — Þúfuvegur:

Fjárveiting 335 þús. kr. Fullgerður 1.3 km kafli.

145. **Búlandsvegur (G 84):**

a. Gröf — Hvammsá:

Fjárveiting 125 þús. kr. og bráðabirgðalán 80 þús. kr. út á vegáætlun 1968. Undirbyggður 1.0 km og yfirbyggður að nokkru 2.6 km langur kafli.

146. **Meðallandsvegur (G 86):**

a. Eldvatn — Langholt:

Fjárveiting 360 þús. kr. og bráðabirgðalán 60 þús. kr. Undirbyggður og yfirbyggður að mestu 3.2. km.

IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 100 þús. kr. og 20 þús. kr. að auki vegna frestunar framkvæmda á s. l. ári. Fjárveitingunni var eingöngu varið til venjulegs viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 200 þús. kr. og 20 þús. kr. að auki vegna frestunar framkvæmda á s. l. ári. Fjárveitingunni var eingöngu varið til venjulegs viðhalds á veginum.

3. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 480 þús. kr. og var hún óskert til ráðstöfunar. Um það bil helmingi fjárveitingarinnar var varið til viðhalds og lagfæringa. Var m. a. norðurhluti leiðarinnar lagfærður með veghefli og merking endurbætt. Einnig var merkt álman frá Fjórðungsöldu í Gæsavötn. Áætlað er að verja um helmingi þessa árs fjárveitingar og einhverju af næsta árs fjárveitingu til þess að koma upp litlu sæluhúsi hjá Fjórðungskvísl til öryggis fyrir vegfarendur, þar sem allra veðra er von á þessari leið á sumrin.

4. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveiting var 100 þús. kr. og 20 þús. kr. að auki vegna frestunar framkvæmda á s. l. ári. Fjárveitingunni var varið til þess að lengja nýju brúna á Jökulgilskvísl við veginn, svo og til nauðsynlegs viðhalds.

2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 810 þús. kr. og að auki 88 þús. kr. vegna frestunar framkvæmda á s. l. ári eða alls 898 þús. kr. Fé þessu var skipt eins og hér greinir:

	Heiti vegar:	Kjördæmi:	Upph. í þús. kr.	
2. 1.	Vegur um Svínaskarð í Kjós	Reykjan.	10	
2. 2.	Vegur um Leggjabrjót	—	10	
2. 3.	Vegur að skíðaskála í Jósefsdal	—	40	
				60
2. 4.	Vegur að Hítardalsrétt	Vesturl.	15	
2. 5.	Vegur um Arnarvatnsheiði	—	20	
2. 6.	Vegur að Langavatni á Mýrum	—	20	
2. 7.	Vegur að Hítarvatni	—	20	
				75
2. 8.	Vegur um Laxárdalsheiði í Reykh.sv.	Vestfjarða	15	
2. 9.	Vegur um Kollafjarðarheiði	—	40	
2.10.	Vegur að Keflavík í V-Barð.	—	40	
2.11.	Vegur að Vatnsfjarðarvatni	—	15	
2.12.	Vegur í Nesdal í Mýrahr.	—	15	
2.13.	Vegur um Trékyllisheiði	—	20	
				145
2.14.	Vegur um Eyvindarstaðaheiði	Norðurl. vestra	15	
2.15.	Vegur um Víðidalstunguheiði	—	30	
2.16.	Vegur um Grímstunguheiði	—	40	
2.17.	Vegur um Kiðaskarð	—	10	
				95
2.18.	Vegur að skíðaskála á Hlíðarfj.	Norðurl. eystra	10	
2.19.	Ýmsir fjallv. í S-Þing.	—	40	
2.20.	Ýmsir fjallv. í N-Þing.	—	40	
2.21.	Vegur í Öskju	—	10	
2.22.	Vegur að Dettifossi að vestan	—	30	
				130
2.23.	Vegur að Brú á Jökuldal	Austurl.kj.	20	
2.24.	Vegur að Breiðuvík í Borgarf. eystra	—	10	
2.25.	Vegur á Miðfjarðarheiði	—	20	
2.26.	Vegur á Fellaheiði	—	15	
2.27.	Vegur á Smjörvatnsheiði	—	15	
2.28.	Vegur á afrétt í Berufirði	—	10	
2.29.	Vegur á afrétt í Geithellnahr.	—	20	
2.30.	Vegur um Kollumúla	—	100	
				210
2.31.	Vegur að Laka í V-Skaft.	Suðurl.kj.	50	
2.32.	Til viðgerða á brú á Leirá í V-Sk.	—	40	
2.33.	Fjallabaksvegur syðri	—	10	
2.34.	Vegur að afrétti við Eyjafjallajökul	—	10	
2.35.	Vegur að skíðaskála á Tindfjallajökli	—	15	
2.36.	Vegur inn Þjórsárdal	—	10	
				135
2.37.	Ferðafélag Íslands (sæluhús)		15	
2.38.	Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)		10	
2.39.	Ófyrirséð		23	
				48
			Alls	898

3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr. og að auki 20 þús. kr. vegna frestunar framkvæmda á s. l. ári eða alls 220 þús. kr. Þessari upphæð skipti stjórn Landssambands hestamanna til hestamannafélaga á eftirtöldum stöðum:

1.	Reykjavík	65 þús. kr.
2.	Kjósarsýslu	20 — —
3.	Akranesi	15 — —
4.	Sauðárkróki	20 — —
5.	Skagafirði	20 — —
6.	Dalvík	15 — —
7.	Akureyri	20 — —
8.	Biskupsstungum	15 — —
9.	Hreppum	15 — —
10.	Hveragerði	15 — —
		Alls 220 þús. kr.

Framkvæmdum fyrir þetta fé mun að mestu verða lokið fyrir áramót.

4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting var 15 þús. kr. og auk þess geymt fé frá fyrra ári að upphæð 12 þús. kr. Fé þetta gengur til greiðslu kostnaðar við lögferjur, en reikningsskil liggja enn ekki fyrir.

V. TIL BRÚARGERÐA

1. Til stórbrúa.

1. **Brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1):**

Fjárveiting var 6950 þús. kr. Byrjað var á byggingu 110 m langrar hengibrúar. Byggðar voru akkerisfestar fyrir strengi, undirstöður turna og lokið við turninn að austan. Kostnaður verður væntanlega nokkuð hærri en áætlun vegna verðhækkana.

2. **Brú á Tungufljót á Geysisvegi (G 20):**

Fjárveiting var 3300 þús. kr. Byggð var 67 m stálbitabrú í þremur höfum og með steyptu gólfi.

3. **Brú á Brúará hjá Spóastöðum (G 11):**

Fjárveiting var 3000 þús. kr. Fjárveiting þessi var miðuð við það, að byggð yrði ný 48 m löng brú á Brúará skammt ofan núverandi brúar.

Á s. l. ári var unnið að framtíðarskipulagningu Skálholtsstaðar og varð þá fljótlega ljóst, að breyta þarf legu núverandi Skálholtsvegar og færa veginn m. a. suður og vestur fyrir Skálholt. Núverandi tenging Skálholtsvegar við Biskupstungnabraut er mjög slæm og lega vegarins um hlaðið á Spóastöðum með öllu ófær til frambúðar. Með því að endurbyggja brúna á Brúará ofan við gömlu brúna eins og ráðgert var, þá hefði tenging Skálholtsvegar við Biskupstungnabraut lítið batnað frá því sem nú er. Af þessum sökum voru á s. l. ári athuguð 3 önnur brúarstæði á Brúará neðan núverandi brúar og samsvarandi breytingar á Skálholtsvegi og Biskupstungnabraut í því sambandi.

Þessum verkfræðilegu athugunum var ekki lokið s. l. vor og byggingu brúarinnar frestað í ár að tillögu vegamálastjóra. Lagði hann einnig til, að fjár-

veitingu brúarinnar yrði í ár varið til endurbyggingar brúar á Holtsá á Suðurlandsvegi (1.5 m.kr.), en fjárveiting til þeirrar brúar er í vegáætlun næsta árs. Einnig yrði fyrir þetta fé endurbyggð smábrú á Seljalandsá á Suðurlandsvegi (0.5 m.kr.), en það fé endurgreitt af smábrúafé á næsta ári. Enn fremur lagði vegamálastjóri til, að 1.0 m.kr. af fjárveitingu Brúarár yrði til bráðabirgða varið til þess að tengja hina nýju brú á Tungufljóti á Geysisvegi við vegakerfið hjá Kjóastöðum, þar sem vegasamb. hefði ella ekki fengizt í ár austur frá Geysi.

Ráðuneytið féllst á þessar tillögur vegamálastjóra.

2. Til brúa 10 m og lengri.

1. **Brú á Örnólfsdalsá (Þverá) hjá Norðtungu (B19).**

   Fjárveiting var 1700 þús. kr. í vegáætlun 1965, en var frestað þá skv. heimild í 22. gr. fjárl. Byggð var ný 40 m löng steypt bitabrú á ána um 600 m neðar en gamla brúin.

2. **Brú á Flatnaá í Hnappadal (sýsluvegur).**

   Fjárveiting var 450 þús. kr. Byggð var 16 m löng stálbitabrú með timburgólfi og steyptum stöplum.

3. **Brú á Tunguá hjá Gilstreymi (sýsluvegur).**

   Fjárveiting var 420 þús. kr. Byggð var 12 m löng stálbitabrú með timburgólfi og steyptum stöplum.

4. **Brú á Laugará í Hörðudal (B 48).**

   Fjárveiting var 705 þús. kr. Byggð var 16 m löng steypt bitabrú í tveim höfum.

5. **Brú á Hundadalsá í Dölum (B 49).**

   Fjárveiting var 680 þús. kr. Byggð var 14 m löng steypt bitabrú.

6. **Brú á Suðurfossá á Rauðasandi (sýsluvegur).**

   Fjárveiting var 720 þús. kr. í vegáætlun 1965, en framkvæmd frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Byggð var 20 m löng stálbitabrú með timburgólfi og steyptum stöplum.

7. **Brú á Hólsá hjá Bolungarvík (C 27).**

   Hreppsnefnd Hólshrepps í N-Ísafjarðarsýslu var heimilað að láta byggja 16 m langa brú með tveimur akreinum og gangstéttum á Bolungarvíkurvegi í stað gamallar 12 m brúar á sama vegi, sem er með 2.6 m akbraut og orðin hættuleg vegna mikillar umferðar gangandi fólks. Brú þessi er á þéttbýlisvegi Bolungarvíkurkauptúns og var fallizt á að heimila byggingu brúar þessarar fyrir fjárveitingu Bolungarvíkurvegar, en kostnaður við brúargerðina er áætlaður 1.5 m.kr. Er hér um sams konar framkvæmd að ræða og brú á Búðará í Reyðarfirði, sem fé var veitt til í vegáætlun 1965.

8. **Brú á Kirkjubólsá hjá Ísafirði (C 29).**

   Bæjarstjórn Ísafjarðar var heimilað að leggja fram 1.2 m.kr. lán til byggingar brúar á Kirkjubólsá á Djúpvegi. Brú þessi er steypt bitabrú, 12 m löng með tveimur akreinum og kemur í stað gamallar brúar ofar á ánni. Er brú þessi á nýjum vegi að flugvellinum á Ísafirði, en fé til þessa vegar er veitt í Vestfjarðaáætlun. Við endurskoðun á þeirri áætlun á s. l. ári gerði Efnahagsstofnunin ráð fyrir byggingu þessarar brúar á næsta ári.

9. **Brú á Hafnará á Skaga (D 23).**
Fjárveiting var 577 þús. kr., en áætlaður kostnaður var 800 þús. kr., þegar vegáætlun var samin. Byggð var 10 m löng steypt brú.

10. **Brú á Svartá hjá Korná (sýsluvegur).**
Fjárveiting var 650 þús. kr. í vegáætlun 1965, sem var 200 þús. kr. lægra en áætlaður kostnaður. Framkvæmd var þá frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Byggð var 20 m löng stálbitabrú í einu hafi með timburgólfi og steyptum stöplum.

11. **Brú á Eyjafjarðará hjá Vatnsenda.**
Fjárveiting var 1000 þús. kr. Byggð var 32 m löng stálbitabrú í 2 höfum, með timburgólfi og steyptum stöplum.

12. **Brú á Vesturá hjá Öskumel (F 7).**
Fjárveiting var 720 þús. kr. Byggð var 20 m löng stálbitabrú í 2 höfum með timburgólfi og steyptum stöplum.

13. **Brú á Fögruhlíðaá hjá Ketilstöðum (F 2).**
Fjárveiting var 910 þús. kr. Byggð var 22 m löng steypt brú í 2 höfum.

14. **Brú á Rangá hjá Skógargerði (F 15).**
Fjárveiting var 1460 þús. kr. Byggð var 46 m löng steypt bitabrú í 3 höfum.

15. **Brú á Selá hjá Starmýri (sýsluvegur).**
Fjárveiting var 800 þús. kr. og auk þess 100 þús. kr. geymd fjárveiting frá fyrri árum. Byggð var 31 m löng stálbitabrú í 2 höfum með timburgólfi og steyptum stöplum.

16. **Kvíslar í Eldhrauni, varnargarðar (G 1).**
Fjárveiting 670 þús. kr. Byggður var 1200 m langur varnargarður á s. l. ári vegna brúar á Eldvatni hjá Ásum, en fullnaðarfjárveiting var fyrst á þessu ári.

17. **Brú á Holtsá undir Eyjafjöllum (G 1).**
Fjárveiting til þessarar brúar er 1535 þús. kr. í vegáætlun 1967. Byggð var í sumar 40 m löng steypt bitabrú í 4 höfum fyrir hluta af fjárveitingu Brúarár hjá Spóastöðum sbr. greinargerð um þá brú.

18. **Almenningsá hjá Geysi (G 20).**
Fjárveiting var 610 þús. kr. Byggð var 14 m löng steypt bitabrú.

19. **Brú á Jökulgilskvísl á Fjallabaksvegi (aðalfjallvegur).**
Fjárveiting var 1180 þús. kr. í vegáætlun 1965, en framkvæmd þá frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga 1965. Byggð var 37 m löng stálbitabrú með timburgólfi og steyptum stöplum.

3. Til smábrúa.

Fjárveiting til smábrúa var 5900 þús. kr. og 500 þús. kr. að auki vegna frestunar framkvæmda á vegáætlun s. l. árs eða alls 6400 þús. kr. Fjárveitingu þessari var varið til bygginga eftirtalinna brúa:

	Heiti	Vegur	Lengd brúar m	Áætl. kostn. 1000 kr.	Kostn. vegasj. 1000 kr.	Athugasemd
1.	Botnsá í Hvalfirði	Sýsluv.	8	190	45	
2.	Fábeinsá á Fellsströnd	B 53	5	375	375	
3.	Galtará í Kollafirði	C 1	5	420	420	Byggð 1965
4.	Hnífsdalsá	C 27	7	875	400	— —
5.	Úlfsá hjá Ísafirði	C 29	5	575	575	— —
6.	Kollsá á Drangsnesvegi	C 41	6	90	90	— —
7.	Smábrýr í Árneshreppi	C 37	5—7	240	260	3 trébrýr
8.	Svertingsstaðaá V.-H.	D 3	5	470	470	
9.	Ásgeirsá V.-H.	D 11	5	535	535	
10.	Gráslækur í Skagafirði	Sýsluv.	6	200	50	
11.	Leikskálaá í Kinn	E 20	9	615	615	
12.	Reká á Tjörnesi	E 25		325	325	Stálræsi
13.	Stekkjará í Vopnafirði	F 2	4	315	315	
14.	Bakkaá í Borgarf. eystri	F 25	5	575	600	Byggð 1965
15.	Grjótá í Eskifirði	F 31	5	450	450	
16.	Ljótunnará í Fáskrúðsfirði	F 41	4	315	315	
17.	Uppsalaá á Héraði	Sýsluv.	6	160	40	
18.	Geirlandsrás V.-Skaft.	Sýsluv.	7	220	55	
19.	Djúpin í Laugardal	G 14		235	235	Stálræsi
20.	Grafará í Laugardal	G 14		180	180	—
21.	Grjótá hjá Fellsenda	Sýsluv.	8	200	50	
			Alls	7 560	6 400	

Brýr nr. 3—6 og nr. 14 voru byggðar fyrir lánsfé frá vegum eða úr héraði á s. l. ári, en koma til greiðslu nú. Auk framangreindra brúa var endurbyggð smábrú á Seljalandsá á Suðurlandsvegi og er áætlaður kostnaður 500 þús. kr., sem greiddur er til bráðabirgða af fjárveitingu Brúarár hjá Spóastöðum skv. greinargerð um þá brú.

VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Tekjur sýsluvegasjóðanna á s. l. ári samkv. 21. og 23. gr. vegalaga urðu um 5.5 m.kr. en endanleg reikningsskil vantar enn frá nokkrum sýslum. Er þetta nokkru lægri upphæð en áætlað var í tillögu til vegáætlunar fyrir 1965—1968. Stafar þetta af því, að fleiri kauptún hafa notfært sér frádráttarheimildina í 26. gr. vegalaga en áætlað var. Framlag til sýsluvegasjóða í vegáætlun í ár, sem er 11.8 m.kr., nægir því ríflega fyrir skuldbindingum skv. 28. gr.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1965 var sýnt, hvernig framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna í ár skiptist á einstakar sýslur skv. reglugerð nr. 4/1964.

Þar eru heildartekjur sýsluvegasjóðanna í ár samkv. 31. gr. og 26. gr. vegalaga áætlaðar 5.1 m.kr., en samkv. 23. gr. 0.5 m.kr.

Tekjuáætlunin skv. 21. gr. var miðuð við tímakaup í vegavinnu 1. des. 1964, sem var kr. 33.81 á klst. Hins vegar var innheimta gjaldsins í ár miðuð við meðaltímakaupið 1. des. 1965, sem var kr. 42.07, sem er 24.4% hærra en 1964. Tekjur sýsluvegasjóðanna í ár skv. 21. og 26. gr. verða því væntanlega um 6.3 m.kr., en tekjur samkv. 23. gr. að mestu óbreyttar eða 0.5 m.kr. Innheimt sýsluvegasjóðsgjöld verða því í ár um 6.8 m.kr. og verður þá ráðstöfunarfé sjóðanna alls um 18.6 m.kr., sem er 3.1 m.kr. hærra en á s. l. ári eða 20%.

Af þessari hækkun sýsluvegasjóðsgjalda leiðir samkv. 28. gr. vegalaga, að framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á næsta ári þarf að vera 13.6 m.kr. eða 1.7 m.kr. hærra en gert er ráð fyrir í vegáætlun 1967.

VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Fjárveiting í vegáætlun var	kr.	31 760 000.00
Mismunur á 12½% af heildartekjum vegasjóðs 1964 og 1965 og fé, sem skipt var sömu ár	—	3 368 878.58
Alls	kr.	35 128 878.58

Þessu fé var skipt samkv. 32. og 34. gr. vegalaga eins og að neðan greinir.

Mannfjöldi 1. des. 1965 samkv. endanlegu manntali Hagstofu Íslands 15. júlí 1966:

Kaupstaðir	131 512 íbúar
Kauptún með yfir 300 íbúa	27 483 —
Samtals	158 995 íbúar

Framlag í vegáætlun 1966 lið VII			kr. 31 760 000.00
Innstæða í vegasjóði frá 1964:			
12½% af heildartekjum vegasjóðs 1964 kr. 262 154 566.67	kr.	32 769 320.83	
÷ Tekið til skipta 1964	—	30 262 500.00	
			— 2 506 820.83
Innstæða í vegasjóði frá 1965:			
12½% af heildartekjum vegasjóðs 1965 kr. 261 056 461.97	kr.	32 632 057.75	
÷ Tekið til skipta 1965	—	31 770 000.00	
			— 862 057.75
			kr. 35 128 878.58
Frá dregst samkv. 34. gr. vegalaga 10%			— 3 512 887.86
Til skipta			kr. 31 615 990.72

$$\text{Skiptitala á hvern íbúa} \quad \frac{31\,615\,990.72}{158\,995} = 198\,848.96$$

Kaupstaðir:	Íbúatala:		Framlag:
Reykjavík	78 399	kr.	15 589 560.00
Kópavogur	9 204	—	1 830 206.00
Hafnarfjörður	8 135	—	1 617 636.00
Keflavík	5 128	—	1 019 697.72
Akranes	4 178	—	830 791.00
Ísafjörður	2 696	—	536 097.00
Sauðárkrókur	1 390	—	276 400.00
Siglufjörður	2 472	—	491 555.00
Ólafsfjörður	1 048	—	208.394.00
Akureyri	9 642	—	1 917 302.00
Húsavík	1 841	—	366 081.00
Seyðisfjörður	853	—	169.618.00
Neskaupstaður	1 514	—	301 057.00
Vestmannaeyjar	5 012	—	996 631.00
			kr. 26 151 025.72

Kauptún:	Íbúatala:		Framlag:	
Grindavík	920	kr.	182 941.00	
Sandgerði	877	—	174 391.00	
Njarðvíkur	1 509	—	300 063.00	
Garðahreppskauptún	1 574	—	312 988.00	
Seltjarnarnes	1 790	—	355 940.00	
Borgarnes	1 009	—	200 639.00	
Hellissandur	512	—	101 811.00	
Ólafsvík	921	—	183 140.00	
Grundarfjörður	509	—	101 214.00	
Stykkishólmur	976	—	194 077.00	
Patreksfjörður	1 007	—	200 241.00	
Bíldudalur	349	—	69 398.00	
Þingeyri	357	—	70 989.00	
Flateyri	527	—	104 793.00	
Suðureyri	430	—	85 505.00	
Bolungarvík	937	—	186 322.00	
Hnífsdalur	302	—	60 052.00	
Hólmavík	397	—	78 943.00	
Hvammstangi	317	—	63 035.00	
Blönduós	659	—	131.041.00	
Skagaströnd	594	—	118 116.00	
Hofsós	305	—	60 649.00	
Dalvík	964	—	191 690.00	
Hrísey	295	—	58 660.00	
Raufarhöfn	476	—	94 652.00	
Þórshöfn	451	—	89 681.00	
Vopnafjörður	457	—	90 874.00	
Egilsstaðir	476	—	94 652.00	
Eskifjörður	859	—	170 811.00	
Búðareyri í Reyðarf.	530	—	105 390.00	
Búðir í Fáskrúðsf.	695	—	138 200.00	
Djúpivogur	325	—	64 626.00	
Höfn í Hornafirði	733	—	145 756.00	
Vík í Mýrdal	340	—	67 609.00	
Stokkseyri	385	—	76 557.00	
Eyrarbakki	482	—	95 845.00	
Selfoss	2 072	—	412 015.00	
Hveragerði	739	—	146 949.00	
Þorlákshöfn	426	—	84 710.00	
				kr. 5 464 965.00
Samtals	158 995	íbúar		kr. 31 615 990.72

Af framlagi skv. 34. gr. fékk Selfosshreppur 1 m.kr., en Kópavogskaupstaður afganginn, sem nam liðlega 2 m.kr. Hefur Selfosshreppur lokið framkv. fyrir sitt framlag, en þess vænzt, að Kópavogskaupstaður hefji framkvæmdir seint á árinu.

VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

Til véla- og áhaldakaupa var fjárveiting 11 m.kr. Þessu fé hefur verið ráðstafað eins og hér segir

1. Afborgun af skuld við sölunefnd varnarliðseigna	1.48	millj. kr.
2. Greiðslur vegna vélakaupa 1963	2.16	— —
3. Vélakaup í ár	18.10	— —
Alls	21.74	millj. kr.

Vélakaup umfram fjárveitingu voru greidd af afskriftafé véla.

Af nýjum vélum og tækjum samkv. lið 3 var keypt eftirfarandi:

4 vegheflar,
4 vélskólfur,
1 mulningsvélarsamstæða,
1 dráttarbifreið,
2 malarflutningsbifreiðar,
1 vörubifreið,
1 vélkrani,
6 litlar bifreiðar.

Auk þessa einnig snjóplógar, vélbörur, rafstöðvar og ýmis minni tæki.

IX. TIL TILRAUNA VIÐ VEGA- OG GATNAGERÐ

1. Fjárveiting í vegáætlun 1966	1 270	þús. kr.
2. Geymt fé frá 1965	1 101	— —
3. Mismunur á ½% af heildartekjum vegasjóðs 1964 og 1965 og framlagi til tilrauna sömu ár	132	— —
Alls	2 503	þús. kr.

Fjárveitingu þessari var varið til eftirfarandi tilrauna- og rannsóknarstarfsemi:

1. **Tilraunir með olíumöl:**

Lokið var við tilraunir, sem hófust 1965. Lögð var olíumöl á 2 km kafla Álftanesvegar og 0.3 km kafla Suðurlandsvegar í Svínahrauni, og er honum einkum ætlað að sýna áhrif keðjuaksturs á olíumöl. Endanlegt uppgjör liggur enn ekki fyrir, en búast má við að kostnaður verði um 1400 þús. kr. og er þá undirbúningskostnaður meðreiknaður.

2. **Grundvallarrannsóknir á steinefni o. fl.:**

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins hélt áfram rannsóknum á steinefnum, bindiefnum, olíum og asfalti til notkunar í olíumöl og malbiki. Kostnaður við þetta var áætlaður kr. 200 þús.

3. **Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:**

Síðan árið 1957 hefur Atvinnudeild háskólans unnið að reglubundnum rannsóknum á malarnámum í byggð landsins, sérstaklega með tilliti til notkunar malar til mannvirkjagerðar, sem steypuefni, efni í slitlag á vegi o. s. frv. Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins hefur nú tekið við þessum rannsóknum. Bún-

aðarbanki Íslands og Vegagerð ríkisins bera kostnað af rannsóknunum og hlutdeild Vegagerðarinnar var kr. 125 þús. á þessu ári.

4. **Tilraunir með ræktun flaga við vegi:**
Landgræðsla ríkisins tók að sér að gera tilraunir með ræktun flaga meðfram vegum. Tilgangur þeirra er að fá úr því skorið, hvaða fræ hentar bezt, hvernig haga skuli fræ- og áburðardreifingu o. s. frv. Alls voru gerðar tilraunir á 18 stöðum á landinu, sem valdir voru með tilliti til jarðvegs og loftlags. Kostnaður við þessar tilraunir er áætlaður 115 þús. kr.

5. **Tilraunir með ódýr slitlög úr asfalti:**
Undirbúnar voru tilraunir með slitlög úr asfalt emulsionum, upplýsingum safnað, tækjakostur kannaður og steinefni send til rannsóknar til Skotlands. Þar sem niðurstöður þeirra rannsókna lágu ekki fyrir fyrr en í september var tilraununum frestað til næsta sumars.

6. **Rannsóknir á burðarþoli vega:**
Í undirbúningi eru rannsóknir á burðarþoli vega einkum í mýrlendi. Leitað hefur verið tilboða í mælitæki til þessara rannsókna, en reikna má með, að þau verði tilbúin til notkunar næsta vor.

X. IÐGJALD TIL SLYSATRYGGINGA

Fjárveiting var 1170 þús. kr. Iðgjöld til slysatrygginga, sem færast til gjalda á þessu ári, nema 965 þús. kr. eða nokkru lægri upphæð en fjárveitingin nemur.

XI. GJÖLD SAMKVÆMT LÖGUM UM ORLOF VERKAMANNA

Fjárveiting var 4380 þús. kr. Reikningsskil liggja ekki enn fyrir, en líklegt er, að gjöldin verði eitthvað hærri en fjárveiting vegna aukinna heildarútgjalda.

XII. ATVINNULEYSISTRYGGINGARGJÖLD

Fjárveiting var 410 þús. kr. Til gjalda á þessu ári koma 331 þús. kr. og er það gjald miðað við dagsverkafjölda sl. árs.

Nd. 103. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
Einn nefndarmaður (IG) var fjarverandi.

Alþingi, 30. nóv. 1966.

Benedikt Gröndal, form., frsm. — Axel Jónsson, fundaskr. — Guðl. Gíslason. — Einar Olgeirsson.
Sigurvin Einarsson. — Gunnar Gíslason.

Nd. 104. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 97 22. des. 1965, um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Næst á eftir orðinu „verkalýðsfélaga“ í 3. málsl. 1. málsgr. 3. gr. laganna komi orðin: þar með taldir iðnnemar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Við kjarasamninga sumarið 1964 tryggðu verkalýðssamtökin sér m. a. loforð ríkisvaldsins um, að sú breyting yrði gerð á lögum um húsnæðismálastjórn, að tekjulitlum meðlimum verkalýðsfélaga yrði gefinn kostur á viðbótarlánum við hin venjulegu lán úr byggingarsjóði ríkisins.

Lagabreyting í þessa átt var samþ. á Alþingi hinn 10. maí 1965, þar sem heimilað er „að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins,“ eins og í núgildandi lögum segir.

Með reglugerð eru sett nánari ákvæði um viðbótarlán þessi, og í framkvæmd hafa réttindin til lánanna verið einskorðuð við félagsmenn verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands. Ákvæði laganna um viðbótarlán hafa því ekki náð til iðnnema, og er með frumvarpi þessu gerð tillaga um, að sú breyting verði gerð á lögunum, að heimild til viðbótarlána taki einnig til þeirra, en iðnnemar eru lægra launaðir en félagsmenn annarra verkalýðsfélaga og sanngjarnt er, að þeir njóti eigi minni réttar um viðbótarlán til húsbygginga.

Samkvæmt núgildandi ákvæðum eiga iðnnemar ekki kost á að njóta þess réttar, sem lögin heimila meðlimum verkalýðsfélaga, fyrr en þeir hafa lokið iðnnámi og eru orðnir félagsmenn í einhverju stéttarfélagi iðnsveina. Reynslan er hins vegar sú, að þegar að því kemur hafa fjölmargir hinna nýju iðnsveina misst af þessum rétti vegna þess, að á námsárunum hafa þeir orðið að basla í því að eignast íbúð en viðbótarlánin eru ekki veitt, eftir að íbúðin hefur verið tekin í notkun.

Iðnnemar, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá og þurfa að leggja mjög hart að sér til að leysa húsnæðisvandamál sín, njóta því ekki viðbótarlánanna, þegar þeir þurfa flestum fremur á þeim að halda, og geta síðan að loknu námi ekki notið þess réttar, sem iðnsveinar almennt fá, vegna þess að viðbótarlánin eru ekki veitt út á aðrar íbúðir en þær, sem eru í byggingu.

Iðnnemasamband Íslands samþykkti ályktun um mál þetta á þingi sínu hinn 28.—30. okt. s. l., þar sem gerð er krafa um, að iðnnemar fái aðild að viðbótarlánum, hjá byggingarsjóði ríkisins, og á þingi ASÍ fyrir skemmstu var samþykkt ályktun til stuðnings við iðnnema í þessu máli.

Þótt ýmsir aðrir vankantar, sem lagfæra þyrfti, séu á lögunum um húsnæðismálastjórn, eru í frumvarpi þessu ekki gerðar tillögur um aðrar breytingar en þær, að iðnnemar fái að njóta þeirra viðbótarlána, sem nú eru einskorðuð við félagsmenn í verkalýðsfélögum innan Alþýðusambands Íslands.

Tillaga er gerð um þessa einu breytingu í trausti þess, að hvað sem líður ágreiningi um önnur ákvæði laga um húsnæðismálastjórn, þá sé fyrir hendi skilningur á á þessu réttlætismáli iðnnema og samstaða um þessa leiðréttingu á lögunum.

Ed. 105. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með breytingu, sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 30. nóv. 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Gils Guðmundsson.
Karl Kristjánsson.
Bjartmar Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson.

Ed. 106. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Við 3. gr. frv. Í stað orðsins „viðtæki“ í 2. málslið komi: sjónvarpsviðtæki.

Nd. 107. Frumvarp til laga [82. mál]

um gerðabækur ríkisstjórnar.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Á öllum ráðherrafundum skal haldin gerðabók og skráð þar í, hvað á fundum gerist, og afstaða hinna ýmsu ráðherra til hinna ýmsu mála, sem rædd eru.

2. gr.

Utanríkisráðherra skal láta halda gerðabók um viðtöl sín við fulltrúa erlendra ríkisstjórna.

3. gr.

Þegar liðin eru 15 ár, frá því að fundir þeir eru haldnir, sem í gerðabækur eru skráðir, eða samtöl þau hafa farið fram, er um getur í 2. gr., skulu gerðabækur þessar eða afrit af þeim, svo og af bréfum þeim, er fara milli ríkisstjórnar eða ráðherra Íslands og fulltrúa annarra þjóða, vera geymd á þjóðskjalasafni, þannig að almenningur hafi aðgang að þeim.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Til skamms tíma munu eigi hafa verið færðar nákvæmar gerðabækur á fundum ríkisstjórnar Íslands, en sú regla hins vegar tekin upp að mestu í tíð núverandi ríkisstjórnar. Sömuleiðis mun það eigi hafa verið föst regla, að viðtöl utanríkisráðherra við fulltrúa erlendra ríkja séu skráð. Hvort tveggja er hins vegar hin brýnasta nauðsyn, bæði vegna starfsháttа og samhengis í starfi hinna ýmsu ríkisstjórna sem

og vegna sögulegra rannsókna síðar meir. Ef fundagerðir og viðtöl eru eigi skráð samkvæmt 1. og 2. gr., getur síðar meir verið vefengt, hvað gerzt hefur.

Þá er svo fyrir mælt í 3. gr., að að 15 árum liðnum, skuli slíkar gerðabækur og viðtalsbækur og bréf opinberar. Er það venja víða erlendis, svo sem í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í framsögu mun nánar rætt um einstök dæmi úr nútímasögu vorri, er sýna, hve nauðsynleg lagasetning er um þetta.

Sþ. 108. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillöguna, en eigi orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hl. nefndarinnar (SI, MB, PS, AJ) leggur til, að tillagan verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, en undirritaðir vilja samþykkja þingsályktunartillöguna.

Það er kunnara en svo, að ástæða sé að lýsa því í löngu máli, hvílíkan lánsfjárskort íslenzkir atvinnuvegir eiga nú við að búa. Rekstrarfjárskortur torveldar öðru fremur fyllstu og hagkvæmustu hagnýtingu framleiðslugetu þeirra. Þessari staðreynd mun tæplega nokkur sá mæla í gegn, sem eitthvað þekkir til þessara mála. Hlýtur því að vera þjóðhagsleg nauðsyn að auka það fjármagn, sem a. m. k. undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eiga aðgang að.

Eðlilegast virðist, að slíkum óskum sé fyrst og fremst beint til Seðlabanka Íslands, þar sem sérstaklega er lögákveðið, að hlutverk Seðlabankans sé m. a. „að vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Sú þáltill., sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórnin hlutist til um, að Seðlabankinn kappkosti að fullnægja þessu hlutverki sínu.

Með vísan til þessa, sem hér hefur verið á bent, þar sem annars vegar er lánsfjárskortur atvinnuveganna og hins vegar lögbundið hlutverk Seðlabankans, teljum við undirritaðir, að þáltill. sé réttmæt og tímabær, og mælum því með samþykkt hennar.

Alþingi, 30. nóv. 1966.

Einar Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Ragnar Arnalds.

Nd. 109. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarverandi, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 30. nóv. 1966.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Axel Jónsson.

Matthías Bjarnason. Björn Fr. Björnsson.

Sþ. 110. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá Gils Guðmundssyni og Einari Olgeirssyni.

		þús. kr.
1.	Við 14. gr. A. III. a. (Til styrktar ísl. námsmönnum). Fyrir „19 200“ kemur	25 000
2.	— 14. — A. III. b. (Fimm ára styrkir). Fyrir „1 776“ kemur	2 000
3.	— 14. — B. I. 2. (Landsbókasafn, bóka- og handritakaup). Fyrir „1 300“ kemur	3 000
4.	— 14. — B. XXVIII. (Skáld, rithöfundar og listamenn). Fyrir „4 080“ kemur	6 000
5.	— 20. — XXV. (Byggingarsjóður Listasafns ríkisins). Fyrir „400“ kemur	5 000
6.	— 20. — XLVI. Nýr liður: Til byggingar bókhlöðu fyrir Landsbókasafn og Háskólabókasafn	10 000

Nd. 111. Frumvarp til laga [83. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert 10. október eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 35. gr. stjórnarskrárinnar segir, að reglulegt Alþingi skuli koma saman ár hvert 15. febrúar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er, hafi forseti lýðveldisins ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Þessu megi þó breyta með lögum.

Um mörg undanfarin ár hefur samkomudagur reglulegs Alþingis verið ákveðinn með sérstökum lögum samkvæmt heimild stjórnarskrárinnar og hefur reglulegt Alþingi um langt skeið komið saman í október, í seinni tíð oftast 10. október eins og sjá má af eftirfarandi yfirliti:

Samkomudagur reglulegs Alþingis:

Árið	1945	1. október.
—	1946	10. —
—	1947	1. —
—	1948	11. —
—	1949	14. nóvember.
—	1950	10. október.
—	1951	1. —

Árið	1952	1. október.
—	1953	1. —
—	1954	9. —
—	1955	8. —
—	1956	10. —
—	1957	10. —
—	1958	10. —
—	1959	20. nóvember.
—	1960	10. október.
—	1961	10. —
—	1962	10. —
—	1963	10. —
—	1964	10. —
—	1965	10. —
—	1966	10. —

Þar sem nokkur hefð hefur myndazt um að reglulegt Alþingi komi saman 10. október, er eðlilegt að ákveða þann dag sem samkomudag í stað þess að ákveða samkomudaginn með sérstökum lögum hverju sinni, enda má jafnan breyta þessu aftur með lögum, ef Alþingi virðist ástæða til.

Nd. 112. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborganalaus fyrst í stað, allt eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál 1. og 3. gr. laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar samþykktar voru á síðasta þingi breytingar á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, var meginefni þeirra, að Iðnlánasjóði væri heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán, til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækja til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar.

Reglugerð um hagræðingarlán Iðnlánasjóðs var gefin út hinn 7. júlí 1966.

Ríkisstjórnin samþykkti í september s. l., að Iðnlánasjóði væri heimilt að hefja þegar á þessu hausti lánsfjáröflun, þar sem mikilvægt væri, að lánveitingar úr hinum nýja flokki hagræðingarlána gætu hafizt sem fyrst. Í samráði við Seðlabankann var talið rétt, að Iðnlánasjóður reyndi að afla í fyrsta áfanga allt að 25 millj. kr., með því að bjóða út almennt skuldabréfalán. Hefur það mál nú verið undirbúið. En til þess að gera skuldabréfin útgengilegri var talið rétt, að þau og vextir af þeim væru undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu, á sama hátt og sparifé, skv. 21. gr. laga nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt. Til þessa þurfti að afla sérstakrar lagaheimildar, og er það meginefni frumvarps þessa.

Hentast þótti að hafa breytinguna í formi þess, að umorðuð væri 6. gr. iðnlánasjóðslaganna frá 1963 og felst breytingin um skattfrelsi skuldabréfa í 3. mgr.

Samtímis þykir rétt að hækka hina almennu lántökuheimild Iðnlánasjóðs, sbr. 1. mgr., upp í 300 millj. kr.

Með breytingu á lögunum á síðasta Alþingi var þessi lántökuheimild hækkuð úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. En segja má, að þá hafi láðst að taka tillit til þeirra breytinga, sem verða nú um áramótin, þegar Framkvæmdabanki Íslands hættir störfum, en Framkvæmdasjóður Íslands tekur við verkefnum hans. Hefur þá jafnan verið ráðgert, að lánveitingar til Iðnlánasjóðs frá Framkvæmdasjóði mundu koma til viðbótar fyrri lántökum sjóðsins, eða ákvarðast með hliðsjón af lánveitingum Framkvæmdabankans til einstakra iðnfyrirtækja á síðastliðnum árum. Var að vísu gerð grein fyrir þessu í greinargerð frumvarps til laga um breyting á iðnlánasjóðslögunum frá síðasta Alþingi, en þá hefði þurft að miða hina almennu lántökuheimild við hin breyttu viðhorf, sem nú koma til framkvæmda um næstu áramót.

Sþ. 113. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

	þús. kr.
I. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Gils Guðmundssyni*.	
1. Við 14. gr. A. I. a. 9. (Háskólinn). Nýr liður: Til þess að launa þrjá háskólakennara, er menntamálaráðherra setur til kennslu í íslenzkri sögu og bókmenntum, enda sé þeim samtímis gefinn kostur á vísindastarfi í þessum greinum	850

2. Við 14. gr. B. III. 10. (Þjóðminjasafnið). Nýr liður:
Til kvikmyndagerðar („dokument"-mynda og af sögulegum minjum) 200
3. Við 14. gr. B. XLVII. Nýr liður:
Til viðhalds Viðeyjarstofu 500

II. *Frá Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. XXV. (Bygging Hallgrímskirkju). Liðurinn orðist svo:
Til þjóðkirkju Íslands til þess að líkna hungruðum og þjáðum þar í heimi, sem biskup landsins álítur þörfina mesta 800

III. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 92, 78. (Við 20. gr. Út. IX. — Til sjúkraflugvalla).
a. Fyrir „600" kemur 700
b. Aftan við till. bætist:
Aftan við liðinn komi athugasemd:
Þar af 100 þús. kr. til sjúkraflugvallar í Tálknafirði.

Ed. 114. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni.

Eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við lögin bætist ný grein, er verði 17. gr. og orðist þannig:
Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að kr. 100 000 000.00 — eitt hundrað milljónum króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og endurlána þau Ríkisútvarpinu til að koma upp sendistöðvum sjónvarps.
Ef hentara þykir, getur útvarpsstjóri fyrir hönd Ríkisútvarpsins tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hönd ríkissjóðs.

Ed. 115. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Páli Þorsteinssyni, Gils Guðmundssyni og Karli Kristjánssyni.

Á eftir 4. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisútvarpið skal koma upp endurvarpsstöðvum sjónvarps í öllum landshlutum og skal hraða framkvæmdum svo, að allar aðalendurvarpsstöðvar og millistöðvar, sem þörf er á, verði fullgerðar eigi síðar en á árinu 1969.
Ríkisstjórninni er heimilt, ef með þarf til að ná þessu takmarki, að taka lán, allt að 50 millj. kr., til að standa straum af kostnaði við framkvæmdirnar.

Sþ. 116. Fyrirspurn [85. mál]

til raforkumálaráðherra um rafmagnsmál Austurlands.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Eysteini Jónssyni, Jónasi Péturssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni.

Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar í rafmagnsmálum Austurlands til þess að koma í veg fyrir, að hliðstæðar rafmagnstruflanir og átt hafa sér stað að undanförnu endurtaki sig?

Sþ. 117. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1967.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 5. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1967 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		þús. kr.
1. **Tekju- og eignarskattur**		603 000
2. Aðflutningsgjöld	1 925 300	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	96 300	
		1 829 000
3. **Gjald af innlendum tollvörum**		60 000
4. **Lestagjald af skipum**		1 300
5. **Aukatekjur**		60 000
6. **Stimpilgjald**		95 000
7. **Vitagjald**		3 800
8. Söluskattur	1 328 200	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	106 300	
		1 221 900
9. Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna		66 500
10. Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960		173 300
Samtals ...		4 113 800

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	þús. kr.	þús. kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar		557 600
2. — ríkisprentsmiðju		750
Samtals ...	. . .	558 350
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Rekstrartekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	86 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	3 500	
3. Skeytagjöld	28 000	
4. Símtalagjöld	92 000	
5. Símaafnotagjöld	270 000	
6. Leiga talstöðva og lína	6 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	10 000	
8. Flutningsgjöld og stofngjöld	34 500	
9. Aðrar tekjur	9 000	
		539 000
II. Rekstrargjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	131 700	
2. Rekstrarþóknanir, aukaaðstoð og yfirvinna	91 800	
3. Póstflutningur	15 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	12 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	26 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	69 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	44 000	
8. Flutningur á símum	10 000	
9. Vextir	1 300	
10. Tryggingar	3 700	
11. Lífeyrissjóður	8 000	
12. Önnur gjöld	9 000	
	421 500	
Til stofngjaldasjóðs samkv. reglugerð nr. 117/1952	22 000	
Áætluð afskrift	95 500	
		539 000
Eignahreyfingar:		
Inn:		
Vörulán	11 600	
Áætlað afskriftafé	63 500	
Úr stofngjaldasjóði	32 000	
	107 100	
Út:		
Nýframkvæmdir	103 700	
Afborganir lána	3 400	
	107 100	

3. gr.

	þús. kr.	þús. kr.
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.		
I. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti		868 420
II. Framleiðslukostnaður o. fl.:		
1. Innkaupsverð seldra vara	231 000	
2. Laun og starfsmannakostnaður	17 220	
3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	3 500	
4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	3 070	
5. Viðhald og viðgerðir	530	
6. Ýmis gjöld	840	
7. Kostnaður við útsölur	8 200	
8. Nýjar útsölur í Vestmannaeyjum og Keflavík. Innréttingar, laun og starfsmannakostnaður	2 000	
		266 360
		602 060
III. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun og starfsmannakostnaður	7 100	
2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	750	
3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	350	
4. Viðhald og viðgerðir	120	
5. Ýmis gjöld	2 640	
Skrifstofukostnaður alls	10 960	
IV. Tillag til Gæzluvistarsjóðs	7 500	
V. Útsvar	26 000	
		44 460
Nettó-hagnaður. Fært á 3. gr. A. 1.	. . .	557 600
3. Ríkisútvarpið.		
Hljóðvarp:		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	35 000	
b. Aðrar tekjur	20 000	
		55 000
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Föst laun 12 065		
2. Aukavinna 3 000		
	15 065	
b. Útvarpsefni	11 500	
c. Skrifstofukostnaður	3 150	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3 130	
e. Til útvarpsstöðva	8 500	
f. Til viðgerðarferða o. fl.	300	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	800	
h. Vegna höfundalaganna	2 400	
i. Óviss útgjöld	850	
j. Bifreiðakostnaður	260	

3. gr.

	þús. kr.	þús. kr.
k. Launaskattur	240	
l. Til kaupa á áhöldum, hljóðfærum o. fl.	500	
m. Greiðsla til Brown Boveri s. fr. 163.585.00 vegna nýs sendis fyrir Vatnsendastöðina	1 450	
n. Vegna breytinga á Eiðastöð o. fl.	1 500	
o. Vegna FM-sendistöðva	5 355	
		55 000
III. Sjónvarp:		
a. Tekjur:		
1. Afnotagjöld	26 000	
2. Auglýsingar	13 100	
3. Aðflutningsgjöld	17 500	
		56 600
b. Gjöld:		
1. Starfsmannalaun og aukavinna	9 500	
2. Sjónvarpsefni, aðkeypt	14 600	
3. Skrifstofukostnaður	2 800	
4. Rekstur húss	2 200	
5. Stúdíó	5 500	
6. Kvikmyndakostnaður	2 400	
7. Lífeyrissjóðsgjald	500	
8. Tryggingar	500	
9. Höfundalaun	2 400	
10. Bifreiðakostnaður	500	
11. Launaskattur	200	
12. Vextir	1 000	
13. Ýmis útgjöld	2 100	
14. Endurnýjun og viðaukar í Reykjavík	5 000	
15. Hús, afborganir og vextir	1 200	
16. Sendir í Vestmannaeyjum	2 700	
17. Til greiðslu á skuldum vegna stofnkostn. í Rvík	3 500	
		56 600
IV. Rekstur Viðtækjaverzlunar:		
a. Tekjur	4 700	
b. Gjöld:		
1. Laun 1 310		
2. Annar kostnaður 1 250		
	2 560	
	2 140	
3. Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	1 284	
4. Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	856	
4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.		
I. Tekjur		13 250
II. Gjöld:		
1. a. Laun starfsmanna 1 015		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna 6 500		
	7 515	

	3. gr.	
	þús. kr.	þús. kr.
2. Efnivörur	2 275	
3. Vélarekstur og viðhald	350	
4. Annar kostnaður	2 360	
		12 500
Fært á 3. gr. A. 2.	. . .	750
5. Landssmiðjan.		
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)		10 395
II. Gjöld:		
1. Laun starfsmanna	1 959	
2. Vextir	600	
3. Annar kostnaður	7 766	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar	70	
		10 395
6. Tunnuverksmiðjur ríkisins.		
I. Tekjur		23 490
II. Gjöld:		
1. Laun og skrifstofukostnaður	1 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)	13 050	
3. Verkalaun	6 480	
4. Annar kostnaður	2 960	
		23 490
7. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		5 500
II. Gjöld:		
1. Laun	3 000	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	617	
3. Annar kostnaður	1 883	
		5 500
8. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	1 331	
2. Gjöld	1 331	
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	2 573	
2. Gjöld	2 573	
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	2 108	
2. Gjöld	2 108	
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	566	
2. Gjöld	566	

3. gr.

	þús. kr.	þús. kr.
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	1 739	
2. Gjöld	1 739	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	220	
2. Gjöld	220	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		75

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	þús. kr.	þús. kr.
1. Vextir		7 700
2. Arður af hlutafjáreign		300
Samtals ...	. . .	8 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 25 millj. krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1967 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	þús. kr.	þús. kr.
Vextir af innlendum lánum		11 008
Samtals ...	. . .	11 008

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	þús. kr.	þús. kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	485	
2. Risna	120	605
II. Skrifstofa forseta Íslands:		
1. Laun	418	
2. Annar kostnaður	482	900
III. Bifreiðakostnaður:		
1. Laun	246	
2. Annar kostnaður	434	680
IV. Forsetasetrið að Bessastöðum:		
1. Laun	154	
2. Annar kostnaður	890	1 044
V. Bessastaðakirkja		80
VI. Til handhafa forsetavalds		50
Samtals ...	. . .	3 359

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	þús. kr.	þús. kr.
1. Til alþingiskostnaðar		36 490
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		300
Samtals ...	. . .	36 790

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		þús. kr.	þús. kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	2 560		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	170		
c. Ríkisráð	17		
		2 747	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	1 863		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun	2 118		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun	1 877		
d. Fjármálaráðuneytið, laun	2 413		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun	2 233		
b. Fálkaorðan	110		
	2 343		
f. Ríkisendurskoðun, laun	5 005		
g. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	1 059		
h. Utanríkisráðuneytið, laun	2 777		
i. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	1 251		
j. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	2 086		
k. Framlag til Efnahagsstofnunarinnar	2 000		
l. I. Hagstofan:			
1. Laun	3 660		
2. Útgáfa hagskýrslna	503		
3. Annar kostnaður	1 162		
	5 325		
II. Þjóðskráin:			
1. Laun	1 349		
2. Annar kostnaður	413		
	1 762		
m. Aðrir starfsmenn, laun	2 036		
n. Símakostnaður og burðargjöld	2 750		
o. Annar kostnaður ráðuneyta	9 000		
p. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	1 100		
r. Til ritunar og útgáfu sögu Stjórnarráðsins	200		
s. Til Hagráðs	100		
		47 065	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun	3 743		
b. Annar kostnaður	1 600		
		5 343	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	310		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	1 300		

10. gr.

	þús. kr.	þús. kr.
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu, ráðherrabústað og Arnarhvoli 1 500	3 110	
		58 265
II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):		
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:		
a. Laun 2 341		
b. Annar kostnaður 442	2 783	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:		
a. Laun 1 614		
b. Annar kostnaður 375	1 989	
3. Sendiráðið í London:		
a. Laun 2 216		
b. Annar kostnaður 1 199	3 415	
4. Sendiráðið í Washington:		
a. Laun 2 449		
b. Annar kostnaður 1 031	3 480	
5. Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD:		
a. Laun 4 413		
b. Annar kostnaður 1 687	6 100	
6. Sendiráðið í Osló:		
a. Laun 1 518		
b. Annar kostnaður 643	2 161	
7. Sendiráðið í Bonn:		
a. Laun 1 779		
b. Annar kostnaður 450	2 229	
8. Sendiráðið í Moskva:		
a. Laun 2 420		
b. Annar kostnaður 628	3 048	
9. Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York:		
a. Laun 2 231		
	þús. kr.	þús. kr.
XLV. Til undirbúnings byggingar fyrir Veðurstofu Íslands		300
XLVI. Til lánasjóðs sveitarfélaga		5 000
XLVII. Til jarðeignasjóðs ríkisins		6 000
Samtals ...	. . .	244 136

21. gr.
I. Rekstrar-

		þús. kr.	þús. kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		4 113 800
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		558 350
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		8 000
5. gr.	Óvissar tekjur		25 000
	Samtals ...	...	4 705 225

II. Sjóðs-

		þús. kr
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	4 705 225
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	6 000
	Samtals ...	4 711 325

Yfirlit.

yfirlit.

21. gr.

		Gjöld:	þús. kr.	þús. kr.
7. gr.		Vextir		11 008
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		3 359
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		36 790
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		108 126
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	250 021	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	98 439	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	5 200	
				353 660
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		216 227
13. gr.	A.	Vegamál	550	
—	B.	Samgöngur á sjó	38 192	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	81 332	
—	D.	Flugmál	27 646	
—	E.	Veðurþjónusta	13 007	
—	F.	Ýmis mál	16 675	
				177 402
14. gr.	A.	Kennslumál	647 338	
—	B.	Til opinb. safna, bókaútgáfu, listastarfsemi o. fl.	52 593	
				699 931
15. gr.		Kirkjumál		43 776
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	222 658	
—	B.	Sjávarútvegsmál	236 630	
—	C.	Iðnaðarmál	19 425	
—	D.	Raforkumál	53 117	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	41 077	
				572 907
17. gr.		Til félagsmála		1 067 406
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		102 115
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		885 000
		Rekstrarafgangur		427 518
		Samtals	. . .	4 705 225

yfirlit.

		Út:	þús. kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	4 277 707
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána og til eignaaukningar	244 136
		Greiðslujöfnuður	189 482
		Samtals	4 711 325

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavarna hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1967 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindravinafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í norðurhöfum.

VII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

VIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

IX. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

X. Að ákveða, að ein króna af tekjum Landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XI. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkissjóður setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XIII. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengu við gildistöku laga nr. 29/1963.

XIV. Að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

XV. Að kaupa upplag og útgáfurétt Geodætisk Institut að íslenzkum landakortum fyrir allt að kr. 700 þús.

XVI. Að kaupa fasteignir Sambands íslenzkra samvinnufélaga við Kirkjustræti, vestan Alþingishúss.

XVII. Að kaupa hús til afnota sem vistheimili fyrir sjúklinga af Kleppsspítala, allt að kr. 6 millj.

XVIII. Að endurgreiða Rannsóknastofnun iðnaðarins aðflutningsgjöld af „spectrometer“, kr. 135 þús.

XIX. Að festa kaup á lóðinni nr. 4 við Amtmannsstíg í Reykjavík.

XX. Að kaupa grasasafn Ingimars Óskarssonar handa grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands.
XXI. Að leyfa Ríkisútgáfu námsbóka að kaupa húsnæði fyrir skrifstofu í húsinu Tjarnargötu 10 í Reykjavík og húsnæði fyrir lager í húsinu Brautarholti 6 í Reykjavík.
XXII. Að kaupa bústað fyrir ambassador Íslands í Stokkhólmi og taka lán í því sambandi allt að s.kr. 500 þús.
XXIII. Að ráðstafa af óafturkræfu framlagi Bandaríkjastjórnar 1960:
a. allt að 150 millj. kr. til Búrfellsvirkjunar samkv. lögum nr. 59/1965 um Landsvirkjun;
b. allt að 55 millj. kr. til Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966 og
c. allt að 20 millj. kr. til Kísiliðjunnar h/f.
XXIV. Að verja söluandvirði m/s Heklu, m/s Herðubreiðar, m/s Skjaldbreiðar og m/s Þyrils til endurnýjunar á skipakosti Skipaútgerðar ríkisins og til að bæta aðstöðu við vöruafgreiðslu útgerðarinnar við Reykjavíkurhöfn, og enn fremur að leggja fram fé eða taka að láni allt að 15 millj. kr. í sama skyni.
XXV. Að taka allt að 140 millj. kr. lán eða jafnvirði í erlendri mynt og endurlána féð Hafnarfjarðarkaupstað, til byggingar hafnarmannvirkja í Straumsvík, samkvæmt samningi, dags. 28. júní 1966, milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Íslenzka Álfélagsins h/f.
XXVI. Að greiða hluta Íslands í kostnaði við flutninga aðalstöðva NATO frá Frakklandi.
XXVII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað.
XXVIII. Að verja 30 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til framleiðnisjóðs landbúnaðarins.

23. gr.

Heimilt er að greiða uppbót á greiðslur, samkvæmt liðum I.a og II. á 18. grein fjárlaga, samsvarandi almennri hækkun, sem verða kann á launum starfsmanna ríkisins.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1966 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Ed. 118. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Aftan við staflið i í 49. gr. laganna kemur nýr stafliður, þannig:

j. Tannlækningar að ¾ hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.

Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu málsgrein sömu greinar falla niður.

2. gr.

Fyrsti málsliður 51. gr. laganna orðast svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 49. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. 51. gr. orðast þannig:

Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin.

Í stað orðanna „samkvæmt 49. gr. b og c“ á tveim stöðum síðar í 51. gr. kemur: samkvæmt 49. gr. b, c og j.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

Greinargerð.

Frumvarp, samhljóða þessu, var flutt á síðasta þingi, en náði ekki fram að ganga. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að tannlæknishjálp skuli vera meðal þeirra réttinda, sem sjúkrasamlagsmenn njóta. Ákvæði um þetta hefur áður verið lögfest hér, en kom aldrei til framkvæmda. Í lögum um almannatryggingar 1946 segir svo í 79. gr.: „Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp.“ Síðar í sömu lögum (85. gr.) er ákveðið, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs, og að þessi læknishjálp skuli ekki veitt umfram beina heilsufarslega nauðsyn.

Það var sem sagt horfið frá framkvæmd þessa lagaákvæðis, og í gildandi lögum um almannatryggingar finnst einungis marklítil heimild, sem er orðuð svo: „Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða viðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar.“ Þessa heimild hafa sjúkrasamlög ekki notfært sér og litlar horfur á, að þau muni gera það.

Löggjöf um sjúkratryggingar er áfátt að verulegu leyti, ef í hana vantar skylduákvæði um tannlækningar, svo veigamikill þáttur er tannvernd og tannlæknishjálp í almennri heilsugæzlu nútímans. Um þetta verður vart deilt, enda hafa þær þjóðir, sem við fullkomnast tryggingakerfi búa, þegar fyrir löngu tekið tannlækningar inn í sjúkralöggjöf sína.

Fyrir 20 árum bentu tveir tryggingafróðir menn, þeir Jón Blöndal og Jóhann Sæmundsson, á nauðsyn þess, að tryggingarnar sæju hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp. Þetta er enn ekki orðið að veruleika hér, og er þó nauðsynin ekki minni en fyrir 20 árum og raunar hverjum manni auðsærri nú. Ástæðan til þessa seinlætis er að öllum líkindum fjárhagslegs eðlis eingöngu, og ef svo er, þá er afsökunin harla léttvæg, því að sannarlega verður heilsan aldrei virt til fjár.

Það er alkunna, að efnahagur ræður nokkuð um, hve fljótt menn leita tannlæknis. Fátækt fólk gengur lengur með tannskemmdir, án þess að leita læknis, en þeir, sem betur eru efnum búnir. Slíkt er ekki í anda almannatrygginga, og ber að leiðrétta það með viðeigandi ákvæðum í sjúkralöggjöf.

Samkvæmt frumvarpinu skulu sjúkrasamlög sjá hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp að ¾ kostnaðar. Undanskildar eru þó vissar aðgerðir, sem ekki teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli og fegrunaraðgerðir. Greiðslutaxti skal ákveðinn með samningum við stéttarsamtök tannlækna, og takist samningar ekki, skal með mál farið á sama hátt og um lækna væri að ræða. Rétt þykir, að Tryggingastofnuninni og sjúkrasamlögunum gefist tóm til undirbúnings þeirrar breytingar, sem af samþykkt frumvarpsins leiðir, og því er svo ákveðið, að lög um tannlæknishjálp öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1967.“

Þáttur Tryggingastofnunar.

Um frumvarpið fór þannig í fyrra, að það var fellt eftir 2. umræðu í fyrri deild, og mun álitsgerð Tryggingastofnunar ríkisins hafa átt drjúgan þátt í þeim málalokum.

Stofnunin taldi sig ekki geta mælt með samþykkt frumvarpsins vegna tannlæknaskorts í barnaskólunum. „Það hefur því verið talið óskynsamlegt“, segir í álitsgerðinni, „að sjúkrasamlög keppi við skólana um þá starfskrafta, sem hér um ræðir, en bíða heldur þar til skólatannlækningar væru komnar í gott horf.“

Hér er bersýnilega um tylliástæðu að ræða, tilreidda í því skyni að koma þörfu máli fyrir kattarnef. Það mundi tæpast valda skólunum erfiðisauka, að sjúkrasamlögin gerðu samninga við stéttarfélag tannlækna. Hitt er miklu líklegra, að slíkir samningar yrðu á þann veg, að skólayfirvöldin stæðu betur að vígi eftir en áður í samkeppni um tannlæknaþjónustuna.

Annars snýst þetta mál um það eitt, hvort almenningur skuli öðlast rétt til að tryggja sig á þessu sviði sjúkrahjálpar sem öðrum. Tryggingastofnun ríkisins er sýnilega mótfallin því, sennilega af þeirri ástæðu, að það hlýtur „að verða sjúkrasamlögunum verulegt fjárhagslegt vandamál,“ eins og segir í álitsgerðinni. Þetta er uppgjafartónn, sem aðeins hæfir þreyttum mönnum og stirðnuðu fyrirtæki, en ekki lifrænni velferðarstofnun. Hann minnir á þá hættu, að stofnanir spillist, ef ekki er stöðug gát höfð á. Að sjálfsögðu kosta tannlækningar mikið fé, en það greiðir þjóðin nú þegar. Þess vegna er spurningin einvörðungu um það, hvort jafna megi kostnaðinum þannig, að fátækir jafnt og ríkir fái notið læknishjálparinnar.

Lagafrumvarpið um tannlækningar á vegum sjúkrasamlaga fékk frekar daufar undirtektir í fyrra hjá félagi tannlækna, og er það tæpast láandi. Tannlæknar munu ekki bjartsýnir á hagfellda samninga við sjúkrasamlögin. Þó mun enginn ástæða til að ætla annað en að þeir verði til viðtals um þessi mál. Fyrir rúmum þrjátíu árum stóðu læknar í sömu sporum. Þá gengu þeir hikandi til leiks, en sömdu þó. Væntanlega er félagsþroski tannlæknanna ekki síðri nú en læknanna var fyrir aldarþriðjungi. Á þetta hefur ekki reynt enn. Hitt er staðreynd, að sjálft þjónustutæki almennings, Tryggingastofnunin, er þungt í taumi, hvað þetta hagsmunamál alþjóðar snertir.

Ed. 119. Frumvarp til laga [87. mál]

um héraðsskóla í Austur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Reisa skal nýjan héraðsskóla í Austur-Skaftafellssýslu og sé hann búinn heimavist handa nemendum.

2. gr.

Menntamálaráðherra lætur gera í samráði við sýslunefnd kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um smíði héraðsskólans samkvæmt 1. gr. Skal áætlunin við það miðuð, að hafizt verði handa um smíði skólans eigi síðar en á árinu 1968 og að skólinn verði fullgerður á eigi lengri tíma en fimm árum.

3. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu og rekstri þess héraðsskóla, sem lög þessi taka til. Haga skal byggingu hans svo, að þar megi með hægu móti reka sumargistihús.

Sýslan leggur til skólastað ókeypis.

4. gr.

Námsefni og prófkröfur héraðsskólans skulu vera hinar sömu og í hliðstæðum skólum og við það miðað, að nemendur eigi þess kost að ljúka þar námi gagnfræðastigs.

5. gr.

Ráðherra ákveður nánar staðsetningu og umdæmi skólans að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi sýslunefndar og fræðsluráðs.

Unglingar, sem eiga heima í umdæmi skólans, sbr. 1. málsgr., hafa forgangsrétt til skólavistar.

6. gr.

Ríki og sýslufélag eiga samaðild að stjórn héraðsskólans. Menntamálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og annan þeirra formann. Sýslunefnd kýs þrjá stjórnarmenn að fengnum tillögum fræðsluráðs.

Nú telst umdæmi héraðsskólans, sbr. 5. gr., ná yfir Austur-Skaftafellssýslu og hluta af Suður-Múlasýslu, og kýs þá sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu tvo stjórnarmenn, en sýslunefnd Suður-Múlasýslu einn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Liðin eru tuttugu ár, síðan hin almenna skólalöggjöf, sem nú gildir, var sett. Markmiðið með þeirri löggjöf var einkum það að samræma starfsemi skólanna, lengja skólaskyldu og koma á sem mestum jöfnuði um aðstöðu ungmenna til skólagöngu.

Mikið skortir á, að þessu marki sé að fullu náð. Af því leiðir, að aðstaða æskufólks til náms er enn mjög misjöfn, m. a. af því að í sumum landshlutum vantar tilfinnanlega skóla, einkum á gagnfræðastiginu. Stendur sveitabyggðin mjög höllum fæti í þessu efni.

Héraðsskólarnir hafa átt að gegna því hlutverki fyrst og fremst, síðan skólakerfið var samræmt, að veita hver á sínu svæði fullnægjandi aðstöðu til náms á gagnfræðastiginu. En þeir skólar eru of fáir, svo að um margra ára skeið hafa sumir þeirra árlega orðið að synja fjölmörgum umsækjendum um skólavist. Afleiðingin hefur ýmist orðið sú, að æskumenn, sem alast upp í þessum landshlutum, hafa orðið að hætta alveg við gagnfræðanám eða fresta því til seinni tíma.

Þegar gildandi skólalöggjöf var sett, var kveðið svo á, að hver sýsla og hver kaupstaður sé fræðsluhérað og að í hverju fræðsluhéraði skuli starfa einn gagnfræðaskóli hið minnsta. Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig á tuttugu ára tímabili, að yngsti héraðsskólinn, þ. e. Skógaskóli, hóf starfsemi sína rúmum tveimur árum eftir að skólalöggjöfin með þeim ákvæðum, er áður greinir, öðlaðist gildi, og síðan hefur enginn nýr héraðsskóli verið byggður.

Á Suðausturlandi er verið að koma framkvæmd skólamála í það horf, að nemendur ljúki skyldunámi í sambandi við barnaskólana, og miðskóladeildir starfa á Höfn og Djúpavogi. En á þessu svæði vantar mjög tilfinnanlega fullkominn skóla gagnfræðastigs.

Með frv. þessu er lagt til, að stofnsettur verði nýr héraðsskóli í Austur-Skaftafellssýslu og sé hann búinn heimavist handa nemendum.

Dýrtíðin, sem magnazt hefur hin síðari ár, veldur miklu um það, að stofnkostnaður menntastofnunar, sem hér um ræðir, verður allmikill. Á hinn bóginn hefur löggjafinn ekki séð sýslufélögunum fyrir nýjum tekjustofnum, svo að yfirleitt eru þau þess ekki megnug að taka á sig þungar fjárhagsbyrðar. Héraðsskólarnir (heimavistarskólar gagnfræðastigs), sem starfað hafa lengi, eru flestir orðnir séreign ríkisins samkvæmt samningum, sem gerðir hafa verið á grundvelli laga nr.

34 18. apríl 1962. Í frv. þessu er lagt til, að hið sama gildi um héraðsskóla í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að ríkissjóður beri allan kostnað af byggingu hans og rekstri. Samkvæmt frv. skal þó sýslan leggja skólanum til land, er fullnægi þörfum hans.

Frv. þetta er borið fram í samræmi við áskorun sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu og ályktun fulltrúafundar bænda í héraðinu. Samþykkt sýslunefndar, svo og ályktun bændafundar um málið eru birtar hér sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

SÝSLUMAÐURINN Í SKAFTAFELLSSÝSLU

Vík í Mýrdal, 22. ágúst 1966.

Hér með sendist yður eftirfarandi áskorun, samþykkt á síðasta aðalfundi sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.

„Sýslufundur Austur-Skaftafellssýslu 1966 telur, að brýn nauðsyn sé á því að byggja héraðsskóla (heimavistarskóla gagnfræðastigs) í sýslunni, en telur jafnframt, að útilokað sé, að sýslan geti staðið straum af stofn- og reksturskostnaði slíkrar stofnunar, samkv. lögum nr. 41 frá 1955. Skorar því sýslunefndin fastlega á alþingismenn kjördæmisins að bera fram frumvarp á næsta Alþingi til breytinga á téðum lögum, þess efnis, að ríkið láti byggja héraðsskóla í Austur-Skaftafellssýslu, er sé eign ríkisins."

F. h. sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu,

Einar Oddsson.

Fylgiskjal II.

Fundarályktun frá bændafundi A.-Skaftfellinga 12.—13. nóv. 1966.

Fulltrúafundur bænda í A.-Skaftafellssýslu, haldinn að Mánagarði dagana 12. og 13. nóv. 1966, fagnar því, sem áunnizt hefur í skólamálum sýslunnar, sérstaklega tilkomu miðskóladeildar á Höfn, og skorar á alþingismenn kjördæmisins að vinna að framgangi héraðsskólastofnunar í sýslunni í samræmi við tillögu frá sýslunefnd A.-Skaftafellssýslu, er samþykkt var á sýslufundi 1966.

Samkvæmt fundagerðabók

Þorsteinn Jóhannsson.

Nd. 120. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta hefur verið til athugunar í fjárhagsnefnd, en ekki hefur náðst samkomulag um afgreiðslu þess. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með breytingu þeirri, er síðar verður getið.

Í efnahagskerfi, sem byggir svo mjög á náttúrubundnum atvinnuvegum sem raun er á hér á landi og auk þess er mjög háð erlendum mörkuðum, má jafnan

gera ráð fyrir, að breytingar geti gerzt með tiltölulega skömmum fyrirvara, bæði að því er snertir t. d. aflafeng í fiskveiðunum eða sölu og verðlag á afurðum á erlendum mörkuðum.

Á undanförnum árum hafa báðir þessir þættir verið sjávarútveginum að mestu hagstæðir. Hefur þetta, ásamt aukinni framleiðni, skapað skilyrði til örari efnahagsþróunar og batnandi lífskjara í ríkari mæli en þekkzt hefur hér á landi áður á sambærilegum tíma.

Á síðari hluta þessa árs hefur hins vegar sú breyting á orðið, að í stað hagstæðrar verðlagsþróunar á útflutningsafurðum hefur orðið tilfinnanleg verðlækkun á þýðingarmestu afurðum sjávarútvegsins.

Hér hafa að þessu leyti skapazt gjörbreytt viðhorf fyrir útflutningsatvinnuvegina, sem hafa leitt til þess, að þeir eru ekki færir um að taka á sig kostnaðarhækkanir.

Ríkisstjórnin hefur með frv. þessu stigið mikilvægt skref til að skapa skilyrði fyrir því, að frekari hækkanir verði ekki um sinn á framleiðslukostnaði útflutningsatvinnuveganna.

Er ríkisstjórninni með frv. heimilað að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frv. var lagt fyrir Alþingi, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau ekki leyfa neina hækkun á vöruverði né heldur hvers konar þjónustu eða álagningu, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru.

Skipulagi verðlagsmála er þannig háttað, að um þau fjalla ýmsar nefndir og önnur stjórnvöld. Að athuguðu máli þótti því rétt að tryggja það, að fullt samræmi yrði í framkvæmd þeirrar stefnu, er í frv. felst, en það er mjög áríðandi, ef slík lög eiga að ná þeim tilgangi, sem að er stefnt. Ríkisstjórnin hefur því óskað eftir því við nefndina, að hún flytti breytingartillögu við 1. gr. frv., og hefur meiri hl. nefndarinnar í framhaldi af því samþykkt að leggja til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. málsl. 1. gr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 8. des. 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 121. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. des. 1966.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Þórarinn Þórarinsson.	Gísli Guðmundsson.	Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 122. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá Eðvarð Sigurðssyni, Gísla Guðmundssyni og Þórarni Þórarinssyni.

3. mgr. 1. gr. frv. orðist svo:

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, en skuldabréfin skulu vera framtalsskyld.

Nd. 123. Frumvarp til laga [88. mál]

um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það, að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

2. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir án tilnefningar. Formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist með öðrum kostnaði úr sjóðnum.

3. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju eftir 1966, má eigi verja meiru en ⅓ hluta til styrkveitinga.

Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta landbúnaðarráðherra í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda landbúnaðarráðherra til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

4. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbún-

aðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967—1969.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði, sér um bókhald hans og rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórnina.

Framleiðnisjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett framleiðnisjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Búnaðarbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

6. gr.

Um endurskoðun og bókhald Framleiðnisjóðs fer eftir lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. september s. l. skipaði landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd til að semja frumvarp um framleiðnisjóð landbúnaðarins. Í nefndina voru skipaðir Ólafur Björnsson, prófessor, Jón Þorsteinsson, alþingismaður, Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Kristján Karlsson, fyrrv. skólastjóri og Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta og fylgdi því eftirfarandi greinargerð.

Tilgangur þessara laga er tvíþættur. Í fyrsta lagi er þeim ætlað að stuðla að nauðsynlegum breytingum á framleiðslu landbúnaðarins í heild, þannig að hún fullnægi sem bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma og sé í samræmi við markaðsaðstæðurnar, bæði innan lands og utan.

Í öðru lagi er lögunum ætlað að stuðla að aukinni hagkvæmni í framleiðslu landbúnaðarafurða, svo að framleiðsluafköst í landbúnaði megi verða sem mest, miðað við fjármagn og vinnuafl, án þess að því fylgi aukin framleiðsla.

Um fyrra atriðið er það að segja, að nauðsynlegt er að haga svo framleiðslu búvara, sem þarfir þjóðarinnar krefjast, og að sá hluti framleiðslunnar, sem út kann að vera fluttur, sé í fyllsta samræmi við markaðsaðstæðurnar hverju sinni, en með því að hvort tveggja getur tekið breytingum nokkuð skyndilega, en það tekur ávallt lengri tíma að breyta framleiðsluháttum landbúnaðarins, getur það verið nauðsynlegt að flýta fyrir þeim breytingum með beinni aðstoð, eins og lög þessi gera ráð fyrir.

Það er t. d. á flestra vitorði, að nú sem stendur er sauðfjárframleiðsla landsmanna nær því að geta framleitt fyrir erlent markaðsverð en mjólkurframleiðslan.

Reynt hefur verið að örva menn til sauðfjárframleiðslu með verðtilfærslu milli mjólkur og kjöts. Slík verðtilfærsla hefði þá jafnframt átt að draga úr mjólkurframleiðslunni. Reynslan hefur samt orðið sú að framleiðsluaukningin hefur orðið enn meiri í framleiðslu mjólkur en sauðfjárafurða, og sáralítið hefur borið á því að menn dragi frekar saman framleiðslu mjólkur í sveitum, sem betur henta fyrir sauðfjárframleiðslu, og hafa auk þess ófullnægjandi markaðsskilyrði fyrir mjólk, heldur en í sveitum, sem betur eru fallnar fyrir mjólkurframleiðslu, bæði landfræðilega og markaðslega séð. Takmörk hljóta að vera fyrir því hve mikil slík verðtilfærsla má verða, svo ekki valdi hún beinu fráhvarfi frá mjólkurframleiðslu á þeim svæðum, sem mjólkurinnar er þörf. Það er álit margra, að ekki sé skynsamlegt að ganga lengra á þeirri braut, sem farin hefur verið í þessum efnum á undanförnum árum.

Sauðfjárbúskapur þarf verulega meira fjármagn, bæði í stofnkostnað og reksturskostnað, en mjólkurframleiðslan. Sérstaklega verður þessi mismunur tilfinnanlegur, ef breyta á um frá mjólkurframleiðslu og yfir í sauðfjárrækt. Við breytinguna missir framleiðandinn tekjur af fullvöxnum gripum en fær í staðinn ungviði, sem gefa ekki af sér neinar verulegar tekjur fyrstu 2—3 árin.

Flestir munu sammála um það að sauðfjárrækt verður ekki aukin hérlendis að neinu ráði, nema til kæmi sérstök beitirækt og síðan skipting beitarlandsins niður í afgirt beitarhólf. Við slíkt sparast mjög mikil vinna við smölun, sem nú er að verða miklum örðugleikum bundin, vegna mannfæðar í sveitunum. Það gæti m. a. verið eitt af verkefnum Framleiðnisjóðs að létta undir í þessum efnum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt.

Þá þarf að stuðla að byggingu hentugri fjárhúsa, sem eru ódýrari, en þó jafnframt hagkvæmari en þau fjárhús sem nú eru byggð. Kæmi þar vel til greina að verðlauna nýjungar á því sviði, sem einstakir bændur kæmu með og sem væru verðugar sérstakra verðlauna, að dómi sjóðsstjórnarinnar.

Þó hér hafi verið nefnt sem dæmi tilfærsla frá mjólkurframleiðslu yfir í sauðfjárrækt, getur sjóðsstjórnin einnig varið fé úr sjóðnum til þess að auðvelda hvers konar breytingar aðrar á framleiðslunni, enda séu þær breytingar réttmætar að dómi sjóðsstjórnarinnar og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Á þetta auðvitað einnig við um hvers konar nýjungar á sviði framleiðslumálanna, sem upp kunna að koma hverju sinni og líklegar eru til að gefa góðan árangur.

Annar aðaltilgangur laganna er að auka framleiðni í landbúnaðinum.

Það er vitað, að mikil framleiðsluaukning hefur verið í landbúnaðinum á undanförnum árum. Talið er að heildarverðmæti landbúnaðarins verðlagsárið 1965/1966 séu um 2200 milljónir króna. Ef tala bænda er sögð vera 5500, samsvarar þetta um 400 000.00 krónum á hvern bónda að meðaltali.

Þó er bændastéttin, sem heild, talin tekjulægsta stétt þjóðfélagsins, þegar allur tilkostnaður hefur verið frá dreginn. Þetta bendir til þess, að mjög mikill mismunur sé á tekjum bænda innbyrðis og einnig, að óhagkvæmni gæti í sjálfum rekstrinum. Vitað er, að margir bændur hafa góðan arð af búum sínum, þó ekki sé um „stórbú“ að ræða, en margur bóndinn, sem þó býr „stórbúi“ á lítið sem ekkert eftir að lokum. Hvað veldur slíkum mismun? Sjálfsagt koma þarna til greina hin margvíslegustu atriði, allt frá sjálfri jarðræktinni til fóðrunar búpeningsins. Hér verða þessi atriði ekki talin, en gert er ráð fyrir því að stjórn sjóðsins verji allmiklu fé til hagfræðilegra rannsókna á því hvað veldur hinni mismunandi góðu afkomu hjá bændum og styrki síðan þá bændur til umbóta og breytinga, sem vilja koma betra lagi á búskap sinn, enda séu þá þær endurbætur gerðar að ráði og undir eftirliti sérfróðra manna, er stjórn sjóðsins viðurkennir, og er þá gert ráð fyrir að áður nefndar rekstrarrannsóknir verði lagðar til grundvallar slíkum breytingum á rekstri bóndans. Kjörorðið verður að vera: minni tilkostnaður á hverja framleiðslueiningu.

Þá er lögunum einnig ætlað að koma á breytingum á vinnslu- og dreifingarkerfi landbúnaðarins, er gæti gert það ódýrara, til gagns jafnt fyrir framleiðendur og neytendur.

Í landinu eru starfrækt rúmlega 100 sláturhús. Mörg þeirra eru mjög lítil með ófullkomna aðstöðu til þeirra verka, sem þeim eru ætluð. Dæmi eru um það að í sama þorpi séu þrjú sláturhús, öll með mjög ófullkomna aðstöðu. Hins vegar skortir fyrirtækin oft fé til að byggja eitt sameiginlegt og myndarlegt sláturhús og leggja þá niður mörg smærri húsin. Við það sparast mikið mannahald við slátrunina, og hægt er að koma við nýjustu tækni við slátrunina og viðhafa fullkomið heilbrigðiseftirlit. Á sláturhúsafyrirkomulaginu er sá galli að húsin eru notuð aðeins nokkurn tíma úr árinu. Úr þessu þarf að bæta með því að stuðla að einhvers konar kjötvinnslu í húsunum þann tíma úr árinu, sem þau eru ekki notuð til slátrunar. Á þann hátt má vænta þess að upp komi vísir að slátrarastétt hérlendis, en skortur er nú mikill á sérhæfðu fólki til sláturstarfa. Í meðferð mjólkurinnar eru ýms atriði, sem geta gert kostnaðinn minni og sparað talsverða vinnu frá því, sem nú er. Ber hér fyrst að nefna tankflutninga á mjólk frá bændum til samlaganna í stað þess brúsaflutnings, sem nú á sér stað.

Að þeim verkefnum, sem hér hafa verið nefnd, er ætlazt til að stjórn sjóðsins vinni, svo og ýmsum fleiri verkefnum, er geta talizt hafa áhrif í þá átt að auka framleiðni landbúnaðarins og gera framleiðslu landbúnaðarins verðmeiri en nú er.

Um fjáröflun til Framleiðnisjóðs eru ákvæði í 4. gr. frumvarpsins.

Er gert ráð fyrir 50 millj. kr. stofnframlagi ríkissjóðs, er greiðist í samræmi við ákvæði 4. gr.

Sþ. 124. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og jafnan áður unnið að undirbúningi og gerð tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin við það starf notið aðstoðar og tillagna forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. En hann hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Nokkur hækkun hefur orðið á þessu ári á rekstrarkostnaði flóabátanna. Sum fyrirtækin hafa tekið í notkun nýja báta og önnur hafa orðið að endurnýja vélakost báta sinna. Nefndin hefur því orðið að gera tillögur um hækkun framlaga til einstakra flóabáta. Verður þó ekki sagt, að þær hækkanir séu verulegar. Sú staðreynd verður þó ekki sniðgengin, að fjárhagur sumra bátanna er mjög bágborinn og nauðsynlegt að athuga nánar, hvernig úr megi bæta.

Um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Veruleg óvissa ríkir um rekstur og framtíð Norðurlandsbátsins Drangs vegna þess, að gerbreyting hefur orðið á samgöngum á landi við kaupstaðina Ólafsfjörð og Siglufjörð. Telur útgerðarmaður bátsins ekki koma til greina að ætla honum áætlunarsiglingar eins og áður, árið um kring. Hins vegar hefur hann farið fram á það að halda óbreyttum ríkisstyrk á næsta ári, miðað við það, að hann haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eftir þörfum. Féllst nefndin á að verða við þeirri ósk, en leggur til, að forstjóri Skipaútgerðarinnar athugi í samráði við útgerðarmann Drangs

framtíðarskipulag ferðanna og hafi þá jafnframt samráð við forustumenn byggðarlaganna, sem báturinn hefur haldið uppi þjónustu við. Það er enn sem fyrr skoðun samvinnunefndarinnar, að nauðsynlegt sé að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagkvæmari lán í stað hinna erlendu lána, sem enn hvíla með allmiklum þunga á fyrirtækinu.

Lagt er til, að framlag til Strandabáts verði óbreytt, 60 þúsund krónur. En sú breyting hefur á orðið, að akvegasamband hefur skapazt við Árneshrepp, og því hefur þótt fært að fella flóabátasamgöngur þangað að mestu leyti niður. Hins vegar er nauðsynlegt, að kostur sé á slíkum ferðum framan af vori, ef snjóar skyldu hindra landsamgöngur.

Gert er ráð fyrir, að framlag til Haganesvíkurbáts verði óbreytt. Hins vegar er lagt til, að Hríseyjarbátur fái 60 þúsund króna vélastyrk, en haldi óbreyttum rekstrarstyrk.

Þá er lagt til, að styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækki um 10 þúsund krónur. Hafa áætlunarflugferðir Tryggva Helgasonar á Akureyri til Grímseyjar bætt mjög úr samgönguerfiðleikum Grímseyinga. Er gert ráð fyrir, að á þessu ári verði farnar 100 áætlunarflugferðir til eyjarinnar.

Loks er lagt til, að styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði 120 þúsund krónur. Er þetta 10 þúsund krónum lægra en á yfirstandandi ári, en þá var bátnum veittur 30 þúsund króna viðbótarstyrkur vegna vélakaupa.

Austfjarðasamgöngur.

Nefndin leggur til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 30 þúsund krónur. Tekjur þessa báts eru mjög rýrar, en ferðir hans eru taldar mjög nauðsynlegar fyrir hina afskekktu byggð. Gert er ráð fyrir, að Loðmundarfjarðarbátur fái óbreyttan rekstrarstyrk. Nýr aðili var á þessu ári fenginn til þess að annast ferðirnar.

Þá er lagt til, að styrkur til snjóbifreiðar á Austfjörðum hækki um 20 þús. kr. Snjóbifreið þessi heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað og er talin veita mjög mikilsverða þjónustu, þegar snjóalög hindra bifreiðaferðir.

Suðurlandssamgöngur.

Mörg undanfarin ár hefur verið veittur ríkisstyrkur vegna vöruflutninga til hinna hafnlausu héraða í Skaftafellssýslum. Leggur samvinnunefndin nú til, að styrkur til vöruflutninga á Suðurlandi, þ. e. til Vestur-Skaftafellssýslu, hækki um 40 þúsund krónur, upp í 590 þúsund krónur. Nefndin leggur hins vegar til, að styrkur til vöruflutninga til Öræfa verði óbreyttur.

Loks er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 50 þúsund krónur.

Faxaflóasamgöngur.

Afkoma h.f. Skallagríms, sem heldur uppi ferðum milli Reykjavíkur og Akraness, hefur á þessu ári verið mjög bágborin. Fyrirtækinu voru á þessu ári veittar 1600 þúsund krónur í rekstrarstyrk og 300 þúsund krónur vegna viðgerðar á Akraborg. Sótti fyrirtækið nú um 2 milljón króna rekstrarstyrk á næsta ári og 650 þúsund króna aukastyrk vegna fyrri rekstrarhalla, að mestu frá síðustu flokkunarviðgerð. Nefndin leggur til, að Skallagrími verði veittur 1700 þúsund króna rekstrarstyrkur og 300 þúsund krónur vegna viðgerðar Akraborgar, samtals 2 milljónir króna. Jafnframt leggur samvinnunefndin til, að sérstök nefnd verði skipuð til þess að rannsaka flutningaþörf og samgöngur milli Akraness og Reykjavíkur, með það fyrir augum að finna hagkvæmari lausn á flutningavandamáli þessa farsvæðis.

Þá er lagt til, að framlag til Mýrabáts verði óbreytt.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Breiðafirði verði nú 455 þúsund krónur. En þessi bátur heldur uppi samgöngum milli vestureyja Breiðafjarðar og enn fremur við landhreppana í Austur-Barðastrandarsýslu á vetrum. Í þessari styrkupphæð er innifalið 20 þúsund króna framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Samtals verður framlagið til þessara ferða 55 þúsund krónum lægra en á s. l. ári, en þá var Flateyjarbáti veittur 200 þúsund króna styrkur vegna kaupa á nýjum bát. Af styrkupphæðinni nú er gert ráð fyrir, að 55 þúsund krónum verði varið til þess að létta gamalli skuldabyrði af þessum samgöngum. Nefndin leggur til, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps hafi umsjón með rekstri og ferðum Flateyjarbáts.

Lagt er til, að styrkur til Stykkishólmsbátsins Baldurs verði nú 1500 þúsund krónur. Er þar um að ræða 50 þúsund króna hækkun frá yfirstandandi ári. Hinn nýi flóabátur, sem er 180 brúttótonn að stærð, hóf þjónustu sína í byrjun apríl s. l. Er fjárhagur flóabátsins mjög erfiður. Lánum í sambandi við smíði bátsins hefur ekki verið komið á fastan grundvöll, og nokkur óvissa ríkir um verkefni fyrir hann í framtíðinni. Skapaðist fyrirtækinu ýmislegur vandi vegna þess, hve lengi dróst, að hinn nýi bátur kæmist í gagnið. Er það skoðun nefndarinnar, að nauðsynlegt sé, að fjárhagsvandamál þessa báts verði tekið til ítarlegrar athugunar og úrlausnar.

Lagt er til, að styrkur til Langeyjarnesbáts verði óbreyttur.

Vestfjarðasamgöngur.

Afkoma Djúpbátsins h.f. á Ísafirði, sem rekur m.s. Fagranes, hefur verið sæmileg á árinu. Skipið hefur eins og undanfarin ár haldið uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hafa farþega- og bifreiðaflutningar með Fagranesinu verið með mesta móti. Er lagt til, að rekstrarstyrkur hans verði 1350 þúsund krónur. Er það sama upphæð og á yfirstandandi ári.

Þá er lagt til, að framlag til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts, verði óbreytt að öðru leyti en því, að styrkur til Dýrafjarðarbáts hækki um 10 þúsund krónur.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1967 kr. 8 677 000. Er það rúmum 300 þúsund krónum hærra en á árinu 1966.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbáturinn Drangur	1350	þús.	kr.
2.	Strandabátur	60	—	—
3.	Haganesvíkurbátur	25	—	—
4.	Hríseyjarbátur	50	—	—
	Sami, vegna vélakaupa	60	—	—
5.	Grímsey, vegna flugferða	60	—	—
6.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	120	—	—
7.	Loðmundarfjarðarbátur	50	—	—
8.	Mjóafjarðarbátur	175	—	—
9.	Til snjóbifreiðar á Austfjörðum	120	—	—
10.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	590	—	—
11.	Til vöruflutninga til Öræfa	165	—	—
12.	Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	350	—	—
13.	H.f. Skallagrímur — „Akraborg“	1700	—	—
	Sami, vegna viðgerðar	300	—	—
14.	Mýrabátur	7	—	—

15.	Flateyjarbátur á Breiðafirði	455 þús. kr.
16.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	1500 — —
17.	Langeyjarnesbátur	100 — —
18.	Djúpbátur — „Fagranes“	1350 — —
19.	Dýrafjarðarbátur	45 — —
20.	Patreksfjarðarbátur	25 — —
21.	Skötufjarðarbátur	20 — —
	Samtals	8677 þús. kr.

Alþingi, 9. des. 1966.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Sigurvin Einarsson.
Björn Pálsson.
Páll Þorsteinsson.
Björn Jónsson.
Guðl. Gíslason.
Ásgeir Bjarnason.
Bjartmar Guðmundsson.
Sigurður Ágústsson.
Ragnar Arnalds.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 125. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).	þús. kr.
Fyrir „8 372“ kemur	8 677

Nd. 126. Lög [4. mál]

um breyting á lögum nr. 70 13. maí 1966, um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 127. Lög [34. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 8. des.)

Samhljóða þskj. 35.

Nd. 128. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 1. gr. Fyrir „21. gr. laga nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt“ komi: 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Nd. 129. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hvað er hér á ferð?

Aðallega uppprentun á lagafyrirmælum frá árinu 1960 um verðlagseftirlit, sem enn eru í gildi. Þessa uppprentun leggur ríkisstjórnin fyrir Alþingi og nefnir skjalið frumvarp til laga um heimild til verðstöðvunar. Þó flýtur eitt nýmæli með í frumvarpinu. Það er heimild handa ríkisstjórninni til þess að skipta sér af álagningu útsvara og aðstöðugjalda hjá sveitarfélögum á næsta ári.

Núverandi ríkisstjórn hefur alla sína stjórnartíð haldið því fram með miklum ákafa, að hún væri búin að gefa verzlunina frjálsa. En ef svo hefði verið í raun og veru, hefði stjórnin hlotið að leggja niður verðlagseftirlitið, því að opinbert verðlagseftirlit er þýðingarlaust, ef verzlunin er raunverulega frjáls. Ríkisstjórnin hefur hins vegar stöðugt haldið uppi kostnaðarsömu verðlagseftirliti og virðist ætla að gera það enn um sinn. Það háttalag má skoða sem yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um, að upphrópanir hennar um verzlunarfrelsi hafi verið og séu marklausar.

Verðlagseftirlit ríkisstjórnarinnar hefur verið framkvæmt af miklu alvöruleysi. Það sést bezt á því, að það hefur látið afskiptalausa starfsemi þeirra aðila, sem hafa byggt íbúðarhús til sölu, en verð einnar meðalstórrar íbúðar er nú komið upp í eina milljón króna, og þær stórkostlegu hækkanir, sem á síðustu árum hafa orðið á íbúðaverðinu, eru langþungbærasti þátturinn í dýrtíðinni.

Hagstofan birtir skýrslur um vísitölu byggingarkostnaðar. Árið 1959 var sú vísitala 132, en í okt. 1966 var hún komin upp í 298. Þetta sýnir 126% hækkun á byggingarkostnaði íbúða á stjórnarárum núverandi ríkisstjórnar. En á sama tíma sem þessi stórkostlega hækkun hefur orðið á byggingakostnaðinum, hefur húsnæðisliðurinn í vísitölu framfærslukostnaðar aðeins hækkað um 40%. Húsnæðiskostnaður meðalfjölskyldu er nú aðeins talinn tæpar 1200 krónur á mánuði, þegar vísitala framfærslukostnaðar er reiknuð út. Af þessu má sjá, að þær tölur, sem hér eru notaðar í útreikningi framfærsluvísitölunnar, eru í órafjarlægð frá veruleikanum, eins og hann kemur fram hjá þeim vaxandi fjölda manna, sem býr í nýju og dýru húsunum, og sú gífurlega hækkun, sem orðið hefur á húsnæðiskostnaðinum síðustu árin, er þannig ekki nema að mjög litlu leyti komin inn í kaupgjald þeirra.

Hér hefur verið nefnt dæmi um afskiptaleysi verðlagsyfirvaldanna af þeim útgjaldalið, sem nú er erfiðastur viðfangs fyrir vaxandi fjölda manna, húsnæðiskostnaðinum. Mörg fleiri dæmi mætti nefna um gagnsleysi opinbera eftirlitsins. En margir treysta um of á eftirlit yfirvaldanna, í stað þess að líta sjálfir eftir verðlagi á vörum, sem þeir þurfa að kaupa. Í þessu efni eins og mörgum öðrum mun þó sjálfs höndin hollust.

Ríkisstjórnin nefnir þetta mál frumvarp til laga um heimild til verðstöðvunar. En það er enginn stöðvunarbragur á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Samkvæmt því eru horfur á, að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði yfir 20% hærri á árinu 1967 heldur en þau voru á fjárlögum ársins 1966. Og fregnir hafa borizt af því, að hjá fjölmennasta sveitarfélaginu á landinu, sem stjórnað er af sjálfstæðismönnum, muni álögurnar og útgjöldin á næsta ári hækka um fast að því 20%.

Þó að þetta frumvarp verði samþykkt, geta menn ekki gert sér vonir um, að verðbólgan verði stöðvuð. Til þess þarf miklu víðtækari aðgerðir. Það liggur í augum uppi, að þegar skattheimta og útgjöld ríkissjóðs hækka um meira en 20% á einu ári, er ekki um stöðvun að ræða, og ekki heldur á meðan hinum óbærilega húsnæðiskostnaði er að mestu leyti haldið utan við kaupgjaldsvísitöluna. Sá kostn-

aður hlýtur innan skamms að valda hækkun á kaupgjaldi og auka þar með dýrtíðina í þjóðfélaginu. Það eru því blekkingar af hálfu stjórnarvaldanna, þegar þau halda því fram, að samþykkt þessa frumvarps muni leiða til verðstöðvunar, — enda eru nú alþingiskosningar á næsta leiti.

Það kemur fram í frumvarpinu og athugasemdum, er því fylgja, að réttur sex manna nefndarinnar og framleiðsluráðs landbúnaðarins til að ákveða verð á landbúnaðarafurðum, samkvæmt framleiðsluráðslögunum, er á engan hátt skertur með ákvæðum frumvarpsins, enda teljum við, að ekki geti komið til mála, að ríkisstjórnin fái heimild til að binda kaup bændanna frekar en verkamannakaupið. En eins og kunnugt er, á verðið á búvörum, lögum samkvæmt, að miðast við það, að laun bændanna verði í samræmi við launagreiðslur til annarra vinnandi stétta.

Þó að við höfum takmarkaða trú á gildi þess verðlagseftirlits, er núverandi ríkisstjórn heldur uppi, getum við fallizt á, að stjórnin hafi enn um sinn heimildir til eftirlits, eins og hún hefur haft að undanförnu, og einnig, að hún fái þá tímabundnu heimild til íhlutunar um málefni sveitarfélaganna, sem frumvarpið felur í sér. Það er því tillaga okkar, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 9. des. 1966.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Nd. 130. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. des.)

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 300 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til, að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lán sjóðsins almennt, svo sem lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborganalaus fyrst í stað, allt eftir því sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsfé þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal fé endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál 1. og 3. gr. laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 131. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um heimild til verðstöðvunar.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Tveir nefndarmanna, Skúli Guðmundsson og Einar Ágústsson, vildu samþykkja frumvarpið óbreytt. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frv. með einni lítilsháttar breytingu á 1. grein. En ég taldi nauðsynlegt að gera allmiklar breytingar á frumvarpinu í því skyni að gera ákvæði þess ótvíræð og ákveðin um verðlagsstöðvun og um það að tryggja framkvæmd verðlagseftirlits. Ég flyt því á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur við frumvarpið.

Meginefni þeirra breytingartillagna, sem ég flyt, er þetta:

1. Í stað þess, að í frv. er lagt til, að ríkisstjórnin fái **heimild** til að ákveða verðstöðvun, þá legg ég til, að skýrt verði ákveðið, að ríkisstjórnin **skuli** ákveða verðstöðvun.
2. Ég legg til, að ný verðlagsnefnd verði kosin í stað þeirrar, sem starfað hefur og unnið hefur verk sín þannig, að hún hefur leyft hækkun álagningar og í ýmsum greinum ótakmarkaða álagningu.
3. Ég legg til, að hinni nýju verðlagsnefnd verði beinlínis falið að ákveða hámarksverð eða hámark álagningar á vörum og þjónustu.
4. Þá vil ég, að skýr ákvæði séu í frv. um, að verðstöðvun nái til húsaleigu, og að jafnframt verði komið í veg fyrir, að þau ákvæði verði skágengin með uppsögn á húsnæði.
5. Ég legg til, að stjórn Seðlabankans verði falið að ákveða lækkun vaxta, um leið og stöðvun verðlags hefur verið fyrirskipuð.
6. Ég vil ekki tímabinda þær verðstöðvunarframkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru, og legg því til, að það ákvæði í frv., sem segir, að verðstöðvunin skuli aðeins gilda til 31. október á næsta ári, verði fellt niður.

Með frv. ríkisstjórnarinnar, eins og það liggur fyrir, er lagt til, að stjórnin fái heimild til að mega ákveða stöðvun verðlags. Engin vissa er fyrir því, að ríkisstjórnin noti þessa heimild eða telji grundvöll vera fyrir verðlagsstöðvun. Í greinargerð frv. er að því vikið, að forsendur þess, að heimildir frv. verði notaðar, séu m. a. þær, að ekki verði kauphækkanir, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega.

Nú er það mjög á huldu, hvað ríkisstjórnin á við með þessu orðalagi. Augljóst er þó, að hún hugsar sér að nota heimildina til verðstöðvunar sem samningamál við launþegasamtökin í viðræðum um breytingar á kjarasamningum.

Ég tel allt slíkt óeðlilegt og enda bera vitni um lítinn skilning ríkisstjórnarinnar á því aðkallandi nauðsynjamáli að reisa skorður gegn síhækkandi verðlagi í landinu. Verðstöðvun á að ákveða skýrt og skorinort, og frá henni á ekki að víkja nema í algerum undantekningartilfellum.

Stöðvun verðlagsins er sjálfsögð, en það á að gera meira, þar sem það er hægt. Það á einnig að lækka það verðlag, sem sannanlega er orðið óeðlilega hátt, t. d. vegna hækkaðrar álagningar eða annars milliliðakostnaðar.

Um það er ekki að villast, að síðan verðlagning var gefin frjáls í ýmsum greinum, hefur álagning stórhækkað. Slíka álagningu á nú að lækka með opinberum ráðstöfunum, og síðan á að fylgja því fast eftir, að verðlagsreglum sé fylgt.

Ég hef átt þess kost að kynna mér nokkuð skýrslu, sem gerð var á s. l. sumri um breytingar, sem orðið hafa á síðustu árum á verzlunarálagningu. Í þeirri skýrslu kemur í ljós, að verðlagsyfirvöldin hafa heimilað mikla hækkun á álagningu og auk þess gefið álagningu frjálsa í mörgum greinum. Sem dæmi um þessar breytingar skal eftirfarandi tilgreint:

Vörur, sem enn eru undir verðlagsákvæðum.

	Álagning 1960	Álagning 1966
Í heildsölu:		
Prjónagarn, vefnaðarvara og metravara alls konar	9%	15%
Rafmagnsrör og rafmagnsvír alls konar	9.5—	16—
Rúðugler	15—	19—
Smíðajárn	9—	12—
Gúmmístígvél	6—	8.5—
Annar skófatnaður	6.5—	9—
Fataefni	7.5—	10—
Í smásölu:		
Gúmmístígvél	15%	22%
Annar skófatnaður	20—	27—
Búsáhöld o. fl.	27—	35—
Fataefni	21—	27—
Prjónagarn, vefnaðarvara og metravara alls konar	25—	40—

Vörur, sem leystar hafa verið undan verðlagsákvæðum.

	Álagning 1960	Álagning 1966
Í heildsölu:		
Niðursoðnir og þurrkaðir ávextir, kex o. fl.	7.5%	18.3%
Hreinlætis- og snyrtivörur	9.5—	23.3—
Ytri fatnaður	8.5—	15.7—
Annar fatnaður	9—	22.3—
Lamir, skrár, verkfæri o. fl.	9—	19.1—
Rafmagnsheimilistæki	9.5—	18.8—
Leir- og glervörur	12—	19.8—
Í smásölu:		
Niðursoðnir og þurrkaðir ávextir	25%	38.9%
Hreinlætis- og snyrtivörur	25—	49.6—
Ytri fatnaður	21—	40.2—
Annar fatnaður	25—	39.2—
Vinnufatnaður og úlpur	20—	32.9—
Leir- og glervörur	27—	42.7—
Lamir, skrár og verkfæri	27—	39.7—
Rafmagnsheimilistæki	18—	26.5—

Framangreind dæmi eru tekin af handahófi. Þau sýna sízt meiri hækkun álagningar en aðrar vörur. En þessi dæmi sýna á ótvíræðan hátt, að milliliðakostnaður í verzlun hefur stóraukizt í tíð núverandi ríkisstjórnar. Álagningarprósentan hefur hækkað mikið og þó mest þar, sem álagningin hefur verið gefin frjáls. Nú er þess að gæta, að grunnverð á vörum, sem álagningarprósentan er

reiknuð af, hefur hækkað mikið á þessu tímabili. Gengislækkunin 1961 hefur valdið hækkun á innflutningsverðinu og þá um leið á flutningsgjöldum og tollum. Flutningsgjöld hafa auk þess verið gefin frjáls og því stórhækkað. Þannig hefur grunnverðið hækkað mikið og álagningarprósentan jafnframt. Álagningin í krónum hefur því stóraukizt frá því, sem áður var.

Ég tel, að ekki nái nokkurri átt að láta við það sitja að löggilda það verðlag, sem orðið er í dag, og þar með þá álagningu, sem nú er orðin í ýmsum tilfellum. Af þeim ástæðum legg ég til, að nýrri verðlagsnefnd verði falið það verkefni að athuga alla álagningu og ákveða síðan hámarksverð eða hámarksálagningu að nýju.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er aðeins heimildarfrumvarp. Það er eins og hún hafi enn ekki áttað sig á því til fulls, hvort rétt sé að gera verulegar ráðstafanir gegn síhækkandi verðlagi. Ríkisstjórnin virðist hika í málinu.

Nú er það kunnugt, að stefna ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum hefur verið sú, að sem minnst opinber afskipti ættu að koma til í þeim málum. Af þeim ástæðum hefur verðlagseftirlit verið minnkað og verðlagning undanþegin eftirliti í mörgum greinum. Því hefur verið haldið fram, að framboð og eftirspurn ætti að tryggja réttlátt verðlag. Reynslan hefur sýnt á ótvíræðan hátt, að þessi stefna er röng. Verzlunarfrelsið hefur leitt til hækkaðrar álagningar og aukins milliliðakostnaðar. Dýrtíðin hefur aukizt.

Enn hefur ríkisstjórnin ekki horfið frá þessari stefnu sinni í verðlagsmálum. Frumvarp hennar nú um heimild til verðstöðvunar ber aðeins vitni um fálm og fát. Hún sér, að hin yfirlýsta stefna hennar, sem reynd hefur verið í 7 ár, fær ekki staðizt, en þó vill hún ekki taka upp skýra og ákveðna stefnu um eftirlit með verðlagningu.

Með frv. þessu vill ríkisstjórnin reyna að sanna almenningi, að hún vilji verðstöðvun, en jafnframt á svo að halda því fram, að ýmsir aðrir aðilar vilji ekki verðstöðvun og komi í veg fyrir það, að hún sé framkvæmanleg.

Það er ekki nýtt, að núverandi stjórnarflokkar haldi því fram, að þeir vilji verðstöðvun. Árið 1959 stóðu þeir saman um Alþýðuflokksstjórnina, sem með völd fór það ár. Þá boðuðu þessir flokkar mikla verðstöðvun, um leið og þeir lækkuðu með lögum allt umsamið kaup launafólks og bænda. Árið 1959 komu kauphækkanir ekki í veg fyrir verðstöðvunarstefnu þessara flokka. En hver varð reynslan? Jú, hún varð sú, að verðstöðvunin gilti aðeins fram yfir tvennar alþingiskosningar, sem fram fóru á því ári. Að þeim loknum ákváðu þessir sömu flokkar stórfellda gengislækkun og stórkostlega hækkun alls verðlags. Síðan hafa þessir flokkar sýnt verðstöðvunaráhuga sinn í verki með þeirri verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað s. l. 7 ár.

Sumarið 1964 samdi verkalýðshreyfingin við ríkisstjórnina um nokkrar kjarabætur, en um litlar kauphækkanir, á þeim megingrundvelli, að unnið skyldi gegn síhækkandi verðlagi innanlands. Ríkisstjórnin gerði engar ráðstafanir til þess að hamla gegn hækkandi verðlagi, þvert á móti hélt hún áfram verðhækkunarstefnu sinni, hækkaði söluskatt og aðrar álögur og verðlag ríkisstofnana og heimilaði enn aukinn milliliðakostnað.

Þannig hefur reynslan sýnt, að fögur orð ríkisstjórnarinnar um, að hún vilji verðstöðvun, duga harla lítið, ef engar bindandi ráðstafanir eru gerðar til að tryggja framkvæmd verðstöðvunarstefnu.

Augljóst er, að það, sem rekið hefur ríkisstjórnina til þess að flytja þetta frumvarp, er ótti hennar við komandi alþingiskosningar. Hún veit, að dýrtíðin er orðin óbærileg og að fjöldi fyrirtækja í landinu er við það að gefast upp.

Af þeim ástæðum telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að sýna stöðvunarfrumvarp eins og það, sem hér liggur fyrir. Hennar vandi er sá að komast yfir næstu kosningar, án þess að ástand það í efnahagsmálum þjóðarinnar og þar með í verðlagsmálum, sem hún ber ábyrgð á, verði gert upp til fulls. Eftir alþingiskosningarnar

á næsta sumri á svo að gera þessi mál upp, og þá verður ekki lengur minnzt á verðstöðvun, heldur á gengislækkun og verðhækkun.

Heimildarfrumvarp ríkisstjórnarinnar er því um blekkingar-verðstöðvun. Ef breytingartillögur mínar yrðu samþykktar, væri hægt að gera frv. að raunverulegu verðstöðvunarfrumvarpi.

Alþingi, 9. des. 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 132. Breytingartillögur [74. mál]

við frv. til l. um heimild til verðstöðvunar.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (LJós).

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða“ í upphafi greinarinnar komi: Ríkisstjórnin skal ákveða.
   b. Í stað orðanna „Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða“ í 2. málsl. komi: Enn fremur skal ríkisstjórnin ákveða.
2. Við 2. gr. Orðin „á grundvelli heimildar“ falli niður.
3. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða“ í upphafi greinarinnar komi: Ríkisstjórnin skal ákveða.
   b. Í stað orðanna „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða“ í upphafi 2. málsgr. komi: Ríkisstjórnin skal ákveða.
   c. Orðin „vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila“ falli niður.
4. Á eftir 3. gr. komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal kjósa nýja verðlagsnefnd, sbr. lög nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál, og fellur þá niður umboð fyrri verðlagsnefndar. Verðlagsnefndin skal skipuð 7 mönnum kosnum hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, og jafnframt skulu kosnir jafnmargir varamenn.

      Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðun verðlagsnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.
   b. (5. gr.) Verðlagsnefnd skal ákveða hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Skal það regla verðlagsnefndar að beita þessu valdi til þess að koma sem mest í veg fyrir vöxt verðbólgu og dýrtíðar og því aðeins sleppa því að ákveða hámarksverð á vissum sviðum, að samkomulag sé um slíkt í nefndinni.
   c. (6. gr.) Óheimilt er að hækka húsaleigu eða segja upp húsnæði, frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi, nema samþykki þeirrar nefndar, sem um getur í þessari grein, komi til.

      Ríkisstjórnin skal skipa nefnd, sem sérstaklega hafi það hlutverk að fylgjast með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin. Nefndin skal jafnframt kynna sér sem bezt húsaleigu, einkum íbúðarhúsnæðis, og gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir óhóflega húsaleigu eða óeðlileg húsaleigukjör. Nefndin skal hafa heimild til að fyrirskipa lækkun húsaleigu, þyki henni ástæða til þess.
   d. (7. gr.) Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal stjórn Seðlabankans ákveða lækkun vaxta með hliðsjón af því, að verðlag hefur verið stöðvað.
5. Við 5. gr. Orðin „og gilda til 31. október 1967“ falli niður.
6. Frumvarpið heiti: Frumvarp til laga um verðstöðvun.

Ed. 133. Breytingartillögur [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. frv. Á eftir orðunum „árlegt afnotagjald“ komi nýr málsl., svo hljóðandi:
   Eigandi sjónvarpsviðtækis skal jafnframt talinn eigandi hljóðvarpsviðtækis, ef viðtæki hans má nota til hljóðvarpsmóttöku.
2. Við 3. gr. frv. Aftan við gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi afnot viðtækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu viðtækja. Enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskírteina í þessu sambandi.

Ed. 134. Breytingartillaga [66. mál]

við brtt. á þskj. 114 [Útvarpsrekstur ríkisins].

Frá meiri hl. menntamálanefndar (AuA, ÓB, JÞ, BGuðm).

Tillagan orðist svo:
Eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 25 milljónum króna, eða samsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, og endurlána þau Ríkisútvarpinu til að koma upp aðalendurvarpsstöðvum.

Sþ. 135. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá fjárveitinganefnd.

			þús. kr.
1.	Við 10. gr. II. 9. a. (Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, laun).		
		Fyrir „2 231“ kemur	2 406
2.	— 10. —	III. 22. Liðurinn orðast svo:	
		Tillag til Alþjóðanefndar Rauða krossins	21
3.	— 10. —	III. 25. (Vegna Genfarsamninga um meðferð stríðsfanga). Liðurinn fellur niður.	
4.	— 11. —	A. 1. c. (Útgáfa hæstaréttardóma).	
		Fyrir „700“ kemur	900
5.	— 11. —	A. 3. b. (Borgardómaraembættið). Nýr liður:	
		Kostnaður vegna flutninga í nýtt húsnæði	1 000
6.	— 13. —	C. XII. Nýr liður:	
		Til hafnarannsókna og mælinga	400

			þús. kr.
7.	Við 13. gr. D. XI. Liðurinn orðast svo:		
	Alþjóðaflugþjónustan:		
	1. Flugfjarskiptaþjónustan	30 439	
	2. Flugveðurþjónustan	15 069	
	3. Flugumferðarstjórn	11 293	
	4. Sæsímakostnaður	19 210	
		76 011	
	÷ Alþjóðatillag	70 151	
			5 860
8. — 13. —	E. III. (Veðurþjónusta vegna millilandaflugs).		
	a. Við 6. (Annar kostnaður).		
	Fyrir „1 945“ kemur		2 180
	b. Við 7. (Óbeinn kostnaður).		
	Fyrir „1 316“ kemur		1 340
	c. Fært á 13. gr. D. XI. 2.		
	Fyrir „14 810“ kemur		15 069
9. — 14. —	A. I. a. 1. (Háskólinn, laun).		
	Fyrir „21 158“ kemur		21 258
10. — 14. —	A. XV. 24. Liðurinn orðast svo:		
	Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra utan kaupstaðanna Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness:		
	a. Skólar, sem verið hafa í byggingu og á framkvæmdaáætlun 1966:		
	A. Greiðsluár 1956—1960:		
	1. Njarðvík	105	
	2. Mosvallaskólahverfi	75	
	3. Reykhólar	206	
	4. Egilsstaðir	200	
	5. Laugaland, Þelamörk	225	
	6. Keldunesskóli	45	
	7. Höfn, Hornafirði	83	
			939
	B. Greiðsluár 1957—1961:		
	1. Varmárskóli	200	
	2. Seltjarnarnes, 1. áf.	71	
	3. Nesjaskóli, A.-Skaft.	523	
	4. Hella, Rangárvöllum	60	
	5. Ólafsvík, 2. áf.	90	
	6. Laugar, Dalasýslu	600	
	7. Flateyri	100	
	8. Laugardalur, Árnessýslu	224	
	9. Sandgerði	163	
	10. Reyðarfjörður	219	
	11. Tálknafjörður	660	
	12. Bíldudalur	715	
			3 625
	C. Greiðsluár 1961—1967:		
	1. Kolviðarnes	2 015	
	2. Hallormsstaður	1 175	
	3. Öxarfjörður	590	
	4. Öngulsstaðaskólahverfi	84	

		þús. kr.	
5.	Bolungarvík	500	
6.	Reykjadalur, S.-Þing.	360	
7.	Ýmsir skólar	450	
8.	Ísafjörður	1 752	
9.	Garðaskólahverfi, 2. áf.	778	
10.	Stöðvarfjörður	130	
11.	Raufarhöfn	1 083	
12.	Vopnafjörður	873	
13.	Reykir, A.-Hún.	2 100	
14.	Flúðir, Árnessýslu	4 500	
15.	Borgarnes, 2. áf.	730	
16.	Ólafsvík, íþróttahús	645	
17.	Hvamms- og Dyrhólaskóli	633	
18.	Seltjarnarnes, 2. áf.	1 075	
19.	Dalvík, íþróttahús	860	
20.	Aðaldalur, 2. áf.	135	
21.	Laugar, Dalasýslu, skstjbúst.	111	
22.	Djúpárhreppur, skstjbúst.	222	
23.	Hella, skstjbúst.	162	
24.	Búðir, Fáskrúðsf., skstjbúst.	220	
25.	Flateyri, skstjbúst.	107	
26.	Grindavík, skstjbúst.	184	
27.	Hólmavík, skstjbúst.	220	
28.	Seyðisfjörður, skstjbúst.	227	
29.	Keflavík, skstjbúst.	162	
30.	Hvammstangi, skstjbúst.	200	
31.	Skjöldólfsstaðir, skstjbúst.	60	
32.	Leirárskóli	1 440	
33.	Borgarfjörður, N.-Múl.	510	
34.	Vík, Mýrdal	505	
			24 798
D.	Greiðsluár 1964—1968:		
1.	Mývatnssveit, 2. áf.	182	
2.	Svarfaðardalur	503	
3.	Varmaland, Mýrasýslu, 2. áf.	945	
4.	Árskógsströnd	507	
5.	Reykjadalur, S-Þing., 2. áf.	784	
6.	Rauðisandur	423	
7.	Hnífsdalur, skstjbúst.	194	
8.	Selfoss, skstjbúst.	194	
9.	Hellissandur, íþrhús	660	
10.	Klúka, Bjarnafirði	648	
11.	Laugar, Dalasýslu, sundlaug	160	
12.	Reykhólar, sundlaug	117	
13.	Þorlákshöfn, 2. áf.	219	
14.	Neskaupstaður, íþrhús	803	
15.	Njarðvík, íþrhús	791	
16.	Keflavík, barnaskóli	403	
17.	Vatnsleysuströnd, skstjbúst.	229	
18.	Laugaland, Holtum	406	
19.	Skólabifreið Hellissandi	35	
20.	Skólabifreið Suðurfjarðahr.	8	
			8 211
			37 573

		þús. kr.
b.	Til greiðslu upp í ógreitt ríkisframlag til skólabygginga, sem er lokið eða sérstök þörf er fyrir að hraða byggingu á	3 500
c.	Skólar og íbúðir, sem ekki voru á framkvæmdaáætlun 1966. Skulu byggingar þessar teknar á framkvæmdaáætlun eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og byrjunarframkvæmdir háðar samþykki þess og skilyrðum:	
	A. Skólar með framhaldsfjárveitingu til framkvæmda:	
	1. Kleppjárnsreykir, 2. áf. 725	
	2. Eskifjörður, íþróttahús 672	
	3. Blönduós, barnaskóli 320	
	4. Norðfjarðarhreppur, S.-Múl. 220	
	5. Varmárskóli, íþróttahús 898	
	6. Eyrarsveit, skstjbúst. 225	
	7. Kirkjubæjarklaustur 1 000	
	8. Garðaskólahverfi, íþróttahús 600	
	9. Skeiðaskóli 340	
		5 000
	B. Nýir skólar:	
	1. Hafralækur, Aðaldal 1 400	
	2. Háls- og Ljósavatnsskóli 1 400	
	3. Reykhólar 1 000	
	4. Mýraskóli, V.-Ísaf. 500	
	5. Seltjarnarnes, leikfimihús 700	
	6. Sauðárkrókur, sundlaug 600	
	7. Svalbarðsströnd 500	
	8. Svalbarðs- og Sauðanesskóli 400	
	9. Þverárhreppur 400	
	10. Lýsuhóll 200	
	11. Neskaupstaður, 2. áf. 370	
	12. Laugar í Dalasýslu, íbúðir fyrir kennara og starfsfólk 800	
	13. Lýtingsstaðir, leikfimihús 300	
	14. Leirá, íþróttahús 230	
	15. Súðavík, skólastjbúst. 230	
	16. Kolviðarnes, sundlaug 150	
	17. Hveragerði, skólastjbúst. 230	
	18. Leirá, skólabíll 100	
	19. Staðarhreppur, skólabíll 50	
		9 560
		14 560
d.	Til undirbúnings skólabygginga:	
	A. Framhaldsfjárveitingar:	
	1. Reykir í Miðfirði 400	
	2. Hveragerði, íþróttahús 20	
	3. Hraungerði 50	
	4. Skagaströnd, íþróttahús 20	
	5. Stykkishólmur, sundlaug 100	
	6. Stykkishólmur, barnaskóli 50	
	7. Sandgerði, íþróttahús 20	
	8. Grenivík, skólastjbúst. 20	
	9. Vopnafjörður, skólastjbúst. 20	
		700

		þús. kr.
B. Nýir skólar:		
1. Þelamörk	250	
2. Eiðar	250	
3. Eskifjörður	250	
4. Gerðar, Gullbr.	250	
5. Grundarfjörður	250	
6. Seyðisfjörður	250	
7. Krýsuvík	250	
8. Reykholt í Biskupstungum	250	
	2 000	
		2 700

11. Við 14. gr. A. XV. 24. Nýr liður:

Skólar í eftirtöldum kaupstöðum (Framlög ríkissjóðs til barna- og gagnfræðaskóla eru tekin í einu lagi á fjárlög):

A. Reykjavík:		
a. Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	15 885	
b. Nýir barna- og gagnfræðaskólar: Álftamýrarskóli, Gagnfræðaskóli verknáms og Breiðholtsskóli	5 700	
B. Akureyri:		
Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	2 017	
C. Hafnarfjörður:		
Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	2 680	
D. Kópavogur:		
a. Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	5 716	
b. Nýr skóli: Barnaskóli Kópavogs	1 400	
E. Akranes:		
a. Barna- og gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	2 077	
b. Nýr skóli: Gagnfræðaskóli Akraness, 2. áf.	450	
		35 925

12. Við 14. gr. A. XVI. 42. Liðurinn orðast svo:

Framlag til byggingar gagnfræðaskóla utan kaupstaðanna Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogs og Akraness:

a. Skólar, sem verið hafa í byggingu og á framkvæmdaáætlun 1966:		
A. Greiðsluár 1956—1960:		
1. Miðskóli Stykkishólms	133	
2. Gagnfræðaskóli í Keflavík	212	
B. Greiðsluár 1962—1966:		
Héraðsskólinn að Laugum	120	
C. Greiðsluár 1963—1967:		
Gagnfræðaskólinn á Selfossi	1 050	
D. Greiðsluár 1965—1969:		
1. Laugar	800	
2. Sauðárkrókur	2 000	
		4 315

			þús. kr.
	b. Gagnfræðaskólar, sem ekki voru á framkvæmdaáætlun 1966. Skulu byggingar þessar teknar á framkvæmdaáætlun eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og byrjunarframkvæmdir háðar ákvörðunum þess og skilyrðum:		
	1. Keflavík, 2. áf.	700	
	2. Húsavík	900	
	3. Hrafnagil	1 400	
		3 000	
	c. Til undirbúnings skólabyggingum:		
	1. Ólafsfjörður	200	
	2. Hvolsvöllur	250	
	3. Hella	250	
		700	
			8 015
13.	Við 14. gr. A. XVI. 42. Nýr liður:		
	Framlag til byggingar héraðsskóla:		
	1. Reykir í Hrútafirði	2 300	
	2. Laugarvatn	450	
	3. Reykjanes	3 100	
	4. Reykholt	1 850	
	5. Núpur	4 200	
	6. Skógar	1 300	
	7. Eiðaskóli	2 200	
			15 400
14.	— 14. — B. II. 1. (Þjóðskjalasafnið, laun). Fyrir „1 657“ kemur		1 799
15.	— 14. — B. XXII. (Styrkur til ritstarfa o. fl.). Fyrir „2 530“ kemur		2 630
16.	— 14. — B. XXIX. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Fyrir „75 þús. kr.“ kemur: 100 þús. kr.		
17.	— 14. — B. XXXIV. (Styrkur til tónlistarstarfsemi). Fyrir „1 000“ kemur		1 200
18.	— 14. — B. XXXVI. Nýr liður: Til norrænnar tónlistarhátíðar á Íslandi		200
19.	— 14. — B. LXV. Nýr liður: Til Zontaklúbbs Akureyrar vegna kaupa á Nonnahúsi		50
20.	— 16. — A. 16. b. (Til sandgræðslustöðva og gróðurverndar). Fyrir „4 500“ kemur		4 600
21.	— 16. — A. 18. a. (Til skógræktar, laun). Fyrir „2 077“ kemur		2 157
22.	— 16. — A. 18. g. (Til byggingar skógarvarðabústaða). Fyrir „100“ kemur		300
23.	— 16. — A. 37. i. (Viðhald húsmæðraskóla í sveitum). Fyrir „2 800“ kemur		3 300
24.	— 16. — A. 37. k. Liðurinn orðast svo: Til byggingar húsmæðraskóla:		
	1. Varmaland	406	
	2. Staðarfell	16	
	3. Laugaland	50	
	4. Hallormsstaðir	56	
	5. Sami, kennarabústaður	547	

			þús. kr.
	6. Laugarvatn	3 620	
	7. Blönduós	1 381	
	Til undirbúnings nýjum framkvæmdum:		
	8. Löngumýri	100	
	9. Staðarfell	100	
			6 276
25.	Við 16. gr. A. 48. (Til gróðurverndar í Búðahrauni). Fyrir „10“ kemur		20
26.	— 16. — C. 2. b. (Iðnaðarmálastofnun Íslands, annar kostnaður). Fyrir „1 590“ kemur		2 090
27.	— 16. — C. 6. (Til byggingar iðnskóla í Reykjavík). Fyrir „1 780“ kemur		3 000
28.	— 16. — C. 7. (Til byggingar iðnskóla á Akureyri). Fyrir „900“ kemur		1 100
29.	— 16. — C. 8. (Til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði). Fyrir „900“ kemur		1 100
30.	— 16. — E. III. 2. Nýr liður: Til Bréfaskóla SÍS og ASÍ		100
31.	— 17. — I. 3. (Til vatnsveitna). Fyrir „3 800“ kemur		6 800
32.	— 17. — I. 3. Nýir liðir:		
	a. Til vatnsveitu fyrir Kross í Skarðshreppi		20
	b. Til vatnsveitu fyrir Bæ á Höfðaströnd		35
	c. Til vatnsveitu fyrir Hítarnes og Hítarneskot		60
	d. Til vatnsveitu fyrir Miklaholt I og II		40
	e. Til vatnsveitu fyrir Mela og Melaleiti í Leirár- og Melahreppi		60
	f. Til vatnsveitu fyrir Sílalæk í Aðaldal		15
	g. Til Vatnsveitufélags Eiðhúsabænda		30
	h. Til vatnsöflunar fyrir Ósabakka á Skeiðum í Árnessýslu		20
	i. Til vatnsleiðslu fyrir Holtsmúla í Staðarhreppi		15
33.	— 17. — III. 8. Nýr liður: Til bókakaupa í bókasöfn verkalýðsfélaga vegna orlofsheimila þeirra		100
34.	— 17. — V. 16. k. Nýr liður: Til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra til útgáfu orðasafns		50
35.	— 18. — II. a.		
	a. Niður falla þessir liðir:		
	1. Benedikt Benediktsson, fyrrv. fiskmatsmaður.		
	2. Benedikt G. Waage.		
	3. Böðvar Magnússon.		
	4. Gísli Guðmundsson, fyrrv. símstjóri.		
	5. Guðmundur Pétursson, fyrrv. póstur.		
	6. Guðm. Pétursson, fyrrv. útsölustjóri Áfengisverzlunar ríkisins.		
	7. Haraldur Brynjólfsson, fyrrv. fiskmatsm.		
	8. Páll Erlendsson, fyrrv. söngstjóri.		
	9. Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri.		

b. Við bætast í stafrófsröð:

	kr. au.
1. Ása Ásmundsdóttir, ljósmóðir	15 000.00
2. Benjamín Sigvaldason, fyrrv. kjötmatsmaður	6 000.00
3. Bjarni Sveinsson, fyrrv. kjöt- og fiskmatsmaður	12 000.00
4. Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	6 000.00
5. Einar Benediktsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstjóri	18 000.00
6. Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	15 000.00
7. Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	12 000.00
8. Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	12 000.00
9. Kristín Ingileifsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 000.00
10. Kristín L. Sigurðardóttir, fyrrv. alþm.	25 000.00
11. Kristinn Jónsson	12 000.00
12. María Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	12 000.00
13. Páll Pálsson	15 000.00
14. Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	10 000.00
15. Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	8 000.00
16. Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	8 000.00
17. Vigdís Torfadóttir	20 000.00
18. Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	12 000.00

c. Eftirfarandi liðir breytast:

1. Benedikt Gíslason. Fyrir „20 000.00“ kemur	30 000.00
2. Björn Einarsson. Fyrir „25 348.00“ kemur	25 360.00
3. Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður. Fyrir „6 000.00“ kemur	10 000.00
4. Sigurlás Nikulásson. Fyrir „12 000.00“ kemur	18 000.00

36. Við 18. gr. II. b.

a. Niður falla þessir liðir:
1. Guðrún Oddsdóttir.
2. Þórunn Pálsdóttir.

b. Við bætast í stafrófsröð:

1. Guðfinna Blöndal	24 000.00
2. Helga Friðbjarnardóttir	12 000.00
3. Helga Hinriksdóttir	10 000.00
4. Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	12 000.00
5. Indíana Sturludóttir	15 000.00
6. Ingibjörg Eyjólfsdóttir	18 000.00
7. Ingunn Eyjólfsdóttir	15 000.00
8. Lilja H. Arndal	20 000.00
9. Margrét Guðbrandsdóttir	18 000.00
10. Sigurlaug Jónsdóttir	15 000.00
11. Vigdís Guðmundsdóttir	12 000.00
12. Þorbjörg Kjartansdóttir	15 000.00

c. Eftirfarandi liður breytist:
Katrín Sveinsdóttir.
Fyrir „7 923.00“ kemur 18 000.00

			þús. kr.
37.	— 20. —	Út. IX. (Til sjúkraflugvalla). Fyrir „600“ kemur	700
38.	— 20. —	Út. XI. 11. (Til Íþróttakennaraskóla Íslands). Fyrir „1 000“ kemur	2 000

39. Við 20. gr. Út. XI. 14. Nýr liður: þús. kr.
Til undirbúnings byggingar heyrnleysingjaskólans 300
40. — 20. — Út. XXVI. (Embættisbústaðir fyrir dýralækna).
Fyrir „2 000“ kemur 2 350
41. — 22. — XXV. Nýir liðir:
a. Að taka allt að 8.5 millj. kr. lán til kaupa á húsnæði fyrir Iðnaðarmálastofnun Íslands.
b. Að kaupa hús fyrir lögreglustöð og fangageymslu á Sauðárkróki.
42. — 22. — XXVII. Nýir liðir:
a. Að endurgreiða Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f á Ísafirði aðflutningsgjöld af efni til dráttarbrautar, sem fyrirtækið byggði á árunum 1961—1965.
b. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af rannsóknartækjum, sem Skógrækt ríkisins hefur fengið að gjöf frá Þýzkalandi fyrir tilraunastöðina að Mógilsá.
c. Að endurgreiða tolla af benzíni fyrir notkun snjóbifreiða, eftir nánari reglum, sem ráðuneytið setur.
43. — 22. — XXVIII. Nýir liðir:
a. Að greiða allt að 3.2 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til aðstoðar við bændur á kalsvæðum árið 1965.
b. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir Alþýðusamband Íslands og önnur verkalýðssambönd vegna byggingar orlofsheimila.

Sþ. 136. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 17. gr. IV. 1. (Almannatryggingar, framlag). þús. kr.
Fyrir „578 300“ kemur 614 300
2. — 19. — 1. (Til niðurgreiðslu á vöruverði).
Fyrir „478 000“ kemur 708 000
3. — 19. — 7. (Hækkun útgjalda vegna launahækkunar).
Liðurinn fellur niður.

Sþ. 137. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

I. Frá *Alfreð Gíslasyni.* þús. kr.
Við 11. gr. A. 25. b. Liðurinn orðast svo:
Til áfengisvarnaráðs. Skal allt að 1 millj. kr. varið til rannsóknastöðvar áfengismála, er stofnsett verði á árinu 2 800

II. Frá *Halldóri Ásgrímssyni, Eysteini Jónssyni, Lúðvík Jósefssyni* og *Páli Þorsteinssyni.*
Við 16. gr. A. 23. Nýr liður:
Til að gera laxastiga í Lagarfossi 500

III. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:

Að ábyrgjast fyrir Öryrkjabandalag Íslands allt að 12 millj. kr. lán vegna byggingar íbúðarhúsnæðis fyrir öryrkja.

Sþ. 138. Fyrirspurnir. [89. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um fjárframlög til byggingar verkamannabústaða.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hve miklum fjárupphæðum hefur verið úthlutað úr byggingarsjóði verkamanna á árinu 1966 til byggingar verkamannabústaða?
2. Hve mikið fé hefur ríkisstjórnin lagt sjóðnum, auk eigin tekna hans á árinu?
3. Hve miklar tekjur eru sjóðnum tryggðar til byggingar verkamannabústaða á árinu 1967?

II. Til ríkisstjórnarinnar um jafnrétti Íslendinga í samskiptum við Bandaríkin.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Álítur ríkisstjórnin það eðlilegt, að Bandaríkjamenn þurfi ekki áritun á vegabréf til Íslands, þegar Íslendingar þurfa áritun á vegabréf til Bandaríkjanna og er jafnvel neitað um áritun?
2. Hefur ríkisstjórnin hugsað sér að gera ráðstafanir til þess að tryggja jafnrétti Íslendinga við Bandaríkjamenn í þessum efnum og þá hverjar?

III. Til fjármálaráðherra um staðgreiðslu skatta.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Hvað líður athugun á, að tekin verði upp staðgreiðsla á sköttum, þ. e. að þeir verði greiddir um leið og tekjur falla til? Er þess að vænta, að breytingar í þessa átt komi til framkvæmda bráðlega, og ef svo er ekki, hvað er þá helzt talið því til fyrirstöðu?

IV. Til menntamálaráðherra um úthlutun listamannalauna.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um úthlutun listamannalauna samkvæmt þingsályktun, samþykktri á Alþingi 27. apríl s. l.?

Ed. 139. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Páli Þorsteinssyni, Gils Guðmundssyni og Karli Kristjánssyni.

Á eftir 4. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisútvarpið skal koma upp endurvarpsstöðvum sjónvarps í öllum landshlutum og skal hraða framkvæmdum svo, að allar aðalendurvarpsstöðvar og millistöðvar, sem þörf er á, verði fullgerðar eigi síðar en á árinu 1969.

Ed. 140. Breytingartillaga [66. mál]

við brtt. á þskj. 134 [Útvarpsrekstur ríkisins].

Frá Páli Þorsteinssyni, Gils Guðmundssyni og Karli Kristjánssyni.

Í stað „25 milljónum króna“ komi: 50 milljónum króna.

Nd. 141. Breytingartillaga [74. mál]

við frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá forsætisráðherra.

Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

Sþ. 142. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, ÁÞ).

Við 22. gr. XXV. Nýr liður:

Að greiða vegasjóði allt að 47 millj. kr., verði um greiðsluafgang í ríkissjóði að ræða á árinu 1966.

Ed. 143. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Síðasti málsliður 3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Félög fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljast ekki til verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við kjarasamninga atvinnurekenda við skrifstofu- og verzlunarfólk, sem gerðir voru hinn 9. marz 1966, lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún mundi

beita sér fyrir því, að verzlunar- og skrifstofufólk öðlaðist aðild að atvinnuleysistryggingum frá og með 1. jan. 1967 með sama rétti og aðrir þeir hafa, sem nú eru aðilar að þeim. Breyting sú, sem hér um ræðir, er aðeins í því fólgin, að félög skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum skuli teljast til verkalýðsfélaga skv. lögunum um atvinnuleysistryggingar, en þar af leiðir að lögin taka til þessara félaga eins og annarra verkalýðsfélaga.

Nd. 144. Frumvarp til laga [74. mál]

um heimild til verðstöðvunar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá eigi leyfa neina hækkun á söluverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að eigi megi hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1967.

Nd. 145. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. des. 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Ben. Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.
Sverrir Júlíusson. Gísli Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson.
Björn Pálsson.

Sþ. 146. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967 og við brtt. á þskj. 135.

I. Frá *Lúðvík Jósefssyni.* þús. kr.
1. Við brtt. 135, 10. d. B. 10. (Við 14. gr. A. XV. 24. — Nýir barnaskólar). Nýir liðir:
a. Höfn í Hornafirði (leikfimihús) 250
b. Búðir, Fáskrúðsfirði 250
2. Við 135, 12. b. 3. (Við 14. gr. A. XVI. 42).
Nýr liður:
Neskaupstaður (heimavist) 900
Varatillaga:
Við 135, 12. c. 3. (Við 14. gr. A. XVI. 42).
Nýr liður:
Neskaupstaður (heimavist) 250

II. Frá *Helga Bergs* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 17. gr. I. 3. Liðurinn orðast svo:
Til vatnsveitna samkv. lögum 10 000
Þar af 5 millj. kr. til vatnsveitu Vestmannaeyja.

III. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
1. Við 17. gr. V. 25. Nýr liður:
Til þess að koma upp sjómannastofum á Austfjörðum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að 1 000
2. Við 20. gr. Út. VIII. Liðurinn orðast svo:
Til flugvallagerðar og flugöryggistækja 21 580
Þar af til flugvallar á Vopnafirði 1 millj. kr., til flugvallar á Breiðdal 1 millj. kr. og til flugvallar í Neskaupstað 1 millj. kr.
3. Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að verja 15 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966 til félagsheimilasjóðs og verði fjárhæðinni varið til greiðslu á vangreiddu framlagi sjóðsins til félagsheimila.

IV. Frá *Helga Bergs* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að gefa bæjarsjóði Vestmannaeyja eftir aðflutningsgjöld af innfluttu efni til stofnæða, geyma og dælustöðva vatnsveitunnar.

Nd. 147. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á síldarflutningaskipi o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. des. 1966.

Davíð Ólafsson, form.	Jónas G. Rafnar, frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Skúli Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 148. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 4. gr.

a. Fyrir töluna „50 millj. krónur“ í upphafi greinarinnar komi: 65 millj. krónur.
b. Fyrir töluna „30 millj. krónur“ í seinasta málslið sömu greinar komi: 45 millj. krónur.

Ed. 149. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá Gils Guðmundssyni, Helga Bergs og Hermanni Jónassyni.

3. mgr. 1. gr. frv. orðist svo:

Ef Iðnlánasjóður býður út almennt skuldabréfalán samkvæmt þessari grein, mega skuldabréfin, svo og vextir af þeim, vera undanþegin skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt, en skuldabréfin skulu vera framtalsskyld.

Nd. 150. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. des.)

1. gr.

1. grein laganna orðist þannig:

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp (hljóðvarp og sjónvarp) á Íslandi. Hún lætur starfrækja í Reykjavík hljóðvarps- og sjónvarpsstöð og endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu. Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

1. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem er eigandi viðtækis, er nota má til

að hagnýta útvarp ríkisins, skal greiða til Ríkisútvarpsins árlegt afnotagjald. Eigandi sjónvarpsviðtækis skal jafnframt talinn eigandi hljóðvarpsviðtækis, ef viðtæki hans má nota til hljóðvarpsmóttöku. Innheimta skal sérstakt hljóðvarpsgjald og sérstakt sjónvarpsgjald.

3. gr.

5. málsgrein 6. greinar laganna orðist þannig:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps (hljóðvarps og sjónvarps), gjaldskyldu útvarpsnotenda, innheimtu afnotagjalds og greiðslur fyrir tilkynningar og auglýsingar, sem birtar eru í hljóðvarpi og sjónvarpi. Í reglugerð má ákveða, að afnotagjald skuli greiða af hverju sjónvarpsviðtæki, þótt fleiri séu en eitt á heimili eða í stofnun, og að sérstakt gjald skuli greiða af útbúnaði til hljóðvarpsmóttöku í sjónvarps- eða talstöðvartækjum. Heimilt er að ákveða í reglugerð um innsiglun tækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti eða gjaldhækkun vegna greiðsludráttar.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð ákvæði um upplýsingaskyldu varðandi afnot viðtækja, svo og reglur um sölu, afhendingu og leigu viðtækja. Enn fremur að kveða á um tilkynningarskyldu og notkun nafnskírteina í þessu sambandi.

4. gr.

Við lögin bætist ný grein, er verði 17. gr. og orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán allt að 25 milljónum króna, eða samsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, og endurlána þau Ríkisútvarpinu til að koma upp aðalendurvarpsstöðvum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 151. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd Ed. hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. des. 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Sveinn Guðmundsson, fundaskr., frsm. Gils Guðmundsson.

Hermann Jónasson. Helgi Bergs. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Auður Auðuns.

Sþ. 152. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967 og við brtt. á þskj. 135.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

		þús. kr.
1.	Við brtt. 135, 11. D. a. (Við 14. gr. A. XV. 24. — Kópavogur, barna- og gagnfræðaskólar). Fyrir „5 716“ kemur	8 000

		þús. kr.
2.	Við brtt. 135, 27. (Við 16. gr. C. 6. — Iðnskóli í Rvík). Fyrir „3 000“ kemur	6 000
3.	Við brtt. 135, 28. (Við 16. gr. C. 7. — Iðnskóli á Akureyri). Fyrir „1 100“ kemur	2 200
4.	Við brtt. 135, 29. (Við 16. gr. C. 8. — Iðnskóli í Hafnarfirði). Fyrir „1 100“ kemur	2 200
5.	Við brtt. 135, 31. (Við 17. gr. I. 3. — Til vatnsveitna). Fyrir „6 800” kemur	10 000

6. Við 22. gr. XXV. Nýr liður:
   Að taka allt að 15 millj. kr. lán til greiðslu á framlögum ríkissjóðs til byggingar dráttarbrauta.
7. Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
   Að endurgreiða Vestmannaeyjakaupstað aðflutningsgjöld af efni til stofnæðar og vatnsgeyma vatnsveitu bæjarins.

Nd. 153. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til laga um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarráðherra.

Við 3. gr. Á eftir orðunum „úr sjóðnum á ári hverju“ komi: eftir 1966.

Nd. 154. Frumvarp til laga [88. mál]

um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

2. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir án tilnefningar. Formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist með öðrum kostnaði úr sjóðnum.

3. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju eftir 1966, má eigi verja meiru en ⅓ hluta til styrkveitinga.

Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta landbúnaðarráðherra í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda landbúnaðarráðherra til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

4. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967—1969.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði, sér um bókhald hans og rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórnina.

Framleiðnisjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framleiðnisjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Búnaðarbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

6. gr.

Um endurskoðun og bókhald Framleiðnisjóðs fer eftir lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 155. Breytingartillögur [88. mál]

við frv. til l. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá Birni Pálssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Í stað „50 millj.“ í 4. gr. frv. komi: 70 millj.
2. Í stað „30 millj.“ í sömu gr. komi: 50 millj.
3. Í stað „1967—1969“ í sömu gr. komi: 1967—1971.

Nd. 156. Breytingartillögur [74. mál]

við frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (DÓ, MÁM, JR, SI, LJós).

Við 1. gr.

a. Fyrir orðin „eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: verð á hvers konar vöru megi eigi vera hærra en það var 15. nóv. 1966.

b. 3. málsl. sömu mgr. orðist svo: Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi eigi vera hærri en hann var 15. nóv. 1966.

Ed. 157. Frumvarp til laga [74. mál]

um heimild til verðstöðvunar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 13. des)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að verð á hvers konar vöru megi eigi vera hærra en það var 15. nóv. 1966, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og mega þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Leyfi til slíkrar verðhækkunar skal vera háð samþykki ríkisstjórnarinnar. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hundraðshluti álagningar á vörum í heildsölu og smásölu megi eigi vera hærri en hann var 15. nóv. 1966. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu og framlags, í hvaða formi sem er, þar á meðal til hvers konar þjónustu og framlags, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigar útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1967.

Sþ. 158. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

I. Frá *Sigurvin Einarssyni.* þús. kr.

Við 15. gr. XXV. Nýr liður:
Til endurbyggingar Saurbæjarkirkju á Rauðasandi vegna tjóns af fárviðri 350

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 18. gr. II. b. Niður falla þessir liðir:
   a. Björg Guðmundsdóttir.
   b. Júlíana M. Jónsdóttir.
   c. Sigríður Finnbogadóttir.
   d. Sólveig Pétursdóttir.
2. Við 22. gr. XXVIII. Nýir liðir:
   a. Að ábyrgjast allt að 1.5 millj. kr. lán fyrir eiganda m/s Drangs, Akureyri, vegna kostnaðar við lengingu bátsins.
   b. Að taka allt að 2 millj. kr. lán fyrir jarðhitasjóð.

Nd. 159. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Þó áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1966.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Gunnar Gíslason.	Einar Olgeirsson.	Sigurvin Einarsson.
	Ingvar Gíslason.	

Sþ. 160. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá Eysteini Jónssyni, Lúðvík Jósefssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Páli Þorsteinssyni.

Við 16. gr. D. II. Nýr liður: þús. kr.
Til undirbúningsframkvæmda vegna virkjunar Lagarfoss 3 000

Sþ. 161. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1967.

Frá menntamálaráðherra.

Við 3. gr. A. Sundurliðun. 3. Liðurinn orðast svo:

Ríkisútvarpið:

		þús. kr.
A. Hljóðvarp:		
I. Tekjur:		
a. Afnotagjöld	29 700	
b. Aðrar tekjur	27 600	
		57 300
II. Gjöld:		
a. Laun:		
1. Föst laun	13 377	
2. Önnur laun	4 500	
		17 877
b. Útvarpsefni		12 000
c. Skrifstofukostnaður		3 150
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		3 130
e. Til viðgerðarferða o. fl.		300
f. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		1 000
g. Vegna höfundalaganna		2 400
h. Bifreiðakostnaður		260
i. Launaskattur		240
j. Til kaupa á áhöldum, hljóðfærum o. fl.		500
k. Greiðsla til Brown Boveri Sfr. 163 585 v/nýs sendis fyrir Vatnsendastöð		1 450
l. Til rekstrar og viðhalds útvarpsstöðva		9 200
m. Til að bæta hlustunarskilyrði		5 000
n. Óviss útgjöld		793
		57 300
B. Sjónvarp:		
I. Stofnkostnaður:		
a. Tekjur:		
Aðflutningsgjöld		17 500
b. Gjöld:		
Til greiðslu stofnkostnaðar Reykjavíkurstöðvar og endurvarpsstöðva utan Reykjavíkur, til viðbótar tekjum af aðflutningsgjöldum frá fyrri árum		17 500
II. Rekstur:		
a. Tekjur:		
1. Afnotagjöld	33 600	
2. Auglýsingar	10 400	
		44 000
b. Gjöld:		
1. Starfsmannalaun	9 200	
2. Aukavinna og vaktaálag	5 500	
3. Sjónvarpsefni, aðkeypt	12 000	
4. Skrifstofukostnaður	2 400	
5. Rekstur húss	1 800	

		þús. kr.	
6.	Stúdíó	4 000	
7.	Kvikmyndakostnaður	2 000	
8.	Lífeyrissjóðsgjald	400	
9.	Tryggingar	400	
10.	Höfundalaun	2 200	
11.	Bifreiðakostnaður	400	
12.	Launaskattur	200	
13.	Vextir	400	
14.	Ýmis útgjöld	1 500	
15.	Þátttaka í samkostnaði hljóðvarps	1 600	
			44 000

Nd. 162. Breytingartillaga [66. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá Sigurvin Einarssyni, Einari Olgeirssyni og Ingvari Gíslasyni.

Á eftir 5. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Þegar lög þessi ganga í gildi, eiga sveitarfélögin rétt til þess að gerast eigandi að helmingi Austurlandsvirkjunar og kaupa þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrirtækið á.

Kaupverð mannvirkja skal, ef samkomulag næst ekki, ákveðast með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Kaupverðið mega sveitarfélögin inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra skuldbindinga fyrirtækisins.

5. gr.

Austurlandsvirkjun er heimilt að leggja aðalorkuveitur til tengingar við önnur orkuveitusvæði ein sér eða í samvinnu við aðra og gera gagnkvæma samninga um raforkusölu við önnur virkjanafyrirtæki.

Þegar hagkvæmt er að dómi ríkisstjórnarinnar að leggja aðalorkuveitur til annarra orkuveitusvæða á Austurlandi, er Austurlandsvirkjun heimilt, með nánara

samkomulagi við ríkisstjórnina hverju sinni, að leggja þær og selja raforku til héraðsrafmagnsveitna þeirra byggðarlaga. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

Austurlandsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og reka þau mannvirki.

Verkefni og orkuveitusvæði Austurlandsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

6. gr.

Austurlandsvirkjun er heimilt að reisa allt að 12 MW-orkuver í Lagarfljóti við Lagarfoss ásamt aðalorkuveitu til Egilsstaða. Enn fremur er Austurlandsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

7. gr.

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Austurlandsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Austurlandsvirkjun senda ráðherra uppdrætti af mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt breytinga á fyrirhuguðum mannvirkjum, sem nauðsynlegar kunna að teljast vegna almannahagsmuna.

8. gr.

Stjórn Austurlandsvirkjunar skal skipuð fimm mönnum, ríkisstjórnin skipar tvo menn, en sveitarfélögin tvo, en eignaraðilar skipa sameiginlega fimmta mann, sem skal vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamanns, skal hann skipaður af hæstarétti. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár. Stjórn Austurlandsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Austurlandsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Stjórn Austurlandsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga fyrirtækisins. Heimilt er eignaaðilum að tilnefna að auki sinn endurskoðandann hvor til þess að endurskoða reikningana.

9. gr.

Stjórn Austurlandsvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir eru minni en sem svarar 2 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju fimm ára tímabili.

10. gr.

Stjórn Austurlandsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Austurlandsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverð við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Austurlandsvirkjun til höfuðstól allt að 5 millj. króna gegn jöfnu framlagi sveitarfélaganna. Af höfuð-

stól þessum greiðir Austurlandsvirkjun eignaaðilum arð frá sjöunda rekstrarári að telja, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að ákveða að lána Austurlandsvirkjun 20 millj. krónur með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

12. gr.

Við framkvæmd Lagarfossvirkjunar, sbr. 6. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva fyrirtækisins.

Niðurfelling gjalda samkv. 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna.

Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Austurlandsvirkjun tekur, allt að 120 millj. króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt. Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða að öllu leyti í stað ábyrgðar samkv. 1. málsgr., og endurlána Austurlandsvirkjun, með þeim kjörum og gegn þeim tryggingum, sem hún ákveður.

14. gr.

Austurlandsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóðs og sveitarfélaga.

Þó skal Austurlandsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Austurlandsvirkjunar samkvæmt lagafyrirmælum.

15. gr.

Mál, er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Austurlandsvirkjun, falla undir ráðherra þann, er fer með raforkumál.

Stjórn Austurlandsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaaðila reglugerð um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá, er fer með raforkumál.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. október 1967. Reglugerð fyrir Austurlandsvirkjun skal sett, áður en Lagarfossvirkjun tekur til starfa, og tekur Austurlandsvirkjun þá við rekstri orkuvera þeirra og orkuflutningsvirkja, sem talin eru í 3. gr.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Raforkan er mikilvægur þáttur í nútímalífi. Framfarir síðustu ára byggjast meðal annars á notkun hennar. Gildi raforkunnar mun þó enn vaxa stórlega á næstu árum, verða vaxandi þáttur í því velferðarríki, sem við Íslendingar erum að skapa.

Raforku vantar á Austurlandi.

Vegna hins mikla síldariðnaðar á Austurlandi hefur orkuþörfin vaxið stórum örar en spár voru fyrir um kringum 1960. Fylgir hér tafla, er sýnir mesta álag og heildarorkuframleiðslu og aukningu í hundraðshlutföllum hvert ár.

Álag og orkuvinnsla.

	Núverandi Grímsársvæði		Austurland frá Bakkaf. — Djúpavogs	
Ár	MW	GWh	MW	GWh
1960	2.4	8.8	3.1	9.7
1961	2.7	9.7	3.4	10.8
1962	3.0	10.7	3.9	12.3
1963	3.6	13.1	4.5	14.7
1964	4.4	15.6	5.4	17.8
1965	5.5	19.5	6.5	22.3

Aukning orkuvinnslu.

	Grímsársvæði	Austurland
'60/61	10%	11%
'61/62	10%	14%
'62/63	22%	20%
'63/64	19%	21%
'64/65	25%	25%

Enn hefur orðið svipuð aukning á árinu 1966 og síðustu árin, og er nú álagstoppurinn kominn upp í 6.5 MW.

Þessar tölur sýna gleggst hina gífurlegu aukningu í orkunotkun. Taflan sýnir, að framleiðslan hefur vaxið um 130% á fimm árum. Á sama tíma hefur raforkuframleiðslan í öðrum hlutum landsins vaxið um ca. 36%. Þessari stórauknu notkun á Austurlandi hefur verið mætt með stækkunum dísilrafstöðva. En dísilaflið er ekki hagkvæmt til mikillar orkuvinnslu, heldur sem varaafl og til þess að mæta álagstoppum. Þessi mikla framleiðsla raforku með dísilvélum hefur verið mjög dýr og jafnframt hafa truflanir á rafmagni aukizt.

Eins og nú er ástatt í raforkumálum á Austurlandi, er hamlað á móti aukinni notkun af því, að framleiðslan er svo óhagkvæm. Eru því ónotaðir ýmsir möguleikar til meiri hagnýtingar rafmagnsins, sem ódýr vatnsorka getur fullnægt, en ekki kemur til greina að fullnægja með dísilorku. Sérstaklega skal hér nefna húshitun með raforku og ekki sízt í sveitum. Rafmagnshitun í sveitum er hagstæðari en í þéttbýli við hafnarstaði. Meta þarf flutninga á olíu í því sambandi. En vegna jöfnunar verðsins er orkan raunverulega ódýrari en reiknað er með til hitunar í sveitum. Er þarna um mikilvægt þjóðhagslegt atriði að ræða. En auðvitað er í þéttbýlinu líka sjálfsagt að athuga hagkvæmni rafmagnshitunar. Þar keppir hún þó sennilega ekki við jarðhita, þar sem hans er völ í nágrenni þéttbýlis, en við kaupstaði og kauptún á Austurlandi er ekki talið sennilegt að verulegan jarðhita sé að finna, nema í nágrenni Egilsstaða.

Á Austurlandi er hagkvæmur virkjunarstaður í Lagarfljóti við Lagarfoss. Áætlanir sýna, að Lagarfossvirkjun er hagstæð miðað við kostnað á virkjað kW. og kWh. framleiðslugetu. En höfuðkostur hennar er þó öryggið vegna hinnar miklu vatnsmiðlunar í Lagarfljóti.

Það er áhugamál Austfirðinga, að Lagarfoss verði virkjaður hið allra fyrsta til að binda endi á raforkuskortinn, skapa öryggi í raforkuframleiðsluna og til þess að fá ódýra orku í stað hinnar dýru dísilorku.

En virkjun Lagarfoss gæti gerzt á fleiri en einn veg. Það gæti gerzt með því, að ríkið virkjaði, og það gæti gerzt með því að stofna fyrirtæki, Austfjarðavirkjun eða Lagarfossvirkjun, sem Austfirðingar væru eigendur að að meira eða minna leyti. Hér er lagt til, að Austfjarðavirkjun sé stofnuð með helmingaþátttöku ríkis og heimabyggða á svipaðan hátt og Landsvirkjun og Laxárvirkjun.

Ég tel það framtíðarmál, að byggðarlögin eigi sem mestan hlut í orkuverunum. Það eykur sjálfstæði þeirra og tryggir þeim meiri þátttöku í þeim fjársjóðum, sem vatnsvirkjanirnar verða örugglega síðar, er þær hafa verið afskrifaðar að mestu. Og ég held, að á þann hátt verði allur þessi rekstur hagkvæmastur, með því að hafa ekki einingarnar allt of stórar, að því er stjórn og framkvæmdir allar varðar. Snertir þetta bæði orkuframleiðsluna sjálfa og einnig dreifinguna, sem nú er eystra á vegum héraðsrafveitna ríkisins.

Hér fylgir með álitsgerð þeirra Jóhanns Indriðasonar rafmagnsverkfræðings og Ásgeirs Sæmundssonar tæknifræðings um rekstrarafkomu Austurlandsvirkjunar fram til 1980.

Þar er meðal annars borið saman að kaupa orkuna um línu frá Laxá í Þingeyjarsýslu til Egilsstaða, en sú lausn hefur nú verið ofarlega í huga þeirra, er raforkumálum okkar stjórna. Með 25 aura verði á kWst. við Laxá verður sú leið fljótlega mun óhagstæðari, gefur dýrari orku en Lagarfoss, auk þess, sem er meginatriði frá sjónarmiði Austfirðinga, að hafa ekki sama vald á því máli. Má t. d. benda á margs konar iðnað, sem æskilegt væri að setja upp, sem þyrfti talsverða orku. Liggur í augum uppi sá reginmunur, sem er á því að hafa þá sjálfur vald á orkumálunum eða að þurfa að semja um kaup á orkunni t. d. frá Laxárvirkjun. Í virkjunarmálunum gildir að vera framsýnn, og þó að axla þurfi nokkra byrði í byrjun vegna Lagarfossvirkjunar, þá snýst dæmið fljótlega við og hagur Austfjarðavirkjunar er orðinn allgóður þegar fyrir 1980, þrátt fyrir að hún tekur að sér allan rekstur á núverandi kerfum og Grímsárvirkjun ásamt Lagarfossvirkjun, rekstur, sem nú er hinn erfiðasti, samkv. reikningum rafmagnsveitnanna.

Svæði það, sem Austfjarðavirkjun er ætlað að ná yfir í fyrstu, er núverandi Grímsársvæði. Æskilegt er, að sem fyrst verði unnt að færa það svæði út, bæði norður til Vopnafjarðar og Bakkafjarðar, til Borgarfjarðar og Djúpavogs og síðar jafnvel suður um til Hornafjarðar. En um þau atriði er eðlilegt að komi til samninga, eftir að Austurlandsvirkjun hefur verið sett á stofn. En auðvitað er æskilegast, að allt Austurland geti fallið inn í þetta fyrirtæki með þær framkvæmdir og rekstur, er því fylgir.

Frekari rökstuðning fyrir flutningi þessa frv. er að finna í rekstraráætlun þeirri, er fylgir frá þeim Jóhanni Indriðasyni og Ásgeiri Sæmundssyni. Jafnframt verður svo málið skýrt nánar í framsögu.

Það skal tekið fram, að sveitarfélögin á Austurlandi hafa ekki tekið afstöðu til þessa máls, þ. e. stofnunar Austurlandsvirkjunar, en ætlazt er til, að slíkt komi fram undir meðferð málsins í Alþingi.

Til að auðvelda sveitarfélögunum að taka afstöðu er málið flutt. Með því er það komið í áþreifanlegt form. En á meðan það svífur í lausu lofti, eins og til þessa, verður erfitt fyrir fólkið á Austurlandi að gera sér fulla grein fyrir rökum þess.

Skýringar við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Fyrsta grein frumvarpsins gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin stofni með sveitarfélögum Múlasýslna, Neskaupstað og Seyðisfjarðarkaupstað virkjanafyrirtæki með svipuðu sniði og Laxárvirkjun á Norðurlandi og Landsvirkjun á Suðurlandi. Gert er ráð fyrir, að Austurlandsvirkjun verði sjálfstætt fyrirtæki, þar sem ríkið eigi helming á móti sveitarfélögunum, og að heimili þess verði Egilsstaðir.

Um 2. gr.

Tilgangur Austurlandsvirkjunar er að afla og flytja raforku til héraðsveitna á Austurlandi.

Vegna sérstakra aðstæðna er einnig gert ráð fyrir, að Austurlandsvirkjun geti annazt rekstur héraðsveitna í umboði bæjarfélaga eða ríkisins.

Um 3. gr.

Austurlandsvirkjun tekur við öllum eignum rafmagnsveitna ríkisins á veitusvæði Grímsár, þegar sameignarsamningar hafa verið gerðir, en yfirtaka rekstrar fer fram síðar, eins og segir í 16. gr.

Rekstrarhalli er mikill eins og er á veitunni, en með lögunum um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins er séð fyrir tekjum til þess að mæta honum. Þess vegna er eðlilegt, að rafmagnsveitur ríkisins annist reksturinn áfram, þar til Lagarfossvirkjun tekur til starfa og breyting verður á orkuframleiðslukostnaðinum og hagstæðir möguleikar verða til aukinnar raforkusölu.

Um 4. gr.

Sveitarfélögin fá með ákvæðum greinarinnar heimild til þess að kaupa hluta af núverandi eignum ríkisins í orkuverum og orkuflutningsvirkjum á veitusvæði Grímsár til þess að eignast helming Austurlandsvirkjunar.

Er þetta ákvæði hliðstætt Laxárvirkjunarlögum, en þar er ríkinu heimilað að kaupa hluta í mannvirkjum Laxárvirkjunar af Akureyrarbæ til þess að eignast helming virkjunarinnar.

Um 5. gr.

Austurlandsvirkjun er heimilað með ákvæðum í greininni að leggja orkuveitur til annarra virkjana ein eða í samvinnu við viðkomandi fyrirtæki. Er þar með opinn möguleiki fyrir Austurlandsvirkjun að tengjast Laxárvirkjun, þegar hagkvæmt er að ráðast í þær framkvæmdir.

Aðkallandi verkefni Austurlandsvirkjunar verður að leggja orkuflutningslínur til þeirra staða, sem nú fá raforku frá einstökum dísilrafstöðvum. Ekki hafa verið gerðar nægar athuganir á kostnaði við lagningu þessara orkuveitna, en gera má ráð fyrir, að Austurlandsvirkjun geti ekki á fyrstu starfsárum sínum byggt þær fyrir eigið fé. Er því hér gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geti, þegar það telst tímabært, falið Austurlandsvirkjun að leggja þessar veitur með samningum eða samkomulagi um lausn fjárhagsgrundvallar.

Einnig er í greininni heimild til yfirtöku orkuvera og orkuveitna með samningum við fyrri eigendur.

Um 6. gr.

Austurlandsvirkjun er í greininni heimilað að reisa allt að 12 MW orkuver í Lagarfljóti við Lagarfoss, en í raforkulögum er gert ráð fyrir, að heimild Alþingis þurfi til virkjunar, sé hún yfir 100 hestöfl.

Um 7. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að fullnægt sé ákvæðum vatnalaga og raforkulaga um greinargerð til ráðherra um gerð allra mannvirkja virkjunar þeirrar, sem 6. gr. heimilar, og að samþykki ráðherra sé fengið á gerð þeirra og frágangi.

Um 8.—9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að verð á raforku frá Austurlandsvirkjun verði ákveðið á sama hátt og frá Laxárvirkjun og Landsvirkjun.

Um 11.—15. gr.

Greinarnar eru í samræmi við ákvæði laga um Landsvirkjun og Laxárvirkjun.

Um 16. gr.

Sjá aths. um 3. gr.

Fylgiskjal.

Greinargerð Jóhanns Indriðasonar rafmagnsverkfræðings og Ásgeirs Sæmundssonar tæknifræðings um áætlun um Austurlandsvirkjun.

Sú orkuspá, sem lögð er til grundvallar þessari áætlunargerð, gerir ráð fyrir 7% árlegri aukningu í almennri notkun og fiskiðnaði, 2% árlegri aukningu í síldariðnaði og fastri aukningu um 2.5 GWh. á ári í hitanotkun, eftir að Lagarfossvirkjun eða lína frá Laxá til Egilsstaða hefur tekið til starfa. Þessi aukning í raforkusölu til hitunar er áætluð að haldi áfram út tímabilið, og hefur við enda þess náð því, sem ætla mætti mettun markaðsins í hitanotkun. Slík sala til hitunar kemur þó vart til greina, nema um Lagarfossvirkjun sé að ræða. Verði lína lögð fyrst, má búast við hægari aukningu í hitanotkun, en vænta má, að meðaltekjur af seldri kWh. til hitunar verði hærri en hér er reiknað með, þar eð meiri áherzla yrði lögð á daghitun.

Meðaltekjur af seldri kWh í hverjum söluflokki eru fengnar úr Orkumálum 1964, en reiknað er með núgildandi gjaldskrá. Þetta meðalverð byggir að sjálfsögðu á þeirri skiptingu í notkun og þeim meðalnýtingartíma, sem nú gildir, og er einhverjum breytingum undirorpið, sem þó geta verið á báða vegu. Kostnaðartölur um viðhald, gæzlu, viðgerðir, fastan kostnað o. s. frv., eru áætlaðar í samræmi við ársreikninga Raforkumálaskrifstofunnar 1964. Afskriftartími vatnsvirkjana, aðalorkuveitu og héraðsveitna er settur 40 ár, en fyrir dísilstöðvar 15 ár. Olíunotkun dísilvéla er 0.55 kv/kWh. Áætluð hafa verið lán á núverandi mannvirki með hliðsjón af þeim vaxtakostnaði, sem bókfærður er á þau, og þau lán síðan greidd niður á 15 árum með 8% vöxtum.

Heildarkostnaður 9 MW Lagarfossvirkjunar, sem hér er reiknað með, er áætlaður af Sigurði Thoroddsen verkfræðingi í júlí 1966 132 M.kr., með tollum og söluskatti, sem alls nema 19 M.kr., en án 66 kV flutningsvirkja til Egilsstaða. Flutningsvirkin hafa verið áætluð á Raforkumálaskrifstofunni á 16 M.kr.

Í skýrslu frá raforkumálastjóra í sept. 1966 er stofnkostnaður 9 MW Lagarfossvirkjunar ásamt 66 kV flutningsvirkjum áætlaður 114 M.kr., án tolla og söluskatts.

Hér er gengið út frá frumáætlun um 9 MW virkjun með tilhögun, sem ekki er könnuð í áætlunum Sigurðar Thoroddsens og byggir að nokkru á rannsóknum á vegum raforkumálastjóra í nóv. 1966. Samkvæmt þeirri tillögu áætlast stofnkostnaður 9 MW virkjunar ásamt 66 kV flutningsvirkjum til Egilsstaða 110 M.kr. án tolla og söluskatts. 66 kV flutningsvirki eru þá áætluð á 13 M.kr.

Í fjármagnskostnaði er gert ráð fyrir 10 M.kr. framlagi eigenda, en að 160 M.kr. séu fengnar að láni til 15 ára með 8% vöxtum.

Stofnkostnaður 2 MW dísilsamstæðu er áætlaður 10.4 M.kr., en 130 kV línu Laxá-Egilsstaðir 60 M.kr., og sá stofnkostnaður hugsaður niðurgreiddur á 15 árum með 8% vöxtum.

Gert er ráð fyrir 3 M.kr. fjárfestingu í 30 kV orkuveitu, þegar virkjun eða lína tekur til starfa. Hér er þó aðeins um nauðsynlegustu stækkanir að ræða á spennum í helztu aðveitustöðvum svæðisins.

Flutningsgeta 30 kV kerfis þarf væntanlega að aukast ekki síðar en um það bil sem Lagarfoss er fullnýttur að afli. Hér er ekki reiknað með stækkun 30 kV kerfisins suður til Djúpavogs eða norður til Vopnafjarðar. Verður og að gera ráð fyrir, að koma verði til sérstök framlög til slíkrar stækkunar.

Gert er ráð fyrir aukningu héraðsveitna á tímabilinu alls 10 M.kr., sem þó ekki er ætlað að innihalda sveitaveitur, og er reiknað með, að sérstök framlög komi til þeirra, eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir svipuðu mannahaldi og nú er við rekstur hins sameiginlega kerfis,

Austurlandsvirkjun.

Orkuspá og bruttótekjur fyrir samtengd svæði.

	Orkuspá, framl. orka GWh							Áætlaðar tekjur								
	Alm. notk.	Fisk-iðn.	Síldar-iðn.	Hús-hitun	Framl. alls	Töp í veitu + eigin not	Seld orka samt.	Alm. notkun meðalv. 2.10		Fiskiðn. + síldariðn. Meðalv. 1.50		Hitanotk. Meðalv. 0.3		Tekjur Alls	Skipt. orkuframl. Grímsá	Dísil/annað
Ár	1)	1)	2)	3)	GWh	GWh	GWh	GWh	M.kr.	GWh	M.kr.	GWh	M.kr.	M.kr.	GWh	GWh
1966 ...	7.28	3.21	10.46	0.5	21.45	5.0	16.45	5.58	11.70	10.48	15.70	0.39	0.12	27.52	13	8.45
1967 ...	7.79	3.44	10.68	0.6	22.51	6.0	16.51	5.71	12.00	10.5	15.70	0.40	0.12	27.72	13	9.51
1968 ...	8.33	3.68	10.92	0.8	23.73	6.0	17.73	6.24	13.30	10.9	16.35	0.60	0.18	29.83	13	10.73
1969 ...	8.91	3.93	11.12	1.04	25.00	6.0	19.00	6.77	14.21	11.43	17.14	0.80	0.24	31.59	13	12.00
1970 ...	9.53	4.21	11.35	3.1	28.19	6.0	22.19	7.84	16.45	12.78	19.15	2.57	0.77	36.37	13	15.19
1971 ...	10.20	4.50	11.55	5.15	31.40	6.0	25.40	8.25	17.32	12.98	19.65	4.17	1.25	38.02	13	18.40
1972 ...	10.91	4.81	11.80	7.2	34.72	6.0	28.72	9.03	18.96	13.73	20.60	5.96	1.79	41.35	13	21.72
1973 ...	11.71	5.15	12.00	9.25	38.07	6.5	31.57	9.66	20.30	14.2	21.30	7.71	2.31	42.91	13	25.07
1974 ...	12.49	5.51	12.30	11.3	41.60	6.5	35.10	10.53	22.11	15.08	22.60	9.49	2.84	47.54	13	28.60
1975 ...	13.36	5.91	12.50	13.36	45.13	6.5	38.63	11.42	24.00	15.79	23.65	11.42	3.43	51.68	13	32.13
1976 ...	14.30	6.31	12.75	15.4	48.75	6.5	42.25	12.40	26.04	16.54	24.80	13.31	4.00	54.84	13	35.75
1977 ...	15.30	6.76	13.00	17.45	52.51	6.5	46.01	13.4	28.10	17.3	25.95	15.31	4.60	58.65	13	39.51
1978 ...	16.37	7.24	13.32	19.5	56.44	7.0	49.44	14.32	30.10	18.0	27.00	17.12	5.14	62.24	13	43.44
1979 ...	17.52	7.74	13.55	21.55	60.36	7.0	53.36	15.5	32.55	18.8	28.20	19.03	5.71	66.46	13	47.36
1980 ...	18.74	8.27	13.80	23.6	64.41	7.0	57.41	16.7	35.10	19.65	29.50	21.06	6.32	70.92	13	51.41

1) Vöxtur 7% á ári.

2) Vöxtur 2% á ári.

3) Vex um 2.05 GWh á ári frá 1970, eftir að virkjun kemur í notkun.

Austurlandsvirkjun. Aðalorkuveita.

Rekstrarkostnaður.

Liður	1966 M.kr.	1967 M.kr.	1968 M.kr.	1969 M.kr.	1970 M.kr.	1971 M.kr.	1972 M.kr.	1973 M.kr.	1974 M.kr.	1975 M.kr.	1976 M.kr.	1977 M.kr.	1978 M.kr.	1979 M.kr.	1980 M.kr.	
Olía	4.65	5.23	5.9	6.6												1
Gæzla, viðg., efni o. fl.	2.9	3.0	3.1	3.2	3.3	3.4	3.5	3.6	3.7	3.8	3.9	4.0	4.1	4.2	4.3	2
Viðhald veitu	0.55	0.6	0.65	0.7	0.8	087	0.95	1.02	1.1	1.17	1.25	1.32	1.4	1.47	1.55	3
Fastur kostn.	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	4
Afb. og vextir núv. kerfi	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	7.86	5
Dísilst. '68	—	—	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	1.2	6
30 kV kerfi	—	—	—	—	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	0.35	7
Afskr. af núv. kerfi	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	4.54	8
Dísilst. '68	—	—	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	0.7	9
30 kV kerfi	—	—	—	—	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	0.08	10
Samt. 1—10	22.00	22.73	25.45	26.30	20.33	20.50	20.68	20.85	21.03	21.2	21.38	21.55	21.73	21.90	22.10	11
Lagarfossveita Vextir og afb. ..	—	—	1.50	5.50	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	11.7	12
Lagarfossveita Afskriftir	—	—	—	—	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	2.5	13
Samt. 11, 12, 13 ...	22.00	22.73	26.95	31.8	34.53	34.70	34.88	35.05	35.23	35.4	35.58	35.75	35.93	36.10	36.30	14
Lína, vextir og afb.	—	—	—	2.4	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	7.0	15
Lína, afskr.	—	—	—	—	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	1.5	16
Orkukaup frá Laxá 0.25 kv/kWh ..	—	—	—	—	3.8	4.6	5.43	6.27	7.15	8.07	8.94	9.88	10.85	11.82	12.86	17
Samt. 11, 15, 16, 17	22.00	22.73	25.45	28.70	32.63	33.60	34.61	35.52	36.68	37.77	38.82	38.93	41.08	42.22	43.44	18

Austurlandsvirkjun, Héraðsveitur.

Rekstrarkostnaður.

Liður	1966 M.kr.	1967 M.kr.	1968 M.kr.	1969 M.kr.	1970 M.kr.	1971 M.kr.	1972 M.kr.	1973 M.kr.	1974 M.kr.	1975 M.kr.	1976 M.kr.	1977 M.kr.	1978 M.kr.	1979 M.kr.	1980 M.kr.	
Skrifst.kostn. ..	0.7	0.75	0.8	0.85	0.9	0.95	1.0	1.05	1.1	1.15	1.2	1.25	1.3	1.35	1.5	1
Rekstur, gæzla, viðgerðir ...	2.1	2.2	2.3	2.4	2.5	2.6	2.7	2.8	2.9	3.0	3.1	3.2	3.3	3.4	3.5	2
Húsveitueftirl. .	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	0.3	3
Viðhald	0.8	0.85	0.92	0.98	1.05	1.12	1.2	1.28	1.37	1.47	1.57	1.68	1.8	1.92	2.05	4
Afskriftir	1.3	1.35	1.35	1.35	1.35	1.35	1.43	1.43	1.63	1.63	1.56	1.56	1.56	1.56	1.56	5
Vextir og afb. ..	2.3	2.53	2.53	2.53	2.53	2.53	2.88	2.88	2.88	3.47	3.47	3.47	3.47	3.47	3.47	6
Orkukaup[1]) ..	22.0	22.73	26.95	31.80	34.53	34.70	34.88	35.05	35.23	35.40	35.58	35.75	35.93	36.10	36.30	7
Samtals 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7	29.5	30.71	35.15	40.21	43.16	43.55	44.39	44.79	45.19	46.55	46.78	47.21	47.66	48.10	48.56	8
Sameiginl. greiðsluafg. .	÷1.98	÷2.99	÷5.22	÷8.62	÷6.79	÷5.53	÷3.04	÷1.88	+2.33	+4.73	+8.06	+11.44	+14.58	+18.36	+22.36	9

1) Kostnaðarverð raforku frá aðalorkuveitu.
Hér er eingöngu útfært tilfellið virkjun Lagarfoss.

Austurlandsvirkjun.

Fjárfesting. Fjármagnskostnaður.

Yfirlit.

	Áætluð verðmæti M.kr.	Árlegar afskriftir[1]) M.kr.	Áhvílandi lán M.kr.	Vextir og afborganir[2]) M.kr.
A. Aðalorkuveita:				
1. Eldri mannvirki:				
1. Grímsárvirkjun	46.1	1.430	27.70	3.23
2. 30 kV. orkuveita	26.8	0.853	16.80	1.96
3. Dísilstöðvar	27.0	2.257	23.14	2.67
Samt.		4.54		7.86
2. Ný mannvirki:				
1. Dísilstöð byggð 1968	10.4	0.7	10.4	1.2
2. Spennar o. fl. 1970	3.0	0.08	3.0	0.35
3. Lagarfossvirkjun 1970	100.0	2.5	100.0	11.7
Vextir 1968				1.5
— 1969				5.5
3a. Lína Laxá—Egilsstaðir 1970	60.0	1.5	60.0	7.0
Vextir 1969				2.4
B. Héraðsveitur:				
1. Eldri mannvirki, sveitaveitur og bæjarkerfi	29.6	1.3	19.6	2.3
2. Ný mannvirki, sveitaveitur og bæjarkerfi:				
Viðbætur 1967	2.0	0.05	2.0	0.233
— 1972	3.0	0.08	3.0	0.350
— 1975	5.0	0.13	5.0	0.587

1) Afskriftir vatnsorkuvera og orkuveitna á 40 árum, dísilvéla á 15 árum.

2) Gert er ráð fyrir 15 ára lánum með 8% vöxtum. Greiðist niður með jöfnum ársgreiðslum.

Sþ. **185. Þingsályktun** [91. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. des.)

Samhljóða þskj. 166.

Nd. **186. Lög** [90. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 143.

Nd. **187. Lög** [58. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 64.

Ed. 188. Lög [74. mál]

um heimild til verðstöðvunar.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 157.

Nd. 189. Frumvarp til laga [94. mál]

um jarðeignasjóð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að kaupa jarðir í þeim tilgangi að fella þær úr ábúð, enda leiði athugun, sem um ræðir í lögum þessum, í ljós, að það sé hagkvæmt.

Heimild þessi tekur til jarða, sem svo er ástatt um, sem hér greinir:

1. Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, en eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði
3. Jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22/1965.
4. Jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum.

2. gr.

Auk þeirra jarða, sem um ræðir í 1. gr., er Jarðeignasjóði heimilt að kaupa jarðir, sem hlunnindi fylgja og líkur eru til að verði ekki nýttar til búrekstrar, en hafa sérstakt notagildi fyrir sveitarfélag eða ríki.

3. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. tölulíður 1. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðeignasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til kaupa á jörð með góð búskaparskilyrði með tilliti til landgæða, samgangna og annars, er tryggir varanlega ábúð á jörðinni.

4. gr.

Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón, annars vegar af gangverði hliðstæðra jarða og hins vegar af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Kaupverðið má þó ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma. Ákvæði 3. málsl. þessarar greinar tekur gildi við gildistöku næsta fasteignamats samkvæmt lögum nr. 28 29. apríl 1963.

5. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Jarðeignasjóðs skal vera 36 millj. kr., er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 6 árum, í fyrsta sinn á árinu 1967.

Með samþykki fjármálaráðherra má Jarðeignasjóður gefa út skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, samtals að fjárhæð 36 millj. kr. Sjóðurinn stendur sjálfur skil á afborgunum og vöxtum af skuldabréfalánum þessum. Lánskjör skulu samþykkt af fjármálaráðherra.

6. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast samkvæmt 1. gr. þessara laga, má selja sveitarfélögum, eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til. Að þessum aðiljum frágengnum, má selja þær öðrum félagsbundnum aðiljum, svo sem sumarbústaðaeigendum. Í sölusamningum skal það tilskilið að jarðirnar megi ekki byggja til búrekstrar. Enn fremur má setja í sölusamninga frekari ákvæði um nýtingu og meðferð landsins.

Heimilt er samkvæmt meðmælum Landnáms ríkisins að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Við sölu þessara jarða skal þriggja manna nefnd, sem um ræðir í 8. gr., gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um söluverð og greiðsluskilmála.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, jarðeignadeild, fer með framkvæmd þessara laga.

Landnámi ríkisins er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups og gera rökstudda álitsgjörð um hverja jörð fyrir sig, þ. e. hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi jörðina. Sérstaklega skal gerð grein fyrir því í álitsgjörðinni, hver áhrif það hafi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag, ef lögð verður niður ábúð á jörðinni.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn, til að meta kaupverð jarða, sbr. 4. gr. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu hæstaréttar og er formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðeignasjóði með öðrum kostnaði.

Álitsgjörð sú, sem um getur í 7. gr., skal send nefnd þessari, ásamt umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um sölu jarðar til Jarðeignasjóðs ríkisins, enda hafi sveitarsjóður áður afsalað sér forkaupsrétti.

Þriggja manna nefndin sendir landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, matsgjörð ásamt tillögum og umsögn sína um jarðakaupin. Síðan tekur landbúnaðarráðherra ákvörðun um hvort kaupin skuli gerð.

9. gr.

Nú verður dráttur á því, að jarðir, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, verði ráðstafað samkvæmt ákvæðum 6. gr., og er þá landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, heimilt að leigja afnot þeirra allt að fimm árum í senn sveitarfélaginu eða bændum innan þess. Slík afnot má því aðeins leigja utansveitarmönnum að samþykki sveitarstjórnar komi til.

10. gr.

Jarðeignasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðeignasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, gert aðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

11. gr.

Jarðir í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar samkvæmt 9. gr., skulu ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum sköttum og gjöldum hverju nafni sem nefnast.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að Jarðeignasjóður taki þátt í fjallskilakostnaði vegna jarða í fámennum hreppum með erfið fjallskil.

12. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga getur landbúnaðarráðherra sett með reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um Jarðakaup ríkisins, og eignir Jarðakaupasjóðs aðrar en jarðir, renna til Jarðeignasjóðs ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. september 1966 skipaði landbúnaðarráðherra fimm manna nefnd til að endurskoða frumdrög að frumvarpi að lögum um Jarðeignasjóð ríkisins, sem samin höfðu verið að tilhlutun landbúnaðarráðherra. Í nefndina voru skipaðir Ólafur Björnsson, prófessor, Jón Þorsteinsson, alþingismaður, Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, Kristján Karlsson, fyrrv. skólastjóri og Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, sem var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Tilgangurinn með löggjöf þessari er sá, að stofnaður verði sjóður, Jarðeignasjóður ríkisins, sem hafi það hlutverk að kaupa jarðir af bændum, sem vilja hætta að búa, en geta ekki selt jarðir sínar á frjálsum markaði. Enn fremur á Jarðeignasjóður ríkisins að ráðstafa þeim jörðum, sem hann kaupir og leggur niður ábúð á, á sem hagkvæmastan hátt fyrir sveitarfélögin, sem jarðirnar eru í og þjóðarheildina. Í mörgum sveitum landsins er eitthvað af jörðum, sem hafa slæm búskaparskilyrði eða eru óþægilegar til búsetu. Það sem veldur er oftast vöntun á hentugu ræktunarlandi, mikið vetrarríki, eða þá að jarðir eru afsekktar, hafa slæma vegi og ekki rafmagn frá samveitum.

Sameiginlegt fyrir þessar jarðir er það, að ef ætti að gera þær vel fallnar til búskapar, koma þeim í vegasamband og leiða til þeirra rafmagn, yrði það mikill kostnaður fyrir þá, sem búa á þeim, og fyrir það opinbera í lögbundnum framlögum til umbótanna, og kostnaði við að koma raflínum og vegum til þeirra. Þegar á hitt er litið að offramleiðsla er af mjólk og kjöti miðað við innanlandsþarfir, en markaðsskilyrði erlendis eru nú mjög óhagstæð og mikil óvissa um hvort þau muni breytast verulega til bóta í náinni framtíð, þá virðist ekki ástæða til þess að leggja kapp á og í mikinn tilkostnað til þess að halda jörðum með óhagstæð búrekstrarskilyrði í byggð.

Á undanförnum árum hefur gengið illa að selja jarðir. Nokkrir bændur hafa því orðið að halda áfram búskap, þó þeir hefðu viljað hætta, nema þá að ganga frá jörð og húsum án þess að fá nokkra greiðslu fyrir.

Víða um land er mikill skortur á sumarbeitilandi fyrir sauðfé. Í þeim byggðarlögum væri til verulegra bóta, að land þeirra jarða, sem liggja að afréttunum yrði bætt við þær og búskap á þeim jörðum hætt.

Þá eru margar jarðir í landinu, sem enn þá hafa of lítil tún. Búrekstur á þessum jörðum yrði mun hagkvæmari, ef hægt væri að bæta við þær landi frá jörðum, sem Jarðeignasjóður hefði keypt og lagt niður búskap á. Hlutverk Jarðeignasjóðs ríkisins er því líka að stuðla að hagræðingu byggðarinnar í sveitum og með því að auka framleiðni í landbúnaðinum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að sjóðurinn geti undir vissum kringumstæðum keypt hlunnindajarðir í því augnamiði, að þar verði stundaður búskapur áfram, ef það er sveitarfélaginu til hagsbóta.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er skilgreint hvaða jarðir það eru, sem fyrirhugað er, að Jarðeignasjóður kaupi til að fella úr ábúð og vísast til almennu athugasemdanna hér að framan um hlutverk Jarðeignasjóðs.

Um 2. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er opnuð leið til að Jarðeignasjóður geti öðlazt ráðstöfunarrétt yfir hlunnindajörðum, sem ætla mætti að yrði til verulegs baga fyrir sveitarfélag að í eyði færu og hlunnindin ein nytjuð. Hins vegar er ekki líklegt að heimild þessi verði mikið notuð.

Um 3. gr.

Rétt þykir að Jarðeignasjóði sé heimilt að aðstoða bónda, sem býr á leigujörð með léleg búskaparskilyrði, með lánveitingu til kaupa á góðri bújörð. Þessi heimild yrði aðeins notuð þegar sérstakar ástæður mæltu með slíkri ráðstöfun, þar sem Jarðeignasjóði er annars ekki ætlað að stunda lánastarfsemi til jarðakaupa.

Um 4. gr.

Hér er fylgt þeirri meginreglu, að kaupverð jarða skuli miðast við framboð og eftirspurn. Þó skal höfð hliðsjón af þeim fjármunum, sem seljandi hefur lagt í jörðina. Þetta þykir sanngjarnt vegna sérstöðu þessara jarða, sem erfiðleikum er bundið að selja með venjulegum hætti. Þó er sá varnagli sleginn, að kaupverðið megi aldrei vera hærra en fasteignamat jarðarinnar á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum nr. 28/1963, skal allsherjarfasteignamat fram fara fimmtánda hvert ár og ef fasteignaverð hefur breytzt verulega á þessu tímabili, þá getur fjármálaráðherra ákveðið breytingu á mati fasteigna í samræmi við það. Auk þess fer fram millimat á nýjum mannvirkjum. Hér er svo fyrir séð, að líkur eru til að fasteignamat verði í samræmi við verð fasteigna í kaupum og sölum á hverjum tíma.

Um 5. gr.

Í þessari grein er stofnframlag ríkissjóðs ákveðið 36 millj. kr., sem á að greiðast á sex árum. Þá er þar svo ráð fyrir gert að Jarðeignasjóður geti greitt hluta af kaupverði jarða með ríkistryggðum skuldabréfum, en auk þess mun sjóðurinn að sjálfsögðu taka að sé greiðslu áhvílandi skulda, sem fyrri jarðeigandi hefur stofnað til.

Um 6. gr.

Um skýringar við þessa grein vísast til almennu athugasemdanna hér að framan.

Um 7. gr.

Jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins hefur umsjón með ráðstöfun á þjóð- og kirkjujörðum og virðist eðlilegt að jarðeignadeildin annist stjórn Jarðeignasjóðs og reikningshald hans.

Landnám ríkisins hefur í sinni þjónustu sérfróða starfsmenn á sviði landbúnaðarins, sem hafa mikla þekkingu á búrekstrarskilyrðum einstakra jarða og héraða og virðist rétt að Landnámið aðstoði jarðeignadeildina við kaup og sölu jarða með álitsgerðum og á annan hátt.

Um 8. gr.

Enda þótt Landnám ríkisins eigi að veita þá aðstoð, sem um ræðir í 7. gr. frumvarpsins, þá virðist hagkvæmt að nefnd þriggja manna, skipuð samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar, fjármálaráðuneytisins og Stéttarsambands bænda geri tillögur og láti í té matsgjörð ásamt umsögn sinni um jarðakaup Jarðeignasjóðs.

Um 9. gr.

Sjálfsagt þykir, að jarðeignir Jarðeignasjóðs verði hagnýttar þar til þær verða seldar samkvæmt ákvæðum 6. gr. frumvarpsins og heimilar frumvarpsgreinin að leigja afnot þeirra hlutaðeigandi sveitarfélagi eða bændum innan þess, til allt að fimm ára í senn.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar um undanþágu frá greiðslu opinberra gjalda eru í samræmi við lagafyrirmæli um hliðstæða opinbera sjóði enda má gera ráð fyrir að hlutaðeigandi sveitarfélag njóti á beinan og óbeinan hátt hagræðis af jarðakaupum Jarðeignasjóðs.

Um 11. gr.

Í 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 er svo ákveðið að sýslusjóðsgjald hreppanna sé að þriðjungi miðað við skattmat fasteigna í hverjum hreppi fyrir sig.

Þá er svo fyrir mælt í 27. gr. almannatryggingarlaga nr. 41/1963, að framlag sveitarfélaga til lífeyristrygginga skuli miðast að þriðja hluta við fasteignamat eigna í sveitarfélaginu.

Þar sem Jarðeignasjóður verður undanþeginn greiðslu opinberra gjalda, þá mundi sveitarsjóður hér bera nokkur gjöld vegna jarðeigna sjóðsins í hreppnum. Af þessum sökum þykir rétt að ákveða að þessar jarðeignir séu þær ekki nýttar, skuli ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum gjöldum, sem sveitarfélaginu er gert að greiða.

Í sumum sveitum eru fjallskil óvenju erfið og tímafrek. Þar sem svo hagar til og sé jafnframt um fámenn sveitarfélög að ræða, þá getur nauðsyn borið til að Jarðeignasjóður hlaupi undir bagga með fjallskil af jörðum í eigu sjóðsins. Í 2. mgr. 12. gr. er landbúnaðarráðherra veitt heimild til að ákveða að Jarðeignasjóður taki þátt í fjallskilakostnaði þegar svo stendur á, sem að framan greinir.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Rétt þykir að fella niður með lögum þessum lög nr. 92/1936 um Jarðakaupasjóð ríkisins.

Engin jarðakaup hafa um langt árabil farið fram skv. þeim lögum, enda lögin miðuð við tímabundnar aðstæður. Gögn Jarðakaupasjóðs eru í vörzlu jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins og með jarðir, sem keyptar voru af Jarðakaupasjóði er nú farið eins og aðrar þjóðjarðir.

Eignir Jarðakaupasjóðs fyrir utan jarðir eru ekki aðrar en nokkur fjárhæð í sparisjóðsbók, og þykir rétt að hún renni til Jarðeignasjóðs.

Nd. **190. Frumvarp til laga** [95. mál]

um viðauka við og breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Þurramæði.
2. Garnaveiki (paratuberculosis í búfé).

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) eða aðrir sjúkdómar valda eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, sérstökum merkingum á fé, bann við búferlaflutningum og sölu fjár til lífs, niðurskurð, sótthreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma, sem um ræðir í lögum þessum og vinna að útrýmingu þeirra.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að stuðla að heilbrigðiseftirliti sauðfjár og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum.
2. Að gera viðhlítandi varúðarráðstafanir ef grunur kemur upp um aukna hættu af völdum sjúkdóms, sem um getur í lögum þessum og ef brotnar eru eða vanræktar sóttvarnarreglur.
3. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Fyrirsögn 3. kafla hljóði svo: Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir.

6. gr. orðist svo:

Sauðfjárvarnarsvæði eru tvenns konar: Fjárskiptasvæði þar sem fjárskipti hafa farið fram og varnarsvæði þar sem fjárskipti hafa ekki verið framkvæmd.

Sauðfjárvarnarsvæði markast af girðingarlínum, ám, vötnum, sjó eða öræfum, sem ásamt fyrirskipaðri vörzlu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á fjársamgangi. Mörk sauðfjárvarnarsvæða nefnast varnarlínur.

Sauðfjárvarnarsvæði og takmörk þeirra skulu vera ákveðin og gerð almenningi kunn þegar þurfa þykir.

Varðmenn skal hafa til eftirlits við varnarlínur til öryggis, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp, þar sem nauðsyn krefur og ef unnt er með samkomulagi milli hlutaðeigandi sýslu- eða hreppsfélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum svo lengi að fullvíst þyki að fjársóttir og aðrir búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum öðrum megin línunnar, þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé.

Því aðeins er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að leggja niður varnarlínur, að fram hafi farið ýtarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum, sem að línunni liggja, og eftir að hafa ráðgazt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Gefa skal aðliggjandi héruðum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust gegn skuldbildingu um að halda þeim við minnst í 3 ár og taki jafnframt á sig ábyrgð á að gera þær hættulausar til frambúðar. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum kvöðum, er heimilt að gefa hreppsfélögum, upprekstrarfélögum eða bændum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að eignast þær með sömu skilyrðum, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan sauðfjárvarnarsvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa, á kostnað eigenda, sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum þar sem henni þykir nauðsyn til bera. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Bannað er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd leyft flutning á kynbótafé yfir varnarlínur. Gilda um þá allar sömu varúðarreglur og við flutning sæðis, samanber síðustu málsgrein þessarar lagagreinar og auk þess önnur skilyrði, er tilgreind skulu í reglugerð.

Sleppi kindur yfir varnarlínur skal þeim slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínur. Líffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsókna, án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta, þannig að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir þær, enda hafi líffæri úr þeim verið send til rannsókna. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti, sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, látið bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því, sem ástæða er til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli sauðfjárvarnarsvæða í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum eða nautum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig. Heimild til sæðisflutninga skal háð samþykki yfirdýralæknis.

8. gr.

Til viðbótar 14. gr. komi:

Einnig er nefndinni heimilt, að banna búferlaflutninga innan sauðfjársvæðis, milli héraða, hreppa og einstakra bæja, þótt ekki séu varnarlínur eða hindranir yfir að fara, ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu búfjársjúkdóma. Um bætur fyrir slík bönn gilda sömu ákvæði og um flutningabönn yfir varnarlínur.

Skylt er hreppstjórum að gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart með nægum fyrirvara, ef fara á fram uppboð eða sala á sauðfjár- eða kúabúum. Getur þá nefndin bannað slíka sölu eða sett þau skilyrði, er hún telur nauðsynleg.

9. gr.

Til viðbótar 15. gr. komi:

Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað fjáreigendum og sláturleyfishöfum að láta framkvæma slátrun á öllu fullorðnu fé, sem slátra á af ákveðnu svæði í lok sláturtíðar eða þegar hentugt þykir til þess að unnt sé að framkvæma ýtarlega líffærasöfnun og líffæraathugun meðan á slátrun stendur. Sauðfjársjúkdómanefnd getur einnig skyldað sláturleyfishafa, hvar sem er á landinu og á þeirra kostnað, til þess að láta safna líffærum sláturgripa jafnóðum og slátrun fer fram, merkja þá og koma þeim strax til rannsóknar eða í frystigeymslu og gera um það skriflega skilagrein.

10. gr.

Síðasti málsliður 16. gr. orðist svo:

Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, hvort sem þeim er slátrað heima eða í sláturhúsi, skulu greinilega merkt og send til rannsókna án tafar.

11. gr.

Síðasti málsliður í 17. gr. orðist svo:

— sem líkur eru til að hafi smitazt við hýsingu með veiku fé við samrekstur og í réttum.

12. gr.

Til viðbótar 21. gr. komi:

— eða hafa saman á farartæki. Sé sýkt eða grunað fé tekið til flutnings, er skylt að hreinsa vandlega og sótthreinsa flutningstækið á eftir og grafa eða brenna saurinn. Sama gildir um hús og aðra geymslustaði, þar sem slíkt fé hefur dvalizt, sem og allar sláturfjárréttir. Frá heimilum þar sem garnaveiki hefur verið staðfest, má ekki flytja sauðfé eða nautgripi til lífs á ósýkta bæi og ekki fyrr en liðin eru 10 ár frá því veikinnar var síðast vart. Sama gildir um nýfædd ungviði.

Skylt er að senda garnabút aftast úr mjógörn, greinilega merktan, til rannsóknar úr öllum fullorðnum gripum, kúm og kindum, sem slátrað er frá þessum bæjum.

Ef kýr eða kindur frá sýktum heimilum hafa dvalið í girðingarhólfum eða húsum, eða verið á farartækjum eða sýningum með gripum frá ósýktum heimilum, er heimilt að fyrirskipa tafarlaust slátrun og innyflarannsókn á þeim gripum sem möguleiki er talinn vera á, að smithætta stafi af. Heimilt er og að fyrirskipa einangrun allra gripanna, eða aðrar varúðarráðstafanir, þar til rannsókninni er lokið.

13. gr.

Fyrsti málsliður fyrstu málsgreinar 22. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki, að fyrirskipa reglubundnar rannsóknir.

Við aðra málsgrein 22. gr. bætist:

Nú hefur bólusetning verið vanrækt í héruðum þar sem garnaveikibólusetning hefur verið fyrirskipuð, og er þá óheimilt að flytja þaðan fé til lífs, unz bólusetning hefur farið fram, eins og fyrirskipað hefur verið. Búfé, sem komið er í sláturfjárrétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal því slátrað nema til komi leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

14. gr.

Fyrsta málsgrein 37. gr. orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattaframtali áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattaframtal hjá fjáreigendum, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjársjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast.

15. gr.

Þriðja málsgr. 38. gr. orðist svo:

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárkaupasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af sauðfjársjúkdómanefnd í samvinnu og samráði við Guðmund Gíslason, lækni, og Pál A. Pálsson, yfirdýralækni, og fylgdi frumvarpinu greinargerð sú, sem hér fer á eftir. Ekki er gert ráð fyrir, að þessar breytingar, ef að lögum verða, hafi í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Greinargerð.

Með bréfi dags 28. janúar 1965 fól landbúnaðarráðherra Ingólfur Jónsson, sauðfjársjúkdómanefnd að taka til endurskoðunar ákvæði laga nr. 23 10. maí 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, í samráði við Guðmund Gíslason, lækni, og Pál A. Pálsson, yfirdýralækni. Bréfi ráðherrans fylgdi bréf og uppkast að tillögum um breytingar á nokkrum greinum laganna, frá Guðmundi Gíslasyni.

Sá háttur var hafður á, að þáverandi formaður nefndarinnar, Friðjón Þórðarson, Páll A. Pálsson og Sæmundur Friðriksson, yfirfóru sameiginlega öll lögin og felldu tillögur Guðmundar Gíslasonar inn í þau, að mestu leyti óbreyttar, en gerðu auk þess tillögur um breytingar og viðauka við nokkrar aðrar lagagreinar. Ekki var formlega gengið frá breytingunum á þessu stigi, en efnislega var hægt að gera grein fyrir þeim á fundi sauðfjársjúkdómanefndar hinn 11. marz 1965 og samþykkti nefndin þær fyrir sitt leyti. Nefndin óskaði þvínæst eftir því, að þeir Guðmundur Gíslason, Páll A. Pálsson og Sæmundur Friðriksson gengju formlega frá breytingatillögunum. Þeir héldu síðan nokkra fundi og höfðu að mestu leyti gengið frá tillögum seint í marzmánuði. Þó voru enn nokkur atriði, sem vafi gat leikið á, hvort taka ætti inn í lögin og var það til þess, að frumvarpinu var ekki skilað til ráðherra í fyrravetur. Síðan var ekki unnið neitt í þessu máli fyrr en nú upp úr áramótum. Héldu þá sömu menn áfram, þar sem frá var horfið, héldu nokkra fundi og náðu fullu samkomulagi um breytingatillögurnar.

Skal nú gerð grein fyrir þeim í aðalatriðum.

Um 1. gr.

Í 1. gr. I. kafla, þar sem taldir eru upp sjúkdómar þeir, sem lög þessi ná til, er fellt niður orðið „mæðiveiki“, þar sem veiki þeirri, er svo var nefnd, tókst að útrýma að fullu með fjárskiptunum 1952.

Síðustu málsgrein 1. gr. er breytt þannig, að hún er samræmd við næstu málsgrein á undan á þá leið, að lögin geti náð til fleiri sjúkdóma en þeirra, sem taldir eru upp í lögunum. Einnig er þar bætt inn heimildarákvæðum, sem nota má til að draga úr smithættu af slíkum sjúkdómum.

Um 2. gr.

Úr 2. gr. I. kafla er sleppt þrem síðustu orðunum, þ. e. „með fjárskiptum innanlands“. Er litið svo á, að sú aðferð geti naumast hér eftir verið aðalatriði í hindrun á útbreiðslu og útrýmingu sjúkdómanna.

Um 3. gr.

Í II. kafla 5. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar á verkefni sauðfjársjúkdómanefndar. Eru þær fólgnar í því, að nefndin stuðli að heilbrigðiseftirliti og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum. Einnig að hún geri viðunandi varúðarráðstafanir, ef grunur kemur upp um aukna sýkingarhættu og ef sóttvarnarreglur eru brotnar eða vanræktar.

Fellt er niður að nefndin hafi stjórn annarra stóttvarnarráðstafana er um getur í lögum þessum og einnig að hún skuli hafa umsjón með kynbótum sauðfjár, ef til innflutnings kæmi, og tæknifrjóvgun. Þessi ákvæði eru nú talin óþörf í lögunum og voru einkum sett inn á sínum tíma, ef til þess kæmi að reynt yrði að fá fjárstofna, sem væru ónæmir eða lítt næmir fyrir sjúkdómum.

Um 4. gr.

Grein þessi er um breytingar á III. kafla.

Lagt er til, að hann heiti „Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir“, í stað „Um varnarlínur og varnir“. Þetta er aðeins orðalagsbreyting, en nær þó heldur betur efnislega því, sem kaflinn fjallar um. Eins og 6. gr. er nú í lögunum, virðist hún því nær eingöngu vera miðuð við fjárskiptasvæði. En nú eru varnarlínur sums staðar hafðar til að verja svæði, þar sem ekki hafa farið fram fjárskipti. Í tillögunum eru því öll svæði, sem halda á aðgreindum frá öðrum, nefnd sauðfjárvarnasvæði og þeim síðan skipt niður í fjárskiptasvæði og varnarsvæði, þau síðarnefndu, þar sem aldrei hafa farið fram fjárskipti.

Niðurlagi 6. gr. um varnarlínur er breytt á þá leið, að ekki er gert ráð fyrir fjárskiptafélögum og fjárskiptanefndum, sem samningsaðilum um uppsetningu nýrra girðinga, ef til kæmi, heldur sýslu- eða hreppsfélögum.

Um 5. gr.

Í 9. gr. laganna er gengið út frá því, að varnarlínum verði viðhaldið minnst 9 ár eftir að fjárskipti hafa farið fram á aðliggjandi svæðum. Í tillögunum er lagt til, að 9 ára tímabilinu sé sleppt, en í staðinn komi, að varnarlínunni sé viðhaldið þar til fullvíst þykir, að búfjársjúkdómar geti ekki leynzt öðrum megin línunnar. Einnig er lögð til sú breyting, að sauðfjársjúkdómanefnd leggi ekki niður varnarlínur nema að undangengnu ítarlegu heilbrigðiseftirliti og eftir að hafa ráðgazt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Þá eru lagðar til smábreytingar á heimild til afhendingar á gömlum varnarlínum.

Um 6. gr.

Smávægileg breyting er lögð til á 12. gr., þ. e. að hægt sé að fyrirskipa merkingar bæði á sauðfé og nautgripum og að þær séu ekki eingöngu bundnar við litarmerkingar. Plötumerkingar geta stundum verið nauðsynlegar.

Um 7. gr.

Þar er gert ráð fyrir verulegri efnisbreytingu á 13. gr. Eins og greinin er nú, er algert bann við því, að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur, nema vegna fjárskipta. Reynslan hefur sýnt að þetta ákvæði torveldar mjög kynbætur á sauðfé í landinu, og hafa nú síðari árin færzt mjög í aukana kröfur um að hér verði breyting gerð á. Er því lagt til, að sauðfjársjúkdómanefnd fái heimild til að leyfa flutning á kynbótafé yfir varnarlínur með mjög ströngum skilyrðum. Gert er ráð fyrir að sett verði sérstök reglugerð um slíka flutninga, auk þeirra ákvæða, sem nú eru í lagagrein þessari.

Um 8. gr.

Þar er lagt til að bætt verði við 14. gr. heimild fyrir sauðfjársjúkdómanefnd til að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnasvæða. Er þá einkum átt við það, að ef varnarlína er lögð niður, þá sé eins fyrir því hægt að banna t. d. flutning á heilum fjárbúum yfir línuna. Sem dæmi mætti nefna, að ef Eyjafjarðargirðingar yrðu lagðar niður sem varnarlínur, þá væri hægt að hindra t. d. að heilt fjárbú yrði flutt austan úr Bárðardal vestur í Akrahrepp eða því um líkt. Slíkir búferlaflutningar eru mjög óheppilegir að öllu leyti, þar sem féð sækir á að strjúka til baka og getur haft samband við fé úr mörgum sveitum á leiðinni eða villzt annað. Einnig er bætt við 14. gr. ákvæði um að hreppstjórar geri nefndinni aðvart, ef uppboð eiga að fara fram á búfé. Getur verið nauðsyn á að koma í veg fyrir dreifingu á búfé, t. d. ef garnaveiki, kýlapest, riða, kláði o. s. frv. væri í þeim fénaði, sem selja á á uppboði, eða ef farizt hefur fyrir að bólusetja sauðfé gegn garnaveiki. Því er nokkur fyrirvari nauðsynlegur hér, til þess að unnt sé að kanna heilbrigði búfjárins.

Um 9. gr.

Þar er einnig lagt til að komi viðbót, þ. e. við 15. gr., um að sauðfjársjúkdómanefnd geti fyrirskipað að slátrun á fullorðnu fé verði sameinuð í lok sláturtíðar, eða þegar hentugt þykir. Einnig að sláturleyfishafar annist söfnun, merkingu og geymslu líffæra. Þessi ákvæði eru hugsuð til þess að auðvelda nauðsynlegar líffærarannsóknir.

Um 10. gr.

Í niðurlagi 16. gr. er gert ráð fyrir lítilsháttar breytingu, sem felur í sér, að líffæri skuli send til rannsókna, hvort sem fénu er slátrað heima eða í sláturhúsi.

Um 11. gr.

Ætlazt er til, að breyting komi í niðurlag 17. gr. um aukna heimild til fjárförgunar, ef líkur eru til, að fé hafi smitazt við hýsingu með veiku fé.

Um 12. gr.

Þar er lagt til, að veruleg viðbót komi við 21. gr. laganna. Eru það allt fyllri ákvæði en nú eru í lögum til að draga úr smithættu af garnaveiki.

Um 13. gr.

Í upphafi 22. gr. er gerð breyting, sem raunar er leiðrétting um heimild til að fyrirskipa rannsóknir á búfé.

Þá er gert ráð fyrir viðbót við aðra málsgrein sömu gr. um viðurlög, ef fyrirskipuð garnaveikibólusetning hefur verið vanrækt. Einnig um bann við að taka fé til lífs úr sláturfjárréttum.

Um 14. gr.

Á 37. gr. laganna er gert ráð fyrir verulegri efnisbreytingu. Meðan aðalfjárskiptin stóðu yfir og mæðiveikin felldi árlega margt fé, þótti sanngjarnt að miða

bótaskylda fjártölu við áramót tæpum tveim árum fyrir niðurskurð. Var þetta gert til þess, að fjáreigendur fengju bætur fyrir fé, sem þeir höfðu misst síðasta árið fyrir fjárskipti. Nú er þetta ákvæði orðið úrelt og hefur verið það í sambandi við fjárskipti síðustu ára. Þau hafa farið fram áður en til nokkurrar fjárfækkunar hefur komið og ef til fjárskipta kæmi enn, eru engar líkur til að beðið yrði eftir tjóni og fjárfækkun af völdum veikinnar. Að óbreyttu þessu ákvæði fá þeir meiri rétt, sem eru að fækka fé sínu af ýmsum ástæðum en hinir, sem eru að fjölga því.

Þó er sett inn til vara heimild til að miða bætur við næstsíðustu áramót, ef svo vildi til, að fjárfækkun hefði átt sér stað vegna sauðfjársjúkdóma.

Um 15. gr.

Þar er einungis gerð leiðrétting á prentvillu í næstsíðustu málsgrein 38. gr., á að vera fjárkaupasvæði í stað fjárskiptasvæði.

Allar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögunum, eru í samræmi við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd þeirra þann tæpan áratug, sem liðinn er síðan þeim var síðast breytt. Engan þarf að undra þótt þörf sé á að breyta löggjöf eftir svo langan tíma um starfsemi eins og þá, sem hér um ræðir.

Við undirritaðir teljum áríðandi, að breytingar þessar verði felldar inn í lögin á Alþingi því, er nú er að störfum.

Reykjavík, 16. febrúar 1966.

Guðmundur Gíslason. Páll A. Pálsson. Sæmundur Friðriksson.

Nd. 191. Frumvarp til laga [96. mál]

um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ráða skal þrjá verkfræðiráðunauta til starfa í tilteknum umdæmum samkvæmt lögum þessum, einn í Norðurlandsumdæmi, annan í Austurlandsumdæmi, þriðja í Vesturlandsumdæmi. Verkfræðiráðunautur Norðurlandsumdæmis hefur aðsetur á Akureyri, og tekur umdæmi hans yfir Norðlendingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Austurlandsumdæmis hefur aðsetur í Egilsstaðakauptúni, og tekur umdæmi hans yfir Austfirðingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Vesturlandsumdæmis hefur aðsetur á Ísafirði, og tekur umdæmi hans yfir Vestfirðingafjórðung, norðan Gilsfjarðar.

2. gr.

Verkfræðiráðunautur skal hafa lokið byggingarverkfræðiprófi, sem Verkfræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgilt próf í verkfræði. Við ráðningu í störf verkfræðiráðunauta skulu þeir umsækjendur sitja fyrir, sem hafa sérþekkingu á hafnagerð og vegagerð.

3. gr.

Verkfræðiráðunautur hefur, undir yfirumsjón vega- og vitamálastjóra, umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu og hefur á sama hátt með höndum undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við slík mannvirki, svo og viðhald þeirra að því leyti, sem ríkið lætur slíkt til sín taka.

4. gr.

Verkfræðiráðunautur skal, gegn hæfilegri þóknun til ríkisins, vera til ráðuneytis bæjarstjórnum, sýslunefndum og sveitarstjórnum við mannvirkjagerð í umdæmi sínu, eftir því sem því verður við komið og ríkisstjórnin samþykkir.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með vega- og hafnamál, ræður verkfræðiráðunauta og setur þeim erindisbréf, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Séu þessi mál ekki í höndum sama ráðherra, annast hlutaðeigandi ráðherrar ráðningu sameiginlega og gefa út erindisbréf. Laun verkfræðiráðunauta samkvæmt ráðningarsamningi skal greiða úr ríkissjóði, svo og aðstoð, annan skrifstofukostnað og ferðakostnað, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum. Semja má um það, að verkfræðiráðunautur fái laun sín og skrifstofukostnað að einhverju leyti hjá sveitarfélögum þeim, er njóta aðstoðar hans.

6. gr.

Ríkisstjórnin, sbr. 5. gr., gefur út reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Skal þar m. a. ákveða, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar skuli hafa með höndum fjárreiður í sambandi við störf sín. Í reglugerðinni má, með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis, fela verkfræðiráðunaut, í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og húsameistara ríkisins, umsjón með hvers konar opinberri byggingarstarfsemi í umdæminu, svo sem skipulagi, byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa, læknisbústaða, kirkna, embættisbústaða, félagsheimila o. s. frv., að svo miklu leyti sem ríkissjóður á þar hagsmuna að gæta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af Staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem skipuð var fyrir nokkrum árum, og var á sínum tíma afgreitt til ríkisstjórnarinnar. Í nefndinni áttu sæti Ágúst Þorvaldsson alþm., Ásgrímur Hartmannsson bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gísli Guðmundsson alþm., sem var formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Jónsson bankaritari á Seyðisfirði, ritari nefndarinnar, Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði en síðar í hans stað Sturla Jónsson hreppstjóri á Suðureyri.

Greinargerð sú, er fylgdi frv. frá nefndinni, er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er byggt á þeirri skoðun, að æskilegt sé, að opinberar framkvæmdir séu, eftir því sem við verður komið, sjálfstæð starfsemi í hverjum landsfjórðungi eða landshluta, og þá jafnframt því áliti, að stjórn þessara mála og sérþekkingu á þeim sé nú um of safnað saman í höfuðstað landsins. Með frv., ef að lögum yrði, væri gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, einn fyrir Norðurland, annar fyrir Austurland og þriðji fyrir Vestfirði, enda hafi þeir fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Ætlazt er til, að verkfræðiráðunautur lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vitamálastjóra á svipaðan hátt og t. d. sýslumaður lýtur sameiginlegri yfirstjórn a. m. k. tveggja ráðuneyta, en sé að öðru leyti sjálfstæður í starfi. Honum er ætlað að hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu, svo og undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við vegi og hafnir og að sjá um viðhald það, er ríkið lætur fram fara á slíkum mannvirkjum. Enn fremur er talið rétt, að heimilt sé að fela verkfræðiráðunaut hliðstæða umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæmi hans. Loks er svo gert ráð fyrir þeim möguleika, að verkfræðiráðu-

nautur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða verkfræðiráðunautar, eftir því, sem um semst. Telur nefndin, að það mundi vera mjög hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að geta hvenær sem er leitað til slíkrar stofnunar nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur, gatnagerð o. s. frv.

Að sjálfsögðu yrði ríkið að sjá verkfræðiráðunautunum fyrir hæfilegum starfsskilyrðum á hverjum stað, svo sem skrifstofuhúsnæði og starfskröftum til aðstoðar eftir því, hve mikil verkefnin reynast, m. a. sérfræðilegri aðstoð, ef á henni þarf að halda. Á það verður að leggja áherzlu, ef til kemur, að þannig verði að þessari starfsemi búið, að hægt sé að fá vel hæfa menn og áhugasama til að gerast verkfræðiráðunautar. Er sennilegt, að samvinna sú milli ríkis og sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir, geti miðað í þá átt, ef vel er á haldið. En árangur af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, verður að miklu leyti undir því kominn, hvernig til tekst um val ráðunautanna. Verkfræðingar þeir, sem skipa sæti verkfræðiráðunauta á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum, verða að vera þess umkomnir að vera sjálfstæðir í starfi, þannig að þeim megi yfirleitt treysta eigi síður en hinum, sem starfa í aðalstöðvunum í Reykjavík, enda þótt yfirstjórnin syðra hafi úrskurðarvald og gefi fyrirmæli, ef á þarf að halda.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sett verði ákvæði um það í reglugerð, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar eða skrifstofur þeirra skuli hafa með höndum fjármál í sambandi við störf sín. Er þar einkum átt við útborganir vegna framkvæmda. Hér er um mikilsvert mál að ræða, sem nefndin telur ekki rétt að gera ákveðnari tillögur um að svo stöddu. Hún telur það aðalatriði í þessu máli, að verkfræðistofnunum á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum verði komið á fót á þann hátt, sem um er rætt í frv. þessu og greinargerð, en að starfshættir þeirra og verksvið verði síðan að skapast smátt og smátt með hliðsjón af reynslu. Mætti þá svo fara, að stofnanir þessar yrðu, er tímar líða, alveg sjálfstæðir aðilar hver í sínum landshluta gagnvart fjárveitingavaldi og ríkisstjórn.

Í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir sérstökum verkfræðiráðunautum á Suður- og Suðvesturlandi. Gert er ráð fyrir, að hinar opinberu framkvæmdir þar verði áfram í beinni umsjá hlutaðeigandi ríkisstofnana í Reykjavík.

Ef sæmilega tekst til, verður að ganga út frá því, að verkfræðiráðunautar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum létti störfum af hlutaðeigandi yfirstofnunum í Reykjavík, og að ekki þurfi því að verða verulegur kostnaðarauki að því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Hins vegar telur nefndin, að því mundi verða vel tekið af mörgum og að mikið gagn ætti að geta að því orðið fyrir hlutaðeigandi landshluta, ef rétt er á haldið."

Nefndarmenn þeir, er sæti eiga á Alþingi, telja nú rétt að hlutast til um það enn á ný, að þingið eigi þess kost að taka afstöðu til frv. En frv. hefur áður verið flutt tvisvar sinnum af sömu flm. og nú.

Sþ. 192. Tillaga til þingsályktunar [97. mál]

um fullnaðarpróf í tæknifræði o. fl.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja svo fljótt sem unnt er nauðsynlegan undirbúning til þess, að hægt verði að láta fara fram fullnaðarpróf í tæknifræði við Tækniskóla Íslands, enda sé að því stefnt, að slík próf geti hafizt í Reykjavík eigi síðar en vorið 1970 og á Akureyri eigi síðar en vorið 1972, sbr. lög nr. 25 1963 og 5—6. gr. laga nr. 44 1963. Jafnframt verði í tækniskólum gefinn kostur á styttra sérnámi til að mennta aðstoðarfólk sérfræðinga.

Greinargerð.

Í 6. gr. laga nr. 44 frá 1963 segir svo, að sá eigi rétt á að fá ráðherraleyfi til að kalla sig tæknifræðing (ingeniör), sem lokið hafi „fullnaðarprófi í tæknifræði frá teknískum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein."

Með lögum nr. 25 1963 var ríkisstjórninni heimilað að stofna Tækniskóla Íslands í Reykjavík og greiða kostnað við hann úr ríkissjóði ásamt undirbúningsdeild við skólann í Reykjavík og á Akureyri. Í sömu lögum var jafnframt heimilað að „starfrækja aðrar bekkjar- og skóladeildir tækniskólans á Akureyri, enda sé að því stefnt, að þar rísi sjálfstæður tækniskóli."

Samkvæmt þessum lögum tók tækniskóli með undirbúningsdeild til starfa í Reykjavík haustið 1964 og undirbúningsdeild á Akureyri. Hinn íslenzki tækniskóli er nú tveggja vetra skóli auk undirbúningsdeildanna í Reykjavík og á Akureyri, en þeir, sem staðizt hafa próf undirbúningsdeildar á Akureyri, eiga enn ekki kost framhaldskennslu þar. Þeir, sem lokið hafa tæknínámi því, sem völ er á í Reykjavík, og staðizt próf þaðan, fá aðgang að síðara hluta tæknináms í Danmörku eða Noregi og geta lokið fullnaðarprófi eftir tveggja vetra nám þar. Nám íslenzkra tæknifræðinga tekur því 4 vetur, 2 á Íslandi og 2 erlendis, auk undirbúningsdeildarinnar. Síðan skólinn tók til starfa, hafa um 40 nemendur lokið fyrrihlutaprófinu hér, og munu margir þeirra hafa farið utan til framhaldsnáms. Þeir, sem í skólann koma, munu flestir hafa próf í iðngrein. Sé svo ekki, munu inntökuskilyrði vera gagnfræðamenntun og tveggja ára verkleg þjálfun við iðnaðarstörf.

Með flutningi þessarar tillögu er til þess ætlazt, að gerð verði gangskör að því að koma upp, svo fljótt sem unnt er, síðari hluta kennslu í tæknifræði hér á landi, þ. e. a. s. þeim sérgreinum hennar, sem tiltækilegt þykir að kenna hér undir fullnaðarpróf, og að stofna tækniskóla á Akureyri, eins og gert var ráð fyrir, þegar lögin voru sett. Til þess þarf mikinn undirbúning, sem tekur tíma, og skiptir þar mestu að sjá skólanum fyrir nægum og viðhlítandi kennslukröftum og húsnæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir, að undirbúningur verði við það miðaður, að hægt verði að ljúka fullnaðarprófum í einhverjum sérgreinum tæknifræðinnar eigi síðar en vorið 1970 í Reykjavík og 1972 á Akureyri. Jafnframt er gert ráð fyrir, að nemendum verði gefinn kostur á styttra námi í sérdeildum við tækniskólana, og er sú starfsemi raunar þegar hafin. Slíkt sérnám miðar að því að útskrifa aðstoðarfólk fyrir sérfræðinga á ýmsum sviðum, t. d. lækna, verkfræðinga og tæknifræðinga. Þeir, sem slíku námi ljúka, eru nú nefndir **tæknar**, sem er nýyrði.

Sumarið 1965 voru tveir sérfróðir menn sendir utan til að kynna sér starfsemi tækniskóla erlendis, húsakost þeirra, kennslutæki, námsefni og prófkröfur. Fóru þeir til Danmerkur, Noregs og Vestur-Þýzkalands þessara erinda, heimsóttu marga tækniskóla í þessum löndum og áttu tal við forstöðumenn þeirra og kennara. Í skýrslu um för sína sögðu þeir það vera samdóma álit hinna erlendu tækniskólamanna, er þeir höfðu rætt við um þau efni, að tímabært ætti að vera að koma upp fullkomnum tækniskóla á Íslandi og að verulegt gagn yrði íslenzkum atvinnvegum þá fyrst unnið á þessu sviði, er tekin væri upp kennsla sú í síðari hluta, sem nú vantar. Dr. Alexander King, forstöðumaður vísindadeildar OECD, sem spurður var ráða um þessi efni fyrir nokkrum árum (sjá Alþt. A. 1962, þskj. 449), taldi rétt, að menntun tæknifræðinga „færi fram í landinu sjálfu". En þeir, sem skyn bera á þessi mál hér á landi, virðast yfirleitt sammála um, að nauðsyn beri til að fjölga hér mjög tæknifræðingum og þá ekki sízt með tilliti til vaxandi iðnaðar á komandi tímum, svo og sérmenntuðu aðstoðarfólki sérfræðinga.

Hér á landi munu nú vera starfandi ca. 300 verkfræðingar og ca. 150 tæknifræðingar. Þegar þessi mál voru til meðferðar á Alþingi veturinn 1962—63, var upplýst, að annars staðar á Norðurlöndum væri tala verkfræðinga þá um 2 af hverri þúsund íbúa og tala tæknifræðinga 4 af hverri þúsund. Samkvæmt þessu ætti hér

á landi að vera þörf á nál. 800 tæknifræðingum í stað 150, sem nú eru hér. Jafnframt var upplýst 1962, að í Noregi væri þá áætlað, að tala tæknifræðinganna þar þyrfti að vera komin upp í 7‰ af íbúatölunni árið 1970 vegna vaxandi hraða í iðnþróun þess lands. En hvað sem þessum tölum líður og þó að tækniþróun sé að líkindum hægari hér en í Noregi, eru þær upplýsingar, sem hér er um að ræða, eigi að síður athyglisverðar.

Ed. 193. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Bætur almannatrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, skulu undanþegnar útsvarsálagningu, og heimilt er að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1967.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að undanþiggja bætur almannatrygginga útsvarsálagningu að einhverju eða öllu leyti og að lækka útsvör gamalmenna. Þessi heimild mun notuð í nokkrum sveitarfélögum, en á öðrum stöðum ekki. Slíkt misræmi er óeðlilegt. Réttur bótaþega á ekki að vera háður því, hvar á landinu þeir búa.

Löggjafanum hefur þótt sanngjarnt í garð sjúklinga, öryrkja og gamalmenna að skattleggja ekki hinar naumt skornu tryggingabætur. Um það vitnar heimildarákvæðið. En skrefið var ekki stigið nema til hálfs og framtalsnefndum í sjálfsvald sett, hvort eða að hve miklu leyti sanngirni skyldi sýnd í þessu efni. Afleiðingin er réttarmismunur, sem hart er að búa við.

Úr þessum ágalla er bætt með frumvarpinu, ef að lögum verður. Þá fá bótaþegar að njóta þeirrar ívilnunar, sem vakti fyrir löggjafanum, og verða ekki lengur háðir mismunandi brjóstgæðum sveitarstjórna. Rétt þykir að undanskilja fjölskyldubætur skattfrelsinu, enda eru þær í sérflokki og að mestu veittar vinnufæru fólki.

Þótt margir sjái tormerki á að hækka verulega bætur almannatrygginga frá því, sem er, neitar því enginn, að þær séu of lágar. Því virðist það andhælislegt að vera að klípa úr þessum lágu bótum með skattheimtu. Þorri bótaþega er fátækt fólk, svo sem af líkum má ráða, og styrkurinn, sem þeir fá, allsendis ónógur til framfærslu. Má nefna sem dæmi, að í des. s. l. var ellilífeyrir einstaklings 3505 kr. og hjóna 6270 kr. á mánuði. Á þessu lifir enginn án bónbjarga eða aukatekna. Gagnvart slíku fólki sýnist skattheimta vera fráleit.

Sama og hér er sagt um útsvarsálagningu gildir að sjálfsögðu um álagningu tekjuskatts til ríkisins, og verður samtímis þessu frumvarpi flutt annað, er fjallar um hliðstæða breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ed. 194. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
G. Bætur almannatrygginga aðrar en fjölskyldubætur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1966.

Greinargerð.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að bætur almannatrygginga, aðrar en fjölskyldubætur, skuli draga frá tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Skattfrelsi þessara bóta er sanngirnismál. Á öðru þingskjali er flutt frv. þess efnis, að sömu bætur verði einnig undanþegnar útsvarsálagningu, og vísast til greinargerðar á því þingskjali um málsrök.

Sþ. 195. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Flm.: Jón Skaftason, Helgi Bergs, Ingvar Gíslason, Björn Pálsson, Gísli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að kjósa 9 manna nefnd til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu 5 nefndarmanna kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en Hafrannsóknastofnunin tilnefna 2 nefndarmenn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna 1 nefndarmann og heildarsamtök sjómanna 1 nefndarmann.

Nefndin skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fiskimiðin umhverfis landið eru með dýrmætustu auðlindum landsmanna. Afkoma þjóðarinnar að undanförnu hefur byggzt meira á sjávarafla en nokkurri annarri framleiðslu. Mun svo vafalaust verða enn þá um ófyrirsjáanlega framtíð.

En fiskimiðin umhverfis Ísland eru ekki ótæmandi frekar en annars staðar, og hraðvaxandi floti erlendra og innlendra fiskiskipa með fullkomnari veiðiútbúnað ár frá ári gerir þörfina fyrir lagasetningu um skipulegar veiðar á hafsvæðinu umhverfis landið æ nauðsynlegri.

Þessar reglur þurfa að miða að því að nýta fiskimiðin eins heppilega fyrir landsmenn og kostur er og þá að sjálfsögðu að gæta þess um leið að ganga ekki of nærri stofnum helztu nytjafiska.

Þetta verður að dómi flutningsmanna bezt gert á þann hátt að ákveða veiðisvæði fyrir vissar tegundir veiðarfæra og skipuleggja þannig sjálfar veiðarnar og hins vegar með því að ákveða viss friðunarsvæði, þar sem uppeldisstöðvar nytjafiska eru. Er það verkefni þeirrar nefndar, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir,

að kosin verði, að kanna þetta mál ýtarlega í því skyni að finna sem hagkvæmast fyrirkomulag í þessum efnum.

Flutningsmönnum eru vissulega ljósir ýmsir vankantar við þá skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin. Bæði er, að fiskigöngur haga ferðum sínum ólíkt einstök ár og kynnu því fastar reglur að tálma nokkuð því valfrelsi, sem nú tíðkast við veiðarnar. En þrátt fyrir það eru þeir hagsmunir miklu stærri, sem bundnir eru við skipulegar veiðar og verndun uppeldisstöðva, sem tillöguflutningur þessi miðar að. Reynsla erlendra fiskveiðiþjóða bendir líka eindregið í þá áttina, og má t. d. nefna fordæmi Norðmanna, sem hafa sett ýtarlegar reglur um nýtingu sinna heimamiða. Mætti nokkuð styðjast við reynslu þeirra í þeim efnum.

Það er nú nokkuð almennt viðurkennt, að setja þurfi reglur um hagnýtingu auðæfa hafsins. Má í því sambandi vitna til þeirra umræðna, sem um það mál urðu á þingi hinna Sameinuðu þjóða í byrjun þessa vetrar. Flestum hugsandi mönnum er ljós sú hætta, sem hömlulaus veiði getur haft á fiskistofnana, þótt ólíkir hagsmunir ýmissa fiskveiðiþjóða og stundarhagsmunir hafi enn þá komið í veg fyrir setningu slíkra reglna.

Íslendingar eiga þjóða mest undir því komið, að vel takist til í þessum efnum. Þeim ber því skylda til þess að ganga á undan með skipulagningu veiðanna í eigin fiskveiðilandhelgi. Reglur, er miðuðust við hámarksarðsemi veiðanna án þess að ganga of nærri fiskistofnunum og þá að sjálfsögðu ungfiskinum fyrst og fremst, mundu einnig duga okkur vel í baráttunni fyrir rýmri fiskveiðilandhelgi, sem okkur er lífsnauðsyn að fá fram sem fyrst. Reynslan af fyrri útfærslum fiskveiðilandhelginnar, sem allar byggðust á lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá árinu 1948, sannar það vel.

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um fiskirækt í fjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á möguleikum vísindalegrar tilraunastarfsemi með fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum, er hentugir kynnu að þykja til slíkrar starfsemi. Skal haft samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um þessa athugun.

Greinargerð.

Á Fiskiþingi og ýmsum öðrum fundum útvegsmanna og sjómanna hefur á undanförnum árum oft verið rætt um nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um fiskirækt og uppeldi nytjafiska í einstökum fjörðum í strandlengju Íslands. En að því er vitað er, mun lítið eða ekkert hafa verið aðhafzt í þessum efnum. Það er hins vegar almenn skoðun, að brýna nauðsyn beri til þess að hefjast handa um vísindalegar aðgerðir til ræktunar nytjafiska í hafinu með svipuðum hætti og gert hefur verið í ám og vötnum hér á landi og víðs vegar um heim.

Vitað er, að fiskistofnar í Norður-Atlantshafi eru í verulegri hættu. Hefur það komið fram í skýrslum og ummælum fiskifræðinga og er raunar öllum ljóst, sem um þessi mál hugsa. Það er því augljóst, að nýjar ráðstafanir til frekari verndunar fiskistofna við strendur Íslands eru óhjákvæmilegar. Kemur þá m. a. til greina takmörkun netaveiða á hrygningarsvæðum, friðun nýrra svæða fyrir botnvörpu og netaveiðum utan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna og vísindalegar aðgerðir til fiskiræktar.

Íslenzkir fiskifræðingar hafa unnið mikið og merkilegt starf á sviði fiskirannsókna og fiskileitar á undanförnum árum. Hefur þetta starf haft mikla þýðingu fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. En brýna nauðsyn ber til þess, að nýrra leiða verði freistað í þessum efnum. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Nd. 197. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Skal slíkur læknir þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til þess, að hinn fjölmenni fiskiskipafloti Íslendinga, sem sækir á æ fjarlægari mið, einkum á síldveiðunum, eigi kost á læknisþjónustu, þegar slys eða veikindi ber að höndum um borð í skipunum. Þess vegna er lagt til í frv. þessu, að ríkisstjórninni verði heimilað að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans slíka þjónustu á fjarlægðum miðum. Mundi hann þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi, sem að jafnaði eru í námunda við veiðiskipin. Hér er um heilbrigðis- og öryggismál að ræða, sem þörf er skjótra ráðstafana í.

Nd. 198. Breytingartillaga [38. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Vola í Hraungerðishreppi.

Frá Eysteini Jónssyni, Jónasi Péturssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir:

a. Gísla Högnasyni bónda, Læk, eyðijörðina Vola í Hraungerðishreppi.
b. Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, jörðina Rjúpnafell í Vopnafjarðarhreppi.

Náist ekki samkomulag um söluverð þessara jarða, skal það ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [103. mál]

um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð.

Flm.: Jón Árnason, Sigurður Ágústsson, Benedikt Gröndal, Ásgeir Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlisins í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Verði nefndinni heimilað að ráða sérfræðilega aðstoð, bæði verkfræðilega og hagfræðilega, svo að unnt verði að finna niðurstöðu, byggða á eins traustum grundvelli og mögulegt er, bæði að því er varðar tæknileg og þjóðhagsleg sjónarmið. Í nefndina verði valinn einn maður búsettur á Akranesi.

Nefndin skili áliti fyrir árslok 1967. Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Vegurinn fyrir Hvalfjörð er í reynd eina samgönguleiðin á landi, sem tengir Vestur-, Norður- og Austurland við Reykjavíkursvæðið. Vegurinn er mikil lykkja á leiðinni vestur og norður og víða erfiður, sérstaklega á vetrum. Í lengstu lög er þó reynt að halda honum opnum, þótt oft sé það kostnaðarsamt, og kemur þar til hin mikla þýðing hans fyrir fólks- og vöruflutninga vestur og norður og ekki síður nauðsyn greiðra flutninga, t. d. mjólkur, til Reykjavíkur.

Undanfarið hefur nokkuð verið um það rætt og ritað, hvernig bezt mætti leysa vanda samgangnanna um Hvalfjörð, og hefur sitt sýnzt hverjum. Hafa sumir viljað brúa fjörðinn, en aðrir talið eðlilegra og meira við hæfi að nota ferjur, annaðhvort beint frá Reykjavík til Akraness eða yfir Hvalfjörð.

Sameiginleg þessum umræðum er auðvitað hugmyndin um að stytta leiðina, en til Akraness mætti stytta hana um allt að 50%, og jafnvel svo langt sem til Akureyrar mætti stytta hana um allt að 10%, með ferju eða brú.

Hinn 27. apríl 1966 flutti samgöngumálaráðherra skýrslu á Alþingi um athugun á ferju á Hvalfjörð, sem vita- og hafnarmálastjóri hafði samið. Samkvæmt henni mundi innan skamms hagkvæmt að reka ferjur á Hvalfirði. Var jafnvel talið, að þær gætu staðið undir rekstri sínum fjárhagslega. En rétt er að benda á, að það hefur ekki verið ríkjandi sjónarmið, að vegagerð á Íslandi fengi tekjur af beinni umferð til þess að greiða rekstrar- og stofnkostnað. Þessi athugun er þó mjög lausleg og eru veigamikil atriði undanskilin. Má þar m. a. nefna rekstur Akraborgar milli Akraness og Reykjavíkur, sem að sjálfsögðu félli niður með tilkomu ferja á Hvalfjörð. Með Akraborg ferðast nú tæplega 50 þús. farþegar á ári, og yrðu þeir að sjálfsögðu flestir viðskiptamenn ferjunnar. Enn fremur greiðir ríkissjóður 2 millj. kr. á ári í beinan rekstrarstyrk með skipinu, auk þess sem ríkisábyrgðasjóður hefur haft af því veruleg útgjöld.

Það er sameiginlegt öllum, sem rætt hafa eða ritað um mál þetta, að enginn þeirra hefur haft þau gögn í höndum, sem þarf til þess að komast að skynsamlegri niðurstöðu, sem óhætt væri að treysta á til framkvæmda. Það hlýtur hins vegar að vera mikil nauðsyn fyrir alla og ekki sízt forsjármenn samgangna og vegamála, að leitað verði að hagkvæmustu lausn, þegar nú er fram undan að hefja byggingu varanlegs vegar frá Reykjavík til Vesturlands og síðar áfram norður.

Því er lagt til að láta fara fram alhliða athugun á máli þessu nú þegar, og skal hér til skýringar bent á nokkur atriði, er rannsaka þarf.

I. Til þess að meta forsendur:
   a. Bifreiðafjöldi, sem ekur nú fyrir Hvalfjörð.
   b. Farþegafjöldi og vörumagn, sem fyrir fjörðinn fer, hvort tveggja með tilliti til ákvörðunarstaðar og tímadreifingar.
   c. Sparnaður í rekstri vegna styttingar vega í hlutfalli við vegalengdir, sbr. b-lið.
   d. Sparnaður á fjárfestingu í bílum og öðrum samgöngutækjum, t. d. skipum.
   e. Áhrif betri samgangna til vesturs frá Reykjavík til þess að létta á öðrum vegum frá Reykjavík (sbr. helgarakstur til Þingvalla og austur yfir fjall).
   f. Áhrif nýrra samgöngumöguleika á búsetu og fólksfjölgun hinna ýmsu staða, sem málið varðar mest (t. d. Akranes og Borgarnes).

II. Samanburður á úrræðum.
   a. Ferja frá Reykjavík til Akraness beint eða ferja á Hvalfjörð (venjuleg bílferja, loftpúðaferja eða annað).
   b. Brú, innarlega eða utarlega á Hvalfjörð (og ýmsar tegundir brúa).
   c. Göng á botni fjarðarins.
   d. Fullkominn vegur fyrir fjörðinn.

Hér þarf að kanna með sérfræðilegum vinnubrögðum umferðarmagn og spá fram í tímann, bæði um breytingu þess svo og um önnur þau áhrif, sem breyttir samgöngumöguleikar mundu hafa á ýmsum sviðum. Gera þarf ýtarlegan samanburð á þjóðfélagslegu gildi hinna ýmsu úrræða, sem til greina geta komið, og meta gildi þeirra með hliðsjón af dýrleika þeirra mannvirkja, sem þarf í hverju tilfelli. Þess vegna er lagt til, að nefndin fái heimild til þess að ráða sérfræðilega aðstoð, meðan á rannsókn stendur.

Það er flutningsmönnum ljóst, að rannsókn sem þessi kostar mikið fé, en þó mun það lítið hjá þeim ávinningi, sem það er, ef takast mætti að finna hagkvæmustu lausn þessa mikilverða atriðis, áður en fjárfrekar framkvæmdir við vegagerð til Vestur- og Norðurlands eru hafnar.

Nd. 200. Frumvarp til laga [104. mál]

um Stéttarsamband bænda, samningsrétt þess og aðild að verðákvörðun á landbúnaðarvörum, Kjararannsóknarstofnun bænda, Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum, framleiðsluáætlanir, Útflutningsráð landbúnaðarins o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stéttarsamband bænda fer með fyrirsvar bænda um verðákvarðanir á framleiðsluvörum bænda, samninga, er þau mál varða, gagnvart ríkisvaldinu, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar og ákvarðanir af hendi bænda samkvæmt lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra fer með fyrirsvar ríkisins að því er varðar samninga um verðákvarðanir á framleiðsluvörum bænda, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bænda, sem Stéttarsamband bænda er í fyrirsvari um fyrir hönd bænda skv. 1. mgr.

Landbúnaðarráðherra getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast af sinni hendi samninga við tilsvarandi nefnd Stéttarsambands bænda.

Útflutningsráð landbúnaðarins skv. lögum þessum heyrir undir landbúnaðarráðherra. **Samning framleiðsluáætlana landbúnaðarins** skv. lögum þessum heyrir einnig undir landbúnaðarráðherra.

Kjararannsóknarstofnun bænda skv. lögum þessum heyrir undir þann ráðherra, sem hliðstæðar stofnanir, svo sem Efnahagsstofnunin, heyra undir.

Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum heyrir undir þann ráðherra, sem fer með verðlagsmál.

Ákvarðanir um útflutningsbætur á landbúnaðarvörur svo og niðurgreiðslur á verði þeirra á innanlandsmarkaði heyra undir fjármálaráðherra.

Ákvarðanir um innflutning á landbúnaðarvörum heyra undir þann ráðherra, sem fer með verðlags- og viðskiptamál.

2. gr.

Stéttarsamband bænda kemur fram fyrir hönd bænda í málefnum bændastéttarinnar, sbr. 1. gr. þessara laga. Stjórn Stéttarsambands bænda velur 5 menn í nefnd, sem fer með umboð Stéttarsambandsins til samningagerðar við ríkisvaldið, sbr. 3. mgr. 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Bændur eiga rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum bændastéttarinnar.

Bóndi er sérhver sá, að skilningi laga þessara, sem er ábúandi á lögbýli og hefur framfæri að meiri hluta af landbúnaði.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu árlega, eigi síðar en 15. febrúar, að fengnum upplýsingum sveitarstjórna, hreppstjóra og skattstjóra í umdæmum sínum, semja skýrslu um bændur í umdæminu.

4. gr.

Stéttarfélög bænda, sem stofnuð kunna að verða, skulu opin öllum bændum á félagssvæðinu, en að öðru leyti setja félögin sér sjálf lög og samþykktir, sem í aðalatriðum skulu vera í samræmi við lög og samþykktir Stéttarsambands bænda. Þing Stéttarsambands bænda á úrskurðarvald um, hvort svo sé, og getur beint því til stéttarfélags að breyta lögum sínum og samþykktum í samræmi við lög Stéttarsambandsins.

5. gr.

Heimilt er að ákveða, að félagssvæði stéttarfélags bænda megi aldrei vera minna en eitt sýslufélag eða kaupstaður. Heimilt er þingi Stéttarsambands bænda einnig að ákveða, að félagssvæði skuli ná yfir fleiri en eina sýslu og/eða kaupstað, ef slíkt félagssvæði getur talizt samfellt framleiðslusvæði, þ. e. svæði með svipuðum framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum að því er landbúnað varðar.

6. gr.

Bændur kjósa fulltrúa á þing Stéttarsambands bænda eftir ákvæðum í lögum sambandsins.

Þing Stéttarsambands bænda hefur æðsta vald í félagsmálefnum þess.

7. gr.

Setja skal á stofn **Kjararannsóknarstofnun bænda**, er sé sjálfstæð ríkisstofnun og hafi það hlutverk að afla eins ýtarlegra og áreiðanlegra upplýsinga og framast er kostur um kjör bænda, aðstöðu og aðbúnað, vinnutíma þeirra og skylduliðs þeirra, svo og aðkeypts vinnuafls, raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara og öll önnur atriði, er varðað geta verðlagningu landbúnaðarvara og stuðlað geta að því, að ákvörðun verðlags á þeim til bænda geti orðið sem sanngjörnust og réttlátust.

8. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal taka við yfirstjórn Búreikningaskrifstofu ríkisins, en að öðru leyti skal sú skrifstofa starfa skv. lögum um hana frá 1936 (l. nr. 12 1. febr. 1936) með síðari breytingu (l. nr. 35 27. júní 1941). Stefnt skal að því, að skrifstofan fái í hendur árlega sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og hag allra bænda á landinu, þannig gerðar, að svör fáist um sömu atriði, svo að samanburður og frágangur yfirlitsskýrslna verði sem auðveldastur.

9. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal enn fremur safna upplýsingum um ástand allra byggðra býla á landinu, landstærð þeirra, stærð ræktaðs lands, húsakost, þegindi í íbúðarhúsum, fjölskyldustærð ábúanda og tölu vinnandi skylduliðs hans, gerð og ástand gripahúsa, áhöfn, vélakost og afurðir bús, hvernig ástatt er um samgöngur, rafmagnssamband, síma o. s. frv., enn fremur um ræktunarmöguleika, þar með taldir möguleikar á aukningu hlunninda eða bættri aðstöðu ábúenda þeirra til aukinnar og ódýrari framleiðslu landbúnaðarafurða með hugsanlegri opinberri aðstoð eða annarri fyrirgreiðslu.

10. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal láta fara fram sérstaka og ýtarlega rannsókn á því, hvaða bústærð er hagkvæmust í hverri búgrein og hvort sérhæfing búa, t. d. að sauðfjárrækt, nautgriparækt eða matjurtarækt, sé æskileg á vissum landbúnaðarsvæðum. Skal rannsókn þessi gerð með það fyrir augum að afla rökstuddra upplýsinga um, hverjar aðgerðir hins opinbera séu æskilegar til þess að stuðla að sem mestri hagkvæmni og framleiðni í landbúnaðarframleiðslunni, og þá sérstaklega hverrar aðstoðar og fyrirgreiðslu sé þörf við þann flokk búa, sem athuganir sýna, að ekki hafa hagkvæma framleiðslu við núverandi skilyrði og aðstöðu.

11. gr.

Nú kemur í ljós við slíka rannsókn, að einstakar jarðir, sem eru í ábúð, hafa ekki framtíðarskilyrði til hagkvæms búrekstrar, og skal Kjararannsóknarstofnun bænda þá, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, gera tillögur til landbúnaðarráðherra um, að búrekstri á slíkum jörðum verði hætt, en eigendur þeirra og/eða ábúendur verði gerðir skaðlausir af slíkum ráðstöfunum og styrktir til búrekstrar á jörðum við hagkvæmari skilyrði, ef þeir óska.

Á sama hátt skal Kjararannsóknarstofnunin gera sjálfstæðar tillögur til úrbóta, ef það kemur í ljós við rannsókn, að stórrekstur í búskap sé óhagstæður og framleiðni lítil, miðað við fjármagn bundið í honum og dýrt aðkeypt vinnuafl. Skal í slíkum tilfellum takmarka eða fella niður frekari ræktunarstyrk til viðkomandi býlis og takmarka útflutningsbætur á afurðir þess við hámark, sem sé ekki hærra en 10% yfir meðaltal útflutningsbóta í heild, deilt á byggð býli í landinu.

12. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal, auk búreikninga bænda, sem safnað er skv. 8. gr., hafa aðgang að öllum skýrslum, sem Hagstofu Íslands berast um framleiðslu búvöru og annað, er varðar afkomu bænda. Hún skal enn fremur hafa aðgang að öllum framtalsskýrslum bænda til skatts ár hvert og aftur í tímann, eftir því sem henni þykir þurfa, til þess að fylgjast með þróun landbúnaðarframleiðslu og afkomu bænda frá ári til árs. Stofnunin skal hafa aðgang að þeim tækjum, sem fullkomnust eru og tiltæk hér á landi til endanlegrar úrvinnslu allra gagna, er hún hefur undir höndum og nota þarf við rannsóknir hennar og skýrslugerðir.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta Kjararannsóknarstofnuninni í té allar upplýsingar, er henni þykir nauðsynlegar, til þess að hún geti innt hlutverk sitt af hendi.

Forstöðumanni Kjararannsóknarstofnunarinnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag og tekjur einstakra manna eða stofnana. Stofnunin skal hins vegar, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, birta opinberlega almennar skýrslur um rannsóknir sínar og niðurstöður þeirra um ástand og þróun landbúnaðarframleiðslunnar í landinu og um afkomu og hag bændastéttarinnar. Sérstaklega skal dreifa meðal bænda þeim skýrslum og niðurstöðum rannsókna, er orðið geta bændum og öðrum til leiðbeiningar um aukna hagkvæmni og framleiðni á sviði landbúnaðarframleiðslunnar.

Kostnaður við Kjararannsóknarstofnunina greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara skal starfa í náinni samvinnu við Kjararannsóknarstofnun bænda.

Nefndin skal skipuð sjö mönnum, þremur tilnefndum af eftirgreindum landssamtökum launþega, einum af hverju: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og þremur mönnum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda. Sjöundi maður nefndarinnar skal vera forstöðumaður Kjararannsóknarstofnunar bænda, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kynna sér til hlítar allt fyrirkomulag og starfsemi þeirra aðila, fyrirtækja og stofnana, sem annast vinnslu, dreifingu og sölu landbúnaðarafurða. Skulu þeir skyldir til að láta nefndinni í té allar upplýsingar, er hún óskar, og gera henni kleift að kynna sér sem nákvæmlegast í reynd alla starfsemi þeirra og rekstur.

Nefndinni er heimilt að ráða í þjónustu sína sérfróða menn sér til aðstoðar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með því, að vinnsla, dreifing og sala landbúnaðarvara sé sem hagkvæmust og ódýrust, þannig að milliliðakostnaður hvers konar, sem leggst á landbúnaðarvöru, frá því að framleiðendur skila henni af hendi og þangað til hún kemst til neytenda, sé sem allra lægstur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en ráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna.

14. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal, eigi síðar en 15. júní ár hvert, láta landbúnaðarráðherra, eða nefnd þeirri, er hann kann að skipa, sbr. 3. mgr. 1. gr., til þess að annast samninga af sinni hendi, og nefnd þeirri, er stjórn Stéttarsambands bænda velur skv. 2. gr., til þess að fara með umboð Stéttarsambandsins til samningagerðar, í té allar þær upplýsingar og skýrslur, sem hún hefur aflað og undirbúið um hag, afkomu og kjör bænda á næstliðnu verðlagsári og máli geta skipt fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða.

Fyrir sama tíma skal Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, sbr. 13. gr., láta sömu aðilum í té allar skýrslur, athuganir og ábendingar, er hún hefur að gera varðandi möguleika á aukinni hagkvæmni í dreifingu landbúnaðarvara og lækkun dreifingarkostnaðar.

Stjórn Stéttarsambands bænda og nefnd sú, er hún velur til samningagerðar, annars vegar, og landbúnaðarráðherra og/eða nefnd sú, er hann skipar til að annast samninga af sinni hendi, hins vegar, geta hvenær sem er óskað eftir sérstökum rannsóknum, athugunum og skýrslum frá hendi Kjararannsóknarstofnunar bænda um einstök atriði, er þessir aðilar telja máli skipta, og skal Kjararannsóknarstofnunin verða við slíkum óskum, eins fljótt og verða má.

15. gr.

Eins fljótt og verða má eftir 15. júní ár hvert skal samninganefnd Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra, eða nefnd sú, er hann skipar, sbr. 3. mgr. 1. gr., ganga til samninga um kjara- og hagsmunamál bænda, þ. á m. verðákvörðun landbúnaðarvara.

Samningsaðilar skulu leitast við að ná samkomulagi, er sé bindandi fyrir báða aðila í eitt ár hið minnsta, en lengur, ef báðir aðilar eru á það sáttir og sammála um reglur, er varða breytingar á verðlagsákvörðun eða öðrum samningsatriðum vegna breyttra aðstæðna, en að óbreyttum samkomulagsgrundvelli.

Stefnt skal að því að ná milli samningsaðila heildarsamkomulagi um landbúnaðarmál, þ. e. kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar í heild, þ. á m. um eftirfarandi atriði:

1. Ákvörðun verðlags á landbúnaðarvörum til bænda, söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og reglur um breytingar á því í samræmi við aðrar verðlagsbreytingar á samningstímabilinu.

2. Ráðstafanir til þess að efla hagkvæmni og framleiðni í framleiðslu landbúnaðarvara, þ. á m. ráðstafanir til þess, að heildarframleiðslan verði á hverjum tíma í sem mestu samræmi við þarfir hins innlenda markaðar, en að framleiðsla umfram þær þarfir á vörum, sem seljast ekki á erlendum markaði nema undir innanlandsverði, sé sem allra minnst.

3. Ráðstafanir til þess að efla neyzlu innanlands á íslenzkum landbúnaðarvörum, m. a. með því að lækka dreifingarkostnað og koma til móts við óskir neytenda um frágang og gæði varanna og hagkvæma dreifingu til neytenda.

4. Reglur um innflutning á landbúnaðarvörum til samanburðar við verð og gæði innlendrar framleiðslu.

5. Opinbera aðstoð og styrkveitingar, í hvaða formi sem er, til landbúnaðarins og bænda, þ. á m. lánsfjármál bænda, bæði að því er varðar stofnlán og rekstrarlán, enda sé þess gætt, að opinber aðstoð til landbúnaðarins verði ekki til þess að auka umframframleiðslu, sem síðar verði að styrkja með útflutningsbótum.

Hér er m. a. átt við styrki til að koma smábúum í hagkvæmari rekstrarstærð, svo og að semja um bætur til bænda vegna erfiðrar aðstöðu til búrekstrar, þar sem þó þykir rétt, að byggð haldist.

16. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins skulu hafa það verkefni — annaðhvort einar sér eða í samvinnu við önnur fyrirtæki — að framleiða, dreifa og selja raforku, hvort heldur er í heildsölu eða í smásölu á tilteknu orkuveitusvæði, enda gegni önnur héraðsrafmagnsveita eigi því hlutverki.

Til þess að ná tilgangi þessum hafa Rafmagnsveitur ríkisins heimild til hvers konar samninga við aðra aðila, enda sé í öllu fylgt fyrirmælum laga þessara við gerð þeirra.

59. gr.

Rafmagnsveitur ríkisins afla fjár til nýrra mannvirkja með heimtaugargjöldum neytenda, með lántökum og ráðstöfun fjár úr fyrninga- og varasjóði rafmagnsveitnanna.

Rafmagnsveitur ríkisins fá enn fremur stofntillag, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum, til byggingar veitna í strjálbýli, þegar áætlanir sýna, að tekjur af veitunni muni ekki nægja til að standa straum af tilkostnaði hennar.

60. gr.

Áður en hafizt er handa um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitu á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, skal rafmagnsveitustjóri hafa í samvinnu við Orkustofnun athugað, á hvern hátt verði heppilegast fullnægt raforkuþörf þeirra notenda, sem hinni fyrirhuguðu orkuveitu er ætlað að ná til.

Að lokinni þeirri athugun sendir rafmagnsveitustjóri ráðherra tillögur sínar um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir.

Tillögum sínum lætur rafmagnsveitustjóri fylgja fullnægjandi kostnaðaráætlanir, greinargerð um skilyrði til orkuvinnslu eða orkukaupa og orkusölu og ná-

kvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af virkjunum, svo og tillögur um fjáröflun til framkvæmda.

Ef ráðizt er í framkvæmdir, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra.

61. gr.

Nú telur ráðherra, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða auka við hin fyrri orkuver eða orkuveitur á vegum Rafmagnsveitna ríkisins eða festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ráðherra fylgja nákvæmar áætlanir um tekjur og gjöld af þessum virkjunum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar gr. getur rafmagnsveitustjóri látið gera minni háttar aukningu á orkuveri og orkuveitu, er hann telur þess brýna þörf, áður en samþykki Alþingis er fengið, og tekið til þess bráðabirgðalán, að fengnu samþykki ráðherra.

62. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra og umsögn Efnahagsstofnunarinnar, gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Í gjaldskrá skal tilgreina:

1. Verð í heildsölu fyrir orku, sem seld er héraðsrafmagnsveitum.
2. Verð fyrir orku, selda og afhenta við húsvegg kaupenda eða á notkunarstað þeirra.
3. Heimtaugargjöld notenda.
4. Önnur gjöld.

63. gr.

Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins af raforkusölu skal varið til að mæta rekstrarkostnaði þeirra og eignaaukningu, þar með talin orkukaup, stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur, fyrning eigna. Enn fremur er heimilt að leggja allt að 10% í varasjóð.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í Orkusjóð.

64. gr.

Rafmagnsveitustjóri skal árlega senda ráðherra efnahags- og rekstrarreikning rafmagnsveitnanna. Í reikningi þessum skal m. a. aðgreint, hvernig kostnaður skiptist á vinnslu, aðalorkuflutning og dreifingu raforkunnar.

Enn fremur sendir rafmagnsveitustjóri kostnaðarreikning yfir þau virki, sem eru í smíðum, og skýrslu um starfsemina. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um nýjar framkvæmdir, lántökur og önnur fjárframlög.

65. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga að því er varðar Rafmagnsveitur ríkisins, þar á meðal um:

1. Stjórn og fjárreiður, reikningshald og fyrningar, um meðferð varasjóðs, svo og um skýrslugerðir.
2. Starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna.
3. Skilyrði, sem Rafmagnsveitur ríkisins mega setja héraðsrafmagnsveitum, sem kaupa raforku frá þeim, um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja til tryggingar öruggum rekstri, svo og til að tryggja Rafmagnsveitum ríkisins greiðslu fyrir þá orku, er þær selja, og til að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar.

X. KAFLI
Um Orkusjóð.

66. gr.

Orkusjóður er eign ríkisins og ber það ábyrgð á skuldbindingum hans.

67. gr.

Orkusjóður tekur við öllum eignum Raforkusjóðs og Jarðhitasjóðs, eins og þær eru við gildistöku þessara laga, og öllum skuldbindingum beggja sjóðanna.

68. gr.

Tekjur Orkusjóðs eru:

a. Vextir af fé sjóðsins.
b. Fé það, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni.
c. Rekstrarhagnaður af Rafmagnsveitum ríkisins og jarðborunum ríkisins.
d. Endurgreiddur kostnaður af rannsóknum, jarðhitaleit og jarðborunum, sbr. 73. gr.

Orkusjóður tekur auk þess lán til starfsemi sinnar, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum eða með heimild í sérstökum lögum.

69. gr.

Stjórn Orkusjóðs er í höndum Orkuráðs, undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í Orkuráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Orkumálastjóri er framkvæmdastjóri Orkusjóðs.

Orkuráð semur árlega fjárhags- og greiðsluáætlun fyrir Orkusjóð og sendir ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis.

Orkuráð gerir tillögur um lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði, samkvæmt fjárhags- og greiðsluáætlun sjóðsins, og leitar staðfestingar ráðherra á þeim tillögum. Orkuráð gerir enn fremur tillögur um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli, skv. 2. mgr. 59. gr.

70. gr.

Orkusjóður skal vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem hefur á hendi daglegan rekstur hans og bókhald, ársuppgjör og skýrslugerð.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Orkusjóðs fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá Orkuráði til úrskurðar.

Allur kostnaður við rekstur Orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

71. gr.

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda Íslands með fjárhagslegum stuðningi við framkvæmdir á sviði orkumála.

Úr Orkusjóði er heimilt:

1. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum rafmagnsveitum til almenningsþarfa lán til að koma upp nýjum raforkumannvirkjum, og skulu þau veitt af því fé, sem Orkusjóði er veitt í fjárlögum í því skyni eða aflað með lántökum í þeim tilgangi.
2. Að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán að upphæð allt að ⅔ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg.
3. Að veita einstökum bændum, sem svo eru í sveit settir sem um getur í tölulið 2, lán til að koma upp mótorrafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að ⅘ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar.

4. Að veita einstaklingum og opinberum aðilum lán til leitar að jarðhita með jarðborunum og öðrum aðferðum.
5. Að veita Rafmagnsveitum ríkisins eða héraðsrafmagnsveitum af eigin fé sjóðsins eða fjárveitingum, er hann hlýtur í því skyni, styrk til að koma upp veitum í dreifbýli, enda sýni kostnaðaráætlanir, að veiturnar geti ekki borið sig fjárhagslega án sérstakra óendurkræfra fjárframlaga. Styrkinn skal veita sem stofntillag, er má nema allt að þeirri fjárhæð, sem byggingarkostnaður veitunnar er umfram það, er hún getur staðið undir.

72. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Orkuráðs, vexti og önnur útlánskjör Orkusjóðs.

Lán, sem veitt eru samkvæmt 71. gr. 4. tl., skulu vera að fullu endurgreidd sjóðnum eigi síðar en fimm árum eftir að hafizt er handa um framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leitina.

Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði, fellur niður endurgreiðsluskylda lántaka skv. 71. gr. 4. tl.

73. gr.

Ef ráðizt er í framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið með rannsóknum og áætlanagerðum á vegum Orkustofnunar, skal þessi rannsóknar- og undirbúningskostnaður talinn með stofnkostnaði þeirra og endurgreiðast Orkusjóði. Endurgreiðslu skal að fullu lokið eigi síðar en fimm árum eftir að hafizt er handa um hagnýtingu framkvæmdanna.

74. gr.

Orkustofnun hefur eftirlit með þeim framkvæmdum, sem Orkusjóður veitir fé til.

Er skylt að láta stofnuninni fyrirfram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins, er hún telur þörf á til að stuðla að sem beztum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum hennar í þessum efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins, ef út af er brugðið og Orkustofnun óskar þess.

XI. KAFLI
Almenn ákvæði.

75. gr.

Matsgerðir samkvæmt lögum þessum skulu dómkvaddir menn framkvæma. Um matsgerðir fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaga nr. 15 frá 1923, nema annað sé fram tekið í lögum þessum.

76. gr.

Öll gjöld samkvæmt lögum þessum eða reglugerðum og gjaldskrám, sem settar verða samkvæmt þeim, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og stöðva afhendingu rafmagns og hitaorku, ef ekki er staðið í skilum á greiðslu fyrir þau á settum gjalddaga.

77. gr.

Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins, Orkusjóður og jarðboranir ríkisins eru undanþegin tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

78. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

79. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga skal setja í reglugerð, þar á meðal ákvæði um skyldu einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til að láta Orkustofnun í té skýrslur um atriði, er orkumál varða og Orkustofnun þarf á að halda til að geta sinnt hlutverki sínu; um skyldu til samningsgerðar um samrekstur orkuvera, þar sem tveir eða fleiri aðilar annast vinnslu raforku inn á samtengt kerfi.

80. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

81. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin raforkulög nr. 12 2. apríl 1946, svo og lög nr. 36 1. maí 1947 og lög nr. 58 25. maí 1949, um breytingar og viðauka á þeim lögum; lög nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita; lög nr. 114 30. des. 1943, um breytingu á þeim lögum; lög nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, lög nr. 7 11. marz 1946, um girðingar kringum hveri og laugar, og lög nr. 55 29. marz 1961, um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins, svo og öll ákvæði eldri laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

82. gr.

Lög þessi taka gildi 1. maí 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 29. desember 1965 skipaði raforkumálaráðherra þá Gísla Jónsson, rafveitustjóra, Jón Sigurðsson, deildarstjóra, og Valgarð Thoroddsen, verkfræðing, í nefnd til þess að endurskoða gildandi raforkulög nr. 12 2. apríl 1946. Var Jón Sigurðsson, deildarstjóri, skipaður formaður nefndarinnar.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m. a. svo: „Sérstaklega er nefndinni ætlað að gera glögg skil milli verksviðs embættis raforkumálastjóra og verksviðs Rafmagnsveitna ríkisins og Héraðsrafmagnsveitna ríkisins, jafnframt því sem skipulag raforkuvinnslu og raforkudreifingar á vegum ríkisins verði íhugað í ljósi þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið með setningu laga um Landsvirkjun".

Er nefndin hafði starfað nokkra hríð, kom upp sú hugmynd innan hennar, hvort ekki væri æskilegt, að starfssvið nefndarinnar yrði víkkað á þá lund, að henni yrði falið að endurskoða í heild þau lög, er fjölluðu almennt um nýtingu innlendra orkulinda, og steypa þeim saman í frumvarp að einum lagabálki um orkumál. Ritaði nefndin raforkumálaráðherra bréf um þetta efni, þar sem óskað var álits hans á þessu atriði. Samþykkti hann þessa útvíkkun á starfssviði nefndarinnar með bréfi dags. 25. maí 1966. Hefur nefndin unnið á þeim grundvelli síðan.

Jakob Gíslason, raforkumálastjóri, starfaði mikið með nefndinni, svo og Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, en ráðuneytið hafði óskað eftir því sérstaklega, að nefndin ynni að lagaendurskoðun þessari í mjög náinni samvinnu við þessa embættismenn. Einnig voru þeir Haukur Pálmason, framkvæmdastjóri Sambands ísl. rafveitna, og Páll Sigurðsson, rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins, með í ráðum við samningu frumvarps þessa. Ritari nefndarinnar var Magnús Thoroddsen, lögfræðingur.

Í frumvarpi þessu eru ekki ráðgerðar róttækar breytingar á þeim lögum, er nú gilda um orkumál, heldur eru þau samræmd, þannig að unnt sé að fella þau í einn lagabálk miðað við þá breytingu, sem frumvarpið ráðgerir á stjórn orkumálanna.

Helztu nýmæli frumvarps þessa varða stjórn orkumála. Ráðgert er að koma á fót sérstakri Orkustofnun, er annist rannsóknir, áætlana- og skýrslugerðir á sviði orkumála og verði ráðherra til ráðuneytis í þeim efnum, jafnframt því, sem stofn-

un þessari er ætlað að auðvelda samvinnu allra þeirra aðila, er starfa að orkumálum. Framkvæmdastjóri Orkustofnunar verður sérstakur embættismaður, orkumálastjóri, en honum til ráðuneytis í tæknilegum og fjárhagslegum efnum er sérstök nefnd, Tækninefnd Orkustofnunar, skipuð af ráðherra. Í nefnd þessari eiga m. a. sæti fulltrúar frá þeim aðilum, er helzt hafa hagsmuna að gæta á vettvangi orkumála. Fulltrúar þessir mundu því hafa sérstaka reynslu og þekkingu á þeim málum, sem kæmu til úrlausnar í nefndinni. Nefndinni er ætlað að tryggja samræmingu á starfsemi allra þeirra, sem vinna á sviði orkumála.

Í frumvarpi þessu er ráðgerð sú breyting, að afnema einkarétt ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver. Hins vegar er þannig um hnútana búið, að ríkisvaldið hefur það allt að einu í hendi sér, hverjir fá leyfi til að reisa og reka raforkuver, þar sem leyfi Alþingis eða ráðherra er áskilið til þeirrar starfsemi.

Þá er í frumvarpi þessu leitazt við að gera glögg skil á milli starfssviðs orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra ríkisins. Mun orkumálastjóri sjá um gerð rannsókna, áætlana og skýrslna á vettvangi orkumála, en rafmagnsveitustjóri annast stjórn og rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, og mun hann hér eftir heyra beint undir ráðherra, en eigi orkumálastjóra (raforkumálastjóra), svo sem nú er.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að raforkusjóður og jarðhitasjóður verði sameinaðir í Orkusjóð.

Orkuráði, sem kemur í stað raforkuráðs, er ætlað að fara með stjórn Orkusjóðs, jafnframt því að gera tillögur um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli.

Að endingu er rétt að geta þess, að frumvarpið ráðgerir, að héraðsrafmagnsveitur ríkisins verði sameinaðar Rafmagnsveitum ríkisins, enda hafa þær annazt rekstur héraðsrafmagnsveitnanna.

Hefur nú verið getið helztu nýmæla og breytinga, er frumvarp þetta hefur að geyma, og verður nú fjallað um einstakar greinar þess.

I. kafli.
Um Orkustofnun.

Um 1. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Svo sem áður er rakið, er það nýmæli, að komið verði á fót Orkustofnun. Í grein þessari er ítarlega getið hlutverks hennar, og þykir ekki ástæða til að fjalla nánar um það hér, heldur vísað til greinarinnar.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir stofnun embættis orkumálastjóra. Svarar embætti þetta nánast til embættis raforkumálastjóra nú, þó þannig, að Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið teknar undan því embætti og faldar öðrum embættismanni, rafmagnsveitustjóra ríkisins, sem heyra skal beint undir ráðherra, svo sem áður getur. Nefndinni þótti rétt, að orkumálastjóri hefði verkfræðilega menntun, en hins vegar þótti ekki ástæða til að binda embættisgengið við ákveðna sérfræðimenntun á sviði verkfræði, þar sem embætti þetta er nokkuð víðtækt.

Um 4. gr.

Grein þessi er nýmæli. Í henni er fjallað um skipan Tækninefndar Orkustofnunar og vísast til þess, sem sagt er um þessa stofnun í inngangi greinargerðar þessarar. En rétt er að benda sérstaklega á, að Tækninefnd hefur heimild til að kveðja fleiri menn til starfa í nefndinni heldur en föstu fulltrúana, enda berí til þess nauðsyn vegna einhverra sérfræðilegra viðfangsefna, sem nefndin hefur til meðferðar, og föstu fulltrúarnir telja sig ekki hafa nægilega þekkingu á. Er

það algerlega lagt á vald nefndarinnar, hvenær hún beitir þessari heimild. Í greininni er eigi kveðið á um það, til hversu langs tíma tækninefndarmenn skuli skipaðir, heldur er gert ráð fyrir því, að það verði ákveðið með reglugerð.

Um 5. gr.

Grein þessi er hliðstæð 45. gr. núgildandi raforkulaga nr. 12/1946 að breyttu breytanda, og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Efni þessarar greinar svipar til 37. gr. núgildandi raforkulaga.

II. kafli.

Um vinnslu raforku.

Um 7. gr.

Svo sem fyrr er rakið, gerir frumvarpið ráð fyrir því að afnema einkarétt ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver, en hins vegar þurfi til þess leyfi Alþingis eða ráðherra eftir stærð virkjunar. Talið er eðlilegt, að ekki þurfi leyfi ráðherra til að reisa og reka topp- og varastöð allt að 1000 kw. Að öðru leyti vísast um þetta efni til þess, sem sagt hefur verið hér að framan.

Um 8. gr.

Í grein þessari er um það fjallað, hvernig sækja skuli um leyfi til að reisa og reka raforkuver. Skulu umsóknir ávallt sendar ráðherra, er sendir þær til umsagnar Orkustofnunar. Ráðherra afgreiðir síðan málið á sitt eindæmi, eða fær það Alþingi til meðferðar, eftir ákvæðum laganna.

III. kafli.

Um vinnslu jarðhita.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita, að því undanskildu, að felld eru niður orðin „á hverum og laugum“ og eingöngu notað orðið jarðhiti.

Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. nefndra laga nr. 98/1940.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða tveim fyrstu málsliðunum í 4. gr. laga nr. 98/1940.

Um 12. gr.

Grein þessi er samhljóða 5. gr. laga nr. 98/1940.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laga nr. 98/1940 að öðru leyti en því, að í stað laganna nr. 55/1926, sem eru fallin úr gildi, er vitnað til laga nr. 40/1948.

Um 14. gr.

Með grein þessari er sett almenn heimild til eignarnáms á jarðhitaréttindum og jarðhitaorku, þegar svo stendur á sem í greininni getur. Er hér um nýmæli að ræða.

Um 15. gr.

Grein þessi er sem næst samhljóða 8. gr. laga nr. 98/1940. Í stað orðsins „hveraorku“ kemur „jarðhita“, til samræmingar.

Um 16. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. laga nr. 98/1940. Orðalagi er aðeins breytt, þar sem það þótti betur fara.

Um 17. gr.

Grein þessi er nýmæli. Telur nefndin rétt, að ráðstöfun jarðhita í eigu ríkisins hljóti þá athugun, sem Orkustofnun getur látið í té.

IV. kafli.

Um héraðsrafmagnsveitur.

Kafli þessi er svo til orðrétt tekinn upp eftir III. kafla núgildandi raforkulaga.

Um 18. gr.

Greinin er samhljóða 14. gr. núgildandi raforkulaga. Auk þess er vitnað til 11. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun, vegna heimildar til sölu til stórra notenda án milligöngu héraðsrafmagnsveitna.

Um 19. gr.

Grein þessi er samhljóða 15. gr. núgildandi raforkulaga.

Um 20. gr.

Greinin er samhljóða 16. gr. núgildandi raforkulaga, nema að því leyti, að Rafmagnsveitur ríkisins koma í stað héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem lagðar verða niður svo sem áður getur.

Um 21. gr.

Grein þessi er samhljóða 17. gr. núgildandi raforkulaga.

Um 22. gr.

Grein þessi er samhljóða 18. gr. núgildandi raforkulaga.

Um 23. gr.

Grein þessi er samhljóða 19. gr. núgildandi raforkulaga.

Um 24. gr.

Á grein þessari hefur verið gerð sú efnisbreyting frá 20. gr. núgildandi raforkulaga, að sektarhámarkið er afnumið og það lagt alfarið á vald dómara að ákvarða sektarrefsingu innan þeirra marka, sem dregin eru í 50. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 14/1948, um ákvörðun fésekta.

Um 25. gr.

Grein þessi er samhljóða 21. gr. núgildandi raforkulaga.

Um 26. gr.

Grein þessari svipar til 22. gr. núgildandi raforkulaga, þó er ábyrgðarprósentan færð niður í 80% upphaflegs stofnkostnaðar og í stað „samþykkis raforkumálastjóra“ kemur „að fenginni umsögn Orkustofnunar.“

V. kafli.

Um hitaveitur.

Kafli þessi er næstum samhljóða lögum nr. 3/1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur.

Um 27. gr.

Grein þessi er í samræmi við 1. gr. laga nr. 3/1953 að því undanskildu, að í stað bæjar- og hreppsfélaga kemur „sveitarfélög“. Felld eru niður ákvæði um, að lögin taki ekki til samhitunarkerfa undir ákveðinni lágmarksstærð.

Um 28. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. gr. laga nr. 3/1953 að því undanskildu, að í stað „bæjar- og hreppsfélag“ kemur „sveitarfélag“.

Um 29. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 3/1953.

Um 30. gr.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. laga nr. 3/1953 að öðru leyti en því, að í stað „80% af heildarkostnaði hitaveitunnar“ kemur „80% upphaflegs stofnkostnaðar hitaveitunnar.“

Um 31. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 5. gr. laga nr. 3/1953. Aðeins orðalagi hefur verið breytt, þar sem það þótti til bóta.

Um 32. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. laga nr. 3/1953.

Um 33. gr.

Grein þessi er samhljóða 7. gr. laga nr. 3/1953 að öðru leyti en því, að í stað „bæjar- eða hreppsfélag” kemur „sveitarfélag“ og í stað „umsögn sérfræðinga“ kemur „umsögn Orkustofnunar.“

Um 34. gr.

Grein þessi er samhljóða 8. gr. laga nr. 3/1953.

Um 35. gr.

Grein þessi er samhljóða 9. gr. laga nr. 3/1953 að öðru leyti en því, að orðalagi hefur verið breytt, þar sem betur þótti á því fara.

VI. kafli.

Um varnir gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum og eftirlit með þeim.

Í núgildandi raforkulögum nr. 12/1946, VI. kafla, eru ákvæði um rafmagnseftirlit ríkisins. Í þessu frumvarpi er leitazt við að efla þessa starfsemi frá því sem nú er, enda gegnir stofnun þessi afar þýðingarmiklu hlutverki á sviði rafmagnsmála.

Um 36. gr.

Grein þessi er nýmæli, sem skýrir verksvið rafmagnseftirlits og þarfnast ekki skýringa.

Um 37. gr.

Grein þessi er samhljóða 41. gr. núgildandi raforkulaga nr. 12/1946.

Um 38. gr.

Grein þessi er að nokkru leyti sniðin eftir 42. gr. raforkulaganna. Í stað „raforkumálastjóri“ kemur „Orkustofnun.“

Um 39. gr.

Grein þessi er sniðin eftir 43. gr. raforkulaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 40. gr.

Grein þessi er nýmæli. Eftirlit á raforkuvirkjum í þeim farartækjum, sem í greininni getur, er falið öðrum stofnunum.

Um 41. gr.

Grein þessi er svo til samhljóða 40. gr. núgildandi raforkulaga. Það er nýmæli, að setja megi ákvæði í reglugerð, að raforkuvirki megi eigi vera til lýta. Þetta er haft eftir erlendri fyrirmynd og er af sama toga spunnið og ákvæði byggingasamþykkta um samræmi í útliti húsa.

Um 42. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 44. gr. raforkulaganna, nema að því leyti, að í grein þessari er sett heimild til innheimtu sérstaks prófunar- og skrásetningargjalds, er renni til Rafmagnseftirlits ríkisins.

Um 43. gr.

Grein þessi er nýmæli. Til þess að stuðla að virku eftirliti stofnunarinnar með raforkuvirkjum, þótti nefndinni nauðsynlegt að setja í lög ákvæði um heimildir Rafmagnseftirlits ríkisins á þessu sviði, enda hefði reglugerðarákvæði um þetta efni varla verið fullnægjandi gagnvart 66. gr. stjórnarskrárinnar, um friðhelgi heimilisins.

Um 44. gr.

Grein þessi er nýmæli. Þótti nefndinni rétt að setja upptökuheimild í frumvarpið, þar sem hér getur verið um rafföng að ræða, sem hættuleg eru heilsu manna eða lífi.

Um 45. gr.

Hér er einnig um nýmæli að ræða, sem nefndinni þótti rétt, að yrði lögtekið, þar sem vafasamt er, að lögin nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, taki til annarra en fastra starfsmanna. Þessu ákvæði er ætlað að ná til allra þeirra, er vinna á vegum Rafmagnseftirlits ríkisins, hvort sem þeir eru fastráðnir ríkisstarfsmenn eður ei.

VII. kafli.

Um verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirki og eftirlit með þeim.

Um 46. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. grein laga nr. 98/1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita. Í greininni er orðið „jarðhitasvæði“ notað í stað „hvera og lauga.“

Um 47. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. málsl. 3. gr. laga nr. 98/1940.

Um 48. gr.

Greinin er samhljóða 3. málsl. 3. gr. laga nr. 98/1940, að því undanskildu, að orðið „sérstök“ er fellt niður.

Um 49. gr.

Grein þessi er nýmæli, sem miðar að því að auðvelda Orkustofnun gagnaöflunar- og rannsóknarstörf. Ákvæði síðustu málsgreinar stefnir að því að tryggja skjót viðbrögð, þar sem hætta getur verið á, að borun kunni að valda spjöllum á hagnýtingu jarðhita eða á skilyrðum til hagnýtingar hans.

Um 50. og 51. gr.

Greinar þessar þurfa ekki skýringa við.

VIII. kafli.

Um jarðboranir ríkisins.

Um 52. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. laga nr. 55/1961, um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins, að öðru leyti en því, að í stað orðanna „Ríkið lætur framkvæma jarðboranir ...“ kemur „Ríkisstjórninni er heimilt að láta framkvæma jarðboranir ...“ og Orkustofnun kemur í stað jarðhitadeildar raforkumálastjórnar.

Um 53. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 55/1961, þó þannig, að um eldri ákvæði greinarinnar, um greiðslu borkostnaðar, vísast til 2. mgr. 72. gr. frumvarpsins.

Um 54. gr.

Grein þessi þarf ekki skýringa við.

IX. kafli.

Um Rafmagnsveitur ríkisins.

Um 55. gr.

Grein þessi er samhljóða 3. gr. núgildandi raforkulaga nr. 12/1946.

Um 56. gr.

Í grein þessari er ráðgert, að Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveitur ríkisins sameinist, enda hafa þær verið reknar sameiginlega frá upphafi.

Um 57. gr.

Með grein þessari er ráðgert, að rafmagnsveitustjóri heyri beint undir ráðherra, en ekki undir raforkumálastjóra, svo sem nú er skv. 5. gr. laga nr. 12/1946.

Þá er svo ráð fyrir gert, að skipuð verði sérstök nefnd þriggja manna rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis og verður verkefni nefndarinnar nánar ákveðið í reglugerð.

Um 58. gr.

Grein þessi er sama efnis og 6. gr. laga nr. 12/1946, en veitir Rafmagnsveitum ríkisins þó öllu víðtækari rétt til samningsgerða heldur en þær hafa nú skv. nefndu lagaákvæði.

Um 59. gr.

Efnislega er grein þessi samin upp úr 26. og 28. gr. laga nr. 12/1946.

Um 60. gr.

Grein þessi er að mestu samhljóða 8. gr. laga nr. 12/1946, nema rafmagnsveitustjóri kemur í stað raforkumálastjóra.

Um 61. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 9. gr. laga nr. 12/1946, sbr. og það, sem segir um 60. gr.

Um 62. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. mgr. 11. gr. laga nr. 12/1946 að öðru leyti en því, að það er nýmæli, hvað tilgreina skuli í gjaldskrá, og gjaldskrá skuli send Efnahagsstofnun til umsagnar áður en hún er sett.

Um 63. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. og 3. mgr. 11. gr. laga nr. 12/1946.

Um 64. gr.

Það er nýmæli í grein þessari, að kostnaður raforkunnar skuli sundurliðaður á þrjá vegu í reikningi þeim, sem rafmagnsveitustjóri skal senda ráðherra árlega. Að öðru leyti er grein þessi samin eftir 12. gr. laga nr. 12/1946.

Um 65. gr.

Greinin er efnislega á sama veg og 13. gr. laga nr. 12/1946.

X. kafli.

Um Orkusjóð.

Um 66. og 67. gr.

Með þessum greinum er gert ráð fyrir því nýmæli, að sérstakur sjóður, Orkusjóður, komi í stað raforkusjóðs og jarðhitasjóðs, sem starfandi eru samkvæmt gildandi lögum. Ætlunin með þessari ráðstöfun er að gera sjóðinn öflugri og sveigjanlegri en er, þegar hann er tvískiptur.

Um 68. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 69. gr.

Gert er ráð fyrir, að sérstakt þingkjörið Orkuráð fari með stjórn Orkusjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir, að Orkuráð geri tillögur um ráðstöfun stofntillaga til lagningar rafmagnsveitna í strjálbýli.

Með þessu er efnislega við haldið því fyrirkomulagi, sem verið hefur gildandi um raforkuráð og verkefni þess, sbr. 50.—55. gr. gildandi raforkulaga.

Um 70. gr.

Þessi grein er nýmæli. Gert er ráð fyrir, að Orkusjóður skuli vera í vörzlu Seðlabanka Íslands, sem annist daglegan rekstur hans, bókhald o. þ. h. Ákvæðunum er ætlað að tryggja, að fjárreiður sjóðsins blandist ekki öðrum fjármálum á þessu sviði.

Um 71. gr.

Greinin fjallar um hlutverk Orkusjóðs og er efnislega samhljóða samsvarandi ákvæðum um raforkusjóð í raforkulögum nr. 12/1946 og lögum nr. 55/1961, um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins. Þó er að einu leyti gerð hér á breyting.

Gert er ráð fyrir, að Orkusjóður kosti ekki rannsóknir og áætlanagerð vegna nýtingar vatnsafls eða jarðhita, eins og verið hefur. Er gert ráð fyrir, að slíkar rannsóknir, að því leyti sem hæfilegt þykir að þær séu stundaðar, séu kostaðar jafnharðan úr ríkissjóði skv. fjárlögum, án milligöngu Orkusjóðs. Væri með þessum hætti tryggt, að umfang þessara rannsókna verði á hverjum tíma í samræmi við vilja fjárveitingavaldsins.

Um 72. gr.

1. mgr. greinarinnar er sama efnis og ákvæði í 35. gr. 2. tl. raforkulaga nr. 12/1946. Í þeim lögum er þó gert ráð fyrir setningu reglugerðar um útlánskjör raforkusjóðs. Í frumvarpinu er ekki ákvæði um form slíkrar ákvörðunar.

Ákvæði 2. mgr. eru efnislega hin sömu og samsvarandi ákvæði 2. gr. laga nr. 55/1961, um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins. Þó er í samræmi við ríkjandi venju tekið upp, að greiðslu skuli lokið innan 5 ára frá því að framkvæmdir til hagnýtingar jarðhita hefjast.

Loks er í 3. mgr. ákvæði um niðurfellingu láns, sem veitt hefur verið til borunar eftir jarðhita á umsömdu svæði, ef sú borun ber ekki árangur. Ákvæðið er í samræmi við gildandi lög.

Um 73. gr.

Greinin er efnislega samhljóða ákvæðum í 36. gr. raforkulaga og 2. gr. l. nr. 55/1961, að viðbættu ákvæði um 5 ára greiðslutíma frá því að framkvæmdir hefjast til hagnýtingar rannsóknum og áætlunum, sem unnar eru á vegum Orkustofnunar eða fyrirrennara hennar. Ákvæði um vexti af slíkri greiðslu er niður fellt.

Um 74. gr.

Greinin er nýmæli og skipar fyrir um eftirlit Orkustofnunar með framkvæmdum, sem Orkusjóður lánar fé til. Þykir nauðsynlegt að tryggja með þessum hætti, að fjármagn Orkusjóðs sé nýtt eins og Orkuráð ætlast til.

XI. kafli.

Almenn ákvæði.

Um 75. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 76. gr.

Þetta er nýmæli, sem rétt þótti að leiða í lög, enda í samræmi við ríkjandi venju.

Um 77. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 78. gr.

Hér er ekki gert ráð fyrir hámarkssekt, heldur er ákvörðun sektarrefsingar lögð á vald dómara innan þeirra marka, sem sett eru í 50. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 14/1948, um ákvörðun fésekta.

Um 79. gr.

Það er nýmæli í grein þessari, að aðilar, sem framleiða raforku inn á samtengt kerfi, skulu gera samrekstrarsamning. Miðar ákvæði þetta að því að auka á öryggi í rafmagnsframleiðslu í þeim tilfellum, sem greinin getur, og að tryggja þjóðhagslega hagstæðustu nýtingu heildarkerfisins.

Um 80.—82. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Sþ. 202. Fyrirspurnir. [106. mál]

I. Til iðnaðarmálaráðherra um eituráhrif og öryggisútbúnað fyrirhugaðrar álverksmiðju í Straumsvík.

Frá Alfreð Gíslasyni.

a. Telja sérfræðingar íslenzku heilbrigðisþjónustunnar nokkra hættu á flúoreitrun frá álverksmiðjunni í Straumsvík?
b. Hvers konar bræðsluker verða þar notuð?
c. Verður þess krafizt, að reykeyðingartækjum verði komið fyrir í verksmiðjunni og þau hagnýtt frá byrjun?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra um rekstrarvandamál báta.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvað líður framkvæmd tillagna þingnefndar, sem rannsakaði rekstrarvandamál báta undir 120 smálestum og skilaði áliti til sjávarútvegsmálaráðherra í júní 1966?

Sþ. 203. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um lagningu olíumalar á Vesturlandsveg.

Flm.: Axel Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera ýtarlegar tilraunir með lagningu olíumalar á fjölfarnasta kafla Vesturlandsvegar, þ. e. frá Ártúnshöfða að vegamótum Þingvallavegar.

Greinargerð.

Um Vesturlandsveg fer öll bifreiðaumferð til Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands. Auk þess er mikil umferð í hin þéttbýlu héruð Kjósarsýslu og um Þingvallaveg. Við Kollafjörð og víðar eru strafræktar malarnámur og efnið flutt þaðan til höfuðborgarsvæðisins.

Af öllu þessu leiðir, að umferð á Vesturlandsvegi um Mosfellssveit er gífurlega mikil, miklu meiri en vegurinn í núverandi mynd þolir. Ákveðin er endurbygging vegarins allt til Kollafjarðar, og er vegarstæðið ákveðið nær sjónum og utan við núverandi þéttbýli Mosfellssveitar, en lega vegarins nú veldur hættu og erfiðleikum, þar sem hann liggur um þéttbýlið.

Hinn nýi Vesturlandsvegur verður mjög kostnaðarsöm framkvæmd og tímafrek, því að víða er um erfitt land að ræða og mikil jarðvegsskipti nauðsynleg.

Ástand vegarins nú er þannig, að ekki getur dregizt að gera á honum endurbætur, þó svo að í lagningu nýja vegarins verði ráðizt hið fyrsta.

Á hvern hátt er þá helzt hægt að bæta veginn til bráðabirgða, en þó svo að gagni geti komið og án þess að það verði óviðráðanlega kostnaðarsöm framkvæmd?

Vegna þeirrar reynslu, sem nú er fengin af olíumöl, er eðlilegt að huga að, hvort þar er ekki að finna úrræði til endurbóta á malarvegum okkar. Undirbúningur undir lagningu á olíumöl er tiltölulega einfaldur. Lausleg kostnaðaráætlun við undirbúning og lagningu olíumalar á 10 km langan og 6 m breiðan veg er 4.5 millj. kr.

Svíar munu hafa mesta reynslu í notkun olíumalar. Þeir leggja olíumöl á vegi með allt að 1000 bifreiða umferð á dag, en malbika og steinsteypa þá vegi, sem hafa meiri umferð.

Vegna þess, hve nauðsynlegt er, að gerðar verði endurbætur á núverandi malarvegum, meðan við endurbyggjum þá, eftir því sem ástæður leyfa, getur komið til mála að reyna olíumöl á vegum, sem hafa yfir 1000 bifreiða umferð á dag.

Svíar endurbyggja ekki vegina undir olíumölina, heldur leggja hana á hina troðnu malarvegi.

Viðgerð á olíumölinni er auðveld samanborið við t. d. malbik. Þegar vegurinn verður ósléttur, er hann heflaður og síðan valtaður á ný.

Hægt er að taka olíumölina af og leggja hana á annars staðar, og er það einn höfuðkosturinn í þessu tilfelli, þar sem ákveðið er að breyta veginum frá því, sem lega hans er nú.

Nd. 204. Frumvarp til laga [108. mál]

um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf Byggðajafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna Byggðajafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Byggðajafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar Byggðajafnvægissjóði og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Byggðajafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef Byggðajafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr Byggðajafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um Byggðajafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggðajafnvægissjóður, undir stjórn Byggðajafnvægisnefndar.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs samkv. a-, c- og d-lið 2. gr. laga nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.
2. Aðrar eignir Atvinnujöfnunarsjóðs.

Hlutverk Byggðajafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdasjóður Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum Byggðajafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdasjóðs annast endurskoðun reikninga Byggðajafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur Byggðajafnvægissjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1968.
2. Skattgjald samkv. a-lið 3. gr. laga, nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóðs, enda haldi ákvæði þeirrar lagagreinar um skattgjaldið og skiptingu þess gildi sínu.
3. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr Byggðajafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðssjórnar (Byggðajafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Byggðajafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 200 millj. kr. á ári á árunum 1967—71, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá Byggðajafnvægisnefnd, ef stofandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildinu, er Byggðajafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum Byggðajafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir í umdæmum sínum í samræmi við tilgang þessara laga, og er Byggðajafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina. Sama gildir um fjórðungsnefnd, sem skipuð er af fjórðungssambandi til að annast áætlunargerð fyrir fjórðunginn.

15. gr.

Heimilt er Byggðajafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að kom fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetingu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1968, og skal Byggðajafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi 1967. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 1966, um Atvinnujöfnunarsjóð.

Ákvæði til bráðabirgða.

Byggðajafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1970. Framlögin skulu veitt sveitar- eða sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, sem að því miðar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1965 var hann 193758. Fjölgun 72284 eða 59.5%.

Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1965:

	1940	1965			
Kjalarnesþing (vestan Fjalls)	47460	110829	Fjölgun	ca.	133.5%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar	9936	12998	—	—	30.8%
Vestfirðir	12953	10435	Fækkun	—	19.4%
Norðurland	27406	31417	Fjölgun	—	14.7%
Austurland	10123	11017	—	—	8.8%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	17062	—	—	25.5%

Þessar tölur bera vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið á jafnvæginu í byggð landsins á einum aldarfjórðungi. Á Vestfjörðum hefur á þessum aldarfjórðungi orðið bein fólksfækkun um 19.4%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 8.8%, 14.7%, 25.5% og 30.8% á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um 59.9%, þ. e. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um 133.5% á tímabilinu 1941—65. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum, sem hagfræðingar eru farnir að kalla Stór-Reykjavík, hækkaði íbúatalan úr 43500 upp í 100469. Á því litla landssvæði á nú meira en helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og stuðla að því, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því ekki, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er nú lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu," sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst ári, 1957, þá 15 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—60 og 1960—61 flutt frv. um Framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um Atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarfé skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og hækkandi verðlag, og það lagt í sjóðinni ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kaus, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu.

Í lögunum um Atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra fólst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna var gert. Á síðasta þingi voru þessi lög afnumin og jafnframt sett ný lög um svonefndan Atvinnujöfnunarsjóð. Sú löggjöf er til nokkurra bóta, en gefur fyrst og fremst til kynna, að skilningur sé nú vaxandi á þeirri hættu, sem yfir landsbyggðinni vofir. Er þá mikilsvert, að áfram sé haldið sókn í málinu, enda mun ekki af veita, þar sem stóriðjan í Straumsvík með tilheyrandi aðdráttarafli er á næsta leiti.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að koma þurfi á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér þarf að koma til föst stofnun með starfskröftum, sem geta helgað sig viðfangsefninu. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægissjóður fái til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1968. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1967 yrðu þessar árstekjur sjóðsins um 94 millj. kr., en breytast í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega 2 aurum af hverri krónu til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Hér er um að ræða svipaðan hundraðshluta af ríkistekjum og veittur var til að „bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu“ árið 1957. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lántökuheimild allt að 200 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, sem sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn, sem að miklu leyti er sniðinn eftir frv., er efri deild Alþingis samþykkti árið 1956, um tilgang laganna og störf Byggðajafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdasjóð Íslands. Á það skal minnt, að sú ríkisstofnun þykir víst ekki stór í sniðum nú á tímum, sem engan fastan starfsmann fær að hafa í þjónustu sinni. Byggðajafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir Byggðajafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr Byggðajafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi Byggðajafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir

landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun, og það mál verður ekki leyst á annan hátt. Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram eða útvega nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr Byggðajafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr Byggðajafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Þá þykir og rétt að gera ráð fyrir, að svæða- eða fjórðungsnefndir, sem skipaðar eru af sveitarstjórnum, sýslunefndum eða fjórðungsþingum til þess að gera áætlanir um framkvæmdir í samræmi við tilgang þessara laga í landsfjórðungi eða á nánar tilteknu svæði, geti fengið styrk úr Byggðajafnvægissjóði til starfsemi sinnar.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að byggðajafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að Byggðajafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdasjóður Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir Byggðajafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ekki tímabært að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum Byggðajafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlán fyrir borgarana. Í öðrum landshlutum mundi Byggðajafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið m. a. í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá byggðajafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóð-

ir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að byggðajafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Byggðajafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu með stuðningi við hana, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á núttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrgði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að Byggðajafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að byggðajafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins til ársloka 1970. Kæmi þá til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnt á fundarsamþykktir um þetta efni, er birtar hafa verið opinberlega, t. d. frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, kjördæmaþingum framsóknarmanna, fjórðungsþingum og kaupstaða- og kauptúnaráðstefnunni á Akureyri 1965. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt 1963, að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála, og 1964 á almennum héraðsmálafundi í Skúlagarði í Norður-Þingeyjarsýslu. Samdráttur byggðar í Flatey á Skjálfanda hefur verið í sérstakri athugun á vegum stjórnarvalda. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls. Af hálfu stjórnarvalda virðist hafa verið unnið að undirbúningi Vestfjarðaáætlunar og Norðurlandsáætlunar undanfarið, en engin slík áætlun birt.

Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir og sýslunefndir um land allt séu nú reiðubúnar til samstarfs við þjóðfélagið til verndar og eflingar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu á eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frumvarp svipaðs efnis og það, er hér liggur fyrir, hefur áður verið flutt á

fjórum síðustu þingum (1961—64). Í þessu frv. eru þó ný ákvæði um afnám laga frá síðasta þingi um Atvinnujöfnunarsjóð og að Byggðajafnvægissjóður taki við stofnfé hans á þann hátt, sem mælt er fyrir um í 8. gr., svo og hluta framleiðslugjalds, ef til kemur, samkv. 9. gr.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Endanlegar tölur mannfjöldans 1. des. 1965.

Landið í heild og kaupstaðir.

	Karlar	Konur	Alls
Allt landið	**97 944**	**95 814**	**193 758**
Reykjavík	38 288	40 111	78 399
Kaupst. ÷ Rvík	26 792	26 321	53 113
Sýslur	32 864	29 382	62 246
Kópavogur	4 661	4 543	9 204
Hafnarfjörður .	4 026	4 109	8 135
Keflavík	2 624	2 504	5 128
Akranes	2 087	2 091	4 178
Ísafjörður	1 385	1 311	2 696
Sauðárkrókur .	699	691	1 390
Siglufjörður ...	1 232	1 240	2 472
Ólafsfjörður ..	544	504	1 048
Akureyri	4 720	4 922	9 642
Húsavík	958	883	1 841
Seyðisfjörður ..	439	414	853
Neskaupstaður .	805	709	1 514
Vestmannaeyjar	2 612	2 400	5 012

Sýslur og hreppar.

	Karlar	Konur	Alls
Gullbringusýsla ..	**3 531**	**3 284**	**6 815**
Grindavíkur	486	434	920
Hafna	115	72	187
Miðnes	535	509	1 044
Gerða	401	314	715
Njarðvíkur	759	750	1 509
Vatnsleysustrandar	207	170	377
Garða	911	939	1 850
Bessastaða	117	96	213
Kjósarsýsla	**1 628**	**1 520**	**3 148**
Seltjarnarnes	901	889	1 790
Mosfells	468	410	878
Kjalarnes	112	92	204
Kjósar	147	129	276
Borgarfjarðarsýsla	**784**	**685**	**1 469**
Hvalfjarðarstrandar	102	82	184
Skilmanna	69	59	128

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Innri-Akranes	70	64	134
Leirár- og Mela ...	79	75	154
Andakíls	134	115	249
Skorradals	50	35	85
Lundarreykjadals .	65	49	114
Reykholtsdals	161	162	323
Hálsa	54	44	98
Mýrasýsla	**1 065**	**963**	**2 028**
Hvítársíðu	53	50	103
Þverárhlíðar	61	44	105
Norðurárdals	64	60	124
Stafholtstungna ..	131	98	229
Borgar	90	81	171
Borgarnes	516	493	1 009
Álftanes	74	69	143
Hraun	76	68	144
Snæfellsnessýsla ..	**2 156**	**1 978**	**4 134**
Kolbeinsstaða	85	67	152
Eyja	49	43	92
Miklaholts	86	91	177
Staðarsveit	101	82	183
Breiðuvíkur	75	70	145
Nes	289	270	559
Ólafsvíkur	484	437	921
Fróðár	28	27	55
Eyrarsveit	342	303	645
Helgafellssveit	65	46	111
Stykkishólms	487	489	976
Skógarstrandar ...	65	53	118
Dalasýsla	**609**	**580**	**1 189**
Hörðudals	35	31	66
Miðdala	91	88	179
Haukadals	50	41	91
Laxárdals	167	163	330
Hvamms	56	57	113
Fellsstrandar	49	45	94
Klofnings	19	23	42

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Skarðs	37	42	79
Saurbæjar	105	90	195
Au-Barðastr.sýsla	294	218	512
Geiradals	70	39	109
Reykhóla	122	102	224
Gufudals	40	35	75
Múla	27	17	44
Flateyjar	35	25	60
V-Barðastr.sýsla	1 077	954	2 031
Barðastrandar	109	94	203
Rauðasands	80	55	135
Patreks	512	495	1 007
Tálknafjarðar	135	106	241
Ketildala	25	16	41
Suðurfjarða	216	188	404
V-Ísafjarðarsýsla	926	854	1 780
Auðkúlu	22	20	42
Þingeyrar	240	193	433
Mýra	91	99	190
Mosvalla	57	53	110
Flateyrar	283	244	527
Suðureyrar	233	245	478
N-Ísafjarðarsýsla	1 045	886	1 931
Hóls	509	428	937
Eyrar	198	189	387
Súðavíkur	149	123	272
Ögur	57	39	96
Reykjafjarðar	58	57	115
Nauteyrar	44	33	77
Snæfjalla	30	17	47
Strandasýsla	810	675	1 485
Árnes	144	106	250
Kaldrananes	161	137	298
Hrófbergs	42	19	61
Hólmavíkur	206	191	397
Kirkjubóls	56	38	94
Fells	36	37	73
Óspakseyrar	34	36	70
Bæjar	131	111	242
V-Húnavatnssýsla	740	665	1 405
Staðar	74	68	142
Fremri-Torfustaða	75	55	130
Ytri-Torfustaða	121	98	219
Hvammstanga	156	161	317

Sýslur og hreppar (framh.).	Karlar	Konur	Alls
Kirkjuhvamms	117	96	213
Þverár	90	83	173
Þorkelshóls	107	104	211
Au-Húnav.sýsla	1 241	1 119	2 360
Ás	82	75	157
Sveinsstaða	68	71	139
Torfalækjar	73	66	139
Blönduós	349	310	659
Svínavatns	82	73	155
Bólstaðarhlíðar	108	97	205
Engihlíðar	58	52	110
Vindhælis	46	38	84
Höfða	312	282	594
Skaga	63	55	118
Skagafjarðarsýsla	1 437	1 203	2 640
Skefilsstaða	47	41	88
Skarðs	62	56	118
Staðar	83	75	158
Seilu	137	116	253
Lýsingsstaða	209	156	365
Akra	186	189	375
Rípur	65	65	130
Viðvíkur	53	41	94
Hóla	87	79	166
Hofs	136	105	241
Hofsós	173	132	305
Fells	35	33	68
Haganes	79	62	141
Holts	85	53	138
Eyjafjarðarsýsla	2 066	1 820	3 886
Grímseyjar	48	38	86
Svarfaðardals	188	182	370
Dalvíkur	493	471	964
Hríseyjar	142	153	295
Árskógs	184	161	345
Arnarnes	178	142	320
Skriðu	92	75	167
Öxnadals	51	38	89
Glæsibæjar	145	136	281
Hrafnagils	162	114	276
Saurbæjar	175	143	318
Öngulstaða	208	167	375
S-Þingeyjarsýsla	1 465	1 352	2 817
Svalbarðsstrandar	123	112	235
Grýtubakka	207	172	379
Flateyjar	27	23	50
Háls	122	119	241

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Ljósavatns	165	127	292
Bárðdæla	93	94	187
Skútustaða	195	199	394
Reykdæla	220	204	424
Aðaldæla	210	193	403
Reykja	52	47	99
Tjörnes	51	62	113
N-Þingeyjarsýsla	**1 020**	**896**	**1 916**
Keldunes	123	112	235
Öxarfjarðar	91	67	158
Fjalla	16	12	28
Presthóla	162	132	294
Raufarhafnar	248	228	476
Svalbarðs	116	84	200
Þórshafnar	221	230	451
Sauðanes	43	31	74
N-Múlasýsla	**1 336**	**1 117**	**2 453**
Skeggjastaða	90	73	163
Vopnafjarðar	429	378	807
Hlíðar	80	80	160
Jökuldals	116	80	196
Fljótsdals	125	107	232
Fella	102	80	182
Hróarstungu	93	79	172
Hjaltastaða	86	81	167
Borgarfjarðar	181	137	318
Loðmundarfjarðar	7	4	11
Seyðisfjarðar	27	18	45
S-Múlasýsla	**2 518**	**2 250**	**4 768**
Skriðdals	69	65	134
Valla	99	96	195
Egilsstaða	254	222	476
Eiða	103	85	188
Mjóafjarðar	32	24	56
Norðfjarðar	70	57	127
Helgustaða	44	24	68
Eskifjarðar	434	425	859
Reyðarfjarðar	340	280	620
Fáskrúðsfjarðar	116	105	221
Búða	356	339	695
Stöðvar	120	105	225
Breiðdals	181	150	331
Berunes	78	63	141
Búlands	166	159	325
Geithellna	56	51	107

Sýslur og hreppar (framh.).

	Karlar	Konur	Alls
Au-Skaftafellssýsla	**764**	**665**	**1 429**
Bæjar	44	52	96
Nesja	119	96	215
Hafnar	388	345	733
Mýra	66	54	120
Borgarhafnar	78	55	133
Hofs	69	63	132
V-Skaftafellssýsla	**751**	**636**	**1 387**
Hörgslands	112	93	205
Kirkjubæjar	128	94	222
Skaftártungu	58	51	109
Leiðvallar	49	39	88
Álftavers	38	30	68
Hvamms	277	258	535
Dyrhóla	89	71	160
Rangárvallasýsla	**1 620**	**1 439**	**3 059**
Austur-Eyjafjalla	156	121	277
Vestur-Eyjafjalla	164	128	292
Austur-Landeyja	92	79	171
Vestur-Landeyja	95	99	194
Fljótshlíðar	193	179	372
Hvol	202	173	375
Rangárvalla	263	219	482
Landmanna	71	65	136
Holta	146	137	283
Ása	73	84	157
Djúpár	165	155	320
Árnessýsla	**3 981**	**3 623**	**7 604**
Gaulverjabæjar	123	114	237
Stokkseyrar	244	247	491
Eyrarbakka	240	242	482
Sandvíkur	73	54	127
Selfoss	1 049	1 023	2 072
Hraungerðis	148	93	241
Villingaholts	108	103	211
Skeiða	134	120	254
Gnúpverja	128	118	246
Hrunamanna	251	200	451
Biskupstungna	284	194	478
Laugardals	126	97	223
Grímsnes	167	150	317
Þingvalla	33	23	56
Grafnings	36	28	64
Hveragerðis	360	379	739
Ölfus	456	427	883
Selvogs	21	11	32

Íbúatala þéttbýlisstaða utan kaupstaða 1. desember 1965.

(Merkið * þýðir, að íbúatala þéttbýlisstaðar og hrepps sé ein og hin sama.)

Grindavík, Grindavíkurhr.*	920
Hafnir, Hafnahr.	159
Sandgerði, Miðneshr.	877
Gerðar, Gerðahr.	647
Berg, Gerðahr.	68
Narðvík, Njarðvíkurhr.*	1 509
Vogar, Vatnsleysustrandarhr.	232
Garðahreppskauptún, Garðahr.	1 574
Vífilsstaðir, Garðahr.	65
Seltjarnarnes, Seltjarnarnesh.*	1 790
Lágafellshverfi, Mosfellshr.	97
Varmár- og Álafosshverfi, Mosfellshr.	258
Reykjahverfi, Mosfellshr.	228
Miðsandur, Hvalfjarðarstrandarhr.	32
Borgarnes, Borgarneshr.*	1 009
Hellissandur, Neshr.	512
Rif, Neshr.	47
Ólafssvík, Ólafsvíkurhr.*	921
Grafarnes í Grundarfirði, Eyrarsveit	509
Stykkishólmur, Stykkishólmsh. *	976
Búðardalur, Laxárdalshr.	154
Patreksfjörður, Patrekshr.*	1 007
Tunguþorp, Tálknafjarðarhr.	154
Bíldudalur, Suðurfjarðahr.	349
Þingeyri, Þingeyrarhr.	357
Flateyri, Flateyrarhr.*	527
Suðureyri, Suðureyrarhr.	430
Bolungarvík, Hólshr.*	937
Hnífsdalur, Eyrarhr.	302
Súðavík, Súðavíkurhr.	203
Djúpavík, Árneshr.	33
Drangsnes, Kaldrananeshr.	123
Hólmavík, Hólmavíkurhr.*	397
Borðeyri, Bæjarhr.	44
Hvammstangi, Hvammstangahr.*	317
Blönduós, Blönduóshr.*	659
Skagaströnd, Höfðahr.*	594
Varmahlíð, Seiluhr.	43
Hofsós, Hofsóshr.*	305
Grímsey, Grímseyjarhr.*	86
Dalvík, Dalvíkurhr.*	964
Hrísey, Hríseyjarhr.*	295
Litli Árskógssandur, Árskógshr.	92
Hauganes, Árskógshr.	125
Hjalteyri, Arnarneshr.	110
Svalbarðseyri, Svalbarðsstr.hr.	63
Grenivík, Grýtubakkahr.	160
Flatey á Skjálfanda, Flateyjarhr.*	50
Kópasker, Presthólahr.	91
Raufarhöfn, Raufarhafnarhr.*	476
Þórshöfn, Þórshafnarhr.*	451
Höfn í Bakkafirði, Skeggjastaðahr.	70
Vopnafjörður, Vopnafjarðarhr.	457
Bakkagerði, Borgarfjarðarhr.	164
Egilsstaðir, Egilsstaðahr.*	476
Eskifjörður, Eskifjarðarhr.*	859
Búðareyri, Reyðarfjarðarhr.	530
Búðir, Búðahr.*	695
Kirkjubólsþorp, Stöðvarhr.	200
Þverhamarsþorp, Breiðdalshr.	112
Djúpivogur, Búlandshr.*	325
Höfn í Hornafirði, Hafnarhr.*	733
Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarhr.	48
Vík í Mýrdal, Hvammshr.	340
Hvolsvöllur, Hvolshr.	178
Hella, Rangárvallahr.	261
Stokkseyri, Stokkseyrarhr.	385
Eyrarbakki, Eyrarbakkahr.*	482
Selfoss, Selfosshr.*	2 072
Laugarvatn, Laugardalshr.	115
Írafoss og Ljósafoss, Grímsneshr.	91
Steingrímsstöð, Grafningshr.	25
Hveragerði, Hveragergishr.*	739
Þorlákshöfn, Ölfushr.	426
Kauptún alls	**32 111**

Nd. 205. Frumvarp til laga [109. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Skarð í Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Engilbert Ingvarssyni bónda á Tyrðilmýri eyðijörðina Skarð í Snæfjallahreppi í Norður-Ísafjarðasýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Skarð í Snæfjallahreppi hefur verið í eyði í fjöldamörg ár. Hús eru þar engin og jörðin mannvirkjalaus að öllu leyti og illa fallin til ræktunar. Það eru því ekki líkur á, að þar verði stofnað til búskapar á ný. Hins vegar eru góðir sauðfjárhagar í landi Skarðs.

Engilbert Ingvarsson bóndi á Tyrðilmýri hefur byggt myndarlega á jörð sinni og mikið ræktað. Innan fárra ára verður allt land Tyrðilmýrar, sem hæft er til ræktunar, fullræktað, og eykst þá þörfin fyrir annað og stærra beitiland. Jörðin Skarð er nærtækust til þess að bæta úr þörf bóndans á Tyrðilmýri í þessum efnum, og er það skoðun flutningsmanns, að jörðinni Skarði verði ekki betur ráðstafað en að stuðla að stækkun jarðarinnar Tyrðilmýrar.

Sþ. 206. Frumvarp til fjáraukalaga [110. mál]

fyrir árið 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1965, eru veittar kr. 977 575 348.74 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. grein.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A er veitt:

1.	Póstur og sími	kr.	91 799 145.90
	en tekjur fóru kr. 59 420 681.13 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	—	31 015 839.84
	af kr. 55 655 989.00 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Ríkisútvarp	—	3 734 845.02
	en tekjur fóru kr. 1 882 205.34 fram úr fjárlagaáætlun.		
4.	Viðtækjaverzlun	—	463 745.49
	af kr. 742 795.58 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	697 944.17
	af kr. 1 225 735.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Áburðarsalan	—	2 899 292.68
	af kr. 3 198 168.78 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Landsmiðjan	—	1 281 112.23
	af kr. 1 314 413.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		

8.	Innkaupastofnun ríkisins	kr.	2 001 157.99
	af kr. 3 970 276.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Bessastaðabú	—	859 388.88
	en tekjur fóru kr. 305 632.70 fram úr fjárlagaáætlun.		
10.	Hvanneyrarbú	—	1 598 358.93
	en tekjur fóru kr. 1 248 680.27 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Hólabú	—	1 653 003.18
	en tekjur fóru kr. 1 407 802.97 fram úr fjárlagaáætlun.		
12.	Reykjabú	—	16 054.68
	af kr. 84 420.80 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Vífilsstaðabú	—	738 820.61
	af kr. 740 908.18 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
14.	Kópavogsbú	—	71 447.55
	af kr. 85 110.69 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	138 830 157.15

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr. eru veittar	kr.	663 468.38
— — — — - 8. — — —	—	536 095.67
— — — — - 10. — I. — —	—	9 445 440.90
— — — — - 10. — II. — —	—	3 991 646.06
— — — — - 10. — III. — —	—	82 875.19
— — — — - 11. — A. — —	—	8 541 106.82
— — — — - 11. — B. — —	—	17 026 212.52
— — — — - 11. — C. — —	—	2 247 985.48
— — — — - 13. — B. — —	—	16 820 024.80
— — — — - 13. — D. — —	—	1 929 779.19
— — — — - 13. — E. — —	—	1 927 468.06
— — — — - 13. — F. — —	—	677 385.86
— — — — - 14. — A. — —	—	14 598 914.27
— — — — - 14. — B. — —	—	1 678 146.26
— — — — - 15. — — —	—	1 236 573.50
— — — — - 16. — A. — —	—	29 198 429.83
— — — — - 16. — B. — —	—	11 292 502.09
— — — — - 16. — E. — —	—	3 138 059.67
— — — — - 17. — — —	—	18 213 599.08
— — — — - 18. — — —	—	7 943 326.64
— — — — - 19. — 3. — —	—	94 743 395.79
— — — — - 19. — 8. — —	—	683 189.69
	Kr.	385 445 782.90
Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar	—	592 129 565.84
Inn fóru kr. 257 727 036.48 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Samtals kr.	977 575 348.74

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1965. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1965 sýnir. Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1965.

Ed. 207. Frumvarp til laga [111. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1965 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga	kr. 3 064 850 000.00	kr. 3 241 307 234.65
2.	— —	3. — A.	— —	431 160 000.00	— 425 152 952.23
3.	— —	3. — B.	— —	75 000.00	— 98 497.01
4.	— —	4. —	— —	2 000 000.00	— 8 277 429.51
5.	— —	5. —	— —	25 000 000.00	— 15 389 427.38
6.	Eignahreyfingar	skv. 20. gr.	fjárlaga	— 6 100 000.00	— 263 827 036.48
	Mismunur				— 300 148 645.39
				Kr. 3 529 185 000.00	Kr. 4 254 201 222.65

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga	kr. 8 470 122.00	kr. 9 133 590.38
2.	— —	8. —	— —	2 327 030.00	— 2 863 125.67
3.	— —	9. —	— —	19 325 000.00	— 32 260 340.31
4.	— —	10. — I.	— —	39 891 094.00	— 49 336 534.90
5.	— —	10. — II.	— —	27 163 043.00	— 31 154 689.06
6.	— —	10. — III.	— —	8 227 176.00	— 8 310 051.19
7.	— —	11. — A.	— —	174 775 341.00	— 183 316 447.82
8.	— —	11. — B.	— —	61 205 891.00	— 78 232 103.52
9.	— —	11. — C.	— —	2 800 000.00	— 5 047 985.48
10.	— —	12. —	— —	142 174 571.00	— 133 759 036.35
11.	— —	13. — A.	— —	47 440 000.00	— 38 240 000.00
12.	— —	13. — B.	— —	32 452 000.00	— 49 272 024.80
13.	— —	13. — C.	— —	62 633 560.00	— 55 127 983.67
14.	— —	13. — D.	— —	21 778 475.00	— 23 708 254.19
15.	— —	13. — E.	— —	8 780 589.00	— 10 708 057.06
16.	— —	13. — F.	— —	11 432 429.00	— 12 109 814.86
17.	— —	14. — A.	— —	476 826 374.00	— 491 425 288.27
18.	— —	14. — B.	— —	33 855 102.00	— 35 533 248.26
19.	— —	15. —	— —	34 392 712.00	— 35 629 285.50
20.	— —	16. — A.	— —	184 066 709.00	— 213 265 138.83
21.	— —	16. — B.	— —	140 190 644.00	— 151 483 146.09
22.	— —	16. — C.	— —	12 565 000.00	— 11 642 619.02
23.	— —	16. — D	— —	89 730 000.00	— 76 820 142.84
24.	— —	16. — E.	— —	22 941 700.00	— 26 079 759.67
25.	— —	17. —	— —	758 285 746.00	— 776 499 345.08
26.	— —	18. —	— —	68 928 724.00	— 76 872 050.64
27.	— —	19. — 1.	— —	543 000 000.00	— 511 426 680.80
28.	— —	19. — 2.	— —	183 000 000.00	— 167 795 888.05
29.	— —	19. — 3.	— —	5 000 000.00	— 99 743 395.79
30.	— —	19. — 4.	— —	353 732.00	
31.	— —	19. — 5.	— —	12 000 000.00	
32.	— —	19. — 6.	— —	8 000 000.00	

Útborganir:		Áætlun:		Reikningur:
33.	Gjöld samkvæmt 19. gr. 7. fjárlaga kr.	42 000 000.00		
34.	— — 19. — 8. — —	16 000 000.00	—	16 683 189.69
35.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga —	210 274 168.00	—	840 722 004.86
	Mismunur ..... —	16 898 068.00		
		Kr. 3 529 185 000.00		Kr. 4 254 201 222.65

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi 1965, sem lagður verður fyrir Alþingi samtímis frumvarpinu.

Nd. 208. Frumvarp til laga [112. mál]

um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stofna skal verkfræðiskrifstofu á Ísafirði til þess að annast verkfræðilegan undirbúning og fylgjast með framkvæmd opinberra framkvæmda í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Skrifstofan er ríkisstofnun, og er aðalverkefni hennar að annast verkfræðilegan undirbúning vega- og brúargerða, hafnargerða og lendingarbóta, svo og undirbúning skipulagsmála í kjördæminu, allt undir yfirstjórn vegamálastjóra, vitamálastjóra og skipulagsstjóra.

Skrifstofan skal einnig annast hvers konar önnur verkfræðistörf við mannvirki og framkvæmdir, sem til er stofnað á vegum ríkisins og ríkisstofnana að einhverju eða öllu leyti, svo sem byggingu skóla, sjúkrahúsa, embættisbústaða, sundlauga, félagsheimila o. s. frv.

3. gr.

Þá skal skrifstofan enn fremur annast hvers konar verkfræðilegan og tæknilegan undirbúning mannvirkjagerðar og framkvæmda, sem sveitarstjórnir á Vestfjörðum fela skrifstofunni að vinna. Fyrir slík verk skrifstofunnar greiða sveitarfélögin í réttu hlutfalli við þá þjónustu, sem hún veitir þeim hverju um sig.

4. gr.

Skrifstofan getur einnig tekið að sér verkfræðistörf fyrir einstaklinga og fyrirtæki í Vestfjarðakjördæmi, enda komi full greiðsla fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Megintilgangur frumvarpsins er sá að tryggja bætta sérfræðiþjónustu í verklegum efnum í Vestfjarðakjördæmi. Og er þess sízt vanþörf.

Bæjarstjórnin á Ísafirði lét aðeins þessi fáu orð fylgja tillögunni:

„Samþykkt þessi þarfnast ekki nánari skýringa, en aðeins er bent á til áréttingar, hversu mikilsverður þáttur verkfræðiskrifstofa á Ísafirði, sem bæjarstjórnin nú hefur gert samþykkt um, hlýtur að verða í **byggðakjarnaskipulagi**, sem mikið er **rætt um, en of lítið gert að.**"

„Á vorri storð — **eitt verk** er meir — en **þúsund** orð."

Ef til vill er líka óþarft að láta fleiri orð fylgja frumvarpinu. Með því er tekið undir kenninguna um myndun byggðakjarna eða þéttbýliskjarna til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Það er sannfæring bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og þeirrar skoðunar er flutningsmaður frumvarpsins einnig, að dreifing þeirra þjónustustofnana, sem nú eru nær undantekningarlaust staðsettar í höfuðborginni, sé þýðingarmikil ráðstöfun til byggðajafnvægis og jafnréttis. Og sé mönnum alvara í þeim efnum, væri ekki úr vegi, að athafnir kæmu í orða stað, einmitt frá Alþingi Íslendinga. Frumvarpið getur því orðið eins konar prófsteinn á raunverulega afstöðu alþingismanna í byggðajafnvægismálum. Er ekki að efa, að þeir muni standast það próf.

Ef til vill verður sú röksemd færð fram gegn frumvarpinu, að stofnun sérstakrar verkfræðiskrifstofu í Vestfjarðakjördæmi muni auka kostnað við opinberar framkvæmdir. Yfirstjórn þessara mála verði ódýrust með því, að ein þjónustumiðstöð í hverri grein, staðsett í Reykjavík, annist hana. Ekki skal því neitað, að stofnun þeirrar sérfræðiskrifstofu, sem hér um ræðir, kunni að kosta aukin útgjöld, en þó er það engan veginn sannað mál, að svo verði. Ferðir sérfræðinga út um allt land frá þjónustumiðstöðvunum í Reykjavík kosta líka nokkurt fé, sem sparast mundi að verulegu leyti með þeirri breyttu skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin.

Hitt skiptir meira mál, að betri þjónusta væri tryggð með hinni nýju skipan. Þess mætti vænta, að tæknilegur undirbúningur mannvirkjagerðar yrði betur felldur að aðstæðum, og víst gæti það fljótlega sparað verulegar fjárhæðir, ef betri aðstaða skapaðist til að láta sérfræðinga fylgjast með verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Hitt verður ekki dregið í efa, að sveitarfélögum á Vestfjörðum væri mikil stoð að starfsemi slíkrar skrifstofu og leiðsögn hennar í verklegum efnum. Hið sama má segja um einstaklinga og fyrirtæki, sem þannig fengju greiðan aðgang að skrifstofunni í heimahéraði í stað þess, að nú verður alla tæknilega aðstoð að sækja til Reykjavíkur.

Hér er vissulega um nokkurt nýmæli að ræða. En þrátt fyrir það vill flutningsmaður vænta þess, að frumvarpið hljóti greiðan gang gegnum þingið, þar eð byggðajafnvægismálin geta naumast komið nokkrum þingmanni ókunnuglega fyrir.

Nd. 209. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. febr. 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
Óskar E. Levy.	Ragnar Arnalds.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 210. Frumvarp til laga [113. mál]

um ungmennahús.

Flm.: Einar Ágústsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Byggja skal samkomuhús í Reykjavík fyrir skemmtanir æskufólks og nefnist það ungmennahús. Skal haft samráð við Æskulýðsráð Reykjavíkur um stærð hússins og fyrirkomulag.

2. gr.

Í ungmennahúsi mega aðeins fara fram þær skemmtanir, sem hollar og þroskavænlegar eru fyrir æskufólk, og skal til þeirra vandað. Þær skulu undanþegnar skemmtanaskatti.

3. gr.

Áfengisneyzla skal algerlega bönnuð í ungmennahúsi.

4. gr.

Stofnkostnað ungmennahúss, þar með talin áhöld og tæki, greiði ríkissjóður að hálfu og Reykjavíkurborg að hálfu.

5. gr.

Ef um rekstrarhalla ungmennahúss verður að ræða, skal hann greiðast af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

6. gr.

Stjórn ungmennahúss skal falin Æskulýðsráði Reykjavíkur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en rekja þurfi, að mikill skortur er á hollum skemmtunum við hæfi ungs fólks í höfuðborg landsins. Æskufólk nú á tímum er myndarlegt, atorkumikið og efnilegt líkamlega og andlega og skortir hvorki vilja né getu til að reynast góðir þjóðfélagsþegnar. En það á líka rétt til þess, að hinir fullorðnu veiti orku þess og athafnaþrá möguleika til þroskavænlegra viðfangsefna og hollra skemmtana. Þessari skyldu sinni hafa hinir fullorðnu brugðizt. Í höfuðborg landsins er ekki einn einasti samkomustaður við hæfi æskufólks. Hins vegar eru þar 12 vínveitingahús, þar sem hinir fullorðnu eiga sér athvarf.

Hér verður að ráða bót á og það án tafar. Uppvaxandi ungmenni eru þjóðinni það dýrmæt, að ekkert má verða því til fyrirstöðu, að nokkru fé verði til þess varið að forða þeim frá slysum. Með þessu frumvarpi er því lagt til, að ríkið og Reykjavíkurborg taki höndum saman um að byggja reykvísku æskufólki samkomuhús, þar sem lagður verði grunnur að hollu og þroskavænlegu skemmtanalífi því til handa. Lagt er til, að stærð og fyrirkomulag hússins verði ákveðið í samráði við Æskulýðsráð Reykjavíkur, sem einnig verði falin stjórn þess. Eðlilegt væri, að ungu fólki væri falið sem mest að fylgjast með umgengni í húsinu og sjá um, að settum reglum sé fylgt. Hefur slíkt gefið góða raun, þar sem það hefur verið reynt.

Vitanlega þarf að gera margt fleira til að bæta aðstöðu ungs fólks til hollra skemmtana og tómstundaiðkana. Í Reykjavík þarf t. d. að reisa skautahöll og bæta aðra aðstöðu til íþróttaiðkana. En meðan öll helztu samkomuhús borgarinnar eru lokuð ungmennum, er fátt eða ekkert meira aðkallandi en að þeim verði séð fyrir hentugu samkomuhúsi.

Nánar verður rætt um málið í framsögu.

Sþ. 211. Tillaga til þingsályktunar [114. mál]

um verðjöfnun á áburði.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um það, að reglur um verðjöfnun á áburði verði endurskoðaðar og að því stefnt, að áburður sömu tegundar verði seldur á sama verði á öllum verzlunarstöðum í landinu.

Greinargerð.

Sá háttur, sem verið hefur á, að því er varðar svokallaða verðjöfnun á áburði frá Áburðarverksmiðjunni h/f hefur alllengi sætt gagnrýni meðal bænda og þá ekki sízt á Suðurlandi. Framkvæmd verðjöfnunar er á þá leið, að sama áburðarverð er einungis á þeim verzlunarstöðum, þar sem ríkisskipin hafa viðkomu, svo og í Gufunesi. Bændur standa síðan undir öllum flutningskostnaði frá nefndum hafnarstöðum. En auk þess er lagt 60 króna aukagjald á hvert tonn, þegar áburðurinn er afgreiddur á bifreiðar í Gufunesi. Gjald þetta á, að því er bezt er vitað, að mæta uppskipunarkostnaði á hafnarstöðunum úti um land. Sunnlenzkir bændur t. d. þurfa að sæta flutningsgjaldi allt að 300 km leið, þeir sem lengst eiga aðdrátta. Það er því ljóst, hver reginmunur getur á því verið fyrir notendur áburðar, hvort flutningar fara fram sjóleiðis eða landveg.

Um þær upplýsingar, sem við höfum aflað og hér fara á eftir, viljum við taka fram, að um meðaltal er að ræða hverju sinni. Þess vegna má vera, að einhverju kunni e. t. v. að muna. Þó væntum við þess, að í öllum höfuðatriðum sé myndin rétt og þess eðlis, að hún veki til umhugsunar og nauðsynlegra aðgerða.

Við flm. tökum dæmi úr okkar kjördæmi um áburðarkaup og flutningskostnað. En víðar um land má væntanlega segja svipaða eða sömu sögu.

Áburðarkaup bænda í sveitunum austanfjalls árið 1966, miðað við júnílok, eru talin þessi:

Vestur-Skaftafellssýsla	2086 tonn	kr.	7 801 000.00
Rangárvallasýsla	6720 —	—	25 661 000.00
Árnessýsla	7357 —	—	27 348 000.00
Alls	16163 tonn	kr.	60 810 000.00

Í heild munu hafa selzt í landinu ca. 53300 tonn, að verðmæti ca. kr. 200 000 000.00.

Flutningskostnaður frá Gufunesi austur yfir Hellisheiði, eftir því sem við höfum komizt næst samkvæmt upplýsingum frá verzlunarfyrirtækjum, sem áburðarflutninga hafa á hendi, er á þessa leið:

Vestur-Skaftafellssýsla (Vík í Mýrdal)	ca. kr.	715.00 tonn
Rangárvallasýsla (Hvolsvöllur)	— —	573.00 —
Árnessýsla (Selfoss)	— —	300.00 —

Sé miðað við þetta flutningsgjald og það áburðarmagn, sem áður getur, verður flutningskostnaðurinn þessi:

Vestur-Skaftafellssýsla	kr.	1 491 490.00
Rangárvallasýsla	—	3 850 560.00
Árnessýsla	—	2 207 100.00
Samtals	kr.	7 549 150.00

Við þennan kostnað bætist svo 60 kr. aukagjaldið.

Áburðarkaup bænda á Suðurlandi eru nærfellt ⅓ hluti af allri áburðarsölunni í landinu það tímabil, sem hér ræðir um, og með áætluðu meðalflutningsgjaldi í þrem verzlunarmiðstöðvum þar nema þau í höfuðdráttum þessum fjárhæðum:

Vestur-Skaftafellssýsla	kr.	9 292 490.00
Rangárvallasýsla	—	29 511 560.00
Árnessýsla	—	29 555 100.00
Samtals	kr.	68 359 150.00

Þegar af því, sem hér hefur verið rakið og við flm. vonum að sé nærri réttu máli, má vera auðsætt, hver munur er á raunverulegu áburðarverði eftir því, hver aðstaða er til flutnings áburðarins.

Það þarf því engum að koma á óvart sú ríkjandi skoðun, að verðjöfnun sú, sem tíðkazt hefur, sé bæði óeðlileg og ranglát, svo að eigi sé viðunandi.

Úr því að verið er á annað borð að fást við verðjöfnun og hún talin réttilega eiga við í þessum efnum, sýnist það hljóta að vera algjört lágmark að miða jafnaðarverðið við a. m. k. einn ákveðinn verzlunarstað í hverju héraði (miðstöð). Hins vegar teljum við flm. eðlilegast, að áburðarverðið verði alls staðar hið sama í landinu og að því beri að stefna hiklaust. Hitt hljóta allir að fallast á, að engin verðjöfnun er betri en ranglát.

Áburðarkaup bænda eru einn stærsti liðurinn í kostnaði við búreksturinn og um leið hinn áhættumesti. Það er því veigamikið þjóðhagslegt atriði, að í þessu efni sé reynt að gæta fyllstu hagsýni og réttlætis. Þetta varðar eigi aðeins bændur, heldur og alþjóð.

Að okkar hyggju eru niðurgreiðslur af opinberri hálfu á rekstrarvörum bænda og þá ekki sízt áburði vafalaust hagkvæmasta aðferðin til þess að ná því marki, að verðið sé alls staðar hið sama. Slíkum ráðum mun m. a. beitt í Noregi og á Bretlandseyjum og þykir sjálfsagt. En hver leið sem farin kann að verða til lagfæringar, verður þegar að hefjast handa um nauðsynlegar breytingar á verðjöfnunarkerfinu. Eins og er fær það engan veginn staðizt, og allt of lengi hefur verið við það búið.

Okkur flm. er um það kunnugt, að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur haft þessi mál til athugunar, en ekki komizt áfram í átt til úrbóta. Ber því brýna nauðsyn til þess að herða á frekari aðgerðum og koma réttlátu og hagkvæmu lagi á.

Þess skal getið að lokum, að Búnaðarfélag Íslands hefur á aðalfundi sínum s. l. ár samþykkt samhljóða ályktun á þá leið, „að áburður sömu tegundar verði seldur á sama verði á öllum verzlunarstöðum á landinu.“ Í greinargerð fyrir þessari samþykkt segir: „Telur (búnaðarþing) það réttlætismál bændastéttarinnar, að verðlag áburðar verði jafnt á hverjum verzlunarstað.“

Stéttarsamband bænda hefur samþykkt sams konar ályktanir.

Bréf til alþingismanna Suðurlandskjördæmis frá sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 22. ágúst 1966, fylgir hér með.

Fylgiskjal.

SÝSLUMAÐURINN Í SKAFTAFELLSSÝSLU

Vík í Mýrdal, 22. ágúst 1966.

Hér með sendist eftirfarandi áskorun, samþykkt á síðasta aðalfundi sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu.

„Aðalfundur sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu 1966 skorar á stjórn Áburðarverksmiðjunnar, þingmenn Suðurlandskjördæmis ásamt landbúnaðarráðherra að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til að því verði komið til leiðar, að tilbúinn

áburður sömu tegundar verði seldur sama verði á öllum verzlunarstöðum á landinu.

Sú tilhögun að selja áburð, sem afgreiddur er á bíla í Gufunesi til flutnings allt að 300 km leið, 60.00 til 80.00 kr. hærra hvert tonn en frá skipshlið í höfnum víðs vegar á landinu er óviðunandi ranglæti.

Þeir, sem verða að sæta þessum langa flutningi á landi, verða með þessu móti, auk flutningsgjaldsins, að greiða í gegnum verð áburðarins hluta af flutningskostnaði með skipunum o. fl. kostnað, sem þeim flutningi tilheyrir."

F. h. sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu,

Einar Oddsson.

Sþ. 212. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um samstarf Íslands við ríkisstjórnir annarra landa gegn alþjóðlegum einokunarauðhringum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita samstarfs við ríkisstjórn Noregs og aðrar ríkisstjórnir, sem kynnu að vilja koma á samvinnu sín á milli til þess að tryggja, að þjóðir geti framkvæmt stefnu sína án þess að vera knúðar til að breyta henni vegna áhrifavalds alþjóðlegra auðhringa. Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að láta fulltrúa sína hjá Sameinuðu þjóðunum vekja máls á nauðsyn þess að tryggja frelsi og sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna gagnvart slíkum einokunarhringum.

Greinargerð.

Það gerðist nýlega í Noregi, að norska ríkisstjórnin sá sig til knúða að selja helming hlutabréfa í ríkisfyrirtækinu A/S Årdal og Sunndal Værk, en það er verksmiðja, sem vinnur alúmín úr alúmínoxyd. Kaupandinn er hinn alþjóðlegi alúmínhringur Alcan, sem staðsettur er í Kanada, en er eign bandarískra einokunarhringsins Alcoa. Áður hafði ríkisverksmiðjan norska samning við einokunarhringinn um að kaupa af honum alúmínoxyd og borga í unnu alúmíni. En hringurinn ræður bæði hráefnisuppsprettunum (bauxit-námunum, mestmegnis í Guiana og Surinam) og verðinu á fullunnu alúmíni. Setti hringurinn nú norsku ríkisstjórninni stólinn fyrir dyrnar og knúði hana til þess að selja sér helming þessa þjóðarfyrirtækis. Gat hann í krafti einokunarvalds síns svínbeygt norska ríkisþingið, þótt því væri hins vegar lýst yfir í ræðum, að þetta væri neyðarúrræði.

Atburður eins og þessi sýnir, hve gersamlega óþolandi það er að láta einokunarhringa nokkurra auðjöfra vaða þannig uppi og setja þjóðþingum kosti í krafti einokunarvalds síns í atvinnulífi. Það er enginn eðlismunur á kúgunaraðferð slíkra auðhringa og hinu, að sjóræningjahópur eða herforingjaklíka setji ríkisstjórn kosti og knýi hana til að breyta að vilja sínum.

Lýðræði er aðeins „rómantískur óskadraumur", á meðan þjóðþing og ríkisstjórnir eru knúðar til að víkja frá vilja þjóðarinnar vegna ofríkis einokunarhringa.

Þar sem verið er nú að hleypa erlendum auðhringum inn í íslenzkt atvinnulíf og t. d. tengja skatta samkvæmt íslenzkum lögum við það verð á alúmíni, sem amerískt einokunarhringurinn ákveður, og það áratugi fram í tímann, þá er auðséð, að hér er á ferðinni mál, sem varðar mjög þjóðarhagsmuni og þjóðlegt sjálfstæði Íslendinga. Yrði t. d. alúmínverksmiðjan í Straumsvík þjóðnýtt, eins og ríkisstjórnin hefur viðurkennt að komi til mála, ef nauðsyn krefði, þá gætu Íslendingar hæglega

komizt í svipaða aðstöðu og Norðmenn voru nú í. Það er því nauðsyn að gera ráðstafanir til þess að tryggja sem bezt sjálfsákvörðunarrétt hverrar þjóðar í þessum efnum. Sár reynsla Norðmanna sýnir, að til þess þarf hvorki meira né minna en alþjóðlegt samstarf og samheldni þeirra ríkisstjórna, er meta sjálfsákvörðunarrétt þjóða sinna og álíta hann helgari en ofurvald alþjóðlegra einokunarhringa. Er og rétt, að þetta mál sé rætt á þingi Sameinuðu þjóðanna og að Ísland hafi um það frumkvæði, — og vissulega munu þar margar þjóðir, er þetta skilja, einkum þær, sem lengi hafa búið við stjórnarfarslega yfirdrottnun erlendra auðhringa auk efnahagslegs yfirgangs þeirra.

Íslendingar og Norðmenn kynntust forðum yfirgangi einokunarkaupmanna, bæði frá Hansastöðunum, Höfn og víðar. Slíkur yfirgangur og einokun er eigi betri nú, þótt hann sé amerískur og eigi löghelgaður, en framinn í krafti peningavalds og einokunaraðstöðu á heimsmarkaði. Það gefur nokkra hugmynd um vald þessara alúmínhringa amerísku, að Alcoa á 1743 millj. dollara í eignum og hefur 48 þús. verkamenn í sinni þjónustu 1965, en Alcan á 1521 millj. dollara eignir og hefur 60 þús. verkamenn í sinni þjónustu.

Að vísu vantar ekki einokunarauðhringa nútímans málsvara, sem jafnvel dirfast að tala í nafni „frelsis“ og „lýðræðis“. Jafnvel í ritstjórnargrein höfuðmálgagns íslenzku ríkisstjórnarinnar, Morgunblaðsins 27. jan., er heitið á menn í nafni „heilbrigðrar skynsemi“, — meint er undirgefni og auðmýkt við framandi auðvald, — að sætta sig við og beygja sig fyrir hinu erlenda einokunarvaldi, en láta ekki „tilfinningarnar“ ráða — og mun þar átt við sjálfsákvörðunarrétt þjóðar, lýðræði hennar, sjálfstæði og þjóðarmetnað.

Þegar alþjóðlegir einokunarhringar eiga slíka málsvara hér, áður en þeir eru byrjaðir að festa fé sitt í fyrirtækjum á Íslandi, má geta nærri, hvernig það muni verða, þegar svissneski alúmín-hringurinn er orðinn ríkasti atvinnurekandi á Íslandi, eigandi þriðjungs alls iðnaðarfjármagns á landinu.

Það er því hin brýnasta nauðsyn jafnt vegna þjóðarhagsmuna Íslendinga í framtíðinni sem vegna viðgangs lýðræðis í heiminum, að reynt sé að finna ráðstafanir til þess að hnekkja yfirgangi alþjóðlegra auðhringa og koma í veg fyrir, að þeir knýi ríkisstjórnir og heilar þjóðir til að lúta vilja sínum. Slíkt er jafnsjálfsagt alþjóðamál og að hnekkja sjóránum, stöðva alþjóðlega eiturlyfjasölu og eltast við alþjóðlega glæpahringa.

Tillaga þessi er flutt til þess, að ríkisstjórn Íslands taki frumkvæði í þessum málum. Verður nánari grein gerð í framsögu.

Nd. 213. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt ýtarlega um frv. og ýmist fengið á sinn fundi fulltrúa eða aflað sér álitsgerða frá höfundum frumvarpsins og samtökum stúdenta heima og erlendis. Álitsgerðir Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenzkra stúdenta erlendis eru birtar sem fylgiskjöl.

Nefndin er sammála þessum aðilum um, að með frv., ef að lögum verður, sé stigið þýðingarmikið spor í rétta átt, enda nauðsynlegt fyrir framtíð þjóðarinnar, að efnilegt æskufólk geti aflað sér þeirrar menntunar innanlands eða utan, sem hugur þess hneigist til.

Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Í 1. gr. er þessi málsgrein: „Lán skulu að jafnaði því aðeins veitt til náms erlendis, að eigi sé unnt að leggja stund á það á Íslandi.“ Leggur nefndin til, að þetta falli niður og þessi stefna verði ekki ákveðin í lögum. Kennsla við lítinn háskóla getur verið einhæf eða mótazt af sérstökum skoðunum eins kennara, og er þá þröngsýni að leyfa ekki einhverjum stúdentum að nema þá grein við aðrar aðstæður. Þá mundi ákvæðið torvelda stúdentaskipti, sem nú fara í vöxt. Þótt sýnd sé víðsýni í þessum efnum, er engin ástæða til að ætla, að það dragi óeðlilega frá Háskóla Íslands. Stjórn lánasjóðs hefur raunir framkvæmd þessara mál í hendi sér.

Við 2. gr. er gerð sú breytingartillaga, að fulltrúar stúdenta heima og erlendis verði skipaðir til tveggja ára, en ekki fjögurra, eins og aðrir í stjórninni, og er það af augljósum ástæðum.

Breytingartillaga við 4. gr. er nánast leiðrétting.

Við 5. gr. eru þrjár breytingartillögur. Sú fyrsta þarf ekki skýringar. Önnur er á þá lund, að fellt verði úr frumvarpinu ákvæði um, að setja skuli tryggingu fyrir skuldum. Telur nefndin rétt, að stjórn sjóðsins ákveði eftir aðstæðum, hvort og hvernig trygginga verði krafizt. Er sérstaklega haft í huga, að þetta atriði valdi ekki efnalitlum námsmönnum sérstökum erfiðleikum. Loks er sú breytingartillaga við 5. gr., að við greinina bætist ákvæði þess efnis, að látist námsmaður eða verði öryrki, verði lán hans óafturkræf. Þessari reglu hefur verið fylgt til þessa, en rétt þykir að setja hana í lög.

Brtt. við 8. gr. er sama efnis og tillagan við 1. gr.

Við 9. gr. er gerð sú brtt., að miða skuli við próf eftir 4 ára nám hið skemmsta í stað 5 ára, eins og segir í frv., er styrkt sé framhaldsnám. Þykir rétt að stytta þennan tíma, þar sem áhugi er á að stytta háskólanám yfirleitt, m. a. með lengra skólaári, og eru uppi áform í þá átt í einstökum deildum Háskóla Íslands.

Nefndin er sammála um afgreiðslu málsins með þeim brtt., sem hún flytur, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingum.

IG var fjarstaddur lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. febr. 1967.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Sigurvin Einarsson.
Einar Olgeirsson.	Guðl. Gíslason.	Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal I.

Álit Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

Í tilefni af frumvarpi til laga um námslán og námsstyrki, sem háttvirt menntamálanefnd hefur nú til athugunar, leyfir Stúdentaráð Háskóla Íslands sér að senda yður eftirfarandi ályktun sína, gerða á fundi í ráðinu þann 28. nóv.:

„SHÍ fagnar þeirri stefnu, sem tekin er upp í frumvarpinu samkv. 2. gr. Þá fagnar SHÍ einstökum nýmælum, sem fram koma í frumvarpinu, og bendir þar m. a. á, að gert er ráð fyrir, að deildaskipting milli námsmanna hérlendis og erlendis verði felld niður, að lánin greiðist með jöfnum ársgreiðslum og að stofna skuli til kandidatastyrkja.

SHÍ vill þó gera örfáar athugasemdir við frumvarpið og beinir þeim til Alþingis:

1. SHÍ leggur til, að fulltrúi þess verði skipaður til tveggja ára í senn í stað eins árs, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er það í samræmi við lög SHÍ, en meðlimir stúdentaráðs eru kjörnir til tveggja ára í senn, og þykir það árangursríkara en skemmra kjörtímabil.

2. Þá vill SHÍ gera athugasemd við 4. lið 4. greinar. SHÍ álítur, að skilyrði þess, að náð verði markmiði 2. greinar frumvarpsins, séu réttar og nákvæmar upplýsingar um raunverulegan námskostnað á hverjum tíma. Því telur SHÍ, að fastar þurfi að kveða að orði um skyldu sjóðsstjórnar til gagnasöfnunar og kostnaðarkannana.
3. Við 9. grein frumvarpsins þykir SHÍ rétt að gera eftirfarandi athugasemd: Gert er ráð fyrir í þessari grein, að 5 ára nám hið skemmsta fyrir lokapróf sé skilyrði styrks, en að öðrum kosti skuli námsmönnum heimilt, taki námið skemmri tíma, að njóta lána, þar til 5 ára markinu er náð. SHÍ bendir á í þessu sambandi, að samkvæmt nýjum reglugerðum fyrir B.A.-deild og viðskiptafræðideild er gert ráð fyrir, að námið taki ekki nema 3—4½ ár í þeirri fyrrnefndu, en 4—6 ár í þeirri síðarnefndu. Af þessum orsökum telur SHÍ eðlilegt, að markið verði fært niður í 4 ár. En um leið vill SHÍ benda á, að mikill áhugi er á því í háskólanum að lengja skólaárið og stytta þar með heildarnámstímann. Kann því svo að fara, að ákvæði 9. greinar verði úrelt innan örfárra ára.

Að lokum vill SHÍ taka eftirfarandi fram: Samkvæmt útreikningi nam samanlögð námsaðstoð við námsmenn erlendis skólaárið 1965—66 47% af allri umframfjárþörf þeirra. Á sama tíma mun aðstoðin hafa numið 28% af umframfjárþörf námsmanna við Háskóla Íslands. Er því ljóst, að stórauka þarf framlag ríkisins til námsaðstoðar, eigi að komast nálægt markmiði frumvarpsins samkv. 2. grein.

SHÍ álítur það þjóðfélaginu hagkvæmast, að heildarnámstími stúdenta sé sem skemmstur, en þjóðfélagið verði þá að hlaupa undir bagga með stúdentum, svo að þeim sé fjárhagslega kleift að stunda nám sitt."

Stúdentaráð vonast til, að þessar athugasemdir verði teknar til vinsamlegrar athugunar af háttvirtri menntamálanefnd.

Virðingarfyllst,

Skúli G. Johnsen.

Fylgiskjal II.

Álit Sambands íslenzkra stúdenta erlendis.

SÍSE, Samband íslenzkra stúdenta erlendis, fagnar frumvarpinu í heild og telur, að hér sé stigið spor til framtíðarlausnar á málum íslenzkra námsmanna heima og erlendis, þótt of skammt sé gengið.

SÍSE fagnar einstökum nýmælum, sem eru í frumvarpinu, og má þar m. a. nefna afnám deildaskiptingar milli námsmanna heima og erlendis og kandidatastyrki.

Helztu breytingartillögur SÍSE eru þessar:

1) 1. grein. Að því er varðar námsmenn, er nema greinar, sem unnt er að leggja stund á við Háskóla Íslands, þá telur SÍSE mjög varhugavert að fella niður lán til þeirra og bendir í því sambandi á eftirfarandi atriði:
   1) Ef um er að ræða ófullnægjandi kennslu í greinum við Háskóla Íslands, t. d. tungumálum og sögu, er fáránlegt að fyrirbyggja mönnum nám við erlenda háskóla.
   2) „Ef sérstök atvik banna mönnum nám í grein sinni á Íslandi, svo sem aðgangstakmarkanir vegna þrengsla," eins og segir í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins, sbr. bls. 8, ætti námsmaður að sjálfsögðu að fá lán og styrki samkvæmt frumvarpinu.
   3) Í framkvæmd mundi grein þessi hamla stúdentaskiptum milli Íslands og annarra landa, sem færast nú mjög í aukana, bæði milli Evrópulanda innbyrðis og Evrópu og Ameríku.

4) Vegna aukins kostnaðar við nám erlendis munu íslenzkir námsmenn frekar stunda nám sitt hérlendis, ef kostur er, og því vart við að búast, að straumur íslenzkra stúdenta til erlendra háskóla aukist mjög af þessum sökum.
5) SÍSE telur, að grein þessi mundi í framkvæmd fremur hindra samkeppni milli Háskóla Íslands og erlendra háskóla.

2) 2. grein. Það er skoðun SÍSE, að aðstoð við námsmenn verði ekki komin í viðunandi horf, fyrr en 100% umframfrjárþarfar verða greidd af opinberri hálfu. Er það og stefna sú, sem mörkuð er í 2. grein.

SÍSE fer fram á, að sett verði skýr ákvæði um það í 2. grein, hvenær markmiði því, sem þar er sett, skuli náð í síðasta lagi.

3) 3. grein. SÍSE leggur til, að fulltrúi þess verði skipaður til tveggja ára í stað fjögurra, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Nauðsynlegt er, að fulltrúi SÍSE í stjórn Lánasjóðs haldi stöðugu sambandi bandi við stúdenta og hagsmunabaráttu þeirra. Telur stjórn SÍSE því rétt, að henni gefist kostur á að kjósa fulltrúa sinn í nefndina á tveggja ára fresti.

4) 4. grein. **Könnun á umframfjárþörf:** SÍSE telur, að fastar þurfi að kveða að orði um skyldu sjóðstjórnar til gagnasöfnunar og könnunar á umframfjárþörf. Skilyrði þess, að markmiði 2. greinar frumvarpsins verði náð, eru réttar og nákvæmar upplýsingar um námskostnað á hverjum tíma og stað. SÍSE telur, að á minnst tveggja ára fresti þurfi að fara fram nákvæm könnun á námskostnaði og umframfjárþörf. Við útreikning á hugsanlegum tekjum námsmanna þarf m. a. að taka tillit til dvalarkostnaðar í leyfum.

5) 5. grein. SÍSE fer fram á, að skuldabréfum og tryggingu námsmanna fyrir greiðslu lána verði sleppt, en upp verði tekin **ríkisábyrgð á námslánum.**

SÍSE bendir á, að skv. frumvarpinu er gert ráð fyrir, að niður falli úr lögum, að Lánasjóður sé sjálfseignarstofnun, þar sem fjáröflun hans er háð árlegum fjárveitingum á fjárlögum. Telur SÍSE það óþarfa skriffinnsku, að lántökum sé gert að gefa úr skuldabréf og setja tryggingu fyrir greiðslu lána. Einnig bendir SÍSE á, að efnalitlir námsmenn eiga oft erfitt með að fá ábyrgðarmenn og að námsmönnum yfirleitt veldur skuldabréfafyrirkomulagið talsverðum töfum á því, að fjárhagsaðstoðin komist til þeirra. Ríkið hefur einnig öll nauðsynleg tæki til að innheimta útistandandi skuldir.

Þá fer SÍSE fram á, að sett verði í 5. grein frumvarpsins ákvæði um, að **lán námsmanna, sem látast, örkumlast eða missa tekjuöflunarhæfni, verða óafturkræf.**

Það hefur að vísu tíðkazt í framkvæmd, að lán séu þá ekki innheimt, en engu að síður, og einmitt af þeim sökum, er sjálfsagt að setja það í lögin.

6) 12. grein. **Um heimild sjóðstjórnar til lántöku:** Að áliti SÍSE er þetta **grundvallarskilyrði** fyrir því, að markmið það, sem sett er í 2. grein frumvarpsins, náist í náinni framtíð, og er því í fullu samræmi við stefnu þá, sem frumvarpið markar. Það er og eðlilegt, að ríkissjóður greiði vexti af því fé, sem á skortir, að veitt sé á fjárlögum til þess að framkvæma þá námsaðstoð, sem ríkisstjórn og Alþingi hafa ákveðið.

7) **Úthlutunarreglur.** Gert er ráð fyrir, að lán til námsmanna á 1. ári nemi 30% af umframfjárþörf og hækki síðan upp í 80% á 5., 6. og 7. námsári. Þetta hækkar vissulega námslán fyrir þá, sem eldri eru, en fyrir 1. árs menn lækka lánin frá því, sem nú er, samkvæmt úreikningi okkar.

Fer því SÍSE fram á, að námslán á 1. ári nema minnst 50% af umframfjárþörf í stað 30%. Enn fremur, að námslánin stighækki upp í 100% umframfjárþarfar seinni námsáranna.

Með frumvarpi þessu er stigið skref í rétta átt, en SÍSE gerir sér full grein fyrir, að það þyrfti að vera stærra, en telur það verkefni þessa þings og komandi þinga að bæta úr einstökum atriðum eftir nákvæma rannsókn, t. d. varðandi fjárhagsaðstoð við námsmenn, sem þegar hafa stofnað eigin heimili (þriðjungur skv.

könnun Þóris Bergssonar). Einnig telur SÍSE, að rétt gæti verið að úthluta lánsfé og styrkjum mánaðarlega yfir allt skólaárið, eins og tíðkast í mörgum löndum, t. d. Frakklandi og Þýzkalandi. SÍSE bendir einnig á, að brýn nauðsyn er, að tekið verði fullt tillit til þarfa listnema, þannig að þeir standi ekki utangarðs, er aðrir fá fjárhagsaðstoð af opinberri hálfu. Stjórn Lánasjóðs gæti leitað til sérfróðra aðila til að dæma um „styrkhæfni" námsins. Einnig kemur til greina, að stofnaður verði sérstakur sjóður á vegum ríkisins til að styrkja listnema.

Hvað snertir formið á aðstoð hins opinbera við námsmenn, hvort hún skuli vera styrkir eða lán, þá væri að vísu æskilegt, að stærri hluti fjárhagsaðstoðarinnar fælist í styrkjum en nú er gert ráð fyrir, en vissulega er aðalatriðið, jafnt fyrir íslenzku þjóðina sem námsmenn hennar, að opinber aðstoð nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði.

Um fjárveitingu ríkisins til Lánasjóðs.

Ef reiknuð er út raunveruleg hækkun fjárveitinga til stúdenta, þ. e. þegar reiknað hefur verið með framlagi vegna fjölgunar námsmanna, útvíkkunar lánakerfisins og verðlagshækkana, þá er hækkunin aðeins 1.7 milljónir króna.

Heildaraðstoðin við námsmenn í ár er 20.1 millj. kr. eða 38% af umframfjárþörfinni. Árið 1967 er hún 29.8 millj. kr. eða 46%. Því skortir 54% á, að umframfjárþörfinni sé mætt eða með öðrum orðum skortir 35 millj. kr. framlag. Hvernig eiga námsmenn að mæta því, sem á skortir? Verða þeir að reiða sig á aðstoð foreldra sinna og almennan lánamarkað til að afla umframfjárins alls?

Ef tekið væri tillit til hjúskapar stúdenta, þyrfti aðstoðin að vera 80 millj. kr. eða um 2% af fjárlögum.

Að lokum má minna á, að stúdentar greiða á 5 árum 20 000 kr. til almannatrygginga, á sama tíma og þeir fá í styrk frá ríkinu 38 000 kr.

Þessi ályktun var samþykkt af fullskipaðri stjórn Sambands íslenzkra stúdenta erlendis 2. janúar 1967.

Gylfi Ísaksson. Ólafur Einarsson.

Nd. 214. Breytingartillögur [22. mál]

við frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Síðari málsgr. falli niður.
2. Við 3. gr. Önnur málsgr. hljóði svo:
   Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar Sútdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, sem skipaðir eru til tveggja ára.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „Hlutverk sjóðsins er" í upphafi gr. komi: Hlutverk stjórnar sjóðsins er.
4. Við 5. gr.
   a. Orðin „úr lánasjóði íslenzkra námsmanna" í upphafi gr. falli niður.
   b. Orðin „og setja tryggingu samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins" í lok þriðju málsgr. falli niður.
   c. Aftan við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skulu óafturkræf.
5. Við 8. gr. Orðin „í þeim greinum, sem eigi verður lögð stund á hérlendis" falli niður.
6. Við 9. gr. Í stað orðanna „5 ára" í fyrstu og annarri málsgr. komi: 4 ára.

Nd. 215. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. febr. 1967.

Benedikt Gröndal, form. Axel Jónsson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Sigurvin Einarsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 216. Frumvarp til laga [116. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Eðvarð Sigurðsson, Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal nú þegar æskja endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkv. heimild í 7. gr. samningsins, og síðan segja samningnum upp, þegar sá endurskoðunarfrestur, er í samningnum er ákveðinn, heimilar það.

2. gr.

Um leið og samningnum er sagt upp, falla lög nr. 110 19. des. 1951, um lagagildi nefnds varnarsamnings, úr gildi.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal, um leið og samningnum er sagt upp, leggja svo fyrir, að stöðva skuli þær framkvæmdir, er fram fara í Hvalfirði á vegum hersins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Atlantshafssamningurinn var gerður 4. apríl 1949, var því sérstaklega lýst yfir af ríkisstjórn Íslands og staðfest af utanríkisráðherra Bandaríkjanna, að hér á landi skyldi eigi verða her á friðartímum og eigi yrði farið fram á slíkt.

Þegar ríkisstjórn Íslands gerði samning við Bandaríkjastjórn 5. maí 1951 um að leyfa bandarískum her herstöðvar hér, var það gert að Alþingi forspurðu og samningurinn eigi lagður fyrir Alþingi fyrr en haustið 1951, er hinn ameríski her hafði hernumið þær stöðvar í landinu, er hann óskaði eftir, og Alþingi stóð þannig frammi fyrir fullgerðum staðreyndum: hernumdu landi.

Þetta hernám Íslands var framkvæmt, er „kalda stríðið“ stóð sem hæst, og jafnvel var í áróðri reynt að tengja Kóreustríðið, sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu verið flæktar í, við nauðsyn þessa hernáms. Í Evrópu var þá taugastríð mikið og harka í viðskiptum stórveldanna, verzlunarstríð raunverulega í algleymingi og

margar blikur á lofti, er beitt var í áróðri þá til þess að afsaka, að horfið hafði verið frá margyfirlýstri stefnu Alþingis, sem einnig var ítrekuð við inngönguna í Atlantshafsbandalagið, um, að eigi skyldi vera her hér á friðartímum.

Mikill hluti þjóðarinnar hefur frá upphafi verði andvígur hernáminu og hefur barizt fyrir því í hálfan annan áratug að fá því aflétt.

En einnig frá sjónarmiði þeirra, sem þolað hafa hersetuna eða verið hliðhollir henni, ætti afstaðan nú að vera gerbreytt, sökum þess að þær forsendur, er fylgjendur hernámsins byggðu það á, eru brostnar.

„Kalda stríðið" er nú liðið sögulegt skeið. Í stað verzlunarstríðs milli hinna andvígu stórvelda eru komin sívaxandi viðskipti á öllum sviðum. Hver samningur þeirra á milli um kjarnorkumál, menningarsamstarf o. s. frv. rekur annan. Frakkland, eitt af stórveldum Atlantshafsbandalagsins, hefur slitið hernaðarsamvinnu við það. Margir álíta Atlantshafsbandalagði í upplausn og tímabært að leggja bæði það og Varsjárbandalagið niður. Forsendur þær, er formælendur hernámsins byggðu á 1951, eru brott fallnar.

Hins vegar sýnir það sig í æ ríkara mæli, að rétt er það, sem hernámsandstæðingar hafa ætíð haldið fram, sem sé þetta:

Svo fjarri því að vera vernd í stríði, þá væru herstöðvar Bandaríkjanna á Íslandi þvert á móti lífshætta fyrir þjóðina í ófriði, því að þær drægju að sér gagnárásir hugsanlegs ófriðaraðila, sem möguleiki var þó til, að þjóðin slyppi við, ef engar herstöðvar væru.

En þar að auki sýnir sár reynsla, að herstöðvar á friðartímum hafa verið þjóð vorri mjög skaðsamlegar siðferðislega, menningarlega og þjóðernislega. Þarf ekki að rekja þá sorgarsögu í einstökum atriðum. Það nægir að minna á sjónvarp hersins á Keflavíkurflugvelli, þá spillingu, sem það þegar hefur valdið, ekki sízt á ungu kynslóðinni, þá þjóðernislegu smán, sem sú einokun framandi hers á áhrifamesta fjölmiðlunartæki nútímans er fyrir Íslendinga.

Herstöðvar Bandaríkjahers hafa nú verið allt of lengi á Íslandi. Engin rök mæla með því að þær séu hér áfram. Þvert á móti vofir sú hætta yfir, að sé herinn ekki látinn fara **nú**, þá færi hann sig upp á skaftið og fari að hreiðra hér um sig á nýjum stöðum, þegar Bandaríkin eru annars að fækka herstöðvum sínum um allan heim og draga úr her sínum í Evrópu. Einmitt hernaðarframkvæmdirnar í Hvalfirði eru sönnun fyrir þeirri hættu, að Bandaríkjaher fari að búa meir og meir um sig til frambúðar á landi voru, ef honum er eigi sagt að fara nú þegar. Væri slíkt framferði Bandaríkjahers að leggja Ísland þannig undir sig sem hernaðarlega nýlendu í samræmi við þær fyrirætlanir að tryggja sér herstöðvar á Íslandi til 99 ára fyrir Bandaríkjaher einvörðungu, án alls tillits til samstarfs við ríki í Evrópu, sem fram komu 1. október 1945, er Bandaríkjastjórn reyndi að fá samning um að fá þrjá tiltekna hluta af íslenzku landi afhenta undir alger bandarísk yfirráð aldarlangt. En því neitaði þá öll þjóðin.

Það eru því síðustu forvöð að segja hernámssamningnum nú upp, áður en Bandaríkin taka að gerast enn frekari til yfirráða á landi voru.

28. marz 1956 var samþykkt af hálfu Alþingis að segja þessum samningi upp, en eigi framkvæmt.

Á Alþingi 1959—60 og aftur á Alþingi 1964—5 fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins tillögu til þingsályktunar um brottför hersins. Eru þær tillögur með greinargerðum þeim, er þá fylgdu þeim, prentaðar sem fylgiskjöl I og II hér á eftir.

Þingmenn Alýðuþýðubandalagsins í Nd. flytja þetta mál í frumvarpsformi að þessu sinni, og eru þingmenn Alþýðubandalagsins í Ed. allir samþykkir frumvarpinu.

Fylgiskjal I.

Á Alþingi 1959—60 fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins eftirfarandi till. til þál.:

Tillaga til þingsályktunar um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og brottvísun Bandaríkjahers úr landinu.

Flm.: Alfreð Gíslason, Ásmundur Sigurðsson, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar — með sérstöku tilliti til þess, að Bretar hafa með vopnavaldi brotið rétt á Íslendingum og að bæði þeir og Bandaríkjamenn hafa á alþjóðavettvangi beitt öllu áhrifavaldi sínu gegn því lífshagsmunamáli, sem 12 mílna fiskveiðilandhelgin er Íslendingum — að fela ríkisstjórninni að tilkynna nú þegar ráði Atlantshafsbandalagsins úrsögn Íslands úr bandalaginu og enn fremur að segja tafarlaust upp varnarsamningnum við Bandaríkin í því skyni, að allur her verði hið fyrsta á brott og herstöðvar á Íslandi verði lagðar niður.

Greinargerð.

Árið 1949 fól Alþingi ríkisstjórninni að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að svonefndum Norður-Atlantshafssamningi. Með undirritun þess samnings var ákveðin og innsigluð hlutdeild hinnar vopnlausu íslenzku þjóðar í hernaðarbandalagi. Þeirri hlutdeild fylgdu réttindi og skyldur. Skyldurnar hefur íslenzka ríkið rækt. Ríkið hefur ekki aðeins staðið við þær skuldbindingar, sem það undirgekkst, heldur hafa og verið lagðar á þjóðina þungar byrðar, sem hún í upphafi áskildi sér rétt til að vera laus við. Nægir í því sambandi að minna á herinn og herstöðvarnar í landinu. Samningurinn var undirritaður með þeim fyrirvara af Íslands hálfu, að ekki kæmi „til mála, að útlendur her fengi að hafa aðsetur á Íslandi á friðartímum, né yrðu þar leyfðar herstöðvar".

Síðar létu íslenzkir valdamenn undan ásókn Bandaríkjanna og leyfðu hersetu í landinu. Með því var þjóðin látin takast á herðar þunga byrði umfram allt annað, sem hún hafði skuldbundið sig til með undirritun Atlantshafssamningsins, en það er meira en sagt verður um ýmsa aðra aðila þessa hernaðarbandalags.

Tvær voldugustu þjóðir Atlantshafsbandalagsins, Bandaríkjamenn og Bretar, hafa nú um langt skeið háð miskunnarlausa baráttu við Íslendinga, beitt sér með öllum ráðum gegn brýnasta hagsmunamáli þeirra og hvorki sparað til þess fé né fyrirhöfn. Bretar hafa látið herskip sín ösla um í íslenzkri fiskveiðilandhelgi veiðiþjófum til verndar, og brezkir sjóliðsforingjar hafa þrásinnis hótað Íslendingum lífláti, ef þeir dirfist að gæta laga og réttar í eigin landhelgi.

Þessari vopnuðu árás Breta hefur bandaríska varnarliðið á Íslandi svarað með fullkomnu aðgerðarleysi, og sannaðist með því, að Bandaríkin hafa hér herlið einhverjum öðrum til verndar en Íslendingum, ef á er ráðizt.

Á alþjóðavettvangi hafa Bandaríkin frá upphafi stutt brezku ríkisstjórnina í landhelgismálinu, og þau hafa gert það með vaxandi þunga. Á sjóréttarráðstefnunni í marz—apríl 1960 tóku Bandaríkin blátt áfram forustuna í baráttunni gegn hagsmunum Íslands og neyttu þar allra bragða, sem stórveldi eru tiltæk.

Þess er vert að minnast, að bæði þessi stórveldi hafa, eins og aðrar þjóðir, viðurkennt þá staðreynd, að fiskimiðin umhverfis landið séu Íslendingum lífsnauðsyn. Þau neita ekki í orði þörfinni á verndun fiskimiðanna, og þau þykjast skilja sérstöðu Íslendinga sem fiskimanna. Allt um það berjast þau á móti. Þau gera sér ljóst, að hér er um lífshagsmuni Íslendinga að tefla og engra annarra, og gegn þeim hagsmunum berjast þeir með klóm og kjafti.

Eru þessar aðfarir tveggja forustuþjóða Atlantshafsbandalagsins gegn Íslandi í samræmi við gerðan samning?

Í 1. gr. Atlantshafssamningsins segir svo:

„Aðilar takast á hendur, svo sem segir í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða, **að leysa hvers konar milliríkjadeilumál, sem þeir kunna að lenda í, á friðsamlegan hátt,** þannig að alþjóðafriði, öryggi og réttlæti sé eigi stofnað í hættu, **og að beita ekki hótunum né valdi í milliríkjaskiptum** á nokkurn þann hátt, sem ósamrýmanlegur er markmiðum Sameinuðu þjóðanna."

Þannig hljóðar 1. gr. þessa samnings. Ákvæði hennar um friðsamlega lausn deilumála hlýða Bretar með því að senda sjóher sinn á Íslandsmið til árása á þá bandalagsþjóð sína, sem er sú minnsta og um leið sú eina, er ekki getur með morðvopnum borið hönd fyrir höfuð sér. Í skiptum sínum við Íslendinga beita Bretar bæði hótunum og valdi. Þeir hafa hótað að skjóta íslenzk skip í kaf, reynt að sigla þau í kaf, og þeir hafa hernumið íslenzka menn að skyldustörfum við strendur landsins. Slíkur hefur réttur Íslendinga orðið í reynd í samskiptum við eina öndvegisþjóð Atlantshafsbandalagsins.

Í 2. gr. samningsins segir m. a. á þessa leið:

„Aðilar munu stuðla að frekari þróun friðsamlegra og vinsamlegra milliríkjaviðskipta." — Hafa ekki Bandaríkjamenn og Bretar gætt þessa í viðskiptum við Íslendinga? Nei, þróunin hefur orðið öfug, síðan samningurinn var undirritaður. Árið 1952 var sett löndunarbann á íslenzkan fisk í Bretlandi, og þá átti að svelta Íslendinga til hlýðni. Árið 1958 var gengið feti lengra og sendur til Íslands herskipafloti þeirra erinda að traðka rétt bandalagsþjóðarinnar. Á þá lund hafa Bretar látið „hin friðsamlegu og vinsamlegu milliríkjaviðskipti" þróast, að því er viðkemur Íslendingum, og til þess hafa þeir notið stuðnings Bandaríkjamanna í vaxandi mæli.

Loks er í 5. gr. þessa ágæta samnings svofelld klausa:

„Aðilar eru sammála um, að vopnuð árás á einn þeirra eða fleiri í Evrópu eða Norður-Ameríku skuli talin árás á þá alla." Samkvæmt þessu átti herhlaup Breta á Íslandsmið og vopnuð valdbeiting þeirra þar að jafngilda árás á t. d. sjálf Bandaríki Norður-Ameríku. Þó snerust hvorki þau né önnur bandalagsríki til varnar, og var með því aðgerðarleysi framið enn eitt samningsbrot á Íslendingum. Voru öll aðildarríki bandalagsins samsek um það brot, þótt höfuðábyrgðin hvíli á Bandaríkjunum sem voldugustu þjóðinni og þeirri, sem herstöðvar hefur hér á landi.

Mikill hluti Íslendinga gerði sér frá upphafi ljóst, að þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu var ósamrýmanleg afstöðu Íslendinga sem friðelskandi, vopnlausrar þjóðar, er lýst hafði yfir ævarandi hlutleysi í ófriði, er vér öðluðumst fullveldi 1918. Einnig var miklum hluta þjóðarinnar ljóst, að þátttakan í þessu hernaðarbandalagi gat valdið tortímingu þjóðarinnar, ef til stríðs kæmi. Og smátt og smátt gerðu sífellt fleiri Íslendingar, sem áður voru fylgjandi samningnum, sér ljóst, að Atlantshafssamningurinn er einskis virði, þegar hagsmunir Íslands eru annars vegar. Þó gekk fyrst alveg fram af þeim, er þeir fréttu af háttalagi Bandaríkjastjórnar á síðustu Genfarráðstefnu. Þar beittu Bandaríkin skefjalausum áróðri og baktjaldamakki gegn íslenzka málstaðnum og virtust næstum einskis svífast til þess að fá vilja sínum framgengt, þótt það til allrar hamingju mistækist.

Íslenzku þjóðinni er nú nóg boðið. Hún getur ekki náð rétti sínum með vopnavaldi né með áhrifavaldi stórþjóðar, en hún getur svarað samningsrofunum og ofbeldinu á annan hátt. Hún getur sagt sig úr bandalagi við yfirgangsseggi, heimtað herinn brott úr landinu og herstöðvarnar jafnaðar við jörðu. Þetta ber henni að gera. Með því vinnur hún á í áliti allra þjóða, einnig þeirra, sem nú traðka á rétti hennar. Sá manndómur Íslendinga að ganga úr Atlantshafsbandalaginu og vísa hernum burt vegna ágengni og kúgunar tveggja stærstu þjóða þess mun um það er lýkur aðeins skapa aðdáun og virðingu annarra þjóða, ekki sízt þeirra, sem við harðrétti búa og fyrir sjálfstæði sínu berjast.

Hér hefur verið rætt um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og brottvísun Bandaríkjahers sem nauðsynlega og eðlilega mótaðgerð gegn þeim órétti, sem landsmenn eru beittir æ ofan í æ. Fjölmörg önnur rök hníga og í sömu átt og hafa verið borin fram á Alþingi 1949 og síðan. Íslendingar hafa ekkert gagn af hlutdeild í hernaðarbandalagi, heldur kalla með því yfir sig ægilegar hættur. Erlendur her og herstöðvar eru þjóðinni hættulegar á margan hátt. Vopnlaus og fámenn þjóð eins og Íslendingar á að skipa sér í raðir hinna hlutlausu ríkja og vinna að friðarmálum á vettvangi þjóðanna. Það hlutverk eitt sæmir henni og skapar henni virðingu. Skilyrðislaus tryggð og þjónkun við ákveðin herveldi hæfir ekki Íslendingum. Þeir vilja ekki hafa húsbónda, sem öðru hvoru fleygir í þá beini til að naga, en sparkar í þá eins og rakka þess á milli. Annars skal ekki frekar rakið allt það, sem með því mælir, að Ísland standi utan hernaðarbandalaga, enda þess ekki þörf hér, svo oft sem um þau mál hefur verið rætt áður.

Fylgiskjal II.

Á Alþingi 1964—65 fluttu þingmenn Alþýðubandalagsins eftirfarandi till. til þál.:

Tillaga til þingsályktunar um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Alfreð Gíslason, Ragnar Arnalds, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Hinn 1. desember 1918, þegar Ísland gerðist fullvalda ríki, átti sér stað atburður, sem um margt var einstæður í sögu síðari tíma. Íslendingar voru langsamlega fámennust fullvalda þjóð í veröldinni, þá aðeins rúmlega 90 þúsundir manna. Fullveldiskynslóðin gerði sér ljóst, að fámennið markaði Íslendingum sérstöðu um margt, lagði þeim sérstakar skyldur á herðar, hvatti til varkárni, en einurðar og festu í öllum skiptum við umheiminn. Íslendingum datt ekki í hug að einangra sig. Þeir voru staðráðnir í að byggja hér upp nútímaþjóðfélag, taka eðlilegan þátt í samskiptum ríkja, en gæta í hvívetna sæmdar sinnar og sjálfsvirðingar. Flestum var ljóst, að það gæti kostað fórnir að varðveita og efla íslenzkt sjálfstæði. Ætti svo sárafámenn þjóð að fá valdið hlutverki sínu, hlaut hún að forðast að láta annarleg sjónarmið draga hugann frá íslenzkum vandamálum. Forustumenn Íslendinga á þessum tímum báru gæfu til að leggja grundvöll að sjálfstæðri stefnu í utanríkismálum. Það gerðist, þegar lýst var yfir ævarandi hlutleysi landsins. Þá var vel af stað farið og viturlega. Þjóðin stóð einhuga að baki þessari mikilvægu ákvörðun. Menn skildu, að hlutleysi í hernaði hæfði betur en nokkuð annað fámennri og vopnlausri þjóð, sem kaus að vera fullvalda og eiga einvörðungu friðsamleg skipti við allar aðrar þjóðir.

Allt fram yfir stofnun lýðveldisins 1944 mátti segja, að íslenzkir stjórnmálamenn og íslenzk þjóð fylgdi nokkurn veginn þeirri utanríkisstefnu, sem eðlileg var smáríki, er vildi halda sjálfstæði sínu og sæmd. Frá árdögum fullveldisins hafði þjóðinni fjölgað um þriðjung. Efnahagurinn hafði stórbatnað og möguleikarnir til að efla atvinnuvegina og treysta íslenzka menningarsókn voru meiri en nokkru

sinni. Hið unga íslenzka lýðveldi hlaut viðurkenningu jafnt stórvelda sem smáríkja og átti þess allan kost að ganga fram frjálst og óháð í fylkingu þjóðanna. Ekkert virtist sjálfsagðara en að Íslendingar neyttu þessa færis, kostuðu kapps um góð og heilbrigð skipti við önnur lönd og beittu áhrifum sínum, þótt takmörkuð væru, við hlið annarra óháðra ríkja til fulltingis kröfunni um allsherjar afvopnun og frið.

En við áttum ekki slíku láni að fagna. Þegar lýðveldisfáninn íslenzki var dreginn að húni, stóð heimurinn í báli. Sá eldur var að vísu slökktur ári síðar. Í fyrstu virtust góðar horfur á, að þær þjóðir, er sameinaðar höfðu brotið morðvél fasismans, bæru gæfu til að skipa málum af einhug og raunsýni, tryggja afvopnun og varanlegan frið. En mannkynið reyndist enn sem fyrr sjálfu sér sundurþykkt, stormar ólíkra hugmyndakerfa tóku að geisa frá öndverðum heimshornum. Síðan hefur mannkynið búið við kalt stríð. Og fyrr en varði hafði vígstöðvum kalda stríðsins verið komið upp á Íslandi. Voldugasta ríki á vesturhveli jarðar sóttist hér eftir hernaðaraðstöðu á láði og legi. Eftir nokkurt hik og skammvinna mótstöðu tókst að ginna andvaralausa valdamenn landsins til að fórna hlutleysinu. Síðan hefur ekki verið um að ræða neina íslenzka stefnu í utanríkismálum. Upp frá þeim degi, er hlutleysinu var fórnað, hafa flestar mikils háttar ákvarðanir, sem varða þau mál, verið teknar á erlendum vettvangi, af erlendum mönnum, í þágu annarlegra sjónarmiða. Þetta er afleiðing þess, að vopnlaus þjóð var ginnt í herbandalag. Fyrstu árin eftir þau umskipti áttu íslenzkir ráðamenn það til að ræða utanríkismál af nokkurri kokhreysti, eins og þeirra væri mátturinn og valdið. Þá fullyrtu þeir ýmislegt, sem þeir reyndust síðar ekki menn til að standa við, svo sem það, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. En þeir komust fljótlega að raun um, að valdið var ekki þeirra í þessum efnum. Ýmsar ákvarðanir íslenzkra valdamanna hin síðari ár verða og naumast skýrðar á annan veg en þann, að þeir telji sig bundna af samningum til þóknunar og hlýðni við erlenda aðila. Og nú gæta þeir tungu sinnar betur en áður. Þegar utanríkisráðherra var að því spurður á Alþingi í fyrra, hvort leyfð yrði staðsetning kjarnavopna í landinu, svaraði hann því einu til, að fram á slíkt hefði ekki verið farið. Meira gat hann ekki sagt.

En afleiðing þess, að sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu hefur verið varpað fyrir borð, er sú staðreynd, að valdamenn skirrast ekki lengur við að brjóta jafnt landslög sem siðferðilegan rétt eigin þjóðar til að verða við tilmælum eða kröfum hernámsliðsins. Er þá ýmist við haft laumuspil eða gripið til skýringa, er reynast staðlausir stafir. Ekki var haft hátt um það, þegar Bandaríkjamönnum var í öndverðu leyfð útvarpsstarfsemi í landinu, þvert ofan í ákvæði íslenzkra laga. Og þó var enn laumulegar að farið, þegar sama aðila var veitt einkaleyfi til að reka hér sjónvarpsstöð, í fyrstu að vísu takmarkaða við herstöðina sjálfa, en í næsta áfanga opnuð leið til sjónvarpssendinga á svæði, þar sem býr meira en helmingur þjóðarinnar.

Ekkert er íslenzku þjóðinni brýnna í dag en að losna úr þeim hlekkjum, sem samningar um erlenda hersetu og aðild að hernaðarbandalagi hafa hneppt hana í. Með því móti einu að brjóta af sér slíkar viðjar geta Íslendingar mótað að nýju sjálfstæða og heilbrigða utanríkisstefnu. Tillaga sú, sem hér er lögð fram, fjallar um annan þátt þessa máls, uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenzkri grund.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um þær röksemdir, sem fylgismenn herstöðvasamningsins hafa leitazt við að halda uppi honum til varnar.

Fyrst er að nefna þá staðhæfingu, að hinn erlendi her eigi að verja Íslendinga í hugsanlegri styrjöld. Þessari kenningu var mjög hampað á fyrstu árum hernámsins en nú trúir henni vart nokkur maður lengur. Ástæðan er sú, að með tilkomu kjarnorkuvopna hafa orðið alger þáttaskil í öllum hernaði. Áður var hernaður tvíþættur, sóknarstríð og varnarstríð. En nú má segja, að annar þátturinn, varnarstríðið, sé með öllu horfinn. Því til sönnunar er þarflaust að nefna margar hern-

aðarnýjungar á atómöld. Aðeins skal á það minnzt, að á síðustu tímum hefur eldflaugatækni komizt á það stig, að hægt er að senda með hraða hljóðsins og nákvæmri öryggismiðun tortímandi vetnissprengjur milli hvaða staða á hnettinum sem er.

Með þessar staðreyndir í huga hljóta Íslendingar að svara þeirri spurningu, hvaða vernd sé að herstöð og herliði í landi þeirra í styrjöld. Svarið er einfalt og afdráttarlaust: Herlið og herstöðvar veita enga vörn.

En hervernd er verri en gagnslaus. Á sömu stundu og „verndarþjóðin" lenti í styrjöld, yrðu herstöðvar hennar hvarvetna á hnettinum ófriðarsvæði og sennilegt skotmark hins styrjaldaraðilans. Herstöð í landi okkar frá þjóð, sem ætti í styrjöld, hlyti nær óhjákvæmilega að gera það að skotspæni þegar í upphafi kjarnorkustríðs.

Nú er svo komið, að engin þjóð í víðri veröld er þess megnug að verja sitt eigið land í heimsstyrjöld, hvað þá heldur lönd annarra. Að því er „varnarleysi" snertir, er okkur ekki vandara um en öðrum. Vissulega er það rétt, að á ógnartímum kjarnorkubáls yrði enginn óhultur. En ríki án hers og herstöðva, sem lýst hefði yfir hlutleysi í hernaðarátökum, væri stórum betur sett en hernumið land. Vopnleysi og hlutleysi dregur stórlega úr hættunni á skyndiárás í upphafi styrjaldar. Og á meðan vopn eru slíðruð, yrði slík afstaða til að draga úr spennu, ákall um afvopnun, eina hugsanlega framlag smáþjóðar friði til viðhalds og verndar.

Önnur röksemd fylgismanna herstöðva á Íslandi er sú, að land okkar sé og eigi að vera hlekkur í varnarkerfi vestrænna þjóða, en slíkt varnarkerfi sé líklegt til að bægja frá hættunni af nýrri heimsstyrjöld. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þeirri kenningu er varpað fram, að vopn og vígbúnaður eigi að halda vörð um friðinn. En hefur það nokkru sinni tekizt? Er ekki deginum ljósara, að vígbúnaðarkapphlaup hefur alltaf endað á sömu lund: með styrjöld? Eru líkur til, að annað verði uppi á teningnum nú, ef ekki tekst að stöðva þetta kapphlaup? Er ekki eina von þjóðanna um frið í því fólgin, að takast megi að draga úr spennunni milli stórveldanna og styðja hverja þá viðleitni, sem miðar til afvopnunar og friðsamlegra samskipta?

Þessi augljósa staðreynd hefur þrátt fyrir allt átt vaxandi skilningi að fagna síðustu árin. Þar hafa smáþjóðirnar og hinar hlutlausu þjóðir lagt drjúgan skerf af mörkum, enda vex áhrifavald þeirra stöðugt. Allar líkur benda til, að vaxandi samstarf þeirra og samstaða á alþjóðavettvangi eigi eftir að bera ríkulegan ávöxt og stuðla að afvopnun og friðsamlegri lausn deilumála. Hlekkur í slíkri keðju ber Íslandi að vera, en ekki aðili að hernaðarsamtökum.

Þegar íslenzkir ráðamenn fengu því til leiðar komið, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, var því hátíðlega lýst yfir, að hér á landi mundi ekki dveljast her á friðartímum. Vornótt eina árið 1951 kom herinn og hefur setið hér alla stund síðan, í rétt 14 ár. Á hernum er ekkert fararsnið, heldur býr hann sig nú undir það að koma hér upp nýrri herstöð — flotastöð í Hvalfirði. Þau 14 ár, sem bandaríkur her hefur dvalizt hér í náðum, geta að vísu ekki talizt friðartímar í þeim skilningi, að hvergi í heiminum hafi komið til vopnaðra átaka. En þrátt fyrir allt hafa þess sézt ýmis merki, að ráðamenn í austri og vestri geri sér í vaxandi mæli ljósa þá ábyrgð, sem á þeim hvílir, gagnvart lífi og framtíð alls mannkyns. Augu æ fleiri manna eru að opnast fyrir því, að fjölgun herstöðva og síaukinn herbúnaður eru sízt af öllu trygging fyrir friði og öryggi. Þetta kom berlega í ljós hina örlagaríku daga í októbermánuði 1962, þegar Kúbudeilan var í hámarki. Árum saman hafði Atlantshafsbandalagið vígbúizt linnulaust. Það hafði komið upp herstöðvum víðs vegar um Evrópu og alla leið austur í Tyrkland. Bandaríkin sjálf stóðu grá fyrir atómsprengjum og vígvélum. En skyndilega vaknar hinn vestræni heimur við það, samkvæmt frásögn Bandaríkjaforseta, að hann er í ægilegum háska staddur — vegna þess að Rússar undirbúa hið sama á Kúbu og Atlantshafsbandalagið hafði fyrir löngu framkvæmt í Tyrklandi og víðar, að koma fyrir eldflaugum, sem borið geta atómsprengjur til fjarlægra skotmarka. Þegar vígbúnaðarkapphlaupið hófst að

nýju, nokkru eftir síðustu heimsstyrjöld, nefndu Bandaríkin aldrei, að lífsháski vofði yfir þeim. En eftir að þau höfðu vígbúizt dag og nótt í meira en áratug, var hann skyndilega kominn heim að bæjardyrum þeirra. — Þetta dæmi, og mörg önnur, hafa átt þátt í að efla skilning manna um heim allan á þeirri staðreynd, að vígbúnaðarkapphlaupið er sjálft undirrót háskans, fækkun herstöðva og afvopnun eina leiðin til að tryggja friðinn.

Með samningi þeim, sem gerður var árið 1964 um takmörkun tilrauna með kjarnorkuvopn, var stigið fyrsta alvarlega skrefið til að hefta hið ægilega vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna. Og þó að sorglega hægt gangi að feta í átt til afvopnunar, ríkir vaxandi skilningur á því, að þá leið verði að fara. Tortryggni sú og ótti, sem er afleiðing hernaðarbandalaga og dreifðra herstöðva um allan heim, á sinn ríka þátt í að torvelda þessa göngu. Hver viðleitni, sem að því miðar að draga úr spennunni, hver herstöð, sem niður er lögð, hreinsar andrúmsloftið og léttir gönguna í átt til friðsamlegra samskipta. Uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenzkri grund er brýnni nauðsyn nú en nokkru sinni áður. Sú ráðstöfun er ekki aðeins sjálfsögðu vegna lífshagsmuna Íslendinga, ef til ótíðinda kynni að draga. Hún er, eins og nú standa sakir, hið eina og sjálfsagða framlag okkar til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Ed. 217. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Á eftir síðari mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Tóbaksauglýsingar eru bannaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir tveim árum flutti Magnús Jónsson, núverandi fjármálaráðherra, frumvarp til laga um bann við hvers konar tóbaksauglýsingum. Í greinargerð fórust flutningsmanni m. a. orð á þessa leið:

„Lengi hefur verið í gildi bann við að auglýsa áfengi, þar eð almennt hefur verið viðurkennt, að þjóðfélagsleg nauðsyn væri að sporna gegn áfengisnautn. Nú þykir óvefengjanlega sannað af vísindamönnum, að tóbak hafi að miklum mun skaðlegri áhrif en áður hefur verið talið og eigi m. a. ríkan þátt í myndun krabbameins, eins hins geigvænlegasta sjúkdóms, er nú herjar þjóðina, svo sem flestar aðrar þjóðir. Víða hafa veruleg átök verið gerð í því skyni að vinna gegn tóbaksnautn, fyrst og fremst vindlingareykingum, sem taldar eru skaðvænlegasta tóbaksnotkunin."

Frumvarpið fékk greiða afgreiðslu í efri deild og var samþykkt einróma til neðri deildar. Áður en til úrslita kom þar, var ljóst orðið, að öfl utan þingsins létu málið til sín taka í því skyni að koma frumvarpinu fyrir kattarnef, enda fór svo að lyktum, að afgreiðsla þess í neðri deild varð neikvæð. Hér munu hafa verið að verki menn, sem ábata hafa af tóbakssölu. Áhrifavald þeirra nægði þessu þjóðþrifamáli til falls, og er það raunar ekki í fyrsta sinn, sem almannaheill verður að víkja fyrir hagsmunum gróðamanna.

Nú skal enn á það reynt, hver vilji alþingismanna er í þessu máli, sem sannarlega virðist mikilvægt í heilbrigðislegu tilliti. Útbreiðsla krabbameins í lungum eykst jafnt og þétt, og vísindamenn hafa það fyrir satt, að tóbaksreykingum, einkum vindlinga, sé um að kenna. Þess vegna er í öllum menningarlöndum hafin öflug barátta gegn tóbaksnotkun, og eru læknar þar í fararbroddi. Leitazt er við að fræða fólk um sýkingarhættuna, sem er mest hjá þeim, sem byrja reykingar ungir. Gegn þessari heilbrigðisfræðslu rísa framleiðendur og seljendur tóbaks öndverðir og magna auglýsingaáróður sinn fyrir aukinni tóbaksnotkun. Hér á landi hefur aldrei verið jafnmikið um tóbaksauglýsingar og síðan kunnugt varð um samband þess við lungnakrabba.

Það er eðlilegt verkefni Krabbameinsfélags Íslands að berjast gegn tóbaksreykingum, enda hafa forustumenn þess brugðizt drengilega við. Þykir hlýða að prenta hér sem fylgiskjal grein, sem formaður félagsins, Bjarni Bjarnason læknir, birti í Fréttabréfi um heilbrigðismál fyrir hálfu öðru ári (3. tbl. 1965). Greinin ber það með sér, hve þunga áherzlu sérfræðingar leggja á bannið við tóbaksauglýsingum. **„Það urðu sár vonbrigði", segir formaður krabbameinsfélagsins, „þegar frumvarpið um bannið við tóbaksauglýsingum dagaði uppi á Alþingi, en vonandi hafa það verið mistök, sem verða leiðrétt þegar á næsta þingi."**

Fylgiskjal.

BJARNI BJARNASON, læknir:

Ófögnuður, sem þarf að hverfa.

Hvenær skyldu tóbaksframleiðendur átta sig á því, að þegar þeir tæla fólkið til að reykja meira og meira, eru þeir með þeim aðgerðum sínum að vinna stórkostleg óþurftarverk, ekki einungis með sinni eigin þjóð, heldur ná áhrif sumra þeirra út um allan heim. Þeir eru á þennan hátt að beita valdi, sem er bein íhlutun í heilbrigðismál þjóðanna, en svo mikið vald og styrk hafa þessir menn að baki sér, að þingin og ríkisstjórnirnar hafa enn ekki séð sér fært að grípa í taumana til að hamla gegn þessari háskalegu starfsemi, og kannske veldur þar nokkru um, að miklir fjárhagslegir hagsmunir ríkjanna eru þá um leið settir að veði.

Menn deila ekki um, að sjálfsagt sé að vernda fólkið gegn morðvörgum, svikurum og ofbeldismönnum. En þróunin og vísindin hafa í seinni tíð leitt ýmislegt í ljós, sem er svo hættulegt lífi og heilsu fólksins, að engu minni ástæða er til að vernda það gegn því, þó framleiðsla þess og notkun gangi ekki í berhögg við lögin, en þar eru sígaretturnar að verða efst á baugi.

Hver sem lokaúrskurðurinn kann að verða um hlutverk sígarettunnar í myndun lungnakrabbameinsins, hafa læknavísindin komið með óhrekjandi rök fyrir því, að sígarettureykingar eru stórhættulegar fyrir heilsuna.

Auk þess sem vitað er, að þáttur þeirra í myndun lungnakrabbameinsins er geigvænlegur, skaða þær einnig meltingarfærin, hjarta og æðakerfið.

Hin mikla áherzla, sem lögð hefur verið á áhrif sígarettunnar í sambandi við illkynjaða sjúkdóma, hefur í seinni tíð dregið athyglina um of frá öðrum skaðlegum áhrifum sígarettureykinganna. Það má til dæmis benda á ótal skýrslur, sem sýna, hvað illkynja og langvarandi lungnakvef er sjaldgæft hjá þeim, sem aldrei hafa reykt, í samanburði við hina, sem reykja að staðaldri.

Þrátt fyrir hinar geigvænlegu hættur, sem allir vita að reykingarnar hafa í för með sér, auka tóbaksframleiðendurnir jafnt og þétt fjárausturinn í tóbaksauglýsingarnar, og framtíðaráætlanir þeirra í þeim efnum eru þó enn geigvænlegri. Auglýsingaaðferðir þeirra verða sífellt ósvífnari og lævíslegri, eftir því sem tæknin leggur þeim fleiri tæki og vopn upp í hendurnar. Það er fólkið, sem fæddist um og

eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar, sem nú á hvað mest á hættu að blekkjast af þessum áróðri, og við vitum, að börnin og unglingarnir í barnaskólunum mynda einnig álitlegan hóp viðskiptavina sígarettusalanna. Það leynir sér heldur ekki, að tóbaksframleiðendurnir stefna einnig auglýsingaskeytum sínum að þeim aldursflokkum, svo óhugnanlegar eru þær brautir, sem fégræðgin og fjárplógskapphlaupið geta leitt mennina út í.

Hvers virði verður þá öll viðleitni læknanna, kennaranna, hjúkrunarfólksins og annarra, sem leitast við að fræða fólkið um hætturnar, þegar svona er farið að? Þó þetta fólk geri sitt ýtrasta til að vernda börnin og unglingana fyrir þessum voða, er það meira og minna unnið fyrir gýg og eyðilagt, því máttur auglýsinganna er stórkostlegur, svo að fátt fær staðizt hann eða hamlað gegn valdi hans og áhrifum.

Það hlýtur þó að koma að því, að tóbakshringarnir og hluthafar þeirra verði að haga sér eins og siðaðir menn með ábyrgðartilfinningu og draga úr eða hætta hinu brjálaða auglýsingakapphlaupi og horfast í augu við, að það verður að draga úr reykingunum í heiminum, því það er orðið allt of margt fólk, sem reykir allt of margar sígarettur. Hinar hamslausu og fruntalegu aðgerðir þeirra, sem allar miða að því að hvetja fólk á öllum aldri til þessa athæfis, eru orðinn vísvitandi fjandskapur við þjóðfélagið, og sé engin leið að brjóta brodd hans á annan hátt, verða löggjafarsamkomur þjóðanna vitanlega að skerast í leikinn.

Sem betur fer er engin tóbaksframleiðsla hér á landi, sé neftóbakið undanskilið, en það má víst telja fremur saklaust. En tóbaksauglýsingar vaða hér uppi og jafnvel hvað mest síðan umræður hófust um að banna þær með lögum. Það má vera, að það breyti litlu, þó Alþingi banni tóbaksauglýsingar, en það, sem þó vinnst með því, er, að það víkur sér ekki undan þeim skyldum, sem á því hvíla í þessu efni, og sýnir viðleitni til að styrkja þá baráttu, sem krabbameinsfélögin, skólarnir og fleiri aðilar halda uppi, þó að við ofurefli sé að etja.

Það vakti ekki litla athygli sums staðar erlendis, þegar Ísland varð fyrst allra þjóða til að reka af höndum sér þá villimennsku, sem hnefaleikarnir eru. Það liggur nærri að halda, að það yki einnig sæmd þess út á við, ef það bannaði og fordæmdi tóbaksauglýsingar á Íslandi, þó að það geti ekki með þeim aðgerðum sínum hrundið ófögnuðinum af þjóðinni eða bætt það böl, sem hann veldur, nema ef til vill að einhverju örlitlu leyti. En hvert spor, sem miðar í rétta átt, hversu smátt sem það kann að vera, er þess virði að stíga það, og er skylda þeirra, sem telja sig líf og heilsu hinnar upprennandi kynslóðar einhverju skipta.

Það urðu sár vonbrigði, þegar frumvarpið um bannið við tóbaksauglýsingum dagaði uppi á Alþingi, en vonandi hafa það verið mistök, sem verða leiðrétt þegar á næsta þingi.

Heimurinn stendur nú á vegamótum gagnvart tóbaksnautninni, því nú veit hann um voðann, sem hún hefur í för með sér, og jafnframt ætti það að verða ljóst, að tóbaksframleiðendunum getur ekki lengur haldizt uppi að mata krókinn á kostnað heilsu og lífshamingju þeirrar kynslóðar, sem nú er að erfa hann.

Öll þvingun er andstyggileg, en ef einhverjir heimta að halda uppi fjandsamlegum athöfnum gegn þjóð sinni, eða telja sig ekki geta komizt hjá því, er ekki um neitt að velja: Það verður með einhverjum aðgerðum að ráða niðurlögum þeirra afla.

Fréttabréf um heilbrigðismál,

3. tbl. 1965.

Sþ. 218. Fyrirspurnir. [118. mál]

I. Til viðskiptamálaráðherra um bindingu sparifjár innlánsstofnana á Norðurlandi.

Frá Birni Jónssyni og Ragnari Arnalds.

Hve mikilli upphæð nema bundnar innstæður innlánsstofnana á Norðurlandi í Seðlabankanum, og hver er skipting þeirrar upphæðar milli einstakra sýslna og kaupstaða í fjórðungnum?

II. Til ríkisstjórnarinnar um varðveizlu skjala og gagna þingkjörinna og stjórnskipaðra nefnda.

Frá Birni Jónssyni.

a. Hvaða háttur hefur verið á hafður og er á hafður um skil og varðveizlu skýrslna og gagna, sem nefndir, þingkjörnar eða stjórnskipaðar til athugunar á einstökum málum og tillögugerða, hafa unnið eða aflað?
b. Ef svo er, að slíkum skýrslum og gögnum sé tryggð varðveizla, hafa þá þingmenn ótvíræðan aðgang að þeim?

III. Til ríkisstjórnarinnar um slysatryggingu sjómanna.

Frá Geir Gunnarssyni.

Er það ætlun hæstv. ríkisstjórnar að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um sérstaka slysatryggingu sjómanna á bátum undir 12 tn. að stærð á grundvelli tillagna nefndar þeirrar, sem vann að athugun þessa máls samkvæmt þingsályktunartillögu frá 4. marz 1964?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um frumvarp til skólakostnaðarlaga.

Frá Ingvari Gíslasyni og Páli Þorsteinssyni.

Er ekki að vænta á næstunni framlagningar frumvarps til nýrra skólakostnaðarlaga, svo sem forsætisráðherra boðaði í ræðu á Alþingi 13. okt. s. l.?

Ed. 219. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til laga um samkomudag reglulegs Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Hermann Jónasson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins á nefndarfundi.

Alþingi, 13. febr. 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Alfreð Gíslason.	Sveinn Guðmundsson.

Ed. **220. Frumvarp til laga** [119. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir VII. lið 10. gr. laganna komi nýr liður:
Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa ⅓ af samþykktum kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar frv. til jarðræktarlaga var lagt fyrir Alþingi 1964—1965, hafði það hlotið mikinn undirbúning. Leitað var álits sérfróðra manna á því sviði. Stjórn Búnaðarfélags Íslands, búnaðarþing og landnámsstjóri sögðu álit sitt á málinu. Í greinargerð fyrir frv. sagði: „Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins lögðu til í frumvarpsuppkasti sínu, að í 10. gr. yrði tekinn upp nýr liður, nr. VIII, styrkur til vatnsveitna til heimilis- og búsþarfa. Styrkurinn skyldi nema ⅓ kostnaðar við vatnsupptöku (þar með talin borun fyrir vatni), vatnsgeyma og vatnsleiðslu frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss."

Frv. þetta er samhljóða tillögu þeirri, sem var í frv. til jarðræktarlaga 1964, en felld var úr frv. í landbúnaðarráðuneytinu.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að nægilegt og gott neyzluvatn er forsenda þess, að hægt sé að lifa því sem kallað er „mannsæmandi lífi". Þörfin fyrir vatn er miklu meiri nú en áður. Bætt húsakynni með nýjustu tækjum og tækni við heimilisstörfin þarfnast miklu meira vatns en áður þekktist. Peningshúsin: fjósin, mjólkurhúsin með kæliklefum og fjárhúsin — þarfnast miklu meira vatns en áður átti sér stað, á meðan sauðfé var beitt meira en nú er gert, mjólkurframleiðsla aðeins til heimilisnota og sérstök mjólkurhús engin. Gömul vatnsból hafa sums staðar í seinni tíð þornað, ýmist vegna þurrkunar lands eða minni jarðvegsraka sökum minni snjóa á vetrum en áður var. Þá þykja sum gömlu vatnsbólin ekki hafa nógu heilnæmt vatn til að fullnægja nútíma hreinlæti.

Veturinn 1965—66 var óvenjukaldur, frosthörkur miklar, svo að vatnsból þornuðu eða vatn gaddfraus í leiðslum. Þetta leiddi til þess, að fjöldi bænda varð að leggja í mikinn kostnað til að finna örugg vatnsból og leggja dýrar vatnsleiðslur, jafnvel marga kílómetra.

Þegar þessu máli er hreyft, er rétt að minna á það, að til eru lög frá árinu 1947, sem veita sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði til vatnsveitna. Í sárafáum tilfellum nær sú aðstoð til sveitabæja. Þá viljum við minna á, að einstaka bændur hafa fengið styrk til vatnsveitna samkv. 17. gr. fjárlaga. Gott er til þess að vita, að Alþingi hefur séð nauðsyn þess að létta undir með bændum í þessum efnum. Bezt fer á því að hafa ákvæði þar að lútandi í jarðræktarlögum. Á þann hátt munu fyrirgreiðslur verða almennari eftir ástæðum, en að því ber að stefna, eins og gert er með frv. þessu.

Í jarðræktarlögunum eru ýmis ákvæði, sem ástæða væri til að breyta. Flm. hafa þó ekki talið rétt að taka mörg ákvæði í frv. þetta, heldur er þar einungis fjallað um framlag til vatnsveitna í trausti þess, að það þýðingarmikla atriði nái þá fremur fram að ganga.

Sþ. 221. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um kosningu milliþinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli og reglugerðir um útflutningsverzlun landsmanna, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlun. Nefndin skal sérstaklega kynna sér, hvernig er háttað framkvæmd laga um þessi mál og hvaða endurbóta muni þörf, og semja samkvæmt því frumvarp til nýrra heildarlaga um þessi mál. Kappkosta skal, að störfum nefndarinnar verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

Greinargerð.

Öll útflutningsverzlun landsmanna er í dag háð leyfisveitingum, og hefur svo verið um langt skeið. Stafar þetta m. a. af því, að ekki hefur þótt gefast vel að hafa sölu sjávarafurða í höndum margra aðila. Slíku langvarandi kerfi leyfisveitinga fylgir hins vegar sú hætta, að ýmisleg misnotkun geti átt sér stað. Þar er sú hætta ekki minnst, að af persónulegum eða pólitískum ástæðum séu útflutningsleyfi veitt aðilum, sem ekki reynast þess trausts maklegir, og framleiðendur útflutningsafurða verði því fyrir meiri eða minni skakkaföllum. Það er því ekki aðeins skylda Alþingis að vanda vel alla lagasetningu um slíkar leyfisveitingar, heldur að fylgjast vel með því, hvernig framkvæmd slíkra laga er háttað.

Samkvæmt gildandi lögum er öllum hérlendum aðilum skylt að selja Seðlabankanum eða öðrum bönkum, sem hafa leyfi til gjaldeyrisverzlunar, allan erlendan gjaldeyri, sem þeir eignast, án óeðlilegs dráttar. Allt eftirlit með þessum málum hefur orðið umfangsmeira og margbrotnara hin síðari ár en áður, m. a. vegna breytinga, sem orðið hafa á skipan innflutningsmála. Gjaldeyriseftirlit mun þó ekki hafa verið eflt að sama skapi. Því er mikil nauðsyn, að Alþingi kynni sér til hlítar framkvæmd þessara mála og setji um þau ný lagafyrirmæli í samræmi við það, sem reynslan leiðir í ljós, að sé nauðsynlegt.

Af þessum ástæðum, sem hér hafa verið greindar, þykir flutningsmönnum sjálfsagt, að Alþingi kjósi milliþinganefnd til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli um útflutningsverzlunina, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlunina yfirleitt. Alveg sérstaklega þykir nauðsynlegt, að nefndin kynni sér vel, hvernig framkvæmd þessara mála er nú háttað og hvaða endurbætur komi þar helzt til greina. Að lokinni þessari endurskoðun og athugun semji nefndin frv. til heildarlaga um þessi mál.

Áherzla er lögð á, að störfum milliþinganefndarinnar verði hraðað og næsta reglulegt Alþingi geti fjallað um störf hennar.

Nd. 222. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er félögum sjómanna að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömuleiðis er útgerð farskipa, varðskipa og togara heimilt að tryggja skipverja sína,

þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, er heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Því fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Óhætt er að fullyrða, að með setningu laga um lífeyrissjóð togarasjómanna árið 1956 hafi verið stigið eitt stærsta skrefið í félagslegum umbótum fyrir sjómenn. Enn náðist merkur áfangi í þessu máli árið 1962, er Alþingi breytti lögum þessum á þann veg, að undirmenn á farskipum, sem höfðu um nokkurt árabil haft samninga um lífeyrissjóðsgreiðslur útgerðanna, fengu aðild að lífeyrissjóði togarasjómanna. Nefnist sjóðurinn eftir þessa breytingu Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum, og má fullyrða, að þessi breyting hafi orðið sjóðnum til styrktar og eflingar og þeim sjómönnum, sem hlut áttu að máli, til aukins öryggis. Hann mun nú vera annar stærsti lífeyrissjóður landsins, og eru eignir hans yfir 70 milljónir króna.

Ekki hefur enn náðst samkomulag um aðild annarra sjómanna en að framan getur að sjóði þessum, þótt nú megi eygja lausn þess vandamáls á næstu árum.

Á þeim árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa komið í ljós nokkrir annmarkar, sem þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að ráða bót á.

Eins og lög nr. 78 frá 28. apríl 1962 hljóða nú, geta ekki aðrir sjómenn en þeir, sem lögskráðir eru á skip, átt aðild að sjóðnum. Er þetta mjög bagalegt fyrir félög og samtök sjómanna, sem af þessari ástæðu fá ekki til starfa fyrir sig sjómenn, sem aðild eiga að sjóðnum og vilja ekki tapa réttindum sínum þar.

Ekki er lögskráð á skip, meðan þau eru í lengri viðgerðum. Útgerðir telja þó oft og tíðum nauðsynlegt, að hluti skipverja vinni við skip, er svo stendur á, og virðist eðlilegt, að heimilt sé að halda við lífeyrissjóðsréttindum undir þeim kringumstæðum. Sömuleiðis getur útgerð þurft að fá skipverja til að vinna um stundarsakir í landi að útgerð skipsins, eða hann bíði eftir öðru skipi útgerðar, og virðist eðlilegt, að heimildin sé einnig fyrir hendi, er svo stendur á.

Enginn dregur í efa nauðsyn þess, að skipafloti okkar eigi alltaf á að skipa velmenntuðu og fullþjálfuðu starfsfólki í þær stöður á skipum okkar, er slíks krefjast. Þetta er ekki einungis til hagsbóta útgerðinni sjálfri heldur allri áhöfn, auk þess sem öryggi skips og áhafnar vex. Þess munu finnast dæmi, að sjómenn hafi hætt við að leita sér fræðslu í skóla eða á námskeiðum til undirbúnings starfi sínu á skipi vegna skerðingar á réttindum úr framangreindum lífeyrissjóði. Þegar svo er komið, virðist augljóst, að úrbóta er þörf. — Virðist eðlilegt, að heimildin gildi einnig fyrir þá sjómenn, sem veikjast eða slasast, meðan þeir eru í starfi sem sjómenn.“

Ed. 223. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

85.15.10 orðist svo:

	Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón og/eða útvarpsviðtæki	100%
85.15.20	Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammofón	100%

2. gr.

Við 3. gr. tollskrárlaganna bætist nýr töluliður er orðist svo:

47. Að ákveða, að verja megi allt að 8% af tolltekjum þeim, er innheimtar verða af innflutningi, er fellur undir tollskrárnr. 85.15.20, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum hefur verið lagt fram á þessu þingi.

Undanfarið hefur Viðtækjaverzlun ríkisins veitt einstaklingum og fyrirtækjum heimild til að flytja inn viðtæki gegn greiðslu á sérstöku gjaldi um leið og innflutningur fór fram. Hefur gjald þetta numið 30% af fob-verði hljóðvarpsviðtæka og hluta í hljóðvarpsviðtæki, en 15% af fob-verði sjónvarpsviðtækja og hluta í sjónvarpsviðtæki.

Í raun og veru hefur einkasölugjald Viðtækjaverzlunarinnar aðeins verið verðtollur, enda hefur einkasölugjaldinu af sjónvarpsviðtækjunum verið varið óskertu á sama hátt og verðtolli sjónvarpsviðtækja, þ. e. til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarps. Einkasölugjaldinu af hljóðvarpsviðtækjum, að frádregnu tapi Viðtækjaverzlunarinnar, hefur eins og kunnugt er verið ráðstafað á 3. gr. fjárlaga, annars vegar til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins, en hins vegar til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Viðtækjaverzlun ríkisins hefur rétt til einkasölu á nær öllum vörum, er falla undir tollskrárnr. 85.15.10 og 85.15.20, auk þó nokkurra vörutegunda, er falla undir önnur tollskrárnúmer. Þegar á það er litið, að tekjum þeim, sem viðtækjaeinkasölunni er ætlað að afla í ár, hefur nú þegar verið ráðstafað, svo og að sízt má rýra tekjustofna sjónvarps og Sinfóníuhljómsveitarinnar, þykir eðlilegt að hækka tolla af sjónvarpsviðtækjum og útvarpsviðtækjum úr 80% í 100% verðtoll. Eftir atvikum hefur ekki verið talin ástæða til að hækka verðtoll á vörum, er falla undir önnur tollskrárnúmer, þótt Viðtækjaverzlunin hafi haft rétt á einkasölu á slíkum vörum.

Með hliðsjón af verðmæti innfluttra sjónvarpsviðtækja á níu fyrstu mánuðum s. l. árs, mundi 100% verðtollur af sjónvarpsviðtækjum hafa gefið um 1.5 millj. kr. meira fé á því tímabili til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarps heldur en einkasölugjaldið ætti að gera. Innheimt fé ríkissjóðs af hljóðvarpsviðtækjum hefði hins vegar orðið 1.2 millj. kr. minna. Gera má því ráð fyrir, að hækkun á verðtolli á sjónvarpsviðtækjum og hljóðvarpsviðtækjum úr 80% í 100% svari nokkurn veginn til þeirrar innheimtu, er aflögð verður með Viðtækjaverzluninni.

Með frumvarpi þessu er raunverulega verið að auka framlög til greiðslu á stofnkostnaði sjónvarps á kostnað þess hluta, er innheimtur hefur verið af hljóðvarpsviðtækjum.

Þótt gjöld af innfluttum hljóðvarpsviðtækjum verði framvegis nokkuð minni en að undanförnu, mun það ekki valda ríkissjóði erfiðleikum. Í fyrsta lagi hefur Viðtækjaverzlunin verið rekin með allmiklu tapi að undanförnu, sem að sjálfsögðu hefur etið upp nokkurn hluta innheimtunnar. Í öðru lagi hefur hluta af tekjum Viðtækjaverzlunarinnar verið varið til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins, sem nú eru að fullu greiddar, og því ekki nauðsynlegt að gera framvegis ráðstafanir til tekjuöflunar þeirra vegna.

Í 2. gr. eru ákvæði um að verja megi hluta af fé því, er innheimtist vegna hækkunar á tolli á hljóðvarpsviðtækjum, til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fjárveiting til Sinfóníuhljómsveitarinnar er sem kunnugt er á 14. gr. fjárlaga, en auk hennar hafa ⅖ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunarinnar runnið til hljómsveitarinnar. Á 3. gr. fjárlaga 1967 er þessi hluti áætlaður 856 þús. kr. Er hér farið fram á heimild til að greiða svipaða upphæð til hljómsveitarinnar.

Nd. **224. Frumvarp til laga** [124. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1961 sömdu nokkur verkalýðsfélög um það við atvinnurekendur að greiða 1% af kaupi verkamanna í sjúkra- og styrktarsjóð félaganna. Síðan hafa flest verkalýðsfélög á landinu samið um og stofnsett sinn sjúkra- og styrktarsjóð á hliðstæðan hátt.

Umsamin framkvæmd innheimtunnar er almennt á þá lund, að vinnuveitandinn heldur eftir 1% af kaupi verkafólks og á síðan að skila því fé í árslok til hlutaðeigandi félags. Á þessu hefur víða orðið misbrestur, svo að til vandræða horfir. Er þess og að gæta, að flest verkalýðsfélög hafa mjög takmarkaða starfskrafta til innheimtustarfa.

Hér er tvímælalaust um merkilega tryggingastarfsemi að ræða, sem verkalýðsfélögin eru að byggja upp af eigin rammleik, án íhlutunar ríkis eða sveitarfélaga. Það er því álit flutningsmanna þessa frumvarps, að Alþingi eigi að leitast við að tryggja, að fé það, sem atvinnurekendur halda eftir af vinnulaunum fólks og sjóðnum ber, sé greitt skilvíslega. Flutningsmenn telja, að það verði bezt gert með því að lögbinda lögtaks- og fjárnámsrétt félögunum til handa við innheimtu þeirra gjalda, sem atvinnurekendum ber að standa skil á til sjóðsins samkvæmt gerðum samningum. Má búast við, að sá réttur reynist nokkurt aðhald, báðum aðilum til góðs, en að ekki þurfi oft að beita þessum rétti.

Mörg verkalýðsfélög hafa undanfarið óskað eftir því, að lög sem þessi verði sett, og telja á þeim brýna þörf.

Ed. 225. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.
KK og GilsG voru fjarstaddir, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 14. febr. 1967.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Bjartmar Guðmundsson. Jón Þorsteinsson.

Ed. 226. Lög [83. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 111.

Sþ. 227. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Flm.: Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að stofna til endurskoðunar á „stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“ og fela ríkisstjórninni að skipa til þess níu menn samkvæmt tilnefningu eftirgreindra aðila:

1. Þingflokkarnir á Alþingi tilnefni fjóra, sinn manninn hver.
2. Lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo menn.
3. Hæstiréttur tilnefni þrjá menn og einn þeirra sem formann nefndarinnar.

Nefndin taki m. a. sérstaklega til athugunar eftirtalin efnisatriði:

1. **Forsetaembættið.**
   Hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar Íslands sé svo heppilegt sem það gæti verið, og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við hæfi þjóðarinnar.
2. **Skipting Alþingis í deildir.**
   Hvort hún sé ekki úrelt orðin og ein málstofa hagfelldari.
3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.**
   Hvort ekki sé þörf skýrari ákvæða um þessa greiningu.
4. **Samskipti við önnur ríki.**
   Nauðsyn ákvæða, er marki rétt ríkisstjórnar og Alþingis til samninga við aðrar þjóðir.
5. **Þjóðaratkvæði.**
   Ákvæði um, hvenær rétt sé eða skylt að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu — og hvað hún gildi.
6. **Kjörgengis- og kosningarréttaraldur.**
   Hvort rétt sé að lækka þann aldur frá því, sem nú er.

7. **Kjördæmaskipun.**
   Hvort ekki sé rétt að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþingmenn engir.
8. **Þingflokkar.**
   Hvort ekki sé þörf lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka, þar sem þeir eiga rétt til uppbótarþingsæta skv. stjórnarskránni.
9. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.**
   Hvort ekki sé æskilegt að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum, enda leiti nefndin um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, fjórðungssambanda og Sambands ísl. sveitarfélaga.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem hún fær við komið og skili tillögum sínum til Alþingis.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

I.

Þegar ákveðið hafði verið, að Íslendingar slitu konungssambandinu við Danmörku og að endurreisa skyldi lýðveldi á Íslandi, skipaði Alþingi nefnd fimm manna, 22. maí 1942, til að gera tillögur um breytingar á stjórnskipunarlögunum, sem gilt höfðu fyrir konungsríkið Ísland. Nefndin var endurskipuð um haustið 1942 og þá bætt í hana þrem mönnum, til þess að í henni yrðu tveir menn frá hverjum þáverandi þingflokki. Var hún þar með orðin átta manna nefnd.

Árið 1943 skilaði nefndin frumvarpi til stjórnskipunarlaga með greinargerð. Þetta frumvarp var samþykkt og lýðveldið stofnað 17. júní 1944.

En nefndin leit alls ekki svo á, að verkefni sínu væri þar með lokið. Í greinargerðinni, sem frumvarpinu fylgdi, segir hún, að hún muni halda áfram að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Telur hún þetta seinni hluta verkefnisins, sem sé — eins og hún kemst að orði: „að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt". „Má vera", bætir nefndin við, „að það starf verði öllu víðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins öefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis o. s. frv."

Nefndarmennirnir, sem undir þetta rituðu, voru: Gísli Sveinsson, Bjarni Benediktsson, Hermann Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

Ljóst er af því, sem hér er upp tekið úr greinargerðinni, að þessir oddvitar íslenzkra stjórnmála, sem áttu sæti í nefndinni, hafa litið svo á, að aðeins væri lokið fyrri hluta endurskoðunarinnar, þ. e. „að breyta hinu æðsta stjórnarformi frá konungdæmi til lýðveldis", en að hið víðtækara viðfangsefni væri óleyst, — og það bæri að leysa.

Alþingi var einnig á sömu skoðun, sem ótvírætt sést á því, að það gerði til þess ráðstafanir 3. marz 1945, að skipuð var 12 manna nefnd til ráðuneytis 8 manna nefndinni, og heimilaði þá enn fremur, að ráðinn væri sérfróður maður tuttugu manna hópnum til aðstoðar.

Flutningsmaður tillögu þeirrar, sem hér liggur fyrir, þekkir ekki starfsferil tuttugu-manna-nefndarinnar. Þó er það vitað, að hún sendi mann úr sínum hópi utan, og fór hann víða um lönd til að kynna sér stjórnarskrár ýmissa landa og

draga að nefndinni fróðleik um þær. Mun sá fróðleikur væntanlega geymdur einhvers staðar í skjalaforða ríkisins.

Þegar tvö ár og nálega ársfjórðungi betur höfðu „liðið yfir mannkynið“, frá því að tuttugu mann nefndin var skipuð, felldi Alþingi niður umboð hennar. Þetta gerðist, að því er Alþingistíðindi herma, 24. maí 1947.

En ekki var gefizt upp þarna, því að samtímis fól Alþingi ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd „til þess að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“.

Vitað er, að sú nefnd kom saman á fundi og að af hálfu einstakra nefndarmanna voru lagðar fram lauslega mótaðar tillögur sem umræðugrundvöllur um breytingu á stjórnarskránni. Enn fremur tillögur um að efna til sérstaklega kjörins stjórnlagaþings, er hefði það verkefni eitt að fullsemja stjórnarskrána.

Um þessa tillögugerð er hægt að fá nokkrar upplýsingar í bókinni „Land og lýðveldi“ (Fyrri hluta), sem kom út 1965, eftir dr. Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, en hann var formaður nefndarinnar.

Tillögurnar voru sama sem ekkert ræddar í nefndinni og þaðan af síður afgreiddar. Nefndin var sem heild haldin sams konar óvirkni og fyrirrennarar hennar.

Aldrei hefur nefnd þessi, mér vitanlega, verið formlega lögð niður. Hún á því ekkert skráð endadægur — frekar en sumir landaleitarmenn, sem aldrei komu fram —, en eigi að síður er hún áreiðanlega úr sögunni. Og „seinni hluti verkefnisins“ við endurskoðun stjórnarskrárinnar — hinn „víðtækari“ —, sem frestað var, þegar lýðveldið var endurreist 1944, er enn óleystur af hendi og í einskis höndum sem viðfangsefni.

II.

Ekki er sæmandi, að íslenzka lýðveldið gefist upp við að ganga frá stjórnarskrá sinni heildarlega. Að vísu má segja, að ef reynsla á þessum rúma aldarfimmtungi, sem liðinn er síðan lýðveldið tók til starfa, benti eindregið til þess, að stjórnarskráin þyrfti ekki frekari endurskoðunar en orðin er, þá væri rétt að láta við svo búið standa. En því er alls ekki að heilsa. Reynslan hefur sýnt og sannað, betur en ljóst var 1944, þörf á breytingum. Sú þörf hefur færzt í aukana með nýjum tímum, og verður komið að því síðar í þessari greinargerð.

Rétt er að leitast við að skilja, hvað það muni helzt hafa verið, sem gerði óvirkar nefndir þær, sem skipaðar voru ein á fætur annarri til að halda áfram og ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar. Líkast er sem á þær hafi fallið herfjötur, sem þær með engu móti hafi getað af sér höggvið.

Flutningsmaður þessarar tillögu telur á því engan vafa, að flokkapólitíkin, sem skiptir löggjafarsamkomunni í eintóma minnihlutaflokka, eigi hér aðalsök. Sú nærsýna hugsun fulltrúa slíkra flokka að gera ekkert, sem flokki þeirra gæti til ógagns orðið í næstu lotu eða öðrum til ávinnings, hefur orðið nefndunum sem herfjötur.

Það styður þessa skoðun, að 1959, þegar þrír flokkar álitu sér, eins og horfði, allir allt í einu a. m. k. stundarhagnað í því að breyta kjördæmaskipunarákvæðum stjórnarskrárinnar, gerðu þeir það af skyndingu, en létu lönd og leið hina „víðtæku“ endurskoðun, sem hafði verið í sambandi við lýðveldisstofnunina fastmælum bundin. Treystu sér ekki til að sameinast um hana.

Það er vitanlega mannlegt í stjórnmálabaráttu að hugsa um stundarhagnað fyrir flokk sinn, en samrýmist illa þeirri framsýnu þjóðhollustu og óhlutdrægni, sem setning stjórnarskrár útheimtir.

III.

Tillaga sú, sem hér er fram lögð um endurskoðun stjórnskipunarlaganna, tekur tillit til þess, hve óviðráðanlega erfitt flokkapólitíkin virðist hafa átt með að taka alhliða á málinu. Alþingi er samkv. tillögunni ekki ætlað að tilnefna í nefndina nema fjóra menn af níu. Hver þingflokkur á að hafa þar sinn fulltrúa, svo sjónarmið allra núverandi flokka á þinginu geti komið fram við undirbúning þessa máls, sem Alþingi svo að sjálfsögðu gengur endanlega frá.

Aðra nefndarmenn, sem eru meiri hluti nefndarinnar, telur flutningsmaður rétt að þeir aðilar velji, sem telja má að treysta megi til að hafa það sjónarmið við tilnefninguna, að þekking og óhlutdrægni eigi að ráða í nefndarstarfinu, án nokkurs tillits til hagræðis eða óhagræðis fyrir baráttu milli stjórnmálaflokkanna á líðandi stund. Leggur hann til, að lagadeild Háskóla Íslands tilnefni tvo mennina og Hæstiréttur tilnefni þrjá, — einn þeirra þriggja sem formann nefndarinnar.

Að sjálfsögðu er flutningsmaður til viðræðu um aðra tilhögun á skipun nefndarinnar, ef heppilegri kynni að þykja.

Í tillögunni eru talin upp allmörg efnisatriði, sem nefndinni er ætlað að taka sérstaklega til athugunar. Upptalningin er auðvitað alls ekki tæmandi, en gerð til áherzlu því, að verkefnið er fjölþætt og þýðingarmikið. Enn fremur til þess að tryggja það, að yfir þessi tilgreindu atriði verði ekki hlaupið.

Bygging tillögunnar í þessum stíl, — ef svo má að orði komast, — gerir hana auðvelda til innskota og viðauka, ef Alþingi skyldi þykja henta að taka fleira fram.

Skal nú með nokkrum orðum vikið að hverju efnisatriði, sem þó að sjálfsögðu verða nánar rædd í framsögu:

1. **Forsetaembættið.**

Eins og forsetaembættið er skv. hljóðan stjórnarskrárinnar, líkist það helzt hinu þingbundna konungsembætti, sem horfið var frá með lýðveldisstofnuninni. Er eftirtektarvert, þegar hin gildandi „Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands“ er borin saman við „Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands“, sem áður gilti, hve víða hefur aðeins verið skipt um orðin „forseti“ og „konungur“ — og við annað látið sitja. Tæplega er hægt að segja, að á bak við sé alls staðar óbrengluð hugsun. Leynir sér ekki í sambandi við þetta, að flausturslega hefur verið að unnið, enda var fastákveðið að bæta um, þótt enn hafi ekki af orðið.

Ekki mun hafa verið ætlazt til, að vald forsetaembættisins yrði mikið, enda eru Íslendingar ekki að eðlisfari gefnir fyrir að lúta valdi eins manns. Ekki hafa þeir heldur fengið uppeldi til að vilja hafa þjóðhöfðingja eingöngu til að tigna hann. Þeir voru jafnan sem þjóð í fjarlægð við konunga sína. Nálægð fámennis nú við þjóðhöfðingjann er þar einnig til truflunar.

Margir telja betur við hæfi fyrirkomulagið í Sviss, en þar fylgir forsetastarfið einfaldlega ríkisstjórninni.

Lítil þjóð þarf að gæta þess að gera sér ekki að óþörfu stjórnarformið of dýrt.

Þetta virðist einboðið að taka til ýtarlegrar endurskoðunar, áður en fastar hefðir myndast.

Í því, sem hér hefur sagt verið, felst síður en svo ádeila á þá forseta, sem hingað til hafa gegnt þeirri háu stöðu á Íslandi. Hér er rætt um embættið, en ekki forsetana. Segja má með sanni, að þeir hafi notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda. En þær persónubundnu vinsældir má einmitt alls ekki láta hafa áhrif á mat á stjórnarforminu við endurskoðunina.

2. **Skipting Alþingis í deildir.**

Áreiðanlega orkar mjög tvímælis, að rétt sé að skipta Alþingi í tvær málstofur. Sérstakur grundvöllur var fyrir skiptinguna, meðan ekki var kosið með sama hætti til beggja deildanna.

Tvær málstofur lengja þinghaldið.

Hins vegar er sagt, að gera megi ráð fyrir meiri vandvirkni í afgreiðslu mála, ef tvær málstofur fjalla um þau. Þetta hljómar sennilega, en Þrándur er þar í Götu á seinni árum, hve hið vaxandi flokksræði á Alþingi bindur oft hendur síðari deildar og ber við tímahraki.

Sennilega væri hægt að finna önnur ráð en deildaskiptinguna til að tryggja vandvirkni.

3. **Aðgreining löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds.**

Nauðsynlegt er, að þessi þríþætta valdgreining lýðveldisins fái sem skýrasta undirstöðu í stjórnarskránni, til þess að komizt verði hjá hættu á viðsjárverðum samslætti þáttanna.

Slík hætta felst t. d. í ákvæðum 46. gr. sjálfrar stjórnarskrárinnar, eins og hún er nú. Þar segir: „Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi misst kjörgengi.“

Þarna eru löggjafar gerðir að dómurum og flokkspólitískri hlutdrægni boðið heim, ef svo vill verkast.

4. **Samskipti við önnur ríki.**

Einangrun Íslands hefur rofnað. Íslenzka þjóðin á með ári hverju meiri og meiri samskipti við aðrar þjóðir. Þetta er mikill ávinningur, ef vel er á haldið. En sé ekki með gætni stjórnað, fylgja því miklar hættur fyrir efnahagslegt og andlegt sjálfstæði hinnar fámennu íslenzku þjóðar í yfirgangssömum heimi. Þar mega Íslendingar í engu láta kylfu ráða kasti.

Hin nýtilkomnu viðhorf í þessum efnum kalla eftir því, að sett verði fullkomnari ákvæði í stjórnarskrána en þar eru nú um umboðsréttinn til að semja við aðrar þjóðir fyrir Íslands hönd og undirbyggingu þess réttar.

5. **Þjóðaratkvæði.**

Í stjórnarskránni eru engin yfirtæk ákvæði um það, hvenær Alþingi sé rétt eða skylt að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu um málefni og hvaða ákvörðunargildi sú lýðræðislega viljakönnun eigi að hafa.

Oft hafa komið fram tillögur um að stofna til þjóðaratkvæðagreiðslu, þótt eigi hafi nema sjaldan af orðið framkvæmdum. Athugandi er, hvort í stjórnarskránni ættu ekki um þessi efni að vera markalínur.

6. **Kjörgengis- og kosningarréttaraldur.**

Allmikið hefur verið rætt um lækkun þessa aldurs frá því, sem nú er, og kemur athugun á því eðlilega inn í endurskoðun stjórnarskrárinnar.

7. **Kjördæmaskipun.**

Kjördæmaskipunin og þingmannakjörsreglurnar, sem 31. grein stjórnarskrárinnar segir fyrir um, eru aðalgrundvöllur stjórnmálalífsins í landinu.

Hvort ýtir þessi grundvallarskipan undir samstöðu eða sundurþykki? Og hvort er heppilegra, að slík skipan geri?

Allir geta séð, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum ýta sterklega undir flokkadrátt, og uppbótarsætin, sem þingflokkar hljóta til jöfnunar í ofanálag með útreikningi fyrir allt landið, herða á flokkadrættinum og gera hann að verulegu leyti að blindingsleik.

Afleiðingin er líka: Fjórir minnihlutaflokkar á Alþingi. Engin skilyrði til að mynda ríkisstjórn, nema samsteypustjórn með þeim hrossakaupum, er slíkum stjórnarmyndunum fylgja. Varla nokkur hrein lína fyrir kjósandann að átta sig á.

Lýðræðið krefst jafnréttis fyrir þegnana til stjórnarfarsáhrifa, en þarfnast eigi að síður aðhalds til að lenda ekki í sundrungu og glundroða. Hið svonefnda tveggja flokka kerfi virðist henta því bezt. Grundvöllur þess kerfis eru einmenningskjördæmi. Þau leiða af sér það kerfi, en það knýr til heilsteyptara og ábyrgara stjórnarfars. Bretar eru þar til fyrirmyndar.

Á Íslandi hefur því miður sjálfselska stjórnmálaflokka og hentisemi á augnablikum ráðið mestu um þróun skipulagsins, en ekki langsýn fyrirhyggja um velferð þjóðfélagsins eða skilningur á því, hve smáþjóð þolir illa margklofning og það

ábyrgðarleysi, sem honum fylgir venjulega, gagnvart þjóðarheildinni. Aukið nábýli Íslendinga við voldugar þjóðir og örlagarík samskipti við þær margfalda nauðsyn þess að ráða hér bót á og styrkja stjórnkerfið og grundvöll þess, svo sem hægt er.

Áríðandi er að taka þessi málefni, svo fljótt sem unnt er, til endurskoðunar með raunhæfri viðsýni og hefja þau yfir sérhagsmuni flokka og dægurmálaþras.

8. **Þingflokkar.**

Stjórnarskráin ætlar þingflokkum rétt, en fyrirskipar enga löggjöf um þá eða stjórnmálaflokka yfirleitt. Stjórnmálaflokkar eru þó orðnir mikil fyrirtæki, sem fullkomin ástæða virðist til að sérstök löggjöf verði sett um, að því er aðalréttindi og aðalskyldur varðar.

Viðeigandi er, að nefnd sú, sem endurskoðar stjórnarskrána, taki þetta einnig til athugunar.

9. **Ný skipting landsins í samtakaheildir.**

Röskun byggðajafnvægis í landinu veldur þungum áhyggjum. Samþyrping landsmanna með búferlaflutningi til höfuðborgarsvæðisins skapar öllu landinu — höfuðborginni líka — stórkostlega erfiðleika.

Ýmsar tillögur hafa komið fram í úrbótaskyni. Róttækastar þeirra á meðal eru tillögurnar um að skipta öllu landinu í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum.

Æskilegt verður að telja, að nefnd sú, er fjallar um alhliða endurbætur á stjórnarskránni, gaumgæfi þessi vandamál þjóðarinnar og geri síðan um þau tillögur, að því leyti sem hún telur úrbætur á þeim þurfa að eiga sér stoð í stjórnarskránni.

Áríðandi er og sjálfsagt, að nefndin kynni sér rækilega viðhorf til þessara mála hjá öllum sýslunefndum, bæjarstjórnum og fjórðungssamböndum í landinu, svo og borgarstjórn Reykjavíkur og Sambandi íslenzkra sveitarfélaga.

IV.

Bæði í þingsályktunartillögu þessari sjálfri og í greinargerð hennar hér að framan hefur eingöngu verið stiklað á stóru um þetta þýðingarmikla málefni. Auðvitað er eigi að síður ætlazt til, að endurskoðunin verði gagnger og alhliða.

Margt er t. d. óhæft í orðalagi ýmissa greina stjórnarskrárinnar. Dæmi: 56. gr. hljóðar þannig:

„Nú þykir þingdeild ekki ástæða til að gera aðra ályktun um eitthvert málefni, og getur hún þá vísað því til ráðherra.“

Hér segir: „aðra ályktun“, eins og skírskotað væri til einhverrar ályktunar, en þá viðmiðunarályktun er hvergi að finna. Þetta er ruglandi í meðferð máls og hugsunar og fer alls staðar illa, en ekki sízt í löggjöf. Dæmið er einfalt sýnishorn af gölluðu málfari á stjórnarskránni og nefnt sem sönnun þess, að í þeim efnum er líka þörf á endurskoðun. Ekki getur talizt sæma þjóð, sem telur sig með réttu eiga göfuga tungu og glæsilega, að hafa stjórnskipunarlög sín í máltötrum.

Auðvitað er þó mest um vert, að stjórnskipunarlögin verði efnislega hellubjarg, sem íslenzka lýðveldið geti grundvallað á heilbrigða þjóðfélagsstarfsemi og trausta um ókomin ár.

Flutningsmaður vill vænta þess, að alþingismenn taki tillögu þessari af skilningi, og hefji, — þegar þessi tími er kominn, — endurskoðun stjórnarskrárinnar hátt yfir dægurþras og flokkarig.

Nd. 228. Breytingartillögur [22. mál]

við frv. til l. um námslán og námsstyrki.

Frá Ragnari Arnalds og Einari Olgeirssyni.

1. 2. gr. orðist svo:
   Stefnt skal að því í jöfnum áföngum á fjórum árum, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Við útreikning á námskostnaði ber jafnframt að taka tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.
2. 12. gr. orðist svo:
   Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárþörf sjóðsins á því fjárhagsári, og er þá stjórn sjóðsins heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að taka innanlands lán í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum af lánum þessum, en ríkissjóður greiðir af þeim vexti.
   Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staði straum af afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkvæmt lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.

Nd. 229. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 31 27. júní 1941, um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Ragnar Arnalds, Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal ráðuneytið hafa samráð við utanríkismálanefnd Alþingis, bæði meðan Alþingi er að störfum og milli þinga.

Sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er skipuð af ráðherra til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina.

Árlega skal ráðherra gefa Alþingi skýrslu um viðhorf ríkisstjórnarinnar til utanríkismála og um störf íslenzku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna, ásamt rökstuddri greinargerð um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 31 27. júní 1941 og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um meðferð íslenzkra utanríkismála.

Greinargerð.

Sérhver ákvörðun í utanríkismálum snertir þjóðina alla; þegar Ísland á skipti við annað ríki eða þegar atkvæði Íslands er beitt á alþjóðavettvangi, er mikið í húfi fyrir þjóðarheildina. Það er því höfuðnauðsyn, að landsmenn allir fylgist sem bezt með þeim ákvörðunum, sem teknar eru í utanríkismálum. Frumskilyrði þess

er, að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar á Alþingi eigi þess kost að taka þátt í mótun utanríkisstefnunnar með því að ræða og bera saman hin ýmsu sjónarmið, sem taka verður tillit til. Með þessu frumvarpi er einmitt stefnt að því að auka samstarf og samráð milli ríkisstjórnar og Alþingis um stefnuna í utanríkismálum.

Í fyrsta lagi er hér áréttað lagaboð, sem nú er í þingsköpum Alþingis: „Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga.“ Þetta skýlausa lagaákvæði í 16. gr. þingskapa hefur verið þverbrotið hvað eftir annað á undanförnum árum, án þess að á því hafi verið gefin nokkur viðhlítandi eða haldbær skýring. Er mál til komið, að linni nú þessum lögbrotum.

Ákvæði þetta hefur almennt verið skilið svo, að ríkisstjórninni bæri ekki aðeins skylda til að bera undir utanríkismálanefnd þá samninga, sem samþykki Alþingis er áskilið til, heldur og sérhver meiri háttar utanríkismál. Í frumvarpinu er tekið skýrt fram, að þessi skylda hvíli á ríkisstjórninni bæði milli þinga og meðan þing situr.

Í öðru lagi er lagt hér til, að hver stjórnmálaflokkur á Alþingi eigi rétt til að tilnefna einn fulltrúa í sendinefnd Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Sendinefndin er nú skipuð af ráðherra án samráðs við aðra aðila.

Að sjálfsögðu er eðlilegt, að nefndin komi fram í umboði utanríkisráðuneytisins og lúti ákvörðunum þess um afstöðu til einstakra mála á þinginu. Eins er það ekki óeðlilegt, að ráðherra ákveði fjölda nefndarmanna og undirriti skipunarbréf þeirra. En hitt er fráleitt, að ráðherra velji í nefndina á sitt eindæmi og geti algerlega sniðgengið stjórnarandstöðuflokka. Í flestum nágrannalöndum okkar er reynt að skipa sendinefndir á Allsherjarþinginu á sem breiðustum grundvelli, m. a. með því að velja fulltrúa frá stjórnarandstöðuflokkum. Þar sem utanríkisráðherrar hér á landi hafa ekki séð ástæðu til að fylgja svipaðri reglu, virðist rétt að binda ákvæði um þetta efni í lögum.

Í þriðja lagi er lagt til, að ráðherra verði falið að gefa Alþingi árlega skýrslu um utanríkismál. Sú skoðun á miklu fylgi að fagna í öllum flokkum, að of sjaldan sé rætt um utanríkismál á Alþingi. Til dæmis er mjög fátítt, að þar sé rætt um afstöðu íslenzku sendinefndarinnar á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Raunar gildir hið sama um alþingismenn og aðra landsmenn, að þeir hafa litlar spurnir af því, hvernig atkvæði Íslands er beitt á alþjóðavettvangi, og enn síður kemur það fram, hvaða sjónarmið hafa mótað afstöðu Íslands í einstökum málum. Á þessu þarf að verða breyting, og virðist eðlilegast, að Alþingi rökræði um meðferð utanríkismála á grundvelli ýtarlegrar skýrslu, sem ráðherra flytji árlega.

Nd. 230. Breytingartillaga [73. mál]

um frv. til laga um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Heimilt er hreppsnefnd Miklaholtshrepps að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsnefndarinnar.

Skal heimilt að verja allt að ⅔ hlutum af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði.

Nd. **231. Frumvarp til laga** [126. mál]

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt.

Flm.: Björn Pálsson, Jón Skaftason.

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum af landbúnaði, tekjum sjómanna á fiskiskipum, sem eru minni en 150 lestir, og launum, sem greidd eru af fiskvinnslustöðvum vegna verkunar fisks, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:

Enn fremur laun sjómanna á fiskiskipum, sem eru minni en 150 lestir, og laun, sem greidd eru af fiskvinnslustöðvum vegna vinnu við verkun fisks.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1966 greiddi ríkið til fiskvinnslustöðva ca. 80 millj. kr., sem talið var hagræðingarfé. Fjárupphæð þessari var skipt milli fiskvinnslustöðvanna í hlutfalli við það magn, sem unnið var af fiski. Fengu þær stöðvar því mest greitt, sem minnsta höfðu þorfina. Vitað var, að þetta fé var greitt til þess, að fiskvinnslustöðvarnar gætu greitt hærra fiskverð og mætt hækkandi vinnslukostnaði. Orðið hagræðing var skýla, sem brugðið var yfir þá staðreynd, að ríkið var farið að greiða vissan aurafjölda á hvert fiskkíló, sem aflað var. Í umræðum um þessa fjárveitingu létum við þess getið, að erfitt mundi að stöðva auknar kröfur um framlög úr ríkissjóði til hækkunar á fiskverði á komandi árum, fyrst inn á slíka leið væri farið. Þetta hefur rætzt. Hagræðingarfjárveitingin var framlengd 1967. Ríkisstjórnin hefur auk þess lofað að greiða 8% uppbót á fiskverðið til viðbótar úr ríkissjóði, og frystihúsin fara fram á, að okkur skilst, 1—2 hundruð millj. kr. rekstrarstyrk að auki, ef þau eigi að starfa áfram. Framlög úr ríkissjóði til stuðnings miklum hluta útflutningsframleiðslunnar þýða, að gengið er rangt skráð. Röng gengisskráning veldur því, að efnahagslíf viðkomandi þjóðar verður óheilbrigt.

Við álítum, að flestir, sem atvinnurekstur hafa rekið undanfarin ár, hafi gert sér ljóst, að þannig mundi þetta enda. Einföld lög um verðstöðvun nú eru brosleg og þýðingarlítil. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í hann. Auknar álögur ríkisvaldsins á útveginn og vaxandi kröfur þeirra, sem við hann vinna á einn eða annan hátt, hafa valdið minnkandi kaupmætti hverrar krónu. Þetta gat gengið, meðan verðlag á útflutningsafurðum hækkaði ár frá ári. Þegar verðhækkanir stöðvuðust eða verðlag lækkaði á fiskafurðum, hlutum við að lenda í blindgötu. Úr þeirri ófæru eru aðeins tvær leiðir til. Hin fyrri er að auka kaupmátt krónunnar með því að afnema álögur á fiskútveginn og lækka rekstrarkostnaðinn með öllum tiltækum ráðum. Hin leiðin er, að ríkið greiði rekstrarhallann. Fé til þess mundi verða fengið með álögum á almenning í einhverri mynd. En hækkaðir skattar minnka kaupmátt hverrar krónu, og ýmsir mundu fá stórar fjárhæðir greiddar, sem ekki þyrftu þess með. Endirinn yrði sá sami og árið 1950 og 1960. Það væri búið við rangt gengi um árabil. Svo mundi gengisskráningunni verða breytt og krónan lækkuð. Við erum í engum vafa um, að fyrri leiðin sé betri, og er því ástæða til að taka til athugunar, hvort sú leið er fær.

Hvað getur ríkisvaldið gert til að bæta hag útvegsins án beinna fjárframlaga?

1. Árið 1960 voru vextir af stofnlánum til sjávarútvegsins hækkaðir um 2½% og vextir af lausaskuldum eru ca. 2½% hærri nú en þeir voru 1959. Bátur með veiðarfærum, sem kostar 10 millj. kr., þarf því að greiða 250 þús. kr. meira í vexti nú á ári. Til viðbótar þessari ráðstöfun eru dráttarvextir nú 12% (voru 6% áður). Þetta ákvæði er fundið upp af efnahagssérfræðingum okkar til að auka kjark og getu þeirra, sem erfiðasta hafa aðstöðu.
2. Launaskattur var lagður á atvinnurekendur samkvæmt hinu fræga júnísamkomulagi, 1% af vinnulaunum. Þetta jafngildir 0.85% af aflaverðmæti báta, þegar tekið er með það, sem fiskvinnslustöðvar, vélsmiðjur og veiðarfæragerðir greiða. Aukin útgjöld þeirra stofnana koma á hráefnið. Þessi skattur hækkar útgjöld báts, sem aflar fyrir 8 millj. kr. á ári, allt að 70 þús. kr. Fé þetta er lánað í húsbyggingar, en eðlilegra væri, að bankakerfið annaðist slíkt, frekar en efnalega ósjálfstæð útgerðarfyrirtæki.
3. 1% orlofshækkun 1965 veldur svipaðri útgjaldaaukningu og launaskattur. Engar kröfur höfðu komið fram frá sjómannafélögum okkur vitanlega um hækkað orlof. Sumir skipstjórar fá sennilega allt að 100 þús. kr. í orlofsfé í ár og aðrir yfirmenn hlutfallslega. Vit væri í því að breyta orlofslögunum þannig, að orlof væri greitt af meðallaunum, en ekkert af því, sem fram yfir er. Það mundi lækka útgjöld við meðalbát um allt að 80 þús. kr. á ári án þess að skerða kjör þeirra, sem lægri hafa launin.
4. Aðstöðugjöld á fyrirtæki eru lögð á útgjöldin. Í vissum tilfellum eru töpin því skattlögð. Útvegsbóndi sagði, að hann hefði tapað 4 milljónum á heildarrekstri á einu ári, en orðið að greiða hátt í milljón kr. í aðstöðugjald. Allir hljóta að sjá, að töp eru ótraustur og ósanngjarn skattstofn hjá atvinnufyrirtækjum. Hins vegar er eðlilegt, að lagt sé á tekjur og eignir fyrirtækja og eftir því sé litið, að rétt sé talið fram.
5. Bæjarfélög og atvinnurekendur verða að greiða ákveðið gjald í atvinnuleysistryggingasjóð. Sjóður þessi nálgast nú 1 milljarð og vex sennilega um allt að 200 millj. kr. í ár. Vextirnir ættu því að vera nægilegur tekjustofn fyrir sjóðinn. Stjórnin hefur engar tilraunir gert til að afnema þetta gjald, annaðhvort af misskilinni kjósendahræðslu eða af því að þægilegt er að ráðskast með þetta fé.
6. Útvegsmenn greiða árlega stórfé til vélsmiðja og fyrir uppsetningu á nótum og netum. Vinnulaun hafa farið hækkandi og eru nú 100—200 kr. á klukkustund. Ekki er ólíklegt, að ríkisstjórnin gæti hlutazt til um einhverja lækkun á þessum liðum gegn því, að viðkomandi aðilar fengju hagkvæm lán fyrir hluta af húsum og vélum eða þeir væru undanþegnir einhverjum álögum, sem þeir verða að greiða nú. Slíkt gæti einnig haft í för með sér meiri vinnuhagræðingu.
7. Innflutningsgjöld af veiðarfærum eru 4%, en af varahlutum miklu hærri. Við drögum í efa, að milliliðakostnaður af veiðarfærum sé óeðlilega hár, því að samkeppni er mikil. Afnám innflutningsgjalda á veiðarfærum til fiskveiða og varahlutum til fiskiskipa mundi spara útvegsmönnum nokkurt fé, misjafnlega mikið, en öllum nokkuð. Innlendum veiðarfæragerðum mætti bæta slíkt upp með því að greiða þeim ákveðið prósentugjald af því vöruverðmæti, sem þær framleiddu og seldu á samkeppnishæfu verði. Í stað þess hefur ríkisstjórnin bætt einum böggli á Skjónu, sett innflutningshöft á netateina, svo að Hampiðjan geti selt framleiðslu sína fyrir hærra verð. Það mun auka veiðarfærakostnað meðalbáts um 20—30 þús. kr. á ári og hindra heilbrigða samkeppni um gæði vörunnar.
8. Forráðamenn frystihúsa kvarta um vöntun á hráefni. Fleiri og fleiri útvegsmenn reyna að verka fiskinn sjálfir með því að salta aflann og herða. Vafalaust er þetta rétt og ástæðan augljós þeim, sem til þekkja. Hún er sú, að ekki hefur

verið hægt að gera báta út til fiskveiða með sæmilegum árangri án þess að hafa hagnað af fiskverkun. Ástæðan er margþættur og sívaxandi kostnaður við útgerðina, sem ríkisstjórnin hefur því miður átt sinn þátt í. Útvegsmenn hafa því verið neyddir til að verka fisk úr eigin bátum, ef þess hefur verið nokkur kostur. Hjá slíkum mönnum hefur reksturinn borið sig bezt, og til þeirra heyrist minnst nú. Við þetta bætist, að útvegsmenn fá enga tryggingu fyrir skilvísri greiðslu, þegar þeir selja fiskvinnslustöðvum aflann. Bankar taka veð í afla, og ríkið fær stimpilgjöld, en útvegsmaðurinn enga tryggingu. Eðlilegt er því, að illa stæðum fiskvinnslustöðvum gangi illa að fá hráefni. Af ofangreindri ástæðu ber nauðsyn til að reyna að lækka rekstrarkostnað fiskibáta þannig, að rekstur þeirra beri sig, án þess að hagnaður verði af fiskverkun.

9. Ævintýrinu er lokið í bili. Vissir hestar í lestinni eru lagztir, vegna þess að búið er að bæta á þá svo mörgum og þungum pinklum. Lestamennirnir hafa um tvennt að velja: að taka eitthvað af pinklunum af eða lyfta undir baggana. Það þótti eigi hyggnir lestamenn, sem höfðu baggana of þunga. Við leggjum til með þessu frumvarpi, að ósanngjarn pinkill sé tekinn af baki útvegsmanna og fiskvinnslustöðva. Við miðum við 150 lesta stærð skipa, því að það eru einkum þau skip, sem afla bolfisks, og stærri skipin hafa betri aðstöðu til síldveiða. Bregðist síldveiðin, breytist að sjálfsögðu sá aðstöðumunur.

Við höfum bent á nokkur atriði, sem geta orðið til mikilla hagsbóta fyrir útvegsmenn, ef framkvæmd væru, mundu sennilega spara meðalbát 4—6 hundruð þúsund krónur á ári. Það gæti valdið því, að engin bein framlög þyrfti úr ríkissjóði til bátaútvegsins. Betra er að stíga tvö skref til baka, en sökkva dýpra.

Ed. 232. Frumvarp til laga [127. mál]

um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Úr gildi er numinn II. kafli laga nr. 68/1934, um einkasölu á útvarpstækjum, svo og 2. málsliður 1. málsgreinar og 2. málsgrein III. kafla sömu laga.

2. gr.

Eignir Viðtækjaverzlunar ríkisins skulu, að frádregnum 1.8 milljónum króna, sem ganga eiga til ríkissjóðs, vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar og 1.0 milljón króna, sem verja skal til þess að ljúka Þjóðleikhúsbyggingunni, renna í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, er jafnframt tekur á sig skuldbindingar Viðtækjaverzlunarinnar gagnvart lánardrottnum og starfsmönnum hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 15. maí 1965 skipaði menntamálaráðherra nefnd, er endurskoða skyldi starfsgrundvöll Viðtækjaverzlunar ríkisins. Í nefndina voru skipaðir:

Jón Á. Bjarnason, verkfræðingur, skv. ábendingu Verzlunarráðs Íslands, Sigurður J. Briem, stjórnarráðsfulltrúi, Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri, og Sveinn Ingvarsson, forstjóri. Sigurður J. Briem var skipaður formaður nefndar-

innar. Í forföllum Sigtryggs Klemenzsonar tók Höskuldur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi, sæti í nefndinni.

Nefndin lauk störfum 29. marz 1966, og fara hér á eftir nokkur atriði úr álitsgerð hennar:

Árið 1964 varð halli á rekstri Viðtækjaverzlunarinnar, er nam um 920 000 krónum auk vaxta af tæpum 7 000 000 króna, er verzlunin er talin skulda ríkissjóði.

Nefndin ræddi framtíð Viðtækjaverzlunarinnar, og komst forstjóri hennar svo að orði:

„Eins og málum er nú komið, er mér ljóst, að ekki eru tök á að byggja upp líkan starfsgrundvöll þeim, er Viðtækjaverzlunin starfaði á fyrstu 27—28 árin, því að meðal annarra fullnægjandi skilyrða í þeim efnum yrði að útvega 40—50 milljónir króna sem handbært rekstrarfé og jafnframt auka starfslið stofnunarinnar að þrefaldri tölu við það, sem nú er, að lágmarki."

Í nefndarálitinu segir enn fremur:

„Nefndin telur, að aðstaða Íslendinga til að afla sér viðtækja og varahluta í þau sé í dag allt önnur og betri en hún var 1930. Með hliðsjón af fullkominni getu einkafyrirtækja sem og samvinnufélaga til að annast innflutning og dreifingu viðtækja, getur nefndin ekki mælt með, að ríkissjóður leggi fram 40—50 milljónir til reksturs einkasölu til sams konar þjónustu og bindi þar við 30 manna starfslið. Þar sem mjög óráðlegt virðist að halda áfram rekstri einkasölunnar með núverandi sniði, leggur nefndin til, að hún verði lögð niður."

Tvímælalaust verður sparnaður af að leggja Viðtækjaverzlun ríkisins niður, en hækka jafnframt verðtoll af viðtækjum, svo sem lagt er til í frumvarpi um breyting á tollskrárlögum, sem lagt verður fram samtímis þessu frumvarpi. Starfslið Viðtækjaverzlunarinnar er 10 manns. Er starf þess að verulegu leyti skattheimta, er tollyfirvöld geta haft með höndum án nokkurs aukakostnaðar. Í annan stað er til mikils hagræðis fyrir innflytjendur viðtækja, að skattheimta af innflutningi sé færð á eina hendi. Í þriðja lagi mundi hallarekstur Viðtækjaverzlunarinnar að sjálfsögðu hverfa, og peningar þeir, er verja hefði orðið til greiðslu hallans, yrðu til annarrar ráðstöfunar.

Gildandi lög um einkasölu á útvarpsviðtækjum eru heimildarlög. Með hliðsjón af gerbreyttum aðstæðum almennings til að afla sér viðtækja, þykir rétt, að heimild ríkissjóðs til að hafa á hendi einkasölu á viðtækjum verði úr gildi numin.

Upphaflega var gert ráð fyrir, að hagnaður af viðtækjaeinkasölunni rynni í framkvæmasjóð Ríkisútvarpsins, en í lögum nr. 115/1951 segir, að hagnaðurinn skuli renna í ríkissjóð til greiðslu á byggingarskuldum Þjóðleikhússins. Síðar var þeim lögum breytt og skyldi hagnaðinum þá skipt milli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðleikhússins. Nú hafa verið teknar upp beinar fjárveitingar í fjárlögum til rekstrar bæði Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar. Byggingarskuldir Þjóðleikhússins eru að fullu greiddar, en nokkrar framkvæmdir við húsið þó enn nauðsynlegar. Þykir rétt, að þær framkvæmdir verði kostaðar af tekjum Viðtækjaverzlunarinnar frá fyrri árum, en gert er ráð fyrir, að þær muni kosta 1.0 milljón króna. Þá er og eðlilegt, að Viðtækjaverzlunin greiði í ríkissjóð það fé, sem hún á ógreitt vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 1965—67, en það nemur 1.8 milljón kr. Að öðru leyti renni eignir hennar í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, eins og ráðgert var, þegar Viðtækjaverzlunin var stofnuð, enda taki hann að sér að greiða skuldbindingar hennar. Tekjur af hækkun verðtolls af viðtækjum renna að sjálfsögðu í ríkissjóð, enda tekur hann að sér fjárframlög til þeirra verkefna, sem hagnaður Viðtækjaverzlunarinnar skyldi áður renna til.

Ed. 233. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um fávitastofnanir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. febr. 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason.
Ásgeir Bjarnason. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Karl Kristjánsson.
Bjartmar Guðmundsson.

Ed. 234. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það á fundum sínum. Frá Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi barst nefndinni erindi, þar sem þess er óskað, að deild sú í verðlagsráði sjávarútvegsins, sem kemur til með að fjalla um verðlagningu á fiskúrgangi til mjölvinnslu samkvæmt frumvarpi þessu, verði einnig látin ákveða verð á úrgangsfiski til mjölvinnslu.

Nefndin er sammála um að verða við umræddri ósk félagsins og hefur í samræmi við það leyft sér að bera fram breytingartillögu á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. febr. 1967.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Gils Guðmundsson.
Sveinn Guðmundsson. Helgi Bergs. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ólafur Jóhannesson.

Ed. 235. Breytingartillaga [62. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: úrgangsfiski og fiskúrgangi.

Ed. 236. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um fávitastofnanir.

Frá Alfreð Gíslasyni, Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Síðari málsgrein orðast svo:
Ráðherra skipar hælinu forstöðumann, sem skal vera sérfróður um uppeldismál, og yfirlækni, að fengnum tillögum landlæknis.

Nd. 237. Frumvarp til laga [128. mál]

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Steingrímur Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt aðallega til fólksflutninga, en þó að nokkru til vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðahafnir—Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 35 milljón króna lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðari samgöngur á landi en íbúar annarra landshluta. Reynsla er nú komin á það, að jafnvel allvel byggðir vegir tryggja ekki samgöngur að vetrinum — milli byggðarlaga á Vestfjörðum. Og hitt hefur ávallt verið ljóst, að ekkert annað en samgöngur á sjó — góðar og greiðar skipaferðir — getur fullnægt þörfum Vestfirðinga að vetrinum varðandi flutninga milli Vestfjarða og annarra landshluta. Samgöngur á sjó eru því og verða „lífæðin“ í þessum málum, að því er Vestfirði varðar. En nú hefur mikil afturför átt sér stað í sjósamgöngum við Vestfirði. Það er bein afleiðing þess samdráttar, sem orðinn er í rekstri Skipaútgerðar ríkisins. Við það hefur skapazt óviðunandi ástand í samgöngumálum Vestfirðinga. Bitnar þetta allra harðast á Strandamönnum. Var það

þó almennt álit Vestfirðinga, meðan Skipaútgerð ríkisins var ólömuð, að nauðsyn væri á bættum Vestfjarðasamgöngum á sjó.

Á þingi Fjórðungssambands Vestfjarða hafa mörg hin síðari ár verið gerðar einróma áskoranir á þingmenn Vestfjarða um að hefja baráttu fyrir sérstöku Vestfjarðaskipi, ef ekki fengist breyting á strandferðum til Vestfjarða í hagkvæmara horf. Margar sveitarstjórnir á Vestfjörðum hafa einnig hvað eftir annað gert sams konar ályktanir. Vart er því um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert.

Talið er við hæfi, að slíkt skip væri 600—700 brúttólestir að stærð og hefði farþegarými fyrir 50—60 manns.

Eðlilegast er, að rekstur skipsins yrði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmastan hátt.

Fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að smíða nýtt skip — Vestmannaeyjaskip — til að annast fólks- og vöruflutninga milli Eyja og Reykjavíkur. Misjafnlega var fyrir þessu fyrirtæki spáð. En nú hefur reynslan skorið úr. Vestmanneyingar hafa fengið öruggar, reglulegar og hagkvæmar sjósamgöngur við Reykjavík, og rekstur skipsins ber sig betur en nokkurs annars skips Skipaútgerðar ríkisins. Heimahöfn Vestmannaeyjaskipsins er Vestmannaeyjar. Á sama hátt er lagt til, að Ísafjörður verði heimahöfn hins fyrirhugaða Vestfjarðaskips.

Þó að ekki sé nákvæmlega vitað, hvað slíkt skip kunni að kosta, er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka allt að 35 milljón króna lán vegna byggingar Vestfjarðaskipsins.

Málið er nú flutt í fimmta sinn í frumvarpsformi að ósk Fjórðungssambands Vestfjarða og fleiri aðila í héraði, og er þess að vænta, að Alþingi líti á brýna þörf þessa landshluta til bættra sjósamgangna og taki tillit til eindreginna óska Vestfirðinga um sérstakt Vestfjarðaskip, því að á þann hátt telja kunnugir, að málið verði bezt leyst.

Nd. 238. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Orðin „Skal slíkur læknir þá hafa bækistöð um borð í síldarleitar- eða rannsóknarskipi“ í 1. gr. falli niður.

Alþingi, 16. febr. 1967.

Guðlaugur Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Axel Jónsson.	Steingr. Pálsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Jón Skaftason.	

Nd. **239. Breytingartillögur** [7. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Ahlfors, Maj-Lis Linnea, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Finnlandi 24. ágúst 1920.
2. Andersen, Aira Karina, húsmóðir á Eyrarbakka, fædd í Finnlandi 8. júlí 1941.
3. Bird, Björg Sveinsdóttir, hjúkrunarkona og ljósmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 14. júlí 1899.
4. Desai, Kushendra Jayantilal, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Indlandi 10. júlí 1941.
5. Goodall, Alexander Littlejohn, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur í Skotlandi 22. marz 1930.
6. Guðmundur Guðlaugsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi 24. október 1900. Fær réttinn 25. júní 1967.
7. Hansen, Dagmar Johanne Pauline, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 18. maí 1925.
8. Heaney, Ann Patricia, barn í Reykjavík, fædd í Líbýu 8. júní 1965.
9. Heaney, Charles William, barn í Reykjavík, fæddur í Líbýu 2. júní 1964.
10. Jacobsen, Elsebeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 27. október 1933.
11. Kvist, Jörn Andersen, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 29. nóvember 1940.
12. Marcher, Egon Thygesen, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 2. desember 1945.
13. Meyer, Irmgard Antonia, húsmóðir í Kópavogi, fædd í Þýzkalandi 14. marz 1926. Fær réttinn 11. apríl 1967.
14. Norheim, Egil, auglýsingastjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi 27. september 1942.
15. Olsen, Per Nörgaard, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 20. janúar 1942.
16. Samper, Baltasar Bascompte, listmálari í Kópavogi, fæddur á Spáni 12. janúar 1938.
17. Sawamura, Soffía Mitchiko, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 8. maí 1960.
18. Sawamura, Sylvía Bergljót, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 22. febrúar 1963.
19. Sawitzky, Karl Max Friedrich, matsveinn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 24. apríl 1920.
20. Sommer, Ingrid Frieda Erika, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 20. júní 1937.
21. Ström, Hans Karl, vélstjóri á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1924.
22. Zaghloul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
23. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

Nd. 240. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til laga um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.
RA var ekki mættur á fundi, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 17. febr. 1967.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Óskar E. Levy.	Pétur Sigurðsson.	Jón Kjartansson.

Nd. 241. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   h) að fylgjast með öryggis- og björgunarbúnaði skipa, ef ástæða þykir til.
2. Síðari málsgr. 5. gr. orðist þannig:
   Skipverjar á varðskipum Landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar.
3. 7. gr. orðist þannig:
   Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.
4. 8. gr. orðist þannig:
   Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.
5. Við 9. gr. bætist: eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.
6. Við 10. gr. bætist: stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæzlunnar.
7. 12. gr. orðist þannig:
   Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, en af afganginum ¼ — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.
   Yfirstjórn Landhelgisgæzlunnar skal heimilt að greiða af hluta Landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina.
8. 13. gr. orðist þannig:
   Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skal heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.
9. 14. gr. orðist þannig:
   Sérhver starfsmaður skal ganga undir læknisskoðun sjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar einu sinni á ári, eða oftar ef þörf þykir.

10. Við 15. gr.
    a. Á eftir orðunum „eða annarra þarfa“ í fyrri málsgr. komi: sbr. 1. gr.
    b. Síðari málsgr. falli niður.
11. 16. gr. orðist þannig:
    Skip og flugvélar Landhelgisgæzlunnar skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Varðskipin skulu einkennd nafni, en gæzluflugvélar með skrásetningareinkennum. Forstjóri ákveður í samráði við dómsmálaráðherra lit og önnur einkenni. Ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.

Nd. 242. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. febr. 1967.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Jón Skaftason.	Matthías Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.
	Steingrímur Pálsson.	

Nd. 243. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum. Ráðuneytisstjóri dómsmálaráðuneytis, Baldur Möller, og forstjóri Landhelgisgæzlunnar, Pétur Sigurðsson, hafa mætt á fundum nefndarinnar, gefið upplýsingar og rætt efni frumvarpsins við nefndarmenn. Stjórn Skipstjórafélags Íslands sendi nefndinni athugasemdir við frumvarpið, og ræddi formaður þess, Jón Eiríksson, við formann nefndarinnar.

Enn fremur sendi Starfsmannafélag Landhelgisgæzlunnar nokkrar athugasemdir við frumvarpið, og óskaði stjórn þess eftir viðræðum við nefndina. Varð hún við þeim tilmælum, og var fullt tillit tekið til athugasemda þeirra við afgreiðslu málsins.

Nefndin varð sammála um að flytja nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, sem prentaðar er á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna, Ragnar Arnalds, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1967.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Óskar E. Levy.	Björn Fr. Björnsson.	Jón Kjartansson.

Nd. 244. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frumv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri en Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Umsækjendur samkv. 1. gr. frv., eins og hún er, fullnægja þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan, og sömuleiðis þeir umsækjendur, sem nefndin leggur til í breytingartillögum sínum að öðlist ríkisborgararétt, að undanskildum nr. 6 og 13 í brtt. nefndarinnar og nr. 11 í frumvarpinu, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim 23 umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv., og þeim 23 umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögum nefndarinnar á þskj. 239, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Einn nefndarmanna, Ragnar Arnalds, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. febr. 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Jón Kjartansson.	Björn Fr. Björnsson.	Óskar E. Levy.

Ed. **245. Frumvarp til laga** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. janúar 1967:

1. Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur 72.82%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands 17.06%
3. Til Fiskimálasjóðs 5.86%
4. Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins 1.16%
5. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips 1.52%
6. Til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 0.79%
7. Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur 0.79%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í frumvarpi því, er hér er lagt fram, eru ráðgerðar breytingar á skiptingu tekna af útflutningsgjaldi. Með þeim breytingum er samtökum sjómanna tryggð sama hlutdeild af útflutningsgjaldi og Landssamband íslenzkra útvegsmanna nýtur, en hún er nú 0.8% af útflutningsgjaldi. Breytingar þessar, sem eru í samræmi við yfirlýsingu, er sjávarútvegsmálaráðherra gaf Alþingi á s. l. vetri, eru gerðar vegna eindreginnar kröfu frá samtökum sjómanna um jafnháa fjárhæð af útflutningsgjaldi til sinna þarfa og Landssamband íslenzkra útvegsmanna fær af gjaldinu. Hin nýja hlutdeild sjómannasamtakanna er reiknuð út á þann hátt, að hlutdeild annarra þeirra, er tekna njóta af útflutningsgjaldi lækkar hlutfallslega.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sökum hins mikla verðfalls, sem orðið hefur á loðnumjöli og loðnulýsi frá síðustu loðnuvertíð, hrekkur verðmæti þessara afurða ekki fyrir algjörum lágmarkskostnaði við veiðarnar og vinnslu aflans, nema útflutningsgjald af afurðunum verði gefið eftir.

Samkvæmt þeim útreikningum, sem oddamaður yfirnefndar verðlagsráðs við ákvörðun loðnuverðs á komandi vertíð hefur lagt fram, nemur algjör lágmarkskostnaður við að gera út báta á loðnuveiðar, fremur en að leggja þeim, um 40 aurum á hvert kg veiddrar loðnu, og er þá miðað við reynslu bátaflotans af loðnuveiðum síðasta árs. Tilsvarandi lágmark kostnaðar við bræðsluna er 55 aurar á hvert kg

hráefnis. Til viðbótar kemur kostnaður við akstur frá skipshlið að verksmiðjuþró, 5 aurar á hvert kg. Afurðaverðmætið þarf því að nema kr. 1.00 á hvert kg hráefnis, svo að svari lágmarki kostnaðar við að veiða og vinna loðnuna.

Til samanburðar skal tekið fram, að heildarkostnaður, að meðtöldum öllum föstum kostnaðarliðum, er ekki breytast með úthaldstíma báta eða vinnslutíma verksmiðja, mundi samkvæmt framlögðum áætlunum beggja aðila nema kr. 1.51 eyri á hvert kg hráefnis, einnig að meðtöldum aksturskostnaði.

Afurðaverðmæti nemur samkvæmt áætlun kaupenda 87 aurum á hvert kg hráefnis. Eftirgjöf útflutningsgjaldsins nemur á sama grundvelli 6 aurum á hvert kg, þannig að eftirgjöf þess mundi hækka áætlun afurðaverðmætisins upp í 93 aura á hvert kg hráefnis.

Með tilliti til þess mikilvægis, sem veiðar og vinnsla loðnunnar getur haft fyrir þá, er þann atvinnuveg stunda, er lagt til að á yfirstandandi ári verði fellt niður útflutningsgjald á loðnumjöli og loðnulýsi, en í núgildandi lögum er gjald þetta 6% af f.o.b. verðmæti.

Nd. 246. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri sauðfjársjúkdómanefndar, mætti á einum fundi nefndarinnar, og var rætt við hann um efni frv. og þær breytingar, sem í því felast á núgildandi lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Landbúnaðarnefnd mælir með samþykkt frv. með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „ búferlaflutningum“ í síðustu mgr. komi: búfjárflutningum.
2. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðinu „sauðfjársjúkdómanefnd“ í 1. mgr. komi: með samþykki yfirdýralæknis.
   b. Orðið „um“ í 3. málsl. 1. mgr. falli burt.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „búferlaflutninga“ í 1. mgr. komi: búfjárflutninga.

Alþingi, 18. febr. 1967.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Jónas Pétursson.	Björn Pálsson.	Sverrir Júlíusson.
	Steingrímur Pálsson.	

Nd. 247. Frumvarp til laga [130. mál]

um olíuverzlun ríkisins.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal olíuverzlun ríkisins. Hún er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á skuldbindingum hennar. Ríkissjóður leggur henni til nauðsynlegt stofn- og rekstrarfé, og er heimilt að taka það að láni.

2. gr.

Hlutverk olíuverzlunarinnar er að annast öll innkaup og flutninga til landsins á brennsluolíum (gasolíu, dieselolíu, fuelolíu, ljósaolíu, benzíni og flugvélabenzíni), smurningsolíum og olíufeiti. Hún skal sjá um flutning olíuvaranna í birgðastöðvar í innflutningshöfnum. Enn fremur skal hún leitast við að fjölga innflutningshöfnum olíuvara frá því, sem nú er, í því skyni að auðvelda dreifingu þeirra.

3. gr.

Olíuverzlunin skal semja við eigendur olíubirgðastöðva um leigu þeirra til þess að tryggja nægilegar birgðageymslur. Náist ekki samkomulag um leigusamninga, er heimilt að taka birgðastöðvar leigunámi. Enn fremur er olíuverzluninni heimilt að byggja nýjar birgðastöðvar, ef nauðsyn krefur. Þá skal olíuverzlunin leita eftir samningum við starfandi olíufélög um kaup eða leigu á dreifingarkerfi þeirra og smásöluaðstöðu. Takist ekki samningar, sem tryggi olíuverzlun ríkisins sæmilega aðstöðu til smásöluverzlunar með olíur, skal heimilt að taka eignir olíufélaganna eignar- eða leigunámi.

4. gr.

Olíuverzlunin selur olíuvörur í heildsölu til olíusamlaga, opinberra aðila og annarra, sem kaupa mikið magn í einu til eigin nota.

Hún skal einnig annast smásölu með olíuvörur og leitast við að skipuleggja á sem hagkvæmastan hátt olíudreifingarkerfi um allt land.

Olíuverzlun ríkisins skal skylt að sjá um, að jafnan séu til í landinu nægar birgðir olíuvara.

5. gr.

Olíuverzlunin skal selja olíuna á kostnaðarverði að viðbættri álagningu, sem svarar kostnaði við rekstur verzlunarinnar.

6. gr.

Stjórn olíuverzlunarinnar skipa 5 menn, sem kosnir eru af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Einnig skulu á sama hátt kosnir jafnmargir varamenn. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og hefur umsjón með rekstri verzlunarinnar.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins annast endurskoðun reikninga olíuverzlunarinnar.

7. gr.

Olíusamlög eða aðrir aðilar, sem bundnir eru viðskiptasamningum við olíufélögin, þegar olíuverzlunin tekur til starfa, skulu lausir undan þeim samningum án skaðabóta.

8. gr.

Birgðir þær af olíuvörum, sem verða á birgðastöðvum þeim, er olíuverzlunin fær til umráða, samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún kaupa á kostnaðarverði. Nánist ekki samkomulag við eigendur, er heimilt að taka vörurnar eignarnámi.

9. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, þ. á m. meðferð og sala þeirra birgða, sem fyrir verða á birgðastöðvum, sem olíuverzlunin tekur ekki á leigu, þegar hún tekur til starfa, skulu ákveðin í reglugerð.

10. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum eða öðrum ákvæðum, er sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 200 þúsund krónum, og skal farið með mál út af slíkum brotum að hætti opinberra mála.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að sett verði á stofn olíuverzlun ríkisins, sem síðan taki í sínar hendur allan innflutning á olíum til landsins og hafi með höndum alla heildsölu á olíuvörum. Jafnframt er ráð fyrir því gert, að olíuverzlun ríkisins taki að mestu leyti að sér alla smásölu og dreifingu á olíuvörum. Þó er til þess ætlazt, að þau olíusamlög, sem starfa samkv. lögum og hafa það að markmiði að selja meðlimum sínum olíur á sem lægstu verði, geti starfað áfram.

Eins og kunnugt er, eru það einkum þrjú stór olíufélög, sem nú annast olíusöluna í landinu. Þau hafa á undanförnum árum byggt upp þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land, kerfi, sem hlýtur að vera óhóflega dýrt í stofnkostnaði miðað við aðstæður og jafnframt hlýtur að vera mjög kostnaðarsamt í rekstri. Víða í þorpum landsins má sjá þrjá birgðageyma olíufélaganna og allmargar dreifingarstöðvar, þó að augljóslega hefði á þeim stöðum mátt komast af með einn birgðageymi og eina dreifingarstöð. Í Reykjavík og stærstu kaupstöðum landsins hefur fjárfesting olíufélaganna verið gífurleg, og ljóst má það vera hverjum manni, að fjölmargar benzínafgreiðslustöðvar félaganna eru þar byggðar í viðskiptalegu kapphlaupi án tillits til raunverulegra þarfa viðskiptamannanna.

Það hefur verið yfirlýst stefna okkar Alþýðubandalagsmanna, að olíuverzlunina ætti að skipuleggja með allt öðrum hætti en verið hefur. Við höfum því margsinnis áður flutt tillögur til breytinga á þessum málum og lagt fram frv. á Alþingi um ríkisverzlun með olíur.

Innflutningur á olíum til landsins er meiri en á nokkurri annarri vörutegund. Verðlag á olíuvörum skiptir því miklu máli í þjóðarbúskapnum og varðar alla einstaklinga að meira eða minna leyti.

Nú hefur háttað svo til í utanríkisviðskiptum landsins í allmörg ár, að ríkið hefur gert samninga við önnur ríki um innkaup á svo til allri olíu, sem landsmenn nota. Skipta þar mestu máli samningar við Sovétríkin. Þrátt fyrir þessar aðstæður hefur sá háttur verið hafður á, að ríkið hefur afhent þann samning, sem það hefur gert um innkaup á olíum og flutning til landsins, olíufélögunum þremur til framkvæmda. Á þann hátt hafa olíufélögin þrjú í rauninni fengið einkaaðstöðu til innkaupa á olíum, og síðan hafa þau annazt sjálf alla dreifingu olíuvaranna. Þessi þrjú stóru olíufélög hafa með sér mjög náið samstarf um olíusöluna, að minnsta kosti um verðlagninguna og allt sölufyrirkomulag. Samkeppni þeirra á milli er því ekki á neinum venjulegum grundvelli.

Nokkur olíusamlög eru enn starfandi í landinu. Þau geta hvergi fengið olíuvörur á eðlilegu heildsöluverði, en neyðast til þess að semja við olíufélögin í öllum aðalatriðum á þeim grundvelli, sem félögin ákveða. Þannig verða olíusamlögin að selja olíuna á sama verði og olíufélögin gera og með sömu söluskilmálum og þau. Hér er því greinilega um einokunaraðstöðu olíufélaganna að ræða.

Með frv. þessu er lagt til, að olíuverzlun ríkisins annist ein öll innkaup á olíum til landsins og hafi ein með höndum alla heildsölu á olíum. Frá olíuverzlun ríkisins gætu þá olíusamlög fengið olíur á eðlilegu heildsöluverði. Enginn vafi er á því, að með slíkri skipan mundu olíusamlögin strax lækka verðið til neytenda frá því, sem nú er, og til mikilla muna í sumum greinum.

Þá er gert ráð fyrir því í frv., að opinberir aðilar, eins og bæjar- og sveitarfélög og ýmsir þeir, sem kaupa þurfa mikið magn af olíu til eigin nota, geti fengið olíur keyptar af olíuverzlun ríkisins á heildsöluverði. Hér er um sanngirnismál að ræða og eðlileg viðskipti í stað þeirra þvingunarviðskipta, sem nú gilda.

Í frv. er svo jafnframt gert ráð fyrir, að olíuverzlun ríkisins skipuleggi smásöluverzlun með allar olíuvörur um allt land með það fyrir augum, að dreifingarkostnaður verði sem minnstur og verðlagið geti verið sem allra lægst. Á þann hátt yrði tekið fyrir þá stjórnlausu eyðslu, sem nú á sér stað í þreföldu dreifingarkerfi, og komið í veg fyrir óþarfan tilkostnað við sölu á þessum nauðsynlegu vörum.

Um þessar mundir er mikið um það rætt, að gæta þurfi meiri hagsýni en gert hefur verið í uppbyggingu fiskiðnaðarins í landinu og í framkvæmdum landbúnaðarins. Þegar svo er komið, að framleiðslukostnaður frystihúsanna í landinu er orðinn of mikill vegna síaukinnar dýrtíðar, þá þykir sjálfsagt að taka til endurskipulagningar uppbyggingu frystihúsanna og rekstraraðstöðu þeirra. En skyldi þá ekki vera kominn tími til að taka til athugunar olíusölukerfið í landinu? Eða er kannske meining þeirra, sem nú tala mest um meiri hagræðingu í fiskiðnaði og í landbúnaði, að ganga með öllu fram hjá því, að auka þurfi hagræðingu í verzlun og viðskiptum? Getur það verið ætlunin að halda áfram í þrefalt olíudreifingarkerfi um allt land? Áframhaldandi útþensla slíks kerfis kostar þjóðina tugi milljóna króna á ári í algera eyðslu.

Þegar við Alþýðubandalagsmenn höfum á undanförnum árum barizt fyrir ríkisverzlun á olíum, hefur mótstaðan gegn tillögum okkar einkum komið frá forustumönnum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Tengsl forustumanna þessara flokka við olíufélögin þrjú hafa verið öllum ljós. Alþýðuflokkurinn hefur hins vegar látið sig þessi mál litlu skipta, þar til nú nýlega, að formaður flokksins lýsti yfir fylgi Alþýðuflokksins við ríkisverzlun á olíum.

Við Alþýðubandalagsmenn viljum enn láta reyna á afstöðu flokkanna til þessa stórmáls. Verður þá að koma í ljós, hvort flokkarnir meta meir hagsmuni almennings í landinu og hagsmuni atvinnuveganna eða gróðahagsmuni olíufélaganna þriggja.

Ed. 248. Lög [40. mál]

um breyting á lögum nr. 53 1966, um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 47.

Sþ. 249. Fyrirspurnir. [131. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um störf flugvallanefndar.

Frá Axel Jónssyni, Sverri Júlíussyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, er ráðherra skipaði á árinu 1965 til að gera tillögur um framtíðarstefnu í flugvallarmálum höfuðborgarsvæðisins?

II. Til ríkisstjórnarinnar út af könnun á hag dagblaðanna.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hver hefur orðið árangur þeirrar könnunar á hag og stöðu íslenzku dagblaðanna, sem ríkisstjórnin ákvað að láta fram fara fyrir ári?
2. Hyggst ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að sú þróun, sem víða í Evrópu hefur leitt til sívaxandi blaðadauða og þar af leiðandi minnkaðs raunverulegs prentfrelsis, gerist einnig hér á landi?

Nd. 250. Breytingartillögur [22. mál]

við brtt. á þskj. 214 [Námslán og námsstyrkir].

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. till. b (við 5. gr.). Till. orðist svo:
   Í stað orðanna „og setja tryggingu samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins“ komi: og ákveður stjórn sjóðsins eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eða hverra trygginga skuli krafizt.
2. Við 5. brtt. (við 8 gr.). Till. orðist svo:
   Í stað orðanna „í þeim greinum, sem eigi verður lögð stund á hérlendis“ komi: og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir, er stunda nám, er eigi verður lögð stund á hérlendis.

Ed. 251. Frumvarp til laga [22. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Eftir 3. umr. í Nd., 20. febr.)

I. KAFLI

Lánasjóður íslenzkra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Hlutverk lánasjóðs íslenzkra námsmanna er að veita íslenzkum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins, þannig: Einn samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, en tvo án tilnefningar, og skal annar þeirra valinn með hliðsjón af kunnugleika á námi og högum þeirra námsmanna, sem eigi eru stúdentar, en hinn vera formaður stjórnarinnar.

Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn, nema fulltrúar Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Sambands íslenzkra stúdenta erlendis, sem skipaðir eru til tveggja ára.

Varamenn í stjórn sjóðsins skulu skipaðir með sama hætti og til jafnlangs tíma.

Verði atkvæði jöfn við afgreiðslu mála í stjórn sjóðsins, ræður atkvæði formanns.

4. gr.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er:

1. Að veita námsmönnum námslán af fé því, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma.
2. Að annast úthlutun námsstyrkja samkvæmt III. kafla laga þessara.
3. Að annast lántökur og hafa með höndum fjármál sjóðsins.
4. Að annast gagnasöfnun varðandi þörf námsmanna á opinberri aðstoð.

Úthlutun lána og styrkja fer fram samkvæmt reglum, sem menntamálaráðherra setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

Útborgun lána, bókhald, innheimtu vaxta og afborgana og aðra daglega afgreiðslu er stjórn sjóðsins heimilt að fela bankastofnun.

Stjórn sjóðsins ræður sjóðnum starfslið, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra.

Árlegur rekstrarkostnaður greiðist af fé sjóðsins.

II. KAFLI
Um námslán.

5. gr.

Lántakandi skal enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en endurgreiða lánin með jöfnum ársgreiðslum (annuitet) á allt að fimmtán árum með 5% ársvöxtum, og skulu endurgreiðslur hefjast fimm árum eftir að námi lýkur, en vextir reiknast frá námslokum. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef námsmaður hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Námsmaður skal að jafnaði hafa heimild til að taka lán árlega, meðan hann er við nám, en þó ekki lengur en hæfilegur námstími er talinn í þeirri grein og í þeim skóla, sem námið er stundað í. Ár miðast við háskólaár á hverjum stað.

Fyrir lánum þessum skulu lántakar gefa út skuldabréf, og ákveður stjórn sjóðsins eftir aðstæðum umsækjenda, hvort eða hverra trygginga skuli krafizt.

Lán námsmanna, sem látast eða verða öryrkjar, skulu óafturkræf.

6. gr.

Umsækjendur um námslán skulu láta fylgja umsóknum upplýsingar um allt það, er stjórn sjóðsins telur, að máli skipti, þar á meðal um tekjur sínar og efnahag. Við ákvörðun um upphæð námsláns til hvers einstaks námsmanns er stjórn sjóðsins heimilt að hafa hliðsjón af efnahag hans og námsaðstöðu að öðru leyti, lengd árlegs námstíma og áætluðum eðlilegum námstíma, framfærslukostnaði í því landi, sem nám er stundað í, og fleiru, sem til greina kann að koma í því sambandi.

7. gr.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og nám stunda við Háskóla Íslands, njóta réttinda til opinberrar aðstoðar við námsmenn samkvæmt lögum þessum með sama hætti og íslenzkir námsmenn.

III. KAFLI
Um námsstyrki.

8. gr.

Fé því, sem veitt er í fjárlögum til námsstyrkja, annarra en 5 ára styrkja og styrkja skv. 9. gr., skal varið til þess að vega upp á móti kostnaðarauka þeirra, er fara utan til náms, og skulu þeir að jafnaði ganga fyrir, er stunda nám, er eigi verður lögð stund á hérlendis, svo sem vegna fargjalda og skólagjalda.

9. gr.

Veitt skal árlega fé í fjárlögum til styrkja handa þeim, er leggja stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi, enda sé þar um að ræða lokapróf, er krefst að öðru jöfnu 4 ára náms hið skemmsta.

Þeim, sem lokið hafa öðrum háskólaprófum og leggja síðan stund á framhaldsnám, en hljóta eigi styrk skv. 1. málsgr., má veita lán úr lánasjóði íslenzkra námsmanna, þar til þeir hafa stundað nám, er samsvarar 4 ára háskólanámi. Haldi þeir þá enn áfram framhaldsnámi, teljast þeir fullnægja skilyrðum skv. 1. málsgr.

IV. KAFLI
Um ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenzkra námsmanna og ríkisframlag.

10. gr.

Árlegt ráðstöfunarfé lánasjóðs íslenzkra námsmanna er:

1. Vextir og afborganir af námslánum samkvæmt lögum þessum og af eldri námslánum.
2. Ríkisframlag.
3. Lánsfé samkvæmt 12. grein.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögu um upphæð ríkisframlags í fjárlögum til námslána og námsstyrkja með sama hætti og ríkisstofnanir.

12. gr.

Nú nægir það ríkisframlag eigi, sem ákveðið hefur verið, til þess að mæta fjárþörf sjóðsins á því fjárhagsári, og er þá stjórn sjóðsins heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins, að taka innanlands lán í bönkum eða öðrum lánastofnunum með tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins til þess að endurlána námsmönnum. Lánasjóður íslenzkra námsmanna stendur straum af afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum þessum.

Eigi má sjóðsstjórnin lána meira fé úr sjóðnum en svo, að sjóðurinn geti staðið straum af vöxtum og afborgunum af lánum þeim, sem tekin verða samkvæmt lögum þessum, svo og af þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin til starfsemi hans.

13. gr.

Reikningar sjóðsins skulu gerðir árlega og endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Þeir skulu birtir í Stjórnartíðindum.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og samtímis falla úr gildi lög nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna, og lög nr. 35 27. júní 1925, um styrk-

veiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla, svo og orðin: „námsstyrkjum þeim og námslánum, sem og“ og „öðrum“ í g-lið 7. gr. 1. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Nd. 252. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. febr.)

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ráða lækni til þess að veita sjómönnum síldveiðiflotans læknishjálp á fjarlægum miðum. Laun hans greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 253. Tillaga til þingsályktunar [132. mál]

um þaraþurrkstöð á Reykhólum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að hraðað verði undirbúningi að byggingu þaraþurrkstöðvar á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Skal stefnt að því, að ársframleiðsla hennar verði a. m. k. 1000 tonn af þurrum þara á ári þegar í upphafi með stækkunarmöguleikum síðar. Jafnframt verði undirbúin nauðsynleg löggjöf um stofnun og rekstur fyrirtækisins.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur verið rætt um hagnýtingu og uppbyggingu hins forna höfuðbóls, Reykhóla á Reykjanesi í Austur-Barðastrandarsýslu. Nefndir hafa verið settar á laggirnar og þær unnið margvíslegt rannsóknar- og undirbúningsstarf. En lítið hefur orðið úr framkvæmdum, þegar undan er skilin tilraunastöð í jarðrækt, sem þar hefur verið reist. Nú hefur einnig verið ákveðið, að reistur skuli heimavistarunglingaskóli á Reykhólum fyrir byggðir Austur-Barðastrandarsýslu og ferjubryggja byggð á Stað á Reykjanesi. Loks hafa byrjunarframkvæmdir verið hafnar við byggingu mjólkurbús.

Í tillögum Reykhólanefndar, sem skilaði áliti árið 1965, er m. a. lagt til, að lokið verði rannsóknum á skilyrðum þaravinnslu á Reykhólum. Hefur Sigurður V. Hallsson verkfræðingur unnið að slíkum rannsóknum og tilraunum af miklum dugnaði og ósérplægni. Fylgir yfirlitsskýrsla hans með grg. tillögu þessarar. Var hún samin að tilhlutun Reykhólanefndar. Samkvæmt áætlun hans, sem þó er ekki endanleg, er kostnaður við þaraþurrkstöð, með 1000 tonna ársframleiðslu af þurrkuðum þara, um 3 millj. kr., en borkostnaður vegna jarðhitaframkvæmda 500—600 þús. kr.

Með tillögu þessari er lagt til, að hraðað verði undirbúningi þaraþurrkstöðvar á Reykhólum, er framleiði a. m. k. 1000 tonn af þurrkuðum þara til útflutnings. Er markaður talinn öruggur fyrir þessa framleiðslu. Síðar mætti auka afkastagetu

þurrkstöðvarinnar upp í t. d. 2 þús. tonn. Fyrir öllum þessum atriðum er gerð glögg grein í skýrslu Sigurðar V. Hallssonar.

Mjög þýðingarmikið er, að hafizt verði handa um slíkan iðnað á Reykhólum. Mundi það eiga verulegan þátt í að treysta byggðina í þessum héruðum, en stuðla jafnframt að nokkurri nýbreytni í atvinnulífi þjóðarinnar. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Auk fyrrgreindrar yfirlitsskýrslu fylgir hér með sem fylgiskjal bréf frá Sigurði V. Hallssyni til 1. flm. tillögunnar. Er þar gerð grein fyrir því undirbúningsstarfi, sem unnið hefur verið vegna þaraiðnaðar á Reykjanesi.

Fylgiskjal I.

Yfirlitsskýrsla um möguleika á öflun hrossaþara við Skálanes og þurrkun hans við jarðhita að Reykhólum á Reykjanesi á Breiðafirði.

Yfirlitsskýrsla þessi er tekin saman að beiðni Reykhólanefndar 27. október s. l.

Í skýrslunni er leitazt við að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna og athugana á eftirfarandi þáttum, er undirritaður telur möguleika á nýtingu hrossaþaramiðanna við Skálanes byggjast á:

1. Alginsýruinnihaldi hrossaþarans.
2. Hrossaþaramagninu.
3. Öflunarmöguleikum og öflunarkostnaði.
4. Þurrkunarmöguleikum og þurrkunarkostnaði.
5. Nýtanlegum jarðvarma að Reykhólum og varmaþörf til þaraþurrkunar.
6. Löndunar- og útskipunarmöguleikum.
7. Raforkumálum að Reykhólum og raforkuþörf til þaraþurrkunar.
8. Mörkuðum og verði á þurrum hrossaþara erlendis.
9. Öðrum möguleikum á nýtingu þurrkstöðvar að Reykhólum.

1. Alginsýruinnihald þarans:

Verðmæti þara fer einkum eftir alginsýruinnihaldi þarans, en það breytist eftir árstíðum.

Í byrjun júnímánaðar 1963 voru þurrkuð við jarðhita að Reykhólum 700 kg af þurrum hrossaþara teknum við Skálanes. Voru stór sýnishorn af þara þessum send til Noregs og Frakklands og smærra sýnishorn til Skotlands. Mældist alginsýruinnihald þarans aðeins 18.6%, en hafði í eldri sýnishornum mælzt allt að 39%. Það er því enn eigi fullrannsakað, hvernig alginsýruinnihald hrossaþarans við Skálanes breytist eftir árstíðum. Úr þessu mun væntanlega verða skorið á næstu mánuðum, en fyrsta sýnishornið á þessu ári var tekið 23. febrúar s. l. af Revni Vigfússyni skipstjóra í Flatey á m/b Konráði hinum nýja. Notar Reynir þarakló þá, sem við notuðum við öflunartilraunir 1960 og 1963. Flutning þarans annast Staðarmenn, og fylgist Jón Snæbjörnsson á Stað með flutningum og þurrkuninni að Reykhólum, sem Ingi Garðar Sigurðsson tilraunabústjóri tók að sér. Undirritaður mun annast efnagreiningu á þaranum og fékk til þess styrk úr Vísindasjóði.

2. Hrossaþaramagnið við Skálanes:

1950 voru gerðar grófar þéttleikamælingar á þara við Skálanes og Reykjanes, og reiknaðist ferskt þaramagn vera um 3 kg/m² að meðaltali. Ætla má, að þessi tala geti samsvarað um 5 kg/m² að meðaltali, ef þéttleikinn er að breytast ár frá ári (eftir 11 ára sveiflum) á líkan máta og við Skotland. Við öflunartilraunir á nefndu svæði 1960 varð nokkuð ljóst, að heppilegasta svæðið til nýtingar mundi vera við Skálanes á um 17 km² svæði, en á því ættu að vaxa um 50 000—85 000

tonn af ferskum þara á svæðinu. Þetta magn samsvarar um 7500—13 000 tonnum af þurrum þara. Nú eru þarablöðin einær, þ. e. falla af á hverju ári, en þarastilkirnir fleirærir, og enn fremur eru blöðin 80—88% af þunga þarans. Er því nauðsynlegt að ná sem mestu af blöðum þarans á hverju ári, því annars fara þau forgörðum. Ætti því að vera hægt að ná á hverju ári um 6000—10 000 tonnum af þurrum þara. Undirritaður telur, að miða ætti við, að aflað yrði fyrsta árið 3350 tonna af ferskum þara, eða 500 tonna af þurrum þara, og síðan að hækka afköstin á nokkrum árum í að minnsta kosti 13 500 tonn á ári, eða 2000 tonn af þurrum þara, ef aðrar aðstæður leyfa.

3. Öflunarmöguleikar og öflunarkostnaður:

Niðurstöður öflunartilrauna með þaraklær, sem gerðar voru við Skála- og Reykjanes 1960, og síðari athuganir sýna, að afla mætti allt að tveim tonnum af ferskum þara á klst. pr. þarakló. Yrði að gera ráð fyrir, að notaðar yrðu tvær klær og þær dregnar til skiptis. Þarinn yrði losaður úr klónum í öflunarbátinn sjálfan, sem flytti þarann á land. Mætti og nota sama bátinn til að flytja þurran þarann frá Reykjanesi t. d. út í Flatey, sem yrði þá útflutningshöfn þarans.

Telja má mögulegt, að finna megi með tilraunum aðrar gerðir öflunartækja, og mundi einhvers konar botnvarpa geta komið til greina. Þó eru nokkrir erfiðleikar við að skera eða brjóta þarastilkina í sjónum, því stilkur hrossaþarans er mjúkur og sveigjanlegur og liggur með botni vegna mikils straums yfir neðansjávarhryggjnn, sem þarinn vex á.

Norðmenn hafa lent í sömu erfiðleikum með öflun hrossaþara og við lentum í 1960, er við reyndum, auk þaraklónna, nokkurs konar botnvörpusleða. Náðum við aðeins upp þarablöðum, sem venjulega festust á hnífnum í sleðaopinu.

Öflunarkostnaður reiknast eftir niðurstöðum frá 1960 um kr. 200 pr. ferskt tonn eða um 1340 kr. pr. þurrt tonn. Verður að gera ráð fyrir, að væntanleg þurrkstöð greiði fyrir þarann kominn á land, þannig að öflunarmennirnir geri öflunarbátinn út sjálfir, en þurrkstöðin útvegi þaraklærnar eða önnur heppilegri öflunartæki. Öflunarbáturinn þarf að geta tekið um 35—40 tonn af ferskum þara í hverri öflunarferð og geta haft tvær þaraklær í gangi í einu. Öflunartíminn yrði væntanlega frá febrúar fram í júní eða um 100 daga á ári, sem færi þó eftir veðri, ís og ekki síst breytingum á alginsýruinnihaldi þarans.

4. Þurrkunarmöguleikar og þurrkunarkostnaður:

Gert verður hér ráð fyrir, að nægur jarðhiti sé fyrir hendi að Reykhólum.

Með hraðþurrktilraunum í tilraunatæki (nokkurs konar þurrkturni með fjórum grindum eða þrepum) á hrossaþara teknum við Reykjavík og Skálanes hafa verið fundir þurrkunareiginleikar hrossaþara frá nefndum stöðum, þurrkaðs við fremur lágan hita (til að forðast niðurbrot á alginsýru þarans). Hafa og öll þurrkunarskilyrði, svo sem hleðsla í þurrkara, lofthraði, þrepafjöldi o. fl. verið fundin fyrir þau sérstöku tæki, sem lögð voru til grundvallar. Gerð tilraunaþurrktækjanna var miðuð við, að hægt yrði að byggja þaraþurrktæki í hvaða stærð sem hér yrði hugsanlega notuð og þurrkað gætu þara, en hann er sérlega límkenndur hálfblautur.

Niðurstöður sýna, að fyrir hver 500 tonn af þurrum þara á ári, ef aðeins unnið á 100 sólarhringum, þurfi um 20 lítra á sek. af 95°C heitu vatni, ef kælt niður í 70°C, en um 10 l/sek., ef kælt í 45°C. Við notkun slíks lághita jarðvarma þarf stóran lofthitara, sem er dýrasti hluti þurrktækjanna. Einnig þarf öflugan loftblásara. Heildarraforkuþörf þyrfti að vera um 50 kW alls pr. 500 tonn þurrs þara, ef aðeins unnið á 100 dögum. Stærð verksmiðju og orku- og varmaþörfin stendur að sjálfsögðu í beinu hlutfalli við, hve lengi hægt er að vinna á ári.

Enn er eigi fullreynt, að hve miklu leyti alginsýra í hrossaþara brotnar við hraðþurrkun við lágan lofthita. Þó benda prófanir á seigju alginsýru úr hraðþurrk-

uðum þara til þess, að um litla breytingu sé að ræða, ef þarinn er þurrkaður með um 70°C heitu lofti á um 3 klst., eins og gert var við fyrrnefndar hraðþurrktilraunir.

Þurrkkostnað er nokkuð erfitt að áætla enn, en hann hefur verið áætlaður eigi minna en 1500 kr. pr. þurrt tonn, að undanskildum flutningskostnaði á ferskum þara frá löndunarstað að Reykhólum. Sá kostnaður yrði væntanlega um kr. 30—50 pr. ferskt tonn eða um kr. 210—350 pr. þurrt tonn, en flutningur á þurrum þara frá Reykhólum út í Flatey yrði væntanlega um kr. 50—100 pr. tonn. Kostnaðarverð þurrs þara í Flatey mundi þá verða um kr. 3100—3300 pr. tonn, ef öflunarkostnaður er 1340 kr.

Stofnkostnaður, án borkostnaðar, en með mjölskemmu fyrir 130 daga framleiðslu, yrði, mjög lauslega áætlað, væntanlega um 1.7 Mkr. fyrir 500 tonna ársframleiðslu, 2.8 Mkr. fyrir 1000 tonna og 4.6 Mkr. fyrir 2000 tonn af þurrum þara á ári. Þurrkstöðin mundi afla um 1.5—6.5 Mkr. verðmæta á ári eftir stærð varlega áætlað eða um og yfir stofnkostnað á ári.

5. Nýtanlegur jarðvarmi að Reykhólum og varmaþörf til þaraþurrkunar:

Mælingar voru gerðar á Reykhólasvæðinu 1942 og 1951, og mældist heildarrennslið um 11.5 og 25 lítrar/sek., en hitastig vatnsins mældist mest um 100°C. Ekki hefur enn náðst í þriðju mælingarniðurstöðurnar, sem afhentar voru Alþingi um 1942, en þær gætu e. t. v. skorið úr um, hvor hinna talnanna er nær sanni. Þó telur undirritaður fyrrnefndu töluna raunhæfari.

Komið hefur til mála að mæla rennsli hveranna á svæðinu á vegum jarðhitadeildar Raforkumálaskrifstofunnar í sumar. Þó er augljóst, að borun á staðnum er nauðsynleg, ef fá á á einum stað nægilegt vatn fyrir þaraþurrkstöð, er þyrfti 20—80 l/sek. af 95°C heitu vatni, þ. e. fyrir þurrkstöð, er framleiddi 500—2000 tonn af þurrum þara. Um 70°C heitt vatn færi þá frá þurrkstöðinni, og mætti nota það til upphitunar. Ef skortur yrði á vatni, þyrfti að gera ráð fyrir stærri lofthitara, og yrði vatnsþörfin þó minnst um 10—40 l/sek. eftir ofangreindum afköstum.

6. Löndunar- og útskipunarmöguleikar:

Þaranum, sem aflað yrði við Skálanes og þurrkaður að Reykhólum, þyrfti að landa við bryggju á Reykjanesi. Þurrum þara yrði síðan að skipa út á sama stað, því að fráflutningur á landi yrði væntanlega of dýr.

Með tilliti til afstöðu þaramiðanna við Skálanes til Reykjaness vegna flutninga á þaranum á sjó og landi er, að áliti undirritaðs, Klauf í Staðarvík heppilegasti staðurinn fyrir bryggju á Reykjanesi. Vex í víkinni þari (sérstakt afbrigði af hrossaþara, sennilega ónothæft), þótt leirug sé, og bendir það til þess, að botninn sé grýttur eða að klettar séu undir leirlaginu. Mjög óvíst er, hvort tilraunaborunar þurfi við til könnunar á bryggjustæði, og nýta ætti alla þekkingu Staðarmanna við val á legu, undirbúning og byggingu bryggjunnar.

Ísar munu geta verið í Staðarvík fram í febrúar—marz og jafnvel í apríl, en oft leggur víkina ekki síðla vetrar. Skemmdir á bryggju vegna ísa eru mjög ólíklegar. Vegna mögulegrar lokunar Staðarvíkur af völdum ísa er nauðsynlegt að gera ráðstafanir fyrir bráðabirgðalöndun annars staðar, t. d. að Laugalandi, ef þar yrði þá auðveldara að brjótast að landi.

Kostnaður við uppfyllta steinbryggju í Klauf var talinn 1955 mundi verða um kr. 250 000.00. Nú vantar aðeins herzlumuninn á, að vegur sé kominn alla leið niður í Klauf.

Sennilega yrði hagkvæmast að landa þaranum í netatrossum beint úr öflunarbátnum og upp á flutningavagna eða bíla, sem kæmust út á bryggjuna. Útskipunin yrði væntanlega á sama máta, þ. e. þurr þarinn, í „böllum“ eða sem gróft mjöl í pokum, yrði tekinn af flutningatækinu beint í öflunarbátinn, sem flytti hann vænt-

anlega í Flatey til geymslu (t. d. í fyrrverandi frystihúsi), þar til hann yrði sóttur af útflutningsskipinu.

Vafalaust hefði bryggja í Klauf mjög mikil áhrif á samgöngur á sjó á milli Reykjaness og staða við og á Breiðafirði.

7. Raforkumál að Reykhólum og raforkuþörf til þaraþurrkunar:

Lögð var árið 1961—1962 einfasa lína frá Þverárvirkjun um Króksfjarðarnes til Reykhóla. Var hætt við lögn á þriggja fasa línu og gert ráð fyrir, að úr því yrði bætt, ef fært yrði og þörf krefði síðar. Einfasa línan mun geta flutt til þaraþurrkstöðvar að Reykhólum um 50 kW, en ef breytt í þrífasa 150 kW. Ef miðað yrði við, að þarinn yrði malaður í þurrkstöðinni að Reykhólum, mundi heildarraforkuþörf þurrkstöðvarinnar verða, eins og fyrr segir, um 50—200 kW fyrir 500—2000 tonn af þurrum þara á ári.

8. Markaður og verð á þurrum hrossaþara erlendis:

Markaðir eru fyrir hendi nú í Noregi og Frakklandi fyrir minnst 1000 tonn af þurrum þara á ári, en einhverjir möguleikar eru einnig væntanlegir í Bretlandi. Hefur undirritaður haft samband við stærstu framleiðendur í þessum löndum, en eigi enn fengið fullnægjandi hátt verðtilboð. Verðið mun þó vera um og yfir kr. 3000.00 pr. þurrt tonn komið til þessara landa, en þá er miðað við lægsta innihald á alginsýrunni, sem fundizt hefur í hrossaþaranum á Breiðafirði. Sýnishorn hafa verið send út, og fleiri verða send á næstu mánuðum, jafnframt því sem fylgzt verður með alginsýrubreytingum í þarasýnishornum, sem send verða hálfsmánaðarlega frá Breiðafirði næstu 4—5 mánuðina.

Keppa þarf að því að afla sem alginsýruríkasts þara og tryggja með réttri meðferð hans úrvals vöru, ef hægt er. Takist það vel, má búast við því, að framleiðsla á þurrum þara að Reykhólum geti orðið hagkvæm.

9. Aðrir möguleikar á nýtingu þurrkstöðvar að Reykhólum:

Eigi er enn vitað, hvort hagkvæmt yrði að afla þangs við Reykjanes eða flytja hálfþurrt þang annars staðar frá að Reykhólum til fullvinnslu á mjöli, en vissulega ætti að athuga þá möguleika nánar. Einnig ætti að athuga möguleika á þurrkun grass í þaraþurrkara að Reykhólum.

Lokaniðurstöður:

1. Með stuðningi ríkisins og Staðarmanna og þeirra erlendu aðila, sem áhuga hefðu á þarakaupum hér, ætti að vera hægt á næstu mánuðum að gera fulla grein fyrir möguleikum hrossaþaraþurrkstöðvar á Reykhólum.
2. Í slíkri stöð mætti vinna verðmæti, er næmu um og yfir 6 Mkr. á ári að minnsta kosti.
3. Aukin verðmætasköpun í þaraþurrkstöð að Reykhólum gæti orðið, ef afla mætti þangs við Reykjanes eða flytja það frá fjarlægari þangmiðum. Einnig mætti auka verðmætasköpun með heymjölsvinnslu í þaraþurrkstöð að Reykhólum.

Á það skal bent að lokum, að undanfarið hefur undirritaður notið ágæts stuðnings þaraáhugamanna við Breiðafjörð, og veltur framgangur þaramálsins á áframhaldandi aðstoð þeirra, einkum við öflun og þurrkun þarasýnishorna á næstu mánuðum.

Fáist og nægilegur fjárhagslegur stuðningur við lokaathugun á framangreindum þáttum þaramálsins, ættu engin vandkvæði að vera á því, að verulegur skriður komist á þaramálin og að margra ára hægfara athugun verði brátt lokið.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 1. marz 1965.

Sigurður V. Hallsson.

Fylgiskjal II.

Hr. alþingismaður
Sigurður Bjarnason.

Reykjavík, 12. janúar 1967.

Málefni: Öflun og þurrkun á þara 1966 og aðkallandi verkefni 1967 varðandi þaraiðnað á Reykjanesi við Breiðafjörð.

Með vísan til stutts viðtals við yður, 12. desember 1966, sendi ég hér með umbeðna greinargerð.

Á árinu 1966 lagði Jarðhitadeild Raforkumálaskrifstofunnar fram kr. 425 000.00 til byggingar tilraunaþurrkstöðvar að Reykhólum á Reykjanesi og til þurrkunar á 1200 kg af þara, sem send voru í tilraunavinnslu til Noregs og líkaði vel.

Framlag mitt til þessara framkvæmda, sem urðu miklu dýrari en reiknað hafði verið með, varð um kr. 142 000.00, og hefur það tjón valdið mér þungum búsifjum. Um 20—30 manns voru viðriðnir framkvæmdir þessar, flestir Breiðfirðingar. Aðalástæðurnar fyrir umframkostnaði við framkvæmdir voru þær, að m/b Konráð frá Flatey, fékkst ekki til þaraöflunar, og varð að gera út bát frá Kópavogi (til að forða framkvæmdum frá árs seinkun). Fá varð og tvo menn við öflunina vegna vöntunar á bryggju, sem ákveðið hafði verið að byggð yrði vorið 1966, en selflytja varð þarann í land í strigapokum og ryðja veg upp á veginn í Klauf. Hafnleysið olli einnig því, hve öflunin gekk seint, vegna tafa við að setja þarann í poka. Þá reyndist tafsamt að mata og færa þarann í gegnum þurrktækin, og var þar einkum um að kenna, að ekki hafði tekizt að útvega rétt efni í skúffubotna þurrkturnsins í tæka tíð. Einnig var blásarinn, sem fenginn var að láni í Hvallátrum, heldur lítill og heita vatnið með minna móti. Góð ráð Staðarmanna og hugmyndir gerðu verkið ódýrara, en erfiðleikar á að fá menn í vinnu og tiltölulega hár kauptaxti gerðu þann búhnykk minni en ella.

Árangri framkvæmdanna 1966 mun ég skýra nánar frá í skýrslu til Raforkumálastjóra og er sú skýrsla á lokastigi. Skýrslu þessari mun fylgja afrit af bréfi frá A/S Protan í Noregi, en í því er lýst yfir, að fyrirtækið sé reiðubúið að kaupa 100 tonn af þurrum þara af sömu gæðum og þau 1200 kg voru, sem ég sendi þeim í ágúst s. l. og þurrkuð voru við jarðhita við þau skilyrði, sem gert yrði í fullkominni þurrkverksmiðju.

Markaðir munu víðar en í Noregi fyrir Breiðafjarðarþara, og bárust fyrirspurnir frá Frakklandi, eftir að ég sendi þangað nokkur hundruð kg af þara, sem höfðu verið súgþurrkuð í hlöðu í tilraunaskyni að Reykhólum 1963 á vegum Rannsóknaráðs ríkisins. Sú framkvæmd kostaði um kr. 30 000.00 meira en það fé, sem fékkst til framkvæmdanna.

Bráðabirgðaáætlanir um framleiðsluverð í þurrkverksmiðju, er framleiddi 1000 tonn af þurrum þara á ári, sýna, að hægt væri að framleiða þaramjöl á markaðsverði í Noregi og væntanlega í Frakklandi. Miklar líkur eru fyrir því, að bryggja verði smíðuð í Klauf í Staðarvík á Reykjanesi í vor, og mun það geta haft undirstöðuþýðingu fyrir þróun þaraiðnaðar á Reykjanesi.

Annar grundvallarþáttur til framgangs þaramálsins væri borun eftir heitu vatni (eða gufu) að Reykhólum. Þyrfti að leita aftur til Jarðhitasjóðs um styrk til borunar að Reykhólum.

Þar eð úr Jarðhitasjóði er aðeins veitt fé, er nemur helming borkostnaðar, þarf að leita til annarra aðila um viðbótarfé. Fullkanna þarf, hvort nægilegur jarðvarmi fæst til þaraþurrkunar (10—40 l/sek. af 95—100° C heitu vatni, eftir stærð verksmiðju). Jafnframt þarf að gera kostnaðaráætlun fyrir þaraverksmiðju í fullri stærð.

Af greinargerð þessari má sjá, að þróun þaraiðnaðar á Reykjanesi á Breiðafirði byggist á lausn eftirfarandi verkefna á þessu ári:

1. Bryggjusmíði í Klauf.
2. Borun að Reykhólum.
3. Gerð kostnaðaráætlunar fyrir þaramjölsframleiðslu að Reykhólum.
4. Framleiðsla á 100 tonnum af þurrum þara til útflutnings til Noregs. Nota má tilraunaþurrktækin, sem byggð voru 1966, með nokkrum lagfæringum.

Enn fremur má geta þess, að þurrktilraunum er lokið, en könnun og smíði hagkvæmra þurrktækja í fullri stærð yrði framkvæmd hér á landi. Öflunartæknin er þó enn eigi nægilega hagkvæm, og þyrfti fé í tilraunir með tæki, sem ég tel að smíða þurfi að einhverju leyti erlendis. Öflunartilraunir væri æskilegt að gera í sumar, en er þó eigi talið með í ofangreindum framkvæmdarlista.

Ég vænti þess, að þaramálið njóti áframhaldandi og vaxandi stuðnings yðar og þingmanna Vestfjarða, og treysti því, að nægilegt fé fáist til þeirra framkvæmda, sem að framan er greint frá undir lið 2.—4.

Hvað kostnað varðar, mun borun að Reykhólum kosta kr. 500 000.00—600 000.00, kostnaðaráætlun nokkra tugi þúsunda og framleiðsla á 100 tonnum af þaramjöli (að frádregnum greiðslum, sem fengjust fyrir þarann í Noregi) nokkur hundruð þúsund, alls rúmlega eina millj. króna. Undanskilinn er kostnaður vegna stjórnunar á framleiðslu þaramjölsins.

Undirbúningur að öflun og þurrkun á 100 tonnum af þara þyrfti að hefjast sem fyrst. Því er nauðsynlegt, að þaramálið verði tekið fyrir nú þegar af þeim aðilum, sem styðja vilja mál þetta, en ég tel þá vera, utan Raforkumálastjóra, háttvirta þingmenn Vestfjarða, háttvirtan iðnaðarmálaráðherra og væntanlegt Iðnþróunarráð. Ég hef þegar kynnt málið með bréfi og almennri greinargerð, háttvirtum iðnaðarmálaráðherra, Jóhanni Hafstein, en treysti því, að þér getið fylgt málinu eftir til þess framgangs, sem það dæmist verðskulda.

Ég vænti þess, að þér látið mig vita sem fyrst, hvað þér teljið að gera þurfi í málinu, og er reiðubúinn til viðræðna um framkvæmdir 1967.

Virðingarfyllst,

Sigurður V. Hallsson.

Sþ. 254. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]

um ákvörðun á nýrri vegarlagningu yfir Fjarðarheiði.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta nú þegar fullnaðarmælingar og áætlanir fara fram um nýja vegarlagningu yfir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Héraðs, og sé gerð vegarins við það miðuð, að bifreiðasamgöngum megi halda uppi á þeirri leið hindranalítið á meðalvetrum um snjóalög.

Greinargerð.

Samgönguleið Seyðisfjarðar á landi liggur um Fjarðarheiði til Héraðs. Alllangt er síðan vegur var lagður yfir heiðina. En hann er ófullkominn og liggur víða illa vegna snjóalaga. Athuganir standa nú yfir um nýtt vegarstæði, sem betur mundi verjast í snjóalögum. Það er mikil nauðsyn, að þessum athugunum og mæl-

ingum sé hraðað og ákvörðun tekin um, hvernig veginn skal leggja, svo að hefja megi framkvæmdir sem fyrst.

Seyðisfjörður er nú orðinn einhver mesti framleiðslustaður á landinu, og mun t. d. útflutningur þaðan nema 500—600 millj. kr. árlega. Slíkum athöfnum fylgir mikil umferð fólks og flutnings við staðinn. Liggur umferðin fyrst og fremst um Egilsstaðaflugvöll bæði vetur og sumar og um Fjarðarheiði. Flugvöllur er ekki á Seyðisfirði og aðstaða til þess nokkuð erfið, þannig að aðalsamgönguleiðin hlýtur að liggja um Fjarðarheiði. Þessa samgönguleið þarf að bæta, svo sem kostur er, og til þess eru miklir möguleikar með þeim tækjum við vegagerð, sem nú er völ á. En fyrst er að ákveða vegarstæðið og gera áætlun. Nauðsyn er, að það verði gert á þessu ári, svo að til framkvæmda geti komið sem allra fyrst.

Ed. 255. Frumvarp til laga [134. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldar eyðijarðir þar í hreppi: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík.

Verð jarðanna fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, sbr. útdrátt úr fundargerð nefndarinnar, frá 11. febr. 1967, sem prentaður er sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Allar eyðijarðirnar, sem hér um ræðir, eru í svonefndum Fjörðum, er fyrrum voru allmannmargir, en hafa nú í nálega fjórðung aldar verið mannauðir. Ekkert bendir til, að byggð rísi þarna á ný.

Síðan byggðin eyddist, hafa bændur í Grýtubakkahreppi rekið þangað fé sitt til sumarbeitar, án samninga við ríkisvaldið, og engar deilur af því risið. Hins vegar telur sveitarstjórnin æskilegra og eðlilegra, að hreppurinn eignist þetta afréttarland, sem er eingöngu notað af íbúum hans.

Seinustu bæir í Fjörðum fóru í eyði árið 1944. Samkvæmt bókinni „Byggðir og bú", sem Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu gaf út árið 1963, fóru jarðir þær, sem Grýtubakkahreppur nú vill kaupa, í eyði sem hér segir: Gil 1899, Tindriðastaðir 1944, Brekka 1924, Þönglabakki 1944, Botn 1944, Keflavík 1906.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr gjörðabók hreppsnefndar Grýtubakkahrepps 11. febr. 1967.

— — „2. mál.

Rætt var um kaup á eyðijörðum á afréttarsvæðum hreppsbúa og svofelld tillaga samþykkt með öllum atkvæðum:

Fundurinn samþykkir að fara þess á leit við Karl Kristjánsson alþingismann, að hann flytji nú á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um, að sveitarsjóður Grýtubakkahrepps fái keyptar eyðijarðirnar: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík, sem allar eru í Grýtubakkahreppi, en í ríkiseign."

Rétt afrit staðfestir,

Lómatjörn, 16. febr. 1967.

Oddviti Grýtubakkahrepps, Sverrir Guðmundsson.

Nd. 256. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Við frv. bætist ný grein, sem verði 2. grein:
2. mgr. 33. gr. laga nr. 51 1964 orðist svo:
Bætur almannatrygginga skulu undanþegnar útsvarsálagningu, og heimilt er að lækka útsvör gjaldenda, sem orðnir eru 65 ára.

Nd. 257. Frumvarp til laga [7. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. febr.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahlfors, Maj-Lis Linnea, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Finnlandi 24. ágúst 1920.
2. Amin, Kantilal Chunibhai Naranbhai, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Kenya 27. marz 1939.
3. Andersen, Aira Karina, húsmóðir á Eyrarbakka, fædd í Finnlandi 8. júlí 1941.
4. Bird, Björg Sveinsdóttir, hjúkrunarkona og ljósmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 14. júlí 1899.
5. Bohnsack, Gralf Onno Franz, gleraugnasérfræðingur á Akureyri f. í Þýzkalandi 3. desember 1936.
6. Briem, Ekaterina Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rússlandi 7. janúar 1936.
7. Desai, Kushendra Jayantilal, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Indlandi 10. júlí 1941.
8. Gillert, Kristin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. febrúar 1939.
9. Goodall, Alexander Littlejohn, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur í Skotlandi 22. marz 1930.
10. Guðmundur Guðlaugsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi 24. október 1900. Fær réttinn 25. júní 1967.
11. Hansen, Dagmar Johanne Pauline, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 18. maí 1925.

12. Heaney, Ann Patricia, barn í Reykjavík, fædd í Líbýu 8. júní 1965.
13. Heaney, Charles William, barn í Reykjavík, fæddur í Líbýu 2. júní 1964.
14. Holm, Caspar Peter, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. marz 1911.
15. Jacobsen, Elsebeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 27. október 1933.
16. Jensen, Kaj Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. apríl 1929.
17. Kahn, Elisha Eliezer, kerfisfræðingur við gatspjaldakerfi í Kópavogi, f. í Palestínu 23. janúar 1941.
18. Kvist, Jörn Andersen, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 29. nóvember 1940.
19. Kyvik, Hans Jakob, verkamaður í Garðahreppi, f. í Bandaríkjunum 23. maí 1928.
20. Libnau, Karl Bernhard, trésmiður í Kópavogi, f. í Danmörku 3. febrúar 1911.
21. Libnau, Kristín Valgerður Jóhanna Kristjánsdóttir, húsmóðir í Kópavogi, f. á Gileyri í Tálknafirði 26. júní 1916.
22. Mai, Anna Ingeborg, hjúkrunarkona á Kristneshæli, f. í Þýzkalandi 12. okt. 1924. Öðlist ríkisborgararétt 1. sept 1967.
23. Marcher, Egon Thygesen, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 2. desember 1945.
24. Meyer, Irmgard Antonia, húsmóðir í Kópavogi, fædd í Þýzkalandi 14. marz 1926. Fær réttinn 11. apríl 1967.
25. Mäklin, Urpo Matti, vélvirki í Reykjavík, f. í Finnlandi 11. nóv. 1929.
26. Norheim, Egil, auglýsingastjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi 27. september 1942.
27. Olsen, Per Nörgaard, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 20. janúar 1942.
28. Olson, Evert William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. okt. 1925.
29. Prenzlow, Eva Maria, fædd Ritzhaupt, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 9. febr. 1928.
30. Prenzlow, Günther Georg, myndasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. marz 1928.
31. Rasmussen, Grethe Bögelund, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 31. marz 1937.
32. Rasmussen, Hans, stýrimaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 27. júlí 1924.
33. Reichel, Bothilde Erna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 6. ágúst 1936.
34. Samper, Baltasar Bascomte, listmálari í Kópavogi, fæddur á Spáni 12. janúar 1938.
35. Sawamura, Soffía Mitchiko, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 8. maí 1960.
36. Sawamura, Sylvía Bergljót, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 22. febrúar 1963.
37. Sawitzky, Karl Max Friedrich, matsveinn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 24. apríl 1920.
38. Sommer, Ingrid Frieda Erika, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 20. júní 1937.
39. Sramová, Olga Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 25. ágúst 1937.
40. Ström, Hans Karl, vélstjóri á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1924.
41. Thiesen, Ursula Barbel Regina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. júlí 1937.
42. Wallmann, Angelika, hárgreiðslukona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júní 1947.
43. Whittaker, Guðmunda Halldóra Ólafsdóttir, skrifstofukona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 16. jan. 1915.
44. Wilhelmsen, Sigrun, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 27. júní 1940.
45. Zaghloul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, f. í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
46. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 258. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

9. liður B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:
2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en síld, skal verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðila þannig: 1 frá samtökum sjómanna, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og 1, sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðila í verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðva á vegum Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda, og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum síldarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

3. gr.

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: úrgangsfiski og fiskúrgangi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 60 24. desember 1964, um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins, inn í lög nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **259. Frumvarp til laga** [9. mál]

um landhelgisgæzlu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. febr.)

1. gr.

Landhelgisgæzlan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík, og er markmið hennar:

a) Að hafa með höndum almenna löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.
b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.
c) Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.
d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.
e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum, fiskirannsóknum, botnrannsóknum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.
f) Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af.
g) Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll-, og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.
h) Að fylgjast með öryggis- og björgunarbúnaði skipa, ef ástæða þykir til.

Stjórn.

2. gr.

Dómsmálaráðherra hefur með höndum yfirstjórn allrar starfsemi Landhelgisgæzlunnar og gefur út nauðsynlegar reglugerðir eða fyrirmæli um almenna stjórn ýmissa þátta hennar.

3. gr.

Forseti skipar forstjóra til þess að stjórna Landhelgisgæzlunni, svo og til að vera ráðherra til aðstoðar um allt, er lýtur að málefnum hennar.

4. gr.

Forstjóri ræður starfslið Landhelgisgæzlunnar, yfirmenn svo og almenna starfsmenn, og ákveður starfssvið þeirra í samræmi við þarfir stofnunarinnar, sérþekkingu þeirra og réttindi.

Dómsmálaráðherra setur nánari fyrirmæli um ráðningu starfsliðs að fengnum tillögum forstjóra.

Starfsmenn.

5. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og hafa réttindi og skyldur eftir því, sbr. lög nr. 56/1963 og lög nr. 82/1961, V. kafli.

Skipverjar á varðskipum Landhelgisgæzlunnar skulu lögskráðir. Þó skal heimilt að flytja skipverja milli skipa eða í önnur störf, enda sé lögskráningarstjóra tilkynnt um þær breytingar.

6. gr.

Um réttindi starfsmanna til ákveðinna starfa fer að lögum og reglugerðum, sem um þau efni fjalla, svo sem atvinnuréttindi skipherra, stýrimanna, vélstjóra og flugstjóra.

7. gr.

Starfsmenn Landhelgisgæzlunnar mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðunum.

8. gr.

Við störf sín skulu starfsmennirnir bera einkennisbúninga eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Laun og kjör.

9. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæzlunnar, sem vinna að staðaldri í landi, skulu vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna.

10. gr.

Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæzlunnar.

11. gr.

Ef starfsmenn vinna ýmist í landi, á sjó eða í lofti, skulu laun þeirra ákveðast eftir aðalstarfi þeirra, en önnur kjör samkvæmt því starfi, sem þeir sinna hverju sinni.

12. gr.

Nú fær skip eða flugvél (tæki) Landhelgisgæzlunnar laun fyrir björgun verðmæta, og greiðast þá fyrst af björgunarlaunum öll þau útgjöld vegna björgunarinnar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður, en af afganginum ¼ — einn fjórði hluti — til áhafnar skips eða flugvélar, og skiptist í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins. Að öðru leyti renna björgunarlaun í Landhelgissjóð.

Yfirstjórn Landhelgisgæzlunnar skal heimilt að greiða af hluta Landhelgissjóðs ákveðna fjárhæð til þeirra, er mest hafa lagt sig fram við björgunina.

13. gr.

Um tryggingar starfsmanna skal fara eftir lögum um almannatryggingar og viðkomandi kjarasamningum. Forstjóra skal heimilt að tryggja sérstaklega þá starfsmenn, sem mjög áhættusöm verk eiga að vinna.

14. gr.

Sérhver starfsmaður skal ganga undir læknisskoðun hjá trúnaðarlækni Landhelgisgæzlunnar einu sinni á ári, eða oftar ef þörf þykir.

Varðskip, gæzluflugvélar og útbúnaður.

15. gr.

Landhelgisgæzlan gerir út varðskip, gæzluflugvélar og önnur farartæki, sem nauðsynleg kunna að vera vegna gæzlu landhelginnar eða annarra þarfa, sbr. 1. gr., og geta tækin annaðhvort verið eign Landhelgissjóðs, annarra ríkisstofnana, eða tekin á leigu.

16. gr.

Skip og flugvélar Landhelgisgæzlunnar skulu auðkennd með skjaldarmerki Íslands á áberandi stað. Varðskipin skulu einkennd nafni, en gæzluflugvélar með skrásetningareinkennum. Forstjóri ákveður í samráði við dómsmálaráðherra lit og önnur einkenni. Ekki skulu þau bera sérstakt heimilisfang.

Landhelgissjóður Íslands.

17. gr.

Í sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands, skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr. laga þessara.

18. gr.

Sjóðnum skal varið til að koma upp strandgæzluskipum eða öðrum varanlegum tækjum til þarfa Landhelgisgæzlunnar. Þó getur fjárveitingavaldið ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstursútgjalda Landhelgisgæzlunnar.

19. gr.

Dómsmálaráðherra hefur á hendi stjórn sjóðsins. Skal ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur hans skal birtur árlega með öðrum reikningum ríkisstofnana.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 32 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim, og lög nr. 55 10. nóv. 1913, um stofnun Landhelgissjóðs Íslands, lög nr. 68 3. nóv. 1915 og lög nr. 34 4. júní 1924, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

Nd. 260. Frumvarp til laga [95. mál]

um viðauka við og breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. febr.)

1. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Ákvæði laga þessara ná til eftirtalinna sjúkdóma:

1. Þurramæði.
2. Garnaveiki (paratuberculosis í búfé).

Þessir sjúkdómar nefnast einu nafni fjársóttir í lögum þessum.

Ef aðrir næmir, áður óþekktir sauðfjársjúkdómar koma upp hér á landi, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að ákvæði laga þessara nái einnig til þeirra, eftir því sem við á.

Ef riðuveiki (neurotrop virus) eða kýlapest (bact. purifaciens) eða aðrir sjúkdómar valda eða eru líklegir til að valda stórfelldu tjóni á sauðfé, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fyrirmæli þessara laga nái einnig til þeirra, eftir því sem við á, svo sem fyrirskipun um hömlur á fjársamgöngum, sérstökum merkingum á fé, bann við búfjárflutningum og sölu fjár til lífs, niðurskurð, sótthreinsun, bætur (uppeldisstyrk), er nánar skal ákveðið með sérstakri reglugerð, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar og yfirdýralæknis.

2. gr.

2. gr. laganna hljóði svo:

Markmið framkvæmda þeirra, er lög þessi fjalla um, er að hindra útbreiðslu sjúkdóma, sem um ræðir í lögum þessum, og vinna að útrýmingu þeirra.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Verkefni sauðfjársjúkdómanefndar er:

1. Að stuðla að heilbrigðiseftirliti sauðfjár og auknum rannsóknum á sauðfjársjúkdómum.
2. Að gera viðhlítandi varúðarráðstafanir, ef grunur kemur upp um aukna hættu af völdum sjúkdóms, sem um getur í lögum þessum, og ef brotnar eru eða vanræktar sóttvarnarreglur.
3. Að koma upp varnarlínum og hafa eftirlit með starfrækslu þeirra og viðhaldi.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er lög þessi fjalla um.

4. gr.

Fyrirsögn 3. kafla hljóði svo: Um sauðfjárvarnarsvæði og varnir.

6. gr. orðist svo:

Sauðfjárvarnarsvæði eru tvenns konar: Fjárskiptasvæði, þar sem fjárskipti hafa farið fram, og varnarsvæði, þar sem fjárskipti hafa ekki verið framkvæmd.

Sauðfjárvarnarsvæði markast af girðingarlínum, ám, vötnum, sjó eða öræfum, sem ásamt fyrirskipaðri vörzlu og öðrum varúðarráðstöfunum mynda farartálma eða fullkomna hindrun á fjársamgangi. Mörk sauðfjárvarnarsvæða nefnast varnarlínur.

Sauðfjárvarnarsvæði og takmörk þeirra skulu vera ákveðin og gerð almenningi kunn, þegar þurfa þykir.

Varðmenn skal hafa til eftirlits við varnarlínur til öryggis, þar sem sauðfjársjúkdómanefnd telur þess þörf.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, hverjar af þeim varnarlínum, sem til eru, skuli vera áfram. Nýjar varnarlínur skulu settar upp, þar sem nauðsyn krefur og ef unnt er með samkomulagi milli hlutaðeigandi sýslu- eða hreppsfélaga og sauðfjársjúkdómanefndar, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra ákveður skiptingu varnarlína í aðalvarnarlínur og aukavarnarlínur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar.

5. gr.

9. gr. orðist svo:

Skylt er ríkissjóði að viðhalda varnarlínum svo lengi, að fullvíst þyki, að fjársóttir og aðrir búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynzt í sauðfé eða nautgripum öðrum megin línunnar, þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu fyrir búfé.

Því aðeins er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að leggja niður varnarlínur, að fram hafi farið ýtarlegt heilbrigðiseftirlit á búfé á þeim varnarsvæðum, sem að línunni liggja, og eftir að hafa ráðgazt við sérfræðing sinn og yfirdýralækni. Gefa skal aðliggjandi héruðum kost á að eignast girðingarnar endurgjaldslaust gegn skuldbindingu um að halda þeim við minnst í 3 ár og taki jafnframt á sig ábyrgð á að gera þær hættulausar til frambúðar. Ef héruðin óska ekki eftir að taka við varnarlínunum með þessum kvöðum, er heimilt að gefa hreppsfélögum, upprekstrarfélögum eða bændum, sem lönd eiga að girðingunum, kost á að eignast þær með sömu skilyrðum, ella skal ráðstafa þeim á annan hátt.

Ákvæðin um ókeypis afhendingu ná ekki til girðingarhólfa og ýmissa smágirðinga innan sauðfjárvarnarsvæða. Slíkar girðingar skal selja eða taka upp.

Þess skal jafnan gætt, að varzla og eftirlit með varnarlínum hvíli sem mest á fjáreigendum, er búa þeim megin girðingar, sem fjárstofn er heilbrigðari.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að fyrirskipa, á kostnað eigenda, sérstakar merkingar á sauðfé og nautgripum, þar sem henni þykir nauðsyn til að bera. Enn fremur getur hún bannað hvers konar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum.

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Bannað er að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur nema vegna fjárskipta. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd með samþykki yfirdýralæknis leyft flutning á kynbótafé yfir varnarlínur. Gilda þá allar sömu varúðarreglur og við flutnings sæðis, sbr. síðustu málsgrein þessarar lagagreinar, og auk þess önnur skilyrði, er tilgreind skulu í reglugerð.

Sleppi kindur yfir varnarlínur, skal þeim slátrað. Einnig er varðmönnum heimilt að slátra kindum, sem þráfaldlega sækja á að komast yfir varnarlínur. Líffæri úr kindum þessum skal merkja greinilega og senda til rannsókna, án tafar. Þær kindur, sem slátrað er af þessum sökum, skal bæta, þannig að eigendur fái a. m. k. fullt niðurlagsverð (haustverð) fyrir þær, enda hafi líffæri úr þeim verið send til rannsókna. Greiða skal þær bætur úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem verð afurðanna hrekkur ekki til.

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, látið bann það, er um ræðir í þessari grein, ná einnig til annars búpenings, eftir því sem ástæða er til.

Heimilt er sauðfjársjúkdómanefnd að bæta að nokkru tjón vegna banns við flutningum sauðfjár og nautgripa yfir varnarlínur, ef sýnilegt er, að búfjáreigandi verður fyrir varanlegu tjóni vegna bannsins. Skal sauðfjársjúkdómanefnd ákveða upphæð bótanna hverju sinni.

Sauðfjársjúkdómanefnd getur, ef hún telur hættulaust, leyft flutning á sæði milli sauðfjárvarnarsvæða í kynbótaskyni, enda sé í hvívetna gætt ýtrustu varúðar og aldrei flutt sæði úr hrútum eða nautum, þar sem garnaveiki, riða, fósturlát eða aðrir næmir sjúkdómar hafa gert vart við sig. Heimild til sæðisflutninga skal háð samþykki yfirdýralæknis.

8. gr.

Til viðbótar 14. gr. komi:

Einnig er nefndinni heimilt að banna búfjárflutninga innan sauðfjárvarnarsvæðis, milli héraða, hreppa og einstakra bæja, þótt ekki séu varnarlínur eða hindranir yfir að fara, ef hún telur slíkt hafa þýðingu til að hindra útbreiðslu búfjársjúkdóma. Um bætur fyrir slík bönn gilda sömu ákvæði og um flutningabönn yfir varnarlínur.

Skylt er hreppstjórum að gera sauðfjársjúkdómanefnd aðvart með nægum fyrirvara, ef fara á fram uppboð eða sala á sauðfjár- eða kúabúum. Getur þá nefndin bannað slíka sölu eða sett þau skilyrði, er hún telur nauðsynleg.

9. gr.

Til viðbótar 15. gr. komi:

Sauðfjársjúkdómanefnd getur fyrirskipað fjáreigendum og sláturleyfishöfum að láta framkvæma slátrun á öllu fullorðnu fé, sem slátra á af ákveðnu svæði í lok sláturtíðar eða þegar hentugt þykir, til þess að unnt sé að framkvæma ýtarlega líffæra-

söfnun og líffæraathugun, meðan á slátrun stendur. Sauðfjársjúkdómanefnd getur einnig skyldað sláturleyfishafa, hvar sem er á landinu og á þeirra kostnað, til þess að láta safna líffærum sláturgripa, jafnóðum og slátrun fer fram, merkja þá og koma þeim strax til rannsóknar eða í frystigeymslu og gera um það skriflega skilagrein.

10. gr.

Síðasti málsliður 16. gr. orðist svo:

Líffæri kinda, sem um getur í þessari grein, hvort sem þeim er slátrað heima eða í sláturhúsi, skulu greinilega merkt og send til rannsókna án tafar.

11. gr.

Síðasti málsliður í 17. gr. orðist svo:

— sem líkur eru til að hafi smitazt við hýsingu með veiku fé, við samrekstur og í réttum.

12. gr.

Til viðbótar 21. gr. komi:

— eða hafa saman á farartæki. Sé sýkt eða grunað fé tekið til flutnings, er skylt að hreinsa vandlega og sótthreinsa flutningstækið á eftir og grafa eða brenna saurinn. Sama gildir um hús og aðra geymslustaði, þar sem slíkt fé hefur dvalizt, sem og allar sláturfjárréttir. Frá heimilum, þar sem garnaveiki hefur verið staðfest, má ekki flytja sauðfé eða nautgripi til lífs á ósýkta bæi og ekki fyrr en liðin eru 10 ár frá því veikinnar var síðast vart. Sama gildir um nýfædd ungviði.

Skylt er að senda garnabút aftast úr mjógörn, greinilega merktan, til rannsóknar úr öllum fullorðnum gripum, kúm og kindum, sem slátrað er frá þessum bæjum.

Ef kýr eða kindur frá sýktum heimilum hafa dvalið í girðingarhólfum eða húsum, eða verið á farartækjum eða sýningum með gripum frá ósýktum heimilum, er heimilt að fyrirskipa tafarlaust slátrun og innyflarannsókn á þeim gripum, sem möguleiki er talinn vera á, að smithætta stafi af. Heimilt er og að fyrirskipa einangrun allra gripanna, eða aðrar varúðarráðstafanir, þar til rannsókninni er lokið.

13. gr.

Fyrsti málsliður fyrstu málsgreinar 22. gr. orðist svo:

Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt, þar sem sauðfé eða nautgripir er sýkt eða grunað af garnaveiki, að fyrirskipa reglubundnar rannsóknir.

Við aðra málsgrein 22. gr. bætist:

Nú hefur bólusetning verið vanrækt í héruðum, þar sem garnaveikibólusetning hefur verið fyrirskipuð, og er þá óheimilt að flytja þaðan fé til lífs, unz bólusetning hefur farið fram, eins og fyrirskipað hefur verið. Búfé, sem komið er í sláturfjárrétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal því slátrað, nema til komi leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

14. gr.

Fyrsta málsgrein 37. gr. orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt síðasta skattaframtali, áður en fjárskipti hefjast. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd lagt til grundvallar bótum fjártölu við næstsíðasta skattaframtal hjá fjáreigendum, sem orðið hafa fyrir verulegu tjóni af völdum sauðfjársjúkdóma árið áður en fjárskipti hefjast.

15. gr.

Þriðja málsgr. 38. gr. orðist svo:

Kostnað við fjárkaup og innansveitarflutning á fé á fjárskiptasvæðum svo og flutningskostnað innan fjárkaupasvæða greiði fjáreigendur sjálfir.

Sþ. 261. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um auknar sjúkratryggingar til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis.

Flm.: Jón Árnason, Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ágústsson, Matthías Bjarnason, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún láti endurskoða IV. kafla laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, með það fyrir augum, að sjúklingar, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, fái verulega auknar bætur frá því, sem nú á sér stað.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er ætlað, að komið verði á endurskoðun á IV. kafla laga um almannatryggingar, en kafli þessi kveður á um sjúkrabætur almennt. Eins og fram kemur í tillögugreininni, vakir það sérstaklega fyrir flutningsmönnum, að endurskoðun laganna miðist við það, að komið verði á verulega auknum sjúkrabótum til handa þeim sjúklingum, sem óhjákvæmilega þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis.

Samkvæmt upplýsingum landlæknis fer tala þeirra sjúklinga, sem þannig stendur á um, allmikið vaxandi á hverju ári. Á síðastliðnu ári fóru t. d. 12 sjúklingar til annarra landa til læknisaðgerða við hjartasjúkdómum, og um síðustu áramót lágu fyrir upplýsingar um a. m. k. 8 sjúklinga, sem leita verða sams konar læknishjálpar erlendis á yfirstandandi ári. Verður sú tala sjúklinga að sjálfsögðu allmiklu hærri, þegar lengra líður fram á árið. Hér er um læknisaðgerðir að ræða, sem sérfræðingar munu sammála um, að enn sem komið er sé ekki unnt að veita hérlendis. Það er því brýn nauðsyn, að sjúkratryggingarnar láti mál þessi til sín taka, svo að einstaklingar geti átt þess kost að leita lækninga meina sinna og fá þá heilsubót, sem völ er á. Hér er hins vegar um mjög kostnaðarsamar læknisaðgerðir að ræða og því í mörgum tilfellum algerlega fjárhagslega ofviða þeim, sem í hlut eiga.

Á undanförnum árum hefur Alþingi veitt nokkra fjárupphæð á fjárlögum, sem ætluð er til styrktar þeim sjúklingum, sem nauðsynlega þurfa að leita sér læknishjálpar erlendis. Í fjárlögum yfirstandandi árs er upphæðin 500 þúsund krónur. Með þessu hefur Alþingi sýnt þessu þarfa málefni vissan skilning, sem vert er að þakka. En hér þarf meira til. Það er því álit flutningsmanna, að ekkert sé eðlilegra en að hið almenna tryggingakerfi, sjúkrasamlög og Tryggingastofnun ríkisins, taki málið í sínar hendur og veiti ríflegri bætur, svo sem hér er lagt til.

Nd. 262. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt það á fundi sínum. Hefur hún orðið ásátt um að flytja brtt. þær við frumvarpið, sem prentaðar eru hér á eftir. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt., sem fram kynnu að koma.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Sjóðnum er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir:
   1. Jörð, sem ekki selst o. s. frv.

2. Fyrsta málsgr. 6. gr. orðist svo:
   Jarðir, sem ríkið eignast samkv. 1. gr. þessara laga, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til. Setja skal í sölusamninga ákvæði um nýtingu og meðferð landsins.
3. Við 11. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar, samkvæmt 9. gr. o. s. frv.

Alþingi, 22. febr. 1967.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Björn Pálsson.	Steingrímur Pálsson.	Sverrir Júlíusson.
	Gísli Guðmundsson.	

Nd. 263. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sementsverksmiðjunnar skal skipuð 7 mönnum. Sameinað Alþingi kýs fimm þeirra, en fastráðið starfsfólk verksmiðjunnar kýs úr sínum hópi tvo. Skulu stjórnarmenn kosnir til fjögurra ára, og skipar atvinnumálaráðherra formann verksmiðjustjórnar úr þeirra hópi. Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um kosningarrétt, kjörgengi og annað, er varðar kosningu á fulltrúum starfsliðs í stjórninni.

Verksmiðjustjórn hefur á hendi yfirstjórn verksmiðjunnar. Atvinnumálaráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 7 6. febr. 1961.

Greinargerð.

Eftir því sem stjórnskipulegu lýðræði hefur vaxið fiskur um hrygg, hefur víða um lönd vaknað áhugi á að koma á lýðræðislegri skipan í einstökum þáttum þjóðlífsins. Hefur þetta hvað mest beinzt að atvinnulífi.

Margir áratugir eru síðan fyrst voru gerðar tilraunir með það, sem kalla mætti atvinnulýðræði, en með því er átt við, að starfsfólki sé veitt hlutdeild í stjórn atvinnufyrirtækja með einhverju móti. Á síðustu árum hafa verið gerðar róttækar tilraunir á þessu sviði, ekki sízt í Júgóslavíu, þar sem verkafólkið fer að mestu eða öllu leyti með stjórn fyrirtækjanna. Í öðrum löndum hefur verið gengið skemmra, en gerðar margvíslegar tilraunir með þátttöku verkafólks í stjórn eða skipun sérstakra ráða, þar sem verkafólk á fulltrúa. Er fengin nokkur reynsla í þessum efnum í nágrannalöndum okkar, t. d. á Norðurlöndum, í Þýzkalandi og Englandi.

Hér á landi hafa oft verið fluttar tillögur um athugun þessara mála, og allmikið hefur verið rætt um atvinnulýðræði. Munu ýmsir vera þeirrar skoðunar, að smæð íslenzkra fyrirtækja takmarki mjög alla möguleika í þessum efnum.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að gerð verði tilraun með eitt form atvinnulýðræðis í einu stærsta iðnfyrirtæki landsins, Sementsverksmiðju ríkisins. Þar sem

um ríkisfyrirtæki er að ræða, eru hæg heimatökin á Alþingi að ákveða með lögum, að slík tilraun skuli gerð.

Ætla má, að sementsverksmiðjan sé nægilega stór vinnustaður og þar sé svo mikil festa í starfsliði, að skynsamlegt væri að gera þar slíka tilraun. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að starfslið verksmiðjunnar kjósi úr sínum hóp tvo menn í stjórn ásamt fimm þingkjörnum mönnum, eins og verið hefur. Ekki þykir rétt að setja í lög nánari reglur um kosningarrétt, kjörgengi og annað, sem að slíkri kosningu lýtur, en eðlilegt að setja um það reglugerð. Þarf að sjálfsögðu að ákveða, hve lengi fólk þurfi að starfa við verksmiðjuna til að fá kosningarrétt eða verða kjörgengt, svo og hvernig kosning skuli fara fram.

Þátttaka verkafólks í stjórn fyrirtækis er aðeins ein leið til atvinnulýðræðis. Má telja það henni til framdráttar, að fulltrúar verkafólksins fái tækifæri til að koma fram ýmsum áhugamálum þess og skýra sjónarmið þess, áður en stjórnin tekur ákvarðanir, sem kynnu að snerta starfsliðið. Eðlilegt væri, að fulltrúar fólksins flyttu árlega skýrslu um störf stjórnarinnar og hag fyrirtækisins, og ætti sú opna leið milli stjórnar og starfsmanna að draga úr hugsanlegri tortryggni þar á milli. Loks ætti þessi skipan að greiða fyrir samstarfi framkvæmdastjórnar og verkafólks um ýmsar breytingar til hagræðingar og aukinna afkasta.

Mikið hefur verið rætt um atvinnulýðræði hér á landi, en lítið gert til þessa. Ef Alþingi samþykkir þetta frumvarp, mætti líta á það sem tilraun, og kynni reynslan þá nokkru að ráða um framvindu þessara mála.

Nd. 264. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. í greinina bætast í starfrófsröð:

1. Garveda, Anna, nunna í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 21. febrúar 1902.
2. Gusik, Luzia Martha Therecia, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 13. desember 1901.
3. Willems, Angela Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 6. október 1904.

Ed. 265. Frumvarp til laga [137. mál]

um Búreikningastofu landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningastofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Kostnaður við Búreikningastofu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk búreikningastofu landbúnaðarins er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.

2. Að safna búreikningum viðs vegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við þær reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans, uppgerðan, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda.
6. Að vinna að því, með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar.
7. Að vera ríkisstjórn og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

4. gr.

Forstöðumanni búreikningastofnunar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum, og þarfnast því eigi skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði núgildandi laga um greiðslu kostnaðar við búreikningastarfsemina, eru úrelt og óraunhæf með öllu, enda ekki eftir þeim farið. Nefndin telur eðlilegt, að þetta atriði verði háð afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um hlutverk búreikningastofunnar. Með tilliti til breyttra viðhorfa frá því sem var fyrir 30 árum, er núgildandi lög voru sett, telur nefndin rétt að gera hér ýmsar breytingar. Félög bænda, stofnuð í þeim tilgangi að færa búreikninga, munu aldrei hafa verið stofnuð, og má því telja þau ákvæði laganna, er um slíkt fjalla, óraunhæf, og er því lagt til, að þau falli niður, en hins vegar gert ráð fyrir færslu búreikninga á vegum félagsbúa.

Að öðru leyti lítur nefndin svo á, að búreikningarnir eigi tvíþættu hlutverki að gegna; í fyrsta lagi að vera bændum til leiðbeiningar um það, hvaða fyrirkomulag búrekstrar og hvaða búgreinar gefi mestan arð, og í öðru lagi að veita stjórnarvöldum, ekki síst þeim, er með verðlagsmál landbúnaðarins fara, sem gleggstar upplýsingar um afkomu búrekstrarins, að því leyti sem slíkt að öðru leyti er innan verkahrings þessarar starfsemi. Tillögur þær, sem nefndin gerir um ákvæði laganna um hlutverk búreikningastofunnar, eru byggðar á þessum meginsjónarmiðum.

Í samræmi við þetta hefur nefndin lagt til, samkvæmt 3. og 6. lið 3. gr., að búreikningastofunni sé skylt að senda bændum þeim, er búreikninga halda, búreikn-

inga þeirra uppgerða, og hafa þar um samráð við búnaðarhagfræðiráðunaut Búnaðarfélagsins; enn fremur (sbr. 6. lið) að stofnunin skuli vinna að því á þann hátt, sem nánar er tilgreint, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar. Þá er, samkv. 7. lið greinarinnar, sérstök skylda lögð búreikningastofunni á herðar um það að vera þeim aðilum, er með verðlagsmál landbúnaðarins fara hverju sinni, til aðstoðar, að því leyti sem slíkt að öðru leyti fellur undir starfssvið stofnunarinnar.

Um 4. gr.

4. gr. núgildandi laga, er fjallar um skyldu skólabúa bændaskólanna og annarra ríkisstofnana til þess að halda búreikninga, er, að áliti nefndarinnar, tilgangslaus, og leggur hún því til, að hún verði felld niður. 5. gr. laganna, er þá yrði 4. gr., leggur nefndin hins vegar til, að sé látin standa óbreytt.

Greinargerð um helztu breytingar á sviði búreikninga og vinnsluaðferða.

Frá því að búreikningaskrifstofan hóf starfsemi sína fyrir um það bil 30 árum, hefur uppsetning búreikninga og vinnsluaðferð verið nær óbreytt.

Í þessum búreikningum hefur tekjum og gjöldum verið skipt á fleiri eða færri búgreinar, auk eiganda og matreiðslu. Niðurstöður þessara búreikninga gáfu mikilvægar og nákvæmar tölfræðilegar upplýsingar um fjárhagslega afkomu einstakra búgreina og búsins í heild, auk vinnukostnaðar við einstök framleiðslustörf og framleiðslukostnað einstakra vörutegunda, eins og fram kemur í ársskýrslum skrifstofunnar síðastliðinna 30 ára, sem á margan hátt eru mjög fullkomnar.

Rekstraryfirlit hvers búreiknings gaf viðkomandi bónda upplýsingar um, hvaða búgreinar væru reknar með hagnaði eða tapi og heildarafkomu búsins (innifalið heimilishald).

Þó skorti á, að það lægi nógu ljóst fyrir bændum, hvar veikleika væri að finna í búrekstrinum, er gæfi vísbendingu um, hvert stefna skyldi til tekjuaukningar.

Búreikningshaldið var mjög vinnufrekt og bændum ætlað að færa búreikning án nokkurrar verulegrar aðstoðar og senda síðan búreikninginn 3—4 mánuðum eftir lok reikningsársins til uppgjörs og úrvinnslu. Rekstraryfirlit gat þar af leiðandi ekki borizt viðkomandi bændum fyrr en 6—12 mánuðum eftir lok reikningsársins. Þessir búreikningar hafa ekki orðið til þess að glæða almennt áhuga meðal bænda fyrir færslu búreikninga, og vegna þess hve fáir færðu þá, voru niðurstöður þeirra notaðar minna en skyldi.

Árið 1963 var hafizt handa með útsendingar einfaldra búreikninga, sem nú hafa verið í notkun í nær þrjú ár, og verið almennt tekið vel af bændum og vakið áhuga þeirra. Þessir síðastnefndu búreikningar gáfu upplýsingar um afkomu búrekstrarins í heild, en ekki einstökum búgreinum. Vinnuskýrsla var ósundurliðuð, og þar af leiðandi ekki nógu nákvæm.

Augljóst var, að brýn nauðsyn var á endurbótum, bæði hvað varðar uppsetningu og framkvæmd búreikningshalds.

Nokkur atriði varðandi uppsetningu og framkvæmd nýrra búreikninga:

A. Stuðzt hefur verið við:
   - reynslu liðinna ára hér á landi,
   - reynslu Breta og Hollendinga,
   - búskaparhætti íslenzkra bænda,
   - bókhald viðskiptaaðila bænda,
   - þekkingu bænda á bókhaldi.

B. Höfð hefur verið hliðsjón af því, að búreikningar veittu upplýsingar um eftirfarandi atriði:
   - fjárhagslega afkomu einstakra búgreina og búsins í heild,
   - hagfræðilegar upplýsingar fyrir leiðbeiningaþjónustu,
   - ýmis tölfræðileg atriði varðandi framleiðslukostnað.

C. Mikil áherzla hefur verið lögð á, að úrvinnsla verði hröð.

Endanlega hefur verið ákveðið, að bændur útfylli nokkrar tegundir eyðublaða (sjá síðar), sem þeir senda mánaðarlega til Búreikningaskrifstofunnar, til endurskoðunar og uppgjörs.

Tekjur og rekstrarkostnaður verður ekki sundurliðaður af bændum, eins og verið hefur, en í stað þess af starfsmönnum skrifstofunnar, eftir þeim reglum, er stofan setur.

Þetta fyrirkomulag gefur möguleika á að fylgjast vel með, hvernig hverjum bónda gengur við færslu frumgagna og þá hægt að veita nauðsynlegar leiðbeiningar. Auk þess verður úrvinnslu hraðað, þar sem unnið verður úr öllum frumgögnum jafnóðum og þau berast. Vonir standa til, að rekstraryfirlit verði tilbúið skömmu eftir, að síðustu gögn reikningsársins hafa borizt skrifstofunni.

Hér á eftir fylgir nánari skýring á endurskipulagningu skrifstofu og búreikningaeyðublaða.

Heildarverksviði skrifstofunnar má skipta í fimm aðalflokka:

1. Úrtak og/eða val bænda til búreikningshalds.
2. Söfnun frumgagna og leiðbeininga við færslu þeirra.
3. Færslur tölulegra gagna og sundurliðun.
4. Rekstraryfirlit (uppgjör) hvers búreiknings.
5. Ársskýrsla skrifstofunnar.

1. Úrtak og/eða val bænda til búreikningshalds.

Ákveðið var að velja bændur eftir þrem aðferðum:

a. Gagnasöfnun fyrir sex-manna nefnd.

Gert var úrtak 7. hvers bónda, en úrtaksstofn mynduðu allir þeir, sem samkvæmt hagskýrslumerki skattstjóra voru sjálfstæðir bændur.

Úr aðalúrtakinu voru tekin þau bú, sem voru 35% minni en grundvallarbúið (315 ærgildi, reiknað í ærgildum kinda og nautgripa) og 40% stærri en grundvallarbúið.

Í sérúrtakið komu þau bú, sem voru á stærðarbilinu 200—440 ærgildi. Fjöldi búa reyndist vera 98, þegar öll afbrigðileg bú voru felld úr, (t. d. félagsbú, svínabú, hænsnabú og fleira).

Alls voru 80 bú tekin í endanlegt úrtak, í réttu hlutfalli við skiptingu aðalúrtaksins á landssvæði (þ. e. úrtaksaðferð við stratified random, sample, þar sem landssvæði voru notuð sem stratum).

Af þessum 80 bændum svöruðu 53 játandi, en 27 neitandi.

b. Þar sem stærri búin eru allflókinn viðskiptarekstur, var ákveðið að velja 88 bú, sem eru stærri en 440 ærgildi. Auk þess féllu í þetta úrtak félagsbú, er féllu úr fyrrnefndu úrtaki, svo og mjög afbrigðileg bú (svína- og hænsnabú).

Af þessum 88 bændum svöruðu 47 játandi og 41 neitandi.

c. **Áhugamenn.**

22 bændur hafa skilað sundurliðuðum búreikningum undanfarin ár og skipta nú um búreikningsform.

Um 30 bændur aðrir höfðu óskað eftir aðstoð við færslu búreiknings, og var þeim að sjálfsögðu send eyðublöð til búreikningsfærslu.

Samtals hefur 152 bændum verið send eyðublöð fyrir áramótin 1966—67.

2. Söfnun frumgagna og leiðbeiningar við færslu þeirra.

Hjálagt þessari greinargerð er lausblaðabók, er inniheldur fjórar tegundir eyðublaða:

a. **Vinnuskýrsla.**

Vinnuskýrsla er sundurliðuð í 5 aðalflokka. Búgreinar, Jörð, Viðhald og Rekstur, Fjármunamyndun og Annað. Hverjum flokki er skipt í fleiri eða færri verkliði, — sjá eyðublöð. Ætlazt er til, að færð verði dagsvinnuskýrsla fyrir hvern einstakling, er vinnur við búreksturinn. Auk þess er færð vinnuskýrsla fyrir dráttarvélar og bíl, eftir sömu reglum og einstaklings.

Vinnuskýrsla er lögð saman hálfsmánaðarlega og samtalstölur fluttar á safneyðublöð.

Frumgögnin verða send til Búreikningaskrifstofunnar.

b. **Sjóðsbók.**

Sjóðsreikningur nær yfir öll peninga- og ávísanaviðskipti. Sjóðsreikningur er í tvíriti og frumblaðið sent til Búreikningaskrifstofunnar.

c. **Viðskiptabók.**

Viðskiptabók nær yfir öll reikningsleg viðskipti allra viðskiptaaðila. Viðskiptareikningar eru einnig í tvíriti og frumblöðin send til Búreikningaskrifstofunnar.

d. **Listi fyrir heimanotaðar afurðir og bústofnsbreytingar.**

Ofangreindar fjórar tegundir eyðublaða á að senda til Búreikningaskrifstofunnar **í lok hvers mánaðar.**

Flestir bændur þurfa aðstoð, og þá sérstaklega þeir, sem valdir hafa verið með fyrrgreindri úrtaksaðferð. Reikna má með, að nauðsynlegt verði, að hver bóndi verði heimsóttur minnst tvisvar á ári, eða oftar, auk fundarhalda eða námskeiða.

3. Færslur tölulegra gagna og sundurliðun.

a. **Undirbúningur undir götun.**

Farið verður yfir þessi frumgögn og sjóðsreikningur og viðskiptareikningur stemmdir af mánaðarlega, eða oftar til þess að leiðrétta villur, sem kynnu að hafa slæðzt inn. Úrvinnsla fer fram á þann hátt, að við hverja færslu verður settur bókhaldslykill.

Tekjur verða flokkaðar eftir búgreinum (innifaldar heimanotaðar afurðir) og tekjur utan bús.

Rekstrarkostnaði verður skipt í 1. **breytilegan rekstrarkostnað,** sem flokkast eftir búgreinum. 2. **sameiginlegan rekstrarkostnað.** Þessum tekju- og gjaldaflokkum verður skipt í fleiri eða færri undirflokka. Bæði verð og magn verður tilgreint, eftir því sem við á.

b. **Götun.**

Þegar lokið hefur verið við afstemmingu og að setja bókhaldslykil við allar færslur fyrir hvern mánuð (allir bændur með taldir), hefst götun á 80 dálka spjöld. Spjöldin verða götuð og endurgötuð og afstemmingarlisti gerður mánaðarlega. Áætlað er, að mánaðarfærslur verði um kr. 9000.00.

c. **Samdráttur.**

Eftir árið eru spjöldin dregin saman (summugötuð), þannig að út kemur eitt spjald á hvern reikning hvers búreiknings.

d. **Efnahagsyfirlit í ársbyrjun og árslok.**
Efnahagsyfirliti má skipta í sex flokka:
a. eigna- og skuldayfirlit,
b. virðing jarðar, stærð o. fl.,
c. nákvæmt yfirlit yfir vélar og verkfæri,
d. nákvæmt yfirlit yfir byggingar,
e. búfé til eignar,
f. forði, t. d. hey, kjarnfóður o. fl.

Unnið verður að efnahagsyfirliti jafnóðum og það er til staðar. Magn og verð þeirra atriða, er falla inn í uppgjörið, verður fært á gataspjöld.

4. Rekstraryfirlit.

Hver búreikningur verður gerður upp eftir aðferð, sem ég nefni Búgreinatekjur og Sameiginlegan rekstrarkostnað („Gross Margin Analysis"). Þessi aðferð hefur farið sigurför meðal þróaðra landbúnaðarþjóða á undanförnum 3—4 árum.

Með þessu fyrirkomulagi verður rekstraryfirlit og aðrar þær niðurstöður, sem bóndinn verður að vita, tilbúið skömmu eftir lok reikningsársins, sem hefði það í för með sér, að hann ætti auðvelt með að taka réttar ákvarðanir varðandi skipulagningu búrekstrarins, sem miðaðist að meiri nákvæmni og hagsýni. Ef verkið ætti að vera fullkomið, ætti að gera rekstraráætlun fyrir næsta ár, sem gæfi viðkomandi bónda tilefni til þess að stefna að ákveðnu marki.

5. Ársskýrsla.

Byrjað verður á því að taka meðaltölur yfir rekstraryfirlit ásamt samanburði frá fyrra ári (þó ekki fyrsta árið).

Auk þess þarf að vinna ótal fleiri upplýsingar úr spjöldunum, t. d. finna, hvort pósitíft eða negatíft samhengi er milli hinna einstöku þátta framleiðslunnar, framleiðslukostnaðar eftir landshlutum, bústærð, fleira og fleira.

Nd. 266. Frumvarp til laga [138. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.

Flm.: Axel Jónsson, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kópavogskaupstað nýbýlalöndin Ástún, Birkihlíð, Grænuhlíð, Lund, Meltungu, Snæland og Sæból, er stofnuð voru samkvæmt nýbýlalögum frá 1936, og Efstaland, sem stofnað var samkvæmt lögum um nýbyggð og endurbyggingar í sveitum frá 1947, svo og þann hluta jarðarinnar Kópavogs, sem heilbrigðismálaráðuneytið hefur til umráða austan Hafnarfjarðarvegar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógeti Kópavogskaupstaðar oddamann. Þó skal Kópavogskaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs í sambandi við skipulagsaðgerðir kaupstaðarins.

Andvirði landsins skal Kópavogskaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu, undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Kópavogskaupstað var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar er heimilt að taka eignarnámi ábúðarréttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóvember 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 32 frá 22. maí 1957 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að selja Kópavogskaupstað allt land jarðanna Digraness og Kópavogs, að undanskildum nýbýlum og því landi, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hafði verið afhent vegna rekstrar hæla ríkisins í Kópavogi og búrekstrar ríkisins í sambandi við þau. Í samræmi við þessi lög afsalaði þáverandi landbúnaðarráðherra, hinn 14. ágúst 1957, til Kópavogskaupstaðar öllu landi jarðanna Digraness og Kópavogs, nema nýbýlalöndum þeim, sem undantekin voru í lögunum og tilgreind eru í afsalinu, svo og landi því, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hafði verið afhent.

Þegar heimildarlögin um sölu jarðanna Digraness og Kópavogs voru sett árið 1957, eða fyrir u. þ. b. 10 árum, þótti ekki nauðsynlegt að láta heimildina ná til nýbýlanna. Á þeim 10 árum, sem liðin eru, hafa aðstæður breytzt verulega. Búskapur á flestum nýbýlanna hefur stórlega dregizt saman og á sumum lagzt niður með öllu.

Verið er nú að leggja drög að skipulagi þess svæðis, sem nýbýlalöndin eru á, og verða þau því eigi talin utan skipulagssvæða kaupstaða eða kauptúna, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. ábúðarlaga.

Samkvæmt 10 ára áætlun um uppbyggingu Kópavogskaupstaðar á árunum 1966—1975 er gert ráð fyrir að byggja upp nefnt svæði að verulegu leyti á því tímabili. Kópavogur hefur nú þegar gert ráðstafanir til þess að gera þetta svæði byggingarhæft, m. a. með hlutdeild í lagningu hins mikla holræsis, sem liggur um Fossvogsdal.


Þá er gert ráð fyrir, að miklar umferðaræðar, annars vegar Hafnarfjarðarvegur og hins vegar Suðurlandsvegur um Fossvogsdal, liggi um allstórar skákir af þessum löndum.

Sá hluti jarðarinnar Kópavogs, sem liggur austan Hafnarfjarðarvegar og heilbrigðismálaráðuneytið hefur nú til umráða, er skv. skipulagi fyrirhugað íþróttasvæði, og er þetta svæði valið í samráði við sérfræðinga í þeim efnum. Hér er ekki um það land að ræða, sem ríkisspítalarnir hafa þegar skipulagt að nokkru leyti undir hælisbyggingar, það land liggur allt vestan Hafnarfjarðarvegar. Landið austan Hafnarfjarðarvegarins hefur hins vegar ekki nýtzt ríkisspítölunum á undanförnum árum, nema að óverulegu leyti til beitar, en nú er búskapur ríkisspítalanna þar aflagður.

Verði frumvarp þetta að lögum, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að Kópavogskaupstaður taki við þeim skuldbindingum, sem frumvarpið fjallar um. Verða ákvæði hér að lútandi, svo og önnur þau skilyrði, sem setja þarf, tekin fram í afsali, á sama hátt og gert var í afsalinu frá 14. ágúst 1957.

Fylgiskjal með frumvarpi þessu er kort yfir lönd þau og landspildur, sem um ræðir í lögunum.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt einróma beiðni bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar.


KÓPAVOGUR

Ed. 267. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það jákvæða umsögn Slysavarnafélags Íslands. Sex nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins, en áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum. Einn nefndarmanna (AG) vill vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og mun skila séráliti.

Alþingi, 23. febr. 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Hermann Jónasson.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Ólafur Jóhannesson.	Sveinn Guðmundsson.

Nd. 268. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um alllangan tíma og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 23. febr. 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Lúðvík Jósefsson.	Jón Skaftason.	Sverrir Júlíusson.
	Guðl. Gíslason.	

Ed. 269. Frumvarp til laga [7. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 23. febr.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahlfors, Maj-Lis Linnea, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Finnlandi 24. ágúst 1920.
2. Amin, Kantilal Chunibhai Naranbhai, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Kenya 27. marz 1939.
3. Andersen, Aira Karina, húsmóðir á Eyrarbakka, fædd í Finnlandi 8. júlí 1941.
4. Bird, Björg Sveinsdóttir, hjúkrunarkona og ljósmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 14. júlí 1899.

5. Bohnsack, Gralf Onno Franz, gleraugnasérfræðingur á Akureyri, f. í Þýzkalandi 3. desember 1936.
6. Briem, Ekaterina Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rússlandi 7. janúar 1936.
7. Desai, Kushendra Jayantilal, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Indlandi 10. júlí 1941.
8. Garveda, Anna, nunna í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 21. febrúar 1902.
9. Gillert, Kristin, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. febrúar 1939.
10. Goodall, Alexander Littlejohn, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur í Skotlandi 22. marz 1930.
11. Guðmundur Guðlaugsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi 24. október 1900. Fær réttinn 25. júní 1967.
12. Gusik, Luzia Martha Therecia, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 13. desember 1901.
13. Hansen, Dagmar Johanne Pauline, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 18. maí 1925.
14. Heaney, Ann Patricia, barn í Reykjavík, fædd í Líbýu 8. júní 1965.
15. Heaney, Charles William, barn í Reykjavík, fæddur í Líbýu 2. júní 1964.
16. Holm, Caspar Peter verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. marz 1911.
17. Jacobsen, Elsebeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 27. október 1933.
18. Jensen, Kaj Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. apríl 1929.
19. Kahn, Elisha Eliezer, kerfisfræðingur við gatspjaldakerfi í Kópavogi, f. í Palestínu 23. janúar 1941.
20. Kvist, Jörn Andersen, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 29. nóvember 1940.
21. Kyvik, Hans Jakob, verkamaður í Garðahreppi, f. í Bandaríkjunum 23. maí 1928.
22. Libnau, Karl Bernhard, trésmiður í Kópavogi, f. í Danmörku 3. febrúar 1911.
23. Libnau, Kristín Valgerður Jóhanna Kristjánsdóttir, húsmóðir í Kópavogi, f. á Gileyri í Tálknafirði 26. júní 1916.
24. Mai, Anna Ingeborg, hjúkrunarkona á Kristneshæli, f. í Þýzkalandi 12. okt. 1924. Öðlist ríkisborgararétt 1. sept. 1967.
25. Marcher, Egon Thygesen, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 2. desember 1945.
26. Meyer, Irmgard Antonia, húsmóðir í Kópavogi, fædd í Þýzkalandi 14. marz 1926. Fær réttinn 11. apríl 1967.
27. Mäklin, Urpo Matti, vélvirki í Reykjavík, f. í Finnlandi 11. nóv. 1929.
28. Norheim, Egil, auglýsingastjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi 27. september 1942.
29. Olsen, Per Nörgaard, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 20. janúar 1942.
30. Olson, Evert William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. okt. 1925.
31. Prenzlow, Eva Maria, fædd Ritzhaupt, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 9. febr. 1928.
32. Prenzlow, Günther Georg, myndasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. marz 1928.
33. Rasmussen, Grethe Bögelund, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 31. marz 1937.
34. Rasmussen, Hans, stýrimaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 27. júlí 1924.
35. Reichel, Bothilde Erna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 6. ágúst 1936.
36. Samper, Baltasar Bascomte, listmálari í Kópavogi, fæddur á Spáni 12. janúar 1938.
37. Sawamura, Soffía Mitchiko, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 8. maí 1960.
38. Sawamura, Sylvía Bergljót, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 22. febrúar 1963.

39. Sawitzky, Karl Max Friedrich, matsveinn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 24. apríl 1920.
40. Sommer, Ingrid Frieda Erika, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 20. júní 1937.
41. Sramová, Olga Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 25. ágúst 1937.
42. Ström, Hans Karl, vélstjóri á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1924.
43. Thiesen, Ursula Barbel Regina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. júlí 1937.
44. Wallmann, Angelika, hárgreiðslukona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júní 1947.
45. Whittaker, Guðmunda Halldóra Ólafsdóttir, skrifstofukona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 16. jan. 1915.
46. Wilhelmsen, Sigrun, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 27. júní 1940.
47. Willems, Angela Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 6. október 1904.
48. Zaghloul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, f. í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
49. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 270. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Lög um ráðstafanir til verndar almenningi í styrjöld hafa verið í gildi hér í fullan aldarfjórðung, en aldrei komið til framkvæmda að neinu ráði. Reynt var að hressa upp á sakirnar með nýsköpun laganna, en allt kom fyrir ekki. Lögin um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962, eru sama pappírsgagnið og þau, sem áður giltu.

Ráðherra vanrækir sinn hlut í framkvæmd laganna, sveitarstjórnir halda að sér höndum, og almenningur lætur sér fátt um lögin finnast. Þannig leggjast allir á eitt um að hafa þau að engu.

Raunar er of mikið sagt, að alls ekkert hafi verið gert í þessu efni. Skrifstofubákni var strax komið á laggirnar, og álitlegum fjárfúlgum er árlega varið til undirbúnings ímynduðum framkvæmdum.

Ýmislegt veldur því, að lög um almannavarnir hafa aldrei orðið annað en dauður bókstafur. Sum ákvæðin fela í sér þungar kvaðir og jafnvel nauðung, og í heild bera lögin sterkan herskyldukeim, sem mönnum geðjast ekki. Margir efast um nauðsyn þeirra ráðstafana, sem lögin heimta, og enn fleiri eru vantrúaðir á, að þær komi að gagni. Ábyrgum aðilum vex kostnaðurinn í augum, og jafnframt óttast þeir almennar óvinsældir í sambandi við beitingu lagaákvæðanna. Loks er fjöldi manna nægilega heilskyggn til þess að sjá, að með lögunum er byrjað á öfugum enda. Afnám herstöðva er mikilvægasta ráðstöfunin í almannavörnum hér á landi. Frá þeim stafar landsmönnum mesta hættan. Á þeirri ráðstöfun ber því að byrja, en rannsaka síðan, hvort annarra aðgerða sé þörf og þá hverra.

Á þetta hefur fyrr verið bent og ríkisstjórnin ekki látið sér segjast. Hún heldur tryggð við þetta afkvæmi sitt, þótt andvana sé, og nú þykist hún hafa fundið ráð til að gæða það lífi. Hún ætlar að víkka verksvið almannavarna, þannig að þær taki einnig til náttúruhamfara og annarra tjóna, auk hernaðaraðgerða. Síðan stendur til að tengja allt kerfið starfsemi ýmissa líknarfélaga, og þaðan á lífskrafturinn að koma.

Slysavarnafélagið, Rauði krossinn, flugbjörgunarsveitir og hjálparsveitir skáta eru þróttmikil samtök, sem vinsælda njóta. Nú skal þetta hagnýtt hinu stirðnaða almannavarnakerfi til framdráttar. Hér skal engu um það spáð, hvernig til tekst, en þá væri verr farið en heima setið, ef tengslin yrðu til þess að draga úr starfi og vinsældum líknarfélaganna og almannavarnir samt sem áður að engu bættari.

Málið þarf miklu meiri athugunar við en það hefur hlotið til þessa. Meðal annars verður að hafa náið samráð við áðurnefnd líknarfélög, sem nú á að beita fyrir vagninn. Þá er og nauðsynleg heildarendurskoðun laga um almannavarnir. Á þeim eru stórir vankantar, sem sníða þarf burt, svo sem ákvæðin um „herskyldu", nauðungarflutninga og skerðingu á friðhelgi heimilanna. Loks er vert að athuga, hvort öll verkefni almannavarna séu ekki bezt komin í höndum líknarfélaganna. Þá mætti alveg leggja niður þetta kerfi, sem reynzt hefur ónýtt í 25 ár, en auka í þess stað fjárveitingar til félaganna.

Í samræmi við framanskráð leggur minni hluti allsherjarnefndar til, að frv. til laga um breyting á lögum um almannavarnir verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, að lög nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, hafa ekki komið til framkvæmda nema að óverulegu leyti, og með því að ástæðan til þess virðist sú, að lögin séu reist á veikum stoðum, er geri þau í senn óvinsæl og lítt framkvæmanleg, telur deildin nauðsynlegt, að fram fari allsherjarendurskoðun laganna og að sérstaklega verði athugað í því sambandi, hvort það sé ekki líklegt til góðs árangurs að fela Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands og öðrum skyldum samtökum að undirbúa og annast þá hjálparstarfsemi, sem um ræðir í lögunum og í því lagafrumvarpi, sem hér liggur fyrir. Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um þessa endurskoðun, telur deildin rétt að fresta afgreiðslu frumvarpsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. febr. 1967.

Alfreð Gíslason.

Ed. 271. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til l. um fávitastofnanir.

Frá Alfreð Gíslasyni og Karli Kristjánssyni.

1. Við 1 gr. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Við hælið skal starfa sálfræðingur, skipaður af ráðherra, sem jafnframt hefur á hendi eftirlit með öðrum fávitastofnunum í landinu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra getur veitt sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum leyfi til þess að reka fávitahæli, að fengnum meðmælum landlæknis. Landlæknir skal leita álits yfirlæknis og sálfræðings aðalhælis um uppdrætti og teikningar hæla, sem aðilar þessir hyggjast byggja, áður en hann mælir með leyfisveitingu. Sama gildir um dagvistarheimili fyrir fávita.

Leita skal álits landlæknis, þegar forstöðumenn stofnana samkv. þessari grein eru ráðnir.

3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Leita skal umsagnar yfirlæknis og sálfræðings, sbr. 1. gr., um allar umsóknir um vist á fávitastofnunum, áður en vistun er ákveðin. Þeir geta gert það að skilyrði fyrir vistun, að hlutaðeigandi vistmaður verði vistaður á því hæli, sem þeir ákveða. Ekki verður vistmaður þó settur á fávitastofnun, sem ríkið rekur ekki, nema með samþykki hlutaðeigandi forstöðumanns.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Sálfræðingur aðalhælisins skal fara í eftirlitsferðir eigi sjaldnar en tvisvar á ári til þeirra stofnana, sem hann hefur eftirlit með. Hann skal árlega gefa landlækni skýrslu um stofnanirnar og oftar, ef tilefni gefst til. Styrktarfélag vangefinna skal eiga aðgang að skýrslum þessum.

Ed. 272. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mælir undirritaður meiri hl. n. með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Einn nm. (GilsG) tjáir sig frv. andvígan og mun skila séráliti.

Alþingi, 24. febr. 1967.

Auður Auðuns, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Jón Þorsteinsson.
Bjartmar Guðmundsson. Karl Kristjánsson. Páll Þorsteinsson.

Ed. 273. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. ÁB og JÞ voru fjarverandi við afgreiðslu frv. úr nefnd.

Alþingi, 24. febr. 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Jón Árnason. Páll Þorsteinsson.

Nd. **274. Frumvarp til laga** [139. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19/1964.

Flm.: Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. 2. málsgr. orðist svo:

Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn ríkisins eiga sæti fimm menn, tveir eftir tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga, einn samkv. tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkv. tilnefningu Verkfræðingafélags Íslands og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin kýs sér sjálf formann, varaformann og ritara til fjögurra ára í senn. Nefndinni til ráðuneytis eru eftirtaldir embættismenn: húsameistari ríkisins, vegamálastjóri og vita- og hafnarmálastjóri.

b. 4. málsgr. orðist svo:

Ráðherra ákveður skipulagsstjórn laun, sem greiðast ásamt öllum kostnaði við störf hennar úr skipulagssjóði.

2. gr.

6. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Laun skipulagsstjóra svo og annar kostnaður við störf hans, svo sem laun starfsmanna hans, skrifstofu- og ferðakostnaður, greiðist úr skipulagssjóði.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Stofna skal sérstakan sjóð, skipulagssjóð ríkisins, til að standa straum af kostnaði við framkvæmd skipulagsmála samkv. lögum þessum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum stofnfé, 5.7 millj. króna.

Innheimta skal sérstakt gjald, skipulagsgjald, sem renna skal í skipulagssjóð. Gjaldið skal nema allt að 5‰ af brunabótaverði hverrar nýbyggingar, sem reist verður á skipulagsskyldum stað, og fellur það í gjalddaga, þegar brunabótavirðing hefur farið fram. Það hefur lögveð í eigninni og gengur fyrir öllum veðkröfum, er á henni hvíla. Innheimta má gjaldið með lögtaki. Sýslumenn og bæjarfógetar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta gjaldið hver í sínu umdæmi. Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega upphæð, sem svarar 40% af skipulagsgjöldum næstliðins árs.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur á hendi stjórn skipulagssjóðs, en ráðherra setur nánari ákvæði um reikningshald sjóðsins, upphæð skipulagsgjalda og annað, er máli skiptir, í reglugerð, að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

4. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við mælingar og skipulagsstörf, sem skipulagsstjórn annast eða sveitarfélag hefur fengið leyfi til að annast skv. 2. gr., skal greiddur að ¾ úr skipulagssjóði ríkisins, skv. 33. gr. Sama gildir um kostnað vegna starfa samvinnunefndar skv. 3. gr. Ef ágreiningur verður um greiðsluskyldu, sker ráðherra úr.

5. gr.

35. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

6. gr.

Aftan við lögin bætist:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta greiðsla ríkissjóðs samkv. 3. málsgrein 33. greinar skal miðuð við skipulagsgjöld árið 1966.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta um breytingar á skipulagslögum, nr. 19/1964, er flutt skv. ósk fulltrúafundar Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, sem haldinn var 3. des. 1966. Er efni frumvarpsins í samræmi við þær breytingar, sem Samband íslenzkra sveitarfélaga lagði til við Alþingi, að gerðar yrðu á frumvarpi til skipulagslaga í jan. 1964, en náðu ekki fram að ganga þá.

Hér fara á eftir athugasemdir um einstakar breytingartillögur.

Um 1. gr.

a. Samtök sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi leggja áherzlu á, í samræmi við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga, að stuðla beri að auknum áhrifum sveitarfélaga á störf skipulags ríkisins, og er því lagt til, að sveitarfélögin eigi tvo fulltrúa í stjórninni í stað eins nú. Þá þykir samtökunum eðlilegt, að Arkitektafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands eigi þar fulltrúa sem fagfélög, og vísast í því efni m. a. til bréfs Arkitektafélags Íslands til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, dags. 18. apríl 1964. Þeir embættismenn, sem nú eiga sæti í skipulagsstjórn, eru sjálfsagðir sérfræðingar til ráðuneytis stjórninni eftir verkefnum hennar hverju sinni.

b. Breytingin er afleiðing af breytingu á 33. gr. laganna, sjá 4. gr. frv.

Um 2. gr.

Þetta leiðir af breytingu á 33. gr. laganna, sjá 4. gr. frv.

Um 3. gr.

Það er meginsjónarmið Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi og Sambands ísl. sveitarfélaga, að allar tekjur af skipulagsgjöldum renni óskiptar til skipulagsframkvæmda. Því fer víðs fjarri, að svo hafi verið hin seinustu ár, enda þótt mjög brýn verkefni biðu óleyst í skipulagsmálum. Þessi verkefni fara ört vaxandi frá ári til árs og þar af leiðandi þörfin fyrir aukið fjármagn til skipulagsvinnu í sveitarfélögum víðs vegar um land. En þau hafa veigrað sér við að taka skipulagsmálin nægilega föstum tökum vegna þess, hve fjárhagsgetu þeirra hefur verið þröngur stakkur skorinn. Fyrirsjáanlegt er, að á næstu árum verður að leysa af hendi mikil störf á þessu sviði í kaupstöðum og reyndar í kauptúnum líka, m. a. með hliðsjón af lagningu varanlegra gatna, svo sem þjóðvega gegnum kaupstaði og kauptún, en það eru framkvæmdir, sem fylgja munu í kjölfar hinna nýju vegalaga. Til að standa straum af kostnaði við aukna skipulagsvinnu er lagt til, að öll skipulagsgjöld renni í sérstakan skipulagssjóð. Heimild til handa ráðherra að ákveða skipulagsgjaldið er jafnframt rýmkuð, hámarkið bundið við 5‰, en gjaldið yrði að öðru leyti reglugerðarákvæði. Til viðbótar skipulagsgjöldunum er lagt til, að ríkissjóður leggi sjóðnum framlag, sem svarar 40% af heildarupphæð skipulagsgjalda í landinu á næstliðnu ári, þ. e. árið áður en fjárlagafrumvarp hvers árs er samið. Þá er enn fremur lagt til, að ríkissjóður leggi skipulagssjóðnum stofnfé, 5.7 millj. króna, og er upphæð þessi ákveðin með hliðsjón af þeim tekjuafgangi, sem tekjur af skipulagsgjöldum umfram kostnað af skipulagsmálum hafa numið s. l. átta ár, á

árunum 1958—1965, samkv. ríkisreikningi. Samkv. upplýsingum ríkisbókhaldsins hefur tekjuafgangur þessi ár numið kr. 5 755 446.43.

Með stofnframlaginu, 5.7 millj. kr., er hugmyndin að reyna að tryggja, að sjóðnum yrði ekki fjárvant fyrstu árin, þótt útgjöld eitthvert árið færu fram úr árlegum tekjum.

Um 4. gr.

Ástæðulaust er annað en að láta sömu reglu gilda um skiptingu kostnaðar vegna mælinga og annarrar skipulagningar, og eru því ákvæði 33. gr. og 34. gr. laganna sameinuð. Sú breyting er gerð á gildandi hlutföllum við skiptingu kostnaðarins við skipulagningu og mælingar, að lagt er til, að skipulagssjóðurinn beri kostnaðinn að ¾ hlutum og viðkomandi sveitarsjóður að ¼ hluta. Þessi tillaga er fram borin vegna stóraukinnar þarfar fyrir skipulagsvinnu í landinu og með hliðsjón af þeim auknu fjárráðum, sem skipulagssjóðurinn fær samkv. breytingartillögu við 33. gr., miðað við það fjármagn, sem til ráðstöfunar hefur verið til skipulagsstarfa til þessa.

Í lögunum er fylgt ákvæði, sem verið hefur, að hvor aðili um sig, sveitarsjóður og ríkissjóður, greiði helming kostnaðarins. Tilhögun sú er að vorum dómi ekki fullnægjandi.

Um 6. gr.

Bráðabirgðaákvæðið kveður á um fyrstu greiðslu ríkissjóðs samkv. 3. mgr. 33. gr.

Ed. 275. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til laga um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn, sex nefndarmenn, vill samþykkja frv. óbreytt. Ég legg hins vegar til, að í stað þess að afnema gildandi lagaákvæði um ríkiseinkasölu á útvarpsviðtækjum verði látin fara fram á þeim gagnger endurskoðun í þeim tilgangi, að komið verði á ný fótum undir Viðtækjaverzlun ríkisins, henni falið að annast allan innflutning útvarps- og sjónvarpsviðtækja og skipuleggja sölu þeirra með þeim hætti, sem hagkvæmastur kynni að þykja. Jafnframt yrði að endurskoða ákvæði um skiptingu hagnaðar af viðtækjaverzluninni, er þó rynni allur til stuðnings menningarstarfsemi í landinu. Ég legg því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur rétt, að Viðtækjaverzlun ríkisins verði efld og henni gert kleift að annast innflutning og sölu útvarps- og sjónvarpsviðtækja, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til að endurskoða fyrir næsta þing gildandi löggjöf með fyrrgreint markmið fyrir augum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. febr. 1967.

Gils Guðmundsson.

Nd. 276. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á ásökunum um trúnaðarbrot utanríkismálanefndarmanna.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

Neðri deild ályktar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar að skipa sjö manna nefnd innandeildarmanna til að rannsaka þá ásökun Guðmundar Í. Guðmundssonar, fyrrv. utanríkisráðherra, að utanríkismálanefndarmenn hafi gert sig seka um trúnaðarbrot í utanríkisráðherratíð hans.

Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Greinargerð.

Í umræðum í sameinuðu þingi, sem fóru fram 30. nóv. s. l., bar störf utanríkismálanefndar á góma, og fórust Emil Jónssyni utanríkisráðherra þá m. a. orð á þessa leið:

„Það er alveg rétt, að það eru miklu færri mál borin undir utanríkismálanefnd heldur en vert væri og sennilega rétt væri. En það er af því, að fyrrv. utanríkisráðherra taldi, að hann hefði orðið þannig fyrir barðinu á utanríkismálanefnd, að hann gæti ekki trúað henni fyrir málum. Ég held, að mér sé óhætt að segja það eftir honum, að það hafi trúnaðarmál, sem nefndinni hafi verið sagt frá, verið borin út og komið í blöðum, og þess vegna vildi hann ekki fyrir sitt leyti, að henni væru fengnar allar upplýsingar, sem annars hefði verið rétt að nefndin fengi. Ég skal ekkert segja um þetta. Ég þekki það ekki svo vel.“

Í sjónvarpsviðtali, sem utanríkisráðherra átti við nokkra blaðamenn 10. febr. s. l., barst talið að þessu efni. Morgunblaðið sagði frá þessu viðtali daginn eftir (11. febr.), og hófst frásögn blaðsins á þessa leið:

„Á blaðamannafundi í sjónvarpinu í gærkvöldi sagði Emil Jónsson utanríkisráðherra, formaður Alþýðuflokksins, að á árunum 1960 og 1961 hefðu trúnaðarmál, sem lögð voru fyrir utanríkismálanefnd Alþingis, lekið út og birzt aðallega í Þjóðviljanum og einnig í Tímanum. Utanríkisráðherra sagði, að meðan svo væri, mundi hann ekki leggja trúnaðarmál fyrir nefndina.“

Næsta dag (12. febr.) birti Mbl. svo forustugrein undir fyrirsögninni: „Trúnaðarbrot framsóknarmanna og kommúnista.“ Í greininni var sagt, að utanríkisráðherra hefði upplýst það í sjónvarpsþætti, að „á árunum 1960 og 1961 hafi trúnaðarmál, sem lögð voru fyrir utanríkismálanefnd Alþingis, verið gerð opinber, aðallega í Þjóðviljanum, en einnig í Tímanum.“

Á fundi í sameinuðu þingi 15. febr. s. l. vék Emil Jónsson utanríkisráðherra enn að þessu máli og taldi sig eingöngu hafa haft ummæli Guðmundar Í. Guðmundssonar, fyrrv. utanríkisráðherra, fyrir því, að ekki væri hægt að treysta utanríkismálanefnd fyrir trúnaðarmálum. Þessu til áréttingar vitnaði ráðherrann í ummæli, sem fyrrv. utanríkisráðherra lét falla á fundi utanríkismálanefndar 4. febr. 1964. Þeim ummælum fyrrv. utanríkisráðherra var þá strax mótmælt í nefndinni, og ráðherrann nefndi engin dæmi máli sínu til sönnunar. Var álitið, að ráðherrann hefði séð við nánari athugun, að ásakanir hans hefðu ekki við rök að styðjast, þar sem þeim var ekki hreyft meira að sinni.

Það hefur nú gerzt, að núv. utanríkisráðherra virðist hafa tekið þessar órökstuddu fullyrðingar fyrirrennara síns alvarlega og fært þær fram sem afsökun fyrir því, að hann hefur ekki haft það samstarf við utanríkismálanefnd, sem lög gera ráð fyrir. Jafnframt eru stjórnmálablöð farin að byggja á þessum fullyrðing-

um árásir á utanríkismálanefnd eða a. m. k. á suma þá menn, sem þar hafa átt sæti. Þar sem hér er beint að þingmönnum þungum ásökunum um brot á trúnaðarskyldum, verður að teljast rétt og skylt, að Alþingi sjálft kanni til fulls, hvað hæft er í umræddum fullyrðingum fyrrverandi utanríkisráðherra. Því er þessi tillaga flutt.

Sþ. 277. Fyrirspurn [141. mál]

til félagsmálaráðherra um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Frá Sverri Júlíussyni.

Hve hár er höfuðstóll Atvinnuleysistryggingasjóðs 31. desember 1966?
Hverju hafa bætur úr sjóðnum numið til sama tíma?
Á hvaða hátt hefur fé sjóðsins verið varið?
Hve háar fjárhæðir hafa verið lánaðar til:
a. Sjávarútvegs og fiskiðnaðar.
b. Landbúnaðar og vinnslu landbúnaðarafurða.
c. Iðju og iðnaðar.
d. Siglingamála.
e. Hafnarframkvæmda.
f. Húsnæðismála.
g. Annarra framkvæmda?
Hvernig skiptast lánveitingar eftir lögsagnarumdæmum landsins?

Nd. 278. Frumvarp til laga [94. mál]

um jarðeignasjóð ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. febr).

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Sjóðnum er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir:

1. Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, en eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga nr. 22/1965.
4. Jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum.

2. gr.

Auk þeirra jarða, sem um ræðir í 1. gr., er Jarðeignasjóði heimilt að kaupa jarðir, sem hlunnindi fylgja og líkur eru til að verði ekki nýttar til búrekstrar, en hafa sérstakt notagildi fyrir sveitarfélag eða ríki.

3. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 1. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðeignasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til kaupa á jörð með góð búskaparskilyrði með tilliti til landgæða, samgangna og annars, er tryggir varanlega ábúð á jörðinni.

4. gr.

Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón, annars vegar af gangverði hliðstæðra jarða og hins vegar af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Kaupverðið má þó ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma. Ákvæði 3. málsl. þessarar greinar tekur gildi við gildistöku næsta fasteignamats samkvæmt lögum nr. 28 29. apríl 1963.

5. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Jarðeignasjóðs skal vera 36 millj. kr., er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 6 árum, í fyrsta sinn á árinu 1967.

Með samþykki fjármálaráðherra má Jarðeignasjóður gefa út skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, samtals að fjárhæð 36 millj. kr. Sjóðurinn stendur sjálfur skil á afborgunum og vöxtum af skuldabréfalánum þessum. Lánskjör skulu samþykkt af fjármálaráðherra.

6. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast samkv. 1. gr. þessara laga, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til. Setja skal í sölusamninga ákvæði um nýtingu og meðferð landsins.

Heimilt er samkvæmt meðmælum Landnáms ríkisins að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Við sölu þessara jarða skal þriggja manna nefnd, sem um ræðir í 8. gr., gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um söluverð og greiðsluskilmála.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, jarðeignadeild, fer með framkvæmd þessara laga.

Landnámi ríkisins er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, og gera rökstudda álitsgjörð um hverja jörð fyrir sig, þ. e. hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi jörðina. Sérstaklega skal gerð grein fyrir því í álitsgjörðinni, hver áhrif það hafi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag, ef lögð verður niður ábúð á jörðinni.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn, til að meta kaupverð jarða, sbr. 4. gr. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu hæstaréttar og er formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðeignasjóði með öðrum kostnaði.

Álitsgjörð sú, sem um getur í 7. gr., skal send nefnd þessari, ásamt umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um sölu jarðar til Jarðeignasjóðs ríkisins, enda hafi sveitarsjóður áður afsalað sér forkaupsrétti.

Þriggja manna nefndin sendir landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, matsgjörð ásamt tillögum og umsögn sína um jarðakaupin. Síðan tekur landbúnaðarráðherra ákvörðun um, hvort kaupin skuli gerð.

9. gr.

Nú verður dráttur á því, að jörðum, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, verði ráðstafað samkvæmt ákvæðum 6. gr., og er þá landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, heimilt að leigja afnot þeirra allt að fimm árum í senn sveitarfélaginu eða bændum innan þess. Slík afnot má því aðeins leigja utansveitarmönnum, að samþykki sveitarstjórnar komi til.

10. gr.

Jarðeignasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hvetju nafni sem nefnist. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðeignasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, gert aðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

11. gr.

Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar samkvæmt 9. gr., skulu ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum sköttum og gjöldum, hverju nafni sem nefnast.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða, að Jarðeignasjóður taki þátt í fjallskilakostnaði vegna jarða í fámennum hreppum með erfið fjallskil.

12. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga getur landbúnaðarráðherra sett með reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um Jarðakaup ríkisins, og eignir Jarðakaupasjóðs, aðrar en jarðir, renna til Jarðeignasjóðs ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1967.

Nd. 279. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér efni frumvarpsins og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. febr. 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm. — Pétur Sigurðsson, fundaskr. — Lúðvík Jósefsson.

Jón Skaftason. — Guðl. Gíslason. — Ingvar Gíslason.

Sverrir Júlíusson.

Ed. 280. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 28. febr. 1967.

Ólafur Björnsson, form., frsm. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Björn Jónsson.

Helgi Bergs. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson. — Sveinn Guðmundsson.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 281. Tillaga til þingsályktunar [142. mál]

um endurskoðun laga um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum á þann veg, að sjóðfélögum verði tryggð eigi minni réttindi en aðilar að lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins njóta nú.

Greinargerð.

Lög um lífeyrissjóð togarasjómanna voru sett árið 1958 og sniðin eftir lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þó var hámarkslífeyrir, sem togarasjómenn gátu fengið eftir 30 ára starfstíma, aðeins 50% af meðallaunum síðustu 10 starfsára viðkomandi sjóðfélaga, en í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins var miðað við 60%.

Frumvarp, sem flm. þessarar þingsályktunartillögu flutti haustið 1960 ásamt þáv. háttv. 11. landskjörnum þm. (Gunnari Jóhannssyni), þar sem m. a. var gert ráð fyrir, að togarasjómenn skyldu njóta sama réttar til hámarksgreiðslna lífeyris og starfsmenn ríkisins, fékkst ekki samþykkt. Meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar Nd. Alþingis bar því við, að of stuttur tími væri þá liðinn, síðan lögin um lífeyrissjóðinn voru sett, og fullnægjandi reynsla því ekki fengin um framkvæmd laganna.

Engar breytingar hafa síðan verið gerðar á lögunum um lífeyrissjóð togarasjómanna aðrar en þær, að undirmenn á farskipum hafa fengið aðild að sjóðnum og nafni hans verið breytt til samræmis við það.

Sú reynsla er fengin af framkvæmd laganna um sjóðinn, að hann mun nú vera næststærsti lífeyrissjóður í landinu, og námu eignir hans í árslok 1965 um 120 millj. kr., en engar breytingar hafa þó verið gerðar á lögum um þennan sjóð í þá átt að auka réttindi sjóðfélaga. Hámarkslífeyrir, sem sjóðfélagar geta notið, er enn 50% af meðallaunum sjóðfélaga síðustu 10 starfsárin. Á verðbólgutímum veldur slík viðmiðun því, að lífeyrisréttindi sjóðfélaga rýrna mjög. Á sama tíma hafa hins vegar verið gerðar mjög veigamiklar breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Má þar fyrst og fremst nefna, að í stað þess að lífeyrir var áður miðaður við meðallaun sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, eru lífeyrisgreiðslur nú ákveðinn hundraðshluti af þeim launum, sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf, er sjóðfélagi gegndi síðast, en í þeirri tilhögun felst verðtrygging lífeyrisgreiðslna, þar sem þær breytast samhliða breytingum á launum.

Að ýmsu öðru leyti veitir lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins meiri réttindi en lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum, en ekki er ástæða til þess að rekja það hér.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóð togarasjómanna í þá átt, að togarasjómenn nytu eigi minni lífeyrisréttar en starfsmenn ríkisins, fengust ekki samþykktar á Alþingi fyrir 6 árum, vegna þess að þá taldi meiri hluti þeirrar nefndar, sem um málið fjallaði, að ekki væri fengin nægileg reynsla af framkvæmd laganna. Sú reynsla ætti nú að liggja fyrir og virðist birtast í því, að eignir sjóðsins, sem nú tekur einnig til undirmanna á farskipum, aukast óðfluga með ári hverju, og sjóðurinn er nú orðinn næststærsti lífeyrissjóður í landinu. Á sama tíma hefur enn aukizt mismunurinn á lífeyrisréttindum sjóðfélaga í þessum sjóði og þeim réttindum, sem starfsmenn ríkisins njóta. Virðist því tímabært, að lögin séu endurskoðuð og sjóðfélögum tryggð a. m. k. jafnmikil réttindi og starfsmönnum ríkisins, einkum að því er varðar verðtryggingu lífeyrisgreiðslna. Sá háttur, sem er á launagreiðslum til togarasjómanna, að þær miðast við aflahlut að mestu leyti, veldur því, að verðtryggingu lífeyrisgreiðslna til

þeirra þarf að haga á nokkuð annan veg en til þeirra, sem fá öll laun sín sem fastákveðið mánaðarkaup. Á sama hátt þarf að taka tillit til þess, að hve miklu leyti laun undirmanna á farskipum eru fengin fyrir yfirvinnu. Naumast ættu að vera vandkvæði á því að finna lausn á þessum atriðum, ef vilji er fyrir hendi til þess að togarasjómenn og undirmenn á farskipum njóti eigi minni lífeyrisréttinda en starfsmenn ríkisins.

Nd. 282. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

Önnur málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ráðherra einnig að veita bátum, sem eru 40—100 lestir, leyfi til togveiða innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, ef eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:

a. Hafrannsóknastofnunin og Fiskifélag Íslands mæli með því að heimila togveiði og hafi gert tillögur um takmörkun veiðisvæða og tölu þeirra fiskibáta, sem veita á undanþágu.
b. Sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir þeirra kauptúna eða kaupstaða, sem að veiðisvæðunum liggja, mæli með að veita slíkar undanþágur og lýsi yfir því, að vöntun sé á hráefni vegna atvinnuástands viðkomandi staða.
c. Að ákveðið sé, þegar bátum er veitt undanþágu til togveiða, hvar afli skuli lagður upp til vinnslu, og við það miðað, að verkun aflans fari fram þar, sem um atvinnuskort er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1958 var fiskveiðilandhelgin ákveðin 12 mílur frá grunnlínupunktum. Íslenzkum togveiðiskipum voru þó veittar nokkrar undanþágur til veiða innan 12 mílna línunnar á vissum árstímum og ákveðnum svæðum. Íslenzku togararnir virðast hafa hlýtt þessum reglum, en togbátar sunnanlands eigi til fulls.

Algengt var, að 50—100 lesta bátar stunduðu togveiðar, áður en fiskveiðilandhelgin var stækkuð, en mjög var það misjafnt eftir landshlutum. Fór það m. a. eftir botnlagi veiðisvæðanna og hve auðvelt var að afla fisks með öðrum veiðitækjum. Veiðisvæði togbáta voru einkum sunnan við land og norðan. Minni togbátar geta eigi veitt á miklu dýpi. Aðstaða þeirra varð því mun lakari við útfærslu landhelginnar. Þróunin hefur orðið sú, að norðanlands hefur veiði togbáta lagzt niður. Kostnaður við útgerð línubáta hefur farið vaxandi, og rekstur þeirra ber sig eigi. Nær ógerlegt hefur verið að fá nægan mannskap á línubáta. Veldur þar miklu um aukin síldveiði og fjölgun stórra síldveiðibáta. Færabátar stunda ekki veiðar nema tíma úr árinu, og afli þeirra er takmarkaður. Tilfinnanleg vöntun hefur því verið á fiskmagni til að fullnægja þörfum fiskvinnslustöðva og til úrbóta takmarkaðri atvinnu í kauptúnum og kaupstöðum norðanlands. Þessa hefur einkum gætt vestan til á Norðurlandi. Húsavík, Raufarhöfn og Þórshöfn liggja nær úthafinu en kauptúnin við Húnaflóa og Skagafjörð. Skemmra er á fiskimið og því auðveldara að afla fisks á minni báta. Vinna við verkun og vinnslu síldar hefur verið þeim mun meiri sem austar dregur. Sunnanlands stunda bátar togveiðar án þess að taka fullt tillit til þess, hvað lög og reglur mæla fyrir um. Virðist vera þegjandi sam-

komulag línu- og netabáta annars vegar og togbáta hins vegar, að þeir fyrr nefndu kæri eigi, en þeir síðari valdi eigi veiðarfæratjóni. Sunnanlands og vestan eru aðalhrygningarstöðvar fisksins og mikil veiði í marz og apríl. Út af Vestfjörðum eru mjög góð skilyrði til línuveiða, en óhentugt til togveiða fyrir minni báta. Kauptúnin á vesturhluta Norðurlands hafa því önnur og lakari skilyrði til fisköflunar en algengast er í öðrum landshlutum. Eina ráðið til úrbóta á þessum aðstöðumun er að veita nokkrum bátum undanþágu til togveiða að einhverju leyti innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952. Sjálfsagt er að framkvæma slíka undanþágu í samráði við fiskifræðinga okkar og sveitar- eða bæjarstjórnir þeirra staða, sem útgerð viðkomandi báta er starfrækt frá. Rétt væri að ákveða tölu bátanna og þau veiðisvæði, sem heimilt væri að stunda togveiðar á innan landhelgi. Reynslan yrði svo að skera úr um það, hvað hagkvæmast væri í þessum efnum. Norðlendingar hafa eigi viljað brjóta fiskveiðilöggjöfina. Þess eiga þeir ekki að gjalda. Ég álít, að framtíð vissra kauptúna norðanlands sé að verulegu leyti undir því komin, að ráðstafanir í þá átt, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, verði gerðar sem fyrst. Munur á aðstöðu togbáta og línubáta er einkum þessi:

a. Hægt er að komast af með 5 manna áhöfn á togbát, sem 11 menn vinna við línubát, sem er 50—100 lestir.
b. Veiðarfærakostnaður togbáta er mun minni og beitukostnaður enginn, en sá liður er nú mjög tilfinnanlegur.
c. Hægt er að stunda togveiðar 8—10 mánuði árlega norðanlands, en línuveiðar tæplega nema 3 mánuði með 50—100 tonna bátum. Afli verður því meiri og jafnari hjá togbátum.
d. Togbátar hafa mun meiri möguleika að bera sig fjárhagslega en línubátar. Jafnari afli veldur því, að hægt er að leita nýrra leiða til að auka verðmæti sjávaraflans.
e. Eina leiðin til að auka fiskafla verulega í kauptúnum og kaupstöðum á vesturhluta Norðurlands er að veita vissri tölu báta undanþágu til togveiða innan landhelgi vissa tíma á ákveðnum svæðum. Slík ráðstöfun, ef hagkvæm reynist, gæti því breytt aðstöðu þess fólks, sem þar býr.

Meiri fiskafli skapar aukna atvinnu og gerir fólksfjölgun mögulega. Því fylgir, að byggja þarf íbúðarhús. Verzlun, iðnaður og ýmiss konar þjónusta fer vaxandi. Að sjálfsögðu er æskilegast, ef bátum er veitt undanþága til togveiða, að þeir eigi heima og séu reknir frá viðkomandi stöðum. Aðstoða yrði efnilega sjómenn til að kaupa hentuga báta, gegn því að þeir starfræktu þá frá ákveðnum stöðum. Atvinnujöfnunarsjóður gæti gert mikið gagn í þeim efnum. Til mála gæti einnig komið að veita aðkomubátum undanþágu til togveiða, ef þeir legðu aflann upp til vinnslu þar, sem úrbóta væri þörf í atvinnumálum.

Skoðanir eru vafalaust skiptar um veiði togbáta innan landhelgi. Vitað er, að bátar sunnanlands hafa stundað togveiði að einhverju leyti innan landhelgi um árabil. Eigendur slíkra báta hafa verið sektaðir, en þær sektir hafa sjaldan eða aldrei verið innheimtar. Allir hljóta að vera sammála um, að gagnslítið og óskynsamlegt sé að hafa lög og reglur þannig, að þeir aðilar, sem löggjöfin snertir, þverbrjóti hana. Ef lögin eru þörf og viturleg, á að framfylgja þeim, séu þau óhagkvæm og óskynsamleg, á að breyta þeim. Hitt gefur auga leið, að sé skaðlaust, að tugir báta stundi togveiðar á aðalhrygnigarsvæðunum meiri hluta árs, hlýtur að vera óskaðlegt, að fáeinir bátar stundi togveiðar á grunnmiðum norðanlands, þar sem litlar hrygningarstöðvar eru. Ljóst er, að eigi bætir það sálarfrið eða siðgæði viðkomandi skipstjóra og útgerðarmanna að brjóta veiðireglur og eiga von á því á hverri stundu að vera staðnir að því. Slík vinnuskilyrði eru næsta óhagkvæm og ekki til þess fallin að auka aflamagnið. Það er því óverjandi af ríkisvaldinu að gera ekkert í þessum málum. Ég hef heyrt, að ástæðan fyrir aðgerðaleysinu sé að öðrum þræði sú, að ekki náist samkomulag um, hvort leyfa skuli stórum togurum

frekari veiði en þeir hafa nú innan landhelgi. Sú ástæða ein er ekki næg afsökun, því að það mál er annars eðlis. Rekstur stærri togskipa er ástæðulaus, geti þau ekki sótt aflann á dýpri og fjarlægari mið en bátarnir. Ódýrara og hagkvæmara er að nota minni skip til fiskveiða á grunnmiðum. Togararnir selja oft aflann óunninn úr landi, en bátarnir leggja að jafnaði upp til vinnslu, enda er starfræksla bátanna undirstaða atvinnulífsins í flestum kauptúnum við sjóinn. Viðurkennt er, að opnun landhelginnar fyrir íslenzka togara leysir ekki rekstrarvandamál þeirra nema að litlu leyti. Slík ráðstöfun mundi hins vegar gera hlut fiskibáta mun lakari. Þetta er sumum togaraeigendum ljóst, og einhuga eru þeir ekki. Guðmundur Jörundsson á og rekur einn stærsta togara landsins. Hann lýsti því yfir á fjölmennum fundi fyrir skömmu, að hann væri á móti því að opna landhelgi frekar en nú er gert fyrir stór togskip. Vafalaust fullnægja íslenzku togararnir ekki nútímakröfum að öllu leyti. Jafnhliða því, sem lagt væri út í að kaupa ný og fullkomin togskip, þarf að gæta þess, að þau geta ekki keppt við hliðstæð skip annarra þjóða, nema tryggt sé, að hægt sé að selja aflamagnið fyrir hliðstætt verð.

Ég flyt þetta frumvarp í þeirri von, að það megi verða til þess að flýta fyrir, að mál þetta leysist sem fyrst og á sem hagkvæmastan hátt, jafnvel þótt mér sé ljóst að fenginni reynslu, að ríkisstjórnin ætlast ekki til, að samþykkt séu önnur frumvörp en hún flytur sjálf eða lætur flytja.

Nd. 283. Frumvarp til laga [144. mál]

um Fiskimálaráð.

Flm: Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Sverrir Júlíusson, Sigurður Ágústsson, Jónas G. Rafnar, Jónas Pétursson, Óskar E. Levy, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar Fiskimálaráð samkvæmt því, sem segir í 7. gr. laga þessara.

2. gr.

Fiskimálaráð skal beita sér fyrir samvinnu allra aðila, sem hlut eiga að máli um mótun heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum.

3. gr.

Við uppbyggingu fiskiskipastólsins skal (fyrst og fremst) við það miðað, að fjölbreytni verði í útgerð landsmanna og eðlilegt jafnvægi milli hinna mismunandi útgerðargreina, svo að tryggð verði eftir föngum hráefnisöflun til fiskiðnaðarins.

4. gr.

Við uppbyggingu fiskvinnslu- og fiskiðnaðarfyrirtækja skal tillit tekið til æskilegrar dreifingar fyrirtækjanna og við það miðað, að afkastageta þeirra sé hæfileg með hliðsjón af mögulegri öflun hráefnis.

Enn fremur skal miða að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

5. gr.

Fiskimálaráð skal hafa forgöngu um markaðsrannsóknir og skipulegar aðgerðir til öflunar nýrra markaða fyrir sjávarafurðir, svo og um framleiðslu nýrra vörutegunda.

6. gr.

Fiskimálaráð skal árlega gefa ríkisstjórn og Alþingi skýrslu um störf sín.

7. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra á sæti í Fiskimálaráði og er jafnframt formaður þess. Eftirtaldir aðilar skulu eiga rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver og annan til vara í Fiskimálaráð, til 3 ára í senn:

Landssamband ísl. útvegsmanna.
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.
Sjómannasamband Íslands.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
Síldarútvegsnefnd.
Félag ísl. fiskmjölsframleiðenda.
Félag ísl. niðursuðuverksmiðja.
Seðlabanki Íslands.
Fiskveiðasjóður Íslands.
Fiskimálasjóður.
Efnahagsstofnunin.
Fiskifélag Íslands.

Noti einhver ofangreindra aðila sér ekki rétt sinn til tilnefningar, skal ráðherra heimilt að skipa í hið auða sæti.

Fiskimálaráð skal koma saman til fundar, þegar formaður ákveður, en þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Störf í Fiskimálaráði eru ólaunuð.

8. gr.

Fiskimálaráð kýs þriggja manna framkvæmdanefnd, sem undirbýr fundi ráðsins og annast þau störf, sem Fiskimálaráð felur henni.

9. gr.

Kostnaður af störfum Fiskimálaráðs, þar með talin þóknun til framkvæmdanefndar, sem ráðherra ákveður, greiðist úr Fiskimálasjóði.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að stofnað verði Fiskimálaráð, sem skal í samvinnu við alla þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, móta heildarstefnu í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum. Lagt er til, að í þessu ráði eigi sæti fulltrúar útgerðar, helztu greina fiskiðnaðar, sjómanna, verkamanna, lánastofnana sjávarútvegsins, helztu stofnana, sem fjalla um efnahagsmál og sérmál útvegsins.

Sjávarútvegurinn er langstærsti atvinnuvegur okkar Íslendinga, sem framleiðir yfir 90% af heildarútflutningsverðmæti þjóðarinnar. Eins og að líkum lætur, þarf mikið fjármagn til að viðhalda þessum atvinnuvegi, tryggja eðlilega þróun og tækninýjungar í smíði og gerð fiskiskipa jafnhliða uppbyggingu fiskiðnaðarins, vinna skipulega að markaðsrannsóknum, öflun nýrra markaða fyrir sjávarafurðir og framleiðslu nýrra vörutegunda. Það er því brýn nauðsyn að gæta þess, að fjármagnið, sem til þessara hluta er varið, komi að sem beztum notum og að eðlilegt jafnvægi sé á milli hinna mismunandi greina í útgerð og vinnslu úr sjávarafla og markvisst stefnt að því, að sem mest fjölbreytni verði í vinnslu sjávarafla.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frumvarps, að eðlilegt sé að fara inn á þá braut, að samtök þeirra, sem vinna að fiskveiðum og fiskiðnaði, og þeirra, sem framleiðslutækin eiga, marki heildarstefnuna í uppbyggingu sjávarútvegsins og í markaðsmálum í samvinnu við fulltrúa lánastofnana sjávarútvegsins og þeirra aðalstofnana, sem með efnahagsmálin fara, og hafi um það samvinnu við ríkisstjórnina. Með því að hafa þennan hátt á, er tryggt, að allir aðilar, sem þessi mál varða mest, skýri sín sérsjónarmið og taki sameiginlega ákvörðun um, hvað réttast og eðlilegast sé, að gert verði á hverjum tíma í þessum málum. Fram til þessa hefur engin slík stofnun verið til, enda hefur oft á liðnum árum og áratugum ekki verið gætt sem skyldi að skapa eðlilegt jafnvægi á milli greina fiskveiðanna og fiskiðnaðarins á þann veg, að ein eða fleiri greinar hafa á ákveðnu árabili vaxið mjög hratt, en samdráttar hefur gætt í öðrum, og á þann hátt hefur þessi mikilvirki atvinnuvegur okkar orðið of einhæfur.

Til þess að koma í veg fyrir, að sjávarútvegurinn verði of einhæfur, verður að leitast við eftir föngum að styðja eðlilega starfrækslu í sem flestum greinum fiskveiðanna og auka hagnýtingu þess afla, sem á land kemur, með það fyrir augum að vinna úr honum á þann hátt, að útflutningsverðmæti verði sem allra mest. Jafnhliða þarf að gera allt til þess að auka fjölbreytni fiskveiðanna og fara inn á fleiri greinar fiskiðnaðar. Með því er dregið úr þeirri miklu áhættu, sem nú er, þegar einhver ákveðin grein bregzt. Þá er ekki síður mikilvægt að auka markaðsrannsóknir fyrir íslenzkar fiskafurðir, leita nýrra markaða og fjölga viðskiptaþjóðum.

Hér á eftir mun verða leitazt við að skýra í stórum dráttum, hvernig þessum málum er nú háttað.

Fiskiskipastóllinn.

Það er rétt að gera sér grein fyrir, hvaða breytingum fiskiskipastóllinn hefur tekið á rúmlega tveimur áratugum:

Árið	Tala skipa undir 100 rúml. m/þilfari	Samt. br. rúml.	Tala skipa yfir 100 rúml.	Samt. br. rúml.	Tala botnvörpuskipa	Samt. br. rúml.
1944	560	11725	32	5562	29	9652
1954	523	16732	54	8269	51	31621
1958	614	21213	49	7561	44	29024
1964	648	21670	159	26967	39	27395
1967	577	19014	184	35559	32	22876

Eins og sjá má af framangreindu yfirliti, hefur orðið mjög mikil fjölgun á skipum yfir 100 rúml., og hefur þeim á 23 árum fjölgað um 152 og rúmlestatala þeirra aukizt um 30 þús. rúml., og eru nú í byggingu 34 skip og er meðalstærð þeirra um 318 rúml. Öll stærri skipin, sem byggð hafa verið, eru fyrst og fremst ætluð til síldveiða, en á tímabilinu febrúar til apríl eru þau flest við bolfiskveiðar og loðnuveiðar. Botnvörpuskipaflotinn var endurnýjaður skömmu eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, og á árunum 1951 til 1952 bættust við þann flota 10 skip, en síðar hafa aðeins bætzt við 5 skip. Nú eru skráð 32 botnvörpuskip, en aðeins rúml. 20 þeirra eru gerð út. Botnvörpuskipaútgerðin hefur stórkostlega dregizt saman, og horfir óvænlega fyrir þeirri útgerð, en hún var um langt árabil ein sterkasta stoð íslenzkrar útgerðar.

Bátum undir 100 rúml. hefur fækkað verulega síðustu árin. Það má segja, að bolfisköflunin byggist að verulegu leyti á hinum minni skipum, eða á skipum, sem eru undir 120 rúml. Þessi skip stunda bolfiskveiðarnar mestan hluta ársins og eru hornsteinar fiskiðnaðarins að frátöldum síldariðnaðinum.

Á árunum 1963 til 1966 hafa 87 bátar, samtals 4713 rúmlestir, af stærðinni 20—120 rúml. verið strikaðir út af skipaskrá. Á sama árabili hafa verið skráð 37 ný fiskiskip undir 120 rúml., samtals 1635 rúml. Þar af voru á s. l. ári aðeins 2 skip

samt. 109 rúml. Þessi þróun í fiskiskipabyggingum er orðin mikið áhyggjuefni og verður að breytast hið bráðasta, ef ekki á að fara illa fyrir bolfiskiðnaðinum, sem stendur og fellur með því að fá hráefni sem jafnast árið um kring og er um leið aðalatvinnuvegur fjölmargra byggðarlaga, sem njóta ekki síldariðnaðarins nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Fiskiðnaðurinn.

Heildarútflutningur sjávarafurða á síðustu þremur árum hefur verið sem hér segir:

Árið 1964	4384	millj. kr.
— 1965	5256	— —
— 1966	5595	— —

Aðalvörutegundirnar á þessum sama tíma og útflutningsverðmæti þeirra hafa verið sem hér segir:

	1964 m.kr.	1965 m.kr.	1966 m.kr.
Síldar- og loðnumjöl	594.8	943.3	1117.6
Síldarlýsi	417.6	677.6	882.1
Saltsíld	501.4	488.3	581.8
Fiskimjöl	179.6	157.6	146.0
Hraðfrystur fiskur	1149.3	1244.7	1207.5
Skreið	337.4	375.9	309.9
Saltfiskur	436.0	545.1	546.8
Rækja og humar	109.9	129.8	179.6
Niðursuðuvörur	20.0	32.6	45.1

Á landinu eru 46 síldarverksmiðjur, og er afkastageta þeirra 18350 tonn á sólarhring. Í þessari tölu eru allar verksmiðjur, sem hafa möguleika til að vinna feitan fisk, þó að raunar sumar þeirra séu að mestu starfræktar sem venjulegar fiskimjölsverksmiðjur.

Síldarverksmiðjurnar skiptast þannig eftir landshlutum:

Suður- og Vesturland	17	afkastageta	5995	tonn/sólarhr.	
Norðurland að Langanesi	15	—	6725	—	—
Austurland	14	—	5630	—	—

Fiskimjölsverksmiðjur eru 16 auk þeirra, sem taldar eru með síldarverksmiðjum.

Síldarsöltunarstöðvar eru 103 á landinu, sem starfræktar eru að meira eða minna leyti.

Hraðfrystihús í fiskiðnaði eru 93, og er frystiafkastageta þeirra um 1600 tonn á 10 klst., og hafa þau geymslurými fyrir um 73000 tonn.

Nýting á afkastagetu hraðfrystihúsanna var á árinu 1960 ca. 17%, 1964 ca. 17.3% og 1965 ca. 19%.

Svo að segja öll hraðfrystihús vinna saltfisk og skreið. Af þeim eru 21 hús, sem eru sérstaklega búin vélum til vinnslu á saltfiski. Auk hraðfrystihúsanna eru um 40 aðrar söltunarstöðvar, og eru 18 þeirra búnar vélum til vinnslunnar.

Niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur eru 16 á landinu.

Markaðsrannsóknir.

Með markaðskönnun er átt við það að rannsaka, hver markaður geti verið fyrir ákveðnar vörutegundir á hverjum stað, svo og það, í hvaða mynd þær þurfi að vera, hvað vinnslu og umbúðir snertir, til þess að hægt sé að ná árangri. Slík könnun er nauðsynleg forsenda, áður en hafin er markaðsuppbygging.

Með markaðsuppbyggingu er átt við það, að vörurnar, unnar á þann hátt, sem markaðsrannsóknin gaf til kynna, séu boðnar til sölu og kynntar og séu alltaf til á markaðnum.

Sem dæmi um þetta má nefna, að fiskimálanefnd vann á sínum tíma skipulega að markaðsuppbyggingu fyrir frystan fisk, og enn þá betra dæmi er uppbygging markaðs fyrir frystar íslenzkar sjávarafurðir í Bandaríkjunum. Sennilega er það ekki öllum kunnugt, að um margra ára bil var vitandi vits gefið með afurðum þeim, sem sendar voru á þennan markað, miðað við sölu á öðrum mörkuðum. Þessu var samt haldið áfram með þrautseigju, og um árabil hefur þetta verið bezti markaðurinn fyrir frystar íslenzkar sjávarafurðir.

Enn fremur voru byggðar upp í Bandaríkjunum verksmiðjur til frekari vinnslu úr frystum fiski, sem á síðustu árum hafa komið að mjög miklu liði.

Á fyrstu árunum eftir heimsstyrjöldina var einnig unnið nokkuð að markaðsöflun í ýmsum löndum, svo sem Frakklandi, Austurríki o. fl., en markaðir þessir virðast að mestu hafa glatazt aftur.

Á undanförnum árum hefur sala sjávarafurða yfirleitt virzt ganga greiðlega, þangað til á s. l. ári, að mikið verðfall varð á ýmsum helztu afurðum okkar. Ástæðan til þessa var einkum sú, að ýmsar aðrar þjóðir tóku upp alveg nýja veiði- og vinnslutækni, sem hefur valdið stórauknu framboði á fiskafurðum.

Víðari og fjölbreyttari markaðir eru bezta tryggingin gegn slíku verðhruni, en við Íslendingar höfum nokkrum sinnum fengið alvarleg áföll vegna þess, að markaðir okkar og framleiðsla er of einhæf. Það er því augljós nauðsyn, að ötullega og skipulega verður að vinna að markaðsöfluninni og fjölbreytni í framleiðslu.

Vafalaust mætti vinna markaði fyrir ýmsar nýjar vörutegundir, svo sem niðursoðin þorskhrogn, kavíarlíki o. fl., svo og fyrir meira unnar vörur, svo sem tilreiddar máltíðir. Að vísu veldur sú staðreynd, að við stöndum fyrir utan markaðsbandalögin, miklum erfiðleikum, á meðan ekki er bót á ráðin, en það er annað vandamál.

Sem dæmi um það, til hvers sé að vinna, má benda á, að 1963 var neyzla á niðursoðnum sjávarafurðum í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum 955 300 tonn. Hlutur okkar í þessu var ekki nema nokkur hundruð tonn. Engar núverandi stofnanir eða samtök hafa möguleika á að hafa forgöngu um mál þessi í heild, svo að við álítum fullkomlega tímabært að koma á fót stofnun, sem gæti beitt sér fyrir verkefnum þessum. Þess ber þó að geta, að fiskimálasjóður hefur styrkt verulega markaðskönnun og auglýsingakostnað fyrir íslenzkar sjávarafurðir erlendis.

Ein aðferð, sem aðrar þjóðir nota mikið, er að vinna að markaðsrannsóknum fyrir milligöngu sendiráða sinna, m. a. með skipun verzlunarfulltrúa við þau. Þessi aðferð væri m. a. vel athugandi fyrir okkur. En síðan þyrfti að vera fyrir hendi hér heima stofnun, er skipulegði þessa viðleitni og ynni úr upplýsingum þeim, er aflað væri.

Ein grundvallarforsenda fyrir því, að Fiskimálaráð geti rækt það hlutverk sitt að gera tillögur um og stuðla að skynsamlegri og skipulagðri dreifingu fjármagns í íslenzkum sjávarútvegi, er nákvæm þekking á mörkuðum sjávarafurða og hverra breytinga þar megi vænta, en oft hefur á skort, að íslenzkum sjávarútvegi hafi gefizt nægilegur tími til aðlögunar við breyttar aðstæður.

Ed. 284. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um löggildingu á verzlunarstað í Egilstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. febr. 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Ólafur Jóhannesson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Hermann Jónasson.
Alfreð Gíslason.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 285. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Einn nm. (BJ) skilar hins vegar séráliti.

Alþingi, 1. marz 1967.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson.
Helgi Bergs.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 286. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt með neðangreindri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Svendsen, Sonja Marie, húsmóðir í Grenivík, fædd í Noregi 9. júlí 1936.

Alþingi, 1. marz 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson.
Hermann Jónasson.
Alfreð Gíslason.

Sþ. 287. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar óbreyttrar. Einn nefndarmanna, Einar Ágústsson, var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 1. marz 1967.

Sigurður Ingimundarson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.	Ragnar Arnalds.

Sþ. 288. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um lánasjóð fyrir tækninýjungar í iðnaði.

Flm.: Sveinn Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært, að stofnaður verði lánasjóður til örvunar á framleiðslunýjungum til stuðnings íslenzkum iðnaði. Ef slík sjóðsstofnun er álitin tímabær, þá verði lagt fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um stofnun slíks lánasjóðs, er hafi það markmið að styðja með lánum að framkvæmd hugmynda, er hafi raunhæfa þýðingu til örvunar nýjungum í iðnaðarframleiðslu landsmanna.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur margsýnt sig, að tækniframfarir á mörgum sviðum hafa gjörbreytt atvinnuháttum okkar Íslendinga. Margar góðar hugmyndir hafa komið fram hjá hugvitssömum mönnum eða þróazt hjá vinnandi mönnum við dagleg störf. Getur oft verið það kostnaðarsamt að gera góðar hugmyndir raunhæfar, að það tefji fyrir eða stöðvi eðlilegan framgang þeirra.

Nágrannaþjóðir okkar, t. d. Norðmenn, hafa því efnt til sjóðsstofnunar, er hefur það markmið, að hugmyndir, sem geti haft raunhæft gildi fyrir norskan iðnað, komist til framkvæmda. Ekki er ólíklegt, að við Íslendingar getum haft reynslu Norðmanna í þessum efnum okkur til fyrirmyndar, en hér á landi er slíkur sjóður til eflingar tækninýjungum í iðnaði ekki fyrir hendi. Þingsályktunartillaga þessi gerir ráð fyrir, að kannað sé til hlítar, hvort ekki sé tímabært, að slíkum sjóði sé komið á stofn, t. d. að fyrirmynd Norðmanna. Gert er ráð fyrir, að iðnaðarmálaráðherra sjái um, að slík athugun sé gerð í samráði við leiðandi samtök iðnaðarins.

Nd. **289. Frumvarp til laga** [146. mál]

um breyting á lögum nr. 29 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

1. Upphaf A-liðar 2. gr. laganna orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir 75% af kostnaði við hafnargerð eftirtalinna staða, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 25% af kostnaði við hafnargerðina, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. greinar: 1. Akranes o. s. frv.
2. Upphaf B-liðar sömu greinar laganna orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir 85% kostnaðar við að gera lendingarbætur á eftirtöldum stöðum, sbr. þó 1. mgr. 1. gr., og er ríkisstjórninni jafnframt heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 15% af kostnaðinum við lendingarbæturnar, miðað við þá áætlun, sem ráðuneytið samþykkir, sbr. 1. mgr. 1. greinar: 1. Alviðruvör o. s. frv.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er ákveðið, að ríkissjóður greiði 40% af kostnaði við allar meiri háttar hafnargerðir. Auk þess er ríkisstjórn heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 60% af kostnaðinum samkvæmt áður samþykktri kostnaðaráætlun.

Þá segir einnig í gildandi hafnarlögum, að ríkissjóður greiði 50% af kostnaði við lendingarbætur á allmörgum tilgreindum stöðum, en ríkisábyrgð er heimil fyrir hinum helmingi kostnaðar við lendingarbæturnar.

Ef til vill má segja, að nokkrar allra tekjuhæstu hafnirnar rísi undir sínum hluta af kostnaði við bráðnauðsynlegar hafnarbætur, eins og gildandi lög gera ráð fyrir. En hitt er hafið yfir allan vafa, að yfirgnæfandi meiri hluta hafnanna er langt um megn að rísa undir 60% af kostnaði við hafnargerðir, eins og hann er nú orðinn, en þar er í flestum tilfellum um tuga eða hundraða milljóna upphæðir að ræða.

Er nú svo komið, að ýmsir blómlegustu útgerðarstaðir landsins, þar sem ekki varð hjá komizt að ráðast í umfangsmiklar hafnarframkvæmdir, eru á gjaldþrotsbarmi, sokknir í allsendis óviðráðanlegar skuldir. Sums staðar eru hafnarmannvirki hálfgerð árum saman og liggja undir stórskemmdum sökum þess, að hafnirnar geta ekki risið undir sínum hluta kostnaðarins.

Á enn öðrum stöðum dregst frá ári til árs, að byrjað sé á bráðnauðsynlegum hafnarbótum, sökum þess að öll sund eru lokuð um útvegun þess fjár, sem heimahéraði ber að leggja fram skv. gildandi hafnarlögum.

Hér er því í mikið óefni komið.

Góðar hafnir eru lífæð margra kauptúna og bæja — grundvöllur atvinnulífsins. Hafnargerðir mega því ekki stöðvast á slíkum stöðum. Sá kostur er því einn fyrir hendi, að ríkið taki á sig meiri hluta af stofnkostnaði hafnarmannvirkja en lög gera nú ráð fyrir og að byrðinni verði létt af heimahéraði að sama skapi.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að framlög ríkissjóðs til meiri háttar hafnarframkvæmda hækki úr 40% í 75% og að ríkisframlög til lendingarbóta skv. B-lið 2.

gr. hafnarlaganna hækki úr 50% í 85%. Að öðru leyti komi ríkisábyrgð til, svo sem verið hefur hingað til.

Frumvarpið er fram borið af brýnni nauðsyn, sem háttvirtum alþingismönnum er fullkunnugt um, og verður því að vænta þess, að það fáist lögfest á þessu þingi.

Ed. 290. Frumvarp til laga [147. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 8% viðbót við það lágmarksverð á ferskfiski öðrum en síld og loðnu, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Skal viðbótin skiptast þannig, að 5% greiðist mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins.

2. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að lækka greiðslur til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda annarra aðila á fjárlögum ársins 1967 um 10%. Þá er ríkisstjórninni einnig heimilt að lækka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 m.kr. frá því, sem ákveðið er í 16. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, með þeirri breytingu, sem ákveðin var með lögum nr. 67 23. des. 1964, um breytingu á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að verja 20 millj. kr. til þess að greiða fiskseljendum verðbætur á línu- og handfærafisk. Þessar greiðslur koma til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

4. gr.

Heimilt er að greiða viðbótarbætur á línufisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1966, umfram þá 25 aura á kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 16 16. apríl 1966, að ríkissjóður skyldi greiða. Heildarverðbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1966 skulu þó ekki fara fram úr 20 millj. kr.

5. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1966 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

6. gr.

Stofna skal sjóð, er hafi það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar eru á árinu 1967, öðrum en síldar- og loðnuafurðum, svo sem fyrir er mælt í 7. gr.

Ríkissjóður greiði til sjóðsins 130 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Verði innstæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjár-

framlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Ella rennur innstæða þessi í ríkissjóð. Ríkissjóður ábyrgist, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar þær, sem á hann eru lagðar í 7. gr.

7. gr.

Sjóður sá, sem um ræðir í 6. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967, aðrar en síldar- og loðnuafurðir. Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verðlag, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verði verðfall á árinu 1967, er nemi meiru en 5% miðað við verðlag 1966, skuli verðbæturnar hækka til viðbótar um 2% af heildarverðlækkuninni fyrir hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%. Greiðsla verðbóta skal þó aldrei vera hærri en 75% af verðlækkun.

Skipta skal freðfiskframleiðslunni í nokkra meginflokka eftir fisktegundum, og skulu verðbætur reiknaðar af hverjum flokki fyrir sig. Um framkvæmd á greiðslum úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir reglum, er sjávarútvegsmálaráðherra setur.

8. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1967, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

9. gr.

Á árinu 1967 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

10. gr.

Í samráði við samtök framleiðenda og þær lánastofnanir, er sérstaklega starfa fyrir sjávarútveginn, lætur ríkisstjórnin fram fara athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Á grundvelli hennar verði gerðar tillögur, er miði að því að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, svo sem með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir. Allar tillögur um eftirgjafir á kröfum ríkissjóðs skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd til samþykktar. Heimilt er fjármálaráðherra að gefa eftir greiðslur stimpil- og þinglýsingagjalda vegna eigendaskipta, sem þurfa að eiga sér stað í sambandi við þessar aðgerðir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 16 16. apríl 1966, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Það hefur verið ljóst síðan á s. l. hausti, að mjög alvarleg viðhorf væru að skapast í sjávarútvegi landsmanna, og þá ekki sízt í freðfiskframleiðslunni, vegna mikils verðfalls á erlendum mörkuðum. Á vegum yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins hafa verið gerðar ýtarlegar athuganir á afkomu frystihúsanna og afkomuhorfum þeirra. Þessar athuganir sýna, að afkoma frystihúsanna var tiltölulega góð á árunum 1964 og 1965, einkum þó síðara árið, og miklu betri en hún hafði verið á árunum þar á undan. Stafaði þessi bætta afkoma bæði af hækkandi verð-

lagi erlendis og umbótum í rekstri. Áætlanir fyrir árið 1966 sýna hins vegar, að afkoman hefur versnað mikið á því ári. Kemur þar til hin mikla hækkun á fiskverði í ársbyrjun 1966, sem fiskiðnaðurinn tók á sig að um það bil tveimur þriðju hlutum, og aukinn tilkostnaður vegna launahækkana á árinu. Fyrir áhrifum fiskverðshækkunarinnar hafði að sjálfsögðu verið gert ráð, þegar fiskverð var ákveðið með samþykki fiskkaupenda í janúar 1966. Nú bættist það hins vegar við, að þorskafli minnkaði á árinu 1966, og frystihúsin fengu af þeim sökum minna hráefni en áður, og enn fremur að hin hagstæða verðlagsþróun snerist til hins verra, þegar kom fram á mitt árið. Um áramótin var talið, að verðið á frystum fiskafurðum væri orðið um 11% lægra en meðalverð ársins 1966 og frekari verðlækkanir væru framundan. Þessar niðurstöður sýndu, að frystiiðnaðurinn var ekki fær um að greiða hærra fiskverð á árinu 1967 en hann hafði gert á árinu 1966. Þær sýndu einnig, að frystiiðnaðurinn mundi ekki vera fær um að standa af eigin rammleik undir verðfallinu. Var því ljóst, að ekki yrði komizt hjá víðtækum ráðstöfunum af hálfu ríkisvaldsins, bæði til þess að tryggja eðlilega útgerð vélbáta til þorskveiða og einnig til þess að tryggja rekstur frystihúsanna.

Frá því að fiskverð var ákveðið í byrjun árs 1966 og þar til fiskverð var ákveðið nú í ársbyrjun 1967, hafði útgerðarkostnaður aukizt nokkuð og kjör sjómanna á þorskveiðum versnað í samanburði við aðrar sambærilegar starfsgreinar, þar sem þeir höfðu ekki notið verðlagsbóta á laun. Nauðsyn bar til, að fiskverð gæti hækkað til þess að jafna þann mismun, sem þannig hafði orðið á kjörum sjómanna á þorskveiðum og annarra starfsgreina, og einnig til þess að draga úr áhrifum hækkunar útgerðarkostnaðar. Áður en til ákvörðunar fiskverðsins kom, gaf ríkisstjórnin yfirnefnd verðlagsráðs til kynna, að hún væri reiðubúin að beita sér fyrir því, að greidd yrði á árinu 1967 8% viðbót á verð landaðs fisks, annars en síldar og loðnu. Með tilliti til þessarar yfirlýsingar ákvað yfirnefndin, að fiskverð skyldi standa óbreytt frá því, sem verið hafði á árinu 1966. Sú viðbót, sem ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir að greidd yrði, svarar um það bil til hækkunar kaupgreiðsluvísitölu frá því fiskverð var ákveðið í upphafi árs 1966, þar til það var ákveðið nú. Ætlunin er, að þessi viðbótargreiðsla skiptist þannig, að 5% viðbót verði greidd mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins. Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild Alþingis til þess að inna þessar greiðslur af hendi.

Eftir að fiskverð hafði verið ákveðið tók ríkisstjórnin upp viðræður við fulltrúa frystihúsaeigenda um aðgerðir til stuðnings frystihúsunum. Ríkisstjórnin taldi frá upphafi, að leita ætti lausnar á vandamálum frystihúsanna annars vegar í bættri uppbyggingu iðnaðarins og fjárhagslegri endurskipulagningu hans, en hins vegar í því, að byrðinni af verðfallinu væri að nokkru létt af frystihúsunum. Um þessi tvö atriði hafa viðræður ríkisstjórnarinnar og frystihúsanna snúizt að undanförnu, og hefur í þeim viðræðum náðst samkomulag um þær aðgerðir, sem þetta frumvarp felur í sér. Það samkomulag hafa Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og frystihús á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga síðan staðfest.

Í sérstöku fylgiskjali er nánari grein gerð fyrir hugmyndunum um endurskipulagningu hraðfrystiiðnaðarins, en í 10. gr. þessa frv. eru fyrirmæli um þær ráðstafanir, sem gerðar yrðu í þessu skyni. Felur sú grein í sér fyrirmæli um þær athuganir, sem fram þurfa að fara, og nauðsynlega heimild fyrir ríkisábyrgðasjóð til eftirgjafar á kröfum á frystihúsin með viðhlítandi skilyrðum.

Ákvæðin um aðstoð til frystihúsanna vegna verðfallsins er að finna í 6. og 7. gr. frumvarpsins. Er þar gert ráð fyrir, að stofnaður verði sérstakur sjóður í því skyni, að bæta frystihúsunum áhrif verðfallsins að verulegum hluta. Ætlazt er til, að sá sjóður, sem þannig yrði stofnaður, og fengi 130 m.kr. af tekjuafgangi ársins 1966 til ráðstöfunar, gæti orðið vísir að almennum verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Sveiflur á verðlagi erlendis hafa á undanförnum árum valdið fiskiðnaðinum og þjóðarbúinu í heild ýmsum erfiðleikum. Örar verðhækkanir hafa

ýtt undir hækkanir á kaupgjaldi og hráefnisverði, en þessir útgjaldaliðir lækka ekki aftur nema að litlu leyti, þótt verðlækkanir eigi sér stað erlendis. Jöfnun þessara verðsveiflna er því mikið hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn, sem mundi bæta þjóðfélagslega aðstöðu hans og gera rekstur hans og skipulagningu fram á við öruggari og betri. Augljóst er, að skipulag og starfsreglur sjóðs, er hefði það hlutverk að jafna slíkar sveiflur, verða ekki ákveðnar, nema að undanfarinni rækilegri athugun og rannsókn, þar sem bæði yrði kannað eðli þess vandamáls, sem hér er við að etja, og sú reynsla, sem fengizt hefur af sams konar starfsemi annars staðar í heiminum. Það er því ekki lagt til, að ákvörðun verði tekin um stofnun verðjöfnunarsjóðs með þessu frumvarpi. Aftur á móti er gert ráð fyrir, að sá sjóður, sem settur verði á laggirnar vegna verðfalls á frystum afurðum, geti orðið vísir að slíkum sjóði framvegis, ef ákveðið yrði að stofna hann að undangenginni nákvæmri athugun. Væri hægt að ljúka þeirri athugun fyrir haustið og setja löggjöf um sjóðinn á næsta þingi.

Meginlínurnar í starfsemi verðjöfnunarsjóðs mundu verða þær, að með innheimtum í hann og greiðslum úr honum yrðu að nokkru jafnaðar þær sveiflur, sem verða á heildarverðlagi þýðingarmikilla afurðaflokka á milli framleiðsluára. Við mat á verðbreytingum yrði miðað við meðaltalsverð sömu afurða á nokkrum undanförnum árum. Sé verð á ákveðnu ári fyrir ofan þetta meðaltal, sé innheimt í sjóðinn, en greitt úr honum, ef það er fyrir neðan. Verðjöfnunargreiðslurnar mundu að sjálfsögðu ekki geta orðið nema hluti af heildarverðbreytingunni og væntanlega ekki meira en um það bil helmingur hennar. Þetta mundi þýða, að verðlagsbreytingar fyrir fiskiðnaðinn sjálfan yrðu helmingi minni en nú á sér stað. Verðsveifluvandamálið er að sjálfsögðu ekki einskorðað við frystiiðnaðinn. Öll rök mæla með því, að starfsemi verðjöfnunarsjóðs yrði miklu víðtækari og næði bæði til frystingar, saltfiskverkunar og skreiðarverkunar og einnig til síldariðnaðarins. Einkum er það mikið hagsmunamál fyrir aðrar greinar sjávarútvegsins, að dregið sé úr þeim miklu sveiflum, sem verðlagsbreytingar á síldarafurðum valda. Á hinn bóginn er sjálfsagt, að sjóðurinn starfi í aðgreindum deildum fyrir hverja meginafurð.

Áætlað er, að þær ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, muni krefjast greiðslna, er nemi 130 m.kr. vegna framlags til verðjöfnunar frystra fiskafurða og 100 m.kr. vegna 8% viðbótar við fiskverðið. Ríkisstjórnin telur eðlilegt, að framlagið til verðjöfnunar verði greitt af tekjuafgangi ársins 1966, enda er þar um að ræða ráðstöfun á fé til stofnunar varanlegs sjóðs, svo framarlega sem um þetta verða sett lög síðar. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til að standa straum af greiðslum viðbótarinnar við fiskverðið, þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim greiðslum á fjárlögum ársins 1967. Augljóst er, að hækkun skatta í þessu skyni mundi ekki samræmast þeirri verðstöðvunarstefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu, og sem miklu máli skiptir, að beri sem fyllstan árangur. Er því nauðsynlegt, að útgjöld séu lækkuð sem hinum nýju greiðslum svarar. Er í þessu frumvarpi farið fram á heimild til þess að lækka greiðslur til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda annarra aðila á fjárlögum ársins 1967 um 10%. Er áætlaður sparnaður af þessu 65 m.kr. Þá er jafnframt farið fram á heimild til þess að lækka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 m.kr., en talið er, að greiðslur til sveitarfélaganna ættu á árinu 1966 að nema um 23 m.kr. hærri upphæð heldur en gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum ársins 1966. Þar sem sveitarfélögin njóta mjög góðs af árangri verðstöðvunarinnar í lækkun útgjalda frá því, sem ella hefði orðið, telur ríkisstjórnin sanngjarnt, að þau taki nokkurn þátt í þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja framgang þessarar stefnu. Er því hér gert ráð fyrir, að þau leggi í þessu skyni fram 20 m.kr. af þeim umframtekjum, sem þau ella hefðu fengið fyrir árið 1966. Þá er loks gert ráð fyrir, að í reynd muni

framlag til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 reynast 15 m.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Samtals nema þessar upphæðir 100 m.kr.

Undanfarin 3 ár hefur ríkissjóður greitt framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða, er nam 43 m.kr. árið 1964, 33 m.kr. árið 1965 og 50 m.kr. árið 1966. Einnig hefur ríkissjóður ráðstafað 22 m.kr. á árinu 1965, og 20 m.kr. á árinu 1966, til þess að greiða fiskseljendum viðbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þá hefur tvö s. l. ár verið heimild í lögum til þess að greiða 10 m.kr. til verðbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Augljóst er, að ekki muni fært að fella þessar greiðslur niður eins og aðstæður eru nú í sjávarútveginum. Var þetta þegar ljóst, þegar fjárlög voru undirbúin, og var í þeim gert ráð fyrir 80 m.kr. fjárveitingu til aðstoðar við sjávarútveginn, (16. gr. B, 15), án þess að nánara væri kveðið á um það, hvernig þessi upphæð skyldi skiptast. Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er m. a. ætlunin að setja nánari fyrirmæli um notkun þessa fjár. Er gert ráð fyrir, að upphæðin skiptist í aðalatriðum á sama hátt og á s. l. ári. Munu 50 m.kr. ganga til framleiðniaukningar frystihúsanna og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Þá er ætlunin að ráðstafa 20 m.kr. til greiðslu viðbótar við verð línu- og handfærafisks. Á hinn bóginn hefur ekki þótt rétt, eins og nú horfir við, að takmarka notkun 10 m.kr. af fjárveitingunni við skreiðarframleiðsluna eina. Í þess stað er lagt til, að heimilt sé að nota þessa upphæð til greiðslu verðbóta á útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem ráðherra setur. Mundi þá vera unnt að nota þessa upphæð til lausnar aðkallandi vandamála, sem upp kunna að koma í sambandi við einstakar afurðir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Heimild þessarar greinar tekur til viðbótar við það lágmarksverð á fiski, sem ákveðið var af yfirnefnd verðlagsráðsins þ. 9. janúar s. l., og enn fremur til þess lágmarksverðs á flatfiski, sem ákveðið verður síðar á árinu. Ákvæði þessarar greinar er hliðstætt ákvæði í 2. gr. laga nr. 1, 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., sem heimilaði ríkisstjórninni að greiða 6% viðbót við það fiskverð, sem ákveðið hafði verið með úrskurði yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar 1964.

Um 2. gr.

Þessi grein hefur að geyma ákvæði um ráðstafanir til að standa straum af þeim kostnaði, sem af greiðslu viðbótarinnar við fiskverðið leiðir. Er gert ráð fyrir, að þessi kostnaður sé um 100 m.kr. Lækkun greiðslna til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda um 10% mun lækka útgjöld ríkissjóðs um 65 m.kr. Í fjárlögum ársins 1966 var gert ráð fyrir, að greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mundu nema 162.8 m.kr. á árinu. Vegna meiri innflutnings og veltu á árinu má gera ráð fyrir, að þessi upphæð reynist um 186 m.kr., eða 23 m.kr. hærri en áætlað hafði verið og sveitarfélög höfðu gert ráð fyrir við undirbúning fjárhagsáætlana sinna. Hér er gert ráð fyrir, að 20 m.kr. af þessum umframtekjum gangi til greiðslu kostnaðar þess, sem af viðbótinni við fiskverðið leiðir. Eru þetta rúmlega 10% af heildargreiðslum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þá er gert ráð fyrir, að í reynd muni framlag til ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1967 reynast 15 m.kr. lægra en gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins (20. gr. Út II), eða 35 m.kr. í stað 50 m.kr. Samtals nema þessar upphæðir 100 m.kr.

Um 3. gr.

Á undanförnum tveimur árum hefur ríkissjóði verið heimilað að greiða 25 aura verðbætur á hvert kíló línu- og handfærafisks. Á árinu 1966 voru ætlaðar

í þessu skyni 20 m.kr., og hefur verið gert ráð fyrir sömu upphæð í fjárlögum yfirstandandi árs (16. gr. B, 15). Þar sem línu- og handfæraveiðar hafa reynzt nokkru minni en gert hafði verið ráð fyrir, hefur hin tiltekna upphæð, 20 m.kr., náð að greiða nokkru hærri verðbætur að meðaltali en 25 aura. Í þessu frumvarpi er því ekki gert ráð fyrir, að verðbæturnar séu tilteknar, heldur aðeins sú heildarupphæð, sem verja má í þessu skyni. Er gert ráð fyrir, að 30 aura verðbætur verði greiddar til maíloka, en síðan verði ákveðið, hversu miklu þær geti numið það, sem eftir er ársins.

Um 4. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. apríl 1966, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, greiðir ríkissjóður fiskseljendum á árinu 1966, 25 aura verðbætur á hvert kíló línu- og handfærafisks. Í athugasemdum við frumvarp til þessara laga, er lagt var fram á síðasta Alþingi, var gert ráð fyrir, að þessar verðbætur næmu allt að 20 m.kr. á árinu. Með því að sýnt þykir, að verðbæturnar muni nema lægri fjárhæð en upphaflega var gert ráð fyrir, og þar sem fram hafa komið eindregnar óskir um aukna aðstoð vegna erfiðleika línuútgerðar í landinu, er lagt til, að ríkisstjórninni sé heimilað að greiða viðbótarbætur á línufisk, veiddan frá 1. október til 31. desember 1966. Þessar verðbætur skulu nema þeirri fjárhæð, er afgangs verður af hinni áætluðu heildarfjárhæð, 20 m.kr., þegar fiskseljendum hafa verið greiddar verðbætur á línu- og handfærafisk, samkvæmt 1. gr. laga nr. 16 16. apríl 1966, þannig að heildarbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1966 fari ekki fram úr 20 m.kr. Bætur þessar verða reiknaðar út og jafnað niður á hvert kíló línufisks, er aflamagn línu- og handfærafisks á þessu tímabili liggur fyrir endanlega.

Um 5. gr.

Þessi grein er hliðstæð ákvæðum í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins á undanförnum tveimur árum, sem nauðsynlegt er að haldist í gildi.

Um 6. og 7. gr.

Í þessum greinum er að finna ákvæði um stofnun sjóðs til að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum og almennar reglur um greiðslu þeirra bóta. Er gert ráð fyrir, að bæturnar nái til allra frystra fiskafurða annarra en síldar- og loðnuafurða. Aftur á móti ná bæturnar ekki til annarra frystra afurða en fiskafurða, þar á meðal ekki til frysts humars og rækju. Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu, að sjóðurinn greiði 55% af verðfalli því, er verða kann á milli áranna 1966 og 1967. Sé verðfallið meira en 5%, hækka verðbæturnar um 2% fyrir hvert 1%, sem verðið lækkar umfram 5%. Þannig greiðast 65% við 10% verðfall, en 75% við 15% verðfall. Ekki er gert ráð fyrir, að frekari hækkun verðbóta eigi sér stað, þannig að 75% greiðist, hversu mikið sem verðið fellur umfram 15%. Verðbæturnar skulu reiknast eftir meginflokkum fisktegunda hverjum fyrir sig. Talið er, að meðalverðlag frystra fiskafurða hafi um s. l. áramót verið um 11% lægra en meðalverðlag ársins 1966. Ef áramótaverðlagið héldist óbreytt á árinu 1967, mundu greiðslur úr sjóðnum nema um 100 m. kr. Freðfiskframleiðendur telja hins vegar líkur til þess, að verðfallið reynist enn meira en þetta.

Um 8. gr.

Í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, sem sett hafa verið á undanförnum tveimur árum, hefur Stofnlánadeild sjávarútvegsins verið falið að úthluta fé til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeildin, sem var á vegum Seðlabanka Íslands, hefur nú verið sameinuð Fiskveiðasjóði Íslands. Á hinn bóginn þykir ekki rétt, að úthlutunin sé falin öðrum aðila en um hana hefur séð á undanförnum árum og bezta aðstöðu hefur til

þess að fylgjast með framleiðslu frystihúsanna. Er því hér lagt til, að úthlutunin sé falin Seðlabanka Íslands í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur. Upphæðin, sem úthluta skal, 50 millj. kr., er óbreytt frá árinu 1966, og er ráð fyrir henni gert í fjárlögum yfirstandandi árs (16. gr. B, 15).

Um 9. gr.

Á undanförnum tveimur árum hafa í lögum um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins verið heimildir til þess að greiða kr. 10 millj. til verðbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir þessari sömu upphæð innan marka þeirra kr. 80 millj., sem ætlaðar eru til aðstoðar við sjávarútveginn (16. gr. B, 15). Verðlag á skreið hefur nú breytzt mjög til hins betra í samanburði við aðrar sjávarafurðir. Þykir því ekki ástæða til að binda þessa upphæð við útflutta skreiðarframleiðslu. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að sérstök vandamál skapist í sambandi við útflutning vissra afurða. Þýðingarmikið er, að hægt sé að nota þessa upphæð til lausnar slíkum vandamálum. Er því gert ráð fyrir því í þessari grein, að heimilt sé að nota upphæðina til ótiltekinna verðbóta á útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Um 10. gr.

Í þessari grein er að finna ákvæði um aðgerðir til að bæta uppbyggingu freðfiskiðnaðarins og fjárhagslega skipulagningu hans. Nánari grein er gerð fyrir þeim hugmyndum, sem hér liggja til grundvallar, í sérstöku fylgiskjali.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Aðgerðir til endurskipulagningar hraðfrystiiðnaðarins.

Tilgangur.

Vandamál hraðfrystiiðnaðarins eru að öðrum þræði fólgin í skorti á samræmi á milli afkastagetu á hverjum stað og þess hráefnis, sem fyrir hendi er á staðnum mikinn hluta ársins, og jafnvel á öllum árstímum. Lagfæringar á þessu eru hugsanlegar annars vegar með aðgerðum, sem stuðla að auknu og jafnara framboði hráefnis, hins vegar með aðgerðum, sem miða að breytingu á uppbyggingu iðnaðarins, þ. e. sameiningu frystihúsa eða verkaskiptingu á milli þeirra. Þýðingarmikið er, að samhliða slíkum aðgerðum sé stuðlað að tæknilegum og rekstrarlegum umbótum innan fyrirtækjanna. Jafnframt þarf að gera ráðstafanir til þess að tryggja heilbrigðari fjárhagslega uppbyggingu iðnaðarins en nú er, þar sem óeðlilega miklar skuldir, skortur á eigin fé og lánsfé til langs tíma háir rekstri margra fyrirtækja, þrátt fyrir hagstæða afkomu á árunum 1964—1965.

Undirbúningur tillagna.

Fyrsta skrefið til þess að framkvæma lagfæringar af því tagi, sem hér að ofan er lýst, hlýtur að felast í rækilegri athugun á uppbyggingu og fjárhagsaðstæðum iðnaðarins. Þessi athugun ætti jafnframt að ná til ráðstafana til að auka framboð hráefnis og gera það jafnara, að svo miklu leyti sem sérstakar athuganir á þessu sviði, svo sem um endurnýjun togaraflotans, hefðu ekki beinlínis verið faldar öðrum. Athuguninni ætti að ljúka með undirbúningi tillagna um æskilegar skipulagsbreytingar. Sérfræðingar á sviði tækni, rekstrar og fjármála, sem sérstaka reynslu

hafa í fiskiðnaði, ættu að hafa framkvæmd athugunarinnar með höndum. Mundu þeir að sjálfsögðu njóta allrar tiltækrar sérfræðilegrar aðstoðar frá Fiskifélaginu, rannsóknarstofnunum sjávarútvegsins, Efnahagsstofnuninni o. s. frv. Þeir aðilar, sem að athuguninni stæðu, og endanlega mótuðu tillögur um endurskipulagninguna, þyrftu hins vegar að vera samtök hraðfrystihúseigenda sjálfra og þær lánastofnanir, sem einkum skipta við sjávarútveginn, svo sem Fiskveiðasjóður, Framkvæmdasjóður, Atvinnujöfnunarsjóður, Landsbankinn og Útvegsbankinn, svo og Ríkisábyrgðasjóður og fulltrúar ríkisvaldsins.

Framkvæmd.

Þegar þeirri athugun, sem að ofan er lýst, verður lokið, er komið að erfiðasta þættinum, framkvæmdinni. Til þess að af framkvæmd tillagna af þessu tagi geti orðið, þarf ýmsum skilyrðum að vera fullnægt. Í fyrsta lagi þurfa þau fyrirtæki, sem hlut eiga að máli, að hafa sannfærzt um, að framkvæmd tillagnanna stuðli að öflugum og fjárhagslega traustum frystihúsaiðnaði í landinu og sé jafnframt eðlileg og sanngjörn lausn á vandamálum einstakra fyrirtækja. Í öðru lagi þarf að vera séð fyrir allverulegu nýju fjármagni til þess að framkvæma þær breytingar á fyrirkomulagi og rekstri, sem nauðsynlegar reyndust. Í þriðja lagi þarf að vera kleift fyrir Ríkisábyrgðasjóð, og e. t. v. einnig Atvinnujöfnunarsjóð og Fiskimálasjóð, að gefa eftir skuldir, sem óhjákvæmilegt verður að afskrifa í sambandi við nauðsynlega skipulagsbreytingu. Viðskiptabankar og fjárfestingarlánasjóðir þyrftu jafnframt að geta lengt lán, fellt niður afborganir eða samið um lán að nýju að því leyti, sem þetta reyndist óhjákvæmilegur liður í þessum aðgerðum. Um leið og slík skuldauppgjöf eða lenging lána færi fram af hálfu opinberra sjóða og viðskiptabanka, þyrftu einkaaðilar, sem fyrirtækin skulda, einnig undir vissum kringumstæðum að gefa eftir skuldir, eða breyta þeim í hlutafé. Önnur hlutafjáraukning gæti einnig verið nauðsynleg og eðlileg.

Tímasetning.

Erfitt er um það að segja, hversu langan tíma sú athugun og sá undirbúningur tilagna, sem að framan er lýst, mundi taka, og enn erfiðara er að tímasetja framkvæmd tillagnanna. Nauðsynlegt er þó að setja sér ákveðin markmið í þessu efni. Athugunin ætti að hefjast sem allra fyrst, og henni ætti að ljúka innan nokkurra mánaða. Ætti þá að reynast unnt að ganga frá heildartillögum á grundvelli athugunarinnar fyrir lok þessa árs og hefja um leið framkvæmd tillagnanna. Á hinn bóginn er þýðingarmikið, að lánasjóðir og viðskiptabankar fari sem allra fyrst að miða aðgerðir sínar við þau markmið, sem athugunin beinist að, og hafi samráð við þá, sem að athuguninni standa, um lánveitingar sínar á þessu ári. Mætti í þessu skyni hraða sumum þáttum athugunarinnar og einnig beina henni í fyrstu að sérstökum stöðum, þar sem skjótra aðgerða er þörf. Með þessu móti gætu þær ráðstafanir, sem hér eru til umræðu, þegar farið að hafa nokkur áhrif á yfirstandandi ári, þótt þeirra gætti ekki að fullu fyrr en á árinu 1968 eða síðar. Þeim tilmælum verði beint til lánastofnana, að ekki verði gripið til innheimtuaðgerða gegn fyrirtækjum, á meðan athugun á fjárhag þeirra fer fram, enda séu ekki fyrir hendi sérstakar aðstæður, er geri slíkar aðgerðir nauðsynlegar.

Ed. 291. Lög [26. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 81.

Nd. 292. Breytingartillaga [20. mál]

við brtt. á þskj. 256 [Tekjustofnar sveitarfélaga].

Frá Benedikt Gröndal.

Í stað orðanna „Bætur almannatrygginga skulu“ komi: Ellilífeyrir og örorkubætur almannatrygginga skulu, þegar bótagreiðslur þessar nema 50% af nettótekjum bótaþega eða meira.

Ed. 293. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. desember 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir 5. málslið 1. málsgreinar 15. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í ríkisþjónustu í 15 ár eða lengur, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gildandi regla um ákvörðun elli- og makalífeyris fyrir menn, sem hætta í þjónustu ríkisins, áður en þeir koma á aldursmörk en láta iðgjöld sín standa inni, getur leitt til þess að lífeyrisréttur þeirra verði næsta lítils virði, ef launin hækka mjög stórkostlega frá því þeir fara úr þjónustu ríkisins og þar til þeir koma á aldursmörk. Það virðist ekki sanngjarnt, að lífeyrir þeirra verði miklu lægri en annarra manna með jafnlangan starfstíma, sem endar við aldursmörk. Breyting sú, sem hér er lagt til að gera, jafnar þetta misræmi að því er þá varðar, sem eiga verulegan starfstíma að baki í ríkisþjónustu. Hins vegar er ekki fært að láta regluna gilda fyrir stuttan starfstíma. Vegna verðtryggingar lífeyris úr þessum sjóði, mun enginn, sem getur notið hinna nýju réttinda, flytja réttindi úr þessum sjóði í óverðtryggðan sjóð. Til þess að takmarka ásókn um réttindaflutning úr óverðtryggðum sjóðum í þennan, verður að takmarka hin nýju réttindi við sjóðréttindi vegna starfs í ríkisþjónustu.

Ed. 294. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir 5. málslið 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í ríkisþjónustu í 15 ár eða lengur, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gildandi regla um ákvörðun elli- og makalífeyris fyrir menn, sem hætta í þjónustu ríkisins, áður en þeir koma á aldursmörk en láta iðgjöld sín standa inni, getur leitt til þess að lífeyrisréttur þeirra verði næsta lítils virði, ef launin hækka mjög stórkostlega frá því þeir fara úr þjónustu ríkisins og þar til þeir koma á aldursmörk. Það virðist ekki sanngjarnt, að lífeyrir þeirra verði miklu lægri en annarra manna með jafnlangan starfstíma, sem endar við aldursmörk. Breyting sú, sem hér er lagt til að gera, jafnar þetta misræmi að því er þá varðar, sem eiga verulegan starfstíma að baki í ríkisþjónustu. Hins vegar er ekki fært að láta regluna gilda fyrir stuttan starfstíma. Vegna verðtryggingar lífeyris úr þessum sjóði, mun enginn, sem getur notið hinna nýju réttinda, flytja réttindi úr þessum sjóði í óverðtryggðan sjóð. Til þess að takmarka ásókn um réttindaflutning úr óverðtryggðum sjóðum í þennan, verður að takmarka hin nýju réttindi við sjóðréttindi vegna starfs í ríkisþjónustu.

Nd. 295. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1) Í guðfræðideild 4, 2) í læknadeild 16, 3) í lagadeild 6, en sjötta embættið skal þó eigi veita, fyrr en fé er veitt til þess í fjárlögum, 4) í viðskiptadeild 4, 5) í heimspekideild 13, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., 6) í verkfræðideild 6.

2. gr.

Við 1. málsgr. 38. gr. bætist svofelld ákvæði:

Prófessorinn í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum veitir forstjórn fæðingardeild Landspítalans, og prófessorinn í röntgenfræði veitir forstjórn röntgendeild Landspítalans.

2. málsgr. 38. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 41 13. maí 1966, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun sex nýrra prófessorsembætta við Háskóla Íslands. Af þeim eru þrjú samkvæmt áætlun háskólaráðs frá árinu 1964, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, um fjölgun prófessorsembætta næsta áratuginn (prentuð sem fylgiskjal með frv. til laga um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, er lagt var fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi 1965/66, þskj. 214). Er þar um að ræða eitt embætti í læknadeild, eitt í lagadeild og eitt í viðskiptadeild. Þá er gert ráð fyrir breytingu tveggja núverandi dósentsembætta í læknadeild í prófessorsembætti, þ. e. annars vegar í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum, hins vegar í röntgenfræði. Er það í samræmi við tillögur háskólans (sbr. greinargerð með 10 ára áætluninni), og á breytingin ekki að hafa kostnaðarauka í för með sér eins og starfskjörum kennaranna er nú skipað. Loks er, einnig samkvæmt tillögum há-

skólaráðs, gert ráð fyrir stofnun nýs prófessorsembættis í verkfræðideild. Er hér um að ræða embætti prófessors í jarðeðlisfræði, og er ætlazt til, að hann veiti forstöðu rannsóknastofu þeirri í jarðeðlisfræði, sem þegar hefur verið komið á fót við Raunvísindastofnun Háskólans.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um, að prófessorarnir í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum og í röntgenfræði veiti forstjórn viðkomandi deildum við Landspítalann, en það er í samræmi við starfssvið núverandi dósenta í þessum greinum. Jafnframt er lagt til, að fellt verði úr lögum ákvæði um, að prófessorinn í eðlisfræði skuli jafnframt vera forstöðumaður rannsóknastofu til mælinga á geislavirkum efnum, er lúti verkfræðideild. Ákvæði þetta er efnislega niður fallið eftir tilkomu Raunvísindastofnunar Háskólans, sem annast m. a. rannsókn á geislavirkum efnum.

Nd. 296. Frumvarp til laga [151. mál]

um listamannalaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—1967.)

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun, skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig, að um tvo launaflokka sé að ræða, og séu launin í öðrum helmingi hærri en í hinum. Nefndin ákveður hæð launanna áður en tillögur eru gerðar um, hverjir skuli hljóta laun.

Nefndarmenn skulu gera heildartillögu um skiptingu þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er, og geta tveir eða fleiri þeirra sameinazt um flutning slíkrar tillögu.

Þegar þessar tillögur eru komnar fram, skal tekin ákvörðun um, hversu margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum, og ræður í því sambandi afl atkvæða. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um það, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Skulu nefndarmenn leynilega merkja við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var, að hljóta skyldu hærri launin. Er kjörseðillinn ógildur, ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin, sem flest atkvæði fá.

Síðan skal gerður annar kjörseðill með nöfnum þeirra, sem tillögur höfðu verið gerðar um, að hlytu lægri launin, og hinna, sem ekki hlutu hærri launin, og skal ákveðið með sama hætti og áður, hverjir hljóta lægri launin.

Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun, getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun, er séu hærri en laun í þeim tveim launaflokkum, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri, sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

3. gr.

Aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefnd þá, sem Alþingi kýs til þess að ákveða listamannalaun. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalags-

félaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðaðar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. apríl 1966 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktun um undirbúning löggjafar um listamannalaun:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna. Skal við það starf haft samráð við Bandalag íslenzkra listamanna.“

Alþingi hefur um langt skeið veitt árlega í fjárlögum nokkurt fé til þess að launa listamenn. Á undanförnum árum hefur þingkjörin nefnd úthlutað þessu fé. Aldrei hefur þó verið sett löggjöf um listamannalaunin og ekki skapazt fastar reglur um veitingu þeirra. Á undanförnum árum hafa af hálfu þingmanna verið flutt frumvörp um veitingu listamannalaunanna. Stjórnarfrumvarp hefur hins vegar ekki áður verið flutt um þetta efni.

Aðalatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Gert er ráð fyrir því, að Alþingi veiti árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Er annars vegar gert ráð fyrir því, að Alþingi veiti árlega tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun, svo sem tíðkazt hefur undanfarið, og hins vegar eina heildarupphæð, sem síðan skuli skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Það hefur háð störfum þingkjörnu nefndanna undanfarin ár, að þær hafa verið kosnar til aðeins eins árs í senn. Hér er gert ráð fyrir því, að nefndin verði kjörin að afloknum alþingiskosningum og starfi milli kosninga. Ætti það að auka öryggi og festu í störfum nefndarinnar.

2. Gert er ráð fyrir því, að um tvo launaflokka verði að ræða, og séu launin í öðrum flokknum helmingi hærri en í hinum. Undanfarið hafa launaflokkar verið fjórir.

3. Í upphafi árlegs starfs síns ákveður nefndin, hversu há launin skuli vera í hvorum flokknum. Síðan skulu nefndarmenn gera heildartillögu um skiptingu þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er. Þegar þessar tillögur eru komnar fram, skal tekin ákvörðun um, hversu margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum, og ræður í því sambandi afl atkvæða. Þá skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Er síðan kosið um það með leynilegri atkvæðagreiðslu í nefndinni, hvaða listamenn skuli hljóta hærri launin. Síðan skal gerður annar kjörseðill með nöfnum þeirra, sem tillögur höfðu verið gerðar um, að hlytu lægri launin, og hinna, sem ekki hlutu hærri launin, og síðan fara fram leynileg kosning með sama hætti um það, hverjir hljóta skuli lægri launin. Með þessu móti væri komið á það fastri skipun, hvernig ákvörðun er tekin um veitingu listamannalaunanna.

4. Aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefndina, sem Alþingi kýs til þess að ákveða listamannalaunin. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalagsfélaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðað-

ar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra. Með þessu móti fá fulltrúar listamanna vissa aðild að veitingu listamannalaunanna. Þeim er ekki fengið vald til veitingar launanna eða beinna áhrifa á hana. En það er mikilvægt fyrir listamennina og samtök þeirra að eiga rétt á að segja álit sitt á þeim tillögum, sem fram koma í nefndinni, áður en nefndarmenn ganga til atkvæða um þær.

Frumvarp þetta var sent stjórn Bandalags íslenzkra listamanna til athugunar, og hefur það verið rætt í stjórninni og öllum aðildarfélögum bandalagsins. Í viðræðum, sem menntamálaráðherra hefur átt við stjórn Bandalags íslenzkra listamanna, hefur komið í ljós, að innan bandalagsins er sérstakur áhugi á því að fá lögtekin ákvæði um sérstakt starfsstyrkjakerfi til handa listamönnum, samkvæmt umsóknum þeirra. Í framhaldi af því hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd til þess að athuga möguleika á að breyta núverandi listamannalaunum að nokkru leyti í starfsstyrki og verja auk þess til þeirra því fé, sem Alþingi kynni að veita til viðbótar í því skyni. Jafnframt verði athugað, með hverjum hætti væri unnt að samræma starfsemi sjóða, sem nú starfa á þessu sviði, starfsstyrkjakerfinu. Gert er ráð fyrir, að nefndin semji jafnframt frumdrög að reglum um úthlutun slíkra starfsstyrkja, og að Bandalag íslenzkra listamanna eigi fulltrúa í nefndinni.

Nd. 297. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá Skúla Guðmundssyni.

13. gr. falli burt.

Ed. 298. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er fylgifrumvarp með frv. til laga um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum, og er efni þess, að hækkaður skuli verðtollur á sjónvarpsviðtækjum og útvarpsviðtækjum úr 80% í 100%, en sú hækkun er talin sem næst jafngilda einkasölugjaldi því, sem Viðtækjaverzlun ríkisins hefur innheimt. Þar sem einkasölugjaldið hefur verið 30% af hljóðvarpsviðtækjum, en 15% af sjónvarpsviðtækjum, verður afleiðing af samþykkt þessa frv. sú, að sjónvarpsviðtæki munu hækka nokkuð í verði (um ca. 6%), en útvarpsviðtæki hins vegar lækka (um ca. 8%).

Við afgreiðslu frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum var gerð rækileg grein fyrir þeirri stefnu Alþýðubandalagsins, að fremur hefði átt að efla Viðtækjaverzlun ríkisins og gera hana aftur hæfa til að gegna hlutverki sínu en leggja hana niður, og í samræmi við þá skoðun greiddum við, þm. Alþýðubandalagsins, atkvæði gegn því frumvarpi. Þar sem hér er í raun um sama málið að ræða, mun ég því ekki veita þessu frv. stuðning.

Alþingi, 5. marz 1967.

Björn Jónsson.

Nd. 299. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Ed. 300. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Síðari málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum þeirra.

2. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1964 voru samþykkt lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Var um það full samstaða á Alþingi, að eðlilegt væri, að sjómannaskóli til fiskimannaprófs væri staðsettur þar.

Á hinn bóginn eru í lögunum ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja skuli greiða kostnað við stofnun og rekstur skólans. Um það atriði var ágreiningur. Þótti mörgum eðlilegt, að ríkið greiddi kostnað við skólann eins og við aðra þætti sjómannafræðslunnar, en notfærði sér ekki þann áhuga, sem fyrir skólanum er meðal Vestmanneyinga, til þess að koma kostnaðinum af honum yfir á þá eina.

Rekstur skólans hefur í för með sér tilfinnanlegan kostnað fyrir Vestmanneyinga. Telja má víst, að engum þyki eðlilegt, að einstök bæjarfélög taki að sér hluta af sjómannafræðslunni í landinu til frambúðar, þó að meiri hluti Alþingis teldi það eftir atvikum rétt í byrjun, meðan skólinn var að sanna sinn tilverurétt.

Nú þykir flutningsmanni rétt að kanna, hvort ekki sé orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi, að ríkið taki að sér kostnað af þessum skóla eins og öðrum þáttum sjómannafræðslunnar. Frumvarp þetta miðar að því, og eru ekki fólgnar í því aðrar breytingar á lögunum.

Nd. 301. Frumvarp til laga [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Þæfustein, Ásgrímsbúð og Hallsbæ fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við þrír alþm. Vesturlandskjördæmis frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja 4 jarðir til Neshrepps utan Ennis, og fylgdi frv. yfirlýsing frá ábúendum jarðanna um samþykki þeirra til, að Nesheppur fengi kauparétt á jörðunum. Í frv. því, sem við sömu þingmenn Vesturlandskjördæmis flytjum nú, er óskað eftir heimild fyrir ríkisstjórnina að selja enn fremur 5 jarðir eða grasbýli, sem ekki eru í ábúð, en íbúar á Hellissandi hafa fengið heimild til að nytja að einhverju leyti.

Kauptúnið Hellissandur er myndað á landi nokkurra smájarða í Neshreppi utan Ennis — og eru þær í tölu þeirra jarða, sem við flm. óskum að ríkisstjórninni verði heimilað að selja Neshreppi.

Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar í Neshreppi utan Ennis, þar sem heppsnefndin er sammála um það, að æskilegt sé, að einn aðili, sem sé hreppsfélagið, annist úthlutun á lóðum þeim, sem seldar eru á leigu fyrir íbúðarhús og aðrar byggingar á Hellissandi.

Fylgiskjal I.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur ytri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík ytri.

Tryggvi Eðvarðsson.

Fylgiskjal II.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur innri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík innri.

B. S. Benediktsson.

Fylgiskjal III.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Dyngju á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Dyngja.

Björgvin Alexandersson.

Fylgiskjal IV.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Klettsbúðar á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Klettsbúð.

Guðm. Einarsson.

Sþ. 302. Fyrirspurnir. [154. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hvað líður framkvæmd á þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 11. apríl 1962, um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins?

II. Til iðnaðarmálaráðherra um námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins.

Frá Einari Ágústssyni.

Hvenær má vænta þess, að námskeið þau fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins, sem ráðgerð eru í 2. mgr. 15. gr. laga um iðnfræðslu, geti hafizt?

III. Til félagsmálaráðherra um lánveitingar til húsnæðismála.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hvert er áætlað ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar á þessu ári?
2. Hve miklu af því fé hefur þegar verið ráðstafað með lánum eða lánsloforðum?
3. Hver er áætluð fjárþörf til eftirfarandi lánveitinga, sem ekki hefur enn verið fullnægt:
   a) Viðbótarlána vegna byrjunarlánveitinga í des.—jan. s. l.?
   b) Viðbótarlána vegna loforða um byrjunarlán, sem gefin hafa verið út, miðað við greiðslu eftir 15. apríl n. k.?
   c) Lána vegna annarra gildra umsókna um s. l. áramót, þ. e. vegna íbúða, sem ekki voru orðnar fokheldar um s. l. áramót, en gera má ráð fyrir að sjá þurfi fyrir lánsfé á þessu ári?
   d) Lána vegna þeirra umsókna um lán út á nýjar íbúðir, sem berast eiga húsnæðismálastjórn fyrir 15. marz n. k.?
   e) Hinna sérstöku viðbótarlána til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga?
   f) Lána til byggingar leiguíbúða sveitarfélaga og Öryrkjabandalags Íslands?
4. Hver er áætluð fjárþörf Framkvæmdanefndar byggingaáætlunar á þessu ári?
5. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert eða ákveðið að gera til útvegunar fjármagns til byggingaáætlunar, eða er það ef til vill ætlunin, að þeirri fjárþörf verði að mestu eða öllu leyti fullnægt með fé byggingasjóðs ríkisins, eins og gert hefur verið hingað til samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnarinnar?
6. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert eða hyggst hún gera til þess að afla byggingasjóði ríkisins fjár til íbúðalána á þessu ári?

Nd. 303. Lög [62. mál]

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

(Afgreidd frá Nd. 6. marz.)

Samhljóða þskj. 258.

Ed. 304. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Sama gildir um fólksbifreiðar í þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, enda komi til meðmæli hreppsnefnda í þeim sveitarfélögum, sem félagssvæðið nær til. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi fólksbifreiðarstjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 1/1966, um leigubifreiðar, er bæjarstjórn heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar í hlutaðeigandi kaupstað skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri.

Reynslan sýnir, að ástæða er til að rýmka ákvæði laganna, svo að þess sé kostur að láta þau taka til fleiri staða en nú er heimilt.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að samgöngumálaráðuneytinu sé heimilt að takmarka fjölda leigubifreiða til fólksflutninga í þeim kauptúnum, sem ásamt aðliggjandi hreppum hafa 700 íbúa eða fleiri, og að hreppsnefndum sé heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til fólksflutninga á hlutaðeigandi félagssvæði hafi afgreiðslu á bifreiðastöð, sem rekin er af stéttarfélagi bifreiðarstjóra.

Allir þingmenn Austurlandskjördæmis standa að flutningi þessa máls.

Sþ. 305. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1965.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölur þess saman við ríkisreikning ársins 1965. Eru tölurnar réttar, og leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. marz 1967.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Óskar E. Levy. Sverrir Hermannsson.
Halldór Ásgrímsson. Geir Gunnarsson. Matthías Bjarnason.
Halldór E. Sigurðsson. Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 306. Frumvarp til laga [7. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ahlfors, Maj-Lis Linnea, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Finnlandi 24. ágúst 1920.
2. Amin, Kantilal Chunibhai Naranbhai, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. í Kenya 27. marz 1939.
3. Andersen, Aira Karina, húsmóðir á Eyrarbakka, fædd í Finnlandi 8. júlí 1941.
4. Bird, Björg Sveinsdóttir, hjúkrunarkona og ljósmóðir í Reykjavík, fædd á Íslandi 14. júlí 1899.
5. Bohnsack, Gralf Onno Franz, gleraugnasérfræðingur á Akureyri, f. í Þýzkalandi 3. desember 1936.
6. Briem, Ekaterina Ivanovna, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rússlandi 7. janúar 1936.
7. Desai, Kushendra Jayantilal, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Indlandi 10. júlí 1941.
8. Garveda, Anna, nunna í Hafnarfirði, fædd í Póllandi 21. febrúar 1902.
9. Gillert, Kristín, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 27. febrúar 1939.
10. Goodall, Alexander Littlejohn, iðnverkamaður í Reykjavík, fæddur í Skotlandi 22. marz 1930.
11. Guðmundur Guðlaugsson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi 24. október 1900. Fær réttinn 25. júní 1967.
12. Gusik, Luzia Martha Therecia, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 13. desember 1901.
13. Hansen, Dagmar Johanne Pauline, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 18. maí 1925.
14. Heaney, Ann Patricia, barn í Reykjavík, fædd í Líbýu 8. júní 1965.
15. Heaney, Charles William, barn í Reykjavík, fæddur í Líbýu 2. júní 1964.
16. Holm, Caspar Peter verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. marz 1911.

17. Jacobsen, Elsebeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Færeyjum 27. október 1933.
18. Jensen, Kaj Erik, prentmyndasmiður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. apríl 1929.
19. Kahn, Elisha Eliezer, kerfisfræðingur við gatspjaldakerfi í Kópavogi, f. í Palestínu 23. janúar 1941.
20. Kvist, Jörn Andersen, pípulagningamaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 29. nóvember 1940.
21. Kyvik, Hans Jakob, verkamaður í Garðahreppi, f. í Bandaríkjunum 23. maí 1928.
22. Libnau, Karl Bernhard, trésmiður í Kópavogi, f. í Danmörku 3. febrúar 1911.
23. Libnau, Kristín Valgerður Jóhanna Kristjánsdóttir, húsmóðir í Kópavogi, f. á Gileyri í Tálknafirði 26. júní 1916.
24. Mai, Anna Ingeborg, hjúkrunarkona á Kristneshæli, f. í Þýzkalandi 12. okt. 1924. Öðlist ríkisborgararétt 1. sept. 1967.
25. Marcher, Egon Thygesen, sjómaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 2. desember 1945.
26. Meyer, Irmgard Antonia, húsmóðir í Kópavogi, fædd í Þýzkalandi 14. marz 1926. Fær réttinn 11. apríl 1967.
27. Mäklin, Urpo Matti, vélvirki í Reykjavík, f. í Finnlandi 11. nóv. 1929.
28. Norheim, Egil, auglýsingastjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi 27. september 1942.
29. Olsen, Per Nörgaard, garðyrkjumaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku 20. janúar 1942.
30. Olson, Evert William, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 24. okt. 1925.
31. Prenzlow, Eva Maria, fædd Ritzhaupt, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 9. febr. 1928.
32. Prenzlow, Günther Georg, myndasmiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. marz 1928.
33. Rasmussen, Grethe Bögelund, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Danmörku 31. marz 1937.
34. Rasmussen, Hans, stýrimaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 27. júlí 1924.
35. Reichel, Bothilde Erna, húsmóðir í Hveragerði, f. í Þýzkalandi 6. ágúst 1936.
36. Samper, Baltasar Bascomte, listmálari í Kópavogi, fæddur á Spáni 12. janúar 1938.
37. Sawamura, Soffía Mitchiko, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 8. maí 1960.
38. Sawamura, Sylvía Bergljót, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 22. febrúar 1963.
39. Sawitzky, Karl Max Friedrich, matsveinn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 24. apríl 1920.
40. Sommer, Ingrid Frieda Erika, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 20. júní 1937.
41. Sramová, Olga Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 25. ágúst 1937.
42. Ström, Hans Karl, vélstjóri á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1924.
43. Svendsen, Sonja Marie, húsmóðir í Grenivík, fædd í Noregi 9. júlí 1936.
44. Thiesen, Ursula Barbel Regina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. júlí 1937.
45. Wallmann, Angelika, hárgreiðslukona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júní 1947.
46. Whittaker, Guðmunda Halldóra Ólafsdóttir, skrifstofukona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 16. jan. 1915.
47. Wilhelmsen, Sigrun, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 27. júní 1940.
48. Willems, Angela Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi. 6. október 1904.
49. Zaghloul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, f. í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
50. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 307. Breytingartillaga [22. mál]

við frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Stefnt skal að því í jöfnum áföngum á fjórum árum, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Við útreikning á námskostnaði ber að taka tillit til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

Nd. 308. Frumvarp til laga [156. mál]

um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landspildu úr landi Grenivíkur, allt að 7 ha. að stærð, sem verði athafnasvæði fyrir nýja höfn á Grenivík.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um verð hins selda lands, skal það ákvarðað af 2 dómkvöddum mönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á vegum hreppsnefndar og hafnarnefndar Grýtubakkahrepps er unnið að hafnarbótum við Grenivík.

Á sameiginlegum fundi þessara aðila 11. febr. s. l. var samþykkt með öllum atkvæðum tillaga um að óska eftir því, að flutt yrði frumvarp til laga um, að ríkisstjórn Íslands fái heimild til að selja hafnarsjóði Grýtubakkahrepps landsvæði úr landi ríkisjarðarinnar Grenivíkur til að vera athafnasvæði fyrir hina nýju höfn. Stærð og lega landsins fari eftir samkomulagi fyrrnefndra aðila.

Á grundvelli þessarar tillögu hefur verið markað inn á uppdrátt af Grenivík svæði það, sem hreppsnefnd og hafnarnefnd fara fram á að fá keypt, og mun stærð þess vera um 7 ha.

Nd. 309. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um listamannalaun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. marz 1967.

Benedikt Gröndal, form. Axel Jónsson, fundaskr., frsm. Ingvar Gíslason. Guðl. Gíslason.
Gunnar Gíslason. Einar Olgeirsson. Sigurvin Einarsson.

Ed. 310. Nefndarálit [75. mál]

um frv. til l. um breyt á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.
Einn nm., JÞ, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 8. marz 1967.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson.
Karl Kristjánsson. Gils Guðmundsson. Páll Þorsteinsson.

Sþ. 311. Nefndarálit [67. mál]

um till. til þál. um bætta aðbúð og læknaþjónustu fyrir síldarsjómenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt till. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og viðkomandi sveitarfélög, að stofnsettar verði og starfræktar sjómannastofur á síldveiðihöfnum á Austurlandi og á stærri fiskihöfnum annars staðar, þar sem þörfin er mest vegna aðkomusjómanna.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um bætta aðbúð sjómanna.

Alþingi, 7. marz 1967.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm. Matthías Bjarnason, fundaskr. Axel Jónsson.
Einar Ágústsson. Ragnar Arnalds. Pétur Sigurðsson. Gísli Guðmundsson.

Ed. **312. Nefndarálit** [147. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir teljum, að gera þurfi á því breytingar.

Árið 1966 var erfitt ár frystihúsarekstrinum í landinu. Á því ári mun hafa orðið verulegur halli á rekstri þeirra flestra, eftir þokkalega afkomu næstu ár á undan. Orsaka þessarar breytingar er ekki að leita í verðfalli á erlendum mörkuðum, því að það kom ekki til fyrr en á seinni hluta ársins og vó ekki upp þær verðhækkanir, sem orðið höfðu á fyrri hluta þess. Meðalverð ársins mun því hafa orðið hagstæðara en nokkurs annars árs á undan. Um þetta segir svo í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs frá nóvember s. l.: „Áætla má, að meðalverð útfluttra þorskafurða á árinu 1966 muni verða nálægt 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða um 5% hærra."

Með þessu skal ekki gert lítið úr þeim erfiðleikum, sem verðfallið kann að valda á þessu ári, ef ekki rætist úr, en það sýnir ótvírætt, að það er ekki orsök þeirra breytinga, sem orðnar eru á afkomu þessarar atvinnugreinar. Orsakir hennar eru fyrst og fremst tvær: Annars vegar stórfelldar hækkanir tilkostnaðar innanlands af völdum verðbólgunnar og hins vegar minnkandi hráefnismagn vegna hnignunar vélbáta- og togaraútgerðarinnar.

Stuðningur sá, sem frv. þetta gerir ráð fyrir til útgerðarinnar og frystihúsanna, er sjálfsagt óhjákvæmilegur til að forða stöðvun þessara undirstöðuatvinnugreina á næstu mánuðum, en hann leysir engan vanda til frambúðar. Til þess þarf að komast að kjarna málanna.

Það, sem nú þarf í þessum málum, eru ný vinnubrögð, — markviss vinnubrögð og markviss stefna.

1. Gera verður ákveðnar ráðstafanir til eflingar bátaútgerð á þorskveiðar, jafnframt skipulegum aðgerðum til nýtingar miðanna og verndar stofnunum. Heildarskipulag sóknarinnar á miðin ásamt bættum tæknibúnaði við þorskveiðar er brýn nauðsyn.
2. Halda verður áfram sókn á djúpmið og fjarlæg mið, og í því skyni verður að vinda bráðan bug að undirbúningi að endurnýjun togaraflotans.
3. Auka verður hagræðingu í fiskiðnaðinum, m. a. með tilliti til þess að bæta móttöku- og geymsluskilyrði hráefnisins til að jafna vinnu milli daga og koma á reglulegri vinnubrögðum, og til þessa þarf að tryggja þessari atvinnugrein næg og hagkvæm lán.
4. Hætta verður óeðlilegum álögum á þessar atvinnugreinar, lækka vextina, lækka útflutningsgjöldin, rafmagnsverðið, hafnargjöld o. fl., veita skattaívilnanir, hætta að skattleggja tapið og auka afurðalánin til þess að gera fyrirtækjunum kleift að stunda starfsemi sína með eðlilegum hætti.
5. Endurskoða reglur um aflatryggingasjóð í því skyni, að vélbátaflotinn á þorskveiðum haldi sínu, og iðgjaldasjóð með aukna hagkvæmni í tryggingum fyrir augum.

Það verður að kryfja vandamál þessa atvinnuvegar til mergjar eins og raunar annarra, marka stefnu framtíðarinnar og hefja markvissar aðgerðir. Sífelldir árlegir „viðreisnaraukar" leysa engan vanda, þó að þeir kunni að geta komið í veg fyrir algera stöðvun í bili.

Við framsóknarmenn höfum að undanförnu flutt ýmsar tillögur og frumvörp í þessa stefnu og munum halda þeirri viðleitni okkar áfram, en sjáum eftir atvikum ekki ástæðu til að flytja þau mál sem breytingartillögur við þetta frv.

Frv. gerir ráð fyrir, að fjár til þeirrar hækkunar á fiskverði, sem það gerir ráð fyrir, verði aflað með því að rýra framkvæmdafé á fjárlögum, sem samþykkt voru fyrir rúmum tveim mánuðum, um tíunda hluta og klípa af sveitarfélögunum 20 millj. kr., sem þeim ber samkv. lögum. Á þetta getum við ekki fallizt. Ríkissjóður hefur þegar tekið af landsmönnum það fé, sem til þessa þarf, og meira til. Á s. l. ári fóru tekjur ríkissjóðs stórlega fram úr áætlun og munu hafa numið hátt í milljarð meira en fjárlög gerðu ráð fyrir, og þrátt fyrir miklar umframgreiðslur til hinnar margvíslegustu eyðslu er talið, að greiðsluafgangur ársins 1966 muni hafa skipt mörgum hundruðum milljóna króna. Teljum við því einsýnt, að taka beri þær 85 millj. kr., sem hér er um að ræða, af því fé. Fyrsta brtt. okkar lýtur að þessu.

Það hefur komið fram við meðferð þessa máls í nefnd, að því fé, sem veitt hefur verið á undanförnum árum til framleiðniaukningar í frystihúsum og gert er ráð fyrir að halda áfram að veita samkv. 8. gr. þessa frv. og almennt er nefnt hagræðingarfé, sé úthlutað til frystihúsanna í beinu hlutfalli við framleiðsluverðmæti þeirra án tillits til þeirra breytinga, sem orðið hafa eða verða kunna á framleiðnistigi þeirra. Við höfum einlægan áhuga fyrir sérhverri viðleitni til framleiðniaukningar og hagræðingar, en teljum það ekki til framdráttar slíkri viðleitni að nefna verðuppbætur á freðfisk „hagræðingarfé“ eða fé „til framleiðniaukningar“. Við teljum, að nefna beri hlutina réttum nöfnum, og flytjum brtt. um það.

Seinasta brtt. okkar miðar að því að gera þau ákvæði, sem felast í 10. gr. og lúta að eftirgjöfum á fjárkröfum á hendur frystihúsanna, skýrari. Við teljum fráleitt að takmarka þær eftirgjafir við þá eina, sem Ríkisábyrgðasjóður á kröfur á, en þannig virðist okkur að skilja megi ákvæði greinarinnar eins og þau eru í frv. Við leggjum til, að þessu verði breytt þannig, að skýlaust sé, að heimildin nái einnig til annarra opinberra sjóða.

Með tilliti til þessa leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Til að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 85 milljónum króna af greiðsluafgangi ársins 1966.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1967, sem úthluta skal til frystihúsa í hlutfalli við framleiðslu þeirra af frystum fiskafurðum. Seðlabanki Íslands úthlutar þessu fé í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.
3. Við 10. gr. 3. málsl. greinarinnar orðist svo:
   Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Fiskveiðasjóði Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands og öðrum opinberum lánasjóðum ásamt Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir.

Alþingi, 8. marz 1967.

Helgi Bergs, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 313. Þingsályktun [59. mál]

um öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar.

(Afgreidd frá Sþ. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 65.

Sþ. 314. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

varðandi íhlutun ríkisstjórnarinnar um dagskrá Ríkisútvarpsins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir því áliti sínu, að ríkisstjórninni og einstökum ráðherrum sé óheimil íhlutun um dagskrá Ríkisútvarpsins og að útvarpsráði beri skylda til að sjá svo um, að tilraunir, sem gerðar kunna að vera til slíkrar íhlutunar, beri ekki árangur.

Greinargerð.

Atburðir þeir, sem gerzt hafa í sambandi við þá ákvörðun meiri hluta útvarpsráðs að fresta fyrst flutningi þáttarins „Þjóðlíf", sem fjallaði um heilbrigðismál, eftir íhlutun heilbrigðismálaráðherra og síðan um að fella þáttinn alveg niður úr dagskránni, eru þannig vaxnir, að brýna nauðsyn ber til að dómi flutningsmanna, að Alþingi láti skoðun sína ótvírætt í ljós um það, hver afstaða ríkisstjórnarinnar á að vera til útvarpsdagskrárinnar.

Ýmislegt fleira hefur gerzt undanfarið í sambandi við dagskrá útvarpsins, sem gefur tilefni til þess, að Alþingi fjalli um þessi efni og sérstaklega afstöðu ríkisstjórnarinnar til Ríkisútvarpsins annars vegar og rétt stjórnarandstöðunnar og hins almenna borgara hins vegar.

Nánar í framsögu.

Ed. 315. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir og á að forða því um nokkurra mánaða skeið, að þorskveiðar stöðvist og hraðfrystiiðnaður leggist með öllu niður, er talandi tákn um ófarnað þeirrar stjórnarstefnu, sem fylgt hefur verið á undanförnum árum. Sú ríkisstjórn, sem hét því í upphafi ferils síns að hafa hemil á verðbólgunni, afnema styrki og uppbætur og tryggja góða afkomu útflutningsatvinnuveganna, stendur nú frammi fyrir þeirri staðreynd, að allt hefur þetta mistekizt. Ekki stafa ófarirnar af erfiðu árferði eða sérstökum áföllum, heldur eingöngu af hinu, að stefnan var háskaleg og röng. Skýringin á því, hversu lengi viðreisnarfleytan hefur getað flotið, er sú, að við höfum nú um hríð búið við eindæma árgæzku. Aflafenguinn, einkum á síldveiðum, hefur verið með ólíkindum, og verð útflutningsafurðanna á erlendum mörkuðum hækkaði stöðugt, allt fram á síðasta ár. Sumar helztu sjávarafurðir okkar hafa á valdatímabili núverandi ríkisstjórnar allt að því tvöfaldazt í verði. Og þrátt fyrir nokkra verðlækkun á sjávarafurðum síðastliðið haust er söluverð þeirra hærra en oftast áður og miklu hærra en fyrir sjö árum. En stöðvun verðhækkana og nokkur verðlækkun frá toppverði er útgerð og fiskiðnaði svo þungt í skauti, að grípa þarf til stórfelldra styrkja og uppbóta, eigi ekki allt að reka í strand. Segja þó allir þeir aðilar, sem þessa stuðnings eiga að njóta, að hann sé alls kostar ófullnægjandi og einungis takmörkuð stundarfró. Þannig er að einum mikilvægasta þætti sjávarútvegs búið eftir sjö ára viðreisn. Núverandi ríkisstjórn hefur fengið upp í hendurnar einstætt tækifæri til að treysta og efla undirstöðuatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveg og fiskiðnað. En í stað þess að snúa sér á skipulegan hátt að þessu verkefni var kylfa látin ráða kasti, blind gróðasjónarmið fengu að segja til um það, hvert fjármagnið rann og vinnuaflið leitaði. Hér hefur frelsi auðmagnsins,

lögmál stundar-gróðavonar, fengið að vera einrátt. Vissulega hefur á undanförnum árum miklu fé verið varið til framkvæmda í sjávarútvegi, einkum að því er varðar síldarskip og síldarverksmiðjur, en einnig frystihús og aðrar fiskvinnslustöðvar. En allt hefur þetta verið skipulagslaust og meira undir hendingu komið en skynsamlegri yfirsýn og rökvíslegum ákvörðunum með hliðsjón af almannahag eða þjóðarnauðsyn.

Afleiðing þessa algera skipulagsleysis er meðal annars sú, að til eru þeir útgerðarstaðir, þar sem fiskvinnslustöðvar eru jafnmargar og bátarnir, sem eiga að afla hráefnisins, og geta þó sumar þessara vinnslustöðva tekið við fiski af mörgum bátum.

En með þessu er ekki sagt nema brot af sögunni um það, hvert aflafé þjóðarinnar hefur leitað á undanförnum árum. Bróðurparturinn af þeim miklu fjármunum, sem sjómenn og verkamenn hafa aflað með hörðu striti og lengri vinnutíma en þekkist í nokkru nálægu landi, hefur farið til annars en að byggja upp sjávarútveg og fiskiðnað. Peningarnir hafa fyrst og fremst leitað þangað, sem gróðavonin var talin mest. Verzlun og viðskipti og hvers konar þjónustustörf eru þar fremst á blaði. Hallir kaupsýslumanna í Reykjavík og öll bankamusterin eru veglegustu minnisvarðar viðreisnarinnar. Ofboðsleg fjölgun þeirra, sem lifa á því að selja náunganum varning af einhverju tagi, er með ólíkindum. Til þessa hefur fjármagnið streymt í þungum og vaxandi straumi. Þúsundir manna hafa bætzt í þann hóp, sem stundar verzlun, viðskipti og þjónustustörf af ýmsu tagi, á sama tíma sem fólki í framleiðsluatvinnuvegunum fækkar, enda eru þeir févana og meira og minna lamaðir, ýmist fyrir afskiptaleysi ríkisvaldsins eða beinar stjórnarvaldaaðgerðir. Á þessum tímum góðæris, sjö veltiárum, hefur togurum í rekstri fækkað úr rúmum 40 skipum í 20 skip og þau fáu, sem eftir eru, í þann veginn að leggja upp laupana. Engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að endurnýja togaraflotann og hagnýta þá miklu tækniþróun, sem orðið hefur á því sviði með öðrum fiskveiðiþjóðum. Tillögum og frumvörpum okkar Alþýðubandalagsmanna um slíka endurnýjun, sem við höfum flutt þing eftir þing, er enginn gaumur gefinn. Þar er talað fyrir daufum eyrum. Vélbátum af minni gerð, skipunum, sem tryggðu vinnslustöðvunum hráefni, hefur fækkað og rekstrargrundvöllur þeirra, sem eftir eru, bókstaflega enginn. Þar er allt að komast eða komið í þrot.

Frumvarp það, sem hér er á ferðinni, markar því miður enga stefnubreytingu. Það er aðeins fátækleg bót á gamalt og slitið fat. Eigi okkur Íslendingum að takast að halda hér uppi góðum lífskjörum og búa við atvinnuöryggi á komandi tímum, verður að taka upp algerlega nýja stefnu gagnvart undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar og þá alveg sérstaklega sjávarútvegi og fiskiðnaði. Með skipulegu átaki verður að endurnýja fiskiskipaflotann. Stóraukin hráefnisöflun er eina varanlega lausnin á vanda hraðfrystiiðnaðarins.

Meðan engu öðru og haldbetra er til að tjalda en þeim ráðstöfunum, sem lagt er til að gerðar verði með þessu frumvarpi, teljum við Alþýðubandalagsmenn ekki rétt að standa gegn þeim. En við leggjum áherzlu á, að þetta eru einungis bráðabirgðaúrræði, sem hrökkva ákaflega skammt.

Að því er varðar tekjuöflunarleiðir frumvarpsins, lýsum við því yfir, að við teljum fráleitt að skerða hið nauma ríkisframlag til verklegra framkvæmda hins opinbera, jafnt ríkis sem sveitarfélaga. Það er staðreynd, að hlutur opinberra aðila í heildarfjárfestingu hefur farið hlutfallslega minnkandi á undanförnum árum. Aukin fjárfesting í landinu hefur fyrst og fremst verið á vegum einkaaðila. Meðan slík fjárfesting er algerlega ótakmörkuð og skipulagslaus, virðist ekkert réttlæta það, að bráðnauðsynlegar opinberar framkvæmdir séu látnar sitja á hakanum.

Vitað er, að ríkistekjurnar árið 1966 hafa farið um það bil 800 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga. Enda þótt útgjöld hafi orðið fullum 300 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir, ætti greiðsluafgangur að vera milli 400 og 500 millj. kr. Þessa fjárhæð má því segja að ríkið hafi tekið til sín umfram brýnar þarfir, og er bróður-

hlutinn beint og óbeint frá sjávarútvegi og fiskiðnaði kominn. Við leggjum þess vegna til, að í stað niðurskurðar verklegra framkvæmda um 65 millj. kr. á þessu ári og 20 millj. kr. skerðingar á framlagi til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, verði það fé, sem þar um ræðir, tekið af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1966. Í samræmi við þessa afstöðu flytur undirritaður breytingartillögu við 2. gr. frv.

Alþingi, 8. marz 1967.

Gils Guðmundsson.

Ed. 316. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 85 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1966.

Nd. 317. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn nr. 22 frá 26. apríl 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir VI. kafla laganna komi nýr VII. kafli, 36.—40. gr., og breytist greinatala laganna samkvæmt því.

VII. KAFLI

36. grein. Greiðsla til íslenzkra rithöfunda fyrir bækur þeirra í almenningsbókasöfnum skal goldin árlega úr sjóði, sem nefnist Rithöfundasjóður Íslands.

Árlegt framlag ríkissjóðs og bæjar-, sveitar- og sýslusjóða til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera:

a) **úr ríkissjóði:** Fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna.
b) **úr bæjar-, sveitar- og sýslusjóðum:** Fjárhæð, sem nemur 10% álagi á árleg lágmarksframlög þessara sjóða til safna skv. a-lið, sbr. I. og II. kafla þessara laga.

Greiðsla til þýðenda, sem eru í Rithöfundasambandi Íslands eða stjórn Rithöfundasjóðs Íslands viðurkennir, skal vera helmingur af greiðslu fyrir frumsamdar bækur.

Greiðsla fyrir safnrit eða önnur bókmenntaverk, sem eru eftir fleiri en einn höfund, svo og fyrir rit, sem njóta höfundaréttar, en ekki finnst rétthafi að innan þriggja ára, skal leggjast í sérstakan sjóð, sbr. 38. gr. Í þann sjóð skal og renna það höfundafé, sem ekki nemur fullum 300 krónum.

37. gr. Stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum skal falin þremur mönnum, tveimur kjörnum af stjórn Rithöfundasambands Íslands og einum skipuðum af menntamálaráðuneytinu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Starfstímabil stjórnarinnar skal vera þrjú ár. Ef stjórnarmaður andast eða forföll bera að hendi, skal kjósa mann í hans stað.

Stjórnarlaun og annar kostnaður greiðist af óskiptu fé sjóðsins.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

38. grein. Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum eins og hér segir: 60% af tekjum sjóðsins greiðist árlega íslenzkum höfundum, ekkjum þeirra, ekklum eða niðjum, sem höfundarétt hafa öðlazt, samkvæmt skýrslum um eintakafjölda þeirra í söfnum, 40% leggist í sérstakan sjóð, svo og fé skv. 36. gr. 4. málsgr., sem verði m. a. varið til bókmenntaverðlauna, starfsstyrkja rithöfunda, svo og til styrktar ekkjum, ekklum og niðum látinna höfunda, séu ríkar ástæður til að dómi sjóðstjórnar. Þó getur stjórn Rithöfundasjóðsins, að höfðu samráði við stjórn Rithöfundasambands Íslands, ákveðið, að allar tekjur Rithöfundasjóðsins skuli þrjú fyrstu árin eftir að lög þessi koma til framkvæmda, renna í síðarnefnda sjóðinn.

Öll framlög úr sjóðnum skulu vera undanþegin aðför skuldheimtumanna.

39. grein. Nánar skal ákveðið um framkvæmd samkvæmt þessum kafla með reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

40. grein. Þar til gagnkvæmar höfundagreiðslur vegna afnota í bókasöfnum innan Norðurlanda verða lögteknar, er heimilt, ef sérstök fjárveiting er til þess veitt í fjárlögum, að veita rithöfundum styrki árlega til dvalar í öðru norrænu landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1968. Stjórn Rithöfundasjóðs Íslands skal þó skipuð, þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, og skal hún undirbúa fyrstu úthlutun úr sjóðnum, sem fara skal fram 1968, en miðast við skýrslur um árið 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fram að þessu hafa höfundar og þýðendur bóka enga greiðslu fengið vegna höfundaréttar, þótt bækur þeirra séu lánaðar til lestrar úr almenningsbókasöfnum.

Frumvarpi þessu er ætlað að bæta hér úr, og er gert ráð fyrir, að stofnaður verði Rithöfundasjóður Íslands. Tekjur sjóðsins skulu vera 10% álag á árlega fjárveitingu í fjárlögum til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna og 10% álag á lágmarksframlög bæjar-, sveitar- og sýslusjóða til sömu safna. Miðað við árið 1967 mundu greiðslur þessar til sjóðsins verða sem hér segir:

Frá ríkissjóði	kr. 400 000.00
Frá bæjar-, sveitarsjóðum og sýslusjóðum	— 521 470.00
Samtals	kr. 921 470.00

Stjórn Rithöfundasjóðs Íslands skipa þrír menn: einn frá menntamálaráðuneytinu og tveir kjörnir af stjórn Rithöfundasambands Íslands. Starfstímabil sjóðstjórnarinnar er þrjú ár, og skiptir hún sjálf með sér verkum.

Sjóðstjórnin úthlutar 60% af tekjum sjóðsins til íslenzkra eigenda höfundaréttar, miðað við eintakafjölda af bókum þeirra í almenningsbókasöfnum samkvæmt skýrslum safnanna, en 40% teknanna leggjast í sérstakan sjóð, sem verði m. a. varið til bókmenntaverðlauna, starfsstyrkja til rithöfunda o. fl. Greiðslur fyrir safnrit, svo og rit, sem njóta höfundaréttar, en ekki finnst rétthafi að innan þriggja ára, skulu enn fremur renna í þennan sjóð. Enn fremur getur stjórn Rithöfundasjóðsins, að höfðu samráði við stjórn Rithöfundasambands Íslands, ákveðið, að allar tekjur Rithöfundasjóðsins skuli renna í síðarnefnda sjóðinn fyrstu þrjú árin eftir að lögin koma til framkvæmda.

Þá er í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins kveðið svo á, að þangað til gagnkvæmar höfundagreiðslur vegna afnota í bókasöfnum innan Norðurlanda verða lögteknar, sé heimilt, ef sérstök fjárveiting er til þess veitt í fjárlögum, að veita rithöfundum styrki árlega til dvalar í öðru landi. Er þetta ákvæði sett í frumvarpið í framhaldi af umræðum um þetta atriði á menntamálaráðherrafundi Norðurlanda í Stokkhólmi 4. febrúar 1967.

Í frétt frá menntamálaráðuneytinu 25. maí 1966 var skýrt frá því, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um greiðslu fyrir höfundarétt vegna afnota af bókum í almennum söfnum, sem að meginstefnu yrði byggt á þeirri löggjöf, sem nú gildir á Norðurlöndum á þessu sviði.

Er frumvarp þetta lagt fyrir Alþingi í samræmi við þessa yfirlýsingu.

Nd. 318. Frumvarp til laga [159. mál]

um skólakostnað.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lög þessi taka til eftirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur fara fram athugun á skólabyggingarþörf á öllu landinu fyrir þau skólastig, sem lög þessi taka til.

II. KAFLI
Stofnkostnaður.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir eða lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

a) er taki til allt að tíu ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.
b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að áliti ráðuneytisins.

5. gr.

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, sem hefur með höndum eftirlit með byggingu skólamannvirkja. Í deildinni skulu m. a. starfa húsameistari, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Byggingadeildin skal annast eftirlit með undir-

búningi skólamannvirkja, endurskoða teikningar, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, líta eftir að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.

Byggingadeild ráðuneytisins lætur í té upplýsingar um þær reglur (norm), miðað við nemendafjölda og kröfur um frágang og búnað, sem framlag ríkisins skal miðast við, sbr. 7 gr.

Í reglugerð skal kveða á um þær reglur (norm), sem stofnkostnaðargreiðslur miðast við.

6. gr.

Sveitarstjórnir ráða sérfræðinga til þess að gera uppdrætti að skólamannvirkjum, verklýsingar og áætlun um framkvæmd verksins og kostnað.

Ráðuneytinu skal senda alla uppdrætti, verklýsingar og kostnaðaráætlanir, ásamt skipulagsuppdrætti af skólastað þeim, sem ráðuneytið hefur samþykkt, samninga eða staðfest skilríki um, að lóð og landrými sé fyrir hendi kvaðalaust, vatnsréttindi séu tryggð og samningur gerður um afnot af jarðhita, ef fyrir hendi er.

Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir til skólamannvirkja, sem lög þessi ná til.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis. Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms með samþykki menntamálaráðuneytisins, greiðir ríkissjóður einn allan stofnkostnað heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Greiðsla á stofnkostnaði miðast við reglur (norm) byggingadeildar ráðuneytisins, sbr. 5 gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum telst, auk alls húsnæðis, innanstokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis, og kostnaður við frágang skólalóðar, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu eða köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntamálaráðuneytisins, telst til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóðir á sinn kostnað.

Allan annan stofnkostnað en þann, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt framansögðu, greiða hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

8. gr.

Kostnaðaráætlun skólamannvirkja skal miða við byggingarkostnað á þeim tíma, er áætlunin er staðfest. Hækki vísitala byggingarkostnaðar eða sérstök vísitala skólamannvirkja, reiknuð af Hagstofu Íslands, frá staðfestingardegi áætlunarinnar til útborgunartíma framlaga samkv. 15. gr., hækkar framlag ríkissjóðs í sama hlutfalli, og skal byggingarframlag ríkissjóðs leiðrétt í fjárlögum næsta árs á eftir. Þessi ákvæði gilda einnig um geymdar fjárveitingar til skólamannvirkja.

9. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi. Séu þegar samþykktar fjárveitingar Alþingis til skólamannvirkis ónógar til að greiða ⅓ af áætluðu stofnkostnaðarframlagi ríkisins, má menntamálaráðuneytið eigi leyfa að hefja framkvæmdir fyrr en að fengnu skriflegu samþykki fjármálaráðuneytisins.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið getur, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, ákveðið listskreytingu skólamannvirkja, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostn-

aði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar, þó aldrei hærri fjárhæð en 500 þús. kr. til hvers einstaks skóla, að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu, sbr. 8. gr.

11. gr.

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr þeim standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali síðustu fimm ára.

12. gr.

Heimilt er ríkissjóði að greiða framlag til stofnkostnaðar íþróttahúsa og sundlauga, opinna eða yfirbyggðra, sem bæjar- og sveitarfélög hyggjast reisa ein eða í samvinnu við íþrótta- eða ungmennafélög, á sama hátt og um stofnkostnað kennslurýmis væri að ræða, miðað við nýtingu vegna skólahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal ráðuneytið gera samning við eigendur þeirra íþróttamannvirkja, er undir lög þessi falla, um afnot skóla af mannvirkjunum og um stjórn þeirra.

Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja skv. lögum þessum er háð því, að fylgt hafi verið ákvæðum 6. gr. þessara laga um undirbúning og 9. gr., um hvenær hefja megi framkvæmdir, svo og að mótframlag sveitarfélaga sé greitt, sbr. 15. gr., áður en framlag ríkissjóðs er greitt. Sá hluti íþróttamannvirkis, sem byggður er samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði.

13. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað vegna þeirra framkvæmda, sem að áliti ráðuneytisins eru nauðsynlegar við eftirtalda heimavistarskóla gagnfræðastigs, enda sé miðað við núverandi stærð og nemendafjölda þeirra:

Alþýðuskólann á Eiðum, Reykholtsskóla, Núpsskóla, Reykjanesskóla, Reykjaskóla, Skógaskóla og Laugarvatnsskóla.

Laugaskóli í S-Þingeyjarsýslu komi undir ákvæði þessarar greinar, verði sá skóli afhentur ríkinu samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1962. Stefnt skal að því, að kennsla í skólum þessum miðist við 3. og 4. bekk gagnfræðastigs, þannig að nemendur, sem teknir eru í skólana, hafi áður lokið skyldunámi.

15. gr.

Framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptast á 2—3ja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.

Framlag ríkissjóðs til hverrar einstakrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan 3ja ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, að því ári meðtöldu, sbr. þó 8. gr., og greiðist með fimm greiðslum eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt, að verk megi hefja,
10% þegar botnplata er steypt,
20% þegar bygging er fokheld,
25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk,
20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram,
5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar (hús og búnaður).

Hafi sveitarfélag tvö eða fleiri skólamannvirki í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt, skal árlegri fjárveitingu skipt í fimm jafnar greiðslur, sem greiðast 1. marz, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Áætlun um skiptingu framlags ríkissjóðs til íþróttamannvirkja skv. 12. gr. eftir byggingarstigum framkvæmda skal ár hvert fylgja tillögum menntamálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

16. gr.

Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólahalds, skal viðkomandi sveitarstjórn sækja um það til ráðuneytisins, sem lætur fara fram athugun og mat á verðmæti húsnæðisins. Ef af kaupum verður, tekur ríkissjóður þátt í kaupverði í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga. Slíkar byggingar skulu teknar í framkvæmdaáætlun um skólabyggingar.

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, ef að mati ráðuneytisins er hagkvæmara að kaupa sérstakar skólabifreiðir en að greiða fyrir flutning nemenda á annan hátt.

III. KAFLI
Rekstrarkostnaður.

17. gr.

Öll föst laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skóla laun vegna stunda- og forfallakennslu, allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi.

Við heimavistarskóla skyldunámsins greiðir ríkissjóður laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna í mötuneyti, hafi fjöldi þeirra og ráðningarkjör hlotið samþykki ráðuneytisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslustjórans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að ¼ hluta.

18. gr.

Við ákvörðun reiknaðra stunda eru allar kennslustundir og aðrar starfsstundir kennara fyrir sama fræðslustig lagðar að jöfnu. Eigi skiptir máli, hvort greitt er fyrir þær með föstum launum eða þær eru greiddar sem stundakennsla. Á sama hátt er eigi gerður munur á venjulegum kennslustundum og þeim stundum, er greiðsla fyrir heimavinnu fylgir eða greiddar eru sem yfirvinna eða með álagi vegna vinnu í kaffitíma.

19. gr.

Skólastjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkvæmt III. kafla laganna. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd til samþykktar og senda ráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag, sem ráðuneytið ákveður.

Í sveitarfélögum, þar sem fleiri en einn skóli er á sama fræðslustigi, skulu skólanefndir (fræðsluráð) sjá um deildaskiptingu í skólum og annast skiptingu reiknaðra stunda milli einstakra skóla. Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins er skólanefndum (fræðsluráðum) í þessum sveitarfélögum heimilt að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólanna. Jafnframt skulu skólanefndir (fræðsluráð) gera áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna fjölda reiknaðra stunda og senda ráðuneytinu í samræmi við ákvæði fyrri mgr.

Til reiknaðra stunda teljast, auk kenndra stunda, m. a. aðstoð við skólastjórn, störf að félagsmálum nemenda, leshjálp, umsjón, leiðbeiningarstörf við kennslu; enn fremur greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og fyrir skrifstofuaðstoð, en slíkar greiðslur færast til reiknaðra stunda miðað við greiðslu fyrir stundakennslu í dagvinnu.

Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda fari ekki fram úr ákveðnu hámarki, sem er breytilegt eftir tölu nemenda samtímis í skóla, fræðslustigi, sérkennsluþörf og umsjónarþörf vegna heimavistar.

20. gr.

Hámark reiknaðra stunda á kennslumánuði skóla, sem falla undir ákvæði þessara laga, miðað við að fullnægt sé ákvæðum námsskrár, er:

a) Á barnafræðslustigi, miðað við 40 mínútna kennslustund:
Fyrir skóla með:
allt að 10 nemendum komi 9 stundir á hvern nemanda.
11— 20 nemendum komi 90 stundir, auk átta stunda á hvern nemanda umfram 10.
21— 40 nemendum komi 170 stundir, auk sjö stunda á hvern nemanda umfram 20.
41— 80 nemendum komi 310 stundir, auk sex stunda á hvern nemanda umfram 40.
81—160 nemendum komi 550 stundir, auk fimm stunda á hvern nemanda umfram 80.
161—240 nemendum komi 950 stundir, auk fjögurra stunda á hvern nemanda umfram 160.
fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og fyrir skóla með 240 nemendum.

b) Á gagnfræðastigi er miðað við 45 mínútna kennslustund, og fjöldi greiddra stunda má vera allt að 20% hærri en samkvæmt a-lið.

c) Sé nemendastundafjöldi á kennslumánuði hærri en venjuleg námsskrá fyrir níu mánaða barnaskóla eða gagnfræðaskóla segir til um, vegna styttri skólaárs, eða vixlkennslu bekkja, má hækka stundafjölda á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu.

d) Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptum bekk (bekkjardeild) séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, má hækka stundafjölda, sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en tólf nemendur í sérkennslutímum í einstökum bekkjardeildum.

e) Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkvæmt a- og b-liðum um allt að 15% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist, vegna umsjónar utan kennslustunda.

f) Greiddar stundir vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði endurgreiðast úr ríkissjóði, en koma ekki til frádráttar stundafjölda skv. liðunum a—e. Störf stjórnskipaðra prófdómenda teljast ekki með reiknuðum stundum.

Almenn ákvæði b—f-liða gilda einnig fyrir iðnskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem við getur átt.

Víkja má frá ákvæðum a—e-liða til hækkunar, þegar svo stendur á, að ekki

er hægt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða nauðsynlegri umsjón í heimavist eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði (2%) af áætluðum heildarútgjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir, með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs), fleiri en samrýmist reglum a—e eða sérstakri skriflegri undanþágu ráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 70% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1—3 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.

Um greiðslur til smábarnaskóla gilda ákvæði 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna.

21. gr.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, svo og flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði. Ríkissjóður greiðir einn kostnað samkvæmt þessari málsgrein vegna skóla, sem taldir eru í 14. gr. og eru að öllu leyti eign hans.

Endurkrefja skal heimasveitir nemenda þeirra, sem sækja skóla þá, sem taldir eru í seinasta málslið fyrri málsgr., um kostnað skv. 23. gr., og skal miða við kostnað þeirra sveitarfélaga, er sambærilega kennslu veita.

Með sama hætti skal sveitarfélögum, sem láta nemendum úr öðrum sveitarfélögum í té kennslu í skóla gagnfræðastigs, heimilt að endurkrefja heimasveitir nemenda.

22. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að ákveða, að skólar greiði hver um sig árlega miðað við nemendafjölda ákveðið gjald til Fræðslumyndasafns ríkisins, er gangi til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda. Gegn þessu gjaldi fái skólarnir afnot af myndum safnsins. Gjaldið greiðist að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ úr sveitarsjóði. Gjaldið skal ákveðið í reglugerð.

23. gr.

Sveitarfélög greiða ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, og ráða starfslið til þeirra starfa, sem hér um ræðir, að fengnum tillögum skólastjóra.

Í heimavistarskólum fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, greiðir ríkissjóður auk framan talins kostnaðar, helming fæðiskostnaðar og helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu.

24. gr.

Húsnæði til skólahalds má taka á leigu með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

Hreinar leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla koma í hlut ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Um leigu á eignum skóla má ákveða í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og skólanefnda.

25. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkvæmt 12. gr.

Umráð og umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

Skylt er sveitarfélögum að sjá um eðlilegt viðhald eigna þessara að mati byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

IV. KAFLI
Endurskoðun og reikningshald.

26. gr.

Fjármálaeftirlit skóla hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara, að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt því sem menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð. Skulu fjármálaeftirlitinu afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar.

Menntamálaráðuneytinu skal sent samrit ársreikninga skólanna, athugasemda og úrskurða.

Rísi ágreiningur um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

27. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, sem lög þessi taka til, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Val reikningshaldara er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hver skuli annast reikningshald og endurskoðun þeirra skóla, sem taldir eru í 14. gr., og eru að öllu leyti eign ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

28. gr.

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir skólans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

29. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

Stofna skal samstarfsnefnd, skipaða fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968.

Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 41/1955, með áorðnum breytingum, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stofnkostnaður þeirra skólamannvirkja, sem samþykkt hafa verið, áður en reglur (norm) byggingardeildar verða staðfestar, skal skiptast milli ríkis og sveitarfélaga og greiðast eftir sömu reglum og giltu samkvæmt lögum nr. 41/1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 13. apríl 1965 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða lög nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Nefndin skilaði áliti 13. apríl 1966, en tekur þó fram í bréfi, að hér sé ekki um fullfrágengið frumvarp að ræða, en nefndin telji sig þrátt fyrir það hafa lokið störfum, þar sem menntamálaráðherra hafi óskað eftir, að hún skilaði áliti þá þegar. Í nefnd þessari áttu sæti: Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu borgarstjórans í Reykjavík, Hafsteinn Baldvinsson, þáverandi bæjarstjóri, samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Tómas Gunnarsson, þáverandi fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, Aðalsteinn Eiríksson, fjármálaeftirlitsmaður skóla, Einar Bjarnason, ríkisendurskoðandi, og Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri.

Í samráði við fjármálaráðherra fól menntamálaráðherra Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Knúti Hallssyni, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Runólfi Þórarinssyni, deildarstjóra í fræðslumálaskrifstofunni, Höskuldi Jónssyni, deildarstjóra í fjármálaráðuneytinu, og Torfa Ásgeirssyni, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, að fara yfir frumvarpið, gera á því þær breytingar, sem ástæða virtist til og ganga frá því til fullnustu.

Haft hefur verið samráð við ýmsa aðila um efnisatriði frumvarpsins, og m. a. hafa þeir Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og Hjálmar Ólafsson, bæjarstjóri, starfað mikið að endurskoðun frumvarpsins.

Samkvæmt samanburði, sem nefndin, er skipuð var í apríl 1965, lét gera um skiptingu rekstrarkostnaðar skóla milli ríkis og sveitarfélaga á árunum 1956, 1957, 1960 og 1964 kemur í ljós, að hluti sveitarfélaga í rekstrarkostnaðinum hefur aukizt nokkuð hlutfallslega frá því að skólakostnaðarlög nr. 41/1955 voru sett. Fer hér á eftir yfirlit um hver greiðsluhlutföllin hafa verið í barnaskólum í kaupstöðum, heimangönguskólum utan kaupstaða og gagnfræðaskólum á nefndu árabili:

1. Barnaskólar í kaupstöðum.

Ár	Hlutd. ríkissjóðs í rekstrarkostnaði	Hlutd. sveitarf. í rekstrarkostnaði
1956	69.8%	30.2%
1957	68.8—	31.2—
1960	64.5—	35.5—
1964	64.2—	35.8—

Kostnaðarhlutfall sveitarsj. hefur þarna orðið óhagstæðara um 5.7% á 8 ára tímabili.

2. Heimangönguskólar utan kaupstaða.

Ár	Hluti ríkissjóðs	Hluti sveitarsjóðs
1956	80.7%	19.3%
1957	78.4—	21.6—
1960	74.0—	26.0—
1964	71.1—	28.9—

Kostnaðarhlutfallið hefur hér breytzt sveitarsjóðum í óhag um 9.6% frá árinu 1956 til ársins 1964.

3. Gagnfræðaskólar.

Ár	Hluti ríkissjóðs	Hluti sveitarsjóðs
1956	77.6%	22.4%
1957	76.5—	23.5—
1960	72.9—	27.1—
1964	75.7—	24.3—

Með þessu frumvarpi er meðal annars stefnt að því að koma á einfaldari reglum um samskipti ríkissjóðs og sveitarsjóða að því er varðar greiðslu skólakostnaðar. Í þeim tilgangi er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði einn öll laun, svo og aukagreiðslur til kennara samkvæmt kjarasamningum, hluta af húsaleigu, viðhaldskostnaði og heilbrigðisþjónustu, en sveitarsjóðir greiði einir húsvörzlu, hitun, lýsingu og ræstingu.

Þá eru í frumvarpinu allmörg önnur nýmæli, svo sem að gert er ráð fyrir byggingadeild í menntamálaráðuneytinu, sem hafi með höndum eftirlit með undirbúningi og byggingu skólamannvirkja. Tekin eru ákvæði í frumvarpið um framkvæmdaáætlanir, en þær hafa verið gerðar, að því er skólabyggingar varðar, undanfarin tvö ár. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að framlög ríkissjóðs til hvers skólamannvirkis greiðist á 2—3 árum í stað 5 ára, sem nú er ákveðið í lögum. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir, að þegar lögmæltum undirbúningi að byggingu skólamannvirkis er lokið og ráðuneytið hefur samþykkt, að verkið megi hefja, þá greiðist strax úr ríkissjóði 20% af áætluðum kostnaði verksins, og síðar er nánar ákveðið, við hvaða áfanga verksins greiðslur skuli fara fram á byggingatímanum. Gert er ráð fyrir, að byggingadeildin reikni út, hver sé eðlilegur byggingakostnaður hverrar tegundar skólamannvirkis og kostnaður við innanstokksmuni, t. d. fyrir skyldufræðslustigið, og miðast þátttaka ríkissjóðs í byggingarkostnaði við þessar reglur (norm), en hlutaðeigandi sveitarfélag ber eitt kostnaðinn af því, ef byggt er stærra eða með meiri tilkostnaði en reglurnar gera ráð fyrir. Ef sveitarfélag hins vegar framkvæmir byggingu skólamannvirkis á hagfelldari hátt en reglurnar gera ráð fyrir, þá nýtur það þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að íþróttamannvirki, sem byggð eru í samráði við fræðsluyfirvöld í þeim tilgangi, að þau nýtist skólum til íþróttastarfsemi, komi undir ákvæði þessara laga og lúti sömu reglum um undirbúning, byggingaframkvæmdir og greiðslu að því leyti sem þau teljast skólamannvirki.

Gerður er greinarmunur á framlagi ríkissjóðs til kennslurýmis og heimavistarrýmis. Samkvæmt gildandi lögum greiðir ríkissjóður 50% af stofnkostnaði heimangönguskóla, en 75% af stofnkostnaði heimavistarskóla. Hefur hver skóli verið talinn annað hvort heimangöngu- eða heimavistarskóli og stofnkostnaður greiddur í þeim hlutföllum. Samkvæmt frumvarpinu fara greiðslur aftur á móti eftir því, að hve miklu leyti húsnæðið skiptist í kennslurými og heimavistarrými. Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði kennslurýmis er hin sama hvarvetna, 50%. Þátttaka í stofnkostnaði heimavistarrýmis er ýmist 85%, þegar eitt sveitarfélag stendur að byggingunni, en 100% ef tvö eða fleiri af núverandi sveitarfélögum reisa í sameiningu heimavistarskóla skyldunáms. Miðar þetta að því að hvetja sveitarfélög til samstarfs um þessi mál.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 34/1962 hefur ríkissjóður tekizt á hendur að greiða einn stofn- og rekstrarkostnað þeirra héraðsskóla, sem þess hafa óskað. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ljúki á sinn kostnað öllum þeim byggingum við héraðsskólana, sem í smíðum eru, en síðari viðbætur eða nýir skólar lúti sömu greiðslureglum og aðrir gagnfræðastigsskólar. Þá er gert ráð fyrir, að heimasveit nemenda í héraðsskólum greiði skólunum þeirra vegna nokkurt framlag, sem miðist við almennan kostnað á nemanda hjá sveitarfélögum, er reka gagnfræðastigsskóla, sem veita sambærilega kennslu. Þá er í frumvarpinu heimild til þess, að sveitarfélög geti á sama hátt fengið nokkra greiðslu vegna kostnaðar, sem þau hafa af nemendum annarra sveitarfélaga.

Stefna þessi miðar að því að auka jöfnuð milli þeirra byggðarlaga, sem leggja í þann kostnað að byggja og reka skóla og hinna, sem ekki efna til slíkra útgjalda, en njóta góðs af skólabyggingaframkvæmdum annarra héraða.

Enn er það nýmæli í frumvarpinu, að menntamálaráðuneytið geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórna, og skuli þá sá kostnaður, sem af því leiðir, teljast til stofnkostnaðar. Má verja í þessu skyni fjárhæð, sem nemur allt að 2% af stofnkostnaði skólamannvirkis, þó ekki hærri fjárhæð en 500 þús. krónum til hvers einstaks skóla.

Þá er að geta þess nýmælis, að menntamálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að skólar greiði hver um sig árlega, miðað við nemendafjölda, ákveðið gjald til Fræðslumyndasafns ríkisins og gangi gjald þetta til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda, en gegn gjaldinu fá svo skólarnir afnot af myndum safnsins, eftir því sem þeir æskja.

Loks er það nýmæli að skipa skal samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenzkra sveitarfélaga, er fái til umsagnar reglugerðir, sem fyrirhugað er að gefa út samkvæmt lögum þessum.

Eðlilegt er, að menn vilji gera sér grein fyrir, hvaða breytingu á fjárhagslegum samskiptum ríkissjóðs og sveitarfélaga ákvæði þessa frumvarps feli í sér. Við það hefur verið miðað, að greiðslubyrðin í heild og hvors aðila um sig, ríkissjóðs og sveitarfélaga, haldist nokkurn veginn óbreytt. Þó má gera ráð fyrir, að fremur halli nú á ríkissjóð í samskiptunum, enda er talið, samkvæmt því sem áður hefur verið skýrt hér að framan, að greiðsluhlutföll hafi fremur breytzt sveitarsjóðum í óhag á undanförnum árum. Hitt verður að játa, að erfitt er, nema með mjög ýtarlegri og umfangsmikilli rannsókn, að gera tölulegan samanburð á kostnaði samkvæmt gildandi fyrirkomulagi og kostnaði samkvæmt þeim reglum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fyrirsjáanlegur kostnaður, og þá fyrst og fremst vegna hinnar nýju byggingadeildar, verður að sjálfsögðu nokkur, en þar á að koma á móti sparnaður vegna styttri byggingartíma og meiri undirbúningsvinnu og aukins eftirlits með byggingaframkvæmdum.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Í 8. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, segir, að hver sýsla og hver kaupstaður sé fræðsluhérað, en þó skuli sameina tvær sýslur í eitt fræðsluhérað svo og hrepp eða hluta úr hreppi fræðsluhéraði annarrar sýslu, þegar fræðslumálastjórn mælir svo fyrir og hlutaðeigandi fræðsluráð samþykkja, og að hvert fræðsluhérað sé eitt eða fleiri skólahverfi og skuli einn barnaskóli vera í hverju skólahverfi. Í 9. gr. sömu laga segir, að fræðslumálastjórn mæli fyrir um, hvernig fræðsluhéraði skuli skipt í skólahverfi, enda samþykki hlutaðeigandi fræðsluráð skiptinguna. Fræðsluráði sé skylt að leita álits hlutaðeigandi skólanefnda um skiptingu fræðsluhéraðs í skólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. þessa frumvarps ákveður menntamálaráðuneytið skiptingu landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangöngu- og heimavistarskóla, og skal ráðuneytið áður hafa aflað tillagna fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna.

Samkvæmt þeirri þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og talin er æskileg, að sameina nokkur skólahverfi um heimavistarskóla, er nauðsynlegt að ráðuneytið ákveði skiptinguna, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda eða fræðsluráða og sveitarstjórna.

Um 3. gr.

Samkvæmt þessari grein skal fara fram athugun á skólabyggingaþörf fyrir öll þau skólastig, sem frumvarpið fjallar um, og miðast skólabyggingaþörfin við nemendafjölda í hinum ýmsu skólahéruðum næstu ár eins og líklegt er, að hann verði samkvæmt þjóðskránni. Ætti að vera unnt að gera sér nokkra grein fyrir skólabyggingaþörfinni í heild allmörg ár fram í tímann, þótt erfiðar kunni að reynast vegna tilflutnings fólks á landinu að sjá fyrir þörf á skólabyggingum í hverju einstöku skólahéraði.

Um 4. gr.

Á grundvelli þeirrar athugunar á skólabyggingaþörf, sem 3. gr. frumvarpsins fjallar um, er ætlazt til, að gerðar verði framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar fyrir allt landið. Er þá miðað við tvenns konar áætlun, aðra, sem tekur yfir allt að 10 ára tímabil, og hina, sem fjallar um árlegar framkvæmdir og ætlazt er til, að höfð sé til hliðsjónar þegar Alþingi ákveður fjárveitingar til skólabygginga hverju sinni. Röð bygginga í framkvæmdaáætlun fer að sjálfsögðu eftir því, hvar þörfin er talin brýnust fyrir skólahús á hverjum tíma. Menntamálaráðuneytið raðar framkvæmdum í framkvæmdaáætlun þeirri, sem það lætur fylgja tillögum sínum um fjárveitingar, eftir því hvar það álítur skólabyggingaþörfina brýnasta. Hins vegar mundi röð framkvæmda í áætluninni að sjálfsögðu breytast, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni með fjárveitingum sínum. Ætlunin er sú, að af heildaráætluninni samkvæmt a-lið 4. gr. frumvarpsins séu jafnan valin úr í árlegu framkvæmdaáætlunina þau skólamannvirki, sem ráðuneytið telur brýnust hverju sinni, þótt Alþingi ákveði að sjálfsögðu endanlega, hver röðin verður með því fé, sem það veitir til skólabygginganna árlega. Hin endanlega árlega framkvæmdaáætlun verður að sjálfsögðu sú, sem samþykkt er í fjárlögum hverju sinni.

Í lögum nr. 66/1966, um framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, er gert ráð fyrir, að hlutverk Efnahagsstofnunarinnar sé meðal annars að undirbúa fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlanir, fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, og endurskoða þær. Þær framkvæmdaáætlanir, sem gerðar hafa verið undanfarin tvö ár um skólabyggingar, hafa verið gerðar af Efnahagsstofnuninni í nánu samstarfi við menntamálaráðuneytið og fleiri aðila. Virðist eðlilegt, að þær framkvæmdaáætlanir, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði unnar á svipaðan hátt.

Um 5. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir, að komið verði á fót sérstakri deild í menntamálaráðuneytinu, sem hafi með höndum eftirlit með undirbúningi og byggingu skólamannvirkja. Er ætlunin, að í deild þessari starfi arkitekt, verkfræðingur og byggingaeftirlitsmenn. Frumkvæðið að skólabyggingum verður, eins og verið hefur, í höndum sveitarstjórna, en byggingadeildinni ber að láta í té upplýsingar um þær reglur (norm), sem byggingakostnaður hinna ýmsu tegunda skólamannvirkja miðast við. Enn fremur er deildinni ætlað að fylgjast með því, að tilskildum lágmarkskröfum um bygginguna sé fullnægt. Eins og öllum er ljóst, skiptir mjög miklu máli, að rækilegur undirbúningur hafi farið fram, áður en bygging hefst. Er þar meðal

annars átt við, að allar teikningar, bæði aðalteikningar og sérteikningar, hafi verir gerðar, svo og kostnaðaráætlanir og útboðs- og vinnulýsingar. Hlutverk byggingadeildarinnar er ekki að annast sjálfar teikningar eða gerð kostnaðaráætlana, heldur endurskoða þessi gögn og gæta þess, að þau séu í samræmi við það, sem hagkvæmast telst.

Samkvæmt gildandi skólakostnaðarlögum, nr. 41/1955, greiðir ríkissjóður ákveðinn hundraðshluta af stofnkostnaði þeirra skólamannvirkja, sem lögin taka til, og hlutaðeigandi sveitarfélög ákveðinn hundraðshluta. Hefur þráfaldlega komið í ljós, að kostnaðaráætlanir skólamannvirkja hafa ekki staðizt, þótt slíkt eigi raunar einnig við um kostnaðaráætlanir fleiri framkvæmda. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, eins og áður segir, að byggingadeild ráðuneytisins láti í té ákveðnar reglur (norm) um byggingarkostnað hinna ýmsu tegunda skólamannvirkja. Er þá ætlazt til, að sérfróðir menn hafi reiknað út, hvað eðlilegt er, að hver kennslustofa, t. d. í barnaskóla, kosti miðað við ákveðna tölu nemenda og ákveðnar lágmarkskröfur, sem gerðar eru til byggingarinnar, bæði hússins sjálfs, búnaðar og kennslutækja. Með þessu væri farið inn á sömu brautir og tíðkast á Norðurlöndum og víðar.

Um 6. gr.

Eins og segir í greininni, ráða sveitarstjórnir sérfræðinga, þ. e. arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga, til að gera uppdrætti, verklýsingar og kostnaðaráætlanir um skólamannvirki. Um alllangt skeið hefur það verið venja að leita til embættis húsameistara ríkisins um gerð uppdrátta og kostnaðaráætlana í þessu sambandi, en með stórauknum byggingaframkvæmdum í landinu hefur húsameistaraskrifstofan ekki getað annað öllum þeim verkefnum, sem ætlazt hefur verið til af henni og með fjölgun arkitekta í landinu hefur farið í vöxt, að húsameistaraskrifstofan hafi bent á eða falið arkitektum utan skrifstofunnar að teikna skólamannvirki eða sveitarstjórnir hafi snúið sér til annarra arkitekta og húsameistaraskrifstofan þá samþykkt teikningarnar. Eins og áður segir, er byggingadeild ráðuneytisins ekki ætlað að annast teikningar eða gerð kostnaðaráætlana, heldur einungis að endurskoða þær. Hins vegar geta sveitarstjórnir að sjálfsögðu bæði leitað til húsameistaraembættisins og annarra arkitekta um gerð uppdrátta skólamannvirkja.

Um 7.—12. gr.

Í þessum greinum er ákveðið, að ríkissjóður greiði 50% áætlaðs stofnkostnaðar kennslurýmis og 85% áætlaðs stofnkostnaðar heimavistarrýmis í skólum, sem lög þessi taka til, samkvæmt þeim kostnaðarreglum (normum), sem byggingadeild menntamálaráðuneytisins reiknar eða lætur reikna út, en heimilt er ráðuneytinu að ákveða, að ríkissjóður greiði einn allan stofnkostnað heimavista, ef tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um skóla með samþykki þess. Miðar þetta að því að hvetja sveitarfélög til sameiningar um heimavistarskóla, sem er í flestum tilvikum hagkvæmara fjárhagslega, og einnig er auðveldara að koma við fullkomnari kennslu í skólum, ef þeir eru af vissri lágmarksstærð. Eins og tekið er fram í greininni, skal miða við byggingakostnað á þeim tíma, þegar kostnaðaráætlun um skólamannvirki er staðfest af ráðuneytinu, en ef byggingavísitala hækkar eða sú sérstaka vísitala, sem Hagstofan kynni að reikna út fyrir skólamannvirki, þá hækkar framlag ríkissjóðs í sama hlutfalli, og er þá ætlazt til, að fjárveiting til skólamannvirkis hækki sem því nemur í fjárlögum næsta árs á eftir.

Eins og vikið var að hér að framan í almennum athugasemdum við frumvarpið, er tekið upp það nýmæli, að heimila menntamálaráðuneytinu að ákveða listskreytingu skólamannvirkja að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir, þannig að verja megi allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði í því skyni, þó ekki hærri fjárhæð en hálfri milljón króna til hvers skóla. Þótt ákvæði um þetta hafi ekki verið í lögum, þá hefur á undanförnum árum nokkru fé verið varið til listskreytingar eða lista-

verkakaupa í skólahús, t. d. eru mósaikmyndir og málverk í hinni nýju Kennaraskólabyggingu við Stakkahlíð, ákveðið hefur verið að verja fé til listskreytinga í hinum nýja Menntaskóla við Hamrahlíð, og af eldri skólabyggingum, sem prýddar hafa verið listaverkum, má nefna Austurbæjarbarnaskólann og Melaskólann í Reykjavík.

Fjárþörf íþróttasjóðs hefur verið miklu meiri en svo, að árleg fjárveiting (5.4 millj. kr. í fjárlögum ársins 1967) hafi nægt til að fullnægja þörfinni. Þrátt fyrir það að íþróttasjóður hefur ekki haft meira fé til umráða en árlega fjárveitingu, þá hafa viðskiptamenn sjóðsins vænzt þess, að fá greitt það hámark, sem heimilað er í lögunum, þ. e. a. s. allt að 40% af byggingarkostnaði þeirra mannvirkja, sem í hlut eiga, en til þess að fullnægja þessum óskum, þyrfti íþróttasjóður 32.8 millj., miðað við maíbyrjun 1966. Vegna þessara fjárhagsörðugleika sjóðsins, hefur verið horfið að því í einstökum tilfellum á undanförnum árum að veita fé í fjárlögum sérstaklega til íþróttamannvirkja, sem að réttu lagi hefðu átt að fá sinn fjárhagslega stuðning úr íþróttasjóði. Hefur það verið gert á þeim grundvelli, að mannvirki þessi þjónuðu að einhverju eða verulegu leyti skólunum. Í þessu frumvarpi er lagt til, að íþróttamannvirki, sem samþykkt er að byggja eftir að lög þessi koma til framkvæmda, skuli, að því leyti sem þau nýtast sem skólamannvirki, koma undir sömu ákvæði og venjuleg skólamannvirki, að því er stofnkostnað varðar, og þá jafnframt hlíta sömu ákvæðum um undirbúning og framkvæmd alla.

Um 13. gr.

Þær skólabyggingar, sem hafa haft svo litla fjárveitingu í fjárlögum, að sýnilega var ekki unnt að ná fyrir það fé nothæfum áfanga, hafa verið látnar bíða og fjárveitingar þeirra lánaðar í bili til bygginga, sem unnt var að fullljúka eða ljúka þannig, að unnt væri að taka hluta þeirra í notkun. Hafa þessi lán eða millifærslur síðan verið endurgreiddar hlutaðeigandi skólabyggingum af fjárveitingum næsta árs. Með þessu móti hefur verið unnt að hraða einstökum byggingaframkvæmdum meira en áður, enda auðséð, að hagkvæmt er að hefja ekki byggingu fyrr en nægilegt fé hefur safnazt til þess að ná skynsamlegum áfanga í stað þess að hver skóli byggi árlega fyrir þá fjárveitingu, sem honum er ætluð, og þurfi þá að stöðva verkið þegar féð er þrotið, hvort sem það er hagkvæmt frá byggingarlegu sjónarmiði eða ekki. Þetta fyrirkomulag hefur ekki í för með sér, að þeim byggingum seinki, sem bíða um sinn, heldur er unnið þeim mun hraðar að þeim þegar bygging hefst. Þær fjárveitingar, sem geymdar verða, breytast samkvæmt byggingavísitölu.

Um 14. gr.

Með lögum nr. 34/1962, um breyting á lögum nr. 41/1955, var ákveðið, að héraðsskólarnir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum skuli vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess, og skyldu þá sveitarfélögin afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna eins og hann var í árslok 1961. Allir skólarnir eru nú orðnir hrein ríkiseign, nema Héraðsskólinn að Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, sem ekki hefur notfært sér þetta lagaákvæði. Einn héraðsskóli til viðbótar, Alþýðuskólinn á Eiðum, hafði verið hreinn ríkisskóli löngu áður. Eins og gerð er grein fyrir hér að framan, miða ákvæði greinarinnar að því, að héraðsskólarnir verði í framtíðinni á svipuðum fjárhagsgrundvelli og aðrir heimavistarskólar gagnfræðastigs. Þá er stefnt að því, að skólarnir verði einungis fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi.

Um 15. gr.

Áður hefur verið rætt um framkvæmdaáætlanir, bæði til lengri tíma og einnig til eins árs í senn til stuðnings við gerð fjárlaga. Þær framkvæmdaáætlanir um skólabyggingar, sem gerðar hafa verið undanfarin tvö ár, hafa miðað að því að fullgera byggingu eða nothæfa áfanga bygginga á sem skemmstum tíma.

Í þessari grein er ákveðið, að framlag ríkissjóðs til hvers einstaks skólamannvirkis skuli vera til reiðu innan þriggja ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt í fjárlögum, þ. e. a. s. að í þrennum fjárlögum verði að fullu veitt fé til hvers skólamannvirkis um sig samkvæmt upphaflega staðfestri áætlun, að viðbættum hækkunum, sem breytt vísitala kann að hafa í för með sér. Breytingar vegna vísitöluhækkunar mundi ekki vera hægt að taka í fjárlög fyrr en næsta ár eftir að hækkanirnar hafa átt sér stað, og yrði því slík hækkunargreiðsla að færast yfir á fjórða fjárlagaárið. Höfuðstefnan í þessu efni er sú, að eðlilegur byggingarhraði ráði framkvæmd verksins, en eigi þurfi að stöðva framkvæmdir, vegna þess að fé sé ekki fyrir hendi. Mælir frumvarpsgreinin fyrir um, að greiðsla byggingarkostnaðar skuli fara fram þegar vissum byggingaráföngum er náð, og greiðast 20% þegar menntamálaráðuneytið hefur samþykkt, að verkið megi hefja. Eins og nú er, leggja sveitarfélögin út byggingarkostnað og fá framlög ríkisins greidd eftir á. Hér er því um mjög mikilsverða breytingu að ræða sveitarfélögunum í hag, þar sem ríkissjóði er ætlað að greiða þegar við upphaf verks fimmtung áætlaðs framlags ríkissjóðs. Næsta greiðsla, 10%, greiðist þegar botnplata hefur verið steypt, 20% greiðast þegar bygging er fokheld, 25% greiðast þegar múrverki er lokið og byggingin er tilbúin undir tréverk, 20% greiðast þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram og loks 5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar, bæði hús og húsbúnaður. Um allar þessar greiðslur gildir hið sama og fyrstu greiðsluna, að ríkissjóði er ætlað að greiða samtímis hlutaðeigandi sveitarsjóði, en ekki að endurgreiða sveitarsjóðunum eftir að þeir hafi lagt féð út. Ætti þetta tvennt, styttur byggingatími úr 5 árum eins og nú er í 2—3 ár, og hitt, að ríkissjóður greiði jafnsnemma til byggingaframkvæmdanna og hlutaðeigandi sveitarsjóðir, að verða til þess að létta undir með sveitarsjóðum og gera eðlilegan byggingahraða við framkvæmdirnar mögulegan. Sá hraði við byggingaframkvæmdirnar, sem fyllsta tækni á hverjum tíma gerir kleift, ætti að verða til verulegs sparnaðar, að minnsta kosti á þann hátt, að fé liggi ekki lengi bundið í ónotuðum skólamannvirkjum.

Þá er enn fremur ákveðið í 15. gr., að framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða skuli greidd í sérstakan reikning hlutaðeigandi skólamannvirkis í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þetta verður að telja mjög þýðingarmikið atriði til þess að tryggja, að það fé, sem hverju skólamannvirki er ætlað, sé jafnan til reiðu, en að framkvæmdir þurfi ekki að stöðvast eða raskast vegna þess, að annaðhvort standi á ríkissjóði eða sveitarfélögum með fjárframlög sín. Á þennan hátt er líka auðveldara að hafa yfirlit um, hvernig fjármálum hvers skólamannvirkis, sem í byggingu er, er háttað á hverjum tíma. Þess skal getið, að þótt í frumvarpinu sé miðað við 2—3 ára greiðslutímabil með hækkunargreiðslu á fjórða ári, ef byggingavísitala breytist, þá væri æskilegast að stytta byggingar- og greiðslutíma skólamannvirkja a. m. k. í tvö ár og rétt, að stefnt yrði að því við framkvæmd laganna.

Um 16. gr.

Hagkvæmara getur verið að festa kaup á húsnæði til skólahalds en að byggja. Slík kaup yrðu háð samþykki ráðuneytisins og fjárveitingum Alþingis hverju sinni. Ef af kaupum verður, greiðir ríkissjóður sinn hluta stofnkostnaðar í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga.

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, þ. e. ef við kaup skólabifreiðar sparast t. d. heimavistarhúsnæði, sem ríkissjóður greiðir einn, þá greiðir hann einn kostnað við kaup skólabifreiðarinnar. Sama gildir um rekstur slíkrar bifreiðar. Akstur nemenda að og frá skólastað kemur í sumum tilfellum í stað heimavista og getur stuðlað að því að sameina skólahverfi eða fámenna skóla.

Um 17.—20. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður taki að fullu á sig öll kennslulaun og önnur laun, sem nauðsynleg eru vegna kennslunnar við þá skóla, er frumvarpið fjallar um.

Núverandi fyrirkomulag er í stórum dráttum þannig, að ríkið greiðir næstum öll laun fastra kennara á barnafræðslustigi, við barnaskóla í kaupstöðum 93,05%, og við barnaskóla utan kaupstaða 95,24%, en öll laun fastra kennara við önnur skólastig, sem frumvarpið tekur til. Ríki og sveitarfélög skipta sín á milli öðrum kennslukostnaði, þar á meðal greiðslum til stundakennara, í mjög mismunandi hlutföllum. Tala fastra kennara er nú ákveðin þannig, að 10 til 40 nemendur koma á hvern fastan kennara. Þessi tala er breytileg eftir tegund skóla (tegund kennslu) og fjölda nemenda í skóla, og í núgildandi lögum er miðað við tólf mismunandi nemendahópa á bilinu 10 til 40 nemendur, en auk þess eru frávik til lækkunar, ef kennslutími er styttri en 9 mánuðir, þannig að viðmiðunartölur eru enn fleiri.

Þetta flókna skiptingarfyrirkomulag getur leitt til árekstra milli ríkis og sveitarfélaga af fjárhagslegum ástæðum, og auk þess eiga fátæk og fámenn sveitarfélög erfitt með að halda uppi fullnægjandi kennslu, ef skyldutímar fastra kennara nægja ekki.

Lagafrumvarpinu er ætlað að bæta úr þessu. Litið er á kennslulaunin sem eina heild, án tillits til þess, í hvaða formi þau eru greidd, þ. e. föst laun, greiðslur fyrir heimavinnu kennara, laun stundakennara, umsjón í heimavistarskólum o. s. frv. Miðað er við þann fjölda stunda, sem inntar eru af hendi vegna þessara greiðslna eins og samningar og reglur segja til um á hverjum tíma. Þetta felur í sér, að útgjöld ríkissjóðs fyrir sama stundafjölda geta verið mismunandi eftir aldri kennara, launaflokkum þeirra, umsömdum greiðslum fyrir yfirvinnu og öðru því, er áhrif hefur á dýrleika hverrar kennslustundar.

Í 17. gr. er nánar kveðið á um, hvað telst til kennslukostnaðar, og um greiðslufyrirkomulag, þ. e. hvort greitt er beint úr ríkissjóði, eða hvort um er að ræða endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna kennslukostnaðar.

Í 18. gr. er nánar kveðið á um, hver sé grundvöllur hámarksákvæða um endurgreiðslur til sveitafélaga vegna kennslukostnaðar.

Hér er notað hugtakið „reiknuð stund“, þar sem færa þarf nauðsynlega kennslu til sameiginlegs mælikvarða, án tillits til þess, hvernig hver stund er verðlögð samkvæmt gildandi kjarasamningum og öðrum ákvæðum.

Reiknaðar stundir eru:

1) Skyldukennsla fastra kennara, 36 stundir (40 mín.) á viku fyrir barnakennara, en 30 stundir (45 mín.) fyrir gagnfræðastigskennara, og er þá miðað við fulla kennsluskyldu.

2) Aukastundir fastra kennara og stundir tímakennara.

3) Laun annars starfsfólks en kennara, sem vinnur störf, er skólastjórar eða kennarar ella yrðu að vinna, svo og greiðslur fyrir eyður í stundaskrá. Slík laun eru færð til reiknaðra stunda með því að deila í greidd laun með þeirri krónutölu, er á hverjum tíma er venjulega greidd fyrir stundakennslu í dagvinnu á viðkomandi fræðslustigi. Hvorki er gerður greinarmunur á því, hvort reiknaðar stundir eru nýttar til kennslu eða annarra starfa, svo sem umsjónar, starfa að félagsmálum nemenda o. s. frv., né heldur þess, hvort raunverulegur vinnutími er skemmri eða lengri en tala reiknaðra stunda segir til um.

Í 19. gr. eru ákvæði, er annars vegar eiga að tryggja, að gerð sé sem raunhæfust áætlun um það kennslumagn — þá tölu reiknaðra stunda — er hver skóli þarf til þess að sinna verkefnum sínum á næsta skólaári og hins vegar að tryggja fjárveitingarvaldinu sem bezta kostnaðaráætlun við gerð fjárlaga.

Í 20. gr. er nánar kveðið á um þann fjölda reiknaðra stunda, sem ríkissjóður stendur að fullu straum af fyrir hvern skóla.

Miðað er við fjölda reiknaðra stunda, sem heimilt er að komi á hvern nemanda

á mánuði, og er þá mánuður talinn réttar fjórar vikur í samræmi við ákvæði um skyldukennslu fastra kennara, greiðslufyrirkomulag vegna stundakennslu, heimavinnu, umsjónar o. fl. Þannig teljast 9 mánuðir 36 vikur, en 5½ mánuður 22 vikur, o. s. frv.

Eftir því sem nemendur eru færri í skóla, eru fleiri tímar til umráða á hvern nemanda, þannig að tilskilda kennslu sé hægt að veita, einnig í fámennum skólum. Eftir því sem nemendur eru fleiri í skóla og kennslukraftar nýtast af þeim sökum betur, verða færri tímar til umráða á hvern nemanda. Fyrir barnafræðslustigið gefur tafla á fskj. I yfirlit um þær stundir, sem til umráða eru fyrir skóla með mismunandi nemendafjölda. Taflan sýnir einnig þann útreikning, sem gera þarf fyrir hvern skóla á barnafræðslustigi samkvæmt a-lið 20. greinar.

Fjöldi reiknaðra stunda er miðaður við nemendur samtímis í skóla. Hér er átt við annars vegar fjölda nemenda, sem að jafnaði eru við nám kennsludag hvern í skólum, er kenna nemandahópum á víxl, t. d. annan hvern dag, og hins vegar alla nemendur í skólum, sem að einhverju eða öllu leyti eru tvísettir, þ. e. kennt er tveimur nemendahópum samdægurs.

Ákvæði um hámark reiknaðra stunda í skólum á gagnfræðastigi (b-liður 20. gr.) eru að formi til eins og ákvæði um skóla á barnafræðslustigi, en þó er gert ráð fyrir 20% hækkun á reiknuðum stundum til samræmis við hærri stundafjölda í þessum skólum.

Í c-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir, að frávik megi gera frá aðalreglu a- og b-liða, ef um sérstaklega háan stundafjölda er að ræða á hverjum kennslumánuði til þess að ná sama árangri á stuttu nemandaári og mundi fást með lengri skólagöngu hvers nemanda.

d-liður ákvæðanna er aðallega sniðinn við þarfir verknámsskóla, iðnskóla og húsmæðraskóla, sem verða að hafa mikla deildaskiptingu, en reiknað er með því, að ákvæðið verði að einhverju leyti einnig nýtt til annarrar sérkennslu, svo og vegna nemenda, sem af einhverjum orsökum eiga ekki samleið með bekkjarfélögum sínum.

e-liður kveður á um hámark, að því er varðar fjölgun reiknaðra stunda vegna heimavistar við skóla. Það er augljóst, að umsjónarþörf er afar mismunandi, og búast má við að veita verði nokkrum skólum undanþágu frá hámarksákvæðinu. Ekki þótti þó rétt að miða almennt við hærra álag en 15%, því að aðstæður eru mjög ólíkar. Sums staðar mun þetta nægja vel, annars staðar alls ekki. Hér við bætist, að nú þegar eru að verða breytingar á því fyrirkomulagi, sem upprunalega var við flesta heimavistarskóla, þ. e. samfelldri dvöl nemanda í skóla allt kennslutímabilið. Bættar samgöngur hafa þegar haft þau áhrif, að við suma heimavistarskóla sækir verulegur fjöldi nemenda skólann á venjulegan hátt, þ. e. situr í kennslustundum, en býr ekki í heimavist, og eins færist í vöxt, að nemendur dveljist aðeins í heimavist á virkum dögum, en fari heim um helgar.

Rétt þótti að taka af allan vafa um greiðslu vegna forfallakennslu, og er því í f-lið 20. gr. ákveðið, að slíkir tímar greiðist, án þess að vera taldir til reiknaðra stunda. Forfallakennsla er svo misjöfn, að ekki er rétt að láta hana hafa áhrif á þann stundafjölda, sem hver skóli hefur til umráða.

Það er ljóst, að hámarksákvæði a—e-liða nægja ekki öllum skólum, sem frumv. þetta tekur til, að óbreyttu kennslufyrirkomulagi. Hér var um tvær leiðir að velja: Fyrri leiðin var sú, að hafa sérreglur fyrir margar mismunandi tegundir skóla, húsmæðraskóla í sveit eða í kaupstað, fámenna iðnskóla, fjölmenna iðnskóla, ýmsar tegundir verknámsskóla o. s. frv. Með því hefði náðst, að sjaldan hefði þurft að sækja um undanþágur, því reglurnar hefðu verið sniðnar eftir núverandi skipulagi og í reynd verið viðurkenning á því, að hér þyrfti ekki breytinga við.

Hin leiðin var sú að hafa reglurnar einfaldar og að formi til eins fyrir alla skóla og leggja megináherzlu annars vegar á rétt nemenda til viðhlítandi kennslu og hins vegar, að kostnaður yrði ekki óhóflegur. Í þessu frumvarpi er síðari leiðin valin. Þetta leiðir af sér, að á næstu árum mun þurfa að taka afstöðu til umsókna

skóla, er að áliti skólastjóra og skólanefnda geta ekki veitt viðhlítandi kennslu innan hinna almennu hámarksákvæða frumvarpsins.

Árleg athugun á þeim aðstæðum, sem fyrir hendi eru hjá undanþáguskólunum og sem gera þeim ókleift að veita tilskilda kennslu innan þeirra almennu kostnaðarmarka, sem skólakerfinu er sett, samkvæmt frumvarpi þessu, verður þýðingarmikil upplýsingasöfnun og um leið ábending um hvað gera þarf til úrbóta.

Eðlilegt þótti að setja hámark fyrir útgjöldum ríkissjóðs vegna þeirra undanþága, sem veita verður, og hér er lagt til, að ráðuneytið hafi til umráða 2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs vegna ákvæða 20. gr., án þess að til komi sérstök fjárveiting.

Lagt er til, að fjöldi fastra kennara sé að jafnaði ekki meiri en svo, að skyldukennsla þeirra sé 70% af þeim stundafjölda, sem skólinn á rétt á. Nauðsynlegt þykir að hafa slíkt hámarksákvæði til þess að fastir kennarar eigi kost nokkurrar aukakennslu, og eins þess, að skólar geti ráðið stundakennara til sérkennslu.

Um 21. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkissjóður endurgreiði sveitarfélögum ýmist 50%, 85% eða 100% af húsaleigu og viðhaldskostnaði, viðhaldi og endurnýjun tækja og búnaðar og flutningskostnaði nemenda að og frá skólastað með skólabifreiðum, eftir því hvort um er að ræða heimangöngu- eða heimavistarskóla. Heilbrigðisþjónusta endurgreiðist úr ríkissjóði að hálfu í öllum skólaflokkum. Með þessum greiðslum verður þátttaka ríkissjóðs í kostnaðinum, miðað við kostnað 1964, aðeins lægri, þrátt fyrir það að þátttaka ríkissjóðs sé nú gerð jöfn í öllum skólaflokkum varðandi heilbrigðisþjónustu, en sú þjónusta er samkvæmt gildandi lögum greidd að 25% að því er barnaskóla varðar og 50% að því er framhaldsskóla varðar.

Viðhaldskostnaður, endurnýjun tækja og búnaðar, húsaleiga vegna skólahalds þegar um hana er að ræða, og flutningskostnaður nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, og heilbrigðisþjónusta, greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, þegar um er að ræða skóla, sem eru að öllu leyti ríkiseign. Aftur á móti skal endurkrefja heimasveit nemanda um kostnað vegna húsvörzlu, hitunar, lýsingar, ræstingar og annars rekstrarkostnaðar.

Um 22. gr.

Í 5. gr. laga nr. 54/1961, um Fræðslumyndasafn ríkisins, er menntamálaráðuneytinu veitt heimild til að kveða á um útlán eða leigu fræðslumynda úr safninu. Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að þeir skólar, sem skipta að staðaldri við safnið hafa greitt mishá árgjöld, ýmist 500, 1000 eða 1500 krónur eftir stærð skólanna. Gegn þessu gjaldi fá skólarnir ótakmörkuð viðskipti við safnið, eftir því sem geta þess leyfir, en oft verður að neita um myndir vegna þess að þær eru ekki til eða í of fáum eintökum. Þar sem mikil nauðsyn er á því skólanna sjálfra vegna að efla Fræðslumyndasafn ríkisins, hefur verið tekin heimild í 22. gr. þessa frumvarps til að ákveða, að skólar skuli greiða hver um sig til Fræðslumyndasafnsins árlegt gjald miðað við nemendafjölda og gangi gjaldið til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda. Gegn þessu gjaldi fái skólarnir síðan afnot af myndum safnsins. Gjald þetta á að greiðast að 75% úr ríkissjóði, en að 25% úr sveitarsjóðum. Segja má, að þetta ákvæði sé í rauninni staðfesting á því, sem lítillega er byrjað að framkvæma, en munurinn er sá, að ef þetta ákvæði yrði lögtekið, mundu allir skólar landsins, sem lög þessi taka til, verða gjaldskyldir til safnsins um ákveðna fjárhæð á ári, sem væntanlega yrði u. þ. b. 4000 krónur fyrir stærstu skólana. Mundi Fræðslumyndasafnið á þennan hátt fá töluvert fé til þess að auka myndaeign sína, bæði gera hana fjölbreyttari og afla fleiri eintaka af hverri mynd. Í öðrum löndum eru fræðslumyndir orðinn mikill og sjálfsagður þáttur í kennslu, en hér hefur Fræðslumyndasafnið ekki haft bolmagn sakir féleysis til þess að afla sér nægilega margra eintaka af

góðum kennslumyndum. Ber brýna nauðsyn til að bæta úr þessu, og er talið eðlilegt að ákveða fast gjald til safnsins frá skólunum fyrir afnotin. Ef horfið yrði að því fyrirkomulagi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þá væri jafnframt eðlilegt að fella framvegis niður úr fjárlögum þær fjárveitingar til Fræðslumyndasafnsins, sem eru til annars en beins rekstrarkostnaðar. Allt fé, sem ætti að ganga til endurnýjunar og aukningar myndaeignar safnsins, kæmi þá frá skólunum samkvæmt framansögðu. Gert er ráð fyrir, að árgjald skólanna verði ákveðið í reglugerð.

Um 23. gr.

Samkvæmt fyrri málsgrein 23. gr. greiða sveitarfélögin ein að öllu leyti húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu, ásamt öllum öðrum rekstrarkostnaði, sem ekki eru settar aðrar reglur um í frumvarpinu.

Á því er vaxandi nauðsyn, vegna stækkunar þjóðfélagsins, að komið verði á fót heimavistarskólum fyrir nemendur, sem af einhverjum ástæðum eiga ekki samleið með öðrum í námi, enda er svo fyrir mælt í 6. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, að börnum, sem að dómi hlutaðeigandi kennara, skólastjóra og skólalæknis, skortir hæfileika til þess að stunda nám í almennum barnaskólum eða spilla góðri reglu og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum eða hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám, skuli séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi, og má samkvæmt gildandi lögum ákveða þessum börnum einu eða tveimur árum lengri námstíma en öðrum. Kostnaður við rekstur slíkra heimavistarskóla verður eðlilega meiri af ýmsum ástæðum en við rekstur skóla fyrir venjuleg börn. Verður því að teljast eðlilegt, að ríkissjóður komi meira en nú til móts við sveitarfélögin um rekstur slíkra skóla og er í frumvarpsgreininni lagt til, að fæðiskostnaður, kostnaður við gæzlu og þjónustu í heimavistarskólum, sem stofnaðir yrðu og starfræktir samkvæmt 6. gr. laga nr. 34/1946, verði greiddur að hálfu af hvorum aðila, ríkissjóði og sveitarsjóðum. Þar sem slíkum heimavistarskólum yrði komið á fót, ættu fleiri sveitarfélög en eitt að geta komið þangað börnum, sem á slíkri skólavist þyrftu að halda, gegn greiðslu kostnaðar að sínum hluta. Kennslu afbrigðilegra barna og ýmiss konar sérkennslu þarf að sinna miklu meira en gert hefur verið.

Um 24. gr.

1. og 2. mgr. 24. gr. þarfnast ekki skýringa, en um 3. málsgreinina má geta þess, að hún lýtur fyrst og fremst að leigu á eignum skóla vegna gistihússrekstrar á sumrum, en það fer mjög vel saman, að skólahúsin séu notuð til að bæta úr hinni miklu gistihúsaþörf þann tíma árs, sem þau eru ekki notuð til kennslu. Á undanförnum árum hafa mörg skólahúsanna verið rekin sem gistihús á sumrum og hefur það fyrirkomulag reynzt vel, bætt úr brýnni þörf fyrir gististaði, þar sem ekki er grundvöllur til rekstrar gistihúsa allt árið, og einnig ætti þetta að geta gefið skólunum nokkrar tekjur.

Efni 4. mgr., um heimavistargjöld, er óbreytt frá gildandi lögum, nr. 18/1958, um breyt. á lögum nr. 41/1955.

Um 25. gr.

1. mgr. 25. gr. þarfnast ekki skýringa. Í 3. mgr. er kveðið á um, að sveitarfélögum sé skylt að sjá um eðlilegt viðhald eignanna að mati byggingadeildar menntamálaráðuneytisins, en kostnaðurinn af viðhaldinu greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, sbr. 21. gr. frumvarpsins. Í 14. gr. laga nr. 41/1955 segir um þetta, að áætla skuli viðhaldskostnaðinn og leita samþykkis menntamálaráðuneytisins um allar viðhaldsframkvæmdir, sem áætlaðar eru samtals yfir 20 þúsund krónur og

sé viðhaldskostnaður ríkissjóði óviðkomandi, ef þessum skilyrðum sé ekki fullnægt. Í staðinn fyrir þessi ákvæði kemur mat byggingadeildar ráðuneytisins á því, hvert sé eðlilegt viðhald þessara eigna.

Í 2. mgr. er kveðið á um, að umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, skuli vera í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð. Reglugerð sú, sem nú gildir um þetta efni, er nr. 113/1958.

Um 26. og 27. gr.

Hér er um svipuð ákvæði að ræða og eru í gildandi lögum nr. 41/1955.

Um 28. gr.

Efnislega eru ákvæði þessarar greinar óbreytt frá gildandi lögum, nr. 41/1955.

Um 29. gr.

Hér er um að ræða nýmæli að því leyti, að ákveðið er í frumvarpinu að koma skuli á fót samstarfsnefnd, skipaðri fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ætlazt er til, að fái til umsagnar fyrirhugaðar reglugerðir áður en þær eru gefnar út, svo að ráðuneytinu séu sem ljósust viðhorf sveitarfélaganna áður en reglugerðir, sem varða samskipti um þessi mál, eru settar.

Um 30. gr.

Þar sem þessi löggjöf felur í sér ýmis nýmæli, bæði að því er varðar stofn- og rekstrarkostnað, þá tekur nokkurn tíma að lögin komist til fullra framkvæmda. Varðandi stofnkostnað skólamannvirkja er það að segja, að erfitt kann að reynast að láta hinar nýju reglur koma þegar í stað til framkvæmda vegna óhjákvæmilegs undirbúnings, t. d. útreiknings á kostnaðarreglum (normum), en ákveðið er að lögin verði komin að fullu til framkvæmda 1. september 1968.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir, að þau skólamannvirki, sem ráðuneytið hefur samþykkt áður en reglugerð verður gefin út um þær reglur (norm), sem farið skal eftir við greiðslu stofnkostnaðar, lúti ákvæðum, sem eru í lögum nr. 41/1955, að því er varðar greiðslufyrirkomulag og skiptingu stofnkostnaðar milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

Fylgiskjal I.

Fjöldi reiknaðra stunda á mánuði (1 mánuður = 4 vikur) í heimangönguskólum barnafræðslustigs, sbr. a-lið 20. gr. frv.

Fjöldi nemenda samtímis í skóla:		Stundir á mánuði Alls:	Á nemanda:
15 nemendur			
Fyrstu	10	10× 9 = 90	
næstu	5	5× 8 = 40	
Alls	15	130	8.7
20 nemendur			
Fyrstu	10	10× 9 = 90	
næstu	10	10× 8 = 80	
Alls	20	170	8.5
25 nemendur			
Fyrstu	20	170	
næstu	5	5× 7 = 35	
Alls	25	205	8.2
40 nemendur			
Fyrstu	20	170	
næstu	20	20× 7 = 140	
Alls	40	310	7.8
80 nemendur			
Fyrstu	40	310	
næstu	40	40× 6 = 240	
Alls	80	550	6.9
160 nemendur			
Fyrstu	80	550	
næstu	80	80× 5 = 400	
Alls	160	950	5.9
240 nemendur			
Fyrstu	160	950	
næstu	80	80× 4 = 320	5.3
Alls	240	1 270	5.3
300 nemendur		300×5.3 = 1 588	5.3
400 nemendur		400×5.3 = 2 120	5.3

Fylgiskjal II.

Hámarksfjöldi reiknaðra stunda á mánuði eftir fjölda nemenda og tegund skóla.
(Miðað er við ákvæði a-, b- og e-liða 20. gr. frv. eingöngu.)

Fjöldi nemenda samtímis í skóla	Alls				Á nemanda			
	Barnafræðsla		Gagnfræðastig (+20%)		Barnafræðsla		Gagnfræðasitg	
	Heimanganga	Heimavist +15% á dálk 2	Heimanganga	Heimavist +15% á dálk 4	Heimanganga	Heimavist	Heimanganga	Heimavist
1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.
10	90	104	108	124	9.0	10.4	10.8	12.4
15	130	150	156	179	8.7	10.0	10.4	11.9
20	170	196	204	235	8.5	9.8	10.2	11.7
40	310	357	372	428	7.8	8.9	9.3	10.7
80	550	633	660	759	6.9	7.9	8.3	9.5
160	950	1093	1140	1311	5.9	6.8	7.1	8.2
240	1270	1461	1524	1753	5.3	6.1	6.4	7.3
300	1588	1826	1906	2192	5.3	6.1	6.4	7.3
400	2117	2435	2540	2921	5.3	6.1	6.4	7.3

Fylgiskjal III.

Réttur skóla til fastra kennara, miðað við að skyldukennsla sé 70% af fjölda reiknaðra stunda. Miðað er við hámarkskennsluskyldu, án afsláttar vegna aldurs eða skólastjórastarfa.

Fjöldi nemenda samtímis í skóla	Fjöldi fastra kennara			
	Barnafræðslustig		Gagnfræðastig	
	Heimanganga	Heimavist	Heimanganga	Heimavist
1.	2.	3.	4.	5.
10	0.4	0.5	0.6	0.7
15	0.6	0.7	0.9	1.0
20	0.8	1.0	1.2	1.4
40	1.5	1.7	2.2	2.5
80	2.7	3.1	3.8	4.4
160	4.6	5.3	6.6	7.6
240	6.2	7.1	8.9	10.2
300	7.7	8.9	11.1	12.8
400	10.3	11.9	14.8	17.1

Skyldukennsla á barnafræðslustigi, 36 tímar á viku, 144 tímar á mánuði.
Skyldukennsla á gagnfræðastigi, 30 tímar á viku, 120 tímar á mánuði.
Réttur flestra skóla verður í reynd hærri en tilfært er í töflu. Kemur þar bæði til, að eingöngu er miðað við reiknaðar stundir samkv. a-, b- og e-liðum 20. gr. frumvarpsins, og eins að oftast kemur til afsláttar vegna skólastjórastarfa eða aldurs.

Fylgiskjal IV.

Reiknaðar stundir hjá 25 skólum samkv. reikningi 1964 og samkv. a-, b- og e-liðum 20. gr. frumvarpsins.

Farskólar	Skóla-númer	Nemendur: Alls á árinu	Nemendur: Samtímis í skóla	Kennslu mánuðir	Gr. stundir 1964: Alls	Gr. stundir 1964: Á mánuði	Reiknaðar st. á mánuði skv. frv.	Mismunur
—	1	24	12	6	792	132	106	+ 26
—	2	15	15	6	792	132	130	+ 2
—	3	11	11	3.5	462	132	98	+ 34
Heimangönguskólar utan kaupstaða								
—	4	15	15	5	680	136	130	+ 6
—	5	20	10	6	528	88	90	÷ 2
—	6	44	44	8	2418	302	334	÷ 32
—	7	51	51	8	3313	414	376	+ 38
—	8	75	75	8	2920	365	520	÷155
—	9	89	89	7	4287	612	595	+ 17
—	10	106	106	8	4215	527	680	÷153
—	11	227	227	9	8712	968	1218	÷250
—	12	140	140	8	5352	669	850	÷181
Unglingaskólar								
—	13	36	36	7	1968	281	338	÷ 57
—	14	31	31	7	1772	253	296	÷ 43
—	15	23	23	7	1612	230	229	+ 1
—	16	31	31	7	1889	270	296	÷ 26
—	17	20	20	7	1585	226	204	+ 22
Heimavistarskólar skyldunáms								
—	18	121	65	8	5409	676	635	+ 41
—	19	110	55	8	4716	590	552	+ 38
—	20	73	40	8	3566	446	428	+ 18
—	21	92	50	8	3840	480	511	÷ 31
—	22	55	28	8	2410	301	312	÷ 11
—	23	44	23	7	2452	350	264	+ 86
—	24	28	15	8	1470	184	179	+ 5
—	25	17	9	7	1162	166	112	+ 54
Alls		1498	1221		68322	8930	9483	+388 ÷941

Tölur þessar, annars vegar greiddar stundir samkvæmt reikningum 1964, hins vegar reiknaðar stundir samkv. a-, b- og e-lið 20. gr. frumvarpsins, eru ekki fyllilega sambærilegar. Þær ættu samt að gefa sæmilega mynd af þeim frávikum, sem búast má við, og af þeim undanþágum, sem veita verður einstökum skólum. Í mismunadálk (aftast) táknar + fyrir framan tölu þær stundir, sem virðist vanta.

Ed. 319. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og rætt það á fundi sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson og Gils Guðmundsson, mun því skila séráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Í stað „130 millj. kr.“ komi: 140 millj. kr.
2. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Á árinu 1967 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir eða útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

Alþingi, 9. marz 1967.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 320. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 22. apríl 1966, um breyt á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess með þeirri breytingu, að 2. gr. falli niður, þar sem hún hefur að efni til verið tekin í lög, sem hafa nýlega verið afgreidd frá Alþingi.

BREYTNGARTILLAGA:

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 9. marz 1967.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Eðvarð Sigurðsson. Gísli Guðmundsson.

Ed. 321. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr 43 12. maí 1965.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið um það umsögn landlæknis. Mælir nefndin með samþykkt frv.

ÁB og AG voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 9. marz 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Bjartmar Guðmundsson.
Karl Kristjánsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 322. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til laga um námslán og námsstyrki.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. við frv. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma. JÞ var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. marz 1967.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Gils Guðmundsson.
Bjartmar Guðmundsson. Páll Þorsteinsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 323. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til laga um Búreikningastofu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. á tveim fundum og leggur til, að það verði samþykkt. BJ og JÁ voru ekki á fundi, er frumv. var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 9. marz 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Jón Þorsteinsson.

Ed. 324. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. á tveim fundum og leggur til, að það verði samþykkt. JÁ og BJ voru ekki á fundi, er frumv. var afgreitt úr nefnd.

Alþingi, 9. marz 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Jón Þorsteinsson.

Nd. 325. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og kallað á sinn fund forstjóra Viðtækjaverzlunar ríkisins. Veitti hann ýmsar upplýsingar og fullvissaði nefndina um, að fyrirtækið mundi eiga vel fyrir skuldum.

Meiri hluti n. er sammála um að mæla með samþykkt frv. Minni hluti skilar séráliti.

Alþingi, 9. marz 1967.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Axel Jónsson, fundaskr. Ingvar Gíslason, með fyrirvara.
Gunnar Gíslason. Guðl. Gíslason.

Ed. 326. Lög [65. mál]

um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakauptúni í Suður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Ed. 9. marz.)

Samhljóða þskj. 74.

Nd. 327. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til laga um listamannalaun.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað 2. málsl. komi tveir málsliðir, sem orðist svo:
   Veita skal á fjárlögum allt að 10 tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun ævilangt. Auk þess skal veita á fjárlögum ákveðna upphæð, eigi lægri en 5 milljónir króna, sem síðan skal skipt af sjö manna nefnd, kosinni af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, skal varið þannig, að um tvo launaflokka sé að ræða, og séu launin í öðrum helmingi hærri en í hinum.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Nefndin tekur ákvörðun um, hvernig fjárhæðin skiptist á milli launaflokka og hve margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum.
   c. 3. málsgr. orðist svo:
      Nefndarmenn gera tillögur um listamenn þá, er þeir álíta, að til greina komi, og hafa samráð við aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna, svo sem segir í 3. gr., áður en endanlega er gengið frá tillögunum. Þegar tillögur eru fram komnar, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Skal kosið samkvæmt stigakerfi, sem menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um, þannig að hver nefndarmaður merkir með tölustöfum 1, 2, 3 o. s. frv. við nöfn jafn-

margra listamanna á kjörseðilinn og ákveðið var að hljóta skyldu hærri launin. Reiknast þeim listamanni, er merkt er við með tölunni 1, hæst stigatala, en síðan fer stigatalan lækkandi hlutfallslega samkvæmt reglum ráðuneytisins. Skulu þeir listamenn hljóta launin, er hæsta fá stigatölu samanlagða. Kjörseðill er ógildur, ef merkt er við fleiri eða færri nöfn en ákveðið var.

d. Síðasta málsgrein falli niður.

3. Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, er hljóði svo:
   a. (4. gr.) Á fjárlögum fyrir árið 1968 og síðan áfram skal veita sérstaka fjárupphæð, auk þeirrar, er um getur í 1. gr., til starfsstyrkja, er ætlazt sé til að veittir séu tvö til þrjú ár í röð, alls til 10—20 listamanna, a. m. k. 2—3 milljónir króna á ári. Starfsstyrkjunum skal úthluta samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur að fengnu áliti nefndar um þetta mál, sem hann skipar og Bandalag íslenzkra listamanna á fulltrúa í. Má ráðherra og fela þingnefnd þeirri, sem kosin er samkvæmt 1. gr., þá úthlutun, og skal hún þá fylgja reglu þeirri, sem ákveðin er í 2. gr.
   b. (5. gr.) Verði almenn hækkun á launum opinberra starfsmanna, skal hækka heiðurslaun og almenn listamannalaun á fjárlögum í sama hlutfalli.

Ed. 328. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um frumvarp þetta á tveim fundum. Einn nefndarmanna (HermJ) var ekki viðstaddur, er nefndin afgreiddi málið. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með neðangreindri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Stafliður h) orðist svo:

Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Alþingi, 10. marz 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Alfreð Gíslason.

Ed. 329. Breytingartillaga [7. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætast í stafrófsröð:

1. Pedersen, Anna Lise, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Danmörku 16. maí 1935.
2. Scheel, Gerhard Walter, dyravörður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 1. júní 1925.
3. Tegeder, Gerhard Diedrich Heinrich, verkstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Þýzkalandi 17. október 1911.

Sþ. 330. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um endurskoðun á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963.

Flm.: Sverrir Júlíusson, Jón Árnason, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar 5 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi sjómannalög, að því er varðar réttindi og skyldur sjómanna og eigenda fiskiskipa.

Nefndin skal kanna, hvort eigi sé hagkvæmara, að sett verði ný lög eða lagaákvæði, er sérstaklega gildi um réttindi og skyldur sjómanna og eigenda fiskiskipa.

Skal nefndin skipuð skv. tilnefningu eftirtalinna samtaka: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og sjómannafélög innan A. S. Í. tilnefni sameiginlega tvo menn, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og Landssamband ísl. útvegsmanna tilnefni einn mann hvor aðili. Ríkisstjórnin skipi fimmta manninn án tilnefningar og sé hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lagaákvæði um réttarstöðu sjómanna voru upphaflega í siglingalögunum frá 1914. Með þeirri lagasetningu var siglingalöggjöf landsins samræmd þágildandi löggjöf Norðurlandaþjóðanna um sama efni. Á árinu 1939 voru ákvæði siglingalaganna frá 1914 um réttarstöðu sjómanna sett í sérstök sjómannalög, nr. 14 frá 1930. Með þessum breytingum var fylgt fordæmi Norðurlandaþjóðanna. Þá voru höfð til hliðsjónar gildandi sjómannalög á Norðurlöndum, er breyting var gerð á hinum íslenzku sjómannalögum hinn 8. apríl 1963. Sjómannalög þau á Norðurlöndum, sem stuðzt var við árið 1963, voru dönsk og sænsk lög frá 1952 og norsk frá 1953.

Sjómannalögin hér hafa gilt jafnt um samskipti sjómanna og eigenda flutninga- og fiskiskipa. Hins vegar er mikill munur á þessum tveimur atvinnugreinum, þ. e. rekstri flutningaskipa og rekstri fiskiskipa, að öllu leyti og vart hægt að búast við því, að heppilegt sé, að sömu lög eða lagaákvæði gildi um þessar atvinnugreinar.

Í þessu sambandi vilja flutningsmenn taka sérstaklega fram, að skyldur eigenda fiskiskipa í veikinda- og slysatilfellum sjómanna skv. gildandi sjómannalögum eru á þann veg, að þau geta stofnað afkomu fiskiskipaeigenda í mikla hættu, þegar um er að ræða greiðslu á aflahlut í veikindatilfellum. Má fullyrða, að ákvæði þessi eigi sér ekki hliðstæðu í samskiptum atvinnurekenda og atvinnuseljenda, eigi hvað sízt þegar tillit er tekið til hinnar miklu áhættu, sem ávallt er samfara útgerð fiskiskipa. Einnig má geta þess, að ákvæði sjómannalaganna varðandi uppsagnarfresti gilda jafnt um yfirmenn á 20—30 rúmlesta fiskiskipum og á stærstu farþega- og flutningaskipum Íslendinga.

Við setningu norsku sjómannalaganna 1953 kom í ljós, að ýmis vandkvæði voru á, að lögin giltu jafnt fyrir sjómenn á fiski- og flutningaskipum. Voru því gerðar ýmsar undantekningar í þessu sambandi, m. a. varðandi ákvæði eins og greint er frá hér á undan.

Eftir gildistöku íslenzku sjómannalaganna, sem sett voru 1963, hefur komið í ljós, að ýmis vandkvæði hafa orðið á við beitingu þeirra í samskiptum sjómanna og eigenda fiskiskipa. Eigi verður séð, að undantekningarákvæði hinna norsku laga hafi verið tekin upp við endurskoðunina 1963. En við þá endurskoðun var stuðzt við sjómannalög hinna Norðurlandaþjóðanna frá 1952 og 1953, eins og fyrr segir. Síðan hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum hinna Norðurlandaþjóðanna, og teljum við, að rannsaka eigi ýtarlega núgildandi löggjöf á Norðurlöndum um þetta efni og hafa hana til hliðsjónar við endurskoðun þá, sem lagt er til, að hér verði framkvæmd, en jafnframt taka til athugunar sérstöðu útgerðar fiskiskipa hér á landi.

Að lokum skal þess getið, að nú mun standa yfir endurskoðun hinna norsku sjómannalaga, og er talið, að sett verði sérstök lög um samskipti sjómanna og eigenda fiskiskipa.

Leggjum við eindregið til, að endurskoðun þessari verði hraðað sem mest, svo að hægt verði að leggja hinar væntanlegu breytingar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nd. 331. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um Jarðeignasjóð ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Þá er Jarðeignasjóði og heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa samkvæmt ákvæðum 6. gr.
2. Við 6. gr.
   a. Á eftir 1. málsl. 1. málsgr. komi: enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það að dómi Landnáms ríkisins og Búnaðarfélags Íslands verður til þess að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi, enda fari salan fram í samráði við sveitarstjórn.
   b. Í stað orðanna „Heimilt er samkvæmt meðmælum Landnáms ríkisins“ í 2. málsgr. komi: Heimilt er og, að fengnum meðmælum Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
3. Við 7. gr. Á eftir „Landnámi ríkisins“ komi: Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórn.
4. Við 10. gr.
   a. Á eftir orðunum „gjöldum og sköttum“ í 1. málsgr. komi: öðrum en fasteignaskatti af ónytjuðum jörðum sjóðsins, er greiðist með sama hætti og af öðrum jarðeignum.
   b. Niður falli í sömu málsgrein orðin „hverju nafni sem nefnist.“
5. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar samkv. 9. gr., skulu ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum sköttum og gjöldum, hverju nafni sem nefnast, sbr. þó 10. gr.
   Skylt er Jarðeignasjóði að taka þátt í fjallskilakostnaði vegna jarða í fámennum hreppum með erfið fjallskil.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins. Eignir Jarðakaupasjóðs, aðrar en jarðir, renna til Jarðeignasjóðs ríkisins.

Ed. 332. Frumvarp til laga [147. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. marz.)

1. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 8% viðbót við það lágmarksverð á ferskfiski öðrum en síld og loðnu, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins og yfirnefnd þess ákveða. Skal viðbótin skiptast þannig, að 5% greiðist mánuðina marz og apríl, en 11% aðra mánuði ársins.

2. gr.

Til þess að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að lækka greiðslur til verklegra framkvæmda og framlag til verklegra framkvæmda annarra aðila á fjárlögum ársins 1967 um 10%. Þá er ríkisstjórninni einnig heimilt að lækka greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1966 um 20 millj. kr. frá því, sem ákveðið er í 16. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, með þeirri breytingu, sem ákveðin var með lögum nr. 67 23. des. 1964, um breytingu á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Á árinu 1967 er ríkisstjórninni heimilt að verja 20 millj. kr. til þess að greiða fiskseljendum verðbætur á línu- og handfærafisk. Þessar greiðslur koma til skipta á milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

4. gr.

Heimilt er að greiða viðbótarbætur á línufisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október til 31. desember 1966, umfram þá 25 aura á kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 16 16. apríl 1966, að ríkissjóður skyldi greiða. Heildarverðbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1966 skulu þó ekki fara fram úr 20 millj. kr.

5. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1966 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

6. gr.

Stofna skal sjóð, er hafi það hlutverk að greiða verðbætur vegna verðfalls á frystum fiskafurðum, sem framleiddar eru á árinu 1967, öðrum en síldar- og loðnuafurðum, svo sem fyrir er mælt í 7. gr.

Ríkissjóður greiði til sjóðsins 140 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966. Verði innstæða í sjóðnum eftir reikningslok, skal því fé ráðstafað sem stofnfjárframlagi til verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, enda hafi þá verið sett lög um slíkan sjóð. Ella rennur innstæða þessi í ríkissjóð. Ríkissjóður ábyrgist, að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar þær, sem á hann eru lagðar í 7. gr.

7. gr.

Sjóður sá, sem um ræðir í 6. gr., greiðir verðbætur á frystar fiskafurðir, framleiddar á árinu 1967, aðrar en síldar- og loðnuafurðir. Verðbætur þessar skulu nema 55% af verðlækkun, er verða kann miðað við verðlag, er fékkst fyrir sömu framleiðslu á árinu 1966. Verði verðfall á árinu 1967, er nemi meiru en 5% miðað við verðlag 1966, skuli verðbæturnar hækka til viðbótar um 2% af heildarverðlækkuninni fyrir hvert 1%, sem verðlag lækkar umfram 5%. Greiðsla verðbóta skal þó aldrei vera hærri en 75% af verðlækkun.

Skipta skal freðfiskframleiðslunni í nokkra meginflokka eftir fisktegundum, og skulu verðbætur reiknaðar af hverjum flokki fyrir sig. Um framkvæmd á greiðslum úr sjóðnum fer að öðru leyti eftir reglum, er sjávarútvegsmálaráðherra setur.

8. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1967, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Seðlabanki Íslands úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

9. gr.

Á árinu 1967 heimilast að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. til verðbóta á útfluttar skreiðarafurðir eða útfluttar afurðir af öðrum fiski en síld og loðnu eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

10. gr.

Í samráði við samtök framleiðenda og þær lánastofnanir, er sérstaklega starfa fyrir sjávarútveginn, lætur ríkisstjórnin fram fara athugun á rekstraraðstæðum og fjárhagslegri uppbyggingu frystiiðnaðarins. Á grundvelli hennar verði gerðar tillögur, er miði að því að bæta rekstrargrundvöll frystihúsanna, svo sem með bættri uppbyggingu iðnaðarins, aukinni hráefnisöflun, tæknibreytingum og fjárhagslegri endurskipulagningu. Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir. Allar tillögur um eftirgjafir á kröfum ríkissjóðs skulu lagðar fyrir fjárveitinganefnd til samþykktar. Heimilt er fjármálaráðherra að gefa eftir greiðslur stimpil- og þinglýsingagjalda vegna eigendaskipta, sem þurfa að eiga sér stað í sambandi við þessar aðgerðir.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 16 16. apríl 1966, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Ed. 333. Frumvarp til laga [161. mál]

um togarakaup ríkisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa allt að sex skuttogara með það fyrir augum, að þeir verði seldir bæjarútgerðum, félögum eða einstaklingum.

2. gr.

Togarar þessir séu af a. m. k. tveim gerðum, fremur litlir skuttogarar, sem geti ísvarið fisk fyrir heimamarkað, og stórir skuttogarar, búnir fullkomnum tækjum til að heilfrysta fisk.

3. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. og 2. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 300 millj. kr. lán, er greiðist upp, þegar skipin hafa verið seld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um meira en hálfrar aldar skeið hefur útgerð togara verið veigamikill þáttur íslenzks atvinnulífs og átt ríkan þátt í framfarasókn þjóðarinnar á þessari öld. Segja má með fullum rétti, að árið 1907, þegar togarinn „Jón forseti“ kom hingað nýsmíðaður, héldi tæknin innreið sína í íslenzkan sjávarútveg. Á næstu árum eignuðust Ís-

lendingar allmarga togara, sem flestir voru öndvegisskip á þeirra tíma mælikvarða. Íslenzkir togarasjómenn sýndu það brátt, að þeim var treystandi til að hagnýta hina nýju tækni, enda báru þeir brátt af fiskimönnum annarra þjóða um afla og afköst. Á tímum heimsstyrjaldarinnar fyrri og árunum þar á undan gerðu þessi nýju og stórvirku atvinnutæki Íslendingum kleift að hagnýta auðlindir hafsins á betri og fullkomnari hátt en áður, juku stórlega magn og verðmæti íslenzkra útflutningsafurða og lögðu grundvöll að vexti og viðgangi hinna stærstu útgerðarstaða.

Undir styrjaldarlok voru flestir togaranna seldir úr landi, en jafnskjótt og friður komst á, var hafizt handa um endurnýjun togaraflotans. Eins og áður var kostað kapps um að kaupa sem bezt og fullkomnust skip, og voru sumir hinna nýju togara sendir til veiða á fjarlæg mið, svo sem til Nýfundnalands. Togarar þessir voru einnig gerðir út til síldveiða með herpinót að sumarlagi og báru þar langt af öðrum skipum um aflasæld og afköst. Þrátt fyrir erfiðleika allrar íslenzkrar útgerðar á kreppuárunum eftir 1930, á tímum stórfellds verðfalls og markaðsörðugleika, átti togarafloti landsmanna þá ómetanlegan þátt í að bjarga afkomu fólks við sjávarsíðuna og forða þjóðarbúinu frá algeru hruni. Á heimsstyrjaldarárunum síðari sönnuðu togaranir enn, hversu afkastamikil og gagnsöm atvinnutæki þeir voru. Þótt togaraflotinn hefði þá ekki verið endurnýjaður um langa hríð, flest skipin gömul orðin og að ýmsu leyti úrelt, var þessi aldraði skipastóll þess umkominn að draga stórfellda björg í bú, sem hægt var að grípa til að stríðinu loknu og hagnýta til endurnýjunar skipastólsins og margvíslegra annarra framkvæmda.

Að lokinni síðari heimsstyrjöld voru keyptir hingað til lands yfir 40 nýir togarar, stærri og fullkomnari en hinir eldri höfðu verið, búnir öllum þeim tækjum og tækni, sem þá var tiltæk og henta þótti íslenzkum aðstæðum. Þessi nýju fiskiskip voru keypt til útgerðarstaða víðs vegar um land. Í þriðja sinn á fjórum áratugum voru Íslendingar komnir í fremstu röð á sviði togaraútgerðar. Fyrstu árin var afli góður, togararnir tryggðu fjölda fólks atvinnu og lögðu upp mikinn afla í hraðfrystihús um land allt. Áttu togararnir mikinn þátt í að efla fiskiðnaðinn, með því að hagnýta djúpmið og flytja fiskvinnslustöðvunum hráefni allan ársins hring, að heita mátti, sem bátafloti landsmanna var þá ekki fær um nema að takmörkuðu leyti. Og enn er það svo og verður vafalaust um langan aldur, að þorskafli bátanna fæst aðallega á vissum árstímum, en eyður verða á milli vertíða. Togarar einir eru um það færir að stunda þorskveiðar á hvaða árstíma sem er, hvaða miðum sem er og nær því hvernig sem viðrar. Þegar togaraafla nýtur ekki við, eru hraðfrystihús dæmd til að standa ónotuð eða starfa með lágmarksafköstum drjúgan hluta ársins, vegna skorts á hráefni, til stórtjóns fyrir reksturinn og afkomu þess fólks, sem við fiskiðnað vinnur.

Það orkar ekki tvímælis, að togarafloti Íslendinga hefur á undanförnum áratugum verið einn af hyrningarsteinum umbóta og framfara, sem hér hafa orðið. Á vissum tímabilum hafa þessi stórvirku atvinnutæki lagt slíkan skerf til þjóðarbúsins, að ómetanlegt var.

Íslenzk togaraútgerð hefur átt við mikla örðugleika að etja síðustu árin. Ber margt til þess. Minni fiskgengd en áður á þau mið við Ísland, Grænland og Nýfundnaland, sem togurum hafa verið tiltæk, á ríkan þátt í versnandi afkomu. Með stækkun fiskveiðilandhelginnar var íslenzkum togurum bægt af gömlum fiskislóðum, og hafði það einnig nokkur áhrif. Óhagstæð verðlagsþróun innanlands hefur valdið síhækkandi rekstrarkostnaði togara. Við þetta bætist, — og sennilega ríður það baggamuninn, — að íslenzkir togarar eru flestir orðnir gamlir og úreltir. Úthaldskostnaður er af þeim sökum óeðlilega mikill, viðhald skipanna dýrt, sáralitlar umbætur hafa orðið á tæknibúnaði til vinnuhagræðingar og verksparnaðar og áhafnir því fjölmennar. Afleiðingin hefur orðið sú, að togurum fer hríðfækkandi; sumir eru seldir úr landi fyrir afar lágt verð, aðrir liggja óhreyfðir og ryðga við festar. Er nú svo

komið, að í stað 40—50 togara, sem héðan voru gerðir út fyrir nokkrum árum, er einungis um 20 skipum haldið úti. Um sum þeirra er vitað, að eigendur bíða eftir því einu að geta selt þau öðrum fiskveiðiþjóðum.

Meðan þessi stórfelldi samdráttur hefur átt sér stað, og enda þótt við blasi endalok íslenzkrar togaraútgerðar, ef ekkert verður að gert, halda ráðamenn þjóðarinnar að sér höndum.

Hér verður að breyta um stefnu. Endurnýjun togaraflotans er orðin knýjandi nauðsyn.

Á síðari árum hefur orðið alger bylting í togarasmíði, veiðitækni og aflameðferð hjá öðrum fiskveiðiþjóðum. Skuttogarar hafa komið til sögunnar og reynzt stórfelld framför frá eldri gerðum togskipa. Vinnuaðstaða er þar allt önnur og betri en á hinum gömlu togurum, tekizt hefur að koma við á nýju skipunum margvíslegri vinnuhagræðingu og vélvæðingu, sem leiðir til sparnaðar í mannafla.

Þær raddir heyrast nú í seinni tíð, að bátafloti landsmanna eigi að geta leyst togarana af hólmi. Hér er um háskalegan misskilning að ræða. Enn er ekkert veiðarfæri til, sem komið getur í staðinn fyrir botnvörpuna, ef stunda á með árangri þorsk- og karfaveiðar á djúpmiðum allan ársins hring. Hverfi íslenzk togaraútgerð úr sögunni, yrðu mikilsverð fiskimið hér við land eftirlátin öðrum þjóðum einum, auk þess sem Íslendingar hefðu þá ekki lengur not af fjarlægum miðum, svo sem við Grænland og Nýfundnaland. Þá mundi einnig glatast dýrmæt reynsla togarasjómanna og útgerðarmanna, sem torvelt gæti orðið að endurheimta síðar, þótt þess yrði talin þörf. Loks er það staðreynd, að starfsgrundvöllur stórra og afkastamikilla hraðfrystihúsa víðs vegar um land má teljast algerlega brostinn, ef ekki nýtur við togaraafla.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er nauðsynlegt að hefjast þegar handa um endurnýjun íslenzka togaraflotans. Verður við þá endurnýjun að byggja á reynslu þeirra fiskveiðiþjóða, sem beztum árangri hafa náð við gerð og rekstur nýtízku skuttogara, jafnframt því sem sú tækni sé samhæfð íslenzkum aðstæðum og reynslu, svo sem framast verður við komið. En sú reynsla fæst ekki með öðru móti en því, að byggðir verði eða keyptir nokkrir skuttogarar í tilraunaskyni. Um stærð þeirra og gerð verður að sjálfsögðu að hlíta forsögn sérfróðra manna, erlendra og innlendra. Flm. þessa frv. telja æskilegt, að togarar þeir, sem nú yrðu keyptir, væru af mismunandi stærðum og a. m. k. af tveim gerðum. Annars vegar þyrfti að gera tilraunir með fremur litla skuttogara, sennilega um 500 lestir að stærð, sem geymdu fiskinn ísvarinn og lönduðu honum til vinnslu í hraðfrystihúsum. Hins vegar ætti að kaupa nokkuð stóra skuttogara, 1000—1400 lestir að stærð, og væru þeir búnir hraðfrystitækjum til heilfrystingar á fiski. Yrði þar einnig við það miðað, að þessir togarar öfluðu fyrsta flokks hráefnis fyrir innlendan markað. Hraðfrystihús þau, sem tækju heilfrystan fisk úr þessum togurum til vinnslu, yrðu að sjálfsögðu að koma sér upp tækjum til að þíða fiskinn, en slík tæki eru nú komin til sögunnar og notuð víða erlendis með góðum árangri. Slík vinnsla hraðfrystihúsa úr heilfrystum fiski á að geta gjörbreytt aðstöðu þeirra og gert reksturinn stórum tryggari en verið hefur. Þá skapast möguleikar til fastrar, daglegrar vinnslu, líkt og á sér stað um hvern þann verksmiðjurekstur, þar sem hægt er að geyma birgðir hráefnis óskemmdar langtímum saman og vinna það eftir því, sem haganlegast er fyrir reksturinn.

Til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls þarf aðstoð hins opinbera að koma til, bæði að því er varðar aðild að smíðasamningi skuttogara og útvegun lánsfjár. Hins vegar er eðlilegt, að starfandi bæjarútgerðum og öðrum togarafélögum verði gefinn kostur á að eignast og reka hina nýju skuttogara, þegar þar að kæmi. Ef til vill reynist nauðsynlegt, meðan útgerð slíkra togara er á tilraunastigi hér, að hið opinbera styðji þær tilraunir með einhverjum hætti. Engan veginn er þó víst, að til fjárstuðnings þurfi að koma umfram það, sem felst í fyrirgreiðslu varðandi hagkvæm lán til kaupanna.

Jafnskjótt og einhver reynsla væri komin á hin nýju skip og talið, að hún lofaði góðu, yrði að gera nokkurra ára áætlun um endurnýjun íslenzka togaraflotans, t. d. þannig, að honum bættust a. m. k. 4—6 skip á ári. En eins og nú standa sakir, ber brýna nauðsyn til, að sem allra fyrst sé hafizt handa um öflun skuttogara í tilraunaskyni. Þess vegna er frv. þetta flutt.

Nd. 334. Frumvarp til laga [162. mál]

um vörumerki.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Með skráningu samkvæmt lögum þessum geta atvinnurekendur öðlazt einkarétt til þess að nota vörumerki sem sérstök auðkenni fyrir vörur, verk eða þjónustu, er þeir hafa til sölu í atvinnurekstri sínum (vörumerkjaréttur).

Vörumerki geta verið myndir, orð eða orðasambönd, þar á meðal vígorð, bókstafir eða tölur, búnaður vöru eða umbúðir.

Ákvæði laga þessara um vörur eiga einnig við um verk og þjónustu, sem í té er látin, eftir því sem við á.

2. gr.

Atvinnurekendur öðlast og vörumerkjarétt, þótt merki sé eigi skráð, ef það hefur náð markaðsfestu.

Nú er merki á vöru almennt þekkt á tilteknu sviði viðskipta hér á landi, sem auðkenni á vöru notanda þess, og telst það þá hafa náð markaðsfestu.

3. gr.

Enn fremur er hverjum heimilt í atvinnurekstri sínum að nota nafn sitt, firmanafn, eða nafn á fasteign sinni sem vörumerki, svo fremi, að sú notkun sé ekki á þann veg, að villzt verði á merkinu og vörumerkjum annarra.

Nafn annars manns, firma eða sérkennilegt nafn á fasteign hans má ekki heimildarlaust nota sem vörumerki.

Eigi má heldur nota auðkenni sem vörumerki, ef villast má á því og vörumerki, er annar hefur þegar tekið í notkun hér á landi. Sama er um vörumerki, sem annar hefur þegar tekið í notkun erlendis, svo fremi, að sá, er ætlar að nota það hér á landi, þekki eða ætti að þekkja það.

4. gr.

Vörumerkjaréttur skv. 1.—3. gr. veitir eiganda vernd gegn því, að aðrir noti heimildarlaust í atvinnuskyni vörumerki, er villzt verður á og merki hans. Á þetta við um hvers konar notkun, hvort sem merkið er sett á sjálfa vöruna eða umbúðir hennar, notað í auglýsingum, verzlunarbréfum eða á annan hátt, og skiptir eigi máli, hvort selja á vöruna hér á landi eða erlendis. Heimildarlaus munnleg notkun merkisins er og bönnuð.

Nú er merki notað fyrir tilteknar vörur, og er þá öðrum en eiganda óheimilt að vísa til þess merkis, þegar seldir eru varahlutir, eða annað fylgifé þeirrar vöru, nema samþykki eiganda merkisins komi til, enda sé vísað til merkisins á þann hátt, að ætla megi, að fylgifé stafi frá eiganda merkisins eða hann hafi gefið samþykki sitt til notkunar þess.

Nú gerir annar en eigandi vörumerkis verulegar breytingar á vörum auðkenndum merkinu, hvort heldur er með aðgerðum, viðgerðum eða á annan svipaðan hátt, og má hann þá því aðeins nota merkið, án samþykkis eiganda, ef varan er á ný boðin til sölu í atvinnuskyni, að breytinganna sé greinilega getið, eða að þær eftir atvikum komi greinilega í ljós.

5. gr.

Vörumerkjaréttur nær ekki til þeirra hluta vörumerkis, sem aðallega miða að því að gera vöruna, búnað hennar eða umbúðir hagkvæmari í notkun, eða miða annars að öðru en því að auðkenna hana.

6. gr.

Samkvæmt lögum þessum skal eigi telja vörumerki svo lík hvert öðru, að hætta sé á, að menn villist á þeim, nema þau nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar.

Þó má líta svo á, að um hættu á misgripum sé að ræða:

a) ef vörumerki hefur náð ríkri markaðsfestu og er auk þess svo alkunnugt hér á landi, að notkun annars aðila á líku merki jafnvel fyrir aðrar vörutegundir, felur í sér misnotkun á verðmæti („goodwill") merkisins, eða

b) ef vörumerki hefur náð markaðsfestu og notkun annars en eiganda á líku merki fyrir aðrar vörur, með hliðsjón af séreiginlegum varanna, er bersýnilega til þess fallin að rýra verulega verðmæti þess merkis, sem markaðsfestu hefur náð.

7. gr.

Nú krefjast tveir eða fleiri, hver um sig, vörumerkjaréttar á auðkennum, er villast má á, og gengur þá eldri réttur fyrir yngri, ef annað leiðir ekki af síðargreindum ákvæðum.

8. gr.

Yngri réttur á skráðu vörumerki getur notið jafnhliðaverndar rétti á eldri vörumerki, þótt merkin séu svo lík, að villast megi á þeim, svo fremi, að tilkynning um skráningu hafi verið afhent í góðri trú og 5 ár séu liðin frá skráningardegi hins síðar skráða merkis, án þess að mál hafi verið höfðað til ógildingar skráningunni.

9. gr.

Yngri réttur á vörumerki getur og notið jafnhliða verndar rétti á eldra merki, þótt villast megi á merkjunum:

a) ef eigandi eldra merkis hefur ekki innan hæfilegs tíma gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir notkun yngra merkisins,

b) ef réttinum á merkjunum hefur verið náð með notkun þeirra í mismunandi landshlutum og álíta má að nota megi bæði merkin eftir sem áður, án verulegs tjóns fyrir eiganda hins eldra réttar.

10. gr.

Í tilvikum þeim, er um ræðir í 8.—9. gr. geta dómstólar, ef það telst sanngjarnt, ákveðið, að annað merkjanna eða bæði megi eingöngu nota á sérstakan hátt, t. d. þannig, að þau séu af ákveðinni gerð, staðarnafni bætt við eða þau á annan veg skýrt aðgreind.

11. gr.

Samkvæmt beiðni eiganda skráðs vörumerkis ber höfundum, útgefendum og forleggjurum orðabóka, handbóka, kennslubóka og þess háttar sérfræðirita að gæta þess, að merki sé ekki birt, nema þess sé jafnframt getið, að um skráð vörumerki sé að ræða.

Nú vanrækir maður skyldur sínar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og ber honum þá að kosta leiðréttingu, er birt skal á þann hátt, er sanngjarnt þykir.

II. KAFLI
Um skráningu vörumerkja.

12. gr.

Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt, sbr. 20. og 21. gr. Skráninguna annast vörumerkjaskráritari, er ráðherra skipar.

13. gr.

Það er skilyrði skráningar vörumerkis, að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skal eigi telja nægjanlegt sérkenni. Sama er um merki, sem eingöngu eru bókstafir eða tölustafir og ekki hafa sérkennilegt lag.

Þegar kveða skal á um, hvort merki hafi nægjanlegt sérkenni, skal líta til allra aðstæðna, og þó einkum til þess, hversu lengi og að hve miklu leyti merkið hefur verið í notkun.

14. gr.

Vörumerki má eigi skrá:

1) ef heimildarlaust eru í merkinu ríkistákn, opinber alþjóðamerki, merki íslenzkra bæjar- eða sveitarfélaga, opinber skoðunar- og gæðamerki, sérstök heiti greindra einkenna eða annað, sem til þess er fallið, að villzt verði á því og framangreindum merkjum og táknum. Bannið nær því aðeins til opinberra skoðunar- og gæðamerkja, að óskað sé skráningar merkis fyrir sömu eða svipaðar vörutegundir og þær, sem framangreind merki og tákn eru notuð fyrir.

2) ef merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum,

3) ef merkið er annars andstætt lögum eða allsherjarreglu, eða til þess fallið að valda hneyksli,

4) ef í merkinu felst eitthvað það, sem gefur tilefni til að ætla, að átt sé við firma annars manns, nafn annars manns eða mynd, enda sé þá ekki átt við löngu látna menn, eða í merkinu felst sérkennilegt nafn á fasteign annars manns eða mynd af henni,

5) ef í merkinu felst eitthvað, er skilja má sem sérkennilegan titil á verndaðu bókmenntalegu eða listrænu verki annars manns, eða ef gengið er á höfundarrétt annars manns á slíku verki, einkaleyfisrétt hans, mynzturrétt eða rétt til ljósmynda,

6) ef villast má á merkinu og vörumerki, sem skráð hefur verið hér á landi samkvæmt eldri tilkynningu eða hefur verið notað hér á landi, þegar tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað hér,

7) ef merkið er til þess fallið, að villzt verði á því og vörumerki, sem notað er erlendis á þeim tíma, sem tilkynning um skráningu er afhent, og enn er notað þar, enda hafi tilkynnandi vitað eða átt að vita, hvernig á stóð um hið erlenda merki, þegar hann afhenti tilkynningu sína.

Þrátt fyrir ákvæðin í 4), 5), 6) og 7) tölul. má skrá merki, ef nægjanleg heimild er til og ekki er ástæða til að ætla, að skráningin valdi villu.

15. gr.

Vörumerkjaréttur sá, er menn öðlast við skráningu, nær eigi til þeirra hluta merkis, sem eigi er heimilt að skrá eina sér.

Nú er í merki eitthvað það, sem nefnt er í 1. mgr., og sérstök ástæða er til að ætla, að skráning merkisins geti valdið vafa um það, hve víðtækur vörumerkjarétturinn er, og má þá við skráninguna undanskilja berum orðum vernd á þeim hlutum merkis.

Nú kemur síðar í ljós, að þá hluta merkis, sem undanskildir hafa verið við vernd, megi að réttu lagi skrá, og má þá skrá slíka hluta merkis, eða merkið sjálft, án þeirra takmarkana, er um getur í 2. mgr.

16. gr.

Vörumerki skal skrá í ákveðnum flokki eða flokkum vara.

Greining í vöruflokka ákveður ráðherra og auglýsir.

17. gr.

Tilkynning vörumerkis til skráningar skal vera skrifleg og send vörumerkjaskráritara. Í tilkynningu skal vera mynd af merkinu, nafn eða firma tilkynnanda og hver atvinnurekstur hans er. Þá skal og geta um þær vörutegundir, sem merkið óskast skráð fyrir eða vöruflokka, sem það óskast skráð í. Loks skal tilkynningin að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði sett samkvæmt 46. gr.

18. gr.

Nú er vörumerki notað í fyrsta sinn fyrir vörur, sem sýndar eru á landssýningu eða alþjóðlegri sýningu hér á landi, er nýtur viðurkenningar ráðherra, og er síðan tilkynnt til skráningar innan 6 mánaða frá þeim tíma talið, er það kom fram á sýningunni, og skal sú tilkynning, að því er snertir síðar tilkomin atvik, svo sem notkun annarra á merkinu eða tilkynningu á því, talin fram komin þegar er merkið var birt á sýningunni.

Ráðherra getur ákveðið og auglýst, sbr. 46. gr., að reglur þær, sem um getur í 1. mgr., skuli gilda um vörumerki, er fram koma í fyrsta sinn á alþjóðasýningum erlendis, opinberum eða viðurkenndum af hinu opinbera, enda sé um gagnkvæma vernd að ræða.

19. gr.

Nú hefur tilkynnandi ekki gætt þeirra fyrirmæla, sem sett eru um tilkynningar, eða vörumerkjaskráritari telur, að aðrar tálmanir leiði til þess, að synja beri um skráningu, og ber þá vörumerkjaskráritara að senda tilkynnanda rökstudda synjun og ákveður hann jafnframt frest, er tilkynnandi má nota til þess að skýra mál sitt.

Að fresti loknum kveður vörumerkjaskráritari á um, hvort orðið skuli við beiðni tilkynnanda. Vörumerkjaskráritari getur þó gefið tilkynnanda kost á að koma fram nánari skýringum.

Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til ráðherra eða dómstólanna samkvæmt ákvæðum 44. gr.

20. gr.

Nú fullnægir tilkynning gerðum kröfum og engin tormerki eru talin á því að skrá merkið, og skal þá vörumerkjaskráritari hið fyrsta birta auglýsingu um hana. Í auglýsingu skal skýrt frá aðalefni tilkynningarinnar og birt mynd af merkinu.

Auglýsing skal birt í Stjórnartíðindum eða sérstöku blaði, er ríkisstjórnin gefur út. Nánari reglur um birtinguna setur ráðherra.

Andmælum gegn skráningu merkis ber að koma skriflega fram innan tveggja mánaða talið frá birtingardegi auglýsingarinnar, og skulu þau rökstudd.

21. gr.

Að loknum fresti samkvæmt 20. gr. athugar vörumerkjaskráritari tilkynninguna að nýju, sbr. 19. gr.

Nú er tilkynning samþykkt, og ber þá að skrá merkið í vörumerkjaskrána og auglýsa skráninguna samkvæmt 20. gr.

Nú er synjað um skráningu merkis, sem auglýst hefur verið samkvæmt 20. gr., og skal þá synjun birt á þann hátt, er þar segir.

Ákvörðun vörumerkjaskráritara getur tilkynnandi skotið til ráðherra eða dómstóla samkvæmt ákvæðum 44. gr.

22. gr.

Vernd sú, sem skrásett vörumerki fær hefst frá þeim degi, er tilkynning samkvæmt 17. gr., sbr. 19. gr., er afhent og helzt um 10 ára bil frá skráningardegi.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis verður skráning endurnýjuð um 10 ára bil hverju sinni, talið frá lokum hvers skráningartímabils.

23. gr.

Tilkynningu um, að óskað sé endurnýjunar á skráningu, skal eigi afhenda vörumerkjaskráritara, fyrr en 1 ári áður og eigi síðar en 6 mánuðum, eftir að skráningartímabilinu lýkur.

Nú þykir eigi neitt athugavert við tilkynninguna, og verður endurnýjun þá skráð í vörumerkjaskrána.

Nú hefur tilkynning um endurnýjun eigi verið afhent, áður en skráningartímabilinu lauk, og sendir þá vörumerkjaskráritari eiganda merkisins, eða umboðsmanni hans, sbr. 31. gr., tilkynningu um það. Nú er slík tilkynning eigi send, og ber þá vörumerkjaskráritari eigi ábyrgð á því.

24. gr.

Samkvæmt umsókn eiganda merkis má gera minni háttar breytingar á skráðu vörumerki, enda valdi þær því eigi, að heildaráhrif merkisins raskist.

Slíkra breytinga skal getið í skránni.

III. KAFLI

Um afnám skráningar.

25. gr.

Nú er vörumerki skráð andstætt ákvæðum þessara laga, og getur þá dómur fellt skráninguna úr gildi, sbr. þó ákvæði 8.—10. gr.

Með dómi má og fella skráningu úr gildi, ef eigandi merkis er hættur atvinnurekstri, merki er, eftir að það er skráð, bersýnilega orðið óhæft til þess að auðkenna vöru eiganda þess frá vörum annarra, og loks, ef það er orðið villandi, andstætt allsherjarreglu eða til þess fallið að valda hneyksli.

26. gr.

Hverjum þeim, sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta, er rétt að höfða mál gegn eiganda merkis í því skyni, að skráning þess verði felld úr gildi.

Vörumerkjaskráritari er og réttur sóknaraðili í málum samkvæmt ákvæðum 13. gr., 1. til 3. tölul., 14. gr. og 2. mgr. 25. gr.

27. gr.

Merki verða afmáð úr vörumerkjaskránni samkvæmt dómi, svo og ef skráning er eigi endurnýjuð eða eigandi merkis óskar þess, að merkið verði afmáð.

Hverjum þeim dómstóli, sem fellir skráningu úr gildi eða breytir henni, ber að senda vörumerkjaskráritara endurrit dómsins.

IV. KAFLI
Sérreglur um skráningu erlendra vörumerkja.

28. gr.

Nú tilkynnir atvinnurekandi, sem ekki rekur fyrirtæki hér á landi, vörumerki til skráningar, og ber honum þá að sanna, að hann hafi fengið samsvarandi merki skráð í heimalandi sínu fyrir þær vörutegundir, sem tilkynning hans fjallar um.

Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst að ákvæðum 1. málsgreinar skuli eigi beitt.

29. gr.

Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, að vörumerki, sem eigi mundi talið skráningarhæft hér á landi, en hefur verið skráð í öðru ríki, megi þó skrá hér á sama hátt og í hinu erlenda ríki, enda sé þá fullnægt nánari skilyrðum, er auglýsingin greinir. Slík skráning veitir þó í engu rýmri rétt en samsvarandi skráning í hinu erlenda ríki.

30. gr.

Nú er um gagnkvæma réttarvernd að ræða, og getur ráðherra þá auglýst, sbr. 46. gr., að tilkynning hér á landi um vörumerki, sem tilkynnt hefur verið til skráningar erlendis, skuli, að því er snertir síðar til komin atvik, svo sem tilkynningu annarra á merkinu eða notkun á því, talin fram komin samtímis tilkynningunni í hinu erlenda ríki, enda komi tilkynningin fram hér innan frests, sem ráðherra ákveður.

31. gr.

Eiganda vörumerkis, sem eigi er heimilisfastur hér á landi, ber að hafa umboðsmann heimilisfastan hér. Umboðsmaðurinn skal hafa heimild eiganda merkis til þess að taka við stefnu af hans hálfu, svo og öðrum tilkynningum, er merkið varða, þannig að bindi eigandann. Nafn umboðsmanns og heimilisfang skal skráð í vörumerkjaskrána.

Nú hefur hæfur umboðsmaður eigi verið nefndur, og ber þá eiganda merkis að bæta úr því, sem áfátt er, innan frests, sem vörumerkjaskráritari ákveður. Tilkynningu um frestinn ber að senda í ábyrgðarbréfi, en ef ókunnugt er um heimilisfang eiganda merkis, þá með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Nú er umboðsmaður samkvæmt ofangreindu eigi nefndur, áður en frestur er úti, og skal þá merkið afmáð úr skránni.

V. KAFLI
Um framsal, leyfi o. fl.

32. gr.

Rétt til vörumerkis má framselja ásamt atvinnurekstri þeim, sem það er notað í, eða eitt sér.

Nú framselur einhver atvinnurekstur sinn, og eignast framsalshafi þá vörumerki atvinnurekstrarins, nema um annað hafi verið samið, eða megi telja umsamið.

33. gr.

Hver sá, sem eignazt hefur rétt á skráðu vörumerki, skal tilkynna það til vörumerkjaskráritara, og getur hann þá eigendaskiptanna í vörumerkjaskránni.

Þar til framsal er tilkynnt til skráningar, getur vörumerkjaskráritari talið þann eiganda merkis, sem síðast var skráður eigandi.

34. gr.

Nú hefur eigandi skráðs vörumerkis leyft öðrum að nota merkið í atvinnuskyni, og skal þess þá getið í vörumerkjaskránni, ef eigandi eða leyfishafi óskar þess. Nú sannast, að leyfi sé niður fallið, og skal þess þá getið í vörumerkjaskránni, á sama hátt og að framan greinir.

Leyfishafi getur því aðeins framselt rétt sinn, að um það hafi verið samið.

35. gr.

Nú hefur réttur að skráðu vörumerki verið veðsettur, eða aðför gerð í honum, og skal þá, ef eigandi merkis, veðhafi eða aðfararhafi óskar, geta þess í vörumerkjaskránni.

VI. KAFLI

Um bann gegn notkun villandi vörumerkja.

36. gr.

Nú verður notkun vörumerkis villandi, eftir að það hefur verið framselt, eða leyfi til þess að nota það hefur verið tilkynnt, og má þá með dómi banna hlutaðeigandi að nota merkið í þeirri gerð, sem það er.

Sama er og, ef vörumerki er annars villandi, eigandi þess notar það á villandi hátt eða einhver annar með hans samþykki.

Vörumerkjaskráritari, svo og hver sá, sem hagsmuna hefur að gæta, getur höfðað mál samkvæmt þessari grein.

VII. KAFLI

Ákvæði um réttarvernd.

37. gr.

Notkun vörumerkis, andstæða ákvæðum laga þessara, má banna með dómi.

Hver sá, sem af ásetningi brýtur gegn rétti á skráðu vörumerki, skal sæta sektum.

Sókn sakar fyrir brot gegn ákvæðum laga þessara á sá, sem telur hagsmuni sína skerta. Um málsmeðferð fer samkvæmt 2. tl. 1. liðs, 200 gr. laga nr. 85/1936.

Mál, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, skulu rekin fyrir Sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur, ef eigandi merkis er búsettur erlendis.

38. gr.

Hverjum þeim, sem af ásetningi eða gáleysi brýtur gegn vörumerkjarétti, er skylt að bæta tjón það, sem af hefur hlotizt.

Nú brýtur einhver gegn vörumerkjarétti, án þess að um ásetning eða gáleysi sé að ræða, og er honum þá skylt að bæta þeim, er brotið var gegn, tjón hans eftir því, sem sanngjarnt þykir. Bætur þessar mega þó aldrei vera hærri en ætla má, að nemi hagnaði hins bótaskylda af brotinu.

39. gr.

Í málum út af brotum gegn rétti á skráðu vörumerki, verður 2. lið 37. gr. því aðeins beitt, að brot hafi verið framið, eftir að merkið var skráð.

40. gr.

Krafa samkvæmt 38. gr. fyrnist á 5 árum. Stafi krafan af refsiverðu verki, fyrnist hún á 10 árum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. liðs má höfða mál til greiðslu bóta fyrir brot gegn vörumerkjarétti, ef brot hefur verið framið, eftir að merkið var tilkynnt til skráningar, enda sé mál höfðað innan árs frá skráningardegi.

41. gr.

Í málum út af brotum gegn vörumerkjarétti getur dómur ákveðið, að gerðar skuli ráðstafanir til að hindra misnotkun á merkinu. Í því skyni getur dómur kveðið svo á, að merkið skuli numið brott af þeim vörum, sem eru í vörzlu hlutaðeiganda eða hann annars ræður yfir. Ef nauðsyn ber til, má ákveða, að ónýta skuli vöruna eða afhenda hana þeim, er misgert var við, gegn bótum eða án þeirra.

42. gr.

Nú hefur leyfi verið veitt til notkunar á vörumerki, og eru þá hvor um sig, leyfissali og leyfishafi, réttur sóknaraðili í málum um brot gegn vörumerkjaréttinum, enda hafi eigi verið á annan veg samið.

Nú vill leyfishafi höfða mál, og ber honum þá að tilkynna leyfissala það. Vanræksla í þessu efni varðar frávísun máls.

VIII. KAFLI
Gæðamerki.

43. gr.

Þau ákvæði þessara laga, er snerta vörumerki, ná og til gæðamerkja, að því leyti sem samrýmzt getur sérákvæðum um þau merki.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

44. gr.

Ákvarðanir vörumerkjaskráritara samkvæmt lögum þessum getur tilkynnandi borið undir ráðherra þann, sem fer með vörumerkjamál, enda sé það gert innan þriggja mánaða frá þeim degi, er ákvörðun var tekin. Leita má til dómstóla, þótt málið hafi verið borið undir ráðherra. Nú óskar tilkynnandi úrskurðar dómstóla, og ber honum þá að höfða mál innan 6 mánaða frá þeim tíma, er vörumerkjaskráritari eða ráðherra tók ákvörðun sína.

45. gr.

Öllum er rétt að kynna sér efni vörumerkjaskrárinnar, annað hvort með því að skoða hana eða með því að fá endurrit úr henni. Öllum er og rétt að fá vitneskju um, hvort merki er skráð.

46. gr.

Ráðherra sá, er fer með vörumerkjamál, setur nánari reglur um afhendingu og meðferð á tilkynningum til vörumerkjaskrárinnar, þar á meðal um fresti til að krefjast forgangsréttar, sbr. 18. og 30. gr., um form skrárinnar og færslu, útgáfu skráningarblaðs og efni þess, svo og um gjöld fyrir tilkynningar, afgreiðslur, endurrit o. fl.

47. gr.

Með þeim takmörkunum, sem leiðir af 48. gr., koma ákvæði laga þessara í stað laga um vörumerki nr. 43 13. nóvember 1903, án þess þó að það raski gildi fyrri skráninga. Vörumerki þau, sem skráð hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu standa áfram í vörumerkjaskránni, þótt þau fullnægi eigi skilyrðum laga þessara til þess að verða skráð sem ný vörumerki.

Um þau vörumerki, sem skráð eru samkvæmt eldri lögum, kemur skráning í vöruflokka, sem um ræðir í 16. gr., eigi til framkvæmda, fyrr en skráning er endurnýjuð.

48. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1968, og falla þá úr gildi lög nr. 43 13. nóvember 1903; lög nr. 13 13. janúar 1938; lög nr. 77 26. júní 1941, svo og önnur lög, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

Með tilkynningar, sem borizt hafa vörumerkjaskráritara, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa hlotið afgreiðslu, skal farið eftir eldri lögum. Ef tilkynnandi óskar, skal þó farið með slíkar tilkynningar eftir þessum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 20. maí 1958 skipaði ríkisstjórnin þá Sigurgeir Sigurjónsson, hæstaréttarlögmann, Pál Pálmason, ráðuneytisstjóra og Theódór B. Líndal, prófessor, í nefnd til að endurskoða lög nr. 43 13. nóvember 1903 um vörumerki. Í október 1966 lauk nefndin störfum með samningu frumvarps þessa, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Árið 1882 komu fram á Norðurlöndum sameiginlegar tillögur um vörumerkjalöggjöf. Tillögur þessar voru árangur af starfi nefndar, sem skipuð var tveim mönnum frá hverju landanna Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Tillögurnar urðu að lögum nær óbreyttar í Noregi og Svíþjóð 1884 og í Danmörku 1890. Vörumerkjaréttur landanna varð þannig að heita mátti hinn sami. Þá var Finnland hluti af rússneska keisaraveldinu, og tóku Finnar ekki þátt í þessari samvinnu. Árið 1889 voru þar þó sett lög um vörumerki, er að mestu voru í samræmi við Norðurlandalögin.

Dönsku vörumerkjalögin voru ekki lögfest hér um sinn, þótt eðlilegt hefði mátt telja, eins og sambandi landanna var þá háttað.

En 1903 fengu hér gildi lög nr. 43. 13. nóv. 1903, um vörumerki. Þau eru þýðing á dönsku lögunum með nokkrum smávægilegum breytingum, sem áttu rót sína að rekja til staðhátta hér. Þær fólu hins vegar ekki í sér neitt fráhvarf frá grundvallarreglum og almennum sjónarmiðum dönsku laganna.

Ekki leið á löngu, þar til farið var að breyta hinum nær samhljóða norrænu lögum. Samvinna var þó ekki um þá lagasetningu. Í Noregi voru t. d. sett ný lög 1904, allfrábrugðin hinum eldri. Í Danmörku voru sett ný lög 1936. Áður höfðu verið gerðar ýmsar breytingar á eldri lögum. Lögin frá 1936 eru þó reist á grundvelli hinna eldri laga. Í Finnlandi og Svíþjóð hafa gömlu lögin til skamms tíma verið í gildi með nokkrum breytingum þó. Hér á landi eru lögin frá 1903 enn í gildi óbreytt að mestu, sbr. þó lög nr. 13 13. jan. 1938 og lög nr. 77 26. júní 1941, sbr. lög nr. 84 19. júní 1933. Hér má og nefna, að með lögum nr. 102 28. des. 1961 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta hina svonefndu Parísarsamþykkt.

Þróunin hefur því orðið sú, að hinn sameiginlegi vörumerkjaréttur Norðurlanda hefur greinzt í sundur að nokkru leyti. Verður að telja það illa farið og þá ekki sízt af því, að vörumerkjaréttur er ein þeirra greina réttarins, sem alþjóðleg sjónarmið hljóta að móta. Hann er að því leyti svipaðs eðlis og t. d. vixil- og tékkaréttur, sjóréttur, loftréttur, einkaleyfisréttur, a. m. k. sumar greinar persónu- og sifjaréttar o. fl. Það er alkunnugt, að þróun á sviði alþjóðaviðskipta, vélvæðingar og tækni, hefur verið mjög ör, og því hæfir 70—80 ára gömul löggjöf engan veginn þeim kröfum, sem nú verður að gera á þessu sviði.

Ljós merki þess eru alþjóðasamningar, sem gerðir hafa verið á sviði vörumerkjaréttar síðustu árin. Má þar nefna:

Parísarsamþykkt um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar frá 20. marz 1883. Þessi samþykkt hefur síðan verið endurskoðuð, m. a. í Bruxelles 14. desember 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925 og í London 2. júní 1934. Með lögum nr. 102 frá 28. desember 1961 var ríkisstjórninni heimilað að staðfesta Parísarsamþykktina fyrir Íslands hönd eins og hún hafði verið endur-

skoðuð samkvæmt því, sem hér að framan segir. Notaði ríkisstjórnin þessa heimild og hefur samþykktin haft lagagildi hér frá 5. marz 1962.

A fyrrgreindri Parísarsamþykkt hafa og verið gerðar aðrar breytingar en hér að framan segir, t. d. í Lissabon 31. október 1958, en Ísland hefur ekki gerzt aðili að þeirri breytingu. Af öðrum alþjóðasamningum á þessu sviði, sem Ísland hefur ekki gerzt aðili að, má enn fremur nefna hina svokölluðu Madridarsamþykkt 14. apríl 1891, er síðan hefur verið endurskoðuð í Bruxelles 14. des. 1900, í Washington 2. júní 1911, í Haag 6. nóvember 1925 og í London 2. júní 1934, hina svokölluðu Pan-Amerísku samþykkt frá 1929, Afríku- og Malagasamþykkt og loks Rómarsamþykktina svokölluðu.

Með tilliti til þess, að Ísland hefur gerzt aðili að framangreindri Parísarsamþykkt, eins og hún var síðast endurskoðuð í London 1934, þá má telja skylt að samræma vörumerkjalöggjöf vora þessari alþjóðasamþykkt.

Samkvæmt framangreindu er þörfin á endurskoðun íslenzks vörumerkjaréttar því augljós.

Varasamara má telja, hvernig þeirri endurskoðun skuli haga. Hinna alþjóðlegu sjónarmiða, er einkum verður að hafa í huga, er áður getið. Hins vegar má ekki gleymast, að jafnframt verður að miða við ýmiss konar sérstöðu, t. d. landfræðilega og þjóðernislega, svo og staðhætti og réttarskipan.

Nú er enginn vafi á því, að í flestum þessum tilvikum stöndum vér næst Norðurlöndum, og sýnist þá sönnu næst, að þangað sé fyrirmynda leitað, enda hafa sömu þarfir gert vart við sig þar og hér. Á árinu 1949 var skipuð samnorræn nefnd til þess að endurskoða vörumerkjalöggjöf Norðurlanda. Vér Íslendingar tókum ekki þátt í því starfi. Nefndin varð sammála um frumvarp að nýjum vörumerkjalögum, og var það að mestu samhljóða fyrir öll löndin.

Nokkur mismunur var þó, en ekki að því, er meginatriði snerti. Það, sem á milli bar, átti einkum rót sína að rekja til mismunandi réttarfarsreglna og skipulags á stjórnsýslu. Nokkur munur er og á rétti landanna um verzlunarhætti, dómvenju og sögulega þróun réttarins. Loks kom og til munur í málfari og málþróun. Málin, að finnsku undanskilinni, eru að vísu lík, en orðamerking og blær orða þó ekki alltaf hinn sami. Sums staðar varð því ekki hjá mismunandi orðalagi komizt, enda er rík nauðsyn á því, að orð hafi hnitmiðaða merkingu á sviði vörumerkjaréttar. Orðfæð eða óljós merking orðs leiðir því til þess, að oft verður að grípa til orðasambanda, ef nákvæm merking á að nást.

Þau sjónarmið, sem að framan eru rakin, fela það í rauninni í sér, hver leið er eðlilegt, að farin sé, þegar íslenzkur vörumerkjaréttur er endurskoðaður. Hér hefur sú leið verið farin, að vel athuguðu máli, að hafa Norðurlandalögin að fyrirmynd og reyndar að nota það úr þeim, sem sameiginlegt er, óbreytt. — Eins og kunnugt er, og vikið er að hér að framan, höfum við Íslendingar lengi verið samferðamenn Dana á sviði löggjafar, og leiðir af því, að ýmislegt af því, sem munur er á í norrænu lögunum er tekið úr danska frumvarpinu. Hins vegar er tekið tillit til sérstöðu hér á landi, eftir því sem efni standa til, og verður að því vikið í athugasemdum hér á eftir í sambandi við einstakar greinar.

Þess skal að lokum getið, að nefnd sú, sem að framan getur, lauk störfum sínum á þann hátt, að nefndarmenn hvers lands gengu frá frumvarpi fyrir sig. Frumvörp þessi urðu síðan að lögum, og má því segja, að nú sé aftur kominn í gildi samnorrænn vörumerkjaréttur í eins miklu samræmi við alþjóðlegan vörumerkjarétt og aðstæður leyfa. Gildandi lög um vörumerkjarétt á Norðurlöndum eru þessi:

Danmörk, l. nr. 211 11. júní 1959; Svíþjóð, l. nr. 2/12 1960; Noregur, l. nr. 4 3. marz 1961 og Finnland, l. nr. 7 10. jan. 1964.

Álitsgerðir og frumvörp, sem hafa að geyma ýtarlegar greinargerðir, er lögin snerta eru m. a. Betænkning vedrörende en ny dansk lov om varemærker, (nr. 199) Kbh. 1958; Innstilling til lov om varemærker, Bergen 1958, og Förslag til Varumärkeslag Betänkande avgivet av Varumärkes- og Firmautredningen, Stockholm 1958.

Um einstakar greinar.

I. kafli.
Almenn ákvæði.

1.—11. gr.

1.—3. gr. fjalla um það, með hverju móti hægt er að öðlast vörumerkjarétt, en það er hægt á þrennan hátt:

1) með skráningu, sbr. 1. gr.
2) með því að merkið öðlist markaðsfestu, sbr. 2. gr. og
3) við notkun, sbr. 3. gr.

Hér eru orðin „öðlist markaðsfestu“ þýðing á danska orðinu „indarbejdet“.

Í 4.—6. gr. er fjallað um efni vörumerkjaréttar. Aðalreglan er í 4. gr., en í 5. og 6. gr. eru nokkrar takmarkanir. 7.—10. gr. hafa að geyma ákvæði um hagsmunaárekstur. Í 7. gr. kemur fram sú aðalregla, að eldri réttur hefur betri vernd en yngri réttur. Í 8. gr. kemur sú regla fram, að skráð vörumerki skapar ríka réttarvernd gegn yngra merki. Í 9. gr. eru reglur um þau tilvik, er yngri réttur nýtur verndar jafnframt eldra rétti. 10. gr. veitir dómstólum heimild til þess að kveða á um, hvernig notkun merkja, sem um er rætt í 8. og 9. gr., skuli haga, til þess að sem bezt verði komizt hjá því, að villzt verði á merkjunum. Loks geymir 11. gr. reglu um rétt eiganda skráðs vörumerkis, er vörumerki hans er birt í alfræðibókum, orðabókum o. s. frv. Hann á þá rétt á því, að vörumerkiseðlis þess, sem birt er, sé getið. Þessi regla er að vísu nokkru sérstæðari en hinar. Hún er hins vegar svo þýðingarmikil, að hún er réttilega sett í þennan kafla.

Þess var áður getið, að dönsku lögin nr. 211 11. júní 1959 hafi verið mjög höfð til fyrirmyndar jafnframt hinum Norðurlandalögunum.

Hér verður því einungis vikið stuttlega að einstökum greinum, en annars vísað til álitsgerða norrænu nefndanna, sem nánar eru tilgreindar í kaflanum: „Almennar athugasemdir“ hér á undan.

Þess skal jafnframt getið, að óvíða er ríkari þörf á nákvæmni og markvissu orðalagi en í vörumerkjarétti. Því er svo farið um íslenzkt mál, að það er að ýmsu vanþroskað, er gera skal grein fyrir hugtökum nútímans. Því hefur ekki orðið hjá því komizt að þýða lögin þannig, að reynt sé að ná nákvæmni án orðhengilsháttar.

Um 1. gr.

Hér er haldið þeirri reglu gildandi laga, að menn öðlist vörumerkjarétt við skráningu merkis. En jafnframt geta menn öðlazt vörumerkjarétt á annan hátt, þ. e. við notkun, sbr. 3. gr., og með því að markaðsfesta merkið, sbr. 2. gr.; ákvæði 2. og 3. gr. eru nýmæli að formi til, þótt þau hafi efnislega verið talin felast í 10. gr. l. nr. 43/1903, sbr. og 9. gr. laga nr. 84/1933, um óréttmæta verzlunarhætti.

Í greininni segir, að „atvinnurekendur“ geti öðlazt vörumerkjarétt. Orðið hefur ekki hárnákvæma merkingu, en á hér að samsvara danska orðinu „erhvervsdrivende“, þótt Finnar, Norðmenn og Svíar noti hér orðið „næringsdrivende“, er ekki talið, að um neinn mun sé að ræða. Ekki er ætlazt til, að hópur þeirra, sem vörumerkjarétt geta öðlazt, sé þrengdur, frá því sem 1. gr. laga nr. 43/1903 kveður á um. Aðalsjónarmið, sem hér kemur til, er, að um starfsemi sé að ræða á viðskiptagrundvelli. Hreinn höfundarréttur og réttur til uppfinninga lýtur því ekki ákvæðum laganna. Þar koma til ákvæði um höfundarrétt og einkaleyfisrétt. Hér geta takmörkin að vísu oft verið óljós, en láta verður skráningaryfirvöldum og dómstólum eftir að marka þau.

Orðið atvinnurekandi nær að sjálfsögðu til ópersónulegra aðila, þar með opinberra aðila, eigi síður en einstaklinga.

1. gr. l. nr. 43/1903 er orðuð þannig, að vörumerkjaréttur nái aðeins til vöru, sbr. og l. nr. 84/1933. Nafn laganna og orðið „vörumerkjaréttur“ bendir og til hins sama. Hins vegar hefur þróunin hvarvetna orðið sú, að andlag réttarins yrði að

vera viðtækara, enda hafa orðin „eða aðra atvinnu“ í 1. gr. l. nr. 43/1903 verið notuð því til stuðnings. Þau sjónarmið er að baki liggja viðurkenningu vörumerkjaréttar eiga og allt eins við um ýmiss konar þjónustu.

Greinin er orðuð þannig, að þetta sjónarmið komi skýrt fram.

Markmið vörumerkjaréttar er tvíþætt. Annars vegar að veita þeim, sem viðskipti stunda, þá réttarvernd, að þeir geti auðkennt vörur sínar frá vörum annarra og þannig notið hagnaðar af starfi sínu. Hins vegar hefur vörumerkið auglýsingagildi og hefur þannig áhrif á kaupendur. Er því nokkur áherzla lögð á, að merki séu ekki villandi fyrir almenning. Orðið auðkenni táknar þetta markmið. Það verður aldrei tæmandi talið, hvað til þess þurfi, að auðkenni né nægjanlega greinilegt. Eigi hefur verið talið nægilegt, að benda mætti á mismun tveggja merkja. Aðalsjónarmiðið er að merkin í heild séu svo lík, að hætt sé við, að kaupandi, sem sjaldan athugar merkin nákvæmlega eða hefur þau ekki hlið við hlið, villist á þeim. Gert er ráð fyrir, að þetta sjónarmið gildi framvegis.

Í l. nr. 43/1903 eru engin ákvæði um, hvernig merki skuli gert til þess að njóta réttarverndar, en þó er gert ráð fyrir, að merki þurfi að vera sérkennilegt.

Í frv. eru taldar algengustu tegundir merkja, sem ætlazt er til, að frv. nái til. Sú upptalning er þó engan veginn tæmandi, enda stöðugt um ný fyrirbæri að ræða, sem eðlilegt getur verið, að lögin nái til.

Það hefur farið mjög í vöxt, að kaupsýslumenn noti sérstök orðasambönd sem auðkenni á vöru sinni eða þjónustu, og er þá oft talað um „vígorð“ (slogan). Hér á landi hefur slíkt tíðkazt, og má þar nefna sem dæmi af handahófi tekin: „allt með Eimskip“, „alltaf er hann beztur Blái borðinn“, „kaupirðu góðan hlut, þá mundu hvar þú fékkst hann“ o. fl.

Hér er um tiltölulega nýtt fyrirbæri að ræða, og nokkur vafi hefur þótt á því, hvort vígorð væru skráningarhæf. Engin deila hefur þó verið um það, að vígorð verði að fullnægja sömu skilyrðum og önnur skráningarhæf orð, þ. e. vera svo sérkennileg, að almenningur festi þau sér í minni, sem auðkenni sérstakrar vöru eða þjónustu ákveðins aðila.

Skráning vígorða hefur og tíðkazt í Danmörku og Noregi. Hér á landi munu íslenzk vígorð því aðeins hafa verið skráð, að jafnframt væri um myndmerki að ræða. Finnar og Svíar hafa hér farið hægar í sakirnar. Hin norræna vörumerkjanefnd var þó sammála um, að vígorð ættu að vera skráningarhæf og að rétt væri, að bein heimild væri veitt til þess, en hana hefur skort til þessa. Ágreiningur var hins vegar um það, hvenær vígorð væri skráningarhæft. Finnar og Svíar hafa talið, að til þess þyrfti vígorð að hafa náð markaðsfestu, en Danir og Norðmenn hafa talið, að þess þyrfti ekki með. Norrænu lögin eru því mismunandi að þessu leyti. Í þessu frv. hefur dansk-norsku reglunni verið fylgt.

Í 2. mgr. greinarinnar er þess getið, að búnaður vöru eða umbúðir geti verið skráningarhæf. Í íslenzkum lögum er ekki bein heimild til þess að skrá búnað og umbúðir vöru sem vörumerki. Hins vegar hafa umbúðir og búnaður notið vörumerkjaverndar í Danmörku frá árinu 1931.

Almennt er álitið, að hér sé um hagsmuni að ræða, sem rétt sé að vernda, og er frv. orðað með það í huga, enda er eðlilegt, að bein heimild sé gefin í lögum. Oft getur að vísu verið erfitt að draga mörkin á þessu sviði, en aðalsjónarmiðið verður hér hið sama og um önnur vörumerki, þ. e. auðkenniseðlið. 2. mgr. 15. gr. felur og í sér heimild til takmarkana á því, hve víðtæk verndin eigi að vera. Hér má og nefna 13. gr. frv., sem felur í sér leiðbeiningu á þessu sviði.

Um 2. gr.

Almennt veita gildandi lög ekki öðrum vörumerkjum vernd en þeim, sem skráð eru, sbr. þó 3. mgr. 11. gr. laga nr. 43/1903. Óbeint kemur og fram í 13. gr., sbr. og 4. gr. sömu laga, að notkun merkis geti veitt nokkra vernd. Í framkvæmd hefur og notkun merkis notið vissrar verndar, einnig hér á landi.

Notkun merkis er nú orðið almennt talin til þess fallin að njóta réttarverndar, enda skiptir það efnislega meira máli, að merki sé í reynd orðið þekkt sem auðkenni heldur en hin formlega skráning. Til samræmis við almennan vörumerkjarétt er því sjálfsagt, að notkun vörumerkis njóti verndar, þótt skráning hafi eigi farið fram. Þetta sjónarmið er og viðurkennt, m. a. í 9. gr. l. nr. 84/1933.

Það er og augljóst, að sé notkun merkis hæf til verndar, næst sú vernd ekki, svo að viðunandi sé, ef hún er rýrari en vernd skráðs merkis. Efnislega verður hún því að vera hin sama. Annað mál er, að sönnunarbyrði um notkun merkis hvílir á þeim, sem telur sig eiga réttarverndina, og er þar aðstöðumunur.

Þau sjónarmið, sem leiða til þess, að notkun merkis njóti réttarverndar, leiða þó til þess, að notkunin verði að vera slík, að merkið sé almennt skoðað sem auðkenni vöru sérstaks aðila, þ. e. að merkið sjálft sé nægjanlegt auðkenni vörunnar, sem það nær til, og aðili sá, sem hlut á að máli, sanni tengsl þess við sig. Er þannig stendur á, er á Norðurlandamálum sagt, að merkið sé „indarbejdet". Hér er notað orðið „náð markaðsfestu". Innan norrænu vörumerkjanefndarinnar, var nokkur ágreiningur um það, hvort verndin næði eigi of skammt með þessu orðalagi.

Danir töldu þann, sem fyrstur notaði merki, eiga tilkall til réttarverndar, og hafði það sjónarmið verið viðurkennt í framkvæmd með stoð í dönsku vörumerkjalögunum.

Hin Norðurlöndin féllust ekki á þessa skoðun, og urðu því frv. nefndarinnar ekki samhljóða að þessu leyti.

Þess hefur áður verið getið, enda alkunnugt, að það er sérkenni merkis, sem öðru fremur er andlag vörumerkjaréttar. Þar skiptir nokkru máli frumleiki. Það virðist því rétt að veita sérkennilegu merki vernd, jafnvel þótt það hafi eigi náð markaðsfestu. Þá ber og að gæta þess, að merki, sem byrjað er að nota, er frumlegt og almenningur er farinn að tengja tiltekinni vöru ákveðins manns, freistar oft annarra til þess að fá merkið skráð fyrir sínar vörur og nota sér þannig á auðveldan hátt sköpunargáfu og starf annarra. Slíkt háttalag er í andstöðu við góða verzlunarháttu og því rétt að sporna við því. Af þessum ástæðum, svo og hinu nána réttarsambandi, sem lengi hefur verið með Dönum og Íslendingum, hefur þótt rétt að fylgja hér danska frv., sem þegar er orðið að lögum í Danmörku.

Þegar um það er að ræða, að merki hafi náð markaðsfestu, getur oft verið erfitt um sönnun. Danska reglan gerir hér auðveldara um vik, þótt það geti að vísu oft verið erfitt að sanna, hvenær merki hafi verið tekið í notkun. Það gerir minna til. Hitt vegur meira, að léttara sé um sönnun á markaðsfestu merkis.

Reglan í 5. gr. á að sjálfsögðu einnig við þau merki, sem ekki hafa verið skráð.

Um 3. gr.

Athugasemdir við 2. gr. eiga að ýmsu við um þessa gr., og vísast að því leyti til þeirra.

Hins vegar er rétt að geta þess hér, að nöfn manna, firmanöfn og nafn á fasteign manns eru almennt nefnd eðlisbundin (naturlige) vörumerki. Í 1. gr. l. nr. 43/1903 er gengið út frá því, að slík nöfn sé heimilt að nota sem vörumerki, og nýtur þessi réttur verndar samkv. 13. gr. laganna. Hvort hér sé um lögverndaðan einkarétt að ræða, veltur þó a. m. k. að verulegu leyti á því, hversu sérkennilegt nafn er. Hér á landi er nafnréttur mjög á reiki, og má reyndar segja, að þar sé nánast um löglaust ástand að ræða og því nauðsyn á lagasetningu. En það hlutverk er utan sviðs þessa frv.

Hér er því fylgt norrænu frv., sem reyndar eru að mestu í samræmi við gildandi lög hér, sbr. einkum 1. og 13. gr. l. nr. 43/1903.

Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um efni vörumerkjaréttar.

1. liður. Þessi liður þarf ekki sérstakra skýringa við. Þess er áður getið, að

það, sem máli skiptir, er, hversu merkið er aðgreinanlegt frá öðrum merkjum, svo og að hér er um einkarétt á sviði kaupsýslu að ræða. Orðið eigandi táknar hér skandinaviska orðið „indehaver", en það orð er e. t. v. nokkru víðtækara. Ekki er þó hugsunin sú, að merking orðsins sé þrengd.

Þótt hér sé um einkarétt að ræða, felur hann ekki í sér, að merkið megi nota á hvern hátt, sem er. Sérákvæði laga setja notkun réttarins viss takmörk, sbr. 1. gr. l. nr. 84/1933. Hins vegar felur rétturinn í sér heimild eiganda til þess að banna öðrum að nota í atvinnuskyni merki eða tákn, sem villast má á og merki hans. Eigandi merkis getur því, er þannig stendur á, fengið merki, sem skráð hefur verið, afmáð, og eiga dómstólar síðasta orðið í því efni.

2. liður. Það ber stundum við, að annar en sá, er verndað vörumerki á fyrir ákveðna vöru, framleiðir og/eða selur viðbótarhluti eða varahluti, sem nota má í sambandi við þá vöru, er vörumerkjarétturinn nær til. Reynslan hefur sýnt, að eðlilegt má telja, að þeim, sem aukahlutinn hefur á boðstólum, sé heimilt að skýra frá tengslum aukahlutarins við aðalhlutinn. Hins vegar verður að sjá við því, að aðstaðan verði ekki notuð þannig, að almenningur megi álíta aukahlutinn stafa frá þeim, sem vörumerkjaréttinn á. Rétt hefur þótt, að þetta komi skýrt fram í lögunum, sbr. m. a. orðalagið „vísa til", en ekki nota.

3. liður. Vörumerkjaréttinum eru þau takmörk sett, að þegar eigandi réttarins hefur afhent vöruna, má viðtakandi selja vöruna með merkinu á, enda er það að jafnaði eiganda merkis fremur til framdráttar en tjóns. Þetta á þó því aðeins við, að varan sé hin sama og var, a. m. k. að mestu leyti. Eigandi merkis getur að vísu oft tryggt sig með því t. d. að geta þess, hvenær megi búast við, að kostir vörunnar séu skertir. T. d. hve lengi meðal haldi mætti sínum. Tímamarka má þá geta.

Þegar um er að ræða hluti til varanlegrar notkunar, t. d. vélar, bíla o. s. frv., er það algengt, að einhver geri við slíkan hlut — setji t. d. nýja hluti í stað slitinna og úr sér genginna. Aðalhluturinn getur þá litið út sem nýr, en þá skapast hætta á því, að vörumerkið lækki í áliti.

Ákvæði þessa liðs miða að því að sporna við slíkri réttarskerðingu.

Um 5. gr.

Hér eru vörumerkjaréttinum sett þau takmörk, að hann nær ekki til þeirra hluta merkis, sem aðallega lúta að því að gera umbúðir vöru sem notadrýgstar, en miða hins vegar ekki sérstaklega að því að auðkenna hana. Vörumerkjaréttur er næði til slíks búnaðar, væri til þess fallinn að tálma framförum á þessu sviði. Sé um búnað að ræða, sem að athuguðu máli þykir rétt að vernda, ber að fara einkaleyfisleiðina.

Þörfin á ákvæðum þessarar greinar er enn ríkari, af því að frv. opnar leið til þess, að vörumerkjaréttur geti náðst á búnaði og umbúðum, sbr. 2. mgr. 1. gr. Þá heimild má ekki nota svo, að leið opnist til skráningar merkis, sem skortir sérkenni. Hins vegar geta umbúðir vöru verið svo sérkennilegar, að fullnægt sé kröfum til vörumerkis.

Um 6. gr.

Hér er rætt um það, hvað helzt skiptir máli, þegar meta skal, hvort hætt sé við, að menn villist á vörumerkjum.

Um verulega breytingu frá eldri lögum og réttarframkvæmd er ekki að ræða, en ákvæðin eru gerð skýrari. Það, sem fyrst og fremst skapar hættu á misgripum, er það, að lík merki eru notuð fyrir sömu eða líkar vörur. Þá er það og heildarmynd merkis, sem meiru ræður heldur en það, þótt benda megi á einhvern mismun merkjanna. Enn ber þess að gæta, að það er sjónarmið hins almenna kaupanda, sem hafa ber í huga, og loks ber að hafa hugfast, að venjulegast er það aðeins annað merkið, sem kaupandi hefur fyrir augum, þannig að tækifæri gefst ekki til samanburðar.

Einkum skiptir máli sjónarmynd sú, sem merkið skapar. En að því er orðmerki varðar, er það ekki síður hljómlíking, sem til greina kemur.

Þótt ekki sé um sömu eða líkar vörur að ræða, getur hætta á misgripum skapazt. Einkum má þó telja, að aðili, sem á rétt til mjög þekkts merkis, eða merkis, sem ríkri markaðsfestu hefur náð, verði eigi talinn njóta nægilegrar réttarverndar, ef öðrum aðila er heimilt að nota merki hans eða líkt merki fyrir vörur, þótt annarrar tegundar séu. a) og b) liðir greinarinnar eiga að veita vernd slíkum hagsmunum merkiseiganda, og er það í samræmi við almennar vörumerkjareglur (kokakkenningin svonefnda). Hér er þó um undantekningar að ræða, sem ekki má skýra of rúmt. Ekki er það skilyrði, að um vísvitandi ágengni sé að ræða af hálfu þess, sem merki notar.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um þá almennu reglu, að eldri réttur á vörumerki gengur fyrir yngra, ef um merki er að ræða, sem villast má á.

Þessi forgangsréttarregla getur þó leitt til óheppilegrar réttarskerðingar. Í 8. og 9. gr. eru því sett undantekningarákvæði. Rétt er að geta þess, að beinlínis á forgangsréttarreglan aðeins við, þegar rétti til vörumerkja lendir saman, en hins vegar ekki, þegar deila rís um nafnréttindi og vörumerkjaréttindi. Þar koma reglur annarra laga fyrst og fremst til greina, þótt lögjöfnun geti þó komið til.

Tímamarkið er miðað við afhendingu tilkynningar til skráningar.

Nafn aðila og sérkennilegt nafn á fasteign hans nýtur verndar samkv. 3. gr. En um forgangsréttinn ræður, hvor aðili notar nafnið fyrr sem vörumerki. Réttur til þess að rita firmanafn sem vörumerki fylgir réttinum til firmanafnsins.

Notkun vörumerkis án skráningar skapar forgangsrétt á sama hátt og skráning, en sönnun fyrir notkun getur stundum orðið erfið.

Um 8. gr.

Hér kemur fram sú nýja regla, að tveir aðilar geta neytt vörumerkjaréttar jafnhliða. Reglan á rót sína að rekja til fyrningar — eða tómlætissjónarmiða.

Reglan gildir, bæði þegar skráðu vörumerki og eldra óskráðu merki lendir saman, og þegar þannig fer um merki, sem bæði eru skráð.

Sá, sem vill öðlast rétt til notkunar eða skráningar yngra merkis, verður að vera grandalaus. Í því felst, að hann hafi ekki vitað eða mátt vita, að eldri réttur til merkisins var til. Grandalaus er hann m. a. ekki, ef hann vissi, að eldra merkið var notað, er hann fór að nota sitt merki.

Upphaf 5 ára frestsins er ákveðið í samræmi við Parísarsamþ., þótt ýmislegt mætti benda á því til rökstuðnings að miða við afhendingu tilkynningar eða auglýsingu.

Á Norðurlöndum, öðrum en Danmörku, er það enn skilyrði þess, að yngra merki njóti jafnhliða verndar og eldra merki, að yngra merkið hafi verið notað allverulega.

Hér hefur þó verið fylgt dönskum lögum. Það er í beztu samræmi við gildandi lög. Þess má og geta, að skráðu vörumerki ber ríkari réttarvernd, og of ríkri notkunarskylda mundi rýra hana um of, ekki sízt gagnvart notkun óskráðs merkis. Loks er orðalagið allveruleg notkun, sem notað er í lögum Norðmanna og Svía til þess fallið að stofna til deilna, því að það er mjög á matssviði.

Til þess að eigandi eldra merkis njóti réttarverndar á því sviði, sem hér er rætt, er honum almennt settur 5 ára frestur til þess að hefjast handa. Hins vegar geta þó orðið réttarspjöll að því að bíða svo lengi, og eru ákvæði um það í 9. gr.

Um 9. gr.

Réttarframkvæmd hefur þróazt í þá átt, að tómlæti við gæzlu réttar geti valdið réttarspjöllum, og er að því vikið hér að framan.

Hér kemur þessi hugsun fram. Í a) og b) lið er kveðið á um skilyrði þess, að yngri réttur öðlist vernd á kostnað eldri réttar. Við athugun á 9. gr. ber að hafa 10. gr. í huga.

a) liður í 9. gr. kveður á um, að yngri réttur öðlist vernd, ef eigandi eldri réttar hefst ekki handa innan hæfilegs tíma. Hvað sé hæfilegur tími, veltur nokkuð á aðstöðu og ástæðum. Verður því að fela dómstólum matið. Réttur eldri réttarhafa getur skerzt, hvort heldur honum er kunnugt um notkun hins nýja merkis eða ekki. Sé honum kunnugt um notkunina, verður hann að hefjast handa fyrr, enda er það til þess fallið að auka tjón hins nýja notanda, ef hann er átölulaus látinn nota það. Þess var áður getið, að í þessu sambandi skiptir 5 ára frestur sá, sem 8. gr. fjallar um, ekki máli. Orðalagið „nauðsynlegar ráðstafanir“ fela í sér, að málsókn er ekki nauðsynleg til þess að verja réttinn. Bann gegn notkun, bréfaviðskipti um hana o. fl. nægja. Ef samningar nást ekki eða sé banni ekki hlýtt, verður þó að halda varnaraðgerðum áfram, að lokum með málsókn og þá enn innan „hæfilegs tíma“. 40. gr. sýnir, að réttur til skaðabóta getur glatazt og um fyrningu refsingar kemur 80. gr. hgl. til.

b) liðurinn fjallar um gildi vörumerkja, sem notuð eru sitt á hvorum stað. Hér er um algera sérreglu að ræða. Réttur samkv. henni getur ekki skert rétt samkv. skráðu vörumerki og eigi heldur rétt, sem skapazt hefur af notkun um land allt. Reglan er m. ö. o. þröng sérregla. Skráning hins yngra merkis hefur ekki sjálfstæða þýðingu. Það sjónarmið ræður, að jafnvel þótt um sams konar vöru sé að ræða, má viðurkenna gildi merkis innan tiltekinna landfræðilegra takmarka, enda sé ekki með því gengið á rétt eiganda eldri merkis að neinu ráði.

Þótt orðalag b) liðs sé miðað við notkun merkja sitt í hvorum landshluta, getur á hana reynt, ef notkun merkis færist yfir á landssvæði annars merkis, eða svæði, þar sem hvorugt er notað. Ef deila rís, er þannig stendur á, verður fyrst og fremst að leysa hana samkvæmt aðalreglunni í 7. gr., þ. e. að eldra merki er rétthærra, en þó getur til þess komið, að merki njóti jafnhliða verndar samkv. þessari grein. Um báða liði a) og b) ber þess að gæta að nota má heimild 10. gr. til þess að nema brott úr merki það, sem helzt getur valdið misgripum, t. d. ef merki skerðir eldra firma — eða nafnrétt.

Um 10. gr.

Ljóst er af því, sem sagt er um 8. og 9. gr., að eðlisrök geta leitt til þess, að eldri réttur víki að meira eða minna leyti fyrir yngri rétti. Þess verður hins vegar að gæta, að vörumerkjalöggjöf verður einnig að verja almenningshagsmuni. Vernd merkja, sem villast má á, getur orðið til þess að blekkja almenning. Ákvæði 10. gr. miða að því að bæta hér um.

Hér er aðeins um heimild að ræða, og matið er í höndum dómstólanna. Oft mun eldra merki verða talið rétthærra, en engan veginn alltaf. Ýmis sjónarmið koma þar til greina, t. d. ef yngra merki yrði talið sterkara, verðmeira o. s. frv. Það skiptir og máli, hvoru merkinu er auðveldara að breyta, og stundum getur lítilfjörleg breyting á báðum merkjunum verið nægileg. Oft nægja litabreytingar og leturbreytingar. Þess ber þó vel að gæta, að merki sé ekki breytt svo, að það missi sérkenni sín.

Um 11. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Stefnt er að því, að eigandi merkis njóti verndar gegn því, að gildi merkis hans sé rýrt á þann hátt, að um það sé getið eða rætt á öðrum sviðum en sviði vörumerkjaréttar, t. d. þannig, að sérkenni þess slitni úr tengslum við vöruna í augum almennings. Í greininni eru þeir taldir, sem eigandi merkis getur beint kvörtun sinni að, en hér ráða þó ekki hinar almennu reglur um ábyrgð á prentuðu máli, heldur hagkvæmnissjónarmið, er eigandi merkis getur valið um. Tómlæti um að hefjast handa getur hér sem endranær valdið réttarspjöllum.

Um II. kafla.

Um 12. gr.

Er í samræmi við gildandi reglur.

Um 13. gr.

Hér er fjallað um almenn skilyrði þess, að vörumerki sé hæft til skráningar. Í 1. mgr. kemur fram það grundvallarsjónarmið vörumerkjaréttar, að merki þurfi að vera svo sérkennilegt, að hverjum sem er, sé auðvelt að greina vörur eins aðila frá vörum annars.

Krafan um aðgreiningarhæfi merkis á rætur sínar að rekja til tveggja sjónarmiða.

Mjög einfaldar myndir, mynd af vörunni sjálfri eða lýsing á henni með almennum orðum er ekki til þess fallin að sérgreina vöruna í huga almennings. Þá er það og ekki réttmætt, að einstakir aðilar geti helgað sér almennar lýsingar á vöru. Hendur annarra til þess að gera grein fyrir vöru sinni yrðu of bundnar með því móti. Þessi sjónarmið ber að hafa í huga, þegar meta skal, hvort merki sé hæft til skráningar.

Upptalningin er nánast dæmi um þau sjónarmið, sem að ofan eru greind, og því ekki tæmandi. Dæmin er einkum úr þeim hópi merkja, sem fela í sér lýsingu á vörum t. d. tegund hennar eða ástand. Dæmi þess eru t. d. „rima“, „ideal“. Sjaldan verður lýsandi orð skráningarhæft, þótt því sé eitthvað breytt, t. d. stafur felldur úr. Aðalreglan er, að smávægilegar breytingar stoða ekki. Þegar meta skal, hvort orð, sem fela í sér lýsingu, séu nægilega aðgreinanleg, ber einkum að hafa íslenzkt mál í huga, en útlend orð koma hér og til, t. d. alþekkt orð úr máli stórþjóða.

Annars eru hér ekki tök á að nefna dæmi eða skýra málið nánar. Verður því að vísa til fræðirita.

2. mgr. felur í sér, að jafnvel þótt merki hefði í upphafi ekki verið talið skráningarhæft, getur notkun þess skapað því vernd og skráningarhæfi. Þar skiptir hvort tveggja máli tímalengd og það, hve víðtæk notkun hefur verið.

Um 14. gr.

Hér eru sett fyrirmæli til skráningar yfirvalds um ýmis efni, er gæta ber, þegar merki er skráð. Þessi fyrirmæli eru að mestu í samræmi við gildandi lög.

1.—3. liður miðar að vernd almennra og opinberra hagsmuna. 4.—7. liður varða hins vegar einkum réttindi einstakra aðila.

Um 1. lið. Rétt er að benda á, að vernd opinberra skoðunar- og gæðamerkja, er minni en annarra merkja. Er það í samræmi við Norðurlandalögin og fullnægir 6. gr. c. Parísarsamþykktarinnar. Vafamál má þó telja, hvort hér er ekki of skammt gengið.

Um 2. lið. Ef eitthvað er rangt í merki, er það oftast til þess fallið að villa um fyrir mönnum. Það þarf þó ekki alltaf að vera. Það, sem máli skiptir, er hins vegar, hvort líklegt sé að menn blekkist. Þótt þvottaduft sé kallað demantsduft, munu menn ekki taka það bókstaflega. Ef smjörlíki er nefnt rjómasmjörlíki er hins vegar hætta á, að menn skilji það of bókstaflega.

Aðalatriðið er, að hætt sé við, að almenningur blekkist af því, hverrar tegundar varan er, hvert ástand hennar er, magn, notkun, verð, uppruni, hvaðan hún er og frá hvaða tíma.

Um 3. lið. Gefur ekki tilefni til athugasemda. Nefna má þó 7. gr. Parísarsamþykktinnar, er virðist leiða af sér, að eigi má synja skráningar vörumerkis, þótt sala vörunnar sé takmörkuð eða bönnuð.

Um 4. lið. Hér er um víðtækari vernd hagsmuna þriðja aðila að ræða en gildandi lög veita. Má þar einkum benda á, að verndin nær einnig til myndar af manni eða fasteign hans. Að því er nafn fasteignar snertir, er þess gætandi,

að nafnið þarf að vera sérkennilegt. Við skýringar á því þarf ekki einungis að hafa það í huga, að nafnið sé sjaldgæft eða einstætt. Hugartengsl almennings m. a. söguleg, landfræðileg og nútímaleg verður að hafa í huga. Nafn eða mynd „löngu látins manns“ er ekki verndað samkv. þessu ákvæði. Aðrar réttarreglur geta þó komið til. Hér verður mjög rúmt matsefni fyrir dómstóla. Ekki er talað um, að mannsnafn þurfi að vera sérkennilegt, en orðalagið felur í sér, að ljóst megi telja, að átt sé við ákveðinn mann. Algeng nöfn, auðkennislaus, njóta því ekki verndar.

Mynd manns eða fasteignar nær til hvers konar mynda sem er. Ef sá, sem rétt á til nafns, leyfir öðrum að nota það í vörumerki, mun mega skrá það samkv. 14. gr. 2. tl., en 2. tl. hér að framan getur þó orðið til hindrunar, þ. e. merkið er til þess fallið að villa um fyrir mönnum.

Um 5. lið. Ákvæðinu, sem ekki er í gildandi lögum, er ætlað að vernda höfundarrétt og önnur þau réttindi, sem talin eru í greininni.

Um 6. lið. Verndin nær bæði til skráðra merkja og merkja, sem eru notuð. Næsti liður fjallar um erlend merki. Til þess er ætlazt, að skráningaryfirvöldin athugi, hvort merki brjóti í bág við merki annarra. Að því er notkun snertir, hlýtur sú athugun þó að vera lausleg, enda verða þeir, sem rétt eiga, að vera á verði um hann. 20. gr. gevmir ákvæði, sem auðvelda ætti rétthöfum að gæta réttar síns. Notkun merkir hér, að merkið sé notað í raun og veru. Undirbúningsráðstafanir stoða ekki. Þótt notkun merkis falli niður um stuttan tíma eða vegna sérstakra atvika, missir það ekki vernd.

Um 7. lið. Hér er vörumerki, sem notað er erlendis, veitt vernd gegn skráningu merkis, sem svo er líkt hinu, að villast má á þeim. Það er þó skilyrði, að sá, sem óskar skráningar, viti eða ætti að vita, að merkið var notað erlendis, þegar hann sendir umsókn sína. Hér má og minna á 2. mgr. 14. gr., sbr. næsta tölulið hér á undan, þ. e. þýðingu samþykkis þess, sem réttinn á.

Um 15. gr.

Þessi grein fjallar um það, sem erlendis er táknað með orðinu „disclaimers“. Orðið táknar skýra undantekningu frá vöru — eða einkaleyfisrétti, í því skyni gerða að afmarka réttinn.

Beinlínis á greinin aðeins við um skráð merki, en miðar þó að því, eins og 5. gr., að gera efni vörumerkjaréttarins skýrt.

Oft getur einhver þáttur vörumerkis verið þannig, að hann er ekki skráningarhæfur og nýtur því ekki verndar. Vafi getur þá oft komið fram um það, hvort slíkur þáttur njóti verndar, er merkið hefur verið skráð. Eigandi skráðs merkis mundi og oft freistast til þess að telja vörumerkjarétt sinn einnig ná til slíks þáttar í merkinu. Hér mundi „diclaimers“ reglan til þess fallin að sporna við misskilningi og misnotkun.

Það er öllum ljóst, að í fjölda vörumerkja eru ýmsir þættir, sem ekki eru skráningarhæfir einir sér, t. d. almenn orðatiltæki, myndir af vörunni o. s. frv. „Disclaimers“ regluna má ekki skýra með gagnályktun, þ. e., að þar sem henni sé ekki beitt sé vernd fengin. Merkið ber að meta í heild, en hvort einstakir þættir þess séu verndaðir, verður skýringarefni fyrir dómstóla.

2. mgr. sker úr um það, að réttur til skráðs vörumerkis nær ekki til þeirra þátta þess, sem eigi verða skráðir sjálfstætt.

Benda má á, að þáttur merkis, sem skortir þá sérstæðni, er geri hann skráningarhæfan, getur öðlazt slíka markaðsfestu við notkun, að hann verði skráningarhæfur. Hafi slíkur þáttur verið undanþeginn, er merkið var skráð, má skrá hann, hvort heldur er sjálfstætt eða með merkinu án „disclaimers“.

Um 16. gr.

Hér er farið inn á þá braut, að um skráningu vörumerkja fari eftir flokkum.

Þessi leið er farin til samræmis við hin Norðurlöndin og þá jafnframt alþjóðlegan vörumerkjarétt.

Samkvæmt alþjóðlega flokkunarkerfinu eru um 20 000 vörutegundir taldar á vöruskránni, og er hún til á frönsku, þýzku og ensku. Vöruheitum er raðað í stafrófsröð á frönsku. Samsvarandi skrá er á ensku gefin út sem fylgiskjal við Trade Mark Rules 1938. Schedule IV.

Smærri þjóðir en þær ofangreindu eiga hér erfitt um vik, því að á alþjóðavettvangi er nauðsynlegt, að orð hafi þrautskýrða merkingu. Einkum verður okkur Íslendingum þetta erfitt, því að búast má við, að nauðsynlegt verði að skapa mörg nýyrði. Ef flokkaskipun verður tekin upp, eins og hér er lagt til og nauðsynlegt er til samræmis við alþjóðalög og samninga, sem við eigum hlut að, verður þó naumast komizt hjá að þýða skrána.

Um 17. gr.

Hér segir um það, hvað greina skuli í umsókn um skráningu vörumerkis.

Í lögunum er aðeins greint hið nauðsynlegasta. Þykir fara betur á því, að nánari ákvæði séu sett með reglugerð, sbr. 46. gr. Ef um orðmerki er að ræða, nægir að tilgreina orðið, en annars þarf mynd, nokkur eintök — og myndamót eins og tíðkazt hefur. Umboðsmanns þarf að geta, sbr. 31. gr. Hér má og benda á ákvæði 28. gr. og 29. gr.

Hjá öðrum þjóðum er sérstök stofnun, sem annast skráningu vörumerkja. Ekki þykir fært að leggja til, að slíkri stofnun verði komið á fót hér og því gert ráð fyrir, að sú skipan haldist, sem verið hefur. Reynslan mun skera úr um, hvort við það ástand verður unað til frambúðar.

Um 18. gr.

39. Sawamura, Sylvía Bergljót, barn í Reykjavík, fædd á Íslandi 22. febrúar 1963.
40. Sawitzky, Karl Max Friedrich, matsveinn í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 24. apríl 1920.
41. Scheel, Gerhard Walter, dyravörður í Reykjavík, fæddur í Þýzkalandi 1. júní 1925.
42. Sommer, Ingrid Frieda Erika, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 20. júní 1937.
43. Sramová, Olga Marie, húsmóðir í Reykjavík, f. í Tékkóslóvakíu 25. ágúst 1937.
44. Ström, Hans Karl, vélstjóri á Akureyri, fæddur í Færeyjum 18. júní 1924.
45. Svendsen, Sonja Marie, húsmóðir í Grenivík, fædd í Noregi 9. júlí 1936.
46. Tegeder, Gerhard Diedrich Heinrich, verkstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur í Þýzkalandi 17. október 1911.
47. Thiesen, Ursula Barbel Regina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. júlí 1937.
48. Wallmann, Angelika, hárgreiðslukona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. júní 1947.
49. Whittaker, Guðmunda Halldóra Ólafsdóttir, skrifstofukona í Hafnarfirði, f. í Hafnarfirði 16. janúar 1915.
50. Wilhelmsen, Sigrun, húsmóðir í Keflavík, f. í Færeyjum 27. júní 1940.
51. Willems, Angela Maria, nunna í Hafnarfirði, fædd í Þýzkalandi 6. október 1904.
52. Zaghloul, Mohamed Naguib Mohamed, verkamaður í Reykjavík, f. í Egyptalandi 18. febrúar 1929.
53. Östergaard-Nielsen, Polly Vibeke, aðstoðarstúlka á Álafossi, fædd í Danmörku 4. janúar 1925.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 345. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um sumarheimili kaupstaðabarna í sveit.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þessi þáltill. var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn (MB, PS, AJ, SI) leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir vilja, að hún verði samþykkt óbreytt.

Nokkur svör bárust frá þeim aðilum, sem tillöguna fengu til umsagnar. Svari fræðslustjórans í Reykjavík fylgdi skýrsla um sumardvalir barna úr Reykjavík sumarið 1965, en tölur fyrir 1966 liggja ekki fyrir enn þá. Af skýrslu þessari kemur fram, að starfsemi þeirra félagssamtaka, sem að þessum málum vinna, hefur verið sem hér segir:

1. Mæðrastyrksnefnd að Hlaðgerðarkoti, 2604 dvalardagar.
2. Rauði kross Íslands:
   a) að Laugarási, 10080 dvalardagar.
   b) að Efri-Brú, 3360 dvalardagar.
3. Vorboðinn að Rauðhólum, 4440 dvalardagar.
4. Sjómannadagsráð að Laugalandi, 3990 dvalardagar.

5. Íþróttafélag kvenna að Skálafelli, 903 dvalardagar.
6. Knattspyrnufélag Reykjavíkur að Skálafelli, 1008 dvalardagar.
7. Kvenskátaskólinn að Úlfljótsvatni, 1960 dvalardagar.
8. St. Jósefsspítali að Riftúni, 1386 dvalardagar.
9. Stórstúka Íslands að Jaðri, 2926 dvalardagar.
10. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra að Reykjadal, 3000 dvalardagar.
11. Kristilegt félag ungra kvenna að Vindáshlíð, 4807 dvalardagar.
12. Kristilegt félag ungra manna í Vatnaskógi, 5212 dvalardagar.
13. Þjóðkirkjan að Kleppjárnsreykjum, 3122 dvalardagar.

Alls höfðu samkvæmt þessu 13 félagssamtök sumardvalir fyrir börn, aðallega úr Reykjavík, 2683 börn dvöldust á vegum þessara aðila í 54224 dvalardaga.

Auk þessara dvalarheimila voru starfræktar sumarbúðir að Holti í Önundarfirði fyrir börn af Vestfjörðum og við Vestmannsvatn í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir börn af Norðurlandi. Á hvorum stað voru 4 flokkar og dvalardagar samtals 5580. Til viðbótar dvöldust á allmörgum sveitaheimilum rúmlega 300 börn úr Reykjavík í 22000 dvalardaga, að því er fræðslustjórinn telur.

Þá er rétt að geta þess, að nú hefur verið ákveðið að koma á fót sumarnámskeiðum fyrir 12 ára börn hér í Reykjavík. Hér er um að ræða árangur af starfi nefndar, sem skipuð var s. l. sumar af hálfu Reykjavíkurborgar til þess að sjá fyrir heppilegu sumarstarfi fyrir þá aldursflokka unglinga, sem ekki komast í vinnuskóla þann, sem rekinn er af borginni. Er í ráði að hafa bækistöðvar fyrir þessa starfsemi í þrem skólum, og skulu þar haldin tvö námskeið á tímabilinu frá 20. júní til 20. ágúst, sem hvort um sig standi í fjórar vikur. Verkefni námskeiðanna verði íþróttir og leikir, föndur, umferðarkennsla, kennsla í hjálp í viðlögum o. fl.

Við, sem undirritum þetta nefndarálit, teljum alveg vafalaust, að mikið vantar á, að þörf kaupstaðarbarna á þessum vettvangi sé fullnægt. Við viljum fyllilega viðurkenna það merka starf, sem ýmis félagssamtök hafa haldið uppi og að nokkru er rakið hér að framan, svo og þá viðleitni til úrbóta, sem einstök sveitarfélög hafa sýnt. En við teljum, að samstilltari átaka sé þörf og að forusta ríkisvaldsins þurfi hér til að koma. Sérstaklega teljum við nauðsynlegt, að þess sé gætt eftir föngum, að á sumarheimilum þessum hafi börnin viðfangsefni, er geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau, eins og segir í 2. mgr. þáltill.

Áðurnefndri umsögn fræðslustjórans í Reykjavík lýkur á þessa leið: „Á s. l. ári var reynt að kanna, hve mörgum umsóknum var ekki hægt að sinna af hálfu þeirra aðila, er Reykjavíkurborg styrkir. Erfiðlega gekk að afla þessara upplýsinga, og liggja til þess margar orsakir. Þess vegna er vart hægt að gera sér glögga grein fyrir, hve mikil þörfin er á auknum sumardvölum hér í borg og þá einnig í öðrum þéttbýlishverfum landsins og því eðlilegt, að þessi mál séu sett í athugun, hvernig svo sem það verður gert."

Það er skoðun okkar undirritaðra, að sú athugun, sem hér þarf fram að fara, verði bezt framkvæmd á þann hátt, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Leggjum við til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. marz 1967.

Einar Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Ragnar Arnalds.

Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbáta og bættum rekstrargrundvelli fyrir þá.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Birgir Finnsson, Sverrir Júlíusson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram, í samráði við Fiskveiðasjóð Íslands, bátadeild L. Í. Ú., heildarsamtök sjómanna, Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands, athugun á auknum fyrirgreiðslum í sambandi við endurnýjun vélbátaflotans allt að 120 rúmlesta stærð. Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta fara fram, í samráði við sömu aðila, eftir því sem við á, athugun á því, með hvaða hætti og við hvaða veiðar þessir bátar verði bezt nýttir, sérstaklega utan vetrarvertíðar.

Greinargerð.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er tvíþætt, annars vegar um athugun á sérstökum ráðstöfunum til endurnýjunar smærri vélbáta og hins vegar um athugun á bættum rekstrargrundvelli fyrir þá.

Í sambandi við hið fyrra atriði má á það benda, að óvefengjanlega liggur fyrir, að bátum af stærðinni 20—120 tonn hefur fækkað verulega hin síðari ár. Kom þetta greinilega fram í skýrslu skipaskoðunarstjóra nú fyrir nokkru og einnig í grein formanns L. Í. Ú. í 3. tölublaði Ægis þetta ár, en þar segir svo:

„Þróunin undanfarin ár hefur verið á þá leið, að eldri bátarnir af stærðinni 20—120 rúml. hafa verið að heltast úr lestinni, og á undanförnum 5 árum hefur fjöldi þeirra, sem strikaðir hafa verið út af skipaskrá, verið sem hér segir: .... Samtals 101 bátur, 5465 rúmlestir. Endurnýjun á þessari bátastærð hefur verið á þessu 5 ára tímabili 22 bátar, 1624 rúmlestir."

Þetta segir sína sögu, og er því miður ástæða til að óttast, að þessi þróun haldi áfram, ef ekkert verður að gert, og hlýtur það að stofna fiskvinnslunni í landinu í beina hættu, þar sem vitað er, að einmitt bátar af þessari stærð afla verulegs hluta af því hráefni, sem vinnslustöðvarnar víðs vegar um land fá til úrvinnslu.

Ef litið er í Sjómannaalmanakið fyrir þetta ár, kemur í ljós, að aldur vélbáta af umræddri stærð er sem hér segir:

4 ára og yngri	16 bátar
5 — 10 ára	67 —
11 — 15 ára	83 —
16 — 20 ára	16 —
21 — 25 ára	101 bátur
26 ára og eldri	80 bátar

Samtals eru þetta 363 bátar af stærðinni 20—120 rúmlestir, og sést af þessu, að um helmingur fiskibáta af umræddri stærð er orðinn 20 ára og eldri. Elzti báturinn á skipaskrá um s. l. áramót var frá 1878, en umbyggður 1942, en hann hefur nú á þessu ári verið tekinn úr umferð.

Sýnir þetta, að full ástæða er til að óttast, að sú þróun, sem verið hefur, haldi áfram, að tala þeirra báta, sem falla burt af skipaskrá, verði mun hærri en tala þeirra nýrra báta, sem við bætast.

Á skipaskrá bættist aðeins 1 nýr bátur af þessari stærð árið 1966, 2 bátar árið 1965, 4 árið 1964 og 9 árið 1963. Virðist af þessu mega ráða, að nær alger stöðnun sé komin í byggingu fiskibáta af umræddri stærð, þ. e. 20—120 rúmlestir. Hljóta allir að vera sammála um, að þessa óheillaþróun verði með einhverjum ráðum að stöðva, og er það annars vegar tilgangurinn með þessari tillögu, að ríkisstjórnin láti þá aðila, sem bezta þekkingu hafa á þessum málum, athuga, hvaða leiðir helzt

koma til greina til úrbóta. Meðal annars telja flm. þessarar þáltill. athugandi, hvort ekki væri eðlilegt, að stjórn fiskveiðasjóðs yrði veitt heimild til þess að veita aukalán út á 2. veðrétt nýrra báta af þessari stærð, þannig að heildarlán út á þá mættu vera allt að 90% af matsverði eða byggingarkostnaði þeirra, einnig hvort ekki væri tiltækilegt, að slík aukalán yrðu afborgana- eða vaxtalaus einhvern tiltekinn tíma, t. d. 5 ár. Fleiri leiðir koma að sjálfsögðu til athugunar, og má ef til vill styðjast við fordæmi annarra fiskveiðiþjóða, sem talið hafa nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir í sambandi við endurnýjun þeirra báta, sem bolfiskveiðar stunda.

Um síðara atriði tillögunnar, bættan rekstrargrundvöll fyrir báta af umræddri stærð, má segja, að ekki sé síður þörf á að athuga það, sérstaklega að því er varðar möguleika bátanna til veiða utan vetrarvertíðar. Hvað þar kemur helzt til greina, er að sjálfsögðu ærið rannsóknarefni, og getur þar margt komið til, t. d. hvort hægt er að auka línuveiðar, þar sem það getur átt við, og einnig kemur til athugunar, hvort hægt sé að bæta rekstrargrundvöll þessara báta með auknum veiðiheimildum í sambandi við dragnót og togveiðar, þar sem það að áliti sérfróðra manna hentar.

Þetta er ekki einasta hagsmunamál útgerðarmanna, heldur ekki síður þeirra sjómanna, sem bolfiskveiðar stunda, og þess mikla fjölda verkafólks, sem við fiskiðnaðinn vinnur við sjávarsíðuna allt í kringum landið, því að á allra vitorði er, að fiskvinnslustöðvarnar fá ekki yfir sumarmánuðina nægjanlegt hráefni, til þess að hægt sé að halda þeim gangandi, og hefur sums staðar orðið að grípa til þess ráðs að loka þeim yfir sumarmánuðina. Gefur auga leið, að slíkt hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér atvinnulega séð, þar sem fiskvinnslustöðvarnar eru víðast hvar við sjávarsíðuna aðaluppistaðan í atvinnulífi byggðarlaganna.

Verður því að telja, að athugun eins og hér er lagt til að verði látin fara fram, sé tímabær og færustu mönnum falið að leita þeirra úrræða, sem fyrir hendi kunna að vera til úrbóta.

Nd. 347. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til orkulaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum. Á fundum nefndarinnar mættu til viðræðna Jakob Gíslason raforkumálastjóri, sem lagði fram breytingartillögur sínar við frumvarpið, og þeir, sem sömdu frumvarpið, Jón Sigurðsson hagsýslustjóri, Valgarð Thoroddsen rafmagnsveitustjóri ríkisins og Gísli Jónsson rafveitustjóri, Hafnarfirði.

Þá bárust nefndinni breytingartillögur við frumvarpið frá Sambandi ísl. rafveitna, Tæknifræðingafélagi Íslands svo og Félagi löggiltra rafvirkjameistara í Reykjavík.

Að lokinni athugun á frumvarpinu leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumvarpið verði samþ. með nokkrum breytingum, og er það tillaga meiri hluta nefndarinnar, að frumvarpið verði samþ. með þeim breytingum, sem fluttar eru á þskj. 348.

Minni hlutar nefndarinnar gefa út sérálit.

Alþingi, 11. marz 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sig. Ingimundarson, fundaskr.
Ragnar Jónsson.
Jónas G. Rafnar.

Nd. 348. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til orkulaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (MÁM, SI, RJ, JR).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   Stofnunin tekur við öllum eignum og tekur á sig efndir á skuldbindingum embættis raforkumálastjóra að undanskildum þeim, er um ræðir í 56. gr.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „sé fullnægt“ í 2. tölul. komi: og orkulindir landsins hagnýttar.
   b. Niðurlag 2. tölul. orðist svo: aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og ef við á gegn greiðslu.
   c. Við 4. tölul. Síðari málsl. orðist svo:
      Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma.
3. Við 6. gr. Í stað orðsins „einstaklingum“ komi: öðrum aðilum.
4. Við 7. gr. Orðin „topp- og“ falli niður.
5. Við 12. gr. Í stað orðsins „álitið“ komi: skoðað.
6. Við 18. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags.
7. Við 26. gr. Orðið „upphaflegs“ falli niður.
8. Við 39. gr. Orðin „og skal vera rafmagnsverkfræðingur að menntun“ falli niður.
9. Við 41. gr.
   a. Við e-lið. Liðurinn orðist svo:
      Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.
   b. Við f-lið. Á eftir orðunum „Rafmagnseftirliti ríkisins“ komi: eða héraðsrafmagnsveitum í umboði þess.
10. Við 53. gr. Í stað orðsins „einstaklinga“ komi: aðra aðila.
11. Við 57. gr. Orðin „og skal vera verkfræðingur að menntun“ í 1. málsgr. falli niður.
12. Við 62. gr. 2. tölul. orðist svo:
    Verð fyrir orku, selda beint til notenda.
13. Við 63. gr. Á undan orðinu „eignaaukningu“ komi: óhjákvæmilegri.
14. Við 74. gr. Í stað orðsins „hefur“ komi: getur haft.

Nd. 349. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Viðtækjaverzlun ríkisins er nú rekin samkvæmt heimild í lögum um útvarpsrekstur ríkisins (II. kafli). Þetta er aðeins heimildarákvæði, og á undanförnum árum hefur Viðtækjaverzlunin í rauninni verið að miklu leyti lögð niður, aðeins gerð að innheimtustofnun.

Þegar nú er lagt til að fella þessa heimild burt, þá virðist fyrst og fremst vera um að ræða stefnumál fésýsluvaldsins í landinu: að drepa einkasölur ríkisins, og út frá því verður í rauninni að taka afstöðu í þessu máli. Viðtækjaverzlunin gæti vart lifað í núverandi eymdarmynd, heldur yrði að endurreisa alla starfsemi hennar með nýjum hætti, ef reksturinn ætti ekki að spilla fyrir þeim hugmyndum, sem fyrir okkur vaka, sem fylgjandi erum einkasölum ríkisins.

Afgreiðsla þessa frv. er því fyrst og fremst stefnumál: hvort hagsmunum almennings sé bezt þjónað með því, að fésýsluvaldið leggi undir sig alla verzlun og reki í gróðaskyni, eða hvort ríkið eigi sjálft að annast mikið af slíkri verzlun með hag almennings fyrir augum.

Það er orðið ljóst af innflutningi hinna mörgu tegunda af hvers konar heimilistækjum, bifreiðum og öðru vélakyns, að þjónusta við almenning er yfirleitt mjög slæm í þessum efnum, hvað snertir varahluti, viðgerðir og annað slíkt. Það er þjóðhagslega séð hrein vitleysa að láta vera hér á Íslandi ótal tegundir af þessu öllu saman, þegar hægt væri að veita almenningi miklu öruggari þjónustu með færri tegundum og meiri birgðum af varahlutum og sæmilegri viðgerðaraðstöðu.

Í stað þess að leggja niður þær leifar Viðtækjaverzlunarinnar, sem eftir eru, væri því rétt að efla hana og taka um leið til athugunar, hvort ekki væri rétt að koma á einkasölu ríkisins á fleiri sviðum.

Ég legg því til, að frv. sé afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur rétt, að Viðtækjaverzlun ríkisins verði efld og henni gert kleift að annast innflutning og sölu útvarps- og sjónvarpsviðtækja og að rannsaka beri, á hvaða fleiri sviðum væri heppilegast að koma á einkasölum ríkisins, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til að endurskoða fyrir næsta þing gildandi löggjöf með fyrrgreind markmið fyrir augum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 14. marz 1967.

Einar Olgeirsson.

Ed. 350. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um Búreikningastofu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við frv. bætist ný gr., svo hljóðandi:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 12. 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Nd. 351. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 21. maí 1965, um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 33. gr. laga nr. 51/1964 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú eru bætur frá almannatryggingum yfir 40% af hreinum tekjum gjaldþegns, og skal þá við ákvörðun útsvarsskyldra tekna draga frá bótunum 10% fyrir hvern heilan hundraðshluta, sem bæturnar eru umfram 40 af hundraði af hreinum tekjum, þannig, að þegar bæturnar hafa náð 50% af tekjunum, skulu þær allar undanþegnar útsvarsálagningu.

Ed. 352. Frumvarp til laga [9. mál]

um Landhelgisgæzlu Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

Samhljóða þskj. 259 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:
Landhelgisgæzlan er ríkisstofnun með varnarþing í Reykjavík, og er markmið hennar:

a) Að hafa með höndum almenna löggæzlu á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi.
b) Að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi, svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands eða aðra aðila, sem að björgunarstörfum vinna.
c) Að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum, sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað.
d) Að veita afskekktum stöðum eða byggðarlögum nauðsynlega hjálp eða aðstoð, þegar eðlilegar samgöngur bregðast af ófyrirsjáanlegum orsökum, svo sem vegna hafíss, snjóalaga, ofviðra eða annarra náttúruhamfara.
e) Að sjá um sjómælingar og taka þátt í hafrannsóknum, fiskirannsóknum, botnrannsóknum, svo og öðrum vísindastörfum, eftir því sem ákveðið kann að verða hverju sinni.
f) Að tilkynna, fjarlægja eða gera skaðlaus reköld, tundurdufl, sprengjur eða aðra hluti, sem sjófarendum eða almenningi getur stafað hætta af.
g) Að aðstoða við framkvæmd almannavarna, almennrar löggæzlu, lækna-, toll-, og vitaþjónustu, eftir því sem aðstæður leyfa eða ákveðið kann að verða sérstaklega.
h) Að tilkynna tafarlaust Skipaskoðun ríkisins, ef vart verður við, að brotin eru lög um eftirlit með skipum eða brotnar reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, eða telji hún ástæðu til að ætla, að skip sé ekki haffært.

Nd. 353. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eins og það kom frá efri deild og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Dundee, Vera Doreen, húsmóðir í Reykjavík, fædd í Englandi 2. nóvember 1935.

Alþingi, 15. marz 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Óskar E. Levy.	Ragnar Arnalds.	Pétur Sigurðsson.
	Björn Fr. Björnsson.	

Nd. 354. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Aðrir nefndarmenn skila sérálitum.

Alþingi, 15. marz 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm.
Pétur Sigurðsson, fundaskr.
Sverrir Júlíusson.
Guðl. Gíslason.

Nd. 355. Frumvarp til laga [165. mál]

um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

I. KAFLI
Holl og góð vinnuskilyrði.

1. gr.

Húsakynnum vinnustaðar skal ávallt haldið vel hreinum. Atvinnurekanda ber skylda til að sjá um, að hita- og rakastig andrúmslofts sé hæfilegt og loft án ryks, óþefs, reyks, svo og án óheilnæmra lofttegunda eða gufu.

Umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg. Lýsing skal vera góð og nægilegt loftrými á vinnustað, hvort tveggja þannig, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt.

Á vinnustað eða í námunda við hann skal ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn, svo og hæfileg tala salerna.

Upphituð og vistleg kaffistofa (matstofa) af hæfilegri stærð skal jafnan vera á vinnustað.

Þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita „hjálp í viðlögum", þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Nú fullnægir vinnustaður eigi skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisútbúnað, og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. Starfsmenn skulu í hvívetna gæta reglusemi og vandaðs og góðs hátternis á vinnustað.

II. KAFLI
Vinnutími og vinnutilhögun.

2. gr.

Almennur vinnutími er á tímabilinu kl. 8 til kl. 17. Vinna milli kl. 17 og 20 telst eftirvinna, nema öðruvísi sé ákveðið í stéttarfélagasamningi, og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis telst næturvinna, og má þá ekki vinna nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags.

3. gr.

Maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, er ekki skyldur til að vinna aukavinnu. Samfelldur hvíldartími verkamanns má aldrei vera skemmri en 9 klst. á sólarhring, og fjöldi yfirvinnu- og næturvinnutíma má aldrei fara fram úr 24 á viku. Sé um ákvæðisvinnu að ræða, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda, eða aukavinnu, ef um vaktavinnu er að ræða, ekki fara fram úr 2 á dag og eigi fram úr 6 á viku. Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum, eða störf, sem almannaheill krefst, að unnin séu.

4. gr.

Stéttarfélag getur þó gert kjarasamning um, að unnið skuli að nóttu til, og einnig má í slíkum samningum ákveða vaktaskipan og setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

5. gr.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld vera frá kl. 15 til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

6. gr.

Um bráðnauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum skal gera samning eða afla undanþágu viðkomandi stéttarfélags.

7. gr.

Vikulegir frídagar skulu jafnan, ef því verður við komið, vera á sunnudegi og mánu- eða laugardegi.

Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

8. gr.

Almennur dagvinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring, og er vinnuviku lokið eftir 40 unnar vinnustundir.

9. gr.

Almennt deilist vinnutíminn á 5 daga í viku, en leyfilegt skal þó vera að gera samning við stéttarfélag um aðra vinnutilhögun, ef brýn nauðsyn krefur.

10. gr.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika eigi vera lengri en 36 stundir.

11. gr.

Nú er unnið samfellt í námu eða jarðgöngum, og má vinnuvika þá ekki lengri vera en 36 stundir. Til vinnutíma telst einnig ferðatími í námu eða jarðgöngum.

III. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnu kvenna.

12. gr.

Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu fyrstu 6 vikur. eftir að hún hefur alið barn. Hún getur og krafizt að mega vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót og þannig, að fjarvera sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

13. gr.

Krefjast má vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg. Tilkynna verður atvinnurekanda um fjarveru fyrir fæðingu með eigi skemmri en þriggja daga fyrirvara.

14. gr.

Ef kona sýnir með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem er afleiðing af þungun eða fæðingu, getur hún krafizt að mega vera fjarverandi frá vinnu umfram það, sem áður segir, allt að sex vikum fyrir eða eftir fæðingu.

15. gr.

Konu, sem er fjarverandi frá vinnu samkv. ákvæðum 12.—14. gr., má ekki segja upp starfi, þegar atvinnurekanda er ljóst, að fjarvera hennar er af þessum ástæðum, eða hún tilkynnir honum án tafar, að þessi er ástæðan fyrir fjarveru hennar. Hafi henni þegar verið sagt upp miðað við dag, er fellur innan ramma þess tímabils, sem getið er um í 12. gr., er uppsögnin gild, en uppsagnarfrestur lengist sem tímabilinu nemur.

Hafi vinnuráðning átt sér stað fyrir ákveðna, tímabundna vinnu, skal ákvæði þessarar greinar ekki beitt, þegar vinnunni er lokið, áður en konan mætir aftur til vinnu.

16. gr.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur krafizt frítíma, sem hún þarf vegna þess, og eigi skemur en hálfa stund tvisvar sinnum á dag.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga.

17. gr.

a. Barn er skv. lögum þessum sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri.
b. Unglingur er samkvæmt lögum þessum sérhver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

18. gr.

Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum, og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum.

19. gr.

Alger hámarksvinnutími barna er 4—6 stundir á dag.

Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

20. gr.

Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu.

21. gr.

Börn og unglinga má ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis er á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska.

22. gr.

Hámarksvinnutími unglinga skal vera 7 klst. á dag án undantekninga. Öll vinna barna og unglinga, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori, er óheimil. Til vinnu í þessu sambandi telst blaðburður, sala blaða og tímarita og sendisveinastörf.

23. gr.

Atvinnurekandi skal halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu, og er skylt að afhenda viðkomandi verkalýðsfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, ef krafizt er.

V. KAFLI

Um greiðslu vinnulauna o. fl.

24. gr.

Vinnulaun skal ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró". Greiðsla vinnulauna skal fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum.

25. gr.

Hafi verið samið um tíma-, dag- eða vikukaup, skal greiðsla fara fram ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

Fyrir ákvæðisvinnu má fresta lokauppgjöri, unz verkefni er lokið, en þó skal í viku hverri greiða hæfilega fyrirframgreiðslu fyrir þá vinnu, sem innt hefur verið af hendi. Annan uppgjörstíma má og ákveða með sérstökum samningi.

Greiðslur til starfsmanna á mánaðar- eða árskaupi skulu fram fara ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef ekki hefur verið um annað samið skriflega.

26. gr.

Engan launafrádrátt má framkvæma án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum eða um sé að ræða stéttarfélagsgjöld, útsvör eða innborganir í tryggingasjóði eða sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Þegar laun eru greidd, eða strax á eftir, getur starfsmaður krafizt skriflegs yfirlits yfir upphæð launa, hvernig þau eru reiknuð, og frádrátt, ef einhver er. Skulu fullnægjandi kvittanir ávallt fylgja um sérhvern launafrádrátt.

VI. KAFLI

Uppsagnarfrestir.

27. gr.

1. Ef um annað er ekki gerður skriflegur samningur, eða um það ákvæði í kjarasamningi, lögum eða reglugerð, gildir eftirfarandi:
   a. Fyrir starfsmenn, sem hafa tíma-, dag-, viku- eða ákvæðiskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en 14 dagar.
   b. Fyrir starfsmenn, sem taka mánaðar- eða árskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en einn mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

   Ákvæði þessi gilda ekki um starfsmenn, sem ráðnir eru til ákveðins reynslutíma eða til þess að framkvæma ákveðna vinnu, sem tímabundin er. Ef við annað verður ekki ráðið af aðstæðum, má rifta slíkri ráðningu, þótt reynslutíma sé ekki lokið, eða áður en hinu ákveðna verki er lokið, með eins dags fyrirvara.

2. Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis, eða atvinnurekanda, eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.
3. Uppsagnarfrestur er hinn sami fyrir báða aðila. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

28. gr.

Atvinnurekandi er skaðabótaskyldur, ef starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, verður að víkja úr starfi vegna uppsagnar, nema réttmætar ástæður séu tilgreindar fyrir uppsögninni.

Nú hefur starfsmanni verið ólöglega sagt upp starfi skv. 1. málsgrein þessarar greinar, og má þá dæma atvinnurekanda samkvæmt kröfu starfsmanns, sem látið hefur af starfi, til þess að ráða hann aftur til starfa í fyrirtækinu í sömu stöðu, eða stöðu, sem svarar til þeirrar, er hann hafði. Dómstólar ákveða, að hve miklu leyti starfsmaðurinn skuli einnig fá bætur fyrir þann tíma, sem hann var sviptur starfi hjá fyrirtækinu.

Bætur geta numið allt að hálfum síðustu árslaunum starfsmannsins hjá fyrirtækinu, ef hann hefur starfað þar eigi skemur en 5 ár samfleytt.

Hafi starfsmaður starfað hjá fyrirtækinu eigi skemur en 10 ár samfleytt eftir 21 árs aldur, geta bætur þó numið launum síðasta árs hjá fyrirtækinu. Hafi starfsmaður á sama hátt starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár, geta bætur numið launum starfsmannsins hjá fyrirtækinu undanfarin 3 ár.

Mál gegn atvinnurekanda skal höfða innan tveggja mánaða frá móttöku skriflegrar uppsagnar, þar sem tilgreindur er málsóknarfrestur. Ef uppsögn er einungis munnleg, skal málsóknarfrestur vera 3 mánuðir.

29. gr.

1. Starfsmanni, sem starfað hefur full tvö ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, og verður að vera fjarverandi vegna slyss eða sjúkdóms, má ekki segja upp starfi af þeim sökum fyrstu 3 mánuði, eftir að hann varð óvinnufær, nema hann hafi slasazt eða sýkzt af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, eða hann hafi vísvitandi þagað yfir sjúkdómi, þegar hann var ráðinn.
2. Hafi starfsmaður starfað eigi skemur en 10 ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, skal uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári samfleytt.

30. gr.

Nú hefur dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slyss eða sjúkdóms, og ber atvinnurekanda þá að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, e. t. v. að lokinni nauðsynlegri þjálfun.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

31. gr.

Liggi ekki við strangari refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum, skal atvinnurekandi, eða eigandi fyrirtækis, sæta sektum, ef hann:

1. Brýtur ákvæði laganna um tryggingu heilbrigðra og öruggra vinnuskilyrða.
2. Brýtur ákvæði laganna eða fyrirmæli um nætur-, sunnu- eða helgidagavinnu, eða brýtur reglur um lengd vinnutíma eða um hvíldartíma eða sérvernd kvenna, barna og unglinga.

3. Lætur hjá líða að birta fyrirskipaðar tilkynningar eða halda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í lögunum.
4. Brýtur ákvæði um uppsagnarfresti, greiðslu vinnulauna, uppgjör við starfsmenn, eða gerist sekur um brot á öðrum ákvæðum laga þessara.

32. gr.

Foreldrar og aðstandendur, er láta börn framkvæma vinnu, sem brýtur í bág við lög þessi, skulu sæta sektum.

33. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal almennt farið að hætti opinberra mála.

34. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna, eftir því sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

35. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1968, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt á tveimur seinustu þingum, en varð í hvorugt skipið útrætt. Því hefur fylgt svo hljóðandi greinargerð:

„Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi, en með sívaxandi fjölbreytni atvinnuhátta er orðið bráðnauðsynlegt, að slík löggjöf verði sett. Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípa að vísu inn á þetta svið, en eru allt of takmörkuð. Þá fjalla lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 einnig um sama efni og V. kafli þessa frumvarps. En að öðru leyti er frumvarp þetta að mestu frumsmíð í íslenzkri löggjöf, enda er við samningu þess höfð allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalandanna. — Skal það fúslega játað, að margt getur orkað tvímælis í slíkri löggjöf, og er flutningsmaður þá að sjálfsögðu til viðræðu um hugsanlegar breytingar á sérhverju því í frumvarpinu, sem betur mætti fara.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í átta köflum. Fyrsti kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allgóð skil í gildandi lögum, þ. e. lögunum frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Skýlaust ákvæði er í þessum kafla um, að loka megi vinnustað, ef hann fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað,

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um vinnutíma og hvíldartíma.

Þó að 8 stunda vinnudagur sé fyrir löngu viðurkenndur hér á landi með samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, eru engin ákvæði til í gildandi lögum um 8 stunda vinnudag. 8 stunda vinnudagurinn hefur þannig ekki enn þá verið lögfestur hér á landi. Það mundi hins vegar gert, ef frumvarp þetta yrði að lögum. Þá er í frv. ákveðin almenn 40 stunda vinnuvika á 5 dögum.

Í 2 gr. segir, að almennur vinnudagur skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, og er þá gert ráð fyrir einnar stundar miðdegishvíld.

Í 3. gr. segir, að maður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Í sömu grein segir, að samfelldur lágmarkshvíldartími fullorðins verkamanns skuli eigi skemmri vera en 9 klst. á sólarhring. Allströng ákvæði eru í þessari grein um aukavinnu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða.

Stéttarfélagi er heimilað í 4. gr. að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskipan, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðir. Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld hefjast kl. 15. Með sama hætti skulu aðrir vikulegir frídagar vera laugardagar eða mánudagar, svo að hvíldartímabil verði samfellt og notist betur.

Ef því verður með nokkru móti við komið, skal vikulegur frídagur ávallt vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja, vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, svo og námuvinnu, skal vinnuvikan eigi vera lengri en 36 stundir.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru konu tryggð þau réttindi að mega vera fjarverandi frá vinnu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Þó getur hún krafizt að vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót, og má fjarvistin vera að öllu leyti eða hluta fyrir eða eftir fæðingu.

Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að sex vikum í viðbót, án þess að vistráðning eða réttur til launagreiðslu rofni.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur samkvæmt þessum kafla frumvarpsins um vinnuvernd kvenna krafizt þess að fá nauðsynlegan frítíma til þess, allt að hálfri stund tvisvar á dag.

Um IV. kafla.

Í 17.—23. gr. frumvarpsins eru ýmis sérákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkvæmt frumvarpinu sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri. Unglingur er hver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

Við því er lagt bann í 18. gr. frumvarpsins, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu. Skal skólayfirlæknir yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum.

Alger hámarksvinnutími barna er 4—6 stundir á dag. En jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast átta stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Bannað er með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. — Þá er óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska.

Alger hámarksvinnutími unglinga er 7 klukkustundir.

Bönnuð er öll barnavinna og unglingavinna frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim

vinna. Einnig er atvinnurekendum skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Um V. kafla.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró". Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu ávallt fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Launagreiðsla til tíma-, dag- eða vikukaupsmanna skal fram fara eigi sjaldnar en vikulega.

Launagreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fram fara vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi.

Greiðsla til starfsmanna á mánaðarkaupi eða árskaupi skal fram fara eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, nema um annað hafi verið samið skriflega.

Um það eru strengileg ákvæði í þessum kafla frumvarpsins, að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþegin eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, útsvarsgreiðslur að lögum og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Rétt á launþegi á greinilegu skriflegu yfirliti yfir, hvernig laun hans eru reiknuð, svo og hvers konar launafrádráttur hefur verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjöri.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru mörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda.

Þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eiga aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga.

Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis eða atvinnurekanda eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, og skal uppsögn ávallt vera skrifleg.

Sé starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður fyrir uppsögn séu tilgreindar, varðar það skaðabótaskyldu.

Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandi orðið dæmdur til að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, er hann áður hafði. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, er starfsmaður var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækisins, árslaunum eftir 10 ára þjónustu og þriggja ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár.

Þá er í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um það, að ekki megi segja starfsmanni upp vegna slysfara eða sjúkdóms. Starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, má ekki segja upp fyrstu 3 mánuðina, eftir að hann varð óvinnufær. Og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári.

Hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, jafnvel þótt til þess þurfi sérstaka starfsþjálfun.

Um VII. kafla.

Þessi kafli er einungis um refsiákvæði vegna brota á lögunum. Segir þar, að brot varði sektum, nema strangari refsingar liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í 32. gr. frumvarpsins er fram tekið, að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bág við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði og sæta sektum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Um alla nánari framkvæmd laga þessara skal félagsmálaráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, svo sem þurfa þykir.

Um VIII. kafla.

Lokakafli frumvarpsins er einungis um gildistöku.

Gildistakan er miðuð við 1. janúar 1968, og skulu þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt en í því greinir, úr gildi fallin.

Með því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið gerð grein fyrir flestum þeim nýmælum og réttarbótum verkafólki til handa, sem í frumvarpi þessu felast, og verður hér látið staðar numið í trausti þess, að háttvirt Alþingi sýni málinu skilning, fallist á það í meginatriðum og geri það að lögum.“

Nd. 356. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Stofna skal í Iðnlánasjóði lánadeild veiðarfæraiðnaðar, er hafi þann tilgang að efla og styrkja innlendan veiðarfæraiðnað.

Ríkissjóður leggur lánadeild veiðarfæraiðnaðar til sem stofnfé skuldabréf Síldarverksmiðja ríkisins, dags. 6. desember 1952, að eftirstöðvum kr. 11.6 millj.

Tekjur lánadeildar veiðarfæraiðnaðar skulu vera sem hér segir:

1. Af veiðarfærum, sem koma eða eru flutt inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða verðjöfnunargjald, sem rennur til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar. Skal gjald þetta nema 1% af tollverði hinna innfluttu veiðarfæra, sbr. II. kafla laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu gjaldsins. Við álagningu gjaldsins, innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd, svo og um refsingar og önnur viðurlög vegna brota á ákvæðum þessa tl. og mál út af slíkum brotum, skal ákvæðum laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., svo og laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, beitt, eftir því sem við á.

Til veiðarfæra samkvæmt þessum tl. teljast:

Netagarn úr hampi, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	57.05.02
Færi, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Línur, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.01
Kaðlar, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.02
Öngultaumar, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.04.03
Fiskinet úr gerviefnum, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963	59.05.01
Fiskinet úr öðrum efnum, tollskrárnr., sbr. lög nr. 7/1963 ..	59.05.02

2. Framlög, sem veitt kunna að verða úr ríkissjóði eða á annan hátt.
3. Vextir af stofnfé.

Iðnlánasjóði er heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 10 millj. kr. lán til starfsemi lánadeildar veiðarfæraiðnaðar, og er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast slík lán.

2. gr.

Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi lánadeildar veiðarfæraiðnaðar, þar á meðal um vaxtakjör lána. Heimilt er ráðherra að ákveða í reglugerð, að veita megi, auk lána, styrki eða vaxtalaus framlög um tiltekið árabil til að stofnsetja veiðarfæragerðir og jafnframt til verðjöfnunar á ótollverndaðri, innlendri veiðarfæraframleiðslu, ef þurfa þykir vegna erlendrar samkeppni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 25 22. apríl 1966 inn í lög nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á öndverðu þingi bar ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um verðjöfnunargjald af veiðarfærum, 25. mál, þskj. 25.

Málinu var vísað til veiðarfæranefndar, en um það hefur verið nokkur ágreiningur.

Ætlazt er til, að frumvarp þetta komi í stað áðurnefnds frumvarps, um verðjöfnunargjald af veiðarfærum.

Hér er lagt til, að verðjöfnunargjald verði 1% af tollverði sömu veiðarfæra tegunda, sem gert var ráð fyrir, að 2% verðjöfnunargjald næði til samkvæmt frv. um verðjöfnunargjald af veiðarfærum. Auk þess er hér lagt til, að stofnsett verði í Iðnlánasjóði sérstök lánadeild fyrir veiðarfæraiðnað og henni verði tryggt stofnfé, sem nemur 11.6 millj. króna, sbr. 1. gr. frv., auk tekna af verðjöfnunargjaldinu og tekna af 2. og 3. lið 1. gr. að viðbættri lánsheimild, allt að 10 millj. króna, sbr. síðustu málsgrein 1. gr.

Að öðru leyti vísast um skýringar á málinu almennt til athugasemda og fylgiskjala með áðurnefndu frumvarpi, um verðjöfnunargjald af veiðarfærum.

Nd. 357. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin fékk rektor háskólans á sinn fund, og veitti hann ýmsar upplýsingar um efni frv.

Nefndin er sammála um að mæla með frv. óbreyttu. IG var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. marz 1967.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
Gunnar Gíslason.	Einar Olgeirsson.	Sigurvin Einarsson.

Nd. 358. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til orkulaga.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frv. með lítils háttar breytingum, en fulltrúar Framsóknarflokksins vildu gera allmiklar breytingar á frumvarpinu. Ég er hins vegar andvígur þeirri meginstefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Í greinargerð frumvarpsins er frá því skýrt, að í skipunarbréfi þeirrar nefndar, sem fékk það verkefni að endurskoða raforkulögin frá 1946, hafi verið ákveðið af ráðherra, að hún íhugaði sérstaklega breytingar á lögunum „í ljósi þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið með setningu laga um Landsvirkjun“ varðandi raforkuvinnslu og raforkudreifingu. Síðar í greinargerð frv. er sagt, að aðalbreytingar, sem í frumvarpinu felist, séu þær, að afnuminn sé einkaréttur ríkisins til þess að reisa og reka raforkuver og að breyta starfsemi raforkumálaskrifstofunnar m. a. með því að skilja frá henni allan rekstur Rafmagnsveitna ríkisins.

Með raforkulögunum frá 1946 var sú meginstefna mörkuð í raforkumálum þjóðarinnar, að stefnt skyldi að því, að ríkið tæki sem mest í sínar hendur byggingu nýrra raforkuvera, lagningu aðalorkuveitulína og yfirstjórn rafmagnsmálanna í landinu. Með þeim lögum var að því stefnt að sameina sem mest raforkukerfin í landinu, þ. e. a. s. að tengja sem fyrst saman í eitt samfellt orkuveitusvæði landið allt. Slík samtenging hefur marga kosti þjóðhagslega séð og þann mestan, að með henni skapast möguleikar til stærri virkjunarframkvæmda og hagkvæmari en þegar um aðgreind minni orkuveitusvæði er að ræða. Erfitt er að vinna að slíkri samtengingu orkuveitusvæðanna, ef eigendur orkuveranna eru margir. Þá ber jafnan á sérhagsmunasjónarmiðum hvers eiganda um sig.

Með setningu laganna um Landsvirkjun var í veigamiklum atriðum horfið frá þeirri stefnu í raforkumálum, sem mótuð var með raforkulögunum frá árinu 1946. Með lögunum um Landsvirkjun var ákveðið að hefjast handa um stórvirkjun í þeirri stórá landsins, sem talin er hagstæðust til raforkuframleiðslu. Ef fylgt hefði verið stefnu raforkulaganna frá 1946, hefði ríkið átt að taka að sér virkjun Þjórsár og algera forustu í Landsvirkjunarstjórn. Frá þessari stefnu var vikið, eins og kunnugt er. Ríkið er að vísu meðeigandi að Þjórsárvirkjun, en aðeins að hálfu á móti Reykjavíkurborg.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir um orkumál, ber þess glögg merki, að stefna ríkisstjórnarinnar í raforkumálum er sú að draga úr forustu ríkisins í þessum málum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að gerbreyta verksviði raforkumálaskrifstofunnar. Í stað stækkandi stofnunar, sem var ætlað það hlutverk að taka í vaxandi mæli að sér raforkuframleiðslu og raforkusölu og framkvæmdir í virkjunarmálum, á nú að breyta raforkumálaskrifstofunni í almenna rannsóknarstofnun, sem ekki á að hafa nein teljandi fjárráð.

Rafmagnsveitur ríkisins á að skilja frá raforkumálaskrifstofunni og embætti raforkumálastjóra. Er það í samræmi við þá meginstefnu frv. að dreifa og aðskilja orkuveitusvæðin og orkuframleiðendurna í stað þess að vinna að sameiningu undir yfirstjórn ríkisins.

Það er skoðun mín, að brýn þörf sé á að koma upp sterkum ríkisrekstri á öllum þýðingarmestu þáttum raforkukerfisins í landinu. Sameign og samstarf ríkis og bæjar- og sveitarfélaga kemur þó til greina í vissum tilfellum og þó fyrst og fremst á því tímabili, sem verið er að breyta frá gamla rekstrarforminu. Hliðstæða stefnu í raforkumálum hafa flestar þjóðir Evrópu þegar tekið upp. En þrátt fyrir það virðist núverandi ríkisstjórn vera á þeirri skoðun, að hér á landi henti bezt að byggja upp mörg og aðgreind orkuveitusvæði með mörgum og smáum virkjunum. Augljóst er, að það, sem ræður þessari stefnu ríkisstjórnarinnar, er fjandskapur hennar við ríkisrekstur. Af þeim ástæðum flytur hún nú þetta frumvarp um sundurlimun raforkumálaskrifstofunnar og fráhvarf frá þeirri stefnu í raforkumálum, sem mörkuð var með raforkulögunum frá 1946.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir meginstefnu þessa frumvarps, og því legg ég til, að það verði fellt.

Alþingi, 15. marz 1967.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 359. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frumvarpið óbreytt, en ég kaus að skila sérstöku áliti og gera grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði sérstakar uppbætur á fiskverð á árinu 1967, sem áætlað er að nemi um 100 milljónum króna. Þá er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram 140 milljónir króna á árinu 1967 til greiðslu á verðbótum á útfluttar frystar fiskafurðir samkv. sérstökum reglum tilgreindum í frumvarpinu. Og loks er gert ráð fyrir samkv. frv., að þeim 80 millj. kr., sem ákveðið var að verja til stuðnings sjávarútveginum við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, skuli varið í aðalatriðum á sama veg og gert hefur verið undanfarin ár með sams konar greiðslur.

Sá stuðningur við sjávarútveginn, sem ákveðinn er í frv., mun vera óhjákvæmilegur, eins og komið er hag þeirra þátta sjávarútvegsins, sem hér er um að ræða. Þannig mun t. d. það fiskverð, sem ákveðið hefur verið, að meðtöldum þeim greiðslum, sem frá ríkinu eiga að koma, sízt vera of hátt. Miklu líklegra er, að það sé enn allt of lágt, til þess að bátaútvegur landsmanna geti talizt hafa viðunandi rekstrargrundvöll og sjómenn bátaflotans sambærileg launakjör á við aðra í landinu.

Það hlýtur að vekja athygli allra, sem um atvinnu- og fjárhagsmálefni hugsa, að núverandi ríkisstjórn skuli nú, eftir sjö ára viðreisn og einstakt góðæri til lands og sjávar og sérstaklega hagstæð kjör á erlendum mörkuðum fyrir íslenzkar útflutningsvörur, koma fram með frv. á Alþingi um víðtækar uppbótargreiðslur til atvinnuveganna. Uppbótargreiðslurnar til sjávarútvegsins eru þó í rauninni orðnar mun meiri en þetta frv. bendir til. Í stórum dráttum munu uppbótargreiðslur til sjávarútvegsins nú vera orðnar sem hér segir:

Uppbótargreiðslur samkv. frv.	320	millj.	kr.
Greiðslur vegna vátryggingarkerfis	200	—	—
Uppbætur til togara í gegnum aflatryggingasj. og ríkissj. um	60	—	—
Verði verðlækkun á frystum fiski 20% árið 1967, eins og eigendur frystihúsa áætla, hækka bætur samkv. frv. um	60	—	—
Samtals	640	millj.	kr.

Niðurgreiðslur á vöruverði í landinu, miðað við núgildandi greiðslur, allt árið um	850	—	—
Útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur	250	—	—

Samtals munu því uppb. og niðurgr. á árinu 1967 nema um 1740 millj. kr.

Hér er því orðið um allálitlegt millifærslu- eða uppbótakerfi að ræða.

Þegar núverandi ríkisstjórn hóf viðreisnarstefnu sína fyrir rúmum 7 árum, lýsti hún því yfir, að hennar aðalstefnumál í efnahagsmálum væri að afnema alla styrki og uppbætur til atvinnuveganna. Þannig hefur þá farið um þetta aðalstefnumál stjórnarinnar.

En uppbótargreiðslurnar eru þó ekki aðalatriði þessa máls. Það, sem miklu meira máli skiptir, er, að þrátt fyrir allar þessar greiðslur er ástand atvinnuveganna hið bágbornasta í mörgum greinum.

Í sjávarútveginum blasir t. d. það við, að togaraútgerðin í landinu er að leggjast niður. Í upphafi viðreisnartímans, eða á árinu 1960, voru gerðir út 46 togarar í landinu. Hagur togaraútgerðarinnar var allgóður á árunum 1958 og 1959 eða árin áður en sjálf viðreisnin kom til. En nú eftir 7 ára viðreisn er togaraútgerðin í rústum og eftir eru 16 skip í rekstri. Minni fiskibátum fer sífellt fækkandi, og rekstrartími þeirra styttist með hverju ári vegna vaxandi fjárhagsörðugleika. Þessi þróun í togaraútgerð og rekstri minni báta leiðir svo aftur til minnkandi hráefnis í fiskiðnaði og versnandi rekstraraðstöðu frystihúsa og fiskiðnaðarfyrirtækja.

Þessi óhagstæða þróun stafar fyrst og fremst af rangri og hættulegri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Aðalatriði málsins eru þessi:

Ríkisstjórnin hefur gert hverja ráðstöfunina eftir aðra, sem leitt hefur af sér **hækkandi verð innanlands.** Hún hefur í reynd afnumið allt verðlagseftirlit og leyft stórfelldar hækkanir á álagningu og ýmiss konar þjónustu. Hún hefur í sífellu hækkað söluskatt og alls konar álögur. Hún hefur staðið fyrir hækkun á raforku, fyrirskipað almenna vaxtahækkun, hækkað allar aukatekjur ríkissjóðs og staðið fyrir margvíslegum nýjum álögum. Allt hefur þetta ásamt með stjórnleysinu í fjárfestingar- og verðlagsmálum leitt til þeirrar óðaverðbólgu, sem allir þekkja. Og það eru afleiðingar þessarar óðaverðbólgu, sem bitna á framleiðsluatvinnuvegunum.

Stefna ríkisstjórnarinnar í málefnum sjávarútvegsins hefur beinlínis verið fjandsamleg. Þar til má m. a. nefna: Hækkun vaxta að þarflausu. Minnkun afurðalána úr 67% í 55%, en þau lán voru hagstæðust. Styttingu stofnlána. Sérstaka hækkun á dráttarvöxtum. Margvíslegar hömlur, sem settar hafa verið til þess að torvelda kaup á nýjum fiskiskipum.

Við afgreiðslu þessa máls tel ég skylt að benda á, hvernig komið er hag undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar eftir 7 ára viðreisnarstjórn. Þó að gjöful fiskimið,

hagstæðir erlendir markaðir og óhemju dugnaður íslenzkra sjómanna hafi ráðið því, að heildarfiskaflinn hafi farið vaxandi undanfarin ár og verðmæti aflans stórlega vaxið, þá hefur slíkt ekki gerzt vegna stjórnarstefnunnar, heldur þrátt fyrir hana. Hinar stórkostlegu síldveiðar hafa haldið þjóðarbúinu uppi, og þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið hin síðari ár í síldariðnaði, og sú aukning fiskiskipastólsins, sem fram hefur farið, eiga rætur sínar að rekja til uppgripaaflans og hagstæðra markaða, en ekki í stefnu ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum.

Frumvarpið, sem hér liggur fyrir, er sönnun á því, að viðreisnarstefnan hefur mistekizt. Eftir sjö ára viðreisn er millifærslukerfið jafnmikið og nokkru sinni fyrr. Af því ber að draga réttar ályktanir.

Alþingi, 15. marz 1967.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 360. Frumvarp til laga [167. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Ragnar Jónsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól, Dyrhólahreppi, eyðijörðina Holt í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni Jóhönnu Sæmundsdóttur, Nikhól.

Jörðin Holt var í mörg ár í eigu og ábúð Jóhönnu Sæmundsdóttur og manns hennar, Þorsteins Einarssonar, sem nú er látinn. Þau hjón seldu ríkissjóði jörðina árið 1936. Fór salan fram sökum hættu á spjöllum á landi jarðarinnar, þegar Hafursá var veitt úr fyrra farvegi sínum vegna brúargerðar á þjóðveginum um Mýrdal. Jóhanna hefur haft afnot jarðarinnar, síðan hún fór í eyði, og hefur nú hug á, að hún komist aftur í eigu ættarinnar.

Nd. 361. Breytingartillaga [94. mál]

við brtt. á þskj. 331 [Jarðeignasjóður ríkisins].

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við a-lið 2. tölul. bætist:
Einnig er heimilt að byggja jarðirnar á erfðaleigu.

Ed. 362. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. marz.)

1. gr.

Á eftir 5. málslið 1. málsgreinar 17. gr. komi:

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 363. Frumvarp til laga [137. mál]

um Búreikningastofu landbúnaðarins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. marz.)

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningastofu undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal það fela ákveðnum manni stjórn hennar og leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Kostnaður við Búreikningastofu landbúnaðarins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

3. gr.

Hlutverk Búreikningastofu landbúnaðarins er:

1. Að leiðbeina bændum með færslu búreikninga og stuðla að því, eftir því sem við verður komið, að bændur færi sem gleggsta reikninga um búrekstur sinn.
2. Að safna búreikningum víðs vegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og félagsbúum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda í heild og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er stofnuninni berast og færðir eru í samræmi við þær reglur, sem hún setur, hlutaðeigendum að kostnaðarlausu, og vinna úr þeim tölulegar upplýsingar um allar greinar landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Senda skal viðkomandi bónda búreikning hans, uppgerðan, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunaut, eins fljótt og við verður komið, og auk þess birta yfirlitsskýrslu um niðurstöður búreikninganna fyrir hvert ár fyrir sig.
4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til leiðbeiningar bændum, er búreikninga vilja halda.
6. Að vinna að því með útgáfustarfsemi, námskeiðum og á annan hátt, í samráði við búnaðarhagfræðiráðunauta Búnaðarfélagsins og aðra starfsmenn þess, að útbreiða meðal bænda hagnýta þekkingu á niðurstöðum búreikningastarfseminnar.

7. Að vera ríkisstjórn og þeim aðilum, er hverju sinni fara með verðlags- og framleiðslumál landbúnaðarins, til aðstoðar við útreikninga eða gagnasöfnun, að því leyti sem slíkt fellur innan starfssviðs stofnunarinnar, eins og það er ákveðið með lögum þessum.

4. gr.

Forstöðumanni búreikningastofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfs síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Ed. 364. Breytingartillaga [149. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Á undan 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. I. a., um ráðningartíma og aðalstarf.

Ed. 365. Lög [102. mál]

um breyting á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Samhljóða þskj 252.

Ed. 366. Lög [95. mál]

um viðauka við og breytingu á lögum nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 16. marz.)

Samhljóða þskj. 260.

Nd. 367. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [168. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir íslenzkir ríkisborgarar, karlar og konur, sem búsettir eru í landinu, þegar kosning fer fram, og verða 21 árs eða eru eldri á því ári, sem kosning fer fram. Lækka má kosningaaldur með lögum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Í stað orðanna „hinn 15. dag febrúarmánaðar“ í 5. gr. komi: 10. dag októbermánaðar.

3. gr.

Á eftir 45. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur frumvarp til laga eða annarrar samþykktar hlotið samþykki Alþingis, og getur þriðjungur þingmanna krafizt þess, að frumvarpið sé borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar. Sama rétt hefur fimmtungur kosningabærra manna. Krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skal vera skrifleg og þarf að hafa borizt forseta Alþingis innan 8 vikna frá samþykkt frumvarpsins. Einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum. Nú eru lög staðfest af forseta, en hljóta ekki samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu, og falla þau úr gildi 14 dögum eftir að forsætisráðherra hefur tilkynnt um úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Fjórðungur þingmanna eða fjórðungur kosningabærra manna getur með skriflegri beiðni til forsætisráðherra krafizt þess, að leitað sé álits þjóðarinnar um tiltekið málefni. Forsætisráðherra, hæstiréttur og umboðsmaður þeirra, sem kröfuna gera, tilnefna þrjá menn í nefnd, er ákveður orðalag atkvæðaseðilsins.

Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðis skulu settar með lögum.

4. gr.

Á eftir 45. gr. kemur önnur ný grein, svo hljóðandi:

Frumvarp til laga eða þingsályktunar, sem felur í sér, að ríkisvaldið sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar, telst ekki samþykkt, nema hlotið hafi fimm sjöttu hluta greiddra atkvæða í báðum deildum Alþingis. Nú hlýtur frumvarpið ekki tilskilinn meiri hluta, en þó einfaldan meiri hluta greiddra atkvæða í báðum deildum, og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosningabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og tveir þriðju hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu, telst það samþykkt.

5. gr.

68. gr. orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Sendiráð erlendra ríkja mega þó eiga hér húseignir samkvæmt alþjóðavenjum, sem um það gilda. Alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að, mega og eiga fasteignir til menningar- og heilbrigðisstarfsemi. Þó þarf lög um það hverju sinni.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

6. gr.

Á eftir 68. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Öll núverandi óbyggð, — það er almenningar, afréttir, aðrar lendur og svæði, sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár, — og öll hveraorka, vatnsorka og auðæfi í jörðu, sem þar eru, er ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Ákveða skal með lögum beitirétt, veiðirétt og annan hefðbundinn afnotarétt á þessum svæðum, svo og hvernig með eyðijarðir, sem þar eru, skuli fara.

7. gr.

Framan við 69. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hver maður á rétt á atvinnu. Ríkið skal stefna að því að tryggja öllum fulla atvinnu. Með lögum skal skipa um öryggi manna við vinnu, hæfilegan vinnutíma og ráðstafanir gegn ofþjökun.

8. gr.

70. gr. orðist svo:

Hver maður á rétt á læknishjálp og ókeypis sjúkrahúsvist, þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Hver maður á og rétt á slíkum styrkjum úr almennum tryggingasjóðum, er slys, sjúkdóma, örorku og elli ber að höndum, að nægi honum til framfærslu. Sérstaklega skal tryggja rétt barna, mæðra og ekkna á sama hátt. Sá, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, á rétt á styrk úr almennum sjóði. Nánar skal ákveða öll þessi réttindi með lögum.

9. gr.

71. gr. orðist svo:

Öll börn og unglingar á aldrinum 7 til 16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.

10. gr.

75. gr. orðist svo:

Ísland er friðlýst land. Herskyldu má aldrei í lög leiða.

Greinargerð.

Frá því að lýðveldið var stofnað, hefur það verið ætlun þings og þjóðar, staðfest af mörgum ríkisstjórnum, að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá, sem tryggði íbúum landsins hin margvíslegustu félagslegu réttindi. Strax um haustið 1944, er nýsköpunarstjórnin var mynduð, var slíkum vilja lýst yfir í stefnuskrá hennar með þessum orðum:

„Loks hefur ríkisstjórnin ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar með það m. a. fyrir augum, að sett verði ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu, eða þess framfæris, sem tryggingalöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningarréttar."

Fleiri ríkisstjórnir síðar hafa gert svipaðar samþykktir og stjórnarskrárnefndir verið settar og starfað, en allt hefur borið að sama brunni: deilan um kjördæmaskipunina hefur hvað stjórnarskrármál snertir yfirgnæft allt annað, en allar aðrar nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar hafa lent í skugga.

Þá er það helzt ráð, þegar nokkur friður er nú í kjördæmamálinu, að reyna að fá fram þær aðrar stjórnarskrárbreytingar, sem löngu er orðin þörf á að gerðar séu. Álíta því flutningsmenn, að nú sé heppilegur tími til þess að flytja frv. um slíkar breytingar.

Þær breytingar, sem lagt er til að gera með þessu frv., eru mjög mismunandi eðlis, allt frá því að vera nauðsynlegar „leiðréttingar" á úreltum ákvæðum, stað-

festingar á fengnum mannréttindum og til verulegra breytinga til aukins lýðræðis og lýðréttinda.

Breytingar þær, sem felast í 3. og 4. gr. þessa frv., fela í sér eina veigamestu breytingartillögu þess: að tryggja þjóðinni sjálfri beinlínis ákveðið vald til þess að samþykkja eða fella lög án þess að hafa stjórnmálaflokka að millilið. Það var tilgangur lýðveldisstjórnarskrárinnar, að þjóðin fengi slíkan rétt. Í 26. gr. lýðveldisstjórnarskrárinnar var beinlínis gert ráð fyrir því, að forseti lýðveldisins gæti skotið lagafrumvarpi undir þjóðardóm, og væri þá hægt í þjóðaratkvæðagreiðslu að fella lagafrumvarp, sem meiri hluti Alþingis hafði samþykkt. Einmitt með tilliti til þessa valds, er forseta Íslands var gefið með 26. gr., var ákveðið, að hann skyldi vera þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, eins og meiri hlutinn í lýðveldisstjórnarskrárnefndinni fyrst lagði til. Hins vegar eru nú liðnir tveir áratugir, og forseti Íslands hefur aldrei veitt þjóðinni aðstöðu til þess að leggja sinn dóm á neitt mál. Er því orðin full nauðsyn á, að sett séu ákvæði í stjórnarskrá, er tryggi þjóðinni, að hún geti hagnýtt sér þann rétt, sem 26. gr. lýðveldisstjórnarskrárinnar veitir henni, án þess að forseti þurfi að skjóta málum undir hennar dóm með því að synja að staðfesta lög.

Í 4. gr. þessa frv. er sérstakt ákvæði, svipað því, sem nú er í stjórnarskrá Dana, til þess að tryggja, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, ef ríkisvaldið hyggst afhenda heimildir sínar í hendur alþjóðlegrar stofnunar.

Í 1. gr. þessa frv. er gert mögulegt að lækka kosningaaldur niður fyrir 21 ár með einfaldri lagasetningu. Enn fremur eru felld burt skilyrðin um, að kjósendur skuli vera fjárráðir eða hafa óflekkað mannorð. Virðist eigi rétt, að hægt sé að dæma af mönnum slík mannréttindi sem kosningarrétt, enda sýnir reynslan, að hætta er á, að farið sé í manngreinarálit, þegar slíkt er gert.

Með 2. gr. er aðeins verið að staðfesta þá hefð, að Alþingi hefji störf sín að hausti í októberbyrjun.

Með 5. gr. er flutt breytingartillaga, sem þeir Hannibal Valdimarsson og Einar Olgeirsson hafa áður flutt. Er orðin á því brýnasta nauðsyn, að um þetta séu sett ótvíræð ákvæði í stjórnarskrá.

6. gr. felur í sér, að tekin eru af öll tvímæli um, að óbyggðirnar og sú orka og auðæfi, sem þar eru í jörðu, séu ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar, alþjóðareign, sem eigi verði af höndum látin til sölu. Um form eignarréttar á þessu óbyggðasvæði hafa verið skiptar skoðanir. En því meir sem sá tími nálgast, að þjóðin geti hagnýtt allar auðlindir sínar, því nauðsynlegra er, að ótvírætt sé úr skorið um eignarrétt á þessu svæði.

Með 7. gr. er sett í stjórnarskrá viðurkenning á því, sem nú er staðreynd og viðurkennt í yfirlýsingum flestra ríkisstjórna, síðan lýðveldið var stofnað: réttur manna til atvinnu og hvers konar vinnuverndar.

Með 8. gr. er hinum eldgamla „þurfamannarétti“ stjórnarskrárgreinar nr. 70 breytt í það horf, er nútímanum hæfir, sett í samræmi við tryggingalöggjöfina og þó gengið feti framar með því, að tryggja skuli ókeypis sjúkrahúsvist.

9. gr. breytir aldargömlu lélegu ákvæði um uppfræðslu barna í nútímahorf og samræmi við gildandi fræðslulög, en gengur þó feti framar með því að fyrirskipa, að tryggja skuli efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum — og er vissulega tími til kominn, að svo sé gert, og þjóð vorri hin fyllsta þörf á því, svo að þeir unglingar, er áhuga hafa og hæfileika til æðri menntunar, þurfi eigi af henni að missa sökum efnahagsskorts.

Með 10. gr. er afnumin hin gamla 75. gr., sem orðrétt var tekin á sínum tíma úr dönsku stjórnarskránni og heimilar herskyldu á Íslandi, en engir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa sýnt áhuga á að framkvæma og sízt væri grundvöllur fyrir nú. Er þess í stað lögleitt bann við herskyldu og landið friðlýst.

Nánar í framsögu.

Nd. 368. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um endurbyggingu togaraflotans o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Jónas G. Rafnar, Sverrir Hermannsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á sjávarútvegsmálaráðherra í framhaldi af yfirlýsingu hans um fyrirgreiðslu við smíði nokkurra skuttogara að fela þeim aðilum, sem fara munu með framkvæmd þessa máls, að hafa samráð við samtök togaraeigenda, sjómanna og eigenda hraðfrystihúsa vegna væntanlegrar endurbyggingar togaraflotans.

Sérstaklega skal kanna, hvernig koma megi við sem fullkomnastri sjálfvirkni aflvéla og búnaðar, svo að koma megi við fækkun skipverja án aukins vinnuálags eða minnkandi öryggis.

Einnig verði athugaðir möguleikar á erlendum lánum og byggingarstyrk vegna nýsmíði togara og um möguleika þess, að ríkissjóður kaupi gömlu togarana, þegar þeir hafa náð ákveðnum aldri, ef andvirði þeirra rennur til endurbyggingar togaraflotans.

Þá verði enn fremur kannað, hvaða fyrirgreiðsla sé nauðsynleg til handa frystiiðnaðinum til að koma upp nauðsynlegum tæknibúnaði til löndunar, frystigeymslum og uppþíðingartækjum til móttöku og vinnslu afla úr frystitogurum.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa farið fram margs konar athuganir á rekstri og endurbyggingarmöguleikum hins íslenzka togaraflota.

Þeir, sem þekkja og skilja þá miklu þýðingu, sem hin stórvirku atvinnutæki, togararnir, hafa haft fyrir íslenzkt atvinnulíf, telja flestir, að rekstur togara eigi fullan rétt á sér hér á landi og sé nauðsynlegur, þótt hann geti ekki í framtíðinni verið rekinn með núverandi skipum og skipulagi, heldur þurfi þar að verða gjörbreyting á.

Þeir, sem hafa þessa skoðun, fögnuðu yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem Eggert G. Þorsteinsson sjávarútvegsmálaráðherra flutti í Ed. Alþingis 10. marz s. l.

Í ræðu, sem ráðherrann flutti um sjávarútvegsmál, sagði hann m. a.: „Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri, sem hér gefst, til þess að lýsa því yfir, að til athugunar er nú hjá ríkisstjórninni, með hvaða hætti verði bezt greitt fyrir kaupum á 3—4 togveiðiskipum af skuttogaragerð. Áætlað er, að skip þessi verði af mismunandi gerðum eða stærðum, þannig að sem raunhæfastur grundvöllur fáist undir framtíðarskipan þessara mála varðandi endurnýjun togaraflotans.“

Við, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem flytjum þessa þingsályktunartillögu, viljum með flutningi hennar undirstrika þá skoðun okkar, að í framtíðinni, eins og á liðnum áratugum, geti togaraútgerð á Íslandi verið einn af hornsteinum gjaldeyrisöflunar og þróttmikils fiskiðnaðar, liður í alhliða framförum og aukinni velmegun íslenzku þjóðarinnar.

Jafnframt viljum við með þessum tillöguflutningi benda á nokkur atriði, sem okkur virðist nauðsynlegt að könnuð verði til hlítar, áður en við hefjumst handa um byggingu skuttogara. Um leið þarf að rannsaka mörg önnur vandamál, sem tillit verður að taka til, og verður þeirra nánar getið við framsögu málsins.

Nd. 369. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir nefndarmenn mælum með samþykkt þess með breytingum.

Tilgangur frv. er sá að koma í veg fyrir stöðvun í rekstri frystihúsa og þorskveiðiskipa um sinn með því að veita nokkurt fé úr ríkissjóði til stuðnings þessum aðilum. Er hér um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þá fjórðu í röðinni frá árinu 1964 að telja, til stuðnings ýmsum greinum sjávarútvegs og fiskiðnaðar. En auk þessa hefur rekstur togara verið styrktur úr ríkissjóði allt valdatímabil „viðreisnar"-stjórnarinnar.

Þessar staðreyndir eru þungur áfellisdómur um árangur stjórnarstefnunnar, sem ríkt hefur í 7½ ár og hafði að aðalmarkmiði að koma atvinnulífinu á heilbrigðan grundvöll og tryggja, að útflutningsframleiðslan yrði rekin hallalaust án uppbóta og styrkja.

Af fjárlögum ársins 1967 sést, að um 1.3 milljarði króna af ríkistekjum upp á 4.7 milljarða er varið til uppbóta og niðurgreiðslna til þess að forða frá stöðvun í atvinnulífinu, en raunar er fjárhæð þessi mörg hundruð milljónum hærri, ef allur fjárstuðningur við atvinnuvegina úr ríkissjóði væri talinn. Má því fullyrða, að um 1 kr. af hverjum 3 kr., sem innheimtar eru í ríkissjóðinn, sé notuð í þessum tilgangi.

Þrátt fyrir þetta eru erfiðleikar stofnatvinnuveganna nú meiri en oftast áður. Ekkert verðfall erlendis né samdráttur í þjóðarframleiðslu fær skýrt þetta. Þjóðartekjur á mann hafa á tímabilinu 1960—1965 vaxið um 5.7%, sem er sennilega mesta hagvaxtarskeið síðustu áratuga og á að miklu leyti rót að rekja til síbatnandi viðskiptakjara við útlönd.

Frv. þetta fjallar um einn þátt þessara vandamála, rekstrarvandamál frystihúsanna, smærri bátanna og togaranna. Er í veðri látið vaka af þeim, sem að flutningi þess standa, að verðfall á frystum fiskafurðum á erlendum mörkuðum hafi skapað þessa erfiðleika. Að áliti okkar er ekki nema hluti sannleikans þar með sagður og stærstu ástæðunum alveg sleppt, sem eru síaukinn rekstrar- og útgerðarkostnaður af völdum óðaverðbólgunnar, er dafnað hefur óvenjuvel á valdatíma „viðreisnar"-stjórnarinnar, en hún hefur vaxið 3—4 sinnum hraðar en í helztu viðskiptalöndum okkar og hjá keppinautum um markaðina.

Árið 1966 er talið, að frystihúsin hafi tapað á milli 50 og 100 milljónum króna, en einmitt það árið hefur Efnahagsstofnunin upplýst í skýrslu sinni til Hagráðs, að meðalverð útfluttra þorskafurða hafi verið 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða 5% hærra.

Árin 1964—1966 voru frystihúsunum veittar í uppbætur á framleiðslu sína 126 milljónir króna samtals til að standa undir hækkandi fiskverði. Öll þessi ár seldust frystar fiskafurðir fyrir síhækkandi verð. Þannig segir í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs, að markaðsverð frystra afurða hafi hækkað um 45% árin 1960—1965. Varla verður verðlækkun kennt um erfiðleikana þessi árin.

Á s. l. ári skilaði nefnd alþingismanna, er athugaði rekstrarvandamál báta undir 120 smálestum að stærð, áliti. Niðurstaða hennar var sú í fáum orðum sagt, að enginn rekstrargrundvöllur væri til fyrir þá nú. Með samanburði á milli ára var sýnt fram á, að rekstraraðstöðu meðalbáts hafði hrakað, útgerðarkostnaður óx hraðar en tekjur bátsins, þrátt fyrir allmiklar hækkanir fiskverðsins.

Hnignun í togaraútgerð er alkunn, og fækkar þeim togurum jafnt og þétt, sem eru í rekstri. Enginn rekstrargrundvöllur er til fyrir þessi skip í dag, og eru togararnir reknir með stórfelldu tapi.

Frumvarp þetta á að forða stöðvun í þessum atvinnugreinum næstu mánuðina. En meira þarf til. Stefnubreyting, þar sem horfið er frá óðaverðbólgu, er nauðsynleg. Mótun stefnu í uppbyggingu bátaflota og fiskiðjuvera og nýtingu fiskimiða er einnig nauðsynleg. Létta þarf álögum af þessum atvinnuvegi og lækka fjármagnskostnaðinn.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa á undanförnum þingum flutt fjölda mála í þessa stefnu, en öll hafa þau verið felld eða svæfð.

Frv. gerir ráð fyrir, að fjár til þeirrar hækkunar fiskverðs, sem um er rætt, verði aflað með því að rýra framkvæmdafé á fjárlögum og klípa 20 milljónir króna af jöfnunarsjóðsfé sveitarfélaganna. Á það getum við ekki fallizt. Ríkissjóður hafði á s. l. ári um 800—900 milljónir króna í umframtekjur skv. fjárlögum. Sú aukna skattheimta á m. a. sök á þeim vanda, sem frv. fjallar um, og teljum við því eðlilegt, að hluti af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966 verði notaður í þessu skyni. Um það fjallar fyrsta brtt. okkar.

Þá er það upplýst, að svokölluðu hagræðingarfé til frystihúsanna er ætlað að standa undir hærra fiskverði, en ekki sérstaklega til framleiðniaukningar. Við teljum, að nefna beri hlutina réttum nöfnum, og flytjum brtt. um það.

Síðasta brtt. okkar miðar að því að gera ákvæði 10. gr. skýrari. Við teljum óeðlilegt að takmarka eftirgjafir fjárkrafna við Ríkisábyrgðasjóð einan, en þannig skiljum við greinina. Við leggjum til, að þessu verði breytt eins og fram kemur í 3. brtt. okkar.

Með tilliti til framanritaðs leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Til að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 85 milljónum króna af greiðsluafgangi ársins 1966.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður leggur fram 50 milljónir króna á árinu 1967, sem úthluta skal til frystihúsa í hlutfalli við framleiðslu þeirra af frystum fiskafurðum. Seðlabanki Íslands úthlutar þessu fé í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.
3. Við 10. gr. 3. málsl. orðist svo:
   Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Fiskveiðasjóði Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands og öðrum opinberum lánasjóðum ásamt Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir.

Alþingi, 19. marz 1967.

Jón Skaftason, frsm. Ingvar Gíslason.

Ed. 370. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [170. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo: Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, og

hafa ríkisborgararétt hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjárráður.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 22. apríl s. l. samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin skal skila áliti svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966."

Hinn 5. maí s. á. kaus Alþingi í framangreinda nefnd og hóf hún störf sín í júníbyrjun og hefur nú skilað áliti, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpinu, þar sem segir m. a.: „Er það sammæli nefndarinnar, að rétt sé að hverfa að því að lækka kosningaaldur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga frá því sem nú er. Skiptar skoðanir voru hins vegar um það innan nefndarinnar, hve langt ætti að ganga í þessu efni, en nefndin er þó sammála um það, að mæla með því, að hann verði á þessu stigi lækkaður um eitt ár eða niður í 20 ár."

Einnig þykir rétt, að felld séu úr gildi ákvæði 33. greinar stjórnarskrárinnar um fimm ára búsetu í landinu, en ákvæði þetta var sett á meðan réttarstaða Íslands var önnur en nú og á ekki lengur við.

Þá þykir og rétt, að felld sé niður 2. mgr., þar sem hún hefur enga þýðingu lengur.

Fylgiskjal.

Álit milliþinganefndar um lækkun kosningaaldurs.

Hinn 22. apríl s. l. samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin skal skila áliti svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966."

Hinn 5. maí s. á. kaus Alþingi í framangreinda nefnd þá:

Hákon Guðmundsson, yfirborgardómara,
Björn Fr. Björnsson, sýslumann,
Ragnhildi Helgadóttur, lögfræðing,
Óla Þ. Guðbjartsson, kennara,
Örlyg Hálfdánarson, skrifstofumann,
Ragnar Arnalds, alþingismann, og
Björn Friðfinnsson, lögfræðing.

Nefndin hóf störf sín hinn 3. júní s. l. Var Hákon Guðmundsson kosinn formaður, en Björn Friðfinnsson ritari. Ákveðið var og, að jafnframt því, sem aflað væri innlendra gagna, væri og rétt að kanna, hvaða aldurs væri krafizt í nálægum löndum að því er varðaði kosningarrétt og lögræði.

I.

Um kosningarrétt og lögræðisaldur gilda erlendis þessar reglur.

1. Á Norðurlöndum.

Í **Danmörku** er kosningaaldur bundinn við 21 árs aldur, og verður honum að núgildandi lögum aðeins breytt með samþykki kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lögræðisaldur miðast þar einnig við 21 árs aldur.

Í **Noregi** öðlast menn einnig kosningarrétt við 21 árs aldur, samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarlaga, og þarf því stjórnarskrárbreytingu, ef hverfa á frá því aldurstakmarki.

Lögræðisaldur í Noregi er bundinn við 21 árs aldur.

Í **Svíþjóð** hefur kosningaaldur verið lækkaður í 20 ár með lögum frá 3. des. 1965, en hann var áður 21 ár.

Lögræðisaldur í Svíþjóð er hins vegar enn bundinn við 21 árs aldur, en sænsku lögræðislögin eru nú í endurskoðun og er eigi enn vitað, hver verður niðurstaða þeirrar endurskoðunar.

Í **Finnlandi** öðlast menn kosningarrétt við 21 árs aldur.

Lögræðisaldur er þar hinn sami.

Á Norðurlöndum hafa orðið töluverðar umræður um það, hvort lækka bæri kosningaaldurinn. Kom mál þetta til umræðu á þingi Norðurlandaráðs árið 1964 að tilhlutan 5 finnskra fulltrúa úr þremur stjórnmálaflokkum (Social demokratiska partiet, Finlands folkparti og Demokratiska förbundet for Finlands folk). Meiri hluti nefndar þeirrar (juridiska niomanna komittén), sem um málið fjallaði, lagði til, að ekki yrði gerð nein ályktun um málið, en minni hlutinn (2 nefndarmenn) sænskir (úr Socialdemokr. og Folkpartiet) mæltu með því, að ríkisstjórnir Norðurlanda athuguðu hver fyrir sig möguleika á því að lækka kosningaaldurinn og yrði lögræðisaldurinn þá einnig athugaður í því sambandi.

Á þingi Norðurlandaráðs 1965 lá fyrir umsögn ríkisstjórna þeirra, er hlut áttu að máli. Danska stjórnin (innanríkisráðuneytið) kvaðst með hliðsjón af því, að kosningaaldurinn hefði með þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1961 verið lækkaður úr 23 árum í 21 ár, ekki sjá ástæðu til að athuga sérstaklega, hvort lækka ætti kosningaaldur meira, en teldi rétt að bíða eftir úrslitum þeirra athugana, sem fram færu í hinum norrænu löndunum.

Finnska stjórnin (dómsmálaráðuneytið) skýrði frá því, að kosningaaldurinn hefði árið 1944 verið lækkaður í 21 ár. Frá þeim tíma hefðu komið fram margar tillögur um að lækka kosningaaldurinn niður í 18 ár. Stjórnlaganefnd finnska þingsins hefði þá ávallt vísað þessum tillögum á bug með þeim rökum, að það væri óeðlilegt, að fólk, sem ekki hefði náð lögræðisaldri, fengi kosningarrétt. Var það afstaða finnska dómsmálaráðuneytisins, að taka þyrfti lækkun lögræðisaldursins til yfirvegunar, áður en horfið væri að því að lækka kosningaaldurinn.

Norska stjórnin (dómsmálaráðuneytið) lýsti því, að meiri hluti nefndar, sem skipuð hefði verið 1961, hefði í júní 1964 mælt með því, að kosningaaldurinn yrði lækkaður í 20 ár. Hefði ríkisstjórnin álit nefndarinnar til yfirvegunar og mundi á sínum tíma senda það til þingsins.

Af gögnum þeim, sem fyrir hendi voru á þingi Norðurlandaráðs árið 1964, kemur það fram um afstöðu norskra stjórnmálaflokka, að tveir þeirra, Socialistisk folkeparti og Norges kommunistiske parti, hafa mælt með lækkun kosningaaldurs, en að aðrir stjórnmálaflokkar þar hafi ekki þá tekið afstöðu til málsins. Nú liggja fyrir norska þinginu tvær tillögur um lækkun kosningaaldurs. Mun önnur tillagan gera ráð fyrir lækkun í 20 ár en hin í 18 ár. Ekki er gert ráð fyrir, að þingnefnd sú, er um málið fjallar, skili áliti fyrr en í vor og kemur málið þá ekki til afgreiðslu í norska þinginu fyrr en á næsta ári.

Í Svíþjóð hefur kosningaaldur þegar verið lækkaður í 20 ár svo sem áður segir.

2. Önnur lönd.

Um kosningaaldur í öðrum löndum má geta þess, að í Hollandi er hann 23 ár. Í Bretlandi, Frakklandi, V.-Þýzkalandi, Sviss, Ítalíu, Belgíu og Luxemborg miðast hann við 21 árs aldur. Í Sovétríkjunum og öðrum A.-Evrópuríkjum öðlast menn kosningarrétt, er þeir verða 18 ára. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku fer það nokkuð eftir einstökum ríkjum, hvenær menn öðlast kosningarrétt, en almennt miðast hann við 18—21 ár. Lægstur mun hann vera í Georgíu og Kentucky, en í síðarnefnda ríkinu var hann árið 1965 lækkaður úr 21 ári í 18 ár. Þá mun nú hafa komið fram á löggjafarþingi Bandaríkjanna tillaga þess efnis, að kosningaaldur við forsetakjör miðist við 18 ára aldur.

II.

Um réttindi, sem bundin eru við tiltekinn aldur hér á landi, þykir rétt að geta eftirfarandi atriða.

a) **Kosningaaldur.**

Ákvæði um skilyrði til kosningarréttar til Alþingis hafa hér á landi verið í stjórnarskránni allt frá því, er Ísland fékk fyrst stjórnarskrá árið 1874. Samkvæmt henni var kosningarréttur bundinn við 25 ára aldur auk annarra skilyrða svo sem um tiltekinn efnahag. Giltu sömu reglur í þessu tilliti í öllu verulegu til ársins 1915. Með stjórnskipunarlögum, sem sett voru það ár, var kosningarrétturinn rýmkaður verulega. Aldurstakmarkið hélzt þó hið sama og verið hafði, en konur og hjú fengu nú fyrst kosningarrétt til Alþingis með þeim takmörkunum þó, að réttur til kosningar miðaðist í fyrstu við 40 ára aldur, en skyldi lækka um eitt ár í senn næstu 15 ár unz hann væri kominn niður í hinn almenna kosningaaldur 25 ár. Með stjórnarskránni frá 1920 var hið sérstaka aldurstakmark kvenna og hjúa fellt niður og var kosningaaldur allra þá hinn sami. Stóð svo til 1934 en þá var kosningaaldur allra færður niður í 21 árs aldur og hefur staðið við það síðan, en áður, árið 1929, var kosningaaldur til sveitarstjórnarkosninga, sem ekki er bundinn ákvæðum stjórnarskrárinnar, lækkaður í 21 ár. Er kosningarréttur til Alþingis nú samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 bundinn við 21 árs aldur. Verður því aldurstakmarki ekki haggað nema með stjórnarskrárbreytingu.

b) **Lögræðisaldur.**

Með lögum nr. 60/1917 var lögræðisaldur ákveðinn 21 árs aldur, en til þess tíma giltu þær reglur, að menn urðu hálfmyndugir 18 ára, en eigi fullráða fyrr en við 25 ára aldur. Lög nr. 60/1917 geymdu þó þá undantekningu frá 21 árs lögræðismarkinu, að ekkjur og fráskildar konur urðu lögráða, þótt þær hefðu eigi náð 21 árs aldri.

Árið 1947 voru sett ný lög um lögræði, nr. 95/1947. Eigi urðu þá aðrar breytingar á lögræðisaldri en þær, að giftir menn, karlar og konur, undir 21 árs aldri urðu nú lögráða, en áður náði það ákvæði, eins og sagt var, aðeins til ekkna og fráskildra kvenna.

c. **Hjúskaparaldur.**

Samkvæmt lögum nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar er bannað að vígja yngri karlmann en 21 árs og konur yngri en 18 ára nema með leyfi stjórnarráðsins. Séu hjónaefni yngri en 21 árs þarf samþykki foreldris, nema það hjónaefni, er hlut á að máli, hafi áður verið gift.

Aldurs hjónaefna, sem gefin hafa verið saman árin 1951—1965, er nánar getið síðar.

III.

Nokkrar umræður hafa hin síðari ár orðið um það hér á landi, hvort ekki væri ástæða til þess að lækka kosningaaldurinn, og árið 1963 samþykkti flokks-

þing Alþýðuflokksins að beita sér fyrir því, að kosningaaldur yrði lækkaður niður í 18 ár. Ekki verður séð, að aðrir stjórnmálaflokkar hérlendir hafi tekið þetta atriði í stefnuskrá sína eða gert um það beinar samþykktir.

Á Alþingi 1965 fluttu nokkrir alþýðuflokksmenn þingsályktunartillögu þess efnis, að Alþingi hlutaðist til um, að gerð yrði athugun á því, hvort ekki væri tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur. Í sambandi við meðferð þess máls á Alþingi leitaði þingnefnd sú, er um málið fjallaði, álits eftirtaldra aðilja:

1. Sambands ungra sjálfstæðismanna,
2. Sambands ungra jafnaðarmanna,
3. Sambands ungra framsóknarmanna,
4. Æskulýðsfylkingarinnar,
5. Íslenzkra ungtemplara og
6. Sambands bindindisfélaga í skólum.

Afstaða ofangreindra félagssamtaka var þessi:

S. U. S. lýsti sig meðmælt því, að athuguð yrði lækkun kosningaaldurs niður í 18 ár, en benti jafnframt á, hvort ekki væri tímabært, að samtímis færi fram athugun á öðrum lágmarksaldursákvörðunum svo sem lögræðisaldri.

S. U. J. kvað lækkun kosningaaldurs í 18 ár hafa verið stefnuskráratriði samtakanna frá því á árinu 1960.

S. U. F. taldi tímabært, að fram færi athugun á lækkun kosningaaldurs og þá einnig á þjóðfélagsstöðu ungs fólks t. d. að því er varðaði lögræðis- og hjúskaparaldur og önnur sambærileg réttindi, sem nú væru almennt miðuð við 21 árs aldur.

Þá hvöttu þessi samtök til þess, að leitað yrði álits æskufólks á aldrinum 18—21 árs á þessum atriðum með þjóðaratkvæðagreiðslu innan þessara aldursárganga.

Æskulýðsfylkingin — samband ungra sósíalista — kvað það yfirlýsta stefnu sína, að lækka bæri kosningaaldurinn niður í 18 ár og taldi, að jafnframt bæri að lækka önnur aldurstakmörk svo sem lögræðis- og giftingaraldur.

Íslenzkir ungtemplarar kváðu skoðanakönnun, sem fram hefði farið innan þessara félagssamtaka, hafa leitt í ljós, að unga fólkið teldi sig ekki dómbært um stjórnmál um 18 ára aldur og fáir óskuðu eftir breytingu um lækkaðan kosningaaldur. Kváðust samtökin ekki að svo stöddu sjá sérstaka ástæðu til þess að mæla með samþykkt um 18 ára kosningaaldur. **Stjórn sambands bindindisfélaga í skólum lýsti** sig andvíga því, að kosningaaldur yrði færður úr 21 ári niður í 18 ár. Var sú afstaða studd þeim rökum, að fólk milli 18 og 20 ára aldurs hefði vart náð þeim andlega þroska, sem þarf til að mynda sér ákveðnar stjórnmálaskoðanir. Mætti og búast við því, að niðurfærsla á kosningaaldri verkaði sem andleg þvingun á marga vegna þess, að stjórnmálaflokkarnir mundu eftir megni reyna að ná tökum á þessu unga fólki.

Nefndin hefur ekki talið ástæðu til þess að leita á ný álits nefndra félagasamtaka, þar sem svo skammt er liðið frá því, er þau gáfu framangreindar yfirlýsingar um afstöðu sína til þess máls, sem hér er fjallað um.

Leitað var eftir því af hálfu nefndarinnar, hvort tiltækar væru skýrslur um hlutdeild fólks á aldrinum 18—20 ára í tekjuöflun þjóðfélagsins. Sú athugun leiddi í ljós, að þetta væri að vísu mögulegt, en að sú úrvinnsla úr opinberum skýrslum, er framkvæma þyrfti í því skyni, mundi verða mikið verk og kostnaðarsöm. Var því frá því horfið, að leggja út í nefnda könnun.

Hins vegar kannaði nefndin tölur um aldur fólks, sem gengið hefur í hjónaband á árunum 1951—1965. Úr þeirri könnun skal þessa getið:

Af 1139 hjónaböndum **árið** 1951 voru 11 brúðgumar innan 20 ára en 34 á 21. ári. Brúðgumar alls innan 21 árs ca. 4% af heildartölu brúðguma.

Af 1336 hjónaböndum **árið** 1956 voru 29 brúðgumar yngri en 20 ára, en 63 á 21. aldursári. Hlutfallstala brúðguma innan 21 árs aldurs varð því það ár ca. 7%.

Af 1309 hjónaböndum árið 1960 voru 31 brúðgumi innan 20 ára en 75 á 21. ári eða ca 8% af heildartölu brúðguma, en árið 1965 er tala hjónabanda 1560, voru 117 brúðgumar innan 20 ára, en 141 á 21. ári. Hlutfallstala brúðguma innan 21 árs aldurs varð því það ár 16.5%.

Þessar tölur leiða í ljós, að hlutfallstala karlmanna undir 21 árs aldri, er ganga í hjónaband, hefur þannig farið mjög hækkandi undanfarin ár. Svipað er að segja um giftingaraldur kvenna, en af 1139 hjónaböndum árið 1951 voru 330 brúðir innan 21 árs eða 29%. Af 1336 hjónaböndum árið 1956 eru 397 brúðir innan 21 árs eða 29.5%. Árið 1960 eru brúðir á sama aldri 447 í 1309 hjónaböndum eða ca. 34% og 1965 eru hjónabönd 1560, en tala brúða undir 21 árs aldri 671 eða ca. 43%.

IV.

1. Framangreindar tölur sýna, að hundraðshluti þess fólks, sem gengur í hjónaband innan 21 árs aldurs, hefur farið síhækkandi s. l. 15 ár. Verða því stöðugt fleiri karlar og konur lögráða án þess þó að hafa náð lögræðisaldri, 21 árs aldri, og öðlast þannig þá lífsaðstöðu og það athafnafrelsi, sem fullum fjárráðum fylgir.

Þá er og vitað, þótt eigi séu um það tölur á reiðum höndum, að fólk innan 21 árs aldurs kemur nú á ýmsum sviðum fyrr til starfa og tekur mun virkari þátt í þjóðarbúskapnum en áður. Hefur það því meira fé handa á milli til ráðstöfunar en áður var.

Þessari aðstöðu fylgja meiri umsvif af þess hálfu og aukin sjálfstæðistilfinning, en í kjölfar hennar kemur að ýmsu leyti meiri þroski og þrá til athafna og þá einnig ríkari hneigð til þess, að gera sér grein fyrir stefnum og straumum í viðhorfum og viðfangsefnum daglegs lífs og þjóðmálum almennt. Er réttmætt að gera ráð fyrir því, að það mundi stuðla að aukinni ábyrgðartilfinningu og auknum þroska, ef hið unga fólk fengi rétt til þeirrar hlutdeildar um þjóðmál, sem kosningarréttur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga veitir.

Þegar þetta er metið verður þó einnig að hafa í huga, að á aldrinum 18—20 ára er fólk enn þá mjög á mótunarskeiði og sveiflast meira milli andstæðra viðhorfa en síðar, er það nær meiri sálrænum þroska. Má í þessu sambandi hafa í huga að því er þátttöku í stjórnmálum varðar, að á nefndum aldri hefur fólk nú þá aðstöðu, að geta starfað innan stjórnmálaflokka, sem það oft gerir af miklum áhuga og dugnaði, án þess þó að verða fyrir því álagi, sem fylgir nútíma kosningabaráttu andstæðra stjórnmálaflokka, er þeir leita eftir fylgi atkvæðisbærra manna, en gera má ráð fyrir því, að flokkarnir leitist eigi síður við að afla sér fylgis meðal þeirra, sem kjósa í fyrsta sinn, en hinna, sem eldri eru.

2. Til glöggvunar á því, hvaða kjósendafjölgun það mundi valda, ef horfið yrði að lækkun á kosningaaldri, hefur nefndin fengið eftirfarandi yfirlit frá Hagstofu Íslands:

Tala þeirra, sem verða 18—21 árs árin 1970, 1971 og 1972.

	1970			1971			1972			1970—1972		
Verða:	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
18 ára	3 935	2 060	1 875	4 164	2 154	2 010	4 193	2 171	2 022	12 292	6 385	5 907
19 ára	3 878	1 920	1 958	3 935	2 060	1 875	4 164	2 154	2 010	11 977	6 134	5 843
20 ára	3 918	2 069	1 849	3 878	1 920	1 958	3 935	2 060	1 875	11 731	6 049	5 682
21 árs	3 705	1 924	1 781	3 918	2 069	1 849	3 878	1 920	1 958	11 501	5 913	5 588
	15 436	7 973	7 463	15 895	8 203	7 692	16 170	8 305	7 865	47 501	24 481	23 020

Aths. Hér er um að ræða árganga 1949—52, eins og tala einstaklinga í þeim var samkvæmt þjóðskrá 1. desember 1965. Ekki er gerð tilraun til að áætla breytingar vegna millilandaflutninga og dauðdaga fram til 1970—72, enda geta þær ekki skipt miklu máli.

3. Þegar litið er til framangreindra atriða og annarra viðhorfa, er það sammæli nefndarinnar, að rétt sé að hverfa að því að lækka kosningaaldur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga frá því sem nú er. Skiptar skoðanir voru hins vegar um það innan nefndarinnar, hve langt ætti að ganga í þessu efni, en nefndin er þó sammála um það, að mæla með því, að hann verði á þessu stigi lækkaður um eitt ár eða niður í 20 ár.

Þar sem 33. gr. stjórnarskrárinnar bindur kosningarrétt til Alþingis við 21 árs aldur, verður honum ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu. Ef horfið yrði að því ráði að lækka kosningaaldurinn, gæti verið um fleiri en eina leið að velja og bendir nefndin í því sambandi á þessa möguleika:

a) að breyta ákvæðum 33. gr. stjórnarskrárinnar í það horf, að miða við ákveðinn aldur, t. d. 20 ár.

b) að láta núgildandi aldursákvæði 33. gr. stjskr. standa óbreytt, en taka upp í hana ákvæði þess efnis, að breyta megi aldursmarkinu með lögum þannig, að lækka megi kosningaaldurinn í 20, 19 eða 18 ár eftir því, hvað stjórnarskrárgjafinn vildi veita almenna löggjafanum mikið svigrúm til lækkunar. Mætti þá einnig, ef ástæða þætti til, krefjast tiltekins meiri hluta í hvorri þingdeild til þess að breyting næði fram að ganga. Þessi aðferð mundi opna greiðari leið til breytinga á kosningaaldrinum, ef nægur meiri hluti á Alþingi væri fyrir slíkri breytingu. Þyrfti þá ekki heldur nú þegar að stíga fullt spor til lækkunar, en möguleiki til hennar væri fyrir hendi án stjórnarskrárbreytingar, þá er tilskilinn meiri hluti Alþingis teldi efni standa til þess, að kosningaaldri yrði breytt.

Í sambandi við breytingu á aldursákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar vill nefndin vekja athygli á því, hvort eigi væri réttlátt, að þeir, sem næðu tilskildum aldri á því ári, er kosning fer fram, fengju rétt til þess að kjósa, þótt þeir hefðu eigi á kosningardegi náð fullum aldri.

Eigi var þó innan nefndarinnar samstaða um það, hvora þessara leiða skyldi velja, er breyting væri gerð, né heldur um það, hve víðtæka heimild almenni löggjafinn ætti að fá til breytingar á aldursákvæðum stjórnarskrárinnar, ef síðari leiðin væri valin.

V.

Það er áður rakið, að samkvæmt núgildandi lögum fer kosningaaldur og lögræðisaldur saman, þannig að hvor tveggja er miðaður við 21 árs aldur nema í þeim frávikum þar sem maður verður lögráða innan 21 árs aldurs, þ. e. giftir karlar og konur yngri en 21 árs.

Lögræði er samkvæmt 33. gr. stjórnarskrárinnar eitt af þeim skilyrðum, sem þar eru sett fyrir kosningarrétti. Yrði kosningaaldur lækkaður, þyrfti því jafnframt að gera eitt af tvennu, að fella niður það skilyrði eða lækka lögræðisaldurinn að sama skapi.

Nefndin telur sig eigi hafa aðstöðu til þess að tjá sig fræðilega um öll þau tilvik, sem til álita koma, þegar meta skal einstök atriði, sem að lögræðisaldri lúta. En almennt séð er það álit nefndarinnar, að eigi séu annmarkar á því að lækka lögræðisaldur nú þegar um eitt ár og liggja til þeirrar niðurstöðu í höfuðatriðum sömu rök og færa má fram því til stuðnings, að kosningaaldur sé lækkaður, enda verður að telja það eðlilegt, að um kosningaaldur til Alþingis og annarra almennra kosninga og um lögræðisaldur gildi að vissu marki í meginatriðum sömu aldursreglur, ef lögræði er gert að skilyrði fyrir kosningarrétti. Þyrfti því að breyta aldursákvæðum laga nr. 95/1947 um lögræði, ef að því yrði horfið, að lækka kosningaaldurinn, en lögræðisskilyrðinu haldið.

VI.

Af framangreindum tölum um aldur þess fólks, sem í hjónaband gengur, sést, að hlutfallstala brúðhjóna undir 21 árs aldri fer síhækkandi. Með hliðsjón af þeirri

Hafi hann verið sjóðfélagi í 15 ár eða lengur í þjónustu ríkisins eða sjálfseignarstofnunar, sem fengið hefur aðild að sjóðnum, miðast elli- og makalífeyrir þó við launin eins og þau eru, þegar lífeyrisgreiðslur byrja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 377. Lög [22. mál]

um námslán og námsstyrki.

(Afgreidd frá Ed. 20. marz.)

Samhljóða þskj. 251.

Ed. **378. Frumvarp til laga** [173. mál]

um Skipaútgerð ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Skipaútgerð ríkisins, sem hóf starfsemi sína árið 1929, skal framvegis starfa undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Hlutverk Skipaútgerðar ríkisins er að annast áætlunarferðir skipa með farþega, póst og vörur meðfram ströndum Íslands, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að vera falin. Einnig skal Skipaútgerðinni heimilt að halda uppi flutningum á landi milli hafna í sambandi við áætlunarferðir strandferðaskipa.

Skipaútgerðin ákveður, frá hvaða höfnum skip hennar skuli gerð út. Henni er heimilt að reka skipaafgreiðslu í Reykjavík, en á öðrum höfnum skulu ráðnir umboðsmenn til afgreiðslustarfa fyrir Skipaútgerðina.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Skipaútgerðarinnar í embætti og setur honum erindisbréf.

4. gr.

Ráðherra skipar formann stjórnarnefndar Skipaútgerðarinnar og með honum í stjórnarnefndina tvo menn, annan samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Gildir skipun stjórnarnefndarinnar til fjögurra ára í senn, og skal ráðherra ákveða laun hennar.

Verkefni stjórnarnefndarinnar er að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sameiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar, þ. á m. áætlanir um ferðir skipanna, um far- og farmgjaldataxta, um ráðningu starfsfólks og umboðsmanna, um meiri háttar viðgerðir og endurbætur á skipum, húsakynnum eða tækjum, um vátryggingar skipanna, um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun tilboða í því sambandi og mat á tilboðum, sem berast kunna, svo og önnur þau mál, sem nefndin telur að eigi falli undir dagleg störf forstjórans.

Nefndin skal halda gjörðabók, sem löggilt er af ráðuneytinu.

5. gr.

Reikningar Skipaútgerðarinnar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni og birtir með ríkisreikningnum.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem skipuð var af samgöngumálaráðuneytinu með bréfi, dags. 28. apríl 1965, „til að rannsaka rekstur Skipaútgerðar ríkisins

og athuga möguleika á að koma honum á hagkvæmari grundvöll.“ Er frumvarpið óbreytt frá tillögum nefndarinnar, að undanteknum tveimur smávægilegum breytingum á 2. og 4. gr., sem gerðar voru eftir tillögu stjórnarnefndar Skipaútgerðar ríkisins.

I nefndinni áttu sæti: Pétur Pétursson, forstjóri, Árni Vilhjálmsson, prófessor, Matthías Bjarnason, alþingismaður, og Birgir Finnsson, alþingismaður, og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Þegar nefndin hafði starfað um skeið, gekk hún á fund ráðherra og ræddi við hann um verkefni sitt. Benti nefndin þá m. a. á, að engin lög væru til um Skipaútgerð ríkisins, önnur en þau, að í fjárlögum hvers árs væri veitt framlag til hennar til greiðslu á rekstrarhalla. Með frv. þessu er lagt til, að bætt verði úr þessum ágalla.

Einnig benti nefndin á, að eðlilegast væri, að yfir jafn stóru og þýðingarmiklu fyrirtæki og Skipaútgerð ríkisins er, væri sérstök stjórn. Samkvæmt þeirri ábendingu nefndarinnar voru þeir Gunnar Vagnsson, deildarstjóri í samgöngumálaráðuneytinu, Höskuldur Jónsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, og Guðjón F. Teitsson, forstjóri, síðan skipaðir í stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins hinn 15. marz 1966.

Var, með skipan þessara manna í nefndina, að því stefnt að tryggja sem bezt samstarf yfirstjórnar Skipaútgerðarinnar við þau ráðuneyti, sem aðallega fjalla um málefni hennar, og virðist það fyrirkomulag þegar hafa getið góða raun.

Í frumvarpinu er lagt til, að stjórnarnefndin verði skipuð þrem mönnum, eins og nú er, en þó þannig, að ráðherra sé ekki bundinn af því að skipa forstjóra Skipaútgerðarinnar í nefndina. Lagt er til, að stjórnarnefndin verði skipuð til fjögurra ára í senn.

Að minnsta kosti einu sinni áður hefur komið fram á Alþingi frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins. Var það árið 1952, en það frv. varð ekki útrætt. Einnig lét millþinganefnd í samgöngumálum frumvarp um þetta efni fylgja áliti sínu og tillögum um samgöngumál árið 1958.

Hefur þannig áður verið bent á nauðsyn þess að lögfesta starfsgrundvöll Skipaútgerðarinnar, eins og hér er lagt til.

Ákvæði frumvarps þessa, er að lögum verður, hafa ekki áhrif á skipun manna í störf hjá Skipaútgerð ríkisins, sem nú starfa hjá henni samkvæmt skipunarbréfum.

Segja má, að um þessar mundir sé starfsemi Skipaútgerðarinnar á tímamótum. Ber þar fyrst til, að flest skipanna, sem útgerðin á, eru orðin gömul og á eftir tímanum, og þarf að gera ráðstafanir til þess að kaupa ný skip. Í öðru lagi hafa samgöngur á landi og í lofti tekið við verulegum hluta þeirra flutninga, sem annars hefðu orðið að fara fram á sjó, og þess vegna eru strandferðirnar ekki eins þýðingarmiklar og áður var. Hefur þessi mikla breyting m. a. lýst sér í vaxandi rekstrarhalla Skipaútgerðarinnar undanfarin ár, sem ekki hefur verið unnt að vinna upp með auknum flutningum. Hefur þetta vandamál hvað eftir annað verið tekið til sérstakrar athugunar undanfarin ár, síðast af nefnd þeirri, er frumvarp þetta samdi. Er skýrsla og tillögur þeirrar nefndar prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Verkefni Skipaútgerðarinnar er að mestu miðað við þá starfsemi, sem útgerðin hefur haldið uppi á liðnum árum. Þó er ekki gert ráð fyrir millilandasiglingum, og það er nýmæli að gera ráð fyrir flutningum á landi milli hafna á vegum Skipaútgerðarinnar. Byggist sú till. í frumvarpsgreininni á því, að víða á landinu er nú komið gott vegasamband milli hafna, þar sem strandferðaskipin hafa haft viðkom-

ur. Verður að teljast hagkvæmara fyrir Skipaútgerðina að fækka viðkomustöðum skipanna, þar sem þannig hagar til, en annast þess í stað flutninga á landi.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar hefur verið rætt í athugasemdunum hér að framan. Í greininni er að mestu um að ræða sömu skilgreiningu á starfssviði stjórnarnefndarinnar og er að finna í skipunarbréfi þeirrar stjórnarnefndar, er nú situr.

Um 5.—7. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

SKÝRSLA

Skipaútgerðarnefndar til samgöngumálaráðuneytisins.

Inngangur.

Með bréfi dags. 28. apríl 1965 skipaði samgöngumálaráðuneytið eftirtalda menn í nefnd „til að rannsaka rekstur Skipaútgerðar ríkisins og athuga möguleika á að koma honum á hagkvæmari grundvöll", eins og það er orðað í skipunarbréfinu:

Pétur Pétursson, forstjóra,
Árna Vilhjálmsson, prófessor,
Matthías Bjarnason, alþingismann,
Birgi Finnsson, alþingismann.
Var sá síðastnefndi skipaður formaður nefndarinnar.

Í skipunarbréfinu segir enn fremur:

„Er þess óskað, að nefndin kynni sér tillögur annarra aðila, sem undanfarin ár hafa athugað rekstur Skipaútgerðar ríkisins og umsagnir um þær, en þessi skjöl er í vörzlum ráðuneytisins, og skili áliti sínu til ráðuneytisins."

Nefndin hóf störf sín með því að safna saman umræddum gögnum o. fl., og verða nú hér á eftir talin upp þau gögn, sem nefndin hefur haft til athugunar.

1. „Álit og tillögur um samgöngumál", samið af milliþinganefnd í samgöngumálum og útgefið í febrúar 1958.
2. Rapport nr. 1, Vedrörende samferdselsspörsmål på Island, frá Industrikonsulent A. S. Oslo (I K O).
3. Bréf Skipaútgerðar ríkisins, dags. 23. sept. 1960, með umsögn forstjórans um till. I K O í Rapport nr. 1.
4. Umsögn Thulin Johansen, Guðm. Péturssonar og Ásgeirs Sigurðssonar, dags. 10. nóv. 1960, um álitsgerð I K O, dags. 19. ágúst 1960.
5. „Rapport nr. 4. Rasjonalisering av kystfarten på Island", dags. 9. marz 1961, frá I K O.
6. Bréf Skipaútgerðar ríkisins til samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. apríl 1961, um tillögur I K O, í marz það ár, um skipulag strandferða.
7. „Um umsögn forstjóra Skipaútgerðarinnar um tillögur I K O um strandferðamál", ódags. Samið af ráðuneytinu eða hagsýslunefnd?
8. Tvö bréf I K O til Ríkisendurskoðunarinnar, dags. 4. júlí 1961 og 19. okt. 1962.

9. Greinargerð varðandi athuganir um vörumeðhöndlun og ferðaáætlanir Skipaútgerðar ríkisins, samin af I K O, dags. 8. maí 1963.

10. Athuganir ráðuneytisins á tillögum I K O um áætlanir strandferðaskipanna, ódags. og óundirritað.

11. Umsögn forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Guðjóns F. Teitssonar, dags. 25. marz 1963, um skýrslu I K O, sem lögð var fram seint í marz 1963, um strandferðir Skipaútgerðar ríkisins.

12. „Ýmsar athugasemdir og ábendingar í sambandi við tillögur Industrikonsulenten A/S 15/3 1963" frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

13. Grein Rolv Slettemark, cand. oecon., „Samgöngumál á Íslandi" í ritinu „Úr þjóðarbúskapnum", febrúarhefti 1965. Enn fremur „Samgöngumál á Íslandi 1965", yfirlit um nauðsynlegar aðgerðir í samgöngumálum eftir sama.

14. Ársreikningar Skipaútgerðar ríkisins fyrir árið 1964, reikningsyfirlit pr. 1. okt. 1965, ársreikningar fyrir 1965 og reikningsyfirlit pr. 20. okt. 1966.

15. „Nauðsyn á breyttum skipakosti í strandferðirnar", grein eftir Guðjón F. Teitsson, forstjóra, birt í dagblaðinu Tíminn 14. marz 1965.

16. Skýrslur Skipaútgerðar ríkisins um vöru- og farþegaflutninga.

Auk þess að kynna sér framantalin gögn, ræddi nefndin við ýmsa menn, sem kunnugir eru flutningum á sjó. Ber þar fyrst að telja forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, Guðjón Teitsson, Guðmund Guðjónsson, skipstjóra á m/s Heklu, Magnús Blöndal, yfirverkstjóra Skipaútgerðarinnar í Reykjavík, Óttar Möller, forstjóra Eimskipafélags Íslands h.f., Sigurð Njálsson, forstjóra Hafskips h.f., Hjört Hjartar, forstjóra Skipadeildar S.Í.S. og Magnús Ármann, skipamiðlara. Einnig átti nefndin viðræður við hr. Rolv Slettemark og fékk skýrslu hans um Samgöngumál á Íslandi 1965 til athugunar. Eftir að stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins var skipuð, hefur nefndin einnig átt viðræður við hana.

Nefndin hefur alls haldið 28 bókaða fundi, og þar að auki hafa einstakir nefndarmenn margsinnis rædzt við um verkefnið og unnið að því að kynna sér tiltekin atriði fyrir nefndina, m. a. með viðræðum við Guðjón Teitsson, forstjóra, og söfnun margvíslegra upplýsinga.

Enn fremur fékk nefndin leyfi ráðherra til þess að fá Bjarna Einarsson, viðsk.-fræðing hjá Efnahagsstofnuninni, sér til aðstoðar. Var upphaflega ætlunin, að hann gerði spá (prognose) um horfur á þróun innanlandsflutninga 10—15 ár fram í tímann, til þess að nefndin gæti gert sér gleggri grein fyrir framtíðarþörfinni, að því er snertir flutning á sjó. Þetta verkefni reyndist þó vera það tímafrekt og erfitt, að nefndin ákvað að hætta við það, en fól hins vegar Bjarna Einarssyni viðsk.fræðingi að framkvæma úrtaksrannsóknir á farþega- og vöruflutningum Skipaútgerðar ríkisins, sem greint verður frá hér á eftir. Einnig var hann nefndinni hjálplegur við athugun á fleiri atriðum í sambandi við verkefni hennar.

Þann 9. og 10. sept. 1965 var um það rætt á fundum nefndarinnar, hvort að því skyldi unnið að skila sérstöku bráðabirgðaáliti, er miðaðist eingöngu við tillögur um það að draga nokkuð úr þeim mikla rekstrarhalla, sem verið hefur á Skipaútgerðinni, án þess þó að á fyrirtækinu væru gerðar verulegar breytingar. Að þessu hafa athuganir þær, sem I K O hefur gert á rekstri fyrirtækisins undanfarin ár, einkum beinzt, og kynnti nefndin sér tillögur I K O og svör forstjóra Skipaútgerðarinnar og umsagnir annarra aðila um þær, sbr. þau gögn, sem hér að framan eru talin.

Að höfðu samráði við ráðherra var þó horfið frá því að semja bráðabirgðanefndarálit, þar sem ráðherra lagði áherzlu á, að nefndin skilaði sem fyrst lokaniðurstöðum sínum og tillögum. Hins vegar var út frá því gengið við ráðherra, að nefndin gæti, á hvaða stigi málsins sem væri, gert tillögur um einstaka þætti verkefnisins, ef hún teldi ástæðu til. Samkvæmt því skrifaði nefndin ráðherra eftirfarandi bréf þ. 20. des. 1965:

SKIPAÚTGERÐARNEFND

Félags- og sjávarútvegsmálaráðherra,
Eggert G. Þorsteinsson,
Reykjavík.

Reykjavík, 20. des. 1965.

Nefndin leyfir sér að minna á viðtal við yður, hæstvirtur ráðherra, hinn 10. sept. s. l., varðandi verkefni það, sem henni hefur verið falið með skipunarbréfi dags. 28. apríl 1965.

Að viðtalinu loknu var gengið út frá því, að nefndin reyndi eftir föngum að hraða störfum, og skyldi að því stefnt að skila endanlegu nefndaráliti sem allra fyrst. Hins vegar tókuð þér fram, hæstv. ráðherra, að ef nefndin teldi ástæðu til, gæti hún, hvenær sem væri, skilað tillögum um einstaka þætti verkefnisins og gert yður grein fyrir þeim.

Í framhaldi af þessu vill nefndin upplýsa, að enn þá skortir töluvert á það, að unnt sé að skila endanlegu nefndaráliti og tillögum. Veldur þar mestu um, að sú könnun á flutningum Skipaútgerðar ríkisins, sem nefndin er að láta gera, er ærið tímafrek og enn fremur það, að nefndin hefur orðið að fá fólk til að vinna að þessu, sem hefur önnur störf með höndum sem aðalstörf. Hins vegar er verkið nú komið vel á veg, og mun verða nánar frá því skýrt síðar í nefndarálitinu. Verður þá jafnframt gerð grein fyrir störfum nefndarinnar að öðru leyti.

Með þessu bréfi er aðeins ætlunin að koma á framfæri við yður, hæstv. ráðherra, tillögum um tvö atriði í starfsemi Skipaútgerðar ríkisins, sem nefndin telur ástæðu til, að samgöngumálaráðuneytið taki nú þegar til athugunar og afgreiðslu.

Hið fyrra er utanlandssiglingar v/s Heklu. Hið síðara er skipulagning strandferða um Húnaflóa og Skagafjörð.

Áður en vikið er að þessum atriðum, hvoru fyrir sig, er rétt að taka það fram, að nefndin telur, að strandferðaskipin Esja, Hekla, Skjaldbreið og Herðubreið séu orðin of gömul og óhentug og ekki lengur í samræmi við þá flutningaþörf, sem um er að ræða við strendur landsins.

Leggur nefndin því til, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til að selja tvö þessara skipa, v/s Esju og v/s Skjaldbreið. Mun hún svo á síðara stigi málsins gera tillögur varðandi hin skipin, og þá um leið skila áliti sínu á því, með hvaða hætti þátttaka ríkisins í strandferðunum eigi að vera í framtíðinni.

Utanlandssiglingar v/s Heklu.

Sú staðreynd, að þessi skipakostur er ekki lengur í samræmi við flutningaþörfina við strendur landsins sést m. a. ljóslega af því, að stærsta skipið, v/s Hekla, hefur í mörg undanfarin ár verið haft í millilandasiglingum yfir sumartímann, **þegar ónóg verkefni hafa verið fyrir** skipið hér heima, og er þá komið að fyrra atriðinu, sem að framan greinir.

Utanlandssiglingar v/s Heklu hafa annars vegar byggzt á verkefnaskorti í strandferðum, en hins vegar á því, að þær hafa verið taldar gefa Skipaútgerðinni nokkurn ábata. Nú virðist þó svo komið, að hagnaðarvonin af þessari starfsemi sé úr sögunni, að því er forstjóri Skipaútgerðarinnar sjálfur telur. Nefndin fór þess á leit við hann, að hann gerði yfirlit um útkomuna á þessari starfsemi fyrirtækisins á þessu ári. Fylgir bréf hans, dags. 24. nóvember 1965, og rekstraryfirlit yfir utanlandsferðir 1965, hér með í afriti, merkt fskj. 1.

Niðurstaðan er, eins og þar segir, þessi:

„Rekstrarumsetning skipsins á umræddum tæplega 4 mánuðum er nærri 10 millj. kr., ef söluvörur eru taldar með, en samt virðast aðeins afgangs 127 þús. kr. fyrir skrifstofukostnaði, vöxtum og fyrningu."

Við þessa niðurstöðu er það að athuga, að ýmsir útgjaldaliðir í yfirlitinu eru áætlaðir, eins og fram er tekið í bréfinu, og má gera ráð fyrir, að við lokauppgjör eigi þeir fremur eftir að hækka en lækka, þannig að reikningsleg niðurstaða sýni stórum lakari útkomu.

Þá er í bréfi forstjórans gerð grein fyrir því, að ekki verði á næsta ári unnt að auka tekjur v/s Heklu í þessum ferðum með hækkun fargjalda, en á hinn bóginn upplýsir hann, að mikil kauphækkun hafi orðið á þessu ári, **eða 27.28% miðað við greidd laun árið 1964.** Einnig er vitað, að aðrir kostnaðarliðir munu fara hækkandi, og er af þessu fyrirsjáanlegt verulega mikið beint tap á millilandasiglingunum á næsta ári, verði þeim haldið áfram.

Nú er það svo, að skipulagning millilandaferðanna hefur langan aðdraganda, m. a. varðandi farmiðapantanir, sem innlendar og erlendar ferðaskrifstofur og einstaklingar gera mörgum mánuðum fyrir fram. Þess vegna þarf nú þegar að taka ákvörðun um það, hvort þessari starfsemi skuli haldið áfram næsta sumar eða ekki.

Nefndin leggur til, að millilandaferðum v/s Heklu verði hætt, þannig að skipið verði tiltækilegt til siglinga við landið í stað v/s Esju, sem nefndin gerir þá ráð fyrir, að verði seld.

Verður gerð nánari grein fyrir þeirri tillögu, þegar nefndaráliti verður skilað.

Í sambandi við framangreinda tillögu má geta þess, að nefndin hefur gert sér far um að fylgjast með rekstrarafkomu Skipaútgerðar ríkisins á þessu ári, og m. a. fengið efnahags- og rekstraryfirlit pr. 31. okt. s. l. frá ríkisendurskoðuninni.

Það yfirlit sýnir tap að upphæð kr. 31 238 675.32. **Þar af er tap á v/s Heklu talið kr. 9 061 563.78.**

Meðan verið var að skrifa þetta bréf, barst nýtt rekstraryfirlit frá ríkisendurskoðuninni pr. 30. nóv. s. l.

Samkv. því yfirliti er heildartapið orðið kr. 36 928 670.21, en tap á v/s Heklu talið vera kr. 9 227 667.27.

Með hliðsjón af þessum yfirlitum þarf naumast að benda á, að útkoman af utanlandssiglingum v/s Heklu á þessu ári getur trauðlega verið eins hagstæð og hr. forstjóri Guðjón Teitsson vill vera láta, og telur hann þó útkomuna engan veginn góða, sbr. bréf hans, sem vitnað var til hér að framan.

Eintak af efnahags- og rekstraryfirliti Skipaútgerðar ríkisins pr. 30/11 1965, fylgir hér með merkt fskj. 2.

Strandferðir um Húnaflóa og Skagafjörð.

V/s Skjaldbreið hefur undanfarin ár aðallega annazt flutninga á Húnaflóa- og Skagafjarðarhafnir og að einhverju leyti til Eyjafjarðar.

Áður sigldi skipið einnig á Breiðafjarðarhafnir, en vegna verkefnaskorts hafa ferðir til þeirra fyrir nokkru verið felldar alveg niður, án þess að samgöngur til þeirra staða, sem um er að ræða, biðu við það nokkurn hnekki. Síðan hefur skipið aðallega þjónað Húnaflóa, en flutningur þangað er stöðugt að fjara út, svo að notað sé orðalag hr. forstjóra Guðjóns Teitssonar, eftir því sem samgöngur á landi hafa farið batnandi, og er nú svo komið, að felldar hafa verið niður nokkrar áætlunarferðir v/s Skjaldbreiðar yfir sumartímann. Vöruflutningar Skipaútgerðarinnar til og frá svæðinu Ingólfsfjörður—Haganesvík hafa verið, sem hér segir, árin 1955, 1960 og 1964:

Ár:	Viðkomur:	Vörur, kg:
1955	412	5 894 204
1960	422	4 153 558
1964	415	3 588 046

Tíðastar viðkomur eru á hafnirnar við norðanverðan Húnaflóa, þ. e. Ingólfsfjörð, Norðurfjörð, Gjögur, Djúpavík, Kaldrananes, Drangsnes og Hólmavík. Árið

1964 eru þær frá 19 og upp í 46 á hvern stað. Á Skagaströnd eru það ár 35 viðkomur. Meðalflutningsmagn í viðkomu til þessara staða er frá 3.3 tonnum og upp í 8.8. tonn (Norðurfjörður).

Viðkomur á öðrum stöðum við Húnaflóa og Skagafjörð 1964 eru frá 4—26 og meðalflutningsmagn pr. viðkomu á þeim stöðum er töluvert hærra en á hinum stöðunum. Stafar það vafalaust af því, að til þessara staða eru farnar færri ferðir og aðallega fluttar stærri sendingar af vörum, eins og áburður og fóðurbætir, sem ekki getur verið nauðsynlegt að flytja með áætlunarskipum.

Farþegar til og frá höfnum á umræddu svæði eru sárafáir. Árið 1960 er Ingólfsfjörður hæstur með 4 11/12 farþega pr. viðkomu, og 1964 er sami staður einnig hæstur með 2 11/18 farþega pr. viðkomu. Til flestra staðanna eru margar ferðir án nokkurs farþega bæði árin, þannig að meðaltal pr. viðkomu nær ekki einum heilum.

Þau atriði, sem hér hafa verið rædd, koma m. a. fram á meðfylgjandi yfirliti yfir heildarflutninga til svæðisins og frá því árin 1960 og 1964, merktu fskj. 3. Meginþorri flutninganna hefur farið fram með v/s Skjaldbreið, en þó má reikna með, að nokkurt magn af vörum hafi bæði árin verið flutt með öðrum skipum Skipaútgerðarinnar.

Árið 1964 var tap á rekstri v/s Skjaldbreiðar kr. 7 164 424.29, og samkvæmt rekstraryfirliti pr. 30/11 1965 nemur bókfært tap kr. 4 457 783.04.

Bendir allt til þess, að á umræddu svæði muni fara mjög á sömu leið og farið hefur á Breiðafirði, þannig að flutningarnir yfirfærist á vegina jafnóðum og vegasambandið batnar.

Þörfin fyrir þjónustu v/s Skjaldbreiðar hefur verið mest við norðanverðan Húnaflóa, meðan Árneshreppur var vegasambandslaus, en nú má reikna með því, að vegurinn norður þangað verði fullgerður á næsta ári, og þá breytist viðhorfið á þá lund, að hvergi við Húnaflóa, né heldur á höfnunum við Skagafjörð, verður lengur nein veruleg þörf fyrir reglubundna flutninga á sjó.

Nú er þannig ástatt með v/s Skjaldbreið, að því er hr. forstjóri Guðjón Teitsson hefur tjáð nefndinni, að þá og þegar má búast við svo alvarlegri vélarbilun í skipinu, að ekki borgi sig að láta gera við vélina. Hefur „blokkin“ hvað eftir annað verið soðin saman með „Metal-Lock“-aðferð, og er hæpið, að slík viðgerð sé framkvæmanleg einu sinni enn, ef út af ber.

Að öllu þessu athuguðu er nefndin þeirrar skoðunar, að ekki komi til greina að stofna til kaupa á nýrri vél í skipið.

Það er hægt, að dómi nefndarinnar, að fella niður ferðir skipsins mjög fljótlega, og án þess að bíða eftir því, að vélin í v/s Skjaldbreið hrynji. Það er einnig hægt að sjá íbúunum við Húnaflóa og Skagafjörð fyrir nægilegum flutningum á landi.

Endastöð fyrir flutninga til norðurhafna við Húnaflóa gæti þá fyrst um sinn verið Hólmavík, eða eftir atvikum Hvammstangi eða Skagaströnd.

Nefndin hefur ástæðu til að ætla, að hægt muni vera að ná samkomulagi við Landhelgisgæzluna um það, að hafa v/s Maríu Júlíu staðsetta á Húnaflóa í vetur. Mundi skipið þá geta annazt þar flutninga á stykkjavörum og fólki milli staða eftir þörfum og einnig verið til taks til sjúkraflutninga og aðstoðar við báta. Einnig gæti það skroppið svo sem hálfsmánaðarlega til Ísafjarðar eftir vörum, sem hentugra þætti að flytja á sjó fremur en á landi. Yrðu þær vörur þá fluttar með hinum stærri skipum til Ísafjarðar.

Nefndinni er kunnugt um, að forstjóri Landhelgisgæzlunnar, hr. Pétur Sigurðsson, hefur áhuga á þessu máli, og mælir hún eindregið með því, að ráðuneytið leiti eftir samkomulagi um þá notkun v/s Maríu Júlíu, sem hér hefur verið stungið upp á.

Ef slíkt samkomulag tekst, álítur nefndin, að ráðlegast sé að taka v/s Skjaldbreið úr notkun sem allra fyrst, og gera síðan ráðstafanir til sölu á skipinu.

Hvað viðvíkur höfnunum við Skagafjörð—Eyjafjörð, sem v/s Skjaldbreið hefur haft viðkomur á, telur nefndin, að póstbáturinn Drangur geti annað nauð-

synlegum flutningum til þeirra út frá Akurevri, að svo miklu leyti sem ekki er flutt til þeirra beint á landi, eða sjóleiðina með flutningaskipum.“

Þannig hljóðaði bréf nefndarinnar til ráðherra, dags. 20. des. 1965.

Fylgiskjölin, sem því fylgdu, eru send með þessari skýrslu, merkt fskj. 1, 2 og 3.

Það sýndi sig svo, að tillögur nefndarinnar í framangreindu bréfi voru ekki taldar framkvæmanlegar á þeim tíma, sem nefndin ráðgerði, m. a. vegna ráðstafana varðandi utanlandssiglingar v/s Heklu, sem forstjóri Skipaútgerðarinnar hafði gert.

Kom nú að því, að ráðherra skipaði þ. 15. marz s. l. stjórnarnefnd yfir Skipaútgerð ríkisins til bráðabirgða, og eiga sæti í henni þessir menn:

Guðjón F. Teitsson, forstjóri,
Gunnar Vagnsson, stjórnarráðsfulltrúi,
Höskuldur Jónsson, stjórnarráðsfulltrúi.

Síðan stjórnarnefndin var skipuð, hefur nefndin ráðfært sig við hana og notið aðstoðar hennar. Hefur stjórnarnefndin gert ráðstafanir til þess að koma umræddum tillögum Skipaútgerðarnefndar í framkvæmd, þótt síðar verði en ætlað var í fyrstu, og með nokkuð öðrum hætti.

Jafnframt hefur stjórnarnefndin gert ráðstafanir til þess að fá hentugt vöruflutningaskip á leigu, og er það í samræmi við þá niðurstöðu, sem báðar nefndirnar eru sammála um, að núverandi skipakostur Skipaútgerðar ríkisins, að v/s Heriólfi undanskildum, sé ekki til neinnar frambúðar, og beri þess vegna að gera ráðstafanir til kaupa á nýjum og hentugri skipum. En hvort tveggja, sala gömlu skipanna og kaup á nýjum skipum, tekur óhjákvæmilega talsverðan tíma, og fari svo, að það takist að selja gömlu skipin, áður en ný skip eru fengin, þá verður óhjákvæmilegt að nota leiguskip um skeið, enda er æskilegt, að nokkur reynsla fáist af þeim, er hafa megi til hliðsjónar við kaup nýrra skipa. Er þá gengið út frá, að ný skip verði aðallega byggð fyrir vöruflutninga, og það fyrirkomulag tekið upp að nota flutningapalla og kassa (containers), eins og I K O, Rolv Slettemark o. fl., sem fjallað hafa um vandamál Skipaútgerðar ríkisins, hafa eindregið mælt með. Ætti að vera auðvelt að fá reynslu af þessu fyrirkomulagi með leiguskipum, og engu hætt, þótt ríflegur tími sé ætlaður til undirbúnings að kaupum nýrra skipa.

Nefndin hefur rætt ýmsa möguleika á skipulagi flutninga á sjó, svo sem að starfsemin verði í höndum einkaaðila, eða þá, að í þeim landshlutum, sem mesta þörf hafa fyrir flutninga á sjó, verði stofnuð félög með aðild sveitarfélaga, atvinnufyrirtækja og einstaklinga til kaupa og rekstrar þeirra skipa, sem með þarf til þess að fullnægja flutningaþörfinni.

Er greinilegt, af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að aðallega yrði um að ræða Vestfirði, Austfirði og Vestmannaeyjar, ef þessi leið yrði farin. Virðist margt mæla með því, að þeir aðilar, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í sambandi við flutninga á sjó, fái í einhverju formi aðild að þeirri starfsemi, t. d. þannig, að hver sá landshluti, sem að framan var nefndur, ætti sitt skip, eða sín skip, en rekstur þeirra væri á einni hendi.

En hvort sem kaup og rekstur nýrra strandferðaskipa yrði í höndum einkaaðila, eða slíkra félaga í landshlutunum, mundu mörg atriði í rekstrinum vera mjög óviss, og má ganga út frá því sem gefnu, að til yrði að koma verulegur ríkisstyrkur til starfseminnar, til þess að hún gæti tekið tillit til þarfa einstakra staða, og orðið fullnægjandi árið um kring.

Þess vegna hefur nefndin ekki gert ráð fyrir breytingum, að því er þetta varðar, og miðar tillögur sínar, sem hér fara á eftir, við það, að Skipaútgerð ríkisins starfi áfram.

Í skipunarbréfi nefndarinnar virðist einnig út frá því gengið, að svo verði, en í bréfinu stendur, að nefndin sé skipuð „til að rannsaka rekstur Skipaútgerðar ríkisins og athuga möguleika á að koma honum á hagkvæmari grundvöll.“

Tillögum nefndarinnar fylgir uppkast að frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins, en frá upphafi stofnunarinnar hafa hvorki verið sett um hana sérstök lög né reglugerð.

Voru það ábendingar nefndarinnar varðandi þennan mikla ágalla, sem leiddu til þess, að skipuð var stjórnarnefnd sú, sem að framan er getið.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að mjög verulega megi draga úr rekstrarhalla þeim, sem verið hefur á Skipaútgerð ríkisins undanfarin ár, með því tvennu aðallega að endurnýja skipastólinn til samræmis við breyttar aðstæður og breyttan tæknibúnað skipa og bæta stórlega aðstöðuna til vöruafgreiðslu í Reykjavík og á öðrum aðalhöfnum. Er þá haft í huga, að aðallega verði notaðir flutningapallar og kassar (containers) við vöruflutningana og notaður sem fullkomnastur tæknibúnaður við út- og uppskipun.

Þetta hvort tveggja er svo stórt fjárhagslegt átak, að tæplega kemur til greina, að aðrir aðilar en ríkið sjálft leysi það svo vel sé. Hins vegar er það álit nefndarmanna, að í ýmsu tilliti hafi fulltrúar þeirra landshluta, sem háðastir eru flutningum á sjó, betri aðstöðu en aðrir til þess að fylgjast með flutningaþörfinni á hverjum tíma, og mætti síðar kanna nánar þann möguleika, sem drepið var á hér að framan, að sveitarfélög, atvinnufyrirtæki og einstaklingar fái aðild að fyrirtæki eða fyrirtækjum, sem annist strandferðirnar.

Verður nú hér á eftir greint frá athugunum og tillögum nefndarinnar.

STARFSEMI SKIPAÚTGERÐAR RÍKISINS

Samkeppnisaðstaða og framtíðarhorfur.

Skipaútgerð ríkisins er talin stofnuð árið 1929, en þá tók fyrirtækið við rekstri e/s Esju, sem var eign ríkissjóðs, en hafði áður verið rekin af H/f Eimskipafélagi Íslands. Árið eftir var e/s Súðin keypt. E/s Esja kom til landsins 19. apríl 1923. Skipið var 749 br. rúml., og hafði farþegarými fyrir 118 manns. E/s Súðin var 811 br. rúml. og gat flutt 64 farþega.

Hér verður ekki rakin saga strandferða við Ísland. Því efni eru m. a. gerð nokkur skil í „Álit og tillögur um samgöngumál", sem milliþinganefnd í samgöngumálum gaf út í febrúar 1958 (bls. 98), og vísast til þess varðandi sögu strandferðanna.

Í sambandi við verkefni nefndarinnar er þó rétt að benda á, að áður fyrr voru samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins mun þýðingarmeiri en þær eru nú, og mjög víða á landinu var ekki um að ræða aðrar leiðir til vöru- og fólksflutninga en sjóleiðina. Þegar Alþingi afgreiddi fyrstu fjárlög samkvæmt stjórnarskránni frá 1874, var á þeim veitt fé til strandferða, og hefur svo verið síðan, en siglingum milli Íslands og annarra landa hefur nú um langt skeið verið haldið uppi án styrkja úr ríkissjóði.

Síðustu áratugina hafa opnazt samgönguleiðir á landi og í lofti, sem keppa um flutning við sjóleiðina og ganga á hennar hlut í flutningunum. Leggur ríkissjóður árlega fram mikið fjármagn til samgangna á landi og í lofti, til bygginga og viðhalds vega og brúa og til byggingar og rekstrar flugvalla. Eftir þessum samgönguleiðum eiga sér nú á dögum stað miklir fólks- og vöruflutningar, sem áður hefðu eingöngu beinzt til skipanna.

Hina öru þróun samgangna á landi má m. a. marka af því, að um það leyti, sem Skipaútgerð ríkisins tók til starfa, voru akfærir vegir í landinu aðeins taldir vera 1300 km (árið 1927), en árið 1961 voru þeir orðnir um 11 000 km. Í árslok 1961 voru brýr, 10 m og lengri, orðnar 650 talsins, en voru árið 1910 aðeins 11 á öllu landinu, og stöðugt fækkar þeim stöðum sem vegakerfið nær ekki til.

Bifreiðaeign landsmanna hefur einnig vaxið hröðum skrefum. Á árunum 1950—1960 fjölgaði bifreiðum úr 10 700 í 21 600 eða um 100%, og á miðju þessu ári var bifreiðaeignin orðin 38200, þar af vörubifreiðar 5500—6000.

Innanlandsflugið hefur einnig þróazt mjög ört, og er talið, að hér sé meira flogið en í nokkru öðru landi. Fjöldi flugfarþega innanlands jókst t. d. úr 1100 árið 1938 í 55 480 árið 1956, og s. l. ár mun hann hafa verið orðinn um 75 000.

Aukning póst- og vöruflutninga loftleiðis á sér einnig stað, og að vonum dregur allt þetta úr flutningum á sjó. Skortir mikið á, að reynt hafi verið að skipuleggja samgöngurnar þannig, að þær yrðu sem hagkvæmastar fyrir heildina. T. d. hefur miklu fé verið varið að vetrarlagi í snjómokstur á leiðinni til Norðurlands, á sama tíma og v/s Esja og Hekla hafa haldið uppi dýrum hringferðum með sáralítinn flutning.

Þessu ætti e. t. v. að breyta þannig, að vöruflutningunum til Norðurlands verði beint til skipanna, meðan erfiðast er að halda vegunum opnum, en það hefur ekki verið gert.

Þannig ber allt að sama brunni: Þróun samgangna á landi og í lofti hefur haft þau áhrif, að bæði fólks- og vöruflutningar með skipum Skipaútgerðar ríkisins hafa farið minnkandi. Þetta kemur m. a. fram í þeim gögnum, sem nefndin hefur kynnt sér (Skýrsla Rolv Slettemark, cand. oecon.: Samgöngumál á Íslandi 1965 o. fl.).

Enn fremur bendir allt til þess, að auknar vegaframkvæmdir, meiri bifreiðakaup, endurbætur og aukning flugvalla, uppsetning öryggistækja fyrir flugið og fullkomnari og afkastameiri flugvélar (Fokker Friendship), muni enn frekar styrkja samkeppnisaðstöðu samgangnanna á landi og í lofti gagnvart þeim þætti samgangnanna á sjó, sem Skipaútgerð ríkisins hefur annazt. Við bætist einnig sú staðreynd, að Eimskipafélag Íslands h.f. er byrjað að flytja vörur beint frá útlöndum til þriggja aðalhafna utan Reykjavíkur, þ. e. Reyðarfjarðar, Akureyrar og Ísafjarðar.

Þrátt fyrir þá bróun, sem hér hefur verið stuttlega lýst, og enn er í fullum gangi, telur nefndin, að alls ekki megi vanmeta þá þýðingu, sem strandferðir Skipaútgerðar ríkisins hafa fyrir landið í heild. Sérstaklega verður að taka tillit til þeirrar staðreyndar, að miðað við veðurfar og staðhætti getur oft svo farið hér á landi, að vegir teppist og flug falli niður. Er þá sjóleiðin oft eina færa leiðin, eins og sýndi sig s. l. vetur, sem að vísu var óvenjulega harður, miðað við veðurfar mörg undanfarin ár.

Af þessu leiddi þá, að á sumum leiðum bárust meiri vörur til Skipaútgerðarinnar en skip hennar gátu flutt, t. d. á leiðinni Reykjavík—Vestfirðir.

Þó mun aukning vörumagnsins til Vestfjarðahafna að nokkru leyti hafa stafað af því, að fyrirtæki Einars Guðfinnssonar, kaupmanns í Bolungavík, sem í mörg ár hefur haldið uppi reglubundnum vöruflutningum með skipum milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna, hætti þeirri starfsemi sem varið 1965. Yfir sumarið 1965 hafa vörubifreiðir annað þeim flutningum, sem þannig hafa fallið til, en með haustinu hafa þeir komið til Skipaútgerðar ríkisins, sem þá gat ekki annað þeim, eins og fyrr segir.

Þess ber að gæta, þegar rætt er um rýrnandi hlutdeild Skipaútgerðar ríkisins í flutningunum meðfram ströndinni, að samkeppnisaðstaða fyrirtækisins hefur á ýmsan hátt verið erfið. Skulu hér talin nokkur atriði, sem að þessu lúta.

1. Skipakostur fyrirtækisins er orðinn gamall og dýr í viðhaldi, að undanskildum v/s Herjólfi. Farmrými í v/s Esju og Heklu er tiltölulega lítið, og hefur komið fyrir, að þau skip hafa ekki getað tekið allar þær vörur, sem boðizt hafa til flutnings, þó að hitt sé algengara, að farmrými þeirra sé illa nýtt. Einnig er sáralítil nýting á hinu mikla farþegarými þessara skipa, sem útheimtir fjölmennar áhafnir. Um v/s Skjaldbreið og Herðubreið má segja, að þau séu of lítil sem vöruflutningaskip, miðað við þær löngu leiðir, sem þau eru látin sigla. Hafa þau ýmiss konar útbúnað, sem er tiltölulega dýr og mundi notast betur, ef lestarrými væri meira en skipin hafa.

2. Aðstaðan til vöruafgreiðslu í Reykjavíkurhöfn er afleit, og sama má raunar segja um flestar hafnir, þar sem skipin hafa viðkomur.

3. Vöru- og hafnargjöld og kostnaður við út- og uppskipun veldur miklu um það, að oft er talið hagkvæmara að flytja vörur landleiðina, jafnvel mjög langar leiðir, heldur en að flytja þær með skipum.

4. Skattlagningu stórra vöruflutningabifreiða með dieselvélum hefur verið hagað þannig, að þær hafa getað undirboðið farmgjöld Skipaútgerðar ríkisins, m. a. til fjarlægustu staða frá Reykjavík.

5. Við það, sem að framan hefur verið talið, má svo bæta því atriði, að farmgjöld hjá Skipaútgerðinni hafa verið þau sömu, hvort sem varan hefur verið flutt skammt eða langt, og hefur þetta leitt til þess, að miklir flutningar á skemmstu leiðunum hafa tapazt.

6. Einnig má ætla, að ónákvæmar áætlanir hafi valdið nokkru um fækkun farþega og minnkandi vörumagn.

7. Önnur skipafélög, þ. e. Eimskipafélag Íslands h.f., Skipadeild S. Í. S. og Hafskip h.f. hafa í vaxandi mæli flutt vörur erlendis frá til hafna úti á landi, og nýlega hefur Sementsverksmiðja ríkisins eignazt eigið skip, v/s Freyfaxa, sem getur annazt alla sementsflutninga á sjó við landið.

Til Breiðafjarðar er kominn nýr flóabátur, sem getur, eftir því sem með þarf, flutt vörur frá Revkjavík á Breiðafjarðarhafnir. En ferðir Skipaútgerðarinnar til þeirra hefðu reyndar áður lagzt niður að mestu vegna bættra samgangna á landi.

Þau atriði, sem hér að framan hafa verið talin, eru að sjálfsögðu misjafnlega þung á metunum, en öll til samans gera þau samkeppnisaðstöðu Skipaútgerðar ríkisins til muna örðugri en hún annars gæti verið.

Af þessum sökum er meðgjöf ríkissjóðs með rekstri fyrirtækisins orðin um 40 milljónir kr. á ári. Sé sú upphæð skrifuð á reikning vöruflutninga, lætur nærri að greidd séu úr ríkissjóði um 1000 kr. með hverju tonni af vörum. Sé upphæðinni deilt niður á farþegaflutninga eingöngu, þá nemur meðgjöf ríkissjóðs um 2700 kr. með hverium farþega, sem skipin flytja.

Er nú svo komið, að sú þjónusta, sem Skipaútgerð ríkisins veitir, þykir í heild fulldýru verði keypt. Telur nefndin, að þótt þjónustuhlutverk Skipaútgerðar ríkisins verði viðurkennt með áframhaldandi starfsemi hennar, beri að reyna að draga sem mest úr taprekstrinum.

Mun nefndin leitast við að semja tillögur sínar í samræmi við þetta sjónarmið, eftir því sem unnt er, og jafnframt taka tillit til þess, að hve miklu leyti flutningaþörfinni er nú fullnægt með flutningum á landi og í lofti.

Athuganir á flutningum Skipaútgerðar ríkisins og þróun samgöngumála almennt benda eindregið til þess, að farþegaflutningar með skipum muni enn fara minnkandi. Vaxandi fjöldi fólksbifreiða og aukning flugsins draga mest úr farþegaflutningum á sjó. Síðari Fokker-Friendship flugvél Flugfélags Íslands h.f. kom til landsins s. l. vor, og verður það fyrst í lok næsta árs, sem áhrifin af rekstri tveggja flugvéla af þessari gerð á farþegaflutningana koma að fullu í ljós. Fleiri aðilar en Flugfélag Íslands h.f. taka einnig nú orðið mjög virkan þátt í innanlandsfluginu.

Nýting farþegarýmis í þeim skipakosti, sem Skipaútgerð ríkisins á nú, hefur af þessum sökum verið léleg undanfarin ár. Eins og nú horfir í þessu efni, telur nefndin, að í fyrirsjáanlegri framtíð sé engin þörf fyrir það farþegarými, miðað við farþegaflutninga innanlands.

Nýting farmrýmis í skipakosti fyrirtækisins hefur einnig oftast verið léleg mörg undanfarin ár, en á því sviði má ætla, að unnt sé að gera raunhæfar ráðstafanir til úrbóta.

Miðar nefndin tillögur sínar við þessi meginatriði og leggur til:

1. Keypt verði tvö ný skip, sérstaklega útbúin til vöruflutninga, en einnig með nokkru farþegarými. V/s Esja, v/s Herðubreið og v/s Herðubreið og v/s Skjaldbreið verði seld eða þeim lagt.

2. Aðstaðan til vöruafgreiðslu í Reykjavík, og á öðrum aðalhöfnum verði

stórlega bætt. Einnig verði gerðar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta samkeppnisaðstöðu Skipaútgerðarinnar, sbr. þau atriði, sem að framan voru talin.

3. Skipulagðar verði áætlunarferðir til aðalhafna og framhaldsflutningur til annarra staða.

Verður nú hér á eftir skýrt nánar frá nokkrum atriðum í starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, og að því búnu vikið aftur að tillögum nefndarinnar.

Skipakostur Skipaútgerðar ríkisins.

Skipaútgerðin á nú fimm skip, og fara hér á eftir upplýsingar um aldur þeirra, stærð o. fl.

Skip	Smíðaár	Vélar	Br tonn und r þilfari Netto	L., br., dýpt.
Esja	1939	Polar diesel	1347	65.09
		2×1250	995	10.86
		1939	740	5.62
Hekla	1948	Polar diesel	1456	68.26
		2×1660	1079	11.02
		1948	782	5.77
Herðubreið	1947	Mirless	366	42.64
		650	256	7.41
		1947	182	2 83
Skjaldbreið	1948	Mirless	366	42.64
		650	256	7.41
		1948	182	2.83
Herjólfur	1959	B & W diesel	516	46.11
		2×480	381	9.03
		1959	176	4.17

Lestarrými skipanna er sem hér segir:

	Cubikfet	Þar af frystirými
Esja	31935	4450
Hekla	32700	4875
Herðubreið	14220	4055
Skjaldbreið	14220	4055
Herjólfur	10208	1617

Í Herjólfi er enn fremur kælilest fyrir mjólk og sérstakur farmtankur.

Til samanburðar við lestarrými v/s Esju og Heklu má geta þess, að í v/s Laxá, sem er 705 br. tonn, er lestarrými um 50 000 cubikfet.

Burðargeta skipanna er talin vera sem hér segir:

Esja	300	smál.	
Hekla	350	—	
Herðubreið	180	—	(275 smál. sement)
Skjaldbreið	200	—	— — —
Herjólfur	130	—	(stykkjavara í lest).

Með þilfarsvindum Herðubreiðar, Skjaldbreiðar og Heklu er mest hægt að lyfta 10 tonnum, Esju 3 tonnum og Herjólfs 5 tonnum.

Farþegarými skipanna er sem hér segir, miðað við svefnpláss (kojufjölda):

Esja	148	
Hekla	158	
Herðubreið	12	
Skjaldbreið	12	
Herjólfur	21	+ 12 varakojur (+ 43 í matsal og sætum).

Áhafnir Esju og Heklu eru venjulega 36—38 manns, Herðubreiðar, Skjaldbreiðar og Herjólfs 16 manns.

Styrkir greiddir Skipaútgerð ríkisins úr ríkissjóði

Undanfarin ár hefur forstjóri Skipaútgerðarinnar gert tillögur, í sambandi við undirbúning fjárlaga, um meiri fjárveitingar til fyrirtækisins, en samþykktar hafa verið. Hallinn hefur þó einnig farið fram úr áætlunum hans, eins og eftirfarandi yfirlit ber með sér:

Ár	Till. G.T.	Fjárlög	Ríkisreikningur (Afskriftir ekki meðt.)
1957	13 761 000.00	15 500 000.00	16 441 700.93
1958	15 861 000.00	15 700 000.00	11 612 448.79
1959	16 000 000.00	10 000 000.00	10 663 739.72
1960	17 839 000.00	15 000 000.00	18 163 711.04
1961	13 356 000.00	10 000 000.00	12 193 775.41
1962	13 503 000.00	10 000 000.00	17 272 874.88
1963	17 199 000.00	10 000 000.00	23 962 849.16
1964	24 734 000.00	18 000 000.00	38 982 880 85
1965	28 695 000.00	24 000 000.00	42 079 634.57
	160 948 000.00	128 200 000.00	191 373 615.35

Á þessum árum hafa þannig verið greiddar úr ríkissjóði í beinan hallarekstur Skipaútgerðarinnar kr. 30 425 615.35 umfram fjárlagatillögur forstjórans, og kr. 63 173 615.35 umfram það, sem veitt var á fjárlögum.

Tillögur G. T. fyrir árið 1966 voru kr. 35 622 000.00, en í fjárl. þessa árs er ráðgert að veita Skipaútgerðinni, eins og s. l. ár, 24 millj. kr. Talið er, að halli verði nokkru minni í ár en á s. l. ári, en þó á bilinu 30—35 millj. kr.

Rekstrarafkoma Skipaútgerðar ríkisins.

Á yfirlitinu hér að framan sést, hvað ríkissjóður hefur lagt fram á árunum 1957—1965 til að greiða beint tap á rekstri Skipaútgerðarinnar. Er þar ekki reiknað með afskriftum, en þær hafa numið á þessu sama árabili:

1957	kr.	77 287.30
1958	—	76 520.00
1959	—	237 792.55
1960	—	210 181.06
1961	—	1 340 629.00
1962	—	0
1963	—	1 378 532.00
1964	—	1 358 493.00
1965	—	1 285 781.12

Af hallanum hefur undanfarin þrjú ár verið fært beint á skipin, sem hér segir, fyrir utan afskriftir:

	1963 kr.	1964 kr.	1965 kr.
Hekla	3 455 638.63	6 842 427.02	11 256 141.88
Esja	4 367 844.87	13 400 305.25	7 493 677.12
Herjólfur	816 854.89	1 218 833.41	2 254 558.38
Herðubreið	5 982 079.55	3 637 055.36	4 628 782.31
Skjaldbreið	2 933 000.37	7 164 424.29	5 254 349.61
Þyrill +	969 258.33	376 076.15	66 099.98
	17 555 418.31		
	÷ 969 258.33		
Tap samtals	16 586 159.98	32 632 121.48	30 953 609.28

Samtals hafa tekjur og gjöld skipanna s. l. þrjú ár numið sem hér segir:

Ár	Tekjur, kr.	Gjöld, kr.
1963	45 805 767.26	62 391 927.24
1964	49 498 232.18	82 137 353.66
1965	45 773 570.32	76 727 179.60

Í reikningum Skipaútgerðarinnar er skrifstofukostnaði ekki skipt niður á skipin og aðra starfsemi, heldur er hann allur færður í einu lagi og kemur fram sem sérstakur liður í rekstrartapinu. Hefur hann s. l. 3 ár orðið sem hér segir:

1963	kr. 3 191 014.74
1964	— 3 907 179.63
1965	— 4 886 064.67

Annar stór liður í rekstrartapinu fyrir utan það, sem fært er á skipin, er halli á vöruafgreiðslu. Nemur sá halli, sem hér segir, s. l. þrjú ár:

1963	kr. 408 873.09
1964	— 1.291 730.00
1965	— 5 782 295.85

Aðrir liðir, sem samtals gera mismuninn á tapi skipanna og heildartapi Skipaútgerðarinnar, eru minni og stundum tilfallandi eitt ár í senn, t. d. árekstratjón og slysabætur.

Þróun tekna og kostnaðarliða í rekstri skipanna.

Ríkisendurskoðunin hefur, að beiðni nefndarinnar, tekið saman yfirlit yfir tekjur skipanna og helztu kostnaðarliði á árunum 1960—1965, sbr. fskj. nr. 4 og 5. Lauslega reiknað hafa þessir liðir og tekjurnar hækkað prósentvís sem hér segir:

	Laun (orlofsfé meðt.)	Viðhald, varahl. og endurbætur	Tekjur
Hekla	87%	337%	30%
Esja	78%	120%	95%
Herðubreið	80%	150%	29%
Skjaldbreið	126%	200%	60%
Herjólfur	104%	260%	75%

Kaup og annar launakostnaður á v/s Heklu og Esju hvoru fyrir sig nam á s. l. ári röskum 10 millj. kr. Brúttótekjur Heklu námu hins vegar rúmum 16 millj kr., en Esju aðeins tæpum 12 millj. kr.

Hvað Herðubreið viðkemur vantar um 800 þús. kr. upp á tekjurnar, til þess að þær nægi fyrir kaupi og launakostnaði áhafnarinnar, en á Skjaldbreið reyndust laun og launakostnaður um 1,7 millj. kr. hærri en allar tekjur skipsins.

Þessar tölur tala sínu máli um afkomuna.

Hér á eftir fer greinargerð Bjarna Einarssonar:

Um strandferðir Skipaútgerðar ríkisins 1964.

1. **Inngangur.** Nefnd sú, er ráðherra skipaði 1965 til þess að athuga hag og rekstur Skipaútgerðarinnar, ákvað að láta kanna á hvern hátt afla mætti sem greinarbeztra upplýsinga um flutninga Skipaútgerðarinnar eftir tegundum ferða og landshlutum. Þær skýrslur, sem fyrir liggja hjá útgerðinni um einstakar ferðir, eru:

1) Ferðaskýrslur.
2) Farmskrár.
3) Farmiðahefti.

Í ferðaskýrslunum eru tilgreindir komu- og brottfarartímar skipanna til og frá hverri höfn, vegalengd á milli hafna og upp- og útskipað vörumagn í hverri höfn, svo og farmgjöld.

Þær athuganir, sem gerð er grein fyrir hér á eftir, eru byggðar á ferðaskýrslunum. Einnig fór fram úrtaksathugun á farmskrám nokkurra ferða, sem gerð verður grein fyrir sérstaklega.

Hentugast þótti að gera grein fyrir þeim athugunum, sem byggðust á ferðaskýrslunum, með línuritum, sem fylgja hér með.

2. **Tegundir ferða.** Eins og kunugt er, eru algengustu strandferðir Skipaútgerðarinnar hringferðir um landið. Önnur algeng tegund strandferða eru ferðir frá Reykjavík vestur um landið eða austur um til Akureyrar, skipunum snúið við þar og siglt sömu leið til baka.

Í línuritum 1—5 er á sérstakan hátt gerð grein fyrir nýtingu skipanna í slíkum siglingum. Línuritin sýna vörumagn í skipunum frá höfn til hafnar, og þá sömuleiðis breytingar á vörumagni í hverri höfn.

Í ferðaskýrslunum er tilgreint útskipað vörumagn á upphafsstað ferðarinnar, þ. e. a. s. í Reykjavík, og síðan uppskipað og útskipað vörumagn í hverri höfn. Þessar tölur eru lagðar saman fyrir allar ferðir á árinu í hverjum ferðaflokki. Síðan er miðað við það vörumagn, sem var í skipunum við upphaf ferðarinnar, og vörumagn í skipunum á hverjum kafla leiðarinnar fundið með því að draga uppskipað vörumagn frá og bæta útskipuðum vörum við. Meðalferð er fundin sem venjulegt (aritmetiskt) meðaltal ferðanna. Er heildarferðafjöldi í flokkunum notaður sem deilitala. Frávik frá meðaltali eru allmikil, eins og sýnt verður hér á eftir.

Einn annmarki á þessum tölum er, að vörur eru stundum gefnar upp bæði í tonnum og rúmfetum í ferðaskýrslunum. Voru rúmfetin umreiknuð í tonn á einfaldan hátt, þar sem því var við komið.

Línurit 1. Hringferðir Esju og Heklu. Línuritið sýnir vörumagn í skipunum í meðalferðum ársins, bæði í hringferðum vestur um landið og austur um. Siglingastefnan er sýnd með örvum, fyrir hringferðir vestur um landið frá vinstri til hægri á línuritinu og fyrir hringferðir austur um frá hægri til vinstri.

Í hringferðum vestur um, sem voru 21 talsins, hófu skipin ferðina með að meðaltali 174 t af vörum og luku henni með að meðaltali 57 t.

Í hringferðum austur um, sem einnig voru 21 talsins, var vörumagn í skipunum í upphafi ferðar að meðaltali 183 t, og við lok ferðar að meðaltali 46 t.

Eftirfarandi tafla gefur nokkra hugmynd um frávik frá meðaltalinu.

Vörur í skipi, við upphaf ferða, tonn	Fjöldi ferða vestur um	Fjöldi ferða austur um
50— 99	2	1
100—149	5	5
150—199	6	7
200—249	7	6
250—299	1	1
300—349	0	1

Línuritið sýnir, að vörumagn var langmest í skipunum á fyrsta hluta leiðanna. Á leið vestur um landið var vörumagn mest í skipunum á leið til Vestfjarða. Þegar skipin fóru frá Ísafirði, voru 88 t eftir í þeim, þannig að vörumagnið hafði minnkað um 86 t á Vestfjörðum. Á Akureyri minnkaði vörumagnið um 17 t, og með öllum Austfjörðum og allt til Reykjavíkur voru um 60 t í skipunum að meðaltali.

Línurit 2 og 3. Þessi línurit gefa sams konar upplýsingar og línurit 1, en um þær ferðir Esju og Heklu á árinu 1964, þegar snúið var við á Akureyri og sama leið sigld til baka, annaðhvort vestur um landið (línurit 2) eða austur um (línurit 3). Ferðir þessar voru fáar, sex í hvora átt, og gefa þessi línurit því ekki eins áreiðanlegar upplýsingar og línurit 1, sem byggt er á 21 ferð í hvora átt.

Ferðirnar vestur um voru farnar í janúar (ein ferð), marz (ein ferð), nóvember (tvær ferðir) og desember (tvær ferðir). Ferðirnar austur um voru farnar í sömu mánuðum, nema ein ferð var farin í maí og einungis ein ferð í desember.

Línurit 4 og 5. Á þessum línuritum er gerð sams konar grein fyrir algengustu ferðum smærri skipa Skipaútgerðarinnar, Herðubreið og Skjaldbreið. Hringferðir þessara skipa eru að því leyti frábrugðnar hringferðum Esju og Heklu, að þau hafa oftast nær viðkomur einungis á höfnunum frá Vestmannaeyjum austur um til Kópaskers. Viðkomur á höfnum vestan Kópaskers voru svo fáar og tilviljanakenndar að því er virtist, að þeim var sleppt við gerð línurits 4. Er línuritinu því ætlað að sýna venjulegar hringferðir þessara skipa, en samkvæmt framansögðu mætti segja, að ferðir þessar séu fyrst og fremst ferðir til Austfjarða og Norð-Austurlands.

Á línuriti 5 er gerð grein fyrir ferðum Herðubreiðar og Skjaldbreiðar, sem fyrst og fremst virðast miðaðar við Strandir og vesturhluta Norðurlands.

Bæði þessi línurit benda til tiltölulega betri nýtingar Breiðanna en Esju og Heklu.

Um línurit 4 er ekkert sérstakt að segja. Fjallað verður um Austfirði og Norð-Austurland sem landshluta í sérstökum köflum hér á eftir, ásamt tilheyrandi línuritum.

Eitt atriði er rétt að benda á, sem kemur fram í línuriti 5. Neðri línan bendir til nokkurra vöruflutninga frá Akureyri til hafna við Húnaflóa.

Eins og lesa má af línuritunum var meðalvörumagn við brottför frá Reykjavík í þessum ferðum sem hér segir:

Í hringferðum vestur um	123 t
Í hringferðum austur um	140 t
Í ferðum vestur um til Akureyrar	121 t

Eftirfarandi tafla gefur hugmynd um frávik frá þessum meðaltölum:

Vörur í upphafi ferðar	Fjöldi ferða		
	Hringferð vestur um	Hringferð austur um	Vestur um til Akureyrar
50— 99	4	3	6
100—149	5	7	8
150—199	4	5	4
200—249		2	1

Ferðir Herjólfs. Herjólfur sigldi frá Reykjavík til Vestmannaeyja og Hornafjarðar. Vegna einfaldleika tekur varla að stilla þessum ferðum upp í línuritsformi. Hér fara á eftir tölur, sem gefa sæmilega lýsingu á ferðum þessum.

V/s Herjólfur getur tekið 130 tonn af stykkjavöru í lest.

	Vestmannaeyjar	Hornafjörður
Viðkomur á leið frá Reykjavík ..	175	16
Viðkomur á leið til Reykjavíkur	175	
Uppskipaðar vörur alls	6829 t	594 t
Uppskipaðar vörur á ferð	39 —	37 —
Útskipaðar vörur á vesturleið alls	1959 —	375 —
Útskipaðar vörur á vesturl. á ferð	11 —	23 —

Eftirfarandi tafla sýnir ferðafjölda og farm til og frá Vestmannaeyjum 1964:

Vörur, tonn:	Ferðir til Vestmannaeyja	Ferðir frá Vestmannaeyjum
0	41	39
1— 19	10	108
20— 39	38	20
40— 59	47	5
60— 79	23	2
80— 99	10	–
100—119	2	1
120—139	1	–
140—159	3	–
Samtals	175	175

3. **Ferðir eftir landshlutum.** Í línuritum 6—10 eru ferðir Skipaútgerðarinnar flokkaðar á annan hátt en á línuritum 1—5. Eru ferðirnar flokkaðar eftir landshlutum þannig, að allar ferðir, þar sem komið er við á höfn eða höfnum í viðkomandi landshluta, eru teknar sem ferðir til eða frá þeim landshluta. Þannig er á línuriti 6, Vestfirðir, allar ferðir vestur um landið, hringferðir og aðrar, teknar þar sem ferðir til Vestfjarða frá Reykjavík, ef skipin koma við á vestfirzkum höfnum. Sömuleiðis eru allar ferðir austur um landið, þar sem komið er við á vestfirzkum höfnum, taldar til ferða frá Vestfjörðum til Reykjavíkur.

Rétt er að athuga, að samanlagður ferðafjöldi á öllum línuritunum er mun meiri en ferðafjöldi á línuritum 1—5, vegna þess að sama ferðin er hér talin til margra „landshlutaferða".

Að öðru leyti gilda sömu skýringar um þessi línurit og þau fyrri, þau sýna vörumagn í skipi í meðalferð ársins, en í öðrum skala en í línuritum 1—5.

Línurit 6. Vestfirðir. Ferðir frá Reykjavík til Vestfjarða (til og með Ísafirði og Súðavík) voru 49, eða tæplega ein á viku til jafnaðar, og ferðir frá Vestfjörðum til Reykjavíkur 37. Meðalvörumagn frá Reykjavík var 72 tonn en 22 tonn til Reykjavíkur, eða um 30% af vörumagni frá Reykjavík.

Eftirfarandi tafla gefur hugmynd um frávik frá meðaltalinu:

Ferðir frá Reykjavík	Vörumagn í tonnum
14	0— 39
5	40— 59
8	60— 79
7	80— 99
5	100—119
5	120—139
2	140—159
1	160—179
1	180—199
1	200—219

Línurit 7. Húnaflói—Skagafjörður. Þetta línurit nær til hafna frá Ingólfsfirði til Haganesvíkur á sama hátt og línurit 6 til Vestfjarða. Sá munur er hér á, að ferðir frá Reykjavík eru ekki eins allsráðandi í þessum landshluta og á Vestfjörðum. Er því ekki gert ráð fyrir endastöð í landshlutanum eins og á Vestfjörðum, heldur að skip komi að landshlutanum úr báðum áttum, með vörur t. d. bæði frá Reykjavík og Akureyri, og frá Reykjavík, hvort sem er að vestan eða austan.

Mesta vörumagn í ferð að vestan var 267 tonn, en að austan 303 tonn.

Að öðru leyti skýrir línuritið sig sjálft.

Línurit 8. Mið-Norðurland. Línurit þetta nær til hafnanna frá Siglufirði til Húsavíkur. Það sama gildir hér og í línuriti 7, að vörur koma t. d. frá Reykjavík úr báðum áttum.

Ferðafjöldinn, 52 að vestan og 48 að austan, samsvarar vikulegum ferðum. Vörumagn að vestan var að meðaltali 53 tonn, mest 176 tonn, og að austan 24 tonn, mest 141 tonn. Vörur frá svæðinu austur um voru 37 tonn að meðaltali, en vestur um 41 tonn.

Línurit 9. Norð-Austurland. Þetta línurit er eins sett upp og línurit 7 og 8, nema að áttunum er „snúið við". Ferðafjöldinn, 48 ferðir vestur um og 41 austur um, samsvarar gróflega vikulegum ferðum. Meðalfarmur til svæðisins á vesturleið var 25 tonn, mest 110 tonn, en á austurleið 26 tonn til jafnaðar og mest 120 tonn.

Línurit 10. Austfirðir. Þetta línurit er eins sett upp og línurit 6, Vestfirðir, nema að áttunum er snúið við. Ferðafjöldi er svipaður og í Vestfjarðaferðunum, eða 53 frá Reykjavík og 47 til Reykjavíkur, sem samsvarar gróflega vikulegum ferðum.

Meðalfarmar að og frá landshlutanum eru talsvert stærri en að og frá Vestfjörðum, 129 tonn til jafnaðar frá Reykjavík og 39 tonn til Reykjavíkur. En hlutfallið á milli þessara talna er nákvæmlega það sama og hvað snertir Vestfirði, meðalvörumagn til Reykjavíkur er um 30% af meðalvörumagni frá Reykjavík.

Eftirfarandi tölur gefa sæmilega mynd af fráviki frá meðalfarmi frá Reykjavík.

Ferðir frá Reykjavík	Vörumagn í tonnum
3	20— 39
6	40— 59
3	60— 79
5	80— 99
6	100—119
9	120—139
4	140—159
4	160—179
7	180—199
4	200—219
1	220—239
1	300—319

Ferðir til Vestmannaeyja og Hornafjarðar. Ekki þótti taka að stilla tölum fyrir þessar ferðir upp í línuriti.

Ferðir til þessara staða voru alls 218, þ. e. a. s. viðkomur annað hvort eða hvort tveggja í Vestmannaeyjum og Hornafirði. Heildarvörumagn til þessara staða var:

1. Skip á leið austur um eða með endastöð í Vestmannaeyjum eða Hornafirði.

Skipað upp í Vestmannaeyjum	6 840 t
— — – Hornafirði	1 583 —
Samtals	**8 423 t.**
skipað út í Vestmannaeyjum	2 060 t
— — – Hornafirði	613 —
Samtals	**2 673 t**

2. Skip á leið vestur um.

Skipað upp í Hornafirði	428 t
— — – Vestmannaeyjum	811 —
Samtals	**1 239 t**
Skipað út í Hornafirði	581 t
— — – Vestmannaeyjum	538 —
Samtals	**1 119 t**

Hér lýkur athugunum Bjarna Einarssonar, viðsk.fræðings, er hann gerði á vegum nefndarinnar, og er þeim nánar lýst í meðfylgjandi línuritum á fskj. 6.

Til viðbótar vill nefndin upplýsa, að síðan árið 1959 hefur heildarvörumagn, flutt með skipum Skipaútgerðarinnar, orðið sem hér segir:

Ár	Vörur, smál.
1959	38523
1960	44144
1961	44638
1962	47679
1963	41591
1964	41286
1965	40747

Af þessu magni voru um 1000—2000 smálestir hvert ár fluttar með v/s Heklu í millilandaferðum.

V/s Herjólfur kom til landsins haustið 1959, og sést af tölunum hér að framan, að við tilkomu hans hefur vörumagnið farið vaxandi fyrst í stað, en síðan minnkað. Á árunum 1956—1959 var vörumagnið mjög svipað hvert ár, eða 37—38 þús. smál.

Síðastliðin þrjú ár hefur heildarvörumagnið, að slepptum millilandaferðum v/s Heklu, orðið sem hér segir:

Ár	Vörur, smál.
1963	39906
1964	40046
1965	39452

Af þessu magni hefur verið flutt til og frá Vestmannaeyjum, sem hér segir:

Ár	Smál.
1963	8602
1964	9302
1965	9212

Hefur flutningsmagnið til annarra staða þannig reynzt um 30 þús. smál. á ári þrjú s. l. ár.

Rétt er að geta þess, að í þeim tölum, sem hér hafa verið raktar, eru olíuflutningar ekki meðtaldir.

Nefndin hefur ekki talið þörf á að láta gera sams konar athugun á farþegaflutningum Skipaútgerðarinnar eins og þá, sem hér hefur verið lýst, að því er véruflutningana snertir.

Fyrstu árin, eftir að v/s Herjólfur bættist við skipastólinn, voru alls fluttir um 25 þús. til 27 þús. farþegar á ári, og eru þá millilandaferðir meðtaldar.

S. l. þrjú ár hefur farþegatalan, að slepptum millilandafarþegum, orðið sem hér segir:

Ár	Farþegatala
1963	20967
1964	19535
1965	15660

Í Vestmannaeyjaferðum reyndust farþegarnir þessi ár, sem hér segir:

Ár	Farþegatala (farnir af skipi)
1963	4566
1964	4982
1965	3594

Athyglisvert er, hvernig farþegatalan breytist milli tveggja síðustu ára. Koma þar vafalaust fram áhrifin af auknum farþegaflutningum með flugvélum, eftir að fyrri Fokker Friendship flugvélin var tekin í notkun vorið 1965. Á s. l. ári urðu farþegar í innanlandsflugi hjá Flugfélagi Íslands h.f. um 75 þúsund. Á þessu ári var annarri Fokker Friendship flugvél bætt við, og fyrstu níu mánuði þessa árs urðu flugfarþegar innanlands 89570, og er fullvíst, að á árinu fari tala þeirra yfir 100 þúsund.

Það er fyrst í lok næsta árs, sem áhrifin af hinu stóraukna farþegaflugi innanlands á farþegaflutninga á sjó sýna sig til fulls. Batnandi samgöngur á landi, og aukin bifreiðaeign landsmanna draga einnig úr ferðalögum á sjó.

S. l. ár urðu farþegar Skipaútgerðarinnar til annarra staða en Vestmannaeyja 12066, en í þeirri tölu eru hringferðafarþegar í sumarferðum. Tölu þeirra er ekki hægt að tilgreina nákvæmlega, en í fyrirsjáanlegri framtíð mun verða mjög lítið um aðra farþega á vegum Skipaútgerðar ríkisins, ef svo fer fram sem nú horfir.

TILLÖGUR NEFNDARINNAR

1. Kaup tveggja nýrra skipa.

Nefndin telur, að aðalverkefni Skipaútgerðar ríkisins í fyrirsjáanlegri framtíð verði vöruflutningar, en álítur þó óhjákvæmilegt, að í þeim 2 nýju skipum, sem lagt er til að keypt verði, verði farþegarými fyrir 12 farþega (kojur) og útbúnaður til að flytja nokkra farþega í sal.

Farþegarýmið hleypir byggingarkostnaði skipanna nokkuð fram. Hefur verið spurt um þann mismun hjá tveim skipasmíðastöðvum í Danmörku. Taldi önnur, að muninn mætti lauslega áætla 300 000.00—400 000.00 d.kr., en hin, að hann væri um 400 000.00—600 000.00. Ef reiknað er með 500 þús. d.kr., þá er byggingarkostnaður skips með því farþegarými, sem hér er gert ráð fyrir, um 3 millj. ísl. kr. hærri en byggingarkostnaður skips, sem eingöngu er byggt til vöruflutninga.

Einnig er það ljóst, að vegna farþegaþjónustunnar þurfa áhafnir hinna nýju skipa að vera nokkru fjölmennari en á vöruflutningaskipum eingöngu. Þó ætti að vera hægt að komast af með 12—14 manna áhöfn á haganlega byggðu skipi, eða nokkru fámennari heldur en verið hefur á hinum minni skipum Skipaútgerðarinnar (16).

Á yfirlitinu á fskj. 4 sést mismunurinn á launum í kostnaðarliðum skipanna eftir því, hvort áhafnir eru fjölmennar eða fámennar. Árið 1965 eru t. d. laun á Heklu og Esju með 36—38 manna áhöfnum 8.1—8.4 millj. kr., en á Herðubreið og Skjaldbreið með 16 manna áhöfnum 3.7—4.4 millj. króna. Er í þeim tölum einungis reiknað með launum + orlofi, en ekki öðrum launakostnaði.

Einnig sést á því yfirliti mismunurinn á viðhaldi á gömlum skipum og nýlegum, þegar viðhaldskostnaður á v/s Herjólfi er borinn saman við viðhaldskostnað eldri skipanna.

Nefndin hefur ekki haft aðstöðu til að semja rekstraráætlun fyrir þau skip, sem hún leggur til að keypt verði, en hún telur öruggt, að þrátt fyrir allháan stofnkostnað nýrra skipa, muni þau reynast hagkvæmari í rekstri en nokkurt hinna eldri skipa.

Lögð er áherzla á, að skipin verði byggð fyrir flutningapalla eða kassa (containers), þó aðallega fyrir pallana, þar eð kassarnir eru dýrir í stofnkostnaði. Einnig leggur nefndin áherzlu á sem mesta sjálfvirkni í vélbúnaði skipanna.

Eftir að stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar tók til starfa, hafa væntanleg skipakaup nokkrum sinnum verið rædd við hana, og í framhaldi af þeim viðræðum mælti nefndin með því, að hafinn yrði undirbúningur að kaupum tveggja nýrra skipa með samningu útboðslýsingar, sbr. eftirfarandi bréfaskipti ráðuneytisins og nefndarinnar. Hefur ríkisstjórnin nú veitt þá heimild.

SAMGÖNGUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 1. nóvember 1966.

Ráðuneytið óskar hér með umsagnar nefndarinnar um hjálagt samrit af bréfi Skipaútgerðar ríkisins, dags. 26. f. m., varðandi skipakost í strandferðum á vegum útgerðarinnar og undirbúning að útboði á smíði tveggja nýrra skipa.

Umsögn nefndarinnar óskast hraðað.

F. h. r.
Brynjólfur Ingólfsson.

Til Skipaútgerðarnefndar,
Reykjavík.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 26. október 1966.

Hér með leyfum vér oss að vekja athygli á eftirgreindu varðandi skipakost í strandferðum á vegum Skipaútgerðar ríkisins.

1. m/s Skjaldbreið hefur verið seld úr landi.

2. m/s Esju hefur verið lagt upp, og verður líklega hún eða m/s Hekla seld í næsta mánuði.

3. m/s Herðubreið varð fyrir miklu botn- og vélatjóni í byrjun þessa mánaðar, og er áætlað að viðgerð muni taka 2—3 mánuði og kosta ca. 3.5 millj. kr., auk þegar áfallins kostnaðar að upphæð ca. 0.5 millj. kr.

Fáanlegt markaðsverð fyrir m/s Skjaldbreið var aðeins tæplega 2.5 millj. kr., og mundi samkv. því vart borga sig að gera við m/s Herðubreið, ef ekki ríkti vandræðaástand varðandi skipakost strandferðanna. Er það því enn í athugun, hvort gera skal við m/s Herðubreið til strandferða á ný eða ekki.

4. m/s Hekla og m/s Herjólfur þurfa sitt haustviðhald ca. hálfan mánuð hvort skip í næsta mánuði, og er þá orðinn lítill skipakostur í strandferðum Skipaútgerðarinnar, ef leiguskipið Blikur verður eitt í ferðum óslitið fram yfir áramót.

5. Frystirúm í Blikur er of lítið og óheppilega fyrir komið til strandferða hér, og fréttir frá fyrstu strandferð skipsins benda til, að það muni reynast fullstórt og erfitt í snúningum fyrir sumar þær smáhafnir, sem Herðubreið og Skjaldbreið hafa þjónað. Ísvarnabúnaður er væntanlega óþarflega mikill fyrir siglingar hér, og hefði verið æskilegra að leggja verð í hliðarskrúfu eða skrúfur til að gera skipið liðlegra í snúningum og einnig að hafa öfluga hlífðarlista á hliðum til varnar gegn skemmdum við bryggjur og bólvirki.

Hin gömlu strandferðaskip Hekla, Esja og Herðubreið verða að álítast fjarri því að vera lengur rekstrarlega hentug, og virðist því aðkallandi að hraða undirbúningi að smíði nýrra strandferðaskipa.

Hefur því stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar samþykkt að leita samþykkis ráðuneytisins til þess að hraða undirbúningi að útboði á smíði 2ja ca. 800—900 d. w. tonna vöruflutningaskipa með ríflegu farþegarúmi fyrir 12 farþega og að öðru leyti hentugum til strandferða hér, í framhaldi af athugunum, sem Skipaútgerðin hefur þegar gert og látið gera.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins

Guðjón F. Teitsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins, Reykjavík.

SKIPAÚTGERÐARNEFND

Samgöngumálaráðuneytið, Reykjavík.

Reykjavík, 2. nóvember 1966.

Með bréfi yðar, dags. 1. nóvember 1966, hafið þér sent Skipaútgerðarnefnd til umsagnar bréf Skipaútgerðar ríkisins, dags. 26. f. m., varðandi kaup nýrra skipa á vegum útgerðarinnar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fundum sínum í gær og í dag, og fer umsögn hennar hér á eftir.

Í bréfi Skipaútgerðar ríkisins er á það bent, að skipakostur í strandferðunum geti orðið ónógur um tíma vegna sölu og forfalla gömlu skipanna, svo og vegna haustviðhalds á v/s Heklu og v/s Herjólfi.

Einnig eru í bréfinu hugleiðingar um þegar fengna reynslu af leiguskipinu Blikur.

Í framhaldi af þessu er síðan bent á nauðsyn þess að hraða undirbúningi að smíði nýrra strandferðaskipa, og farið fram á, að ráðuneytið heimili undirbúning að útboði á smíði 2ja ca. 800—900 d. w. tonna vöruflutningaskipa með ríflegu farþegarými fyrir 12 farþega í framhaldi af athugunum, sem þegar séu hafnar.

Varðandi þessi atriði vill Skipaútgerðarnefnd taka fram:

Nefndin hefur, m. a. í bréfi dags. 20. des. 1965 til hæstv. félags- og sjávarútvegsmálaráðherra, látið í ljós þá skoðun, að skipin Esja, Hekla, Skjaldbreið og Herðubreið væru orðin of gömul og óhentug, miðað við þá flutningaþörf, sem um er að ræða við strendur landsins. Þess vegna er það í samræmi við skoðanir nefndarinnar, sem hún hefur einnig kynnt stjórnarnefnd Skipaútgerðar ríkisins, að gerðar hafa verið ráðstafanir til sölu á fyrrnefndum skipum, þar eð framtíðarrekstur Skipaútgerðarinnar getur ekki byggzt á þeim.

Á fundum stjórnarnefndarinnar og Skipaútgerðarnefndar hefur einnig verið um það rætt, að ástæðulaust væri að bíða með sölu gömlu skipanna, eða með það að taka þau úr notkun, þótt ekki væri búið að ganga frá kaupum á nýjum skipum. Hefur þá jafnframt verið gengið út frá því, að það millibilsástand, sem þannig skapaðist, yrði brúað með því að taka skip á leigu. Hefur þetta að nokkru komið til framkvæmda með leigunni á v/s Blikur.

Telur Skipaútgerðarnefnd, að margt mæli með því, að fengin verði nokkur reynsla af leiguskipum, áður en endanleg ákvörðun er tekin um stærð og búnað nýrra skipa, og það, sem sagt er í bréfi Skipaútgerðar ríkisins um þegar fengna reynslu af v/s Blikur, virðist staðfesta, að þessi skoðun nefndarinnar hafi við rök að styðjast. Á það skal þó bent, að enn þá er reynslutími af v/s Blikur svo skammur, að óvarlegt er að byggja lokaniðurstöður á þeirri reynslu eingöngu.

Nefndin telur þess vegna, að eins og nú er ástatt með skipakostinn, sbr. bréf

Skipaútgerðar ríkisins, eigi að framfylgja þeim ráðagerðum að leysa tímabundinn vanda með því að útvega leiguskip, og mælir með því, að stjórnarnefndin fái heimild til að gera nauðsynlegar viðbótarráðstafanir þar að lútandi.

Má í því sambandi benda á, að alllangur tími mun líða frá því að ákvörðun um smíði nýrra skipa er tekin, og þar til þau verða tilbúin til notkunar, eða a. m. k. 1½—2 ár.

Vill nefndin jafnframt benda á, að nauðsynlegt er að kanna til hlítar, hvort ekki megi við strandferðirnar hafa not af skipum í eigu einstakra ríkisstofnana, eins og t. d. v/s Árvakri og v/s Freyfaxa, a. m. k. í bili.

Viðvíkjandi undirbúningi að kaupum nýrra skipa vill nefndin taka fram, að á fundum hennar og stjórnarnefndar Skipaútgerðar ríkisins hefur verið rætt um kaup tveggja nýrra vöruflutningaskipa með nokkru farþegarými, í stað eldri skipanna. Skoðanir beggja nefndanna fara því saman, hvað þetta atriði snertir, sbr. heimild þá, sem stjórnarnefndin óskar eftir í bréfi sínu.

Skipaútgerðarnefnd mælir þess vegna fyrir sitt leyti með því, að hafinn verði undirbúningur að smíðisútboði tveggja skipa af stærðinni 700—900 br. tonn, er aðallega verði byggð sem vöruflutningaskip, þar sem koma megi við flutningapöllum og flutningakössum (containers). Einnig verði í hvoru skipi farþegarými fyrir 12 farþega og möguleikar til þess að flytja nokkurn hóp farþega í sal.

Jafnframt bendir nefndin sérstaklega á, að í sambandi við undirbúning útboðsins er nauðsynlegt, að sérfróðir menn séu hafðir með í ráðum, t. d. skipaverkfræðingur, siglingafróður maður, kunnugur siglingaleiðum og höfnum umhverfis landið, og vélfróður maður, kunnugur tæknibúnaði skipa o. s. frv.

Nefndin vill nota þetta tækifæri til að láta þess getið, að hún mun innan skamms ljúka störfum og skila áliti.

Virðingarfyllst.

2. Aðstaðan til vöruafgreiðslu og samkeppnisaðstaðan verði bætt.

S. l. ár er svo komið, að vöruafgreiðsla Skipaútgerðarinnar er rekin með um 5.8 millj. kr. beinum rekstrarhalla. Hin afleita aðstaða, sem fyrirtækið býr við, krefst mikils mannahalds, og húsakynnin eru varla til þess hæf að geyma í þeim sumar þær vörur, sem komið er með til flutnings. Aðstaðan er óhæg og dýr fyrir viðskiptavinina, þótt Skipaútgerðin taki sjálf á sig þann mikla halla, sem að framan var getið. Sú umferðarteppa, sem oft ríkir á afgreiðslusvæði Skipaútgerðarinnar, getur valdið því, að bifreiðakostnaður vegna smávörusendinga verði meiri en verðmæti vörunnar sjálfrar. Ber nauðsyn til þess að útvega Skipaútgerðinni húsnæði til vöruafgreiðslu, þar sem unnt sé með ríflegum fyrirvara að taka hindrunarlaust á móti vörum til flutnings til allra þeirra staða, sem áætlun skipanna nær til.

Þar þarf einnig að vera hægt að koma við vinnuhagræðingu á þá lund, sem I K O hefur mælt með, og stefna þarf að því, að unnt verði að auka afköst við út- og uppskipun til samræmis við það, sem tíðkast, t. d. í Noregi.

Stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar hefur þegar tekið þetta mál til meðferðar, og komið því til leiðar, að í fjárlögum ársins 1967 er gert ráð fyrir heimild til að leggja fram fé úr ríkissjóði, eða taka lán, til þess að bæta aðstöðu Skipaútgerðarinnar til vöruafgreiðslu við Reykjavíkurhöfn.

Þarf að vanda vel til allrar skipulagningar á byggingu nýrrar vöruafgreiðslu með það fyrir augum, að þar verði unnt að koma við haganlegum vinnubrögðum við vörumóttöku og út- og uppskipun.

Þá telur nefndin, að á þeim höfnum, sem framvegis verði aðalviðkomuhafnir, þurfi einnig að bæta aðstöðu til vöruafgreiðslu, þannig að unnt verði að afgreiða vörur á flutningapöllum.

3. Fastar áætlunarferðir til aðalhafna, og framhaldsflutningur til annarra staða.

Nefndin telur, að athuganir þær, sem gerðar hafa verið á vöruflutningum Skipaútgerðarinnar, leiði greinilega í ljós, að vörumagnið til margra staða, þar sem strandferðaskipin hafa haft tíðar viðkomur, sé svo lítið, að auðvelt muni vera að koma því vörumagni á áfangastaðinn, þótt viðkomum skipanna verði fækkað til muna frá því, sem verið hefur. Flutningaþörfin er mest til Austfjarða, Vestfjarða og Vestmannaeyja, og þarf að byggja ferðaáætlanir skipanna þannig upp, að til þeirra landshluta verði tíðastar ferðir, en færri ferða er þörf til Norðurlandsins. Þar yrði Akureyri umskipunarhöfn og flutt þaðan áfram til hafna vestan við kaupstaðinn, þegar skipin kæmu austan frá, en til hafna austan við hann, þegar skipin kæmu að vestanverðu frá. Til þessara framhaldsflutninga telur nefndin að nota megi flóabátinn Drang. Einnig gæti Drangur annazt flutninga, t. d. frá Ísafirði, þegar skipin sneru við þar, til hafna fyrir austan Horn, og frá endastöð á Austfjörðum vestur um á sama hátt.

Flutningar með bifreiðum út frá Akureyri koma einnig til greina, og á Austfjörðum og Vestfjörðum má fækka nokkuð viðkomustöðum, með því að Skipaútgerðin annist framhaldsflutninga á landi, eða með samstarfi hennar við flóabáta, sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Þessa tilhögun á strandferðunum þarf að skipuleggja þannig, að áætlanir verði í sem föstustum skorðum, því að enginn efi er á því, að Skipaútgerðin vinnur mest á við það, að ferðirnar séu reglubundnar og áreiðanlegar.

Samkeppnisaðstaða Skipaútgerðarinnar.

Hvað viðvíkur þeim atriðum, sem snerta samkeppnisaðstöðu Skipaútgerðarinnar, og drepið hefur verið á hér að framan, vill nefndin taka fram:

1. **Vöru- og hafnargjöld.** Það er augljóst mál, að þegar vörugjöld á einstökum vörum eru orðin það há, að af því leiðir, að vörur eru sendar með bifreiðum, en ekki skipum, þá hætta hafnirnar að hafa tekjur af vörugjöldum. Lækkun vörugjalda, sem mundi leiða til aukinna vöruflutninga með skipum, er þannig einnig hagsmunamál hafnanna. Nefndin mælir með því, að gagnger endurskoðun fari fram á vörugjaldatöxtum.

Jafnframt mælir nefndin með því, að reynt verði að semja um önnur hafnargjöld, þannig t. d., að þar, sem komið sé við minnst einu sinni í mánuði, sé bryggjugjald og/eða lestargjald reiknað sem fast umsamið árgjald, miðað við ákveðið skip.

2. **Skattlagning stórra diesel-vöruflutningabifreiða.** Aðrir aðilar hafa gert þessu atriði mjög greinargóð skil (Rolv Slettemark cand. oecon.: Samgöngumál á Íslandi 1965), og er ekki þörf á að fara um það mörgum orðum. Vegir okkar eru, enn sem komið er, ekki byggðir fyrir þann mikla þungavöruflutning, sem þeir hafa verið látnir bera í skjóli skattfríðinda stórra diesel-vöruflutningabifreiða umfram önnur farartæki.

Ef bætt væri vegaviðhaldi vegna flutninga með bifreiðum við flutningskostnað þeirra, þá mundu þær ekki geta keppt við skipin um flutninginn. Engum dettur í hug að fara þannig að, en margar ábendingar hafa komið um, að jafna beri þessi met með hæfilegri skattlagningu á dieselvöruflutningabifreiðar, og vill nefndin fyrir sitt leyti styðja þær tillögur.

3. **Fargjöld og farmgjöld.** Sýnt hefur verið fram á, að nauðsyn ber til að endurskoða fargjalda- og farmgjaldataxta Skipaútgerðarinnar, og hefur stjórnarnefndin þegar gert fyrstu ráðstafanir í því efni. Leggur Skipaútgerðarnefnd til, að því starfi verði haldið áfram. Bendir nefndin sérstaklega á, að á styttri leiðum getur verið ávinningur að því að lækka taxta, þar sem af því getur leitt, að meiri flutningar fáist og heildartekjur aukist meira en viðbótarkostnaður. Í frv. til l. um Skipa-

útgerð ríkisins, sem þessu nál. fylgir, er lagt til, að Skipaútgerðin geti annazt flutninga á landi milli hafna. Er þar átt við, að með því að sjá um slíkan framhaldsflutning, geti útgerðin fækkað viðkomustöðum, og er þá út frá því gengið að vörum sé skilað til ákvörðunarstaðar fyrir venjulegt gjald, án aukakostnaðar.

UM FLÓABÁTA OG REKSTUR ÞEIRRA.

Nefndin telur, að við endurskoðun strandferða Skipaútgerðar ríkisins verði jafnframt að athuga verksvið og skipulag flóabáta í því augnamiði að samræma rekstur þeirra strandferðunum á þann hátt að nýta enn betur flutningagetu þeirra en nú er gert. Einnig er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvort möguleikar eru á að aðrar greinar samgöngumála geti að öllu leyti tekið að sér verkefni einstakra flóabáta, þar sem samgöngur á landi eru góðar og greiðar árið um kring og jafnframt að fækkað verði viðkomustöðum strandferðaskipanna á þeim svæðum, sem flutningar fara að mestu leyti fram á landi og með flugvélum.

Á yfirstandandi ári greiðir ríkið á 13. gr. fjárlaga B II, til flóabáta og vöruflutninga, 8 372 þús. kr., auk þess er framlag samkvæmt sömu grein, III. lið, til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts 390 þús. kr. og Breiðafjarðarbáts 430 þús. kr. Á fjárlögum árið 1956 var framlag til flóabáta og vöruflutninga 2 791 þús. kr.

Á þessu ári eru 17 bátar, sem njóta rekstrarstyrkja, samtals 7 507 þús. kr. Átta af þessum bátum fá styrk frá 7 þús. kr. til 60 þús. kr., þrír bátar fá 100 þús. kr. til 150 þús. kr., tveir bátar með 300 þús. kr. til 310 þús. kr. En eftirtaldir bátar fá styrk til rekstrar sem hér segir (í sviga rekstrarstyrkur 1956):

H.f. Skallagrímur — Akraborg	1 900 þús. kr.	(450 þús. kr.)	
Djúpbátur — Fagranes	1 350 — —	(460 — —	)
Norðurlandsbátur — Drangur	1 350 — —	(450 — —	)
Stykkishólmsbátur — Baldur	1 450 — —	(350 — —	)

Vöruflutningar á Suðurlandi og Öræfum eru styrktir með 715 þús. kr., snjóbifreið á Austfjörðum 100 þús. kr. og Grímsey vegna flugferða 50 þús. kr.

Með breyttum verksviðum flóabátanna er rétt að athuga nánar um framtíðarverkefni einstakra flóabáta:

H.f. Skallagrímur — Akraborg.

Rekstur Akraborgar hefur farið versnandi á undanförnum árum og verksvið minnkað. Skipið heldur nú uppi ferðum eingöngu til Akraness, og fara vöruflutningar minnkandi, sem eðlilegt er, því að sjóflutningar á styttri leiðum lúta í lægra haldi í samkeppninni við flutninga á landi. Hins vegar eru farþegaflutningar miklir með skipinu. Akraborg er dýrt skip í rekstri og var lengst af með 14 manna áhöfn, en nýlega var skipverjum fækkað niður í 11. Á s. l. ári voru tekjur skipsins: 4346 þús. kr. fargjöld, 190 þús. kr. farmgjöld, 142 þús. kr. aðrar tekjur og ríkisstyrkur 1600 þús. kr.

Farþegafjöldi með skipinu á s. l. ári var um það bil 38 þúsund. Farþegaaukning hefur orðið nokkur, það sem af er þessu ári.

Það er augljóst mál, að vegna hins mikla farþegafjölda er brýn þörf fyrir skip á þessari leið, en fargjaldataxta verður að miða á hverjum tíma við fargjöld með bifreiðum.

Félagið, sem rekur skipið, á við fjárhagserfiðleika að etja og eru skuldir þess miklar, og hefur ríkisábyrgðasjóður orðið að greiða um 5.9 millj. króna vegna stofnlána, sem á skipinu hvíla.

Með tilliti til þess hefði ríkisstyrkur þurft að vera miklu hærri á undanförnum árum til þess að komast hjá skuldasöfnun.

Á meðan hægt er að ferðast milli Reykjavíkur og Akraness með skipi á skemmri tíma en með bifreið, verður sennilega að halda þessum ferðum áfram, en líklegt er að ódýrara skip í rekstri væri hægt að fá en Akraborg er.

Stykkishólmsbátur — Baldur.

M/s Baldur annast þessar ferðir. Það er nýtt skip og vel útbúið. Á farsvæði skipsins við Breiðafjörð er mjög takmarkað verksvið, en hins vegar er skipinu ætlað það verkefni að flytja vörur frá Reykjavík til Breiðafjarðarhafna. Með tilkomu þessa skips er Skipaútgerð ríkisins leyst frá því að halda uppi strandferðum á Breiðafjarðarhafnir

Vöruflutningar sjóleiðis til Breiðafjarðarhafna hafa dregizt mjög saman á síðustu árum. Því valda fyrst og fremst auknir vöruflutningar með bifreiðum, enda er það svo, að bifreiðar geta boðið betri kjör á styttri leiðum en skipin geta boðið.

Að sumrinu má ætla, að farþegaflutningar verði mun meiri um Breiðafjörð með tilkomu hins nýja skips, en nauðsynlegt er, að skipið fái viðunandi aðstöðu við vestanverðan Breiðafjörð, og er brýn þörf á að lengja bryggjuna á Brjánslæk, til þess að skipið fái þar góð afgreiðsluskilyrði. Að vetrinum má telja, að þetta skip geti fært út sitt verksvið með vöruflutningum til sunnanverðra Vestfjarða til þess að nýta það betur og létta undir með strandferðaskipum Skipaútgerðarinnar.

Djúpbátur — Fagranes.

M/s Fagranes heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp allt árið og til Suðureyrar og Flateyrar vetrarmánuðina, þegar vegurinn um Breiðadalsheiði er lokaður.

Vöruflutningar skipsins hafa minnkað undanfarin ár, eða eftir því sem nýtingartími veganna eykst. Hins vegar hafa farþegaflutningar og flutningar á bifreiðum aukizt verulega á tveimur síðustu árum. Á s. l. ári voru farþegar um 6900 og fluttar bifreiðar yfir 800. Farmgjaldatekjur námu 822 þús. kr., fargj. og aukaf. 767 þús. kr., út- og uppskipunartekjur voru 429 þús. kr. og ríkisstyrkur 1300 þús. kr. Afskriftir voru 304 þús. kr. og rekstrarhagnaður um 5 þús. kr. Skipið er mjög bundið árið um kring vegna mjólkurflutninga fyrir Ísafjörð og nágrenni, en flutningsmagn í vetrarferðum er mjög lítið. Á þessu ári hafa vöruflutningar enn þá minnkað, en farþega- og bílaflutningar yfir sumarmánuðina hafa aukizt að sama skapi.

Rekstur skipsins hefur verið góður eftir atvikum, en ekki er varlegt að stækka farsvæði skipsins vegna hinna tíðu og reglubundnu mjólkurflutninga. Skipið er með 6 manna áhöfn.

Norðurlandsbátur — Drangur.

M/s Drangur annast ferðir um Eyjafjörð og til Skagafjarðar og Grímseyjar, og hafa vöruflutningar verið miklir á undanförnum árum, en farþegar hafa verið flestir til Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Á þessu ári var tekinn í notkun nýr vegur til Ólafsfjarðar, og snemma næsta árs verður vegurinn um jarðgöngin í gegnum Stráka til Siglufjarðar tekinn í notkun. Með tilkomu þessara vega er grundvöllurinn undir rekstri þessa skips árið um kring brostinn. Að sumrinu verða þessir flutningar allir á landi og annan tíma árs sömuleiðis, nema þegar vegir eru tepptir.

Drangur hafði í tekjur á s. l. ári 2199 þús. kr., en ríkisstyrkur var það ár 1200 þús. kr. Á skipinu er 7 manna áhöfn. Farþegafjöldi var nokkuð á 5. þúsund. Það er sjáanlegt, að ekki er þörf fyrir flutninga á sjó á farsvæði þessa skips yfir sumarmánuðina, nema til Grímseyjar, en þangað hafa verið farnar tvær ferðir á mánuði. En yfir vetrarmánuðina er ómögulegt að komast hjá að hafa skip, þegar vegir teppast, til þess að grípa inn í mjólkurflutninga, aðra vöruflutninga og farþegaflutninga. Það liggur í augum uppi, að þetta skip á að geta annað strandferðum fyrir Norðurlandi og Norð-Austurlandi og létt viðkomum af strandferðaskipunum og haft Akureyri fyrir miðstöð til vöruumskipunar úr hinum stærri strandferðaskipum og öðrum þeim skipum, sem losa eða lesta þar til flutnings á hinar minni hafnir.

Birgir Finnsson. Matthías Bjarnason. Pétur Pétursson.
Árni Vilhjálmsson.

Fylgiskjal I.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Reykjavík, 24. nóv. 1965.

Hér með sendum vér rekstraryfirlit fyrir m/s Heklu í sambandi við utanlandssiglingar á þessu ári. Tekjur eiga að vera nokkurn veginn réttar samkvæmt yfirlitinu og einnig laun skipshafnar, lestarvinna, sjóvátrygging, hafnargjöld og afgreiðsluþóknun, en aðrir liðir eru áætlaðir.

Rekstrarumsetning skipsins á umræddum tæplega 4 mánuðum er nærri 10 millj. kr., ef söluvörur eru taldar með, en samt virðast aðeins afgangs 127 þús. kr. fyrir skrifstofukostnaði, vöxtum og fyrningu. Er það léleg útkoma, en kemur ekki á óvart, þegar litið er á það, að ekki hefur þótt fært að hækka fargjöld nema um tæplega 20% frá gengisbreytingarárinu 1960, en dýrtíð hér hefur vaxið tiltölulega miklu meira, og skal t. d. í því sambandi bent á, að á árinu 1960 voru laun skipshafnar á Heklu samtals kr. 3 492 000, en á árinu 1964 voru tilsvarandi laun kr. 6 564 000, en mikil hækkun varð á þessu ári eða ca. 27.28% miðað við greidd laun 1964. Sýnist því, að launagreiðslur á skipinu á næsta ári 1966 muni verða kr. 8 355 000.

Nú hafa Sameinaða og Eimskip ákveðið óbreytt fargjöld á næsta ári (3ja árið í röð), og virðist þá ekki fært fyrir Skipaútgerðina að hækka, en þar sem kostnaður hjá Eimskip mun vaxa á sama hátt og hjá Skipaútgerðinni, verður ekki séð, að betri útkoma geti verið á farþegaflutningunum hjá því félagi.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins

Guðjón F. Teitsson.

Til strandferðamálanefndar,
c/o hr. alþm. Birgir Finnsson,
Reykjavík.

Rekstraryfirlit fyrir m/s Heklu í millilandaferðum 1965.

(7 Norðurlandaferðir 5/6—8/9 og Hamborg—Amsterdamferð 10/9—27/9).

Laun áhafnar		kr. 2 677 000.00		
— Lestarvinna		— 280 000.00		
Fæði skipshafnar		— 1 000 000.00		
Vaktmenn		— 50 000.00		
Sjóvátrygging		— 310 000.00		
Trygging áhafnar og lífeyrisgj.		— 210 000.00		
Skipagjöld		— 340 000.00		
Olía		— 830 000.00		
Viðhald og vörur til skips og vélar		— 1 200 000.00		
Afgr.þóknanir		— 302 000.00		
Símakostnaður og auglýsingar		— 100 000.00		
Eldhúsáhöld, borðbúnaður o. fl.		— 85 000.00		
Þvottur og hreingerning		— 130 000.00		
Ýmislegt		— 100 000.00		
Tekjuafgangur (brúttó)		— 127 000.00		
Farmgjöld				kr. 2 167 000.00
— póstur				— 212 000.00
Fargjöld				— 5 362 000.00
Veitingasala	kr. 2 000 000.00			
— ÷ efni	— 1 600 000.00			— 400 000.00
			Kr. 8 141 000.00	Kr. 8 141 000.00

Fylgiskjal II.

SKIPAÚTGERÐ RÍKISINS

Efnahags- og rekstraryfirlit pr. 30. nóvember 1965.

Efnahagsreikningur.

Eignir:

Fasteignir	kr.	50 500.00	
Skip	—	11 819 670.00	
Pakkhúsáhöld	—	694 981.40	
Skrifstofuáhöld	—	233 127.02	
Lán til langs tíma	—	59 978.60	
Hlutabréf	—	97 200.00	
			kr. 12 955 457.05
Sjóðir	kr.	79 060.84	
Bankar	—	380 355.76	
			— 459 416.60
Innheimtur umboðsmanna	kr.	1 191 345.82	
Skuldir umboðsmanna	—	1 815 145.47	
Viðskiptamenn	—	9 058 680.63	
Fyrirframgreiddur kostnaður	—	1 327 762.93	
			— 13 392 934.85
Útistandandi skuldir			— 209 758.99
Innheimtur í Reykjavík			— 1 429 560.03
Birgðir, innkaupadeild	kr.	2 106 900.00	
Birgðir skipa	—	1 046 742.26	
			— 3 153 642.26
Tap			— 36 928 670.21
			Kr. 68 529 439.99

Skuldir:

Aðalreikningur	kr.	15 942 945.59	
Upp í tillag 1965	—	26 160 000.00	
v/rekstrarhalla 1964	—	481 275.90	
			kr. 42 584 221.49
Viðskiptamenn			— 13 469 996.89
Ógreidd gjöld	kr.	6 258 700.48	
Lánafrádráttur	—	1 361 289.07	
			— 7 619 989.55
Biðreikningur			— 246 501.32
Bankar			— 988 544.16
Eftirkröfur og fyrirframgreiddir farseðlar			— 2 280 470.19
Ógreidd laun			— 1 339 716.39
			Kr. 68 529 439.99

Rekstrarreikningur.

Gjöld:

Vörukaup	kr.	7 056 089.82
Fastafjáraukning	—	194 985.12
Laun	—	37 783 391.31
Starfsmannakostnaður	—	2 524 193.78
Viðhald og viðgerðir	—	14 467 192.87

Innkaup, ekki til birgða	kr.	13 428 150.09
Ýmis kostnaður	—	2 676 165.80
Vátryggingar og skattar	—	2 624 107.68
Stjórnarkostnaður	—	3 733 957.63
Vextir	—	206 789.54
Leiguskip	—	100 132.00
Frádráttur tekna	—	953 737.09
Mismunur á rekstri skipa vegna umboðsmannabókhalds	—	1 432 154.95
	Kr.	87 181 047.68

Tekjur:

Tekjur skipanna	kr.	35 517 160.93
— vöruafgreiðslu	—	6 320 042.30
— seldar vörur	—	7 753 779.54
Ýmsar tekjur	—	661 394.70
Tap	—	36 928 670.21
	Kr.	87 181 047.68

Rekstrarafkoma skipanna.

Skip				
M/s Hekla				
Tekjur	kr.	13 609 978.79		
Kostnaður	—	22 837 646.06		
			÷ kr.	9 227 667.27
M/s Esja				
Tekjur	kr.	8 613.391.50		
Kostnaður	—	14 160 192.48		
			÷ —	5 546 800.98
M/s Herjólfur				
Tekjur	kr.	5 896 580.94		
Kostnaður	—	7 569 963.28		
			÷ —	1 673 382.34
M/s Herðubreið				
Tekjur	kr.	2 553 057.14		
Kostnaður	—	5 744 960.08		
			÷ —	3 191 902.94
M/s Skjaldbreið				
Tekjur	kr.	2 325 305.73		
Kostnaður	—	6 783 088.77		
			÷ —	4 457 783.04
M/s Þyrill				
Tekjur	kr.	2 518 846.83		
Kostnaður	—	2 446 627.26		
			+ —	72 219.57
Tap		Samtals	kr.	24 025 317.00

Fylgiskjal III.

Flutningar Skipaútgerðar ríkisins til og frá svæðinu Ingólfsfjörður — Haganesvík 1960 og 1964.

	Viðkomufjöldi		Samtalsfl. til og frá, kg		Meðaltal í viðkomu, kg		Farþ. meðaltal í viðkomu	
	1960	1964	1960	1964	1960	1964	1960	1964
Ingólfsfjörður	36	36	99977	142618	2777	3961	4 1/12	2 11/18
Norðurfjörður	44	46	135313	407944	3075	8868	3 15/44	1 17/23
Gjögur	35	36	31825	26673	909	741	1 29/35	1 1/9
Djúpavík	44	46	165264	211804	3756	4604	2 8/11	0 10/23
Kaldrananes	21	19	212126	65014	10101	3422	0 13/21	0 6/19
Drangsnes	40	41	349449	228944	8736	5584	1 13/40	0 23/41
Hólmavík	43	45	726071	388462	16885	8632	2 33/43	1 2/3
Óspakseyri	11	4	44457	174938	4041	43734	0 4/11	0
Borðeyri	7	4	81784	287625	11683	71906	0 6/7	0 3/4
Hvammstangi	22	26	296969	269296	13498	10357	3 17/22	1
Blönduós	20	23	645848	836907	32292	36387	0 20/23	0 11/23
Skagaströnd	42	35	494099	118903	11764	3398	1 39/42	0 27/35
Sauðárkrókur	22	22	645043	341644	29320	15529	1 21/22	0 3/20
Hofsós	20	17	143138	48606	7167	2859	0 1/5	0 2/17
Haganesvík	15	15	82195	38668	5479	2578	0	0

Fylgiskjal IV.

RÍKISENDURSKOÐUNIN

Yfirlit um nokkra kostnaðarliði við rekstur skipa Skipaútgerðar ríkisins árin 1960—1965.

M/s Hekla:	1960	1961	1962	1963	1964	1965
Laun	4 550 546.03	5 020 763.00	5 985 050.73	6 626 469.74	8 259 278.59	8 398 150.06
Viðhald, varahlutir og endurbætur	1 667 493.62	2 474 519.94	3 242 856.13	2 459 849.96	3 674 442.14	7 044.065.45
Viðgerðir v/sjótjóna		100 146.28	228 577.11	132 733.42	292 594.36	742 400.74
Viðgerðir v/strandtj.				81 00		
Flokkunarviðgerðir	393 991.11					
Vátryggingar	978 985.35	393 807.51	433 223.09	340 086.81	357 902.83	790 592.94
Brennsluolía	1 867 798.44	2 205 180.79	2 377 740.16	2 068 955.39	2 070 193.70	2 365 574.58
	9 458 814.55	10 194 417.52	12 267 447.22	11 628 176.32	14 654 401.62	19 340 783.77
Tjónabætur	37 568.56	64 851.03		68 241.32		
	9 421 245.99	10 129 566.49	12 267 447.22	11 559 935.00	14 654 401.62	19 340 783.77

M/s Esja:	1960	1961	1962	1963	1964	1965
Laun	3 564 570.83	4 365 819.57	5 774 365.92	6 296 272.43	7 646 988.39	8 074 466.53
Viðhald, varahlutir og endurbætur	1 013 588.12	1 271 631.93	1 893 312.70	1 711 250.41	5 672 852.06	2 258 162.97
Viðgerðir v/sjótjóna	133 866.80	58 807.31	58 508.14	22 850.37	2 978 830.01	222 039.24
Viðgerðir v/strandtj.			1 959 338.40	21 812.15		
Flokkunarviðgerðir	3 982 090.89					
Vátryggingar	952 372.31	307 792.60	372 188.86	306 830.72	312 867.49	736 642.00
Brennsluolía	1 309 766.79	1 847 379.00	2 063 365.47	1 814 180.22	2 066 296.40	2 181 650.37
	10 956 255.74	7 851 430.41	12 121 079.49	10 173 069.30	18 677 834.35	13 472 961.11
Tjónabætur	9 306.38					
	10 946 949.36	7 851 430.41	12 121.079.49	10 173 069.30	18 677 834.35	13 472 961.11

M/s Herðubreið:	1960	1961	1962	1963	1964	1965
Laun	2 007 794.88	2 302 958.67	2 832 512.49	2 905 424.42	3 966 002.04	3 720 092.42
Viðhald, varahlutir og endurbætur	638 909.52	927 106.62	1 597 485.27	3 572 878.49	1 195 714.59	1 524 046.92
Viðgerðir v/sjótjóna	5 049.60	39 937.21	140 585.92	771 277.46	89 229.54	772 503.66
Flokkunarviðgerðir						
Vátryggingar	463 549.09	113 377.40	123 380.89	104 321.89	102 246.96	335 449.00
Brennsluolía	515 136.93	547 522 29	574 184.73	579 669.65	710 659.71	732 555.57
	3 630 440.02	3 930 902.19	5 268 149.30	7 933 571.91	6 063 852.57	7 084 647.57
Tjónabætur			49 474.26			
	3 630 440.02	3 930 902.19	5 218 675.04	7 933 571.91	6 063 852.57	7 084 647.57
M/s Skjaldbreið:						
Laun	1 978 515.15	2 281 540.75	2 693 947.09	3 188 636.46	3 681 708.35	4 390 552.19
Viðhald, varahlutir og endurbætur	541 458.69	455 926 80	1 145 258.35	582 128.91	2 763 026.99	1 524 824.48
Viðgerðir v/sjótjóna	11 511.27	55 350.75	117 115.88	30 805.81	1 086 510.52	44 659.82
Viðgerðir v/strandtj.			546 293.59			
Flokkunarviðgerðir	1 105 882.60					
Vátryggingar	463 549.05	115 191.60	123 380.90	102 277 58	104 291.00	335 449.00
Brennsluolía	445 206.78	526 563.05	592 841.61	542 916.37	603 759.64	816 527.88
	4 546 123.54	3 434 572.95	5 218 837.42	4 446 765.13	8 239 296.50	7 112.013.37
Tjónabætur		4 200.46				
	4 546 123.54	3 430 372.49	5 218 837.42	4 446 765.13	8 239 296.50	7 112 013.37
M/s Herjólfur:						
Laun	2 338 377.32	2 421 822.33	3 033 047.47	3 702 379.98	4 570 599.66	4 725 599.96
Viðhald, varahlutir og endurbætur	527 277.66	649 591.12	709 128.10	716 404.41	884 337.32	1 808 067.39
Viðgerðir v/sjótjóna				1 579.55	3 359.00	90 261.38
Viðgerðir v/strandtj.						
Flokkunarviðgerðir						
Vátryggingar	360 729 07	389 395.98	414 946.87	386 096.61	385 159.08	362 865.00
Brennsluolía	611 369.01	721 994.51	787 183.13	777 025.49	894 206.71	938 622.34
	3 837 753.06	4 182 803.94	4 944 305.57	5 583 486.04	6 737 661.77	7 925 416.07
Tjónabætur			43 716.45		54 105.90	
	3 837 753.06	4 182 803.94	4 900 589.12	5 583 486.04	6 685 555.87	7 925 416.07


M/s Þyrill:	1960	1961	1962	1963	1964
Laun	1 942 413.73	1 906 390.73	2 384 766.06	2 471 945.10	3 127 549.93
Viðhald, varahlutir og endurbætur	596 305.03	1 948 603.01	812 465.28	1 049 623.32	2 514 955.24
Viðgerðir v/sjótjóna	25 766.33	24 304.16		77 693.08	10 085.90
Viðgerðir v/strandtjóna					
Flokkunarviðgerðir	706 528.07				
Vátryggingar	152 927.90	184 528.32	210 363.97	173 455.30	215 625.12
Brennsluolía	834 985.06	675 834.87	967 201.90	912 912.70	699 637.85
	4 258 926.12	4 739 661.09	4 374 797.21	4 685 629.50	6 567 854.04
Tjónabætur	21 236.80				
	4 237 689.32	**4 739 661.09**	**4 374 797.21**	**4 685 629.50**	**6 567 854.04**

Fylgiskjal V.

Tekjur strandferðaskipa Skipaútgerðar ríkisins samkvæmt ársreikningum 1960 til 1965.

	1960 þús. kr.	1961 þús. kr.	1962 þús. kr.	1963 þús. kr.	1964 þús. kr.	1965 þús. kr.
Hekla	12 538	13 410	15 499	15 575	15 942	16 206
Esja	6 157	7 500	10 220	10 384	11 118	11 912
Herðubreið	2 892	2 778	3 706	3 185	4 117	3 694
Skjaldbreið	2 267	2 587	3 123	3 041	2 788	3 520
Herjólfur	4 564	4 655	6 325	6 633	7 952	7 921
Þyrill	5 826	5 317	7 994	6 987	7 580	2 519
	34 244	36 247	46 867	45 805	49 497	45 772

RÍKISENDURSKOÐUNIN, REYKJAVÍK.



ESJA OG HEKLA
Fskj. 6.
LÍNURIT 1
HRINGFERÐIR: AUSTUR - - - VESTUR ——
VÖRUR Í SKIPI Í MEÐALFERÐ ÁRSINS 1964
Tonn
200
150
100
50
Vörur frá Reykjavík
Ferðir Tonn
2 50 - 99
5 100 - 149
6 150 - 199
7 200 - 249
1 250 - 299
Vörur til Reykjavíkur
Ferðir Tonn
1 50 - 99
5 100 - 149
7 150 - 199
6 200 - 249
1 250 - 299
1 300 - 349
Reykjavík
Patreksfj.
Tálknafj.
Bíldudalur
Þingeyri
Flateyri
Suðureyri
Ísafj.
Siglufj.
Dalvík
Akureyri
Svb.eyri
Húsavík
Raufarh.
Þórshöfn
Vopnafj.
Borgarfj.
Seyðisfj.
Norðfj.
Eskifj.
Reyðarfj.
Fáskrúðsfj.
Stöðvarfj.
Breiðdalsv.
Djúpivogur
Vestm.eyjar
Þorlákshöfn
Reykjavík

LÍNURIT 2

ESJA OG HEKLA

REYKJAVÍK–AKUREYRI–
REYKJAVÍK, VESTUR

VÖRUR Í SKIPI Í
MEÐALFERÐ ÁRSINS
1964




Tala ferða 6.
Vörur frá Reykjavík minnst 104 tonn, mest 230 tonn.
Vörur til Reykjavíkur minnst 22 tonn, mest 297 tonn

LÍNURIT 3


ESJA OG HEKLA


REYKJAVÍK–AKUREYRI–
REYKJAVÍK, AUSTUR

VÖRUR Í SKIPI Í MEÐAL-
FERÐ ÁRSINS 1964



Tala ferða 6.
Vörur frá Reykjavík minnst 164 tonn, mest 258 tonn.
Vörur til Reykjavíkur minnst 11 tonn, mest 110 tonn.


LÍNURIT 4
HERÐUBREIÐ OG SKJALDBREIÐ
HRINGFERÐIR, VESTUR UM —— AUSTUR UM — —
VÖRUR Í SKIPI Í MEÐALFERÐ ÁRSINS 1964
Tonn
150
100
50
Vörur frá Reykjavík
Ferðir Tonn
4 50 - 99
5 100 - 149
4 150 - 199
Vörur til Reykjavíkur
Ferðir Tonn
3 50 - 99
7 100 - 149
5 150 - 199
2 200 - 249
Reykjavík
Kópasker
Raufarh.
Þórshöfn
Bakkafj.
Vopnafj.
Borgarfj.
Seyðisfj.
Mjóifj.
Norðfj.
Eskifj.
Reyðarfj.
Fáskrúðsfj.
Stöðvarfj.
Breiðdalsv.
Djúpivogur
Hornafj.
Vestm.eyjar
Reykjavík



LÍNURIT 5
HERÐUBREIÐ OG SKJALDBREIÐ
REYKJAVÍK— AKUREYRI-REYKJAVÍK, VESTUR UM
VÖRUR Í SKIPI Í MEÐAFERÐ ÁRSINS 1964
Tonn
150
100
50
Vörur frá Reykjavík
Ferðir Tonn
6 50 - 99
8 100 - 149
4 150 - 199
1 200 - 249
Reykjavík
Siglufj.
Ólafsfj.
Dalvík
Hrísey
Flatey
Akureyri

LÍNURIT 6

VESTFIRÐIR


VÖRUR Í SKIPI Í MEÐALFERÐ ÁRSINS 1964

ALLAR FERÐIR MEÐ VIÐKOMU Á VESTFJÖRÐUM TALDAR VESTFJARÐA-FERÐIR



LÍNURIT 7

HÚNAFLÓI-SKAGAFJÖRÐUR




LÍNURIT 8

MIÐ - NORÐURLAND

VÖRUR Í SKIPI Í MEÐALFERÐ ÁRSINS 1964

ALLAR FERÐIR MEÐ VIÐKOMU Á ÞESSU SVÆÐI





LÍNURIT 9

NORÐ-AUSTURLAND

VÖRUR Í SKIPI Í MEÐALFERÐ ÁRSINS 1964

ALLAR FERÐIR MEÐ VIÐKOMU Á ÞESSU SVÆÐI




LÍNURIT 10
AUSTFIRÐIR
Tonn
VÖRUR Í SKIPI Í MEÐAL-FERÐ 1964
VÖRUR FRÁ REYKJAVÍK
53 FERÐIR
VÖRUR TIL REYKJAVÍKUR
47 FERÐIR
120
100
80
60
40
20
Vörur frá Reykjavík
Ferðir Tonn
3 20 - 39
6 40 - 59
8 60 - 79
5 80 - 99
6 100 - 119
9 120 - 139
4 140 - 159
4 160 - 179
7 180 - 199
4 200 - 219
1 200 - 239
1 300 - 319
Reykjavík
Djúpivogur
Breiðdalsv.
Stöðvarfj.
Fáskrúðsfj.
Reyðarfj.
Eskifj.
Norðfj.
Mjóafj.
Seyðisfj.
Borgarfj.

Nd. 379. Frumvarp til laga [174. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Uppsali í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Karli Sveinssyni, bónda í Hvammi í Barðastrandarhreppi, eyðijörðina Uppsali í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Karls Sveinssonar, bónda í Hvammi í Barðastrandarhreppi, en jörð þessi hefur verið óbyggð og ónytjuð um langt árabil. Útilokað er talið, að hún komist í ábúð aftur, en nytjar hennar gætu orðið Karli Sveinssyni til gagns, og þykir því eðlilegt, að sala þessi verði heimiluð.

Nd. 380. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 20. marz 1967.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Gísli Guðmundsson.
Hannibal Valdimarsson.	Björn Pálsson.	Sverrir Hermannsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Nd. 381. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til orkulaga.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 71. gr. 3. tölul. Í stað „⅘ stofnkostnaðar“ komi: stofnkostnaði.

Nd. 382. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd sendi þetta frv. ýmsum aðilum til umsagnar, og hafa umsagnir borizt frá eftirtöldum aðilum:

1. Borgarstjórinn í Reykjavík, dags. 25. jan. 1967, sem tilkynnir afstöðu borgarráðs til frv., og er borgarráð samþykkt meginstefnu frv., en bendir á nokkur atriði til viðbótar, er betur mættu fara. Er þessi álitsgerð: bréf borgarstjóra og fundargerð barnaheimila- og leikvallanefndar, birt hér sem fylgiskjal I.
2. Bandalagi kvenna í Reykjavík, dags. 6. jan. 1967, og er afstaða þess til frv. jákvæð. Er umsögnin birt sem fylgiskjal II.
3. Kvenréttindafélagi Íslands, dags. 6. febr. 1967, og er þar mælt með því, að frv. nái sem fyrst fram að ganga. Er nefnt bréf Kvenréttindafélags Íslands birt hér á eftir sem fylgiskjal III.

Allar þessar umsagnir eru staðfesting á því, hve brýn nauðsyn er orðin á samþykkt höfuðstefnu þeirrar, sem í frv. felst.

Nefndin hefur samt ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Leggur undirritaður minni hluti til, að frv. sé samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja slíkum, ef fram koma.

Alþingi, 20. marz 1967.

Einar Olgeirsson, frsm. Sigurvin Einarsson. Ingvar Gíslason.

Fylgiskjal I.

Umsögn borgarstjórans í Reykjavík (og þar í fundargerð barnaheimila- og leikvallanefndar).

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. janúar 1967.

Bréf menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 30. nóv. s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu barnaheimila og um fóstruskóla, var lagt fram á fundi borgarráðs 6. des. s. l. og vísað til umsagnar barnaheimila- og leikvallanefndar. Umsögn nefndarinnar var lögð fram á fundi borgarráðs í gær, og tekur nefndin fram, að á árinu 1964 var frumvarp sama efnis til umræðu í nefndinni og sendi þá nefndin borgarráði greinargerð um málið. Frumvarp það, sem nú liggur fyrir, er í öllum aðalatriðum hið sama og þá lá fyrir, og vísar því nefndin til fyrri álitsgerðar um málið. Sú álitsgerð fylgir hér með, og féllst borgarráð á tillögur nefndarinnar.

Geir Hallgrímsson.

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Úr fundargerð barnaheimila- og leikvallanefndar frá 2. sept. 1964.

2. Rætt um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla, er flutt var á síðasta Alþingi.

Eftirfarandi greinargerð var samþykkt samhljóða:

Nefndin er samþykk þeirri meginstefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, um að ríkið taki meiri þátt í byggingar- og rekstrarkostnaði barnaheimila og að það komi upp og reki fóstruskóla í Reykjavík.

Athugasemdir, sem nefndin vill gera við frumvarpið, eru:

Við 1. gr.

a) Að til viðbótar þeim tegundum barnaheimila, sem upp eru talin í frumvarpinu, komi leikskólar, tómstunda- og æskulýðsheimili.
b) Nefndin telur eðlilegt, að einstaklingar geti einnig hlotið styrk til byggingar og rekstrar barnaheimila, enda hafi þeir til þess réttindi og tilskilin leyfi.
c) Starfsemin verði styrkt af ríkinu með 10—50% af viðurkenndum rekstrarkostnaði. Styrkur til hverrar tegundar verði nánar ákveðinn í reglugerð.
d) Nefndin tekur ekki afstöðu til þess, hvort daggjöld skuli vera misjöfn eftir efnahag foreldra, meðan ekki liggur ljósar fyrir, hvernig framkvæma eigi slík ákvæði.

Við 2. gr.

Þegar bygging barnaheimilis hefur verið samþykkt, telur nefndin, að ríkissjóði beri að greiða sinn hluta kostnaðar, eftir því sem byggingu miðar áfram. Sé um kaup á húsi að ræða, fari greiðslur eftir þar um gerðum kaupsamningi.

Við 4. gr.

Nefndin telur eðlilegt, að fóstruskóli sé rekinn af ríkinu, en telur rétt, að tala fastra kennara við skólann miðist við tölu nemenda eins og við aðra ríkisskóla, en vafasamt að ákveða með lögum, að minnst tveir fastir kennarar skuli starfa við skólann, auk skólastjóra, þar sem um margbreytilega fagkennslu er að ræða.

Fylgiskjal II.

Umsögn Bandalags kvenna.

Reykjavík, 6. janúar 1967.

Samkvæmt bréfi menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dagsettu 30. nóv. 1966, er leitað umsagnar Bandalags kvenna í Reykjavík varðandi frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Fulltrúaráðsfundur Bandalags kvenna, haldinn 4. jan. 1967, telur brýna þörf á aukinni aðstoð ríkisins varðandi rekstur og byggingu almennra barnaheimila. Fundurinn telur núverandi ástand óviðunandi. Einkum er skortur á dagheimilum tilfinnanlegur. Inntöku á dagheimili fá nú aðeins börn einstæðra mæðra eða þar sem faðirinn er við nám eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, og jafnvel í slíkum tilfellum er ekki unnt að sinna þeim umsóknum, sem berast. Fundurinn leyfir sér einnig að benda á hið alvarlega ástand, sem skapazt hefur varðandi gæzlu barna í vissum aldursflokkum, svo sem 2—3 ára barna og 6—7 ára aldursflokk barna.

Fundurinn vill benda á, að framlag ríkisins til starfsemi Sumargjafar er of lágt og hvergi í samræmi við þá aukningu barnaheimila, sem orðin er, og ekki í samræmi við það framlag, sem Reykjavíkurborg leggur til starfsemi Sumargjafar.

Fundurinn álítur það óviðunandi ástand, að meiri hluti starfsfólks dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra slíkra stofnana skuli ekki hafa menntun til starfs

sins. Fundurinn leggur til, að starfsemi fóstruskólans verði aukin og efld og honum veitt nauðsynleg fjárhagsleg aðstoð og hann verði tekinn inn í fræðslukerfi ríkisins og forstöðukona hans verði ráðin sem fastur starfsmaður ríkisins og hljóti réttindi samkvæmt því. Einnig verði henni heimilt að ráða fasta kennara sér til aðstoðar eftir þörfum.

Fyrir hönd Bandalags kvenna í Reykjavík,

Guðrún P. Helgadóttir.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal III.

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Hallveigarstöðum, Túngötu, Reykjavík.

Reykjavík, 6. febrúar 1967.

Þökkum heiðrað bréf yðar frá 30. nóv. 1966, þar sem óskað er eftir umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Kvenréttindafélag Íslands hefur áður sent álit sitt á fyrrnefndu frumv. eða árið 1964, sbr. fskj. IV með frumv. Stjórn K.R.F.Í. hefur á ný farið yfir frumvarpið og leggur sem fyrr áherzlu á, að það nái sem fyrst fram að ganga.

Varðandi seinustu málsgrein 1. gr. frumv. þykir rétt að benda á, að í lögum um vernd barna og ungmenna er gert ráð fyrir, að barnaverndarnefndir og barnaverndarráð hafi það eftirlit á hendi, sem þar er talað um.

Hæpið er að ákveða með lögum eða með reglugerð lágmarksfjölda kennara við fóstruskóla, heldur ætti kennarafjöldi að miðast við þarfir uppeldisstofnana hverju sinni.

K.R.F.Í. telur, að nauðsynlegt sé, að börn allt að 7 ára aldri eigi kost á dagheimila- eða leikskólavist, en ekki sé miðað við 6 ára aldur. Um þetta atriði hafa kvennasamtökin samþykkt tillögur ár eftir ár.

Stjórn K.R.F.Í. vill benda á eftirfarandi tillögur félagsins auk fskj. frumv.:

Fundur haldinn í Kvenréttindafélagi Íslands, 17. marz 1964, beinir þeim eindregnu tilmælum til menntamálaráðherra Íslands, að hann beiti sér fyrir því, að fóstruskólinn verði tekinn inn í fræðslukerfi ríkisins, aukinn og endurbættur, svo að hann fullnægi þörfum þjóðfélagsins.

8. fulltrúaráðsfundur K.R.F.Í. um réttindi barnsins, haldinn 4.—5 júní 1966, samþykkti m. a.:

að starfrækt verði við barnaskólana dagvistarheimili, einkum fyrir þau börn, hverra foreldrar koma ekki heim frá vinnu fyrr en eftir skólatíma, og þau börn, sem búa við þröng húsakynni. Á heimili þessu gætu börnin átt athvarf við nám og leiki og þar ættu þau kost á að fá mat.

Stjórn K.R.F.Í. telur, að eftirlit með börnum á skólaskyldualdri á dagvistarheimili gætu fóstrur annazt engu síður en kennarar.

Virðingarfyllst,

f. h. Kvenréttindafélags Íslands,

Lára Sigurbjörnsdóttir, form.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 383. Nefndarálit [32. mál]

um till. til þál. um rétt Íslands til landgrunnsins.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn mælir með því, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nm. mæla með samþykkt hennar, þar sem þeir telja nauðsynlegt, að reynt verði að halda þessu máli ofar flokkadeilum, en frumskilyrði þess er, að öllum þingflokkum verði gefinn kostur á að vinna að framgangi þess. Hér er ekki um mál að ræða, sem fara á með sem sérmál ríkisstjórnarinnar, heldur sameiginlegt mál alls þingsins.

Í umræðum um tillöguna hefur komið fram, að nauðsynlegt væri, að nefndin athugaði einnig möguleika til að gera sem fyrst sérstakar friðunarráðstafanir utan núverandi marka fiskveiðilandhelginnar. Við teljum eðlilegt, að verksvið nefndarinnar nái einnig til slíkrar athugunar.

Samkvæmt framansögðu mælum við með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 21. marz 1967.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Hermann Jónasson. Gils Guðmundsson.

Nd. 384. Lög [20. mál]

um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 20.

Nd. 385. Lög [147. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 332.

Nd. 386. Breytingartillögur [153. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Þæfustein, Ásgrímsbúð og Hallsbæ og að selja eiganda nýbýlisins Leifsstaða í Óxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.

Nd. 387. Frumvarp til laga [175. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 9 manna ráð, er nefnist áætlunarráð ríkisins, samkvæmt tilnefningu svo sem hér segir: Fjórir menn skulu tilnefndir einn af hverjum núverandi þingflokka, en aðrir fjórir einn af hverju eftirgreindra samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Einn skipar ríkisstjórn án tilnefningar, og skal hann að öðru jöfnu skipaður úr hópi þeirra sérfræðinga, sem eru vísindalega menntaðir um áætlanagerð, hagfræði eða í höfuðgreinum íslenzks þjóðarbúskapar. Ríkisstjórnin skipar formann ráðsins. Allir ráðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna og batnandi raunveruleg lífskjör á grundvelli aukinnar framleiðslu, betri skipulagningar þjóðarbúskaparins og réttlátari skiptingar verðmætanna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga og varðveita og efla sjálfstæði þjóðarinnar.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðaþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Þá skal og áætlunarráð gera sér sem gleggsta grein fyrir þörf íslenzks atvinnulífs á sérmenntuðum mönnum á hverjum tíma og vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, að ráðstafanir séu gerðar til að sérmennta íslenzka menn og tryggja þjóðfélaginu starfskrafta þeirra.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtinu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, samtök atvinnurekenda og fulltrúa atvinnurekstrar, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Áætlunarráð skal við gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar hafa þá höfuðstefnu, er hér segir:

Á fyrri hluta þessa tímabils skal einbeita sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenzkra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Samtímis skal efla þá atvinnuvegi, er fyrir eru, og stuðla að uppkomu nýrra atvinnutækja, er ætla má að hafi heilbrigðan grundvöll.

Á fyrri hluta tímabilsins skal undirbúa áætlanir um að framkvæma á síðari hluta tímabilsins stórvirkjun fallvatna og rannsaka til hlítar, hvers konar iðnaði í

allstórum stíl yrði bezt upp komið á því skeiði til hagnýtingar raforkunnar, þannig að slík fyrirtæki séu í senn undir yfirráðum Íslendinga, hagnýti vinnuafl og fjármagn haganlegast í þágu þjóðar og einstaklinga og hægt sé um leið að tryggja sem allra mesta sölu á framleiðslu þeirra úr landi til langs tíma, svo að áhætta þjóðarinnar verði sem minnst.

8. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Ríkisstjórn skal kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárlögum sem fylgiskjal, en áætlanir til lengri tíma séu lagðar fram með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstjórnar, hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess.

Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Áætlunarráð skal endurskoða lög nr. 66 13. maí 1967, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, fyrir næsta þing með það fyrir augum, að Efnahagsstofnun og Hagráð heyri undir áætlunarráð, að svo miklu leyti sem þær stofnanir starfa áfram.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslandi verður ekki stjórnað, svo að vel fari og frelsi landsbúa og velferð sé tryggð, nema hugsað sé um land vort sem eitt þjóðarbú, þannig að þjóðin skipuleggi aðalsölu útflutningsafurðanna, stjórni innkaupum þjóðarbúsins í samræmi við nauðsyn útflutningsins og hagsmuni þjóðarheildarinnar, ráði í aðalatriðum stefnu fjárfestingarinnar til þess að tryggja undirstöðu framleiðslunnar og hraða og rétta þróun hennar. Innan slíks heildarskipulags verður svo að tryggja og hagnýta í þjóðarþágu jafnt framtak einstaklinga, félaga sem annarra heilda.

Það stjórnleysisástand, sem ríkt hefur undanfarin ár undir nafni verzlunarfrelsisins, hefur einkennzt af því að beygja allan þjóðarbúskapinn, allt efnahagslífið undir sérhagsmuni verzlunarauðvaldsins. Innflutningur bílþúsundanna og bygging bílaumboðshallanna við Suðurlandsbraut í Reykjavík, ásamt sölu nýjustu togaranna úr landi, munu verða minnisvarði efnahagsstefnu verzlunarauðvaldsins og forsjár þess fyrir þjóðinni. Það hefur verið ógæfa Íslands, hve sterkt einmitt þetta auðvald hefur verið hér og hvernig það hvað eftir annað hefur komið efnahagslífi Íslands í öngþveiti með yfirdrottnun sinni.

Á meðan alþýðan tekur ekki sjálf um stjórnvölinn og tekur að leiða Ísland fram

til þjóðnýtingar, samvinnu og sameignar sem aðaleinkenna þjóðarbúskaparins, þ. e. fram til þjóðfélags sósialismans, þá er aðeins um tvær höfuðstefnur að ræða í íslenzku efnahagslífi:

Önnur er sú stefna verzlunarauðvaldsins, sem nú ríkir. Sé henni haldið áfram rökrétt og hún framkvæmd út í yztu æsar, verður að innlima Ísland í einhverja stóra viðskiptaheild, leyfa frjálsan innflutning erlends auðmagns og ef með þarf erlends verkafólks og láta lögmál hins óhefta peningavalds fá að ráða á öllum sviðum þjóðarbúskaparins. Af því leiddi drottnun erlendra auðhringa yfir Íslandi. Afl fossanna, hiti jarðarinnar, auður fiskimiðanna, allt yrði þetta þá gert að auðsuppsprettu fyrir nokkra fáa fjármáladrottna erlenda, er hagnýttu framleiðslutækin og vinnuaflið einvörðungu í gróðaskyni. Þessi stefna er í rökréttri framkvæmd sinni **innlimunarstefna**, er jafngildir tortímingu íslenzks sjálfstæðis. Til lítils höfum vér þá endurreist lýðveldi á Íslandi eftir 600 ára nýlendukúgun, ef land vort og þjóð á aftur að verða erlendu auðvaldi að bráð, jafnvel með þeim afleiðingum að glata þjóðerninu, sem varðveittist þó gegnum allar aldir og þrengingar fornu nýlendukúgunarinnar.

Hin stefnan er að sameina þjóðina og þá fyrst og fremst höfuðstéttir hennar í framleiðslulífinu um að reka þjóðarbúskap vor Íslendinga sem fullkomnast og viturlegast í eigin þágu. Það er íslenzk **sjálfstæðisstefna**. Öld vor er öld hinna miklu samsteypna í efnahagslífinu. Hin hraða þróun tækninnar knýr fram vaxandi stórrekstur og aukna samvinnu hinna smærri í atvinnulífinu. Vér erum allt of fámennir til þess að hafa efni á þeim allsherjar glundroða brasksins, sem nú einkennir þjóðlífið. Allir íslenzkir verkamenn eru vart fleiri en þeir verkamenn, sem starfa hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Til þess að geta haldið sjálfstæði voru í þessum frumskógi risafyrirtækjanna, sem vér verðum að berjast í, verðum vér sjálfir að vera sterkir og sameinaðir, hafa heildarstjórn á efnahagslífi voru út á við: áætlunarbúskap. En innbyrðis geta öll hin gömlu, hefðbundnu form íslenzks þjóðarbúskapar þrifizt: einstaklingsrekstur, samvinnurekstur, bæjarrekstur, ríkisrekstur o. s. frv. Slíkt er ekki aðeins íslenzkri alþýðu og þjóðarheildinni fyrir beztu, heldur og þeim íslenzkum atvinnurekendum, sem undanfarið hafa látið heillast af „viðskiptafrelsinu", því að þeir eru flestir það smáir á alþjóðamælikvarða, að þeir yrðu flestir troðnir undir járnhælum erlendu auðhringanna, ef Ísland yrði þeim að bráð.

Til þess að hægt sé að framkvæma þennan takmarkaða áætlunarbúskap, sem frv. þetta leggur til, þarf í þjóðfélagi voru, eins og það er nú, gagnkvæman skilning og helzt samstarf höfuðstéttanna í framleiðslunni: **verkalýðs** á sjó og landi, **atvinnurekenda** í sjávarútvegi og iðnaði og **bænda**. Alveg sérstaklega er það nauðsynlegt, að þær höfuðvaldsstéttirnar, sem andvígastar eru og andstæðastra hagsmuna hafa að gæta, verkalýðurinn og atvinnurekendur í framleiðslunni, geti lagzt á eitt um framkvæmd slíkra áætlana fyrir þjóðarbúskapinn sem hér er gert ráð fyrir. Það hefur verið mikil ógæfa Íslendingum, að á því tveggja áratuga tímabili, sem þetta valdajafnvægi hefur raunverulega verið á milli þessara höfuðstétta, hefur auðmannastéttin hvað eftir annað undir leiðsögn óraunsærra aðila og sumpart sakir óhollra erlendra áhrifa lagt út í dýrar, en árangurslausar tilraunir til þess að koma á harðstjórn auðvalds gegn verkalýð, allt frá gerðardómslögunum illræmdu 1942 og fram til hins ljóta gengisfellingar- og verðbólguleiks síðustu ára. Það er orðin mikil nauðsyn þjóð vorri, að í stað þess að gera landið að vettvangi sífelldra hjaðningavíga og ríkisvaldið að ránstæki yfirstéttar til þess að ræna almenning kaupgjaldi hans, þá sé tekið höndum saman um skipulega eflingu framleiðslulífsins samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum og ríkisvaldinu beitt til þess að skipuleggja framfarirnar og raunhæfar, varanlegar lífskjarabætur almennings, sem hljóta að vera höfuðtilgangur framleiðslustarfseminnar. Frv. þetta stefnir að því, að svo megi verða.

Frv. þetta hefur, í nokkuð breyttum myndum, verið flutt á flestum þingum

síðasta hálfan annan áratug. Sjálft er þetta mál miklu eldra sem baráttumál íslenzkrar verkalýðshreyfingar, og rek ég það að nokkru í fskj. I. En um nokkrar af einstökum greinum frv. skulu fylgja eftirfarandi athugasemdir og skýringar. Í fskj. II er að finna yfirlit yfir þróun kaupmáttar lægsta Dagsbrúnarkaups á síðustu tveim áratugum. Sú tafla sýnir með vissum takmörkunum þróun lífskjaranna hjá ófaglærðum verkamönnum. Þessar takmarkanir eru fyrst og fremst eftirfarandi: Taflan sýnir þróun lífskjaranna eingöngu miðað við 8 tíma vinnudag og án þess tillit sé tekið til húsnæðiskostnaðar og skatta, sem vissulega er ákaflega stór þáttur útgjaldanna hjá verkamannafjölskyldu, en mjög misjafn hvað húsnæðisútgjöld snertir. Þá ber þess að gæta við þessa töflu, að frá 1942 til júníloka 1965 er kaupmáttur tímakaups og kaupmáttur vikukaups hinn sami, þar sem allt þetta tímabil var 8 tíma vinnudagur, 48 tíma vinnuvika. Frá júnílokum 1965 kemst hins vegar á 44 tíma vinnuvika, og verður því taflan tvískipt frá þeim tíma: annars vegar kaupmáttur tímakaups, hins vegar kaupmáttur hinnar nýju styttu vinnuviku. Þá tekur þessi tafla ekki heldur tillit til atvinnuleysis, þar sem það er. Þess skal getið, að á síðustu árum hafa hafnarverkamenn og ýmsir fleiri verkamenn fengið „flokka"-hækkanir, sem gerir kaup þeirra 3—5% hærra en lægsti taxtinn er.

Um einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Það þykir rétt, að í ráðinu eigi sæti bæði fulltrúar stjórnmálaflokkanna og þýðingarmestu stéttarsamtakanna í framleiðslulífinu.

Um 3. gr.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélagsfríðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og um nokkurt skeið lækkað niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Kaupgeta lægstu tímakaups-Dagsbrúnarmanna var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en var í des. 1963 komin niður í 81 stig.) Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýðan varð að bæta sér upp minnkaða kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþrældómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnazt fyrir í höndum sérréttindamanna til bankalána.

Það leiðir af sjálfu sér, að slík beiting ríkisvaldsins til arðráns á alþýðustéttunum verður að hætta, en í staðinn sé tekin upp sú stefna að beita ríkisvaldinu til eflingar þjóðarframleiðslunni og til þess að tryggja það, að vaxandi afköst og auðlegð þjóðarbúsins verði launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar.

Ef samkomulag það, sem Alþýðusambandið, ríkisstjórnin og atvinnurekendur gerðu í júní 1964, er tryggja skyldi vísitöluuppbót á kaupgjald, reynist farsælt og dýrtíðin verður stöðvuð, gæti það samkomulag orðið upphaf breyttrar stefnu í þessum málum.

Þá skal sérstaklega undirstrika gildi síðustu málsgreinarinnar um staðsetningu atvinnutækja, byggðaþróun o. s. frv. Það er mikil nauðsyn, eigi aðeins þjóðarbúskap vorum, heldur og þjóðerni voru og þjóðarerfðum, að breytt verði um frá

því, sem nú er, að láta blint lögmál peninganna ráða byggðaþróun í landinu með þeim afleiðingum, að öll aukning þjóðarinnar safnast á einn stað: Reykjavík og nágrenni og Reykjanes. Með viturlegum áætlunarbúskap getur þjóðin sjálf stjórnað þessari þróun, látið allstóra bæi rísa í hinum ýmsu fjórðungum landsins, þar sem skilyrði eru hagstæðust, með því að beina þangað fjármagni og framleiðslutækjum. Að nokkru var þetta reynt með nýsköpunarstefnunni 1944 til 1946. Án þess að þannig sé gripið í taumana, mun sú samþjöppun þjóðarinnar á einn stað, sem einkennt hefur alla 20. öldina hér, halda áfram skefjalaust. Er það jafnt íbúum Reykjavíkur sem öðrum landsmönnum hagsmunaatriði, að höfð sé viturleg stjórn og fyrirhyggja á um þessi mál, en blint samþjöppunarlögmál peningavalds ekki látið ráða.

Um 4. gr.

Vér Íslendingar flytjum út 40% allrar framleiðslu vorrar, og mun vart nokkur önnur þjóð í heiminum eiga afkomu sína í svo ríkum mæli undir utanríkisverzlun sem vér. Oss er því lífsnauðsyn að geta útilokað alla hættu á viðskiptakreppum og markaðsvandræðum. Það gerum vér bezt með því annars vegar að tryggja útflutning vorn sem bezt með viðskiptum við hin sósíalistisku lönd, sem gera stóra fyrirframsamninga við oss, og hins vegar með því að skipuleggja sem bezt baráttu vora fyrir mörkuðum í auðvaldslöndunum. Það sýnir sig bezt í sambandi við freðfiskútflutninginn, hvílíkt öryggi það er framleiðslunni að geta selt t. d. meiri hluta hennar til landa sósíalismans fyrirfram gegn greiðslu við afskipun og geta svo með þessa tryggingu sem bakhjarl rutt vörunni til rúms, eins og þegar hefur gerzt í Bandaríkjum Norður-Ameríku. En til þess að geta stjórnað þessum viðskiptum í heild er sú yfirstjórn á utanríkisverzluninni, sem felst í þessu frv. um áætlunarráð, einkum 4. og 8. gr., alveg óhjákvæmileg.

Um 7. gr.

Það er nauðsynlegt, að Alþingi mæli fyrir um það í lögum, hver skuli vera höfuðstefnan í aukningu framleiðslunnar. Vitað er, að langsamlega mestu vinnuafköst á Íslandi eru í sjálfum aflabrögðunum. Vér Íslendingar eigum þar heimsmet, þannig að fiskimagn vort miðað við hvern sjómann er miklu hærra en nokkurrar annarrar þjóðar, jafnvel fjórfalt og stundum allt að sjöfalt meira en þeirrar þjóðar, er næst kemur. Það leiðir af sjálfu sér, að efling sjávarútvegsins hlýtur því áfram að vera höfuðstefnan. Bendir og allt til þess, að þörfin og markaðurinn fyrir matvæli, — ekki sízt svo ágæt sem vor, — fari hraðvaxandi og sé oss því að öllu leyti hentugast að einbeita oss að matvælaframleiðslunni. En jafnframt er hin brýnasta nauðsyn að margfalda fullvinnslu hennar og gera oss vöruna þannig dýrmætari. Vér höfum að miklu leyti verið hráefnaframleiðendur. **Iðnbylting í matvælaframleiðslu vorri** á að vera höfuðverkefni fyrstu fimm ára áætlunar Íslendinga. Fiskurinn, síldin, laxinn (sem margfalda má með klaki), allt bíður þetta enn í ríkum mæli verksmiðjuiðnaðar til fullvinnslu, þ. á m. niðursuðu og niðurlagningar. Sama gildir um ýmsar landbúnaðarafurðir, þ. á m. ullina, svo sem þegar er byrjað. — Hér er því megináherzla lögð á fullvinnslu hinna innlendu afurða og aukna framleiðslu þeirra til að byrja með.

Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að áætlunin, sem samin er í samráði við hin ýmsu ráðuneyti, leggst fyrir ríkisstjórn á eftir til þess að fá samþykki hennar. Síðan leggur ríkisstjórn áætlanirnar fyrir Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt þær, er litið á þær sem framkvæmdastefnu ríkisins á öllum sviðum efnahagslífsins og öllum stofnunum ríkisins falið það verkefni að sjá um framkvæmd þeirra undir yfirstjórn ríkisstjórnar.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting" gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni" hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun*, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn*, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður

gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit.“

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka“, ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin“ á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka við af því „framtaki“ útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun“ atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.“

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósíalistaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenzka stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli ameríkskra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó engin áræði aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð

og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins“, ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni.“

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. Var það fyrst og fremst Framsóknarflokkurinn sem hindraði myndun áætlunarráðs og framkvæmd heildaráætlunar. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Fjárfesting Íslendinga hefur lengst af verið eins og mest er hjá öðrum þjóðum. 1955—57 var fjárfesting t. d. 30—34% af þjóðarframleiðslunni. En hlutfallið milli fjárfestingar til neyzlu og til framleiðslu er á Íslandi að því leyti frábrugðið öllum öðrum Vestur-Evrópulöndum, að þar sem framleiðslufjárfesting t. d. í Noregi og Danmörku er 75%, en neyzlufjárfesting 25% (miðað við árin 1950—54), þá er sama hlutfall á Íslandi 44% framleiðslufjárfesting (1956) og 56% neyzlufjárfesting.

Nauðsynin á skipulagningu fjárfestingarinnar á Íslandi er því svo brýn, að meðan ekki verður orðið við þeirri kröfu, fer allur þjóðarbúskapur vor á einn eða annan hátt úr skorðum.

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt lægsta dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna árin 1945—1966 og enn fremur tafla um mánaðarlegar breytingar árin 1947, 1955 og 1958—1966.

Kaupmáttur tímakaups 1. taxta Dagsbrúnar með orlofi 1945—1966.

Ár	Meðaltímakaup skv. 1. taxta Dagsbrúnar í dagvinnu	Vísitala tímakaups 1945 = 100	Vísitala neyzluvöruverðs 1945 = 100	Kaupmáttur tímakaupsins 1945 = 100	Kaupmáttur vikukaups 1. taxta Dagsbrúnar (byrjunart.)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0	
1946	7.92	112.5	112.5	100.0	
1947	8.88	126.1	122.6	102.9	
1948	8.74	124.1	125.9	98.6	
1949	9.17	130.3	129.0	101.6	
1950	10.39	147.6	159.8	92.4	
1951	12.59	178.8	210.8	84.5	
1952	14.30	203.1	239.1	84.9	
1953	15.26	216.7	236.8	91.5	
1954	15.34	217.9	239.7	90.9	
1955	17.04	242.0	250.9	96.5	
1956	19.11	271.4	279.3	97.2	
1957	19.67	279.4	291.6	95.8	
1958	21.30	302.5	312.5	96.8	
1959	22.19	315.2	314.8	101.1	
1960	21.91	311.2	344.7	90.3	
1961	23.02	327.0	383.1	85.4	
1962	25.38	360.5	428.1	84.2	
1963	28.82	409.4	482.4	85.4	
1964	35.16	499.4	576.2	86.7	
1965				91.4	87.5
1966				95.3	87.3

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar tímakaups árin 1947, 1955 og 1958—1966, ásamt kaupmætti vikukaups 1965 og 1966.

	Kaupmáttur tímakaups 1. taxta Dagsbrúnar											Kaupmáttur vikukaups 1. taxta Dagsbrúnar (byrjunart.)	
Mánuðir	1947	1955	1958	1959	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1965	1966
Janúar	100	90	97	109	99	85	83	85	92	87	99.4	87	86.6
Febrúar	99	90	97	97	99	85	83	86	89	86	93.8	86	86.0
Marz	103	91	96	99	98	85	83	85	86	88	94.9	88	86.9
Apríl	101	92	96	99	94	85	82	84	84	88	94.1	88	86.3
Maí	101	102	96	100	92	84	82	84	83	87	91.3	87	83.7
Júní	101	101	100	100	89	85	89	86	83	88	95.0	88	87.1
Júlí	107	100	97	99	89	92	88	90	88	96	97.4	88	89.3
Ágúst	106	100	95	99	88	91	86	88	88	98	95.5	90	87.6
September	107	102	97	99	88	89	87	87	89	99	96.3	91	88.3
Október	103	97	97	99	86	84	84	82	89	95	96.3	87	88.3
Nóvember	105	96	96	99	86	83	84	82	88	93	97.2	86	89.1
Desember	104	100	104	99	85	83	83	86	88	95	98.1	87	89.1

Skýringar:

Dagvinnukaup: Miðað við lægsta Dagsbrúnartaxta. Sjúkrapeningar og orlofsfé er innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað við gömlu vísitöluna án húsnæðisliðar til marz 1959, eftir þann tíma við A-lið nýju vísitölunnar, þ. e. a. s. *án* húsnæðisliðar og *án* beinna skatta og fjölskyldubóta.

Kaupmáttur dagvinnukaups: Með því að deila vísitölu verðlags í vísitölu kaups fæst mælikvarði á kaupmátt þess.

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Sþ. 388. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lögð fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að halda áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits samtaka sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Í stefnuyfirlýsingu forsætisráðherra á Alþingi 13. okt. 1965 var skýrt frá því, að ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir að lögfesta staðgreiðslu opinberra gjalda, og yrði að því stefnt, að það gæti orðið á árinu 1967.

Nokkur gagnasöfnun hafði þegar átt sér stað og lausleg athugun benti til þess, að þessi áætlun gæti staðizt. Var ríkisskattstjóra falinn undirbúningur málsins og kerfisbundin athugun hafin snemma árs 1966. Voru tveir menn ráðnir ríkisskattstjóra til aðstoðar. Mikilvægur þáttur undirbúnings var öflun og úrvinnsla gagna um staðgreiðslukerfi nágrannalandanna, og skilaði ríkisskattstjóri s. l. haust ítarlegri skýrslu um það efni ásamt greinargerð um helztu vandamálin, er við væri að fást hér á landi í sambandi við staðgreiðslu opinberra gjalda.

Eftir athugun umræddra greinargerða ríkisskattstjóra var skipuð nefnd fulltrúa frá ríki og sveitarfélögum til þess að kanna nánar hvort ekki væri hagkvæmt að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda hér á landi og þá hvaða kerfi. Var að því stefnt, að nefndin lyki störfum fyrir árslok, en skjótt kom í ljós, að málið var miklu flóknara en svo, að það væri auðið. Enda þótt nefndin og ríkisskattstjóri hafi unnið ötullega að verkefni sínu, þá lauk nefndin ekki athugunum sínum fyrr en um miðjan marz, og var þá skýrsla hennar afhent öllum alþingismönnum til athugunar.

Með skýrslunni er fengið mjög greinargott yfirlit um öll þau helztu atriði, er máli skipta í sambandi við staðgreiðslukerfið og aðstæður við að beita því hér á landi. Það er ljóst, að hvaða kerfi, sem valið verður, krefst víðtækra breytinga á gildandi lögum um hin ýmsu opinberu gjöld, er til greina kæmi að fella undir kerfið. Ríkisstjórnin telur sig ekki á þessu stigi málsins geta gert um það endanlega tillögu til Alþingis, hvort innleiða skuli staðgreiðslukerfi opinberra gjalda eða ekki, en telur þó fyrir sitt leyti rétt að halda áfram jákvæðri athugun málsins. Sýnist þá

næsta stigið vera það að kynna málið nánar ýmsum þeim helztu aðilum, er það varðar, og síðan að undirbúa ákveðnar tillögur um lagabreytingar, ef þær viðræður leiða til niðurstöðu, er ríkisstjórnin telur viðhlítandi, en án víðtækrar samstöðu er ekki framkvæmanlegt að gera jafn stórtækar breytingar á opinberum gjöldum og staðgreiðslukerfið krefst.

Þótt ekki sé hægt að ætlast til þess, að alþingismenn séu á þessu stigi tilbúnir að taka endanlega afstöðu til málsins, þá skýrir fram lögð greinargerð það vel meginatriði þess, að menn ættu að geta tjáð sig um það, hvort þeir telji hinar víðtæku breytingar það fráhrindandi, að þeir teldu ekki eiga að sinna málinu frekar, eða hvort þeir telja rétt að halda áfram jákvæðri athugun þess. Sé afstaðan neikvæð, er ástæðulaust að eyða fé og tíma í framhaldsathugun.

Nd. 389. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að í umferðarlögin verði sett fyrirmæli um, að þeir menn, sem neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis, aka eða reyna að aka slíku tæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu eða rétti til að öðlast það.

Frumvarpið hefur verið til athugunar hjá allsherjarnefnd, en nefndarmenn ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar hefur lýst sig andvígan frumvarpinu, en undirritaður mælir með samþykkt þess.

Veruleg brögð eru að því, að ölvaðir menn aki bifreiðum, og af því hljótast oft árekstrar og slys í umferðinni. Enginn vafi er á því, að ölvuðum ökumönnum og slysunum, sem þeim fylgja, muni mjög fækka, ef ákvæði frv. verða í lög tekin. Þá er mönnum ljóst, að geri þeir sig seka um það glæpsamlega athæfi að aka bifreið, þegar þeir eru undir áfengisáhrifum, eiga þeir á hættu að missa ökumannsréttindi fyrir alla lífstíð. Þeir einir munu þá gera sig seka um slíkt, sem meta áfengið meira en ökuskírteini sitt, og þeir eiga að missa hið síðarnefnda.

Hér er slysavarnamál á ferð. Skylt er að gera allt, sem unnt er, til að auka öryggi í umferðinni og koma í veg fyrir slys. Veigamikill þáttur í því er að hindra bifreiðaakstur drukkinna manna.

Eins og áður segir, legg ég til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1967.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 390. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um undirbúning ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974.

(Lögð fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

Alþingi ályktar að fela nefnd, sem kosin var hinn 5. maí 1966 til þess að íhuga og gera tillögur um með hverjum hætti minnst skuli ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi, að gera nánari greinargerð um framkvæmd tillagna nefndarinn-

ar í áliti hinn 17. marz 1967. Einkanlega skulu fengnar hugmyndir um hugsanlegt þjóðarhús á Þingvöllum og kostnað við byggingu þess og byggingu eftirlíkingar á sögualdarbæ, um nánara fyrirkomulag og kostnað umræddrar útgáfustarfsemi og listsýninga. Nefndinni heimilast að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar í þessu skyni og skal greiða allan kostnað af þessu úr ríkissjóði.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 10. desember 1965 var samþykkt á Alþingi ályktun um að kjósa sjö manna nefnd til að íhuga og gera tillögur um, með hverjum hætti minnast skuli á árinu 1974, 1100 ára afmælis byggðar á Íslandi, en forsætisráðherra skyldi skipa formann nefndarinnar.

Á fundi í sameinuðu þingi hinn 5. maí 1966 voru þessir menn kjörnir í nefndina: Matthías Jóhannessen, ritstjóri, Guðlaugur Rósinkranz, þjóðleikhússtjóri, Gísli Jónsson, menntaskólakennari, Höskuldur Ólafsson, bankastjóri, Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur, Gils Guðmundsson, alþingismaður og Gunnar Eyjólfsson, leikari. Var Matthías Jóhannessen, ritstjóri, skipaður formaður nefndarinnar.

Svo sem fyrr getur skilaði nefndin áliti sínu hinn 17. marz s. l., og fylgir það þessari tillögu. Í áliti nefndarinnar koma fram ýmsar athyglisverðar tillögur um það, á hvern hátt bezt verði minnzt 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974. Nauðsynlegt þykir að fá nánari greinargerð um framkvæmd þessara tillagna og hvern kostnað slíkar framkvæmdir kynnu að hafa í för með sér. Samkvæmt tillögunni er nefndinni falið að ganga frá slíkri greinargerð, og henni jafnframt heimilað að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar í því skyni. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði.

Fylgiskjal.

Hinn 10. desember 1965 var samþykkt á Alþingi þingsályktun „um hvernig minnast skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974.“ Í þingsályktun þessari er komizt svo að orði: „Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að íhuga og gera tillögur um, með hverjum hætti minnast skuli á árinu 1974 ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar“.

Samkvæmt þingsályktun þessari var skipuð nefnd, Þjóðhátíðarnefnd 1974, og voru eftirtaldir menn kjörnir í nefndina: Matthías Jóhannessen formaður, Indriði G. Þorsteinsson ritari, Gils Guðmundsson, Gísli Jónsson, Gunnar Eyjólfsson, Guðlaugur Rósinkranz og Höskuldur Ólafsson. Nefndin hefur setið nokkra fundi og kynnt sér mál þetta frá ýmsum hliðum. Þykir henni hlýða að gefa yður, herra forsætisráðherra, og hinu háa Alþingi skýrslu um niðurstöður sínar og gera grein fyrir tillögum þeim, sem hún hefur komið sér saman um vegna hátíðahalda á fyrrnefndu afmæli. Stendur nefndin öll og óskipt að tillögum þessum:

Nefndin leggur áherzlu á, að framkvæmdir vegna hátíðahalda 1974 verði í þeim anda, að öll þjóðin geti sameinazt um þær, svo að hátíðahöldin nái til hvers mannsbarns í landinu og fari eins og vakningaralda um þjóðlífið. Í því skyni að ná þessu takmarki, er nauðsynlegt að hafa samvinnu við sýslunefndir og bæjarstjórnir, sem þá stæðu fyrir sérstökum hátíðum í heimahéruðum, ekki sízt í Reykjavík, en ekki þarf að benda á, hvernig byggð höfuðstaðarins er samtvinnuð þjóðarsögunni.

Má þessu viðvíkjandi benda á, að 1874 settu byggðarlögin sér takmörk ýmiss konar, eins og þegar samþykkt var að „stofna hið allra fyrsta unglingaskóla með fjörugum samskotum úr Kjalarnesþingi“ — og mun það vera upphaf Flensborgarskóla í Hafnarfirði.

Einstakar hugmyndir hafa komið fram, sem snerta stofnanir eða samtök og þurfa að ræðast sérstaklega við þá aðila.

Einnig hefur nefndin rætt um, að alþjóðarhátíð yrði 17. júní eða um mánaðamótin júlí/ágúst og gæti þá staðið nokkra daga.

Sú hugmynd, sem nefndin leggur höfuðáherzlu á að framkvæmd verði á vegum ríkisins vegna hátíðarársins er bygging þjóðarhúss á Þingvöllum. Um notkun slíkrar byggingar hefur nokkuð verið rætt í nefndinni og hefur við þær umræður m. a. komið fram, að þar mundi vera hægt að setja Alþingi hverju sinni. Þá hefur verið rætt um, að þar geti verið kjörinn staður fyrir þinghald ýmiss konar, bæði erlendra stofnana, sem við erum þátttakendur í, s. s. Norðurlandaráðs, og innlendra fjöldasamtaka. Yrði þjóðarhúsið jafnframt sýningarsalur og leikhús og tengt útileikvangi, svo að það mætti gegna sem bezt hlutverki sínu.

Samfara hugmyndinni um þjóðarhúsið vill nefndin benda á, að óhjákvæmilegt verður að gera varanlegan veg, hinn svokallaða Þingvallahring, til að auðvelda frá því sem nú er mannaferðir um staðinn.

Þá er það einnig álit nefndarinnar að reisa beri listamannabúðir á Þingvöllum eða í námunda við staðinn. Kemur til mála að reisa tvö til þrjú smáhús með sameiginlegu mötuneyti.

Nefndin leggur til, að athugað verði í samráði við þjóðminjavörð, hvort ekki sé fært að byggja eftirlíkingu á sögualdarbæ og þá á einhverjum kunnum sögustað, svo sem Borg á Mýrum, Hlíðarenda eða Bergþórshvoli. Nefndin leggur einnig til, að reist verði einkenni víða um land við sögufræga staði, og miðað verði að því að slík tákn séu komin upp til glöggvunar fyrir þjóðhátíðina. Mundi vera hægt að leita til sýslunefnda um þetta atriði.

Nefndin hefur rætt um hugsanlega útgáfustarfsemi vegna hátíðarinnar 1974. Gæti slík útgáfustarfsemi farið fram á þann hátt, að helztu bókaútgefendur landsins ættu kost á aðild að safnriti, þar sem yrði greinargott yfirlit yfir íslenzkar bókmenntir í ellefu aldir. Ef um slíkt samstarf yrði að ræða, telur nefndin að gefa ætti út úrval íslenzkra bókmennta í fjölmörgum bindum og sæi sérstök yfirritstjórn um val efnis og frágang bóka. Hefur nefndin gert frumdrög að slíkri útgáfu og eru þau á sérstöku fylgiskjali.

Þá er það einnig álit nefndarinnar að gefa ætti út samfellda Íslandssögu aðgengilega almenningi, en jafnframt yrði gefin út Íslandssaga fyrir framhaldsskóla. Má í því sambandi vitna í ummæli hæstvirts forsætisráðherra á Alþingi 20. okt. 1965 þess efnis, að ekki sé enn til heilleg, frambærileg Íslandssaga og þurfi að vinda bráðan bug að ljúka því verki, en að því búnu „þarf á grundvelli þess að semja heillega Íslandssögu við almennings hæfi".

Hugmyndin um samvinnu margra aðila við fyrrnefndar útgáfur er dæmi um vinnuaðferð, sem hugsanlegt væri að nota á fleiri sviðum, þar sem þarf stórátök í menningarlegum efnum fyrir afmælið.

Þá bendir nefndin á, að til greina kæmi að hafa sýningar úr sögu þjóðarinnar, svipaðar og efnt var til í sambandi við lýðveldisstofnunina 1944, en jafnframt skuli halda almennar listasýningar og listahátíð og efna til leiksýninga sögulegs efnis. Þyrfti í því sambandi að gera könnun á sögulegum atburðum og byggja síðan einn leikþátt á helzta atburði hverrar aldar í ellefu aldir. Þá þarf að undirbúa hljómleikahald, óperuflutning og kvikmyndagerð. Telur nefndin að hvatning til dáða á þessum sviðum verði helzt verðlaunaveitingar fyrir ýmsar greinar lista, einkum á sviði bókmennta, leikritunar, tónsmíða og myndlistar. Má í því sambandi vitna til greinargerðar um Þjóðhátíðina 1874, sem tillögum þessum fylgir, en þar segir m. a. að „aðalþjóðhátíðin hófst í Reykjavík sunnudaginn 2. ágúst, með messu í dómkirkjunni, sem konur bæjarins höfðu skreytt blómum fagurlega. Messuna sótti konungur með fylgdarliði sínu, en hermenn stóðu heiðursvörð. Þau tíðindi urðu við messu þessa, að þá var í fyrsta skipti sunginn lofsöngur Matthíasar Jochumssonar, Ó, Guð vors lands, með lagi Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, hvort tveggja nýort". Þó ekki hefði

öðrum afrekum verið til að dreifa á þjóðhátíðinni 1874 en frumflutningi þjóðsöngs Íslendinga, má telja, að hátíðin hafi bætt drjúgum við íslenzka menningarsögu.

Nefndin vill leggja áherzlu á að allt sem lýtur að listsköpun í sambandi við hátíðina krefst langs undirbúnings og má reikna með allt að fjórum árum — í sumum tilvikum. Verður því að taka ákvarðanir í þeim efnum hið allra fyrsta og má ekki dragast úr hömlu að hefja framkvæmdir, ef nægur tími á að vera til stefnu, auk þess þarfnast mannvirkjagerð öll mikils undirbúnings, eins og kunnugt er.

Þá vill nefndin benda á nauðsyn þess að vekja athygli á fornum handritum okkar og menningararfi.

Nefndin hefur rætt með hvaða hætti hægt væri að vekja heimsathygli á þessu afmæli íslenzku þjóðarinnar, um leið og það yrði okkur sjálfum til hvatningar og styrktar í sókn okkar til öflugra þjóðlífs. Hefur hún ekki neinar sérstakar tillögur umfram þau atriði, sem þegar hafa verið nefnd. Hins vegar vill nefndin benda hinu háa Alþingi og hæstvirtri ríkisstjórn á, að rétt væri að hafa samband við Norðurlandamenn, Vestur-Íslendinga og Íra um hátíðahöldin. Hefur jafnvel komið til álita að láta smíða víkingaskip, sem sigli í slóð landnámsmanna til Íslands og héldi jafnvel áfram í slóð Eiríks rauða til Grænlands og Leifs heppna til Vínlands. Er einnig nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvort, og að hve miklu leyti bræðraþjóðir okkar á Norðurlöndum vildu minnast þessa afmælis heima fyrir, og má í því sambandi enn vísa til fyrrnefndrar greinargerðar, en þar er þess getið að einnig hafi verið efnt erlendis til þjóðhátíðarinnar 1874, bæði meðal Vestur-Íslendinga og stjórnvalda í Kaupmannahöfn og Kristjaníu.

Að lokum vill nefndin leggja áherzlu á nauðsyn þess að reist verði tiltekin þjóðhýsi, þ. e. nýtt alþingishús og stjórnarráðshús. Vill nefndin í því sambandi vísa til fyrrnefndrar ræðu hæstvirts forsætisráðherra. Hér er þó um að ræða veigameiri mál en svo, að þau verði framkvæmd á vegum þjóðhátíðanefndar. En ákvarðanir um allt slíkt eru auðvitað í hendi hins háa Alþingis.

Nefndin hefur íhugað fjármálahlið málsins. Ljóst þykir að skipta verði kostnaði við framkvæmd hátíðahaldanna þannig, að hvert bæjar- og sýslufélag standi sjálft undir þeim kostnaði, er það leggur í innan síns héraðs, nema að því leyti sem ríkið kann að vilja einhverra hluta vegna koma þar nærri. Þá lítur nefndin svo á, að þau félög, sem minnast vilja sérstaklega þessara tímamóta standi sjálf straum af kostnaði þeim, sem því verður samfara.

Hins vegar er ljóst að ríkið verði að bera kostnað af slíkri mannvirkjagerð, sem samþykkt verður að hrinda í framkvæmd, svo og þeirri aðalþjóðarhátíð, sem það mundi standa fyrir. Er í því sambandi rétt að benda á, að nauðsynlegt yrði að leggja nokkurt fé af mörkum árlega fram að árinu 1974, og yrði sú fjárupphæð ákveðin, þegar ákveðin stefna hefur verið tekin í málinu.

Auk þess er nefndinni ljóst, að ríkið mundi verða að leggja fram fé til verðlaunaveitinga í sambandi við samningu hugverka, svo sem skáldverka, tónverka og myndlistar, einnig til útgáfu og kvikmyndar og annars er vert þætti að unnið væri af þessu tilefni. Þá er ljóst að nauðsyn ber til að fljótlega verði veitt fé til undirbúnings framkvæmda og jafnframt að ráðinn verði framkvæmdastjóri.

Ekki þykir nefndinni rétt að fara fleiri orðum um tillögur sínar. Hún vill einungis að lokum benda á nauðsyn þess, að taka fljótt ákvörðun um hvernig framkvæmdum verði bezt háttað. Af þeim sökum hefur hún flýtt störfum sínum eftir fremsta megni, svo að hið háa Alþingi og hæstvirt ríkisstjórn geti skjótlega tekið ákvörðun um það spor, sem næst verður stigið.

Reykjavík, 17. marz 1967.

Matthías Jóhannessen. Indriði G. Þorsteinsson. Gils Guðmundsson.
Gísli Jónsson. Gunnar H. Eyjólfsson. Guðl. Rósinkranz.
Höskuldur Ólafsson.

Fylgiskjal I.

BÓKMENNTIR ELLEFU ALDA.

Hugmyndin er þessi: Út verði gefið í mörgum bindum sýnishorn íslenzkra bókmennta frá upphafi og fram til 1974. Sérstök ritstjórn myndi sjá um valið, ráða útliti bóka og öðrum frágangi, en reynt að koma á samstarfi útgáfufyrirtækja um útgáfuna.

Hugsanlegt er að útgáfan skiptist í eftirtalda flokka:

I. flokkur: **Fornrit,** alls 12 bindi.
II. flokkur: **Ljóð,** alls 10 bindi.
III. flokkur: **Skáldsögur,** alls 12 bindi.
IV. flokkur: **Smásögur,** alls 4 bindi.
V. flokkur: **Leikrit,** alls 4 bindi.
VI. flokkur: **Þjóðsögur og sagnaþættir,** alls 4 bindi.
VII. flokkur: **Ævisögur og endurminningar,** alls 6 bindi.
VIII. flokkur: **Ræður og ritgerðir,** alls 6 bindi.

Ritsafnið samtals 58 bindi.

Fylgiskjal II.

ÞJÓÐHÁTÍÐIN 1874.

Þjóðhátíðin 1874 var haldin til að minnast tveggja stóratburða, þúsund ára byggðar í landinu og setningar stjórnarskrár, er lagði grundvöll að sjálfstjórn Íslendinga.

Menn virtust sammála um það, að hátíðahöld yrðu að fara fram á þessu ári, en undirbúningur var næsta lítill af hálfu stjórnarvalda og Alþingis. Að vísu hafði Alþingi 1867 ákveðið að gangast fyrir samskotum til að koma upp Alþingishúsi fyrir 1874, en þau samskot mistókust. Einnig var fitjað upp á því á Alþingi, að gefið yrði út minningarrit um þúsund ára þjóðarsögu, en það fórst fyrir, enda skorti þingið fé til allra framkvæmda. Í blöðum komu fram ýmsar tillögur um samskot til mannvirkjagerðar eða annarra framkvæmda, er orðið gætu veglegur minnisvarði um þúsund ára afmælið. Sigurður Guðmundsson, málari vildi láta gera líkneski af Ingólfi Arnarsyni, og eru til frumdrættir hans að Ingólfsstyttu. En ekkert varð úr neinni þessara hugmynda.

Það var fyrst í aprílmánuði 1874 að Þjóðvinafélagið hefst handa að frumkvæði Jóns Sigurðssonar og Halldórs Kr. Friðrikssonar. Boðaði félagið til fundar á Þingvöllum dagana 5.—7. ágúst um sumarið til minningar um tíu alda byggð landsins.

Kirkjustjórnin ákvað að þakkarguðsþjónustur skyldu fara fram sunnudaginn 2. ágúst. Var þetta miðað við gildistöku stjórnarskrárinnar 1. ágúst. Norðlendingar ákváðu hins vegar um vorið að efna til hátíðahalda 2. júlí, og miðuðu þá við setningardag hins forna Alþingis, Þingmaríumessu. Austfirðingar ákváðu að hafa samkomu hinn sama dag og Norðlendingar. Sunnlendingar stefndu hins vegar að hátíðahöldum í ágústbyrjun. Varð nú nokkur togstreita um þetta og blaðaskrif, en tími naumur til að samræma sjónarmiðin. Ýmsir útlendingar ætluðu að sækja landið heim, og miðuðu þeir flestir ferðir sínar við ágústbyrjun.

Seint í maí komu boð um það, að Kristján konungur níundi ætlaði að heimsækja Ísland og vera hér á þúsund ára hátíðinni og við gildistöku stjórnarskrárinnar, til þess að „taka sjálfur persónulega þátt í fögnuði þjóðarinnar yfir minningu hins umliðna og vonum hins ókomna tíma.“ Var þá farið að undirbúa móttökurnar í Reykjavík, gera ráðstafanir vegna ferðalags konungs til Þingvalla og Geysis og ryðja vegi á þeirri leið. Hafði bæjarstjórn forgöngu um þetta, í samráði við landshöfðingja, og var þriggja manna nefnd falið að sjá um framkvæmdir. Nefndin fól þeim Sigfúsi Eymundssyni og Sigurði Guðmundssyni málara, að sjá um undir-

búning allan á Þingvöllum. Þótt þeir hefðu nauman tíma, lítil fjárráð og takmarkaðan mannafla, var til þess tekið, hve allt var þar vel í haginn búið og smekklega.

Norðlendingar og Austfirðingar héldu fast við ákvörðun sína um hátíðahöld heima fyrir á Þingmaríumessu. Voru þjóðhátíðarsamkomur haldnar 2. júlí á fjölmörgum stöðum allt frá Þingeyrum í Húnavatnssýslu og austur í Múlasýslur. Fjölmennust og veglegust var hátíðin á Akureyri; sóttu hana um tvær þúsundir manna.

Þegar leið á júlímánuð fóru að koma hingað skip, sem á voru gestir frá ýmsum löndum. Voru það menn frá nágrannalöndum öllum, en aðrir lengra að komnir, frá Ameríku, jafnvel Mið-Asíu og Indlandi. Nokkur erlend herskip komu hingað í tilefni hátíðarinnar, og mun konungskoman hafa valdið þar miklu um. En hitt átti og mikinn þátt í heimsóknum, að Ísland var um þessar mundir umræðuefni heimsblaða.

Í júlílok kom konungur og fylgdarlið hans á tveimur herskipum.

Aðalþjóðhátíðin hófst í Reykjavík sunnudaginn 2. ágúst, með messu í dómkirkjunni, sem konur bæjarins höfðu skreytt blómum fagurlega. Messuna sótti konungur með fylgdarliði sínu, en hermenn stóðu heiðursvörð. Þau tíðindi urðu við messu þessa, að þá var í fyrsta skipti sunginn lofsöngur Matthíasar Jochumssonar, Ó, guð vors lands, með lagi Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, hvort tveggja nýort. „Söngurinn þótti fara einkar lipurt og vel", segir ritstjóri Þjóðólfs, Matthías Jochumsson.

Síðdegis fór fram þjóðhátíðarhald á Öskjuhlíð, í stormi miklum, og var þar nær ólíft fyrir moldroki. Þarna mælti konungur nokkur orð, fáeinar aðrar ræður voru haldnar og sungin nýort hátíðaljóð Steingríms og Matthíasar.

Dagana 5.—7. ágúst var svo þjóðhátíð haldin á Þingvöllum. Þótti hún takast vel að flestu leyti, enda var veður gott, þar til líða tók á síðasta hátíðisdaginn, er það tók heldur að spillast. Sagt er, að konungur hefði orð á því, hve undirbúningur allur og skreytingar á Þingvöllum, bæri vott um mikla hugkvæmni og smekkvísi. Var það einkum verk Sigurðar málara, er hátíðisdagana lá helsjúkur í Reykjavík. Á konungur að hafa látið í ljós áhuga á að sæma listamanninn, sem að því hafði staðið, heiðurspeningi, en landshöfðingi eyddi því.

Víðs vegar á Suðurlandi og Vesturlandi fóru fram hátíðahöld 2. ágúst. Í Vestmannaeyjum var hátíðarsvæðið í Herjólfsdal, og hefur þjóðhátíð verið haldin þar á ári hverju upp frá því.

Á nokkrum stöðum voru þjóðhátíðarsamkomur síðar í ágústmánuði, og 30. ágúst endurtóku Reykvíkingar þjóðhátíð sína, að þessu sinni á túni í Vesturbænum, til þess að forðast moldrykið. Og loks var þjóðhátíðarsamkoma haldin á Þingnesi í Borgarfirði síðasta dag ársins, 31. desember.

Þjóðhátíðarsamkomur þessar virðast flestar hafa verið mjög vel sóttar. Fjölbreytni hátíðahaldanna var furðu mikil og gætti víða töluverðrar hugkvæmni í þeim efnum, miðað við aðstæður. Er margt til vitnis um, að áhugi á að gera sér verulegan dagamun hefur verið mjög almennur. Og þó að sums staðar væri klykkt út með púnsdrykkju, er þess sérstaklega getið, að drykkjuskapur hafi hvergi verið áberandi, og víða var áfengi alls ekki um hönd haft.

Athyglisvert er, að á mörgum hátíðarsamkomum var auk skemmtana rætt um ýmis framfaramál og heit fest um að afreka eitthvað til minningar um þúsund ára hátíðina. Rætt var um framfarir í búnaði, gufuskipaferðir umhverfis landið, skólahald og margt fleira. Lítið varð úr ýmsu, en þó er auðsætt, að margir vildu láta þetta stórafmæli og hina nýfengnu stjórnarskrá verða til þess að marka tímamót.

Til eru margir vitnisburðir um það, að þeir, sem ungir voru 1874, minntust þessa hátíðaárs síðar eins og stórviðburðar. Sumir höfðu orð á því, að þá hefði farið um þjóðina eins konar vorhugur.

Erlendis var einnig efnt til þjóðhátíðarhalds þetta ár. Íslendingar í Vesturheimi héldu hátíð 2. ágúst. Árið 1890 vöktu Vestur-Íslendingar upp þjóðhátíðarhald á þeim degi. Hefur „Íslendingadagur" verið haldinn þar hátíðlegur alla stund síðan.

Í Kaupmannahöfn héldu Íslendingar veglega veizlu 7. ágúst. Þar skipaði Jón Sigurðsson öndvegi. Um alla borgina voru fánar dregnir á stöng.

Í Kristjaníu héldu Norðmenn veizlu sama dag, og víðar í bæjum og byggðum Noregs var þjóðhátíðarinnar minnzt, einnig á ýmsum stöðum í Svíþjóð, Parísarborg í Frakklandi og ef til vill víðar.

Nokkrar gjafir bárust Íslandi í tilefni hátíðarinnar. Kaupmannahöfn gaf styttu Bertels Thorvaldsens, Willard Fiske gekkst fyrir stórmyndarlegri bókagjöf frá Ameríku til handa Landsbókasafni. Voru það um 4000 bindi. Gudman stórkaupmaður í Kaupmannahöfn gaf 6000 ríkisdali til stofnunar spítala á Akureyri. Þá gaf Kristján konungur níundi 4000 ríkisdali í sjóð til eflingar landbúnaði. Tveir bændur öðluðust síðan heiðursgjöf á ári hverju úr sjóði þessum. Frá Þýzkalandi barst og fögur afmælisgjöf, ritið **Island** eftir Konrad Maurer. Er það saga þjóðveldistímans, mikið og ágætt verk; einkum voru réttarsögu hins forna íslenzka ríkis gerð þar afburða góð skil. Eins konar gjöf til Íslendinga á þjóðhátíðinni var og **Lestrarbók handa alþýðu á Íslandi** eftir Þórarin prófast Böðvarsson. Þar er saman dreginn næsta mikill fróðleikur, ætlaður unglingum og alþýðu manna, um náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stjörnufræði, landafræði og mannkynssögu; einnig nokkur undirstöðuatriði heilbrigðisfræði, lögvísi, trúfræði, siðfræði og sálfræði. Bókin varð vinsæl, og kom án efa að miklu gagni. Allt fram um aldamót og enda lengur var „Þórarinsbók" menntabrunnur greindra, óskólagenginna alþýðumanna. Hefur og vafizt fyrir Íslendingum síðari kynslóða að gera úr garði „fjölfræðibók" á eigin tungu, sem jafnvel svaraði kröfum tímans og „Þórarinsbók" gerði fyrir einni öld.

Skáldin voru ekki aðgerðalaus þetta ár. Auk þjóðskáldanna voru héraðsskáld, sýsluskáld og sveitarskáld athafnasöm um allar jarðir. Var kveðskapur þeirra, góður jafnt sem slakur, fluttur eða sunginn á samkomum, birtur í blöðum, sumt einnig sérprentað. Bar allur þessi kveðskapur, leirburðurinn líka, glöggan vott um hrifningu manna og hátíðarskap þetta ár, þegar saman fléttuðust minningar og framtíðarvonir.

ÞJÓÐHÁTÍÐARSAMKOMUR Í HÉRUÐUM.

Þjóðhátíðarinnar var minnzt með samkomuhaldi í öllum héruðum landsins, og virðast þær yfirleitt hafa verið mjög vel sóttar. Stóðu heilar sýslur að sumum hátíðarsamkomunum, en víða minni heildir, tveir til fjórir hreppar, og sums staðar aðeins einn hreppur. Hér fara á eftir stuttorðar frásagnir af þrem þjóðhátíðarsamkomum, og eiga þær að gefa nokkra hugmynd um hvernig héraðshátíðirnar fóru fram.

Stykkishólmur.

Þar var hátíð haldin 2. júlí. Hafði hún verið undirbúin af fulltrúum úr öllum hreppum sýslunnar, kosnum að tilhlutan Þjóðvinafélagsins, og var Daníel Thorlacius formaður hennar. Þá höfðu og Stykkishólmsbúar kosið fimm manna nefnd til að standa fyrir hátíðinni. Lét hún gera timburskála mikinn til veizlufagnaðar. Var hann prýddur mörgum merkisblæjum að utan og ofan á veggjunum, en á mæni voru á háum stöngum þrjú flögg, danska flaggið og norska, en í miðju blátt flagg með hvítum fálka. Að innan var húsið prýtt með laufsveigum og blómum. Fjögur kringlótt spjöld héngu á gaflinum. Á hinu efsta var nafn Kristjáns konungs níunda, en á hinum nöfn Ingólfs, Skallagríms og Þórólfs mostrarskeggs, landnámsmanna. Þau spjöld héngu í röð, hvert út undan öðru, fyrir neðan konungsspjaldið, en á milli þeirra og í kross voru sett sverð, axir og bogar með fornaldarsvip. Veizla mikil var haldin þar um daginn, og stóð hún frá nóni og langt fram á nótt. Þar voru sungin mörg kvæði, flest nýkveðin, og mælt fyrir minnum. Flutt voru minni Íslands, konungs, Alþingis, Ingólfs landnámsmanns, Jóns Sigurðssonar, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar.

Svarfaðardalur.

Svarfdælir héldu þjóðhátíð sína 3. ágúst í Hofslandi, beint á móti Grund, jörð Þorsteins Svarfaðar landnámsmanns. Þar var slegið upp tjöldum, og var aðaltjaldið 24 álnir á lengd; þar fóru fram veitingar. Skammt frá tjöldum var komið fyrir ræðustól. Er talið, að hátíðina hafi sótt á sjötta hundrað manns, að mestu úr Svarfaðardal og af Árskógsströnd. Séra Zóphónías Halldórsson var formaður hátíðarnefndar og átti mestan þátt í formi og fyrirkomulagi hátíðarhaldsins. Hátíðin hófst um hádegi. Var þá hringt kirkjuklukku, er þangað hafði verið flutt, og fánar hafnir að hún. Skipuðust menn þá í fylkingar til göngu, hver sókn út af fyrir sig, og gengu fjórir menn samhliða. Hafði hver sókn merkisbera, er bar fyrir veifu á stöng. Fyrst var borin hvít blæja, með hárauðum krossi í miðju. Næst kom græn veifa, og var dregin fálkamynd á hana miðja, þá hvít blæja með fálkamynd, því næst hárauð blæja með hvítum fálka og loks himinblá veifa. Hófst nú hljóðfærasláttur, meðan gengið var sólarsinnis í hálfhring að ræðustólnum og fólk skipaði sér umhverfis hann. Síðan hófust ræðuhöld, söngur og hljóðfærasláttur til skiptis, og stóð svo lengi dags í hinu blíðasta veðri. Er hlé hafði verið gert um stund og menn fengið sér hressingu í tjöldum, hófst glíma á sléttri grund, en því næst var tekið að dansa. Þá var tekið að rökkva, og var nú tilkynnt, að innan stundar kæmi huldufólk á hátíðarsvæðið og skemmti með dansi og söng. Brátt komu tveir ljósálfar inn á sviðið og hófu að syngja nokkur erindi úr „Nýársnóttinni". Síðan kom hópur huldufólks, yfir 20 manns, flutti stuttan leikþátt í ljóðum, og söng að því búnu þjóðkvæði. Þótti þetta hin bezta skemmtun. Hátíðinni var slitið um miðnætti, og þótti hún hafa tekizt með ágætum. Þess er sérstaklega getið, að á hátíð þessari var enginn áberandi ölvaður, og stóð þó brennivínstunna á stokkum, og gat hver keypt þar úr að vild.

Innri-Njarðvík.

Sýslufundur á Stóru-Vatnsleysu 2. júlí hafði ákveðið að fjórir syðstu hreppar Gullbringusýslu skyldu í sameiningu halda þjóðhátíð, og var fimm manna nefnd falin forgangs málsins. Forstöðunefndin ákvað, að hátíðin skyldi haldin í Innri-Njarðvík 15. ágúst. Hátíð þessa sótti fjöldi fólks. Góðviðri var þennan dag og fundarstæði hið ákjósanlegasta, rennisléttur túnvöllur. Hafði verið reistur þar mikill skáli af timbri, 24 álna langur og 12 álna breiður. Er kvelda tók var skálinn upplýstur með ljósum. Stengur voru reistar upp með báðum stöfnum og flögg dregin upp. Fór fram forkunnargóð veizla í skálanum, og var þar mælt fyrir skálum og minni drukkin. Fyrst var mælt fyrir minni konungs, þá Íslands og loks Jóns Sigurðssonar. Að máltíð lokinni hófst umræðufundur um „landsins gagn og nauðsynjar". Komu fram ýmsar tillögur um það, á hvern hátt mætti helzt minnast þessara tímamóta með varanlegum hætti. Var samþykkt að efna til sjóðsstofnunar í því skyni að örva framfarir í sjávarútvegi, og safnaðist þegar á samkomunni nokkurt fé í sjóðinn. Að þessu loknu, tóku menn aftur að skemmta sér við söng, dans og hljóðfæraleik. Stóð samkoma þessi alla nóttina, og voru enn ýmis minni drukkin. Var forstöðunefnd þakkað ágætt starf hennar. Lauk fagnaði árla dags 16. ágúst.

ÞJÓÐHÁTÍÐIN OG FRAMFARAMÁLIN.

Eins og áður segir, voru víða á þjóðhátíðarsamkomum rædd ýmis mál til menningar og þjóðþrifa. Á sumum stöðum bundust menn samtökum til að hrinda tilteknum framfaramálum í framkvæmd. Verða hér rakin nokkur dæmi þessa.

Þjóðhátíð á Reykhólum (2. ágúst).

Þar var rætt um nauðsyn gufuskipaferða kringum Ísland. Eftir fjörugar umræður varð það að ráði að skuldbinda sig skriflega til að leggja fram fé, eftir stærð

Reykhólahrepps, til að koma á gufuskipaferðum (strandferðum). Var skuldbinding þessi send Þingvallafundi. Þjóðhátíð þessa sóttu nær því hver maður úr Reykhólahreppi. „Var áhugi mikill og almennur og unglinga og vinnumanna eigi minni en bænda, og rituðu líka margir þeirra undir skjalið um gufuskipaferðirnar“.

Þjóðhátíð Húnvetninga á Þingeyrum (2. júlí).

Hátíð þessa sóttu 600 manns. Nefnd hafði áður verið kosin til að gera tillögur um það, hvað sýslubúar gætu gert til minningar um hátíðina fyrir sýsluna og landið í heild. Flutti nefndin tillögu um, að reisa skyldi fundarhús handa sýslubúum, er jafnframt skyldi notað sem skólahús á vetrum fyrir unga alþýðumenn. Í annan stað var lagt til, að sýslubúar skyldu þegar hefja fjársöfnun í því skyni að kaupa gufuskip til strandferða, í þeirri von, að aðrar sýslur legðu einnig fram fé til þessa málefnis. Skyldu þeir, er kosnir yrðu til Þingvallafundar, bera þetta mál upp þar sem áhugamál Húnvetninga. Voru báðar tillögurnar samþykktar af nær því öllum fundarmönnum, „og greiddu konur jafnt atkvæði sem karlar“.

Þjóðhátíð á Svínavatni í Svínavatnshreppi (2. ágúst).

Þar samþykktu nokkrir ungir menn að stofna „Framfarafélag Svínavatnshrepps“. Full félagsréttindi og skyldur höfðu einungis ungir menn og ókvæntir. Bændur gátu orðið aukafélagar. Á framhaldsstofnfundi 16. ágúst setti félagið sér lög í 14 köflum og alls 40 greinum, og segir í 2. gr. félagslaganna: „Það er tilgangur félagsins að efla siðferðislega, bóklega og verklega framför og menningu félagsmanna“. Voru félagsmenn skyldir til að stunda að vetrinum eitthvert nám, bóklegt eða verklegt, og urðu allir að koma til prófs á vorfundi. — Félag þetta var árið 1882 sameinað Búnaðarfélagi Svínavatnshrepps.

Þjóðhátíð Skagfirðinga á Reynistað (2. júlí).

Nefnd hafði verið kosin áður, eins og hjá Húnvetningum, til að undirbúa dagskrá hátíðarfundar. Auk almennra ræðuhalda og skemmtiatriða voru fjögur mál á dagskránni: Verzlunarsamtök Húnvetninga, brúargerðir á fjórar hættulegustu þverár sýslunnar, iðnaður og útvegun véla eða „iðntækja“, og stofnun framfara- og búnaðarfélags í sýslunni.

Þjóðhátíð Reykdæla í Þingeyjarsýslu að Brúum (2. júlí).

Helzta umræðuefnið var brúargerð á Laxá, rétt hjá fundarstaðnum. Var kosin nefnd til að framfylgja málinu.

Þjóðhátíð í Innri-Njarðvík í Gullbringusýslu (15. ágúst).

Tillaga kom fram um stofnun sjóðs til eflingar fiskveiðum. Var góður rómur gerður að því máli og nefnd kosin til að stjórna sjóðnum og setja fyrirmæli um hagnýtingu hans. Var þegar á hátíðinni skotið saman nær 200 ríkisdölum í sjóð þennan.

Þjóðhátíð á Hvaleyri við Hafnarfjörð (22. ágúst).

Þar var rætt um hina stórmannlegu gjöf Þórarins prófasts Böðvarssonar til skólahalds og skorað á menn að láta slíka gjöf ekki lengur ónotaða. Samþykkt var að „stofna hið allra fyrsta unglingaskóla með fjörugum samskotum úr Kjalarnesþingi“. — Árið 1877 tók Flensborgarskólinn til starfa.

Þjóðhátíð í Kollafirði (3. ágúst).

Þar kom fram tillaga þess efnis, að Mosfells- og Kjalarneshreppar stofnuðu í sameiningu jarðræktarfélag, er skyldi vinna að eflingu grasræktar og garðyrkju í þessum sveitum. Voru menn til kjörnir að semja lög fyrir félagið og safna félagsmönnum. Einnig var rætt um alþýðumenntun og hinum sömu mönnum, sem kosnir

voru til að semja lög jarðræktarfélagsins, falið að gangast fyrir skólahaldi með farskólasniði og ráðningu kennara.

ÞJÓÐHÁTÍÐARINNAR MINNZT Á NORÐURLÖNDUM.

Þjóðhátíðin vakti mikla athygli á Norðurlöndum, einkum í Danmörku og Noregi. Í Danmörku var það einkum konungsheimsóknin og stjórnarskráin, sem um var rætt og eftir tekið, en meðal Norðmanna var þúsund ára afmæli þjóðar af norskum stofni eðlilega í fremstu röð.

Danmörk.

Víða í dönskum borgum og bæjum var flaggað, Íslandi til heiðurs, aðalþjóðhátíðardaginn á Þingvöllum, 7. ágúst. Íslendingar í Kaupmannahöfn héldu þjóðhátíðarminningu sama dag, og með þeim ýmsir danskir kaupmenn, er verzlanir áttu á Íslandi. — Þann dag hafði og ekkjudrottningin, ekkja Kristjáns konungs áttunda, mikið boð inni í Sorgenfrihöll, til minningar um þúsund ára hátíðina. Þar var að boði Friðrik krónprins (síðar Friðrik áttundi), hirðfólk, stjórnarherrar og aðrir helztu embættismenn, en ekki er þess getið að neinum Íslendingi í Kaupmannahöfn væri boðið til þess fagnaðar.

Noregur.

Í Noregi var uppi fótur og fit í tilefni af hátíðinni. Gerðu Norðmenn víða bál og brennur á fjöllum uppi, enda hafði blaðið „Bergens Tidende“ hvatt mjög til þess. Mest var um að vera vestanfjalls, einkum í ættbyggð Ingólfs Arnarsonar, Dalsfirði, svo og á Steðja í Sogni. Fánar voru hvarvetna uppi hinn 7. ágúst, skrautbúin skip víða, en þjóðminningarveizla við söng og ræðuhöld að kvöldi. Svo var það í Kristjaníu, Björgvin, Þrándheimi, Stafangri, Kristjánssandi, Drammen, Hamri, Friðrikshold, Mandal, Grefsen, Sarpsborg, Hammerfest, Tromsö og víðar. — Ekkja Óskars konungs I. hélt einnig veizlu mikla til minningar um Ísland í Kristjaníu.

Svíþjóð.

Þjóðminningarveizlur til heiðurs Íslandi voru þar í landi haldnar í Stokkhólmi, Uppsölum, Lundi, Gautaborg og víðar. Alþjóðamót fornfræðinga stóð yfir í Stokkhólmi og minntist sá fundur Íslands með góðri veizlu 7. ágúst.

Ed. 391. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er einnig heimilt, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að kveða svo á með reglugerð, að réttindi til stjórnar nánar tiltekinna, stórvirkra vinnuvéla skuli bundin við ákveðna starfsreynslu eða nám.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febrúar 1952, tóku gildi, hafa orðið miklar breytingar í atvinnuháttum landsins. Stórvirkar vinnu-

vélar leysa nú í æ ríkara mæli hin ótalmörgu verkefni, sem að kalla, og fer notkun þeirra sífellt vaxandi, ekki sízt einmitt nú, þegar stóriðja er að skapast í landinu.

Það er því augljóst að þörf er fyrir reglugerð um þessi tæki, bæði vegna mannanna, sem þeim stjórna, um menntun þeirra til starfsins, æfingu í starfi og önnur skilyrði, svo og vegna tækjanna sjálfra, um öryggisbúnað þeirra o. fl.

Í fyrrnefnd lög vantar heimild til að setja slíka reglugerð og er því frumvarp þetta nú lagt fram til að afla lagaheimildarinnar.

Ed. 392. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um bátaábyrgðarfélög.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á fundum sínum. Nefndin kynnti sér umsagnir, sem borizt höfðu um málið, en varð eigi sammála um afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, mun því skila sérstöku nefndaráliti.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hann hefur leyft sér að flytja tillögur um á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna, sem styður breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar, Gils Guðmundsson, vill þó taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. marz 1967.

Jón Árnason, form., frsm.
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.
Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur G. Kristjánsson.
Gils Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 393. Breytingartillögur [35. mál]

við frv. til laga um bátaábyrgðarfélög.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. Í stað „400 rúml." í 1. og 3. málsgr. komi: 100 rúml.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini samfleytt um tveggja ára skeið. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.
3. Við 5. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum.
4. Við 6. gr. Niður falli síðari málsgr.: „Ákvæði laga þessara taka ekki til hvalveiðiskipa."
5. Við 10. gr. Í stað „fundarstjóra" í 2. málsgr. komi: framkvæmdastjóra eða formanni.
6. Við bráðabirgðaákvæði. 3. málsgr. falli niður.

Ed. 394. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, mun því skila séráliti um málið.

Frumvarp þetta er í beinu sambandi við frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög, sem einnig liggur fyrir til afgreiðslu á yfirstandandi Alþingi. Meiri hluti nefndarinnar hefur því leyft sér að flytja breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali, en í þeim felst efnislega það sama og fram kemur í breytingartillögum meiri hluta sjávarútvegsnefndar við fyrrnefnt frumvarp.

Að öðru leyti leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, sem styður breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar, Gils Guðmundsson, vill þó taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. marz 1967.

Jón Árnason, form., frsm.
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.
Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur G. Kristjánsson.
Gils Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 395. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. E-liður orðist svo:
   Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.
   Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.
   Stjórnin velur sér formann og varaformann.
   Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.
3. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Hafi skip eigi fengið haffærisskírteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að tvö ár eru liðin, frá því að haffærisskírteinið rann út. Fái skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni fúaskoðun. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.
   Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Vátryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Matsmenn þessir skulu enn fremur fylgjast með, hvort um fúaskemmdir sé að ræða í hinum tryggðu skipum. Matsmennirnir skulu við matið og fúaskoðunina fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur, en stjórnin skal hafa samráð við Skipaskoðun ríkisins, að því er varðar reglurnar um fúaskoðun skipanna.
5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúa, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunar að jöfnu milli Samábyrgðar og eiganda.
6. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, og skulu þau ákveðin árlega.
   Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Nd. 396. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur verið sent til umsagnar Landnámi ríkisins og jarðeignadeild, og eru umsagnir beggja þessara aðila jákvæðar. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1967.

Jónas Pétursson, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Sverrir Júlíusson.	Jón Ísberg.	Hannibal Valdimarsson.

Nd. 397. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um Búreikningastofu landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til, að það verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed. — BP var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. apríl 1967.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Sverrir Júlíusson.	Jón Ísberg.	Hannibal Valdimarsson.

Nd. 398. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum n. 1. 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Tveir nefndarmanna, BP og RA, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 7. apríl 1967.

Sigurður Bjarnason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Sigurvin Einarsson, frsm.
Sigurður Ágústsson. Guðl. Gíslason.

Ed. 399. Frumvarp til laga [179. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini, að upphæð allt að 125 millj. kr.

2. gr.
Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.
Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.
Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.
Lánsfé því, sem aflast með sölu bréfa og spariskírteina samkv. 1. gr., svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinum, skal verja sem hér segir:

Til landshafna	30.0	m.kr.
Til vegagerðar	53.6	—
Til flugmála	23.2	—
Til skóla	4.0	—
Til sjúkrahúsa	2.0	—
Til endurbóta á aðstöðu fyrir farþega í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli	9.8	—
Til gufuveitu vegna Kísiliðjunnar h/f	5.0	—
Til vegagerðar í Þingeyjarsýslu vegna Kísiliðjunnar h/f	29.5	—
Til raforkumála	28.0	—

5. gr.
Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini samkv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 12.5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum.

7. gr.

Til viðbótar lántökuheimildum í 4. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, sem hér segir:

Til kaupa á öryggistækjum vegna flugmála	3.8 m.kr.
Til raforkumála	17.4 —
Til landshafna	3.0 —

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966:

27 m.kr. til vegagerðar.
13 m.kr. til bygginga við menntaskólana.
13 m.kr. til viðbyggingar Landsspítalans.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fasteignirnar nr. 12 við Vonarstræti fyrir allt að 7030 þús. kr. og Skjaldbreiðareignina við Kirkjustræti fyrir allt að 14 millj. króna, svo og að taka andvirði fasteignanna að láni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa hús að Laugarvatni til sameiginlegra afnota skólanna þar, fyrir allt að 1150 þús. kr., svo og að taka hluta kaupverðsins að láni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur nú um mörg undanfarin ár aflað fjár til ýmissa framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana með lántökum. Hefur hér verið um að ræða erlendar lántökur, lántökur hjá innlendu viðskiptabönkunum og nú síðustu þrjú árin sölu vísitölutryggðra ríkisskuldabréfa.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir er óskað nauðsynlegra lánsheimilda vegna áætlunar ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir og lánsfjáröflun 1967. Yfirlit um þessa áætlun fylgja hér með prentuð í töfluformi.

Efnislega er frumvarpið sambærilegt við lög nr. 27/1966.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Greinin hefur að geyma heimild til útgáfu spariskírteina eða ríkisskuldabréfa, allt að 125 m.kr. Er það 25 m.kr. meira en s. l. ár.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru samhljóða 6. og 7. gr. laga nr. 27/1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um skiptingu spariskírteinalána til hinna ýmsu þarfa. Fjárhæðir þessarar greinar þarf að skoða í samhengi við 6., 7. og 8. gr. Það athugist að nokkur hluti þess fjár, sem hér er skipt, eru greiðslur af eldri endurlánum spariskírteinalána, þar eð þau spariskírteini koma ekki til innlausnar á árinu.

Um 5. gr.

Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 27/1966.

Um 6.—8. gr.

Um skýringar á efni þessara greina vísast til framsögu fyrir frumvarpinu.

Um 9. gr.

Í fjárlögum fyrir 1967 var heimilað að kaupa lóðir við Kirkjustræti, vestan Alþingishúss. Er hér farið fram á heimildir til frekari kaupa eigna á þessu svæði.

Um 10. gr.

Hér er óskað heimildar til kaupa á húsi á Laugarvatni og lántöku í því sambandi. Húsið er að svo stöddu ætlað sem mötuneyti fyrir þann fjölda manna, sem nú vinna við byggingar á vegum ríkisins á staðnum. Síðar er húsið ætlað til annarra sameiginlegra þarfa skólanna á Laugarvatni.

Fylgiskjal.

TAFLA I.

Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1967.

Heildaryfirlit.

Fjáröflun:

		í millj. kr.	
A.	Fjárfestingarlánasjóðir:		
	Lánsfjáröflun úr Framkvæmdasjóði, frá bönkum og Atvinnuleysistryggingasjóði		212
B.	Opinberar framkvæmdir:		
	1. Spariskírteinalán	125	
	2. Endurgreiðsla spariskírteinalána	61	
	3. P. L. 480 lán	45	
	4. Endurgreitt af enska láninu	25	
	5. Af greiðsluafgangi 1966	53	
			309
			521

Ráðstöfun:

A.	Fjárfestingarlánasjóðir		212
B.	Opinberar framkvæmdir		
	1. Raforkumál	45	
	2. Gufuveita í Reykjahlíð	5	
	3. Hafnir	58	
	4. Vegir	81	
	5. Kísilvegur	30	
	6. Flugmál	23	
	7. Keflavíkurflugvöllur	10	
	8. Skólar	17	
	9. Sjúkrahús	15	
	10. Búrfellsvirkjun	25	
			309
			521

TAFLA II.

Opinberar framkvæmdir.

	Fram-kvæmdir m.kr.	Skulda-greiðslur m.kr.	Samt. m.kr.	Eigið fé og fjárveit. m.kr.	Þegar tryggt eða væntanl. lánafé m.kr.	Sértök fjáröflun m.kr.	Samt. m.kr.
1. Raforkumál	94.9	7.7	102.6	31.0[1])	26.2[2])	45.4	102.6
2. Gufuveita í Reykjahlíð	5.0	—	5.0	—	—	5.0	5.0
3. Hafnir	110.0	—	110.0	23.0[3])	29.0[4])	58.0	110.0
4. Vegir	75.1	58.6	133.7	48.1[5])	5.0[6])	80.6	133.7
5. Kísilvegur	29.5	—	29.5	—	—	29.5	29.5
6. Flugmál	36.1	11.6	47.7	17.1	7.4[7])	23.2	47.7
7. Keflavíkurflugvöllur ..	12.8	—	12.8	3.0[8])	—	9.8	12.8
8. Skólar	30.7	—	30.7	13.7	—	17.0	30.7
9. Sjúkrahús	56.2	2.0	58.2	43.2	—	15.0	58.2
10. Búrfellsvirkjun[9])	25.0	—	25.0	—	—	25.0	25.0
	475.3	79.9	555.2	179.1	67.6	308.5	555.2

TAFLA III.

Sérstök fjáröflun til opinberra framkvæmda.

	Spariskírteina-lán og endurgr. spariskírteini	P. L. 480	Endurgr. af enska láninu	Greiðslu-afg. 1966	Samtals
Raforkumál	28	17	—	—	45
Gufuveita í Reykjahlíð	5	—	—	—	5
Hafnir	30	28	—	—	58
Vegir	54	—	—	27	81
Kísilvegur	30	—	—	—	30
Flugmál	23	—	—	—	23
Keflavíkurflugvöllur	10	—	—	—	10
Skólar	4	—	—	13	17
Sjúkrahús	2	—	—	13	15
Búrfellsvirkjun	—	—	25	—	25
Samtals	186	45	25	53	309

1) Fjárveitingar 22.1 m.kr. og heimtaugagjöld 8.9 m.kr.
2) Tollalán 12.0 m.kr., greiðslufrestur í sambandi við erlend vörukaup 7.2 m.kr., lán úr héraði vegna sveitaveitna 7.0 m.kr.
3) Þar af 2.0 m.kr. eftirstöðvar frá fyrra ári.
4) Þar af 20 m.kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði og 9.0 m.kr. Vestfjarðalán.
5) Þar af framlög úr vegasjóði 30.3 m.kr., umferðargjald á Reykjanesbraut 14.0 m.kr. og yfirfærðar tekjur 3.8 m.kr.
6) Lán hjá verktökum.
7) Þar af 3.6 m.kr. Vestfjarðalán og 3.8 m.kr. erlent vörukaupalán vegna öryggistækja.
8) Þar af 0.5 m.kr. af viðhaldskostnaði, 0.5 m.kr. frá fyrirtækjum og 2.0 m.kr. af rekstrartekjum.
9) Hér er aðeins talið framlag það, sem aflað er innan fjáröflunaráætlunarinnar.

Sþ. 400. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um rafvæðingu byggða í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótlega sem unnt er, ljúka undirbúningsrannsóknum og áætlunargerð um virkjun Suðurfossár í Rauðasandshreppi með það fyrir augum að fullnægja orkuþörf byggðanna í Barðastrandarhreppi og Rauðasandshreppi til ljósa og eldunar, svo og til húsahitunar og vélanotkunar.

Jafnframt verði til samanburðar könnuð önnur vatnsföll á þessu svæði með tilliti til virkjunar.

Þá sé í þriðja lagi gerð kostnaðaráætlun um fullnægjandi lausn þessara mála með samveitu frá Mjólkárvirkjun.

Loks felur Alþingi ríkisstjórninni að hefjast handa um rafvæðingu Barðastrandarhrepps og Rauðasandshrepps, þegar er úr því hefur fengizt skorið, hvernig þessi lífsnauðsynjamál Vestur-Barðastrandarsýslu verði bezt leyst og með hagkvæmustum hætti.

Greinargerð.

Engin umbótamál eru brýnni byggðunum vestan Patreksfjarðar, svo og Barðastrandarhreppi, en rafvæðing þessara byggðarlaga.

Það má því sízt úr hömlu dragast, að lokarannsókn fari fram á því, með hvaða hætti orkumál þessara byggðarlaga verði bezt leyst.

Kemur þá sérstaklega til greina virkjun Suðurfossár á Rauðasandi. En einnig telja kunnugir, að fleiri vatnsföll á þessum slóðum gætu komið til álita um hagstæða virkjunaraðstöðu.

Þess vegna telja flutningsmenn tillögunnar sjálfsagt, að sérfræðileg könnun fari einnig fram á öðrum vatnsföllum, svo að samanburður fáist og unnt verði að velja þann virkjunarstað, er bezt leysti orkuþörfina og á hagkvæmastan hátt.

Ef næg orka er enn fáanleg frá Mjólkárvirkjun til rafvæðingar Rauðasandshreppi og Barðastrandarhreppi, ber einnig að gera kostnaðaráætlun um lagningu sæstrengs vestur yfir Patreksfjörð og orkuveitukerfi um Rauðasandshrepp og suður um Barðaströnd, svo að úr því fáist skorið, hvort sú úrlausn standist samanburð við sérvirkjunarleiðina.

Í þessu sambandi skiptir það eitt máli, að allar líklegustu leiðir séu kannaðar án óþarfa tafa og sú þeirra valin, sem að öllu athuguðu reynist hagkvæmust.

Full hætta er á eyðingu þessara byggða, ef langur dráttur verður enn á því, að þær fái raforkuna í þjónustu heimilanna og atvinnulífsins.

Vakir fyrir flutningsmanni, að raforkan á þessu takmarkaða svæði væri ekki aðeins tekin til lýsingar og suðu, heldur einnig til húshitunar og vélanotkunar, svo sem súgþurrkunar.

Þá þarf hið opinbera einnig á raforku að halda á þessu svæði til ýmissa nota, svo sem vitanna, drengjaheimilisins í Breiðuvík, skólanna í Örlygshöfn og á Barðaströnd, félagsheimila á svæðinu og síðast, en ekki sízt til hins mikla flugvallar á Sandodda, sem ekki hefur nema hálft notagildi, fyrr en hann hefur fengið fullnægjandi lýsingu. Þarf ekki um það að fjölyrða, að af öryggisástæðum er óverjandi að láta flugvöllinn vera ólýstan lengur en orðið er.

Þannig hníga að því margvísleg rök, að framkvæmd þessara mála verði hraðað, enda leggur flutningsmaður til, að ríkisstjórninni sé falið að hefjast þegar handa, er ljóst er orðið, hvernig orkuþörfin verði fullkomlega leyst og á hagkvæmastan hátt.

Er það von flutningsmanns, að tillaga þessi fáist afgreidd, áður en þessu þingi lýkur.

Fylgiskjal.

RAFVÆÐINGARNEFND V.-BARÐASTRANDARSÝSLU.

28. jan. 1967.

Á aðalfundi sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, sem haldinn var á Patreksfirði dagana 1.—3. júní s. l., var sýslumanni falið í samráði við Hafstein Davíðsson að skipa þrjá menn í nefnd til að **kanna alla tiltæka möguleika til raforkuvinnslu í héraðinu** með það fyrir augum, að **öll býli í héraðinu fái rafmagn sem allra fyrst með aðstoð hins opinbera.**

Nefnd þessi er þannig skipuð:

Hafsteinn Davíðsson, rafveitustjóri, Patreksfirði, formaður, Bragi Thoroddsen, búfræðingur og vegaverkstjóri, Patreksfirði, Snæbjörn Thoroddsen, oddviti, Kvígindisdal, og Ásberg Sigurðsson, sýslumaður, sem er ritari nefndarinnar.

Þar sem nefndin telur, að gott samstarf við þingmenn kjördæmisins sé skilyrði fyrir því, að einhver árangur náist við lausn þessara mála hér, leyfir hún sér að senda þingmönnunum þetta bréf og skýra sjónarmið sitt og starf, jafnframt því sem nefndin óskar eftir góðu samstarfi við þingmennina.

Rafvæðingarnefndin hefur haldið tvo fundi, en ráðgert er að geta gefið sýslunefnd góða greinargerð um störf nefndarinnar og þessi mál á næsta aðalfundi hennar í vor.

Rafvæðingarnefndin hefur óskað eftir upplýsingum frá raforkumálastjóra varðandi það, hvað sé að gerast á vegum raforkumálastjórnarinnar í þessum málum hér í Vestur-Barðastrandarsýslu. Einnig hefur raforkumálastjóri verið beðinn um upplýsingar **varðandi hagkvæmni húshitunar með rafmagni.** Bráðabirgðasvör hafa nú þegar borizt.

Það, sem meðal annars hefur verið bókað á fundum nefndarinnar, er eftirfarandi:

„3. Nefndin telur það höfuðverkefni sitt að vinna að lausn raforkumála í Vestur-Barðastrandarsýslu, en telur nauðsynlegt, að leitað verði samstarfs við önnur byggðarlög um samvinnu um raforkumál hér á Vestfjörðum.

4. Eins og sölu raforku er nú háttað hér á Vestfjörðum, virðist vera, að orkuskortur sé þegar orðinn, eða fram undan. Komið er í veg fyrir raforkusölu til húshitunar og reynt að halda niðri eðlilegri aukningu raforkunotkunar á öðrum sviðum með óheppilegri verðlagningu raforkunnar.

   Nefndin lítur svo á, að frumskilyrði fyrir rafvæðingu dreifbýlis sé, að raforkan verði látin leysa orkuþörf byggðarlaganna **til ljósa og eldunar, svo og til húshitunar og vélanotkunar, svo sem mögulegt er.**

   Með tilliti til þessa telur nefndin, að virkjun Suðurfossár á Rauðasandi (1750 kw) sé mjög vænleg til lausnar á rafmagnsmálum stærstu sveitabyggða vestursýslunnar og reyndar heppileg til viðbótar við aðrar rafvirkjanir á Vestfjörðum í Mjólkám og vatnsorkuverin við Ísafjörð með samkeyrslu fyrir augum.

5. Samþykkir nefndin því samhljóða að beina því til sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, að hún beiti sér fyrir samstöðu sýslufélagsins og sveitarfélaganna hér í sýslunni um:

   a. Að láta fullgera nú þegar þá áætlun um virkjun Suðurfossár á Rauðasandi, sem að frumkvæði Rafveitu Patrekshrepps hefur verið byrjað á og nokkur undirbúningsvinna þegar verið framkvæmd.

   b. Að könnuð verði önnur svæði sýslunnar með tilliti til virkjunar og gerður verði samanburður á ýmsum leiðum til heildarlausnar þessara mála.

   c. Að gott samstarf verði haft við þingmenn kjördæmisins og þeim falið að útvega fé til rannsóknanna.

d. Að rannsóknir og áætlanir þessar verði gerðar á vegum sýslunnar og/eða sveitarfélaganna. Þau undirbúningsstörf og áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar, verði nýtt og reynt að afla ýmissa upplýsinga frá raforkumálastjóra eða hverjum öðrum varðandi þessi mál, sem nefndin hefur reyndar nú þegar hafizt handa um."

F. h. Rafvæðingarnefndar V.-Barðastrandarsýslu,

Ásberg Sigurðsson.

Ed. 401. Breytingartillögur [134. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. 2. málsgr. falli burt.
2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar (greinatala breytist samkv. því):
   a. (2. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, jörðina Rjúpnafell í Vopnafjarðarhreppi.
   b. (3. gr.) Verð jarðarinnar, sbr. 1. og 2. gr., fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

Nd. 402. Frumvarp til laga [134. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Eftir 3. umr. í Ed., 7. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja sveitarsjóði Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu eftirtaldar eyðijarðir þar í hreppi: Gil, Tindriðastaði, Brekku, Þönglabakka, Botn og Keflavík.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Val Guðmundssyni, Fremri-Hlíð, jörðina Rjúpnafell í Vopnafjarðarhreppi.

3. gr.

Verð jarðanna, sbr. 1. og 2. gr., fer eftir því, sem um semst, ella skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 403. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til laga um bátaábyrgðarfélög.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt þetta frv., en ekki orðið sammála. Við undirritaðir teljum, að málið þurfi nánari athugunar í því skyni að tryggja bátaútveginum hagkvæmustu tryggingarskilmála, sem kostur er.

Frv. felur í sér þrjár meginbreytingar frá gildandi lögum:

1. að skyldutryggingin hjá bátaábyrgðarfélögunum nái til skipa allt að 400 rúml. í stað 100 rúml. nú,
2. að bátaábyrgðarfélögin geti tekið að sér fleiri tegundir trygginga en nú, og
3. að vátryggingarskilmálar verði ákveðnir með reglugerð, en ekki lögum.

Gegn fyrsta atriðinu bárust mjög almenn mótmæli frá eigendum skipa milli 100 og 400 rúml. Töldu þeir það mikið hagsmunamál fyrir sinn rekstur að hafa fullt frelsi til að leita hagkvæmustu trygginga. Á þetta sjónarmið féllst meiri hluti nefndarinnar og hefur flutt brtt. um að færa stærðarmörkin aftur í 100 rúml. Við fáum ekki komið auga á nægileg rök fyrir því, að eigendur hinna minni skipa fái ekki að njóta sama frelsis. Með því móti teljum við líklegast, að hægt sé að lækka verulega kostnaðinn við tryggingar bátaflotans. Bátaábyrgðarfélögin gætu eftir sem áður gegnt veigamiklu hlutverki sem frjáls samtök þeirra útvegsmanna, sem vilja hafa samtök um að bjóða tryggingar sínar út í félagi eða koma á annan hátt sameiginlega fram á tryggingarmarkaðnum.

Í trausti þess, að ný athugun verði látin fara fram á málinu með þessi sjónarmið fyrir augum, leggjum við til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 404. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til laga um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála.

Við undirritaðir teljum, að málið þurfi nánari athugunar í því skyni að tryggja bátaútveginum hagkvæmustu tryggingarskilmála, sem kostur er. Vísum við í því sambandi til nefndarálits okkar um frv. til l. um bátaábyrgðarfélög, sem er í tengslum við þetta frv., og leggjum með hliðstæðum rökstuðningi til, að einnig þessu frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 7. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 405. Frumvarp til laga [94. mál]

um jarðeignasjóð ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 7. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Jarðeignasjóður ríkisins. Sjóðnum er heimilt að kaupa jarðir, sem svo er ástatt um, er hér greinir:

1. Jörð, sem ekki selst með eðlilegum hætti, en eigandi hennar verður að hætta búskap vegna aldurs eða vanheilsu.
2. Jörð, sem hefur óhagstæð búskaparskilyrði.
3. Jörð, sem ekki nýtur framlaga og lána, sem veitt eru til umbóta á lögbýlum, sbr. IV. kafla jarðræktarlaga, nr. 22/1965.
4. Jörð, sem er afskekkt og liggur illa við samgöngum.

2. gr.

Auk þeirra jarða, sem um ræðir í 1. gr., er Jarðeignasjóði heimilt að kaupa jarðir, sem hlunnindi fylgja og líkur eru til að verði ekki nýttar til búrekstrar, en hafa sérstakt notagildi fyrir sveitarfélag eða ríki.

3. gr.

Nú hefur jörð, sem 2.—4. töluliður 1. gr. tekur til, undanfarin 5 ár verið í leiguábúð bónda, sem vill halda áfram búrekstri, og er þá Jarðeignasjóði heimilt að veita bónda þessum lán til kaupa á jörð með góð búskaparskilyrði með tilliti til landgæða, samgangna og annars, er tryggir varanlega ábúð á jörðinni. Þá er Jarðeignasjóði og heimilt að veita sveitarfélögum lán til jarðakaupa samkvæmt ákvæðum 6. gr.

4. gr.

Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón, annars vegar af gangverði hliðstæðra jarða og hins vegar af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina. Kaupverðið má þó ekki vera hærra en fasteignamat jarðanna er á hverjum tíma. Ákvæði 3. málsl. þessarar greinar tekur gildi við gildistöku næsta fasteignamats samkvæmt lögum nr. 28 29. apríl 1963.

5. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Jarðeignasjóðs skal vera 36 millj. kr., er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 6 árum, í fyrsta sinn á árinu 1967.

Með samþykki fjármálaráðherra má Jarðeignasjóður gefa út skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, samtals að fjárhæð 36 millj. kr. Sjóðurinn stendur sjálfur skil á afborgunum og vöxtum af skuldabréfalánum þessum. Lánskjör skulu samþykkt af fjármálaráðherra.

6. gr.

Jarðir, sem ríkið eignast samkv. 1. gr. þessara laga, má selja sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum, sem jörðin heyrir til, enn fremur einstaklingum til varanlegrar ábúðar, ef það að dómi Landnáms ríkisins og Búnaðarfélags Íslands verður til þess að styðja aðra byggð í viðkomandi sveitarfélagi, enda fari salan fram í samráði við sveitarstjórn. Setja skal í sölusamninga ákvæði um nýtingu og meðferð landsins.

Heimilt er og, að fengnum meðmælum Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að selja jarðir þessar öðrum jarðeigendum í sama sveitarfélagi til að bæta búrekstraraðstöðu þeirra.

Við sölu þessara jarða skal þriggja manna nefnd, sem um ræðir í 8. gr., gera tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um söluverð og greiðsluskilmála.

7. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, jarðeignadeild, fer með framkvæmd þessara laga.

Landnámi ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands og hlutaðeigandi sveitarstjórn er skylt, áður en kaup fara fram, að rannsaka búrekstrarskilyrði þeirra jarða, sem ríkinu eru boðnar til kaups, og gera rökstudda álitsgjörð um hverja jörð fyrir sig, þ. e. hvort réttmætt sé og æskilegt, samkvæmt ákvæðum þessara laga, að ríkið kaupi jörðina. Sérstaklega skal gerð grein fyrir því í álitsgjörðinni, hver áhrif það hafi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag, ef lögð verður niður ábúð á jörðinni.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sbr. 4. gr. Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda, en þriðji nefndarmaðurinn skal skipaður samkvæmt tilnefningu hæstaréttar og er formaður nefndarinnar.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun nefndarmanna, er greiðist úr Jarðeignasjóði með öðrum kostnaði.

Álitsgjörð sú, sem um getur í 7. gr., skal send nefnd þessari, ásamt umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar um sölu jarðar til Jarðeignasjóðs ríkisins, enda hafi sveitarsjóður áður afsalað sér forkaupsrétti.

Þriggja manna nefndin sendir landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, matsgjörð ásamt tillögum og umsögn sína um jarðakaupin. Síðan tekur landbúnaðarráðherra ákvörðun um, hvort kaupin skuli gerð.

9. gr.

Nú verður dráttur á því, að jörðum, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt lögum þessum, verði ráðstafað samkvæmt ákvæðum 6. gr., og er þá landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, heimilt að leigja afnot þeirra allt að fimm árum í senn sveitarfélaginu eða bændum innan þess. Slík afnot má því aðeins leigja utansveitarmönnum, að samþykki sveitarstjórnar komi til.

10. gr.

Jarðeignasjóður ríkisins er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, öðrum en fasteignaskatti af ónytjuðum jörðum sjóðsins, er greiðist með sama hætti og af öðrum jarðeignum. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Jarðeignasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal landbúnaðarráðuneytinu, jarðeignadeild, gert aðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

11. gr.

Jarðir, sem eru í eigu Jarðeignasjóðs og ekki eru nýttar samkv. 9. gr., skulu ekki teljast gjaldstofn fyrir opinberum sköttum og gjöldum, hverju nafni sem nefnast, sbr. þó 10. gr.

Skylt er Jarðeignasjóði að taka þátt í fjallskilakostnaði vegna jarða í fámennum hreppum með erfið fjallskil.

12. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga getur landbúnaðarráðherra sett með reglugerð.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 92 frá 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins. Eignir Jarðakaupasjóðs, aðrar en jarðir, renna til Jarðeignasjóðs ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1967.

Nd. 406. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til orkulaga.

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við 82. gr. Fyrir „1. maí“ komi: 1. júlí.

Nd. 407. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Þrisvar sinnum sjö.

Um ætt og uppruna þessa stjórnarfrumvarps er það að segja, að það er samið af svonefndri áfengismálanefnd, sem kosin var á Alþingi vorið 1964, og voru sjö menn í nefndinni. Þegar nefndin hafði gengið frá frumvarpinu, sendi hún það til annarra sjö, þ. e. a. s. ráðherranna. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa velt vöngum yfir málinu, að frumvarpið væri þannig úr garði gert, að þeir gætu tekið það á sína arma og borið það fram sem stjórnarfrumvarp á Alþingi.

Og það var gert.

Frumvarpinu var útbýtt í þinginu 24. okt. s. l. Hinn 1. nóv. var það tekið til 1. umræðu, og hafði dómsmálaráðherra framsögu. Og þó að frv. hefði verið vandlega samið og skoðað af tveimur sjö manna hópum, taldi hæstv. ráðherra rétt, að það fengi enn yfirskoðun hjá sjö góðum öndum, sem ekki höfðu áður um málið fjallað. Þingdeildin gat á þetta fallizt, og frumvarpinu var vísað til allsherjarnefndar, sem skipuð er sjö mönnum.

Að sjálfsögðu þótti rétt að veita nefndarmönnum hæfilegt ráðrúm til að átta sig á málinu. Það var ekki tekið til afgreiðslu í nefndinni fyrir jólin, enda þá mörgu öðru að sinna, svo að mönnum gafst tækifæri til að íhuga það heima hjá sér í jólafríinu. Og þegar þingið kom saman í byrjun febrúar, var talið, að heppilegt gæti verið, að nefndarmenn notuðu tómstundir, sem kynnu að gefast á þorra og góu, til þess að skoða málið enn betur. En loks þegar einmánuður gekk í garð, þriðjudaginn 21. marz, var boðaður fundur í allsherjarnefnd klukkan 10 árdegis, og þá var ákveðið að taka málið til endanlegrar afgreiðslu. Þá stóð svo á, að einn nefndarmanna, Björn Fr. Björnsson, þingmaður Sunnlendinga, var fjarstaddur og gat ekki mætt á fundinum.

Þegar farið var að ræða um málið í nefndinni, kom í ljós, að fimm af sex nefndarmönnum, sem mættir voru, vildu gera breytingar á frumvarpinu. Þá leizt mér undirrituðum ekki á blikuna, því að svo virtist sem háttv. meðnefndarmenn mínir vildu fella burt úr frv. nokkuð af því fáa, sem þar var nýtilegt að mínum dómi. Ég átti því ekki samleið með þeim, og af því leiðir, að ég gef út þetta sérstaka álit.

Í frumvarpinu eru aðeins tillögur um þær breytingar á áfengislögunum, sem allir sjö nefndarmenn áfengismálanefndar voru sammála um að bera fram. Þau

vinnubrögð höfðu í för með sér, að þeir nefndarmenn réðu ferðinni, sem skemmst vildu ganga í þá átt að breyta lögunum, enda verður ekki sagt um frumvarpið, að það sé efnismikið, og ekki mun það valda straumhvörfum í áfengisflóðinu, þó að samþykkt verði. Þó hefur það að geyma ákvæði, sem ég tel til bóta að lögfesta, og þá einkum fyrirmæli 1. gr. um, að veitingahús, sem hafa vínveitingaleyfi, skuli halda uppi fullkominni þjónustu án vínveitinga a. m. k. eitt laugardagskvöld af hverjum fjórum, eftir klukkan 8. Ég tel heppilegt að gefa fólki kost á því að koma stöku sinnum inn í veitingahús að kvöldlagi, án þess að sjá þar áfengissull í glösum og vindrykkjufólk. Ég vil því mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, og ekki flytja tillögur um skerðingar á ákvæðum þess. Hins vegar mun ég flytja tillögu um að auka dálitlu við frumvarpið til þess að bæta það.

Ráðherrar og alþingisforsetar hafa alllengi notið þeirra sérstöku viðskiptakjara hjá vínverzlun ríkisins að fá þar keypt áfengi með mjög niðursettu verði. Þetta verður að teljast óviðeigandi, en tilraunir til leiðréttingar á því hafa ekki borið árangur. Ég tel rétt að reyna enn að afnema þessa viðskiptahætti, en þeir hafa ekki við lög að styðjast. Flyt ég því tillögu um það. Hér er auðvelt að spara nokkuð af þeim miklu fjármunum, sem fara í niðurgreiðslur, án þess að það hafi nokkur áhrif á framfærsluvísitöluna.

Skynsamleg löggjöf um áfengismál getur komið að gagni, en þó því aðeins, að framkvæmd hennar sé í viðunandi lagi. Því miður lítur út fyrir, að sumir þeir menn, sem eiga að gæta áfengislaganna, taki of sjaldan af sér vettlingana við þau störf. T. d. mun of lítið gert að því að reyna að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brjóta lögin með því að útvega ungmennum áfengi. Að þessu máli er vikið í bréfi eins bæjarfógeta til áfengismálanefndar, sem birt er með frv.

Þar segir svo:

„Æskilegt væri, að meira væri að því gert að grafast fyrir um, hvaðan vínið væri komið, sem unglingar neyttu eða væru með undir höndum, og þeir látnir sæta ábyrgð, er hafa veitt það eða afhent.“

Í sama bréfi segir einnig:

„Höfuðvandamálið í áfengismálum þjóðarinnar mun vera mikil og að því er virðist vaxandi vinneyzla æskufólks.“

Það mun rétt vera, að allmikil brögð séu að vindrykkju ungmenna.

En hverju er um að kenna?

Fyrst og fremst eldra fólkinu, sem þó er talið að komið sé til vits og ára. Það hefur ljótt fyrir börnum og unglingum. Margt af fullorðnu fólki stundar drabb og drykkjuveizlur, m. a. svonefnd „cocktail“-boð, sem eru yfirleitt ömurleg samkvæmi. Allmargt af þessu fullorðna fólki er orðið gegndrepa af víni og tóbaki, og sennilega er öðrum betur treystandi til að koma á siðabót í þessum efnum.

Ég vil treysta unga fólkinu

Margt af unga fólkinu, sem nú vex upp, er glæsilegt, og ég vil treysta því til góðra hluta. Ég vil treysta því, að það geri sér far um að bæta þjóðfélagið. Ég vil vænta þess, að það geri sér ljóst, að hófsemi og hollir lifnaðarhættir eru lyklar að lífshamingju.

Ég tel, að áætla megi, að á næstliðnu ári, 1966, hafi Íslendingar keypt áfengi og tóbak fyrir fjárhæð, sem hefði nægt til að kaupa 15—20 stóra nýtízku togara, eða byggja á annað þúsund íbúðir af meðalstærð, þrátt fyrir óhentugar aðferðir við húsbyggingar. Ég vil treysta því, að unga fólkið, sem nú er að vaxa úr grasi, komi auga á það, að slík fjármunameðferð er óskaplega kjánaleg og óheiðarleg, og að það láti ekki slíka vitleysu halda áfram.

Nú kann einhver að benda á, að verulegur hluti af því mikla fé, sem eytt er fyrir vín og tóbak, fari í ríkissjóðinn. En á móti þeim ríkistekjum koma geysimikil útgjöld, þó að þau séu ekki nema að takmörkuðu leyti skráð í tölum á ríkisreikningi. Með útgjöldum má m. a. telja vinnutap, slysfarir, sjúkdóma og heimilisböl í ótal

myndum. Það væri verkefni fyrir snjalla reiknimeistara að reyna að finna, með hjálp nýrra og fullkominna reiknivéla, hversu miklu þessi útgjöld þjóðarinnar nema ár hvert, að svo miklu leyti sem mögulegt er að sýna þau í tölustöfum.

Það væri ákaflega ánægjulegt, ef hin unga og glæsilega kynslóð, sem innan skamms tekur að sér að stjórna þjóðfélaginu, stofnaði frjáls samtök um að fussa á vínið og neytendur þess og á tóbakssvæluna. Það væri líka mjög til þjóðþrifa, ef unga fólkið tæki þá ákvörðun að láta áfengið og tóbakið hverfa með eldra fólkinu. Þegar svo væri komið, væri engin vínsala og engin tóbaksbúð hér á landi, vegna þess að enginn vildi kaupa og nota þær vörur.

Gaman væri að lifa þann dag.

Eins og áður segir, legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt. Viðaukatillögu mína, sem um getur fyrr í þessu nefndaráliti, flyt ég á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. apríl 1967.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 408. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (SkG).

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi:

Í stað orðanna „Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings“ í 9. gr. laganna komi: Óheimilt er að gefa veitingamönnum eða öðrum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

Nd. 409. Frumvarp til hafnalaga. [181. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

I. KAFLI

Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgöngumálaráðherra hefur með höndum yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra.

Hafnamálastjóri veitir forstöðu Hafnamálastofnun ríkisins, sem fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Ráðherra skipar verkfræðinga Hafnamálastofnunar, skrifstofustjóra og annað starfslið, að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, eftir því sem þurfa þykir.

3. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins annast allar hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru af ríkisfé samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er hafnamálastjóra með samþykki ráðherra að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti hafnamálastjóra.

II. KAFLI

Um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga, fyrir hönd ríkissjóðs, í ábyrgð fyrir lánum, er hafnarsjóðir taka til hafnargerðar, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Til hafnargerða teljast samkvæmt lögum þessum:

Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir og hafnsögubátar.

5 gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 1. og 2. málsgr. 4. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessari grein, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra og undir yfirumsjón hans.
4. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki taldar fullnægjandi til þess að standa undir stofnkostnaði hafnarinnar.
5. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja, eins og nauðsyn ber til að dómi hafnamálastjóra. Sé viðhald vanrækt, getur hafnamálastjóri látið framkvæma það á kostnað hafnarsjóðs.
6. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.
7. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.

Óheimilt er að leita eftir láni erlendis til hafnargerðar, nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

6. gr.

Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði hafnargerðar á hverjum stað skal vera sem hér segir:

1. Allt að 75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldubrjóta), að svo miklu leyti, sem þeir nýtast ekki til viðlegu, dýpkana á aðalsiglingaleið að og frá höfn eða hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.
2. Allt að 40% stofnkostnaðar annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerðir samkvæmt lögum þessum greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

7. gr.

Til styrkhæfs hafnargerðarkostnaðar teljast undirbúningsrannsóknir, hönnun og útboðskostnaður og byggingakostnaður samþykkts mannvirkis, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir, að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs kostnaðar teljast ekki vextir á byggingartíma, lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna lóða- eða landkaupa fyrir höfn, gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána.

8. gr.

Heimilt er að veita ríkisábyrgð á lánum vegna hafnargerða, að því marki, að kostnaðarhluti ríkissjóðs og upphæð ábyrgðar nemi samtals 90 af hundraði af styrkhæfum kostnaði þess framkvæmdaáfanga, sem lánið er tekið til.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en það skal gert innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum.

III. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

10. gr.

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögur að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Skulu slíkar tillögur miðaðar við skiptingu þess fjár, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið, að til ráðstöfunar verði.

Ráðherra leggur áætlunina fyrir sameinað Alþingi, sem grundvöll skiptingar þess fjár, er Alþingi veitir til hafnargerða hverju sinni, og til leiðbeiningar varðandi aðrar fjárútveganir til þessara mála.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

Á tveggja ára fresti skal endurskoða áætlunina og leggja hana þannig fram á Alþingi á sama hátt og hina upphaflegu áætlun.

IV. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

11. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkv. samningi. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra. Hafnarstjórn getur skuldbundið hafnarsjóð, enda komi til samþykki stofnanda eða stofnenda sjóðsins.

12. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan reksturskostnað hafnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Hafnargjöld á skip þau og báta, er nota höfnina, svo og á vöru, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
   a. Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl.
   b. Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggju og hafnarbakka.
   c. Vörugjald af innfluttum og útfluttum vörum, þ. á m. gjald af afla.
   d. Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot.
2. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
3. Leyfisgjald eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið skv. 17. gr.
4. Lóðargjöld.
5. Hafnsögugjald.
   Herskip, skemmtiferðaskip og íslenzk vitaskip og varðskip eru undanþegin gjöldum samkvæmt a—b-liðum 1. tl. þessarar greinar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði hálft lestagjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju. Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og má þá ekki taka í hafnarsjóð vörugjald af þeim vörum, er um þá bryggju fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirki. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta vörugjald af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Heimilt er að ákveða, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

13. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja til hafnargerðarinnar og reksturs hafnarinnar.

Sveitar- eða sýslusjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, og aðilar samkvæmt samningi, sbr. 1. tl. 5. gr., ef um fleiri er að ræða en einn.

14. gr.

Fyrir 15. september ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana hafnamálastjóra til staðfestingar ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélags, eða fullnægt ákvæðum samnings um þetta efni, sbr. 1. tl. 5. gr.

15. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok marzmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er hafnamálastjóri lætur gera fyrir hafnarsjóði, og senda hafnamálastjóra í tvíriti.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar- eða sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, sbr. 1. tl. 5. gr., þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðastliðins árs fyrir 1. marz ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

16. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma fasteignir hafnarsjóðs, kaupa fasteignir, eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjuafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að tekjuafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn. Samningar, sem fara í bága við 1. málsl. þessarar greinar, eru ógildir. Hafnarstjórn er skylt að senda hafnamálastjóra eftirrit af hverri fundargerð sinni, svo fljótt, sem við verður komið. Hafnamálastjóri getur, innan mánaðar frá því honum berst eftirrit fundargerðar hafnarstjórnar, stöðvað framkvæmd samþykktar hafnarstjórnar, þar til úrskurður ráðherra er fyrir hendi, ef hafnamálastjóri telur, að ákvörðun hafnarstjórnar fari í bága við lög þessi eða sé til tjóns fyrir höfnina.

17. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðis má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögu hafnarstjórnar og samþykki ráðuneytisins.

Þeim, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, er skylt að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð fimm ár eða lengur.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

18. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn þess ráðherra, er fer með hafnamál.

19. gr.

Fé Hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs ekki minna en kr. 8 000 000.00.
2. Hafnabótasjóðsgjald, er lagt skal á íslenzk skip 5 rúmlestir brúttó eða stærri og innheimt einu sinni á ári, kr. 12.00 á hverja nettó rúmlest, svo og á öll skip, sem koma frá öðrum löndum til íslenzkra hafna, kr. 12.00 á hverja nettó rúmlest. Skemmtiferðaskip, er aðeins flytja farþega, greiða kr. 3.00 á hverja nettó rúmlest.

   Hafnabótasjóðsgjald skal innheimt með vitagjaldi, sbr. l. nr. 17, 11. júlí 1911, og skulu ákvæði þeirra laga gilda um innheimtu Hafnabótasjóðsgjalds.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

21. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða utan allt að 350 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

Nú tekur Hafnabótasjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

22. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni. Ráðherra skal leita umsagnar hafnamálastjóra um allar umsóknir um framlög eða lán úr sjóðnum.

23. gr.

Seðlabanki Íslands annast vörzlu daglegrar afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

24. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum, þ. e. af eigin lántökum, ekki útlánsskjölum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð hafnarsvæðis og takmörk.
2. Gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt 12. gr.
3. Kosning hafnarstjórnar, tölu stjórnarmanna og starfssvið.
4. Umferð og góða reglu í höfninni.

Ákveða má í reglugerðinni, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi og að það veð gangi í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Einnig skal setja í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 29 1946, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Nú telur ráðuneytið, að hækka beri gjöld eða taka upp ný gjöld samkvæmt 12. gr., og getur það þá breytt gjaldskrá reglugerðar, án þess að tillaga um það liggi fyrir frá hafnarstjórn, enda hafi verið leitað umsagnar hafnarstjórnar með hæfilegum fyrirvara, áður en breyting er ákveðin.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, allt að 100 000.00 krónum.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, með síðari breytingum, og lög nr. 93 16. desember 1943, um hafnarbótasjóð, ásamt síðari breytingum.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir skal lögð fyrir reglulegt Alþingi haustið 1968 til að gilda fyrir tímabilið 1969—1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 2. ágúst 1966, skipaði ráðherra hafnamála fimm manna nefnd til að endurskoða lög um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946.

Í nefndina voru skipaðir Aðalsteinn Júlíusson, vita- og hafnamálastjóri, formaður, Benedikt Gröndal, alþm., Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, Guðlaugur Þorvaldsson, ráðuneytisstjóri og Sigurður Bjarnason, alþm.

Halldór Matthíasson, skrifstofustjóri vitamálaskrifstofunnar, var starfsmaður nefndarinnar, sat alla fundi hennar, safnaði gögnum og upplýsingum og vann úr þeim fyrir nefndina.

Nefndin hélt alls 22 fundi og lauk störfum 14. marz 1967, og varð fullt samkomulag í nefndinni um frumvarp til nýrra hafnalaga og greinargerð þess.

Tekið var fram í skipunarbréfi nefndarinnar, að þess væri óskað, að nefndin kynnti sér „tillögur þær, sem fyrir liggja um breytingar á téðum lögum.“ Tillögur þær, sem hér er átt við, eru frá Atvinnutækjanefnd, sem skipuð var þremur mönnum, Gísla Guðmundssyni, alþm. (formaður), Birgi Finnssyni, alþm., og Tryggva Helgasyni. Atvinnutækjanefnd var 12. sept. 1958 falið af samgöngumálaráðuneytinu að framkvæma endurskoðun þá á lögum varðandi hafnir, sem fjallað er um í þingsályktun frá 26. marz 1958. Atvinnutækjanefnd lauk þessum þætti starfs síns 1961, og skilaði áliti í frumvarpsformi, ásamt greinargerð, til samgöngumálaráðuneytisins.

Frumvarp Atvinnutækjanefndar hefur ekki verið flutt á Alþingi.

Nefnd sú, sem samið hefur hið nýja frumvarp, hefur athugað frumvarp Atvinnutækjanefndar og tekið ýmis ákvæði þess upp óbreytt, svo og kafla úr greinargerð Atvinnutækjanefndar. Til þæginda er frumvarp Atvinnutækjanefndar kallað F. A., þar sem að því er vikið hér á eftir í greinargerð þessari.

Þá reyndi nefndin eftir föngum að kynna sér, hvernig málum þessum er háttað á hinum Norðurlöndunum. Var það bæði gert með viðtölum við forstöðumenn þeirra mála og skriflegum upplýsingum.

Í fáum orðum sagt þá byggir norska ríkið fiskihafnir utan kaupstaðanna, á þær og rekur, en styrkir ekki eða óverulega aðra hafnarbyggingu nema fyrir smábáta (skemmtibáta), en hluti úr benzínskatti gengur til slíkra mannvirkja.

Í Svíþjóð eru hafnir styrktar á líkan hátt og hér hefur tíðkazt; greiddur er hluti kostnaðar samkvæmt áætlun, sem samþykkt hefur verið af fulltrúum ríkisvaldsins.

Í Danmörku á ríkið og rekur allar helztu fiskihafnirnar, en hefur umsjón með og styrkir í nokkrum tilfellum aðrar hafnarbyggingar.

Þá kynnti nefndin sér nokkuð, hversu hafnargjöldum er háttað í nágrannalöndunum, og kom þá í ljós, að þau eru yfirleitt allmiklu hærri en hér tíðkast.

Þegar í upphafi var nefndinni ljóst, að athugun hennar hlyti fyrst og fremst að beinast að fjárhag hafnanna og að reyna að finna leiðir til að koma honum á traustari grundvöll. Lét hún því gera meðfylgjandi skýrslu um byggingarkostnað hafnanna og fjárhagsafkomu þeirra og efnahag miðað við árslok 1965. Í sumum tilfellum hefur vantað ábyggileg gögn, svo að skýrslan yrði gerð af nákvæmni, og byggingarkostnaður í þessum tilfellum með fyrirvara um endurskoðun og úrskurð byggingarreikninga.

Hins vegar má gera ráð fyrir, að með skýrslunni sé fengin nokkuð ábyggileg heildarmynd af rekstursafkomu hafnanna árið 1965 og efnahag við árslok þess árs, enda þótt nokkru geti skakkað, hvað varðar einstakar hafnir.

Sem dæmi um hið almenna ástand þessara mála má nefna, að í árslok 1965 nam byggingarkostnaður þeirra 64 hafna, sem nefndin athugaði sérstaklega, samtals 699.2 millj. króna árin 1940—1965, eða 1762.7 millj. kr., ef allt er reiknað á verðlagi ársins 1965.

Föst byggingalán þessara sömu hafna námu í árslok 1965 253.8 millj. kr., og sé reiknað með 15 ára lánum með 8% ársvöxtum, sem nú eru algengustu lánakjörin, eru árlegar heildargreiðslur vaxta og afborgana 37.3 millj. kr. Annar rekstrarkostnaður hafnanna 1965 var 24.8 millj. kr., og eru þá engar afskriftir reiknaðar. Sama ár námu heildartekjur þessara 64 hafna aðeins 59.73 millj. kr., en lausaskuldir voru 43.27 millj. kr., eða álíka upphæð og vangreitt ríkisframlag, sem var þá 41.08 millj. kr. Skuldir þessara hafna við ríkisábyrgðasjóð námu 14.07 millj. kr. í árslok 1965.

Þá er einnig þess að gæta, að afkoma einstakra hafna í þessum 64 hafna flokki er mjög misjöfn. Nokkrar þeirra hafa allsæmilega afkomu og bæta mjög þá heildarmynd, sem gefin er hér að framan, en um fjórðungur þeirra hefur miklum mun lakara en meðalafkoma.

Þá er þess að geta, að margar þeirra hafna, er bezta höfðu afkomu 1965, hafa þegar hafið eða eru að hefja kostnaðarsamar framkvæmdir, sem munu breyta heildarafkomunni mjög til hins verra, í það minnsta um nokkurra ára skeið. Þær hafnir, er lélegasta hafa afkomu, eru yfirleitt þær, sem hæstan hafa haft byggingarkostnað á seinni árum. Stafar hann í flestum tilvikum frá dýrum ytri mannvirkjum eða dýpkunum. Viðlegumannvirki, bryggjur og bólvirki, munu yfirleitt standa undir rekstri og afborgunum, enda er þar oftast hægt að sníða stakk eftir vexti og hafa þau mannvirki við hæfi umferðar og bátafjölda.

Öðruvísi er farið um hin ytri mannvirki, sem byggja verður til skjóls fyrir veðri og bylgju. Þau mannvirki eru að mestu háð náttúruaðstæðum og verða illa sniðin eftir umferð eða annarri notkun hafnarinnar, heldur eru þar aðrar kringumstæður, er ráða gerð og þar með kostnaði.

Sú leið, sem hingað til hefur verið farin við styrkveitingar til hafnargerða, að greiða úr ríkissjóði jafnt til allra framkvæmda, hefur þannig hjálpað mest þeim bezt settu, en þær hafnir, sem hafa þurft að leggja í dýr ytri mannvirki, hafa orðið að bera þungan bagga af þeirra völdum án sérstakrar fyrirgreiðslu.

Á seinni árum hafa bátar mjög stækkað, og við tilkomu stálbáta hefur krafan

um gott skjól í höfnunum stórlega aukizt. Til þess að verða við þessum kröfum bátaflotans, og jafnframt til að gera sístækkandi flutningaskipum fært að sigla á hafnirnar, verða þau hafnarmannvirki, sem sinna eiga sínu hlutverki, það dýr, að óhugsandi er að standa undir þeim með hafnargjöldum, sem eru í líkingu við þau gjöld í dag. Nefndinni hefur virzt eðlilegt, að ríkisvaldið reyndi að jafna nokkuð hinar náttúrulegu aðstæður, og gerir því tillögu um, að ytri mannvirki, öldubrjótar og garðar ásamt dýpkunum, verði styrkt meira af ríkissjóði en bryggjur og önnur þau mannvirki, er beinar tekjur gefa og unnt virðist að leggja á vegna afkomu útvegs og samkeppni annarra flutningsgreina.

Ætti þetta að verða þeim verst settu mikill styrkur, þótt nefndin gangi ekki lengra í sínum tillögum en að styrkurinn nemi ¾ hlutum kostnaðar. Með því móti verður kostnaður viðráðanlegri en nú er, en þó ætti styrkurinn ekki að leiða til óeðlilegrar ásóknar í hafnarframkvæmdir af þessu tagi.

Þá mundi það bæta mjög aðstöðu hafnanna, ef ríkissjóður greiddi sinn hluta kostnaðar jafnóðum og til hans er stofnað. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að gerðar séu áætlanir um hafnarframkvæmdir til fjögurra ára og þær lagðar fyrir Alþingi. Yrði þá að ganga út frá því, að fjárveitingum yrði hagað í samræmi við áætlunina, og ætti því ekki að koma til þess, að inneign myndaðist hjá ríkissjóði.

Er hér hreyft einu meginnýmæli frumvarpsins og því, er gera má ráð fyrir, að einna mestar afleiðingar hafi í för með sér til hagsbóta fyrir hafnargerðir almennt.

Með gerð framkvæmdaáætlana ætti að mega nýta til fullnustu þá möguleika, sem fyrir hendi eru til hafnargerða á hverjum tíma, bæði fjárhagslega og tæknilega, og beina framkvæmdum á þá staði, þar sem þörfin er brýnust. Jafnframt má ætla, að nýting tækja og mannafla verði mun betri en nú er, þegar ekki er vitað um framkvæmdir, fyrr en að þeim er komið á því ári, er vinna skal.

Annað og þessu óskylt atriði, en til hagsbóta fyrir margar hafnir, er það nýmæli, að hafnargjöld skuli samræmd, og er veitt samkvæmt frumvarpinu heimild til handa ráðuneytinu að gera slíkar breytingar á gjaldskrám, jafnvel án þess, að þess sé óskað af viðkomandi hafnarstjórn. Þess eru nú dæmi, að hafnarsjóðir láti lán falla á ríkisábyrgðasjóð, en taki á sama tíma óeðlilega lág hafnargjöld og í engu samræmi við gjöld í nálægum sveitarfélögum.

Sú skoðun kom fram hjá einum nefndarmanna, að eðlilegt væri, að ein til tvær landshafnir væru í hverjum landsfjórðungi, og var sú hugmynd rædd, en ákveðið að leggja ekki til, að breytt yrði núgildandi lögum um landshafnir eða þeim fjölgað.

Í frumvarpi Atvinnutækjanefndar var lagt til, að ríkisstjórninni væri heimilað að selja landshafnirnar, sem þá voru tvær (Keflavík/Njarðvík og Rif), viðkomandi sveitarfélögum á ⅗ af stofnkostnaðarverði, ef sveitarfélög þessi óskuðu eftir og samkomulag næðist að öðru leyti.

Nefndin ræddi þessa hugmynd og hafnaði henni.

Eins og fyrr er sagt, varð nefndin sammála um frumvarp að nýjum hafnalögum.

Fara hér á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.—2. gr.

Lagt er til, að lögfest verði heitið Hafnamálastofnun ríkisins á þeim hluta starfsemi vitamálaskrifstofunnar, sem nú fjallar um hafnamál af ríkisins hálfu, undir yfirstjórn ráðherra, sbr. 3. gr. laga um stjórn vitamála, nr. 43/1933 og 3. gr. laga um hafnargerðir og lendingarbætur (hafnalaga), nr. 29/1946.

Til samræmis er lagt til, að forstöðumaður þessarar stofnunar nefnist hafnamálastjóri, og felst ekki í þessu breyting frá því, sem nú er, þar sem gert er ráð fyrir, að hafnamálastjóri gegni einnig starfi vitamálastjóra og skrifstofuhald vitamála og hafnamála verði áfram sameiginlegt.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að hafnamálastofnunin annist allar hafnaframkvæmdir, sem styrkhæfar eru taldar skv. 7. gr. Í 3. gr. laga nr. 29/1946 er það skilyrði fyrir styrkveitingu til hafnar, að framkvæmdir séu sumar „undir yfirumsjón" vitamálastjóra, eða annars trúnaðarmanns samgöngumálaráðherra.

Enda þótt ekki sé fastar að orðið kveðið í gildandi lögum, hefur framkvæmdin orðið sú, að vita- og hafnamálastjóri og hans starfslið hefur annazt hafnaframkvæmdir í flestum tilfellum, og ráðherra ekki falið yfirumsjón öðrum.

Þykir því rétt að lögfesta þessa skipan mála, sem reynzt hefur vel í framkvæmd.

Nefndin telur, að hagkvæmt sé, að hafnarframkvæmdir og undirbúningur þeirra séu í allríkum mæli sameinaðar hjá einni ríkisstofnun og telur, að það stuðli að samræmdari og hagkvæmari vinnubrögðum og muni auðvelda Hafnamálastofnuninni að eignast nauðsynlegar vinnuvélar og nýta þær vel, en af því myndi aftur leiða, að stofnunin ætti að geta sinnt betur og á ódýrari hátt framkvæmdum litlu hafnanna, sem vart hafa, sakir smæðar verkanna, í annað hús að venda um tæknilega og verklega fyrirgreiðslu.

Vitamálaskrifstofan hefur nú yfir að ráða allmiklum véla- og tækjakosti til hafnargerða, og má þar nefna dýpkunarskipið Gretti, Hák, afkastamikla, nýja Ellicott-dælu, 40 smál. lyftikrana með graftækjum, svo og ýmsum öðrum hentugum tækjum.

Búast má við, að með góðri nýtingu á tækjum þessum og hæfilegri verðlagningu á vinnu þeirra, verði unnt að auka og bæta tækjakost stofnunarinnar svo fullnægjandi sé, án þess að til verulegra fjárveitinga þurfi að koma úr ríkissjóði.

Þá hefur vitamálaskrifstofan nú yfir að ráða þjálfuðu starfsliði, sem vant er verkstjórn og meðferð þeirra sérstöku véla, sem notaðar eru við hafnargerðir.

Ekki er þó til þess ætlazt, að 3. gr. sé túlkuð á þá lund, að allar þær framkvæmdir, sem falla undir 1. tl. 6. gr. frv., séu unnar af vélum og starfsliði Hafnamálastofnunarinnar. Þvert á móti þykir eðlilegt, að þróunin verði sú, að hönnun einstakra verka verði falin verkfræðifyrirtækjum einstaklinga og framkvæmd verks látin sæta almennu útboði, undir umsjón hafnamálastjóra, að því er varðar endanlega hönnun, útboðsskilmála og val á verktaka og eftirlit með framkvæmdum.

Einnig er gert ráð fyrir, að einstök bæjar- eða sveitarfélög geti sjálf fengið að annast sínar hafnarframkvæmdir. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæði 9. gr. vegalaga, nr. 71/1963, og má búast við, að framkvæmd yrði svipuð, þ. e. bæjar- eða sveitarstjórn yrði leyft að annast framkvæmdir, ef hún hefur tæknilegt bolmagn til.

Um 4. gr.

Fyrri hluti greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Síðasta mgr. er samhljóða 3. mgr. 1. gr. gildandi hafnalaga, með viðbót l. nr. 43/1959, nema fellt hefur verið niður ákvæði um, að verbúðir í viðleguhöfnum séu styrkhæfar. Þykir ástæða ekki lengur jafnbrýn og verið mun hafa, er gildandi hafnalög voru sett, til að styrkja verbúðabyggingar, enda hefur síðari ár mjög lítið verið leitað eftir að fá slíkar byggingar styrkhæfar úr ríkissjóði samkvæmt hafnalögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er mjög í sama anda og 3. gr. F. A., en sú grein var m. a. skýrð þannig í greinargerð F. A.:

„Í þessari grein eru tekin upp ýmis ákvæði gildandi laga um skilyrði fyrir stuðningi ríkisins við hafnargerð og nokkrum bætt við eða gerð skýrari en þau eru nú. Í gildandi lög vantar ákvæði um aðild að hafnargerð og hafnarsjóði, og eru þau tekin upp í frv. Algengast er, að eitt sveitarfélag standi að hafnargerð, og er í rauninni gengið út frá því í lögunum. Í 1. tölul. greinarinnar eru ótvíræð ákvæði um

þetta efni. Samkvæmt þeim ákvæðum er unnt að stofna hafnarsjóð með tvennum hætti. Sveitar- eða sýslufélag getur stofnað sjóðinn. En það er líka hægt að stofna hann með samningi milli tveggja eða fleiri sveitar- eða sýslufélaga. Hafnarsjóður á og rekur höfn og stendur fyrir hafnarframkvæmdum. Í 2. tölul. greinarinnar er það skilyrði sett, að hafnarsjóður skuli hafa tryggt sér eignarrétt á landi á strandlengju hafnarinnar, svo sem þar er nánar ákveðið. Virðist nefndinni það ófært, að hafnarsjóðir og ríkissjóður leggi fé í hafnarmannvirki, jafnvel stórfé, án þess að eiga yfir neinu landi að ráða við höfnina, og að ekki megi lengur við svo búið standa. Ekki þykir þó fært að leggja á sjóðinn þá skyldu að kaupa upp dýr mannvirki í þessu skyni. Í 5. tölul. er það gert að skilyrði, að hafnarsjóður taki að sér almenna viðhaldsskyldu. En rétt þykir að tryggja það eftir föngum, að venjulegt viðhald sé ekki vanrækt svo, að tilfinnanlegt tjón geti af þeirri vanrækslu hlotizt. Í 7. tölul. er svo það skilyrði sett, að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðar á fjárlögum, áður en hún er hafin.

Skilyrði það, er síðast var nefnt, kemur í stað upptalningarinnar á hafnargerðar- og lendingabótastöðum í gildandi lögum. Samkvæmt lögum eru þessir staðir nú 113 talsins. Hefur nýjum stöðum verið bætt inn í lögin smátt og smátt með lagabreytingum á Alþingi. Um suma þá staði, sem nú eru í lögum, er það að segja, að þar hafa engar hafnaframkvæmdir átt sér stað, og ekki líklegt, að af þeim verði fyrst um sinn. Þeir hafnasjóðir, sem þegar hafa byrjað á framkvæmdum, eiga rétt til stuðnings samkv. þessu frv., að öðrum skilyrðum uppfylltum. En ef hefja skal hafnargerð með stuðningi ríkisins, er gert ráð fyrir, að Alþingi ákveði það með byrjunarfjárveitingu."

Um 6. gr.

Af athugunum nefndarinnar kom í ljós, sem og var vitað fyrir, að margar hafnir berjast mjög í bökkum fjárhagslega.

Hafnarmannvirki eru mjög dýrar framkvæmdir, sem erfitt er að láta standa undir kostnaði nema með mjög háu endurgjaldi fyrir veitta þjónustu. Á þetta sér í lagi við um ytri mannvirki; öldubrjóta og garða, og dýpkanir, sem aðeins eru gerðar til þess að veita möguleika á notkun viðlegukanta og bryggna.

Mjög er það háð náttúruaðstöðu á hverjum stað, hversu mikið þarf að leggja í þess konar mannvirki, sem eru grundvöllur að nýtingu hafnarinnar.

Það hefur og komið í ljós, að þær hafnir, sem byggt hafa dýr ytri mannvirki, eru hvað verst staðar fjárhagslega, og raunar vonlaust, að þar verði úr bætt, nema með auknu ríkisframlagi.

Aftur á móti má gera ráð fyrir, að aðrar framkvæmdir, svo sem viðlegubryggjur og kantar, verði ekki byggðar, nema slík þörf sé þar á, að verulegar tekjur fáist af mannvirkinu.

Nefndin varð því sammála um að leggja til að hækka ríkissjóðshluta kostnaðar við ytri mannvirki og dýpkanir úr 40% í 75%, en breyta ekki hlutföllum á öðrum kostnaðarliðum.

Árið 1961 var gerð áætlun um nauðsynlegar hafnaframkvæmdir áranna 1961—1970 á vegum Atvinnutækjanefndar. Heildarniðurstaða kostnaðar var 696.8 millj. kr., þar af til dráttarbrauta 48.0 millj. kr.

Á sex ára tímabilinu 1961—66 hefur verið alls varið til hafnargerða 628.4 millj. kr., eða um 64% af áætlunarupphæðinni. Mun þó vart verða talið, að aðeins séu eftir af áætluninni 36% framkvæmda, þar sem ýmsar aukningar hefur orðið að gera vegna breyttra aðstæðna, svo sem ófyrirséð stækkun síldarskipa og auknar síldveiðar fyrir Austurlandi.

Þó mun mega segja, að með svipuðum framkvæmdum og á seinustu fjórum árum næstu fimm árin, muni að mestu lokið framkvæmdum tíu ára áætlunarinnar og þá allvel séð fyrir hafnarþörfum flestra hafnastaða landsins. Að sjálfsögðu verða mörg

verkefni óleyst, en þó ætti að þeim tíma liðnum mjög að draga úr þörf nýrra framkvæmda, nema ný viðhorf kynnu að skapast í atvinnumálum viðkomandi staða.

Á næstu fimm árum má búast við, að til þess að nægilega verði að unnið, þurfi að verja um 650 millj. kr. til hafna. Ef svipað hlutfall helzt milli framkvæmdagreina og var á tímabilinu 1961—1966, má búast við, að þær framkvæmdir, sem samkvæmt þessari gr. frumvarpsins verða styrktar með 75% af ríkisfé, verði um 35% af heildarframkvæmdum.

Framkvæmdir styrktar með 75% yrðu þá um 227 millj. kr. og 423 millj. kr. styrktar með 40%.

Skipting milli ríkissjóðs og hafnasjóða yrði þá:

Ríkissjóður	75% af 227	=	171	millj. kr.
—	40% af 423	=	169	— —
	650		340	millj. kr.
Hafnasjóðir	25% af 227	=	56	millj. kr.
—	60% af 423	=	254	— —
	650		310	millj. kr.

eða hlutur ríkissjóðs 52.5% af heildarkostnaði. Hlutur ríkissjóðs í framkvæmdum fyrir kr. 650 millj. hefði orðið samkvæmt núgildandi lögum 260 millj. kr. Hækkun samkvæmt frumvarpinu yrði þá um 90 millj. kr. á þessu fimm ára tímabili.

Lengra taldi nefndin ekki ástæðu til að ganga, þar sem gera yrði ráð fyrir, að þessi aukning og aðrar þær ráðstafanir, sem í frumvarpinu felast, það er efling hafnabótasjóðs og hraðari greiðsla kostnaðarhluta ríkissjóðs, myndu sameiginlega skapa viðunandi lausn á fjárhagsvanda hafnanna.

Um 7. gr.

Í gildandi hafnalögum er framlagshluti ríkissjóðs bundinn við tiltekinn hundraðshluta „af kostnaði við hafnargerð", sbr. 2. gr. laganna, svo og taldar upp ýmsar tegundir framkvæmda og mannvirkja, sem styrkhæfar eru, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna.

Það hefur hins vegar komið í ljós, að brýn þörf er skýrari ákvæða um það, hvað sé „kostnaður við hafnargerð" og hefur vafi í því efni oft orðið tilefni til ágreinings, sem þá venjulega hefur borið undir úrskurð ráðherra.

Grein þessari er ætlað að telja upp, svo tæmandi sem unnt er, hvað átt sé við með „kostnaði við hafnargerð". Sú leið, sem hér er lagt til, að farin verði, er í samræmi við það, sem yfirleitt hefur verið í framkvæmd.

Komi upp ágreiningur um kostnaðarliði, sem ekki eru beinlínis nefndir í gr., myndi endanlegt úrskurðarvald vera hjá ráðherra.

Um 8. gr.

Í gildandi hafnalögum nemur ábyrgðarheimild ríkissjóðs þeim hundraðshluta kostnaðar, sem hafnarsjóði er ætlað að standa undir.

Í F. A. var ekki lagt til, að breytt væri þessari reglu.

Hér er lagt til, að ábyrgðarheimildin miðist við, að kostnaðarhluti ríkissjóðs og upphæð ábyrgðar nemi ekki yfir 90% styrkhæfs kostnaðar þess áfanga, sem lán er tekið til.

Þetta þýddi í fyrsta lagi það, að hafnarsjóður yrði að sjá sjálfur um 10% framkvæmdafjár með eigin fé eða lánum án ríkisábyrgðar og enn fremur, að ekki verði hægt, eins og tíðkazt hefur, að geyma ríkisábyrgðarheimildir og nota þær svo við lántökur vegna nýrra áfanga, jafnvel löngu síðar. Eðlilegt þykir að líta í þessu efni

á hvern áfanga sem sjálfstætt verk og að hann sæti sjálfstæðu uppgjöri, bæði um ábyrgðarheimild og annað.

Varðandi 90% ákvæðið er það skoðun nefndarinnar, að með allt að 75% framlagi ríkisins til þeirra framkvæmda, sem orðið hafa hafnarsjóðunum þyngstur baggi, skapist nýtt viðhorf, sem réttlæti umrædda breytingu, sem einnig myndi hamla nokkuð gegn óeðlilegum kröfum um framkvæmdir.

Um 9. gr.

Grein þessi er samhljóða 4. gr. gildandi hafnalaga, nema fellt er niður viðurlagsákvæði greinarinnar, varðandi kostnað við yfirmat, og er sú breyting í samræmi við dómsvenju síðari ára hér á landi. Hliðstætt ákvæði var t. d. fellt niður úr vegalögum við endurskoðun þeirra 1963, af sömu orsökum.

Um 10. gr.

Með gerð framkvæmdaáætlunar er gert ráð fyrir að takast megi að nýta mun betur það fé, sem fyrir hendi er á hverjum tíma til hafnagerða en ella, auk þess sem meiri festa ætti að skapast í þessum málum. Undanfarið hefur með mjög góðum árangri verið unnið að hafnarframkvæmdum á Vestfjörðum samkvæmt fjögurra ára áætlun. Eru líkur á, að allur meginvandi hafnagerðanna þar leysist á áætlunartímabilinu. Þar sem fjármagn til hafnanna kemur eftir mörgum leiðum og sveitarfélögin eru hinir raunverulegu eigendur þeirra, þykir ekki eðlilegt að ætlast til, að áætlunin sé samþykkt af Alþingi, á sama hátt og t. d. vegaáætlun samkv. vegalögum.

Samþykkt Alþingis á fjárveitingum til hafna samkvæmt áætluninni eða eftir að breytingar hafa verið gerðar á henni að ósk Alþingis, mundu hér jafngilda samþykkt hennar.

Yrði að líta svo á, að ríkisstjórnir væru fyrir sitt leyti bundnar af áætluninni eftir þá meðferð, þar á meðal um meðferð fjár Hafnabótasjóðs.

Um 11. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. í F. A., og fylgdi þeirri grein m. a. svo hljóðandi greinargerð frá Atvinnutækjanefnd:

„Greinin fjallar um hafnarstjórn, sem kemur í stað hafnarnefndar samkv. gildandi lögum. Aðalreglan mun verða sú, samkvæmt þessari grein, að sveitarstjórn kjósi hafnarstjóra eins og nú. En sé hafnarsjóður stofnaður af fleiri en einni sveitarstjórn eða sýslunefnd, verður að kjósa hafnarstjórnina á annan hátt, og er þá gert ráð fyrir, að um þá kosningu fari eftir samningi. Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra, og er gengið út frá því, að oddviti, sveitarstjóri eða formaður hafnarnefndar geti verið hafnarstjóri. Gert er ráð fyrir, að hafnarstjórn geti skuldbundið sjóðinn, þó því aðeins, að hlutaðeigandi sveitar- eða sýslufélag, hvort sem um eitt eða fleiri er að ræða, samþykki skuldbindinguna hverju sinni. Sjá 6. gr. laga um hafnargerðir og lendingarbætur.“

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að lögákveðnar verði þær tegundir gjalda, sem renna í hafnarsjóð. Er upptalningin miðuð við það, sem lengi hefur verið í framkvæmd. „Hafnargjöld“ er samheiti allra þessara gjalda, sem svo skiptast aðallega í gjöld þau, sem skipin greiða, sbr. a-, b- og d-liði gr., og vörugjöld. Gjöld þau, sem talin eru í liðum 2—5 eiga að sjálfsögðu við í sumum höfnum, en ekki öðrum, og myndi þá ákveðið í reglugerð, hver gjaldanna er heimilt að leggja á, t. d. hvort hafnsöguskylda er o. s. frv. Gjaldategundir, sem víða bera sérstakt nafn í hafnarreglugerðum, eins og t. d. ljósagjald (vitagjald) og fjörugjald, myndu ekki vera til lengur sem sérstök gjöld, þar sem ætlazt er til, að upptalning gr. sé tæmandi. Óeðlilega margar gjalda-

tegundir gera útreikning og innheimtu hafnargjalda flóknari og dýrari en nauðsyn krefur, og því bæði eigendum og notendum hafna til hagsbóta, að gjaldstofnafjölda sé í hóf stillt.

Grein þessi felur ekki í sér neina verulega breytingu, frá því sem nú tíðkast. Undanþáguákvæðin eru nú sömu og áður.

Um 13. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. gildandi hafnarlaga.

Um 14. gr.

Grein þessi er hliðstæð 11. gr. gildandi hafnarlaga. Þó eru þær breytingar gerðar á, að áætlanir skulu sendar fyrir 15. september ár hvert, en ekki 1. nóvember eins og nú, og einnig skal senda áætlanirnar hafnamálastjóra, en ekki samgöngumálaráðuneytinu.

Þetta ákvæði 11. gr. hafnalaganna hefur verið mjög misvel haldið í framkvæmd, en ljóst er, að ef það á að koma að tilætluðum notum, þ. e. að upplýsingar um afkomu allra hafna liggi fyrir, þegar fjallað er um fjárveitingar til hafnamála á Alþingi, ber brýna nauðsyn til, að rekstursáætlanir liggi fyrir eigi síðar en um miðjan september, og þykir eðlilegra, að þær séu sendar hafnamálastjóra en ráðuneytinu, þar sem hafnamálastjóri er í beinu og greiðu sambandi við hafnirnar hvort sem er og ráðuneytið getur þá fengið allar upplýsingar sendar sér, ef það óskar eftir.

Um 15. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 14. gr. gildandi hafnalaga. Þó er frestur til að skila ársreikningi lengdur um einn mánuð.

Um 16. gr.

Fyrri hluti greinarinnar er að mestu samhljóða 8. gr. gildandi hafnalaga. Ákvæðum þeirrar greinar hefur oft þurft að beita, og nauðsynlegt, að þau standi áfram. Bætt er hér við ákvæði um, að samningar, sem í bága fara við greinina, séu ógildir.

Síðari mgr. er nýmæli, í svipaða átt og lagt var til í 12. gr. F. A. Þykir hyggilegt að veita hafnamálastjóra rétt til að stöðva framkvæmd ákvarðana hafnarstjórna, ef hann telur þær ólöglegar eða höfninni til tjóns. Nýmælinu um, að senda beri hafnamálastjóra afrit af fundargerðum hafnarstjórna, er ætlað að tryggja, að hafnamálastjóra sé kleift að fylgjast sem bezt með hafnamálum um land allt. Óliklegt er að oft myndi koma til þess að hafnamálastjóri teldi nauðsynlegt að beita stöðvunarheimild þeirri, sem hér er lagt til, að honum verði fengin, en þó verður að telja rétt og nauðsynlegt að slík heimild sé til, ef nauðsyn krefur.

Um 17. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 5. gr. gildandi hafnalaga og þarfnast ekki skýringa.

Fellt er niður hið sérstaka refsiákvæði, sem nú er í síðustu mgr. 5. gr. hafnalaganna, og færi um brot gegn þessari grein eftir hinum almennu reglum, sbr. 26. gr.

Um V. KAFLA

Í þessum kafla felst sú meginbreyting, að lög nr. 93 16. desember 1934 um hafnarbótasjóð, ásamt síðari breytingum, verði felld inn í almenn hafnalög, og jafn-

framt gerðar veigamiklar breytingar á starfsemi sjóðsins. Er lagt til, að hann verði í framtíðinni almennur lánasjóður fyrir hafnargerðir, og fái víðtækari heimildir til að styrkja einstakar hafnir en hann hefur haft.

Um 18. gr.

Lagt er til, að gerð verði lítilsháttar breyting á nafni sjóðsins. Hann heitir í gildandi lögum „hafnarbótasjóður“, en mundi samkvæmt þessari grein hljóta heitið „Hafnabótasjóður“.

Tekið er fram, að sjóðurinn sé eign ríkisins og lúti stjórn þess ráðherra, sem með hafnamál fer hverju sinni. Er það óbreytt sú skipan, sem verið hefur. Ekki þykir ástæða til að setja sérstaka stjórn yfir sjóðinn, þar sem Alþingi tekur ákvarðanir um hafnargerð með fjárveitingu á grundvelli framkvæmdaáætlunar, og hlutverk sjóðsins varðar eingöngu framkvæmd þeirra ákvarðana.

Fram er tekið í 22. gr., að leita skuli umsagnar hafnamálastjóra um allar umsóknir um framlög eða lán úr sjóðnum, enda fylgist embætti hans með tæknilegri og fjárhagslegri aðstöðu allra hafna, sem Alþingi setur á hafnaáætlun.

Um 19. gr.

Samkvæmt þessu yrði hlutverk Hafnabótasjóðs fjórþætt. Í fyrsta lagi myndi sjóðurinn veita hafnarsjóðum lán til framkvæmda með ríkisábyrgð. Á öðrum stað í frumvarpinu, svo og í gildandi lögum, eru ákvæði um heimild til veitingar ríkisábyrgða. Er því gert ráð fyrir með þessu ákvæði, að sjóðurinn aðstoði sveitarfélög og hafnarsjóði þeirra við útvegun fjár til að standa straum af þeirra hluta í kostnaði við hafnargerð, en sá hluti endurgreiðist að jafnaði af tekjum hafnarinnar og allvíða framlögum úr sveitarsjóðum.

Löng reynsla er fyrir því, að meginerfiðleikar við hafnargerð hér á landi hafa stafað af skorti lánsfjár til hæfilega langs tíma. Engir sjóðir eða peningastofnanir hafa talið það hlutverk sitt að lána sveitarfélögum til hafnargerðar, þótt ýmsir aðilar hafi hlaupið undir bagga á þessu sviði, ekki síst Atvinnuleysistryggingasjóður nú á síðustu árum.

Hafnargerðir eru yfirleitt dýrar framkvæmdir, sem eiga að standa til langs tíma, eru lengi að skila stofnkostnaði. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja hagstæð lán til hafnanna. Af þeim sökum er það mjög þýðingarmikil breyting, er Hafnabótasjóður er gerður að lánastofnun og um leið gerðar ráðstafanir til að afla honum fjár.

Annar tilgangur Hafnabótasjóðs verður samkvæmt frumvarpinu að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Er þetta eitt hinna upprunalegu verkefna sjóðsins, sem hafa haft mikla þýðingu á einstökum stöðum. Ekki er gert ráð fyrir mótframlagi viðkomandi hafnarsjóðs, þegar um slíka styrki er að ræða.

Þriðji tilgangur Hafnabótasjóðs er nýmæli í þessu frumvarpi. Þar segir, að sjóðurinn megi styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar. Gert er ráð fyrir, að þetta ákvæði nái aðeins til hafna, sem Alþingi hefur samþykkt á hafnaáætlun. Myndi þá sjóðurinn hlaupa í skarðið, ef venjulegar tekjur viðkomandi hafnarsjóðs hrökkva ekki til að tryggja fjárhag hans, til dæmis vegna dýrra ytri mannvirkja, mikillar dýpkunar eða annarra framkvæmda, sem ekki hafa beinar tekjur, eins og t. d. bryggjur. Með samþykkt þessa frumvarps mundu líkur á slíkum atvikum að vísu stórminnka, vegna þess að framlög ríkisins til þessara mannvirkja verða aukin til muna. Hins vegar eiga nokkrir hafnarsjóðir nú í miklum vandræðum af þessum sökum og er gert ráð fyrir, að Hafnabótasjóður komi þeim til hjálpar, eins og aðstæður leyfa.

Fjórði og síðari tilgangur sjóðsins er að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs. Hefur raunin

orðið sú undanfarin ár, að fjárveitingar úr ríkissjóði hafa ekki hrokkið fyrir þeim skuldbindingum um framlög til hafna, sem ríkinu bætast samkvæmt gildandi lögum. Að vísu er mjög æskilegt að leggja ríka áherzlu á, að ríkið greiði sinn lögboðna kostnaðarhluta árlega. Samt sem áður þykir rétt að hafa þessa heimild í lögum.

Um 20. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs verða samkvæmt frumvarpinu þrenns konar: beint framlag úr ríkisssjóði, nýtt hafnabótasjóðsgjald lagt á skip, og tekjur af starfsemi sjóðsins. Er miðað við það, að þessar tekjur nemi 20 milljónum króna á ári.

Framlög úr ríkisjóði hafa frá upphafi verið eina tekjulind sjóðsins. Er gert ráð fyrir, að þau hækki upp í 8 milljónir króna.

Ef finna á nýja tekjustofna fyrir framkvæmdir eins og hafnargerð, er vart um annað að ræða en þá aðila, sem hafnirnar nota, eftir að til hafa komið framlög úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar. Hér er lagt til, að sett verði nýtt gjald, hafnabótasjóðsgjald, og er því ætlað að tryggja sjóðnum um 12 milljónir króna árlega.

Hafnabótasjóðsgjald er hugsað á svipaðan hátt og vitagjald, og er það nokkur kostur, að unnt yrði að innheimta þau saman og á sama hátt. Gjaldið legðist á öll íslenzk skip, 5 smálestir brúttó eða stærri, 12 krónur á hverja nettórúmlest. Er sú upphæð þrefalt vitagjald. Þá mundi gjaldið leggjast á öll skip, innlend og erlend, sem koma frá öðrum löndum til íslenzkra hafna, 12 krónur á hverja nettórúmlest, nema hvað skemmtiferðaskip, er aðeins flytja farþega, greiða kr. 3.00 á hverja nettórúmlest.

Nefndin ræddi ýmsa aðra hugsanlega tekjustofna fyrir Hafnabótasjóð, og varð að lokum sammála um þá leið, sem hér er lagt til að farin verði. Nefndinni er vel ljóst, að enda þótt gjald það, sem greinin gerir ráð fyrir, sé ekki tilfinnanlegt fyrir innlend veiðiskip, myndi það nema verulegum upphæðum hjá millilandaskipum, einkum þeim, sem eru í reglubundnum ferðum milli landa. Til greina kæmi að binda gjaldskyldu við ákveðinn árlegan ferðafjölda skipa, þannig að skip sem oftar færu, væru gjaldfrí, en þá hefði orðið að hækka gjald af veiðiskipum, til að tekjur næðu því marki, sem nefndin taldi nauðsynlegt, en ekki var samstaða um það í nefndinni að leggja þyngri byrðar á veiðiskipin. Ekki þótti heldur fært að leggja til hærra árlegt ríkisframlag en gert er, enda ljóst, að fjárlagaframlög til hafna myndu hækka mikið frá því, sem nú er, ef kostnaðarhluti ríkissjóðs væri greiddur árlega jafnóðum, en það hlýtur að verða forsenda allra framkvæmdaáætlana um hafnarframkvæmdir, sbr. 10. gr. frv.

Um 21. gr.

Hafnabótasjóður þarf að sjálfsögðu að taka allmikil lán, ef hann á að gegna því meginhlutverki að verða lánamiðstöð fyrir hafnarframkvæmdir. Er hér veitt heimild til lántöku innan lands og utan að upphæð 350 milljónir króna, og ábyrgist ríkissjóður það lán.

Gerð hefur verið áætlun um fjárreiður Hafnabótasjóðs nokkur ár fram í tímanna, og fer hún hér á eftir (viðfest).

Um 22.—24. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Grein þessi svarar til 15. gr. og síðustu mgr. 9. gr. gildandi hafnalaga, þannig að hér eru sameinuð öll ákvæðin um hafnarreglugerðir.

Þó er nýmæli, að ráðuneytið geti átt frumkvæði að hækkun hafnargjalda, ef afkoma hafnarsjóðs krefst, en gert er ráð fyrir, að hafnamálastjóri fylgist með reksturskostnaði hafna og tekjuþörf.

Hafnarreglugerðir, sem settar eru samkv. l. nr. 29/1946, verða að sjálfsögðu að halda gildi sínu um hríð, en lagt til, að endurskoðun ljúki innan tveggja ára, ef frv. nær fram að ganga.

Um 26.—28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Þótt ekki þyki fært að lögbjóða, að fyrsta fjögurra ára áætlunin verði lögð fram haustið 1967, mun þó vegna fjárlaga ársins 1968 verða að leggja fram drög að slíkri áætlun með tillögum til fjárveitinga fyrir það ár.

Fylgiskjal I.

GREIÐSLUÁÆTLUN FYRIR HAFNABÓTASJÓÐ

Inngreiðslur:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	5. ár	6. ár	7. ár	8. ár	9. ár	10. ár
1. Fastar tekjur	20.0	20.0	20.0	20.0	20.0	20.0	20.0	20.0	20.0	20.0
2. Afb. og vextir af útlánum	–	6.8	13.4	19.7	25.8	31.6	37.2	42.5	47.5	52.3
	20.0	26.8	33.4	39.7	45.8	51.6	57.2	62.5	67.5	72.3

Útgreiðslur:

	1. ár	2. ár	3. ár	4. ár	5. ár	6. ár	7. ár	8. ár	9. ár	10. ár
3. Framlagsskuldir ríkissjóðs	15.0	15.0	15.0	15.0	–	–	–	–	–	–
4. Greiðslur á 25 millj. kr.	12.5	12.5	–	–	–	–	–	–	–	–
5. Afb. og vextir af yfirt. lánum ..	6.4	6.1	5.9	5.7	5.5	5.2	5.0	4.8	4.6	4.3
6. Afb. og v. af lánt. hvers árs ...	–	8.6	17.1	23.8	30.2	34.1	37.7	40.3	42.7	44.8
	33.9	42.2	38.0	44.5	35.7	39.3	42.7	45.1	47.3	49.1
7. Áætluð útlán	45.0	45.0	45.0	45.0	45.0	45.0	45.0	45.0	45.0	45.0
8. Fjárþörf, nettó	58.9	60.4	49.6	49.8	34.9	32.7	30.5	27.6	24.8	21.8

Athugasemdir við greiðsluáætlunina.

Liður 1. Gert er ráð fyrir, að fastar, árlegar tekjur nemi 20 millj. kr.

Liður 2. Áætlað er, að útlán sjóðsins endurgreiðist honum á 15 árum með 8½% vöxtum.

Liður 3. Hér er um að ræða ógreitt ríkisframlag til hafnargerða, og ráð fyrir gert, að það greiðist upp á 4 árum.

Liðir 4 og 5. Þær 25 millj. kr., sem hér er áætlað að greiða á 2 árum, eru yfirtekin bráðabirgðalán þeirra hafna, sem illa eru stæðar, vegna þeirra framkvæmda, sem lagt er til í frv., að styrktar verði með 75% framlagi í stað 40% nú. Í lið 5. er áætlað um afb. og vexti vegna yfirtöku fastra lána hafna, sem eins er ástatt um.

Liður 6. Áætlað er, að þau lán, sem sjóðurinn þarf að taka (sbr. 8. lið), endurgreiðist á 15 árum með 8% vöxtum. Er þá miðað við, að árleg útlán geti orðið 45 millj. kr. (liður 7).

Fylgiskjal II.

VITA- OG HAFNAMÁLASKRIFSTOFAN HAFNARGERÐIR - OG LENDINGABÆTUR BYGGINGARKOSTNAÐUR 1940-65 AFKOMA OG EFNAHAGUR HAFNARSJÓÐA V. ÁRSLOK 1965		FRAMKVÆMDA-KOSTNAÐUR 1940-1965	FRAMKVÆMDA-KOSTNAÐUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1965	FÚST LÁN	AFBORGANIR Á ÁRI (15 ÁR).	6% VEXTIR Á ÁRI	4. + 5.	REKSTRARTEKJUR	REKSTRARGJÖLD (AFSKR. OG VEXTIR	7. + 8.	9. + 6	BRÁÐAB. LÁN OG LAUSASKULDIR	SKULDIR VIÐ RÍKISABYRGÐASJÓÐ	11. + 12.	VANGREITT RÍKISFRAMLAG	HANDBÆRT FÉ OG ÚTISTANDANDI SKULDIR	14. + 15.	16. + 13.
		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17
1	AKRANES	66.7	186.6	24.00	1.73	2.10	3.83	4.68	1.16	+3.52	-0.31	4.20	4.90	9.10	2.40	2.30	4.70	-4.40
2	AKUREYRI	20.4	52.4					4.71	1.68	+3.03	+3.03	2.16		2.16	0.68	2.75	3.43	+1.27
3	ARNARSTAPI	1.2	3.0					0.02	0.02									
4	ÁRSKÓGSSANDUR	5.0	12.5	1.00	0.06	0.08	0.14	0.01	0.01		-0.14				0.18		0.18	+0.18
5	BAKKAFJÖRÐUR	3.3	8.6	0.61	0.04	0.05	0.09	0.06	0.01	+0.05	-0.04	0.87		0.87		0.83	0.83	-0.04
6	BÍLDUDALUR	1.2	4.2	0.22	0.02	0.02	0.04	0.87	0.18	+0.69	+0.65	0.25		0.25				-0.25
7	BLÖNDUÓS	5.5	15.6	0.81	0.05	0.06	0.11	0.23	0.05	+0.18	+0.07	0.10		0.10		1.03	1.03	+0.93
8	BOLUNGARVÍK	32.1	67.0	15.21	1.01	1.22	2.23	1.23	0.30	+0.93	-1.30	3.68	1.79	5.45		0.60	0.60	-4.85
9	BORGARNES	1.7	4.3	0.20	0.01	0.01	0.02	0.04	0.02	+0.02								
10	BORGARFJÖRÐUR- EYSTRA	4.6	10.6	2.47	0.16	0.20	0.36	0.34	0.23	+0.11	-0.25	0.30		0.30	0.45	0.82	0.67	+0.37
11	BREIÐDALSVÍK	1.7	7.2	0.38	0.03	0.03	0.06	0.36	0.21	+0.15	+0.09							
12	BÚÐAREYRI V. REYÐARFJ.	10.1	14.4	5.52	0.37	0.44	0.81	2.09	0.34	+1.75	+0.94		0.26	0.26	0.72		0.72	+0.46
13	DALVÍK	16.5	49.6	7.00	0.47	0.56	1.03	0.42	0.37	+0.25	-0.78	2.47	0.48	2.95	0.18	0.09	0.27	-2.68
14	DJÚPIVOGUR	1.8	4.8	0.73	0.05	0.06	0.11	0.25	0.12	+0.13	+0.02		0.07	0.07				-0.07
15	DRANGSNES	1.0	3.5	0.05	0.01	0.01	0.02	0.04	0.04		-0.02	0.07		0.07		0.07	0.07	
16	ESKIFJÖRÐUR	14.9	20.8	6.46	0.43	0.52	0.95	2.09	0.33	+1.76	+0.81	1.00		1.00	2.35	1.00	3.35	+2.35
17	EYRARBAKKI	7.8	13.0	4.50	0.30	0.36	0.66	0.09	0.35	-0.26	-0.92	0.50		0.50	1.60		1.60	+1.10
18	FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR	4.9	9.2	1.52	0.10	0.12	0.22	2.00	0.31	+1.69	+1.47	0.37		0.37	0.90	0.90	1.80	+1.43
19	FLATEY Á BREIÐAFIRÐI	1.7	5.8	0.10	0.01	0.01	0.02	0.01	0.01		-0.08							
20	FLATEY Á SKJÁLFANDA	1.2	2.9	0.15	0.01	0.01	0.02	0.08	0.08		-0.03							
21	FLATEYRI	3.0	14.3	0.19	0.01	0.02	0.03	0.23	0.13	+0.10	+0.07	0.20		0.20		0.16	0.16	-0.04
22	GERÐAVÖR I GARÐI	2.3	5.7	0.32	0.02	0.03	0.05				-0.05							
23	GRENIVÍK	6.2	12.5	2.91	0.19	0.23	0.42	0.03	0.01	+0.02	-0.40	0.86		0.86	0.97	0.16	1.13	+0.27
24	GRÍMSEY	4.5	11.3	0.60	0.04	0.05	0.09	0.01	0.01		-0.09	0.72	0.18	0.90				-0.90
25	GRUNDARFJÖRÐUR	11.1	27.4	4.30	0.30	0.34	0.64	0.78	0.14	+0.42	-0.02				0.75		0.75	+0.75
26	HAFNARFJÖRÐUR	24.9	94.9	9.55	0.64	0.76	1.40	4.70	3.50	+1.80	-0.80	3.20		3.20	0.55	1.56	2.11	-1.09
27	HAFNIR Í HÖFNUM	3.9	9.7	0.20	0.01	0.01	0.02				-0.02		0.16	0.16				-0.16
28	HAGANESVÍK	2.0	5.0	0.08	0.01	0.01	0.02	0.01	0.01		-0.02	0.20		0.20				-0.20
29	HNÍFSDALUR	1.4	3.4					0.05	0.05									
30	HOFSÓS	4.7	14.5	1.13	0.08	0.09	0.17	0.10	0.02	+0.08	-0.09	0.25	0.38	0.63				-0.63
31	HÓLMAVÍK	6.8	18.1	2.96	0.20	0.24	0.44	0.10	0.22	-0.12	-0.56	0.37		0.37	0.13		0.13	-0.24
32	HRÍSEY	6.8	14.5	2.58	0.17	0.21	0.38	0.13	0.08	+0.11	-0.27	0.37	0.30	0.67		0.12	0.12	-0.55
33	HÚSAVÍK	19.9	52.2	7.54	0.50	0.60	1.10	1.42	0.32	+1.10		0.45		0.45	1.25	0.18	1.43	+0.98
34	HVAMMSTANGI	2.7	8.1	0.24	0.02	0.02	0.04	0.13	0.05	+0.08	+0.04	0.10		0.10	0.07		0.07	-0.03
35	HÖFN Í HORNAFIRÐI	7.2	24.2	2.00	0.13	0.16	0.29	1.54	0.34	+1.22	+0.93					0.74	0.74	+0.74
36	ÍSAFJÖRÐUR	18.4	52.0	4.60	0.31	0.37	0.68	2.52	1.90	+0.62	-0.06	0.46		0.46	0.53	1.16	1.69	+1.23
37	JÁRNGERÐARSTAÐIR (GRV.)	25.6	47.3	12.00	0.80	0.96	1.76	1.60	0.30	+1.30	-0.46				3.66		3.66	+3.66
38	KÓPASKER	4.8	11.9	0.70	0.05	0.06	0.11	0.06	0.02	+0.04	-0.07							
39	KÓPAVOGUR	5.2	13.0	1.60	0.11	0.13	0.24	0.32	0.40	-0.08	-0.32				0.15	0.10	0.25	+0.25
40	MJÓIFJÖRÐUR	1.7	2.2	0.35	0.02	0.03	0.05	0.10	0.04	+0.06	+0.01	0.50	0.08	0.58	0.35		0.35	-0.23
41	NESKAUPSTAÐUR	19.2	40.1	8.93	0.60	0.71	1.31	2.57	1.08	+1.49	+0.18	0.34		0.34	1.81	0.04	1.85	+1.51
42	NORÐURFJÖRÐUR Í GJÖGUR	2.3	5.7	0.06	0.01	0.01	0.02				-0.02	0.30		0.30	0.05		0.05	-0.25
43	ÓLAFSFJÖRÐUR	29.4	78.9	11.50	0.77	0.92	1.69	0.48	0.28	+0.20	-1.49	2.40	1.00	3.40	1.00	0.45	1.45	-1.95
44	ÓLAFSVÍK	27.1	49.4	10.20	0.68	0.82	1.50	0.65	0.23	+0.43	-0.87	4.86		4.86	3.00		3.00	-1.86
45	PATREKSFJÖRÐUR	14.3	33.5	6.28	0.42	0.50	0.92	1.10	0.30	+0.80	-0.12				1.10		1.10	+1.10
46	RAUFARHÖFN	15.3	24.1	5.60	0.37	0.45	0.82	1.50	0.25	+1.25	+0.43	0.86	0.05	0.91	1.45		1.45	+0.59
47	SANDGERÐI	28.1	53.4	12.00	0.80	0.96	1.76	1.00	1.00		-1.76	2.00	0.04	2.04	2.15		2.15	+0.11
48	SAUÐÁRKRÓKUR	14.4	46.2	10.10	0.67	0.81	1.48	0.63	0.68	-0.05	-1.53	3.21	1.50	4.71	1.14		1.14	-3.60
49	SEYÐISFJÖRÐUR	6.0	10.6	2.75	0.18	0.22	0.40	2.93	0.60	+2.33	+1.93				0.24	2.50	2.74	+2.74
50	SIGLUFJÖRÐUR	16.5	43.8	3.74	0.25	0.30	0.55	2.56	1.20	+1.36	+0.81	0.50	0.55	1.05	0.36	3.50	3.86	+2.81
51	SKAGASTRÖND	12.0	42.5	2.97	0.20	0.24	0.44	0.11	0.18	-0.07	-0.51	0.05	0.40	0.45	0.05		0.05	-0.40
52	SKARÐSSTÖÐ	1.3	5.7	0.25	0.02	0.01	0.03				-0.03	0.22		0.22				-0.22
53	STOKKSEYRI	2.3	5.6					0.12	0.13	-0.01	-0.01	0.85		0.85		0.03	0.03	-0.82
54	STYKKISHÓLMUR	19.1	39.1	7.00	0.47	0.56	1.03	1.40	0.60	+0.80	-0.23		0.05	0.05	1.00	0.50	1.50	+1.25
55	STÖÐVARFJÖRÐUR	5.7	12.2	1.70	0.11	0.14	0.25	0.10	0.08	+0.02	-0.23				0.24		0.24	+0.24
56	SÚÐAVÍK	1.9	4.7	0.69	0.05	0.06	0.11	0.06	0.01	+0.05	-0.06				0.20		0.20	+0.20
57	SUÐUREYRI	12.8	29.5	4.80	0.32	0.38	0.70	0.23	0.05	+0.18	-0.52		0.66	0.66				-0.66
58	SVALBARÐSEYRI	0.8	1.8					0.05	0.01	+0.04	+0.04							
59	TÁLKNAFJÖRÐUR	5.3	9.9	2.30	0.15	0.18	0.33	0.30	0.09	+0.17	-0.16		0.28	0.28		0.40	0.40	+0.12
60	VESTMANNAEYJAR	54.9	138.3	16.00	1.07	1.28	2.35	8.40	4.30	+4.10	+1.75	4.00	0.09	4.09	1.87		1.87	+0.78
61	VOGAR	4.6	23.5	0.95	0.06	0.08	0.14	0.05	0.05		-0.14							
62	VOPNAFJÖRÐUR	14.4	26.9	5.41	0.36	0.43	0.79	1.30	0.36	+0.94	+0.15	0.60	0.05	0.65	1.17		1.17	+0.52
63	ÞINGEYRI	10.6	16.3	5.50	0.37	0.44	0.81	45	0.10	+0.35	-0.46				2.13	0.77	2.90	+2.90
64	ÞÓRSHÖFN	13.6	22.8	6.42	0.56	0.67	1.23	0.65	0.10	+0.53	-0.68		0.82	0.82	1.25		1.25	+0.43
	MILLJ. KR.	699.2	1765.7	253.85	20.55	16.96	37.31	69.73	24.85	+341.20 -341.59 - 0.39	+12.82 -15.25 - 2.43	43.27	14.07	57.34	41.08	21.56	62.64	+5.30 +36.87 -30.97

Ed. 410. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eins og það nú er komið frá neðri deild, og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins á nefndarfundi voru ÓB og HermJ.

Alþingi, 8. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson. Ólafur Jóhannesson.

Alfreð Gíslason. Sveinn Guðmundsson.

Nd. 411. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1967.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Óskar Jónsson. Matthías Bjarnason.

Axel Jónsson. Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.

Nd. 412. Breytingartillaga [151. mál]

við frv. til laga um listamannalaun.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 2. gr. 3. málsgr. orðist svo:

Nefndarmenn gera tillögur um listamenn þá, er þeir álíta, að til greina komi, og hafa samráð við aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna, svo sem segir í 3. gr., áður en endanlega er gengið frá tillögunum. Þegar tillögur eru fram komnar, skulu gerðir kjörseðlar með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um í hverri grein lista, að hljóta skuli hærri launin. Skal kosið samkvæmt stigakerfi, sem menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um, þannig að hver nefndarmaður merkir með tölustöfum 1, 2, 3 o. s. frv. við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðilinn og ákveðið var að hljóta skyldu hærri launin. Reiknast þeim listamanni, er merkt er við með tölunni 1, hæst stigatala, en síðan fer stigatalan lækkandi hlutfallslega samkvæmt reglum ráðuneytisins. Skulu þeir listamenn hljóta launin, er hæsta fá stigatölu samanlagða. Kjörseðill er ógildur, ef merkt er við fleiri eða færri nöfn en ákveðið var.

Nd. 413. Breytingartillaga [105. mál]

við frv. til orkulaga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 9. gr. Framan við greinina bætist:

Jarðhitinn í jörðu niðri er eign þjóðarinnar. Alþingi ákveður hverju sinni með löggjöf um umráðarétt og hagnýtingu hans.

Nd. 414. Frumvarp til laga [182. mál]

um þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Nú eru notaðar heimildir í lögum til þess að fyrirskipa atvinnurekendum að innheimta opinber gjöld hjá fólki, sem þeir hafa í þjónustu sinni, og skal þá greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna, er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda.

Þóknunin greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa verið í lögum ákvæði um heimild til að fyrirskipa atvinnurekendum að vinna við innheimtu opinberra gjalda, á þann hátt, að þeim sé gert skylt að halda gjöldum eftir af kaupi fólks, er hjá þeim vinnur, og skila fénu til innheimtumanna hins opinbera. Heimildir þessar munu víða notaðar í seinni tíð, en engin þóknun greidd fyrir þá mikilsverðu aðstoð við innköllun opinberra gjalda, sem á þennan hátt er látin í té.

Fyrirmyndir að lagasetningu um þetta efni munu hafa verið fengnar hjá nágrannaþjóðum okkar. En þó að slíkt geti þótt góð latína hjá þeim, er ekki þar með sagt, að slíkt eigi vel við í okkar þjóðfélagi. Vera má, að öðruvísi og betur sé búið á ýmsan hátt að atvinnuvegunum hjá þeim heldur en hér á landi. Hér eiga ýmsar atvinnugreinar í miklum erfiðleikum um þessar mundir og ekki sízt sumar þær, sem mesta þýðingu hafa fyrir þjóðfélagið. Og ekki er sanngjart að íþyngja þeim með sérstökum kvöðum í opinbera þágu.

Skömmu eftir síðustu aldamót var flutt tillaga á Alþingi um almenna þegnskylduvinnu. Það mál var þá kveðið niður. Sennilega er þjóðin enn fráhverfari þeirri hugmynd nú en þá var. Þó að menn elski sitt land, munu fæstir vilja vinna kauplaust í þágu þess. Það er ekki tízka nú á tímum að vinna fyrir ekki neitt. Þegar það almenna viðhorf er haft í huga, má teljast einkennilegt, að þegnskylda skuli hafa verið lögð á vissa aðila, svonefnda atvinnurekendur eða launagreiðendur, jafnt einstaklinga sem félög, þegar allir aðrir eru lausir við slíkar kvaðir. Með þessu hafa atvinnurekendur verið beittir rangindum. Þeir verða að taka á sig mikla vinnu við innheimtu og ýmiss konar skýrslugerðir í því sambandi, og þessu fylgir ábyrgð og áhætta, en þeir fá enga borgun fyrir sína fyrirhöfn.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að nokkuð verði hér úr bætt. Lagt er til, að atvinnurekendur, sem innheimta opinber gjöld, fái þóknun fyrir það starf, er nemi 3%

af innheimtufénu. Það getur verið álitamál, hvort sú þóknun er hæfileg eða hvað hún á að vera mikil. Er það athugunarefni fyrir þá þingnefnd, sem væntanlega verður falið að fjalla um málið. Aðalatriðið er, að hér komi sanngjörn þóknun fyrir unnin störf.

Nd. 415. Lög [127. mál]

um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 232.

Ed. 416. Frumvarp til laga [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.

(Eftir 3. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju, Klettsbúð, Munaðarhól, Kjalveg, Þæfustein, Ásgrímsbúð og Hallsbæ og að selja eiganda nýbýlisins Leifsstaða í Öxarfjarðarhreppi eyðijörðina Lækjardal í sama hreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið eftir mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 417. Frumvarp til laga [73. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

Hreppsnefnd Miklaholtshrepps er heimilt að selja ábúanda kristfjárjörðina Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi fyrir það verð, er um semst eða metið verður af dómkvöddum mönnum, enda verði andvirði jarðarinnar varið í samræmi við ákvæði gjafabréfs fyrir henni.

2. gr.

Heimilt er hreppsnefnd Miklaholtshrepps að mynda sjóð af söluandvirði jarðarinnar Litlu-Þúfu. Skal sjóðurinn bera nafn gefanda jarðarinnar, Gísla Árnasonar, og vera í umsjá hreppsnefndarinnar.

Skal heimilt að verja allt að ⅔ hlutum af tekjum sjóðsins til hins nýja barna- og unglingaskóla í Laugargerði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **418. Frumvarp til laga** [183. mál]

um breyting til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, er taki gildi 1. janúar 1968, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á lögum nr. 55/1962:

1. Uppsagnarfrestur kjarasamninga samkvæmt 8. gr. framlengist til 1. september 1967.
2. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 12. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. október 1967.
3. Frestur aðilja samkvæmt 1. mgr. 14. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. nóvember 1967.
4. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 16. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 1. desember 1967.

2. gr.

Í stað ákvæðis laganna til bráðabirgða komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftirfarandi samkomulag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar frá 29. desember 1966 og 5. janúar 1967 skal hafa lagagildi:

„Nú þegar hefjist heildarathugun á skipun starfsmanna í launaflokka, og verði henni lokið eigi síðar en í árslok 1968. Athugun þessari verði stjórnað af tveimur starfsmönnum, öðrum frá fjármálaráðuneytinu, en hinum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, er geri síðan tillögur til breytinga og samræminga, er verði lagðar fyrir báða samningsaðilja. Á þann hátt verði reynt að ná samkomulagi um lagfæringar á flokkaröðuninni og jafnframt reynt að koma á starfsmatskerfi til frambúðar. Ágreiningi, sem ekki tækist að leysa, verði þá heimilt að skjóta til Kjaradóms, sem fjalli um hann á sama hátt og önnur ágreiningsatriði, og gildi samningur um röðun eða dómur Kjaradóms um það atriði frá 1. janúar 1968.

Rökstuddar tillögur, sem fram koma um leiðréttingar og samræmingu starfsheita, sem samningsaðiljar eru sammála um að unnt sé að gera fyrir gildistöku næsta samnings (árslok 1967), skulu teknar upp sem bráðabirgðasamkomulag aðilja.

Um aðra þætti þeirra kjaramála, sem kjarasamningalögin taka til, verði fjallað á venjulegan hátt við næstu samningsgerð, sbr. ákvæði laganna".

Ágreining um framangreind efni, sem eigi hefur verið til lykta leiddur 1. janúar 1969, tekur Kjaradómur þegar til meðferðar, og skal hann hafa lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 1. febrúar 1969. Aðiljar geta á fyrra stigi máls vísað því til Kjaradóms, séu þeir um það sammála, og kveður Kjaradómur þá á um deiluatriði innan mánaðar frá því málsskoti.

Mál þessi sæta eigi sáttameðferð samkvæmt III. kafla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. marz 1965 skipaði Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra í nefnd „til að annast endurskoðun á lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfs-

manna“ þá Kristján Thorlacius deildarstjóra, Guðjón B. Baldvinsson deildarstjóra og Teit Þorleifsson kennara, tilnefnda af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og svo Sigtrygg Klemenzson núverandi seðlabankastjóra, Gunnlaug Briem ráðuneytisstjóra, Jón Þorsteinsson alþingismann og Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómara, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin er öll sammála um frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt, en öðrum breytingum á lögum nr. 55/1962 verði eigi hreyft, fyrr en nefndin hefur lokið störfum, sem verða mun, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Þá skal það tekið fram, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er einhuga samþykk frumvarpinu og þessari málsmeðferð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að þar greindir frestir samkvæmt lögum nr. 55/1962 verði lengdir í sambandi við kjarasamninga, sem nú eru framundan og taka eiga gildi um næstu áramót. Var hliðstæð bráðabirgðabreyting gerð með lögum nr. 26/1965, varðandi kjarasamninga, er þá voru á döfinni. Enn fremur er lagt til, að lögfest verði það samkomulag fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem tekið er upp í 2. gr. frumvarpsins, og sú grein geymir einnig fyrirmæli um meðferð ágreinings um efni, er samkomulagið tekur til.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.

Sþ. 419. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

(Lögð fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

Alþingi ályktar, samkv. 17. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, að árin 1967 og 1968 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi áætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR VEGASJÓÐS 1967—1968

(Fjárhæðir í millj. króna).

	1967	1968
A. Tekjur af benzíngjaldi	260.6	273.8
B. Tekjur af þungaskatti	71.2	75.5
C. Tekjur af gúmmígjaldi	13.2	14.7
D. Ríkisframlag	27.0	
E. Eftirstöðvar tekna fyrri ára	18.2	
	390.2	364.0
F. Umframtekjur frá fyrri árum til að mæta halla 1965 og 1966	59,3	
	449.5	
Frá dregst:		
Áætluð endurgreiðsla benzíngjalds vegna gjaldfrjálsrar sölu undanfarið ár	21.2	21.2
Áætluð endurgreiðsla þungaskatts vegna álagðs þungaskatts undanfarið ár	0.7	0.8
Nettótekjur alls	427.6	342.0

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í þús. kr.)

		1967		1968	
I.	**Stjórn og undirbúningur:**				
	1. Launagreiðslur	8100		8945	
	2. Eftirlaunagreiðslur	1200		1400	
	3. Verkfræðilegur undirbún.	3000		3500	
	4. Skrifstofukostn.	2900		2900	
	5. Umferðartalning og eftirl.	1200		1000	
			16400		17745
II.	**Viðhald þjóðvega:**				
	1. Viðhaldskostn. þjóðv.	134000		139400	
	2. Vegamerkingar	1200		1200	
	3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	4100		4600	
			139300		145200
III.	**Til nýrra þjóðvega:**				
	1. Til hraðbrauta	10000		10000	
	2. Til þjóðbrauta	26490		23630	
	3. Til landsbrauta	25410		23942	
	4. Til girðinga og uppgræðslu	3176		2823	
	5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	1900		1700	
			66976		62095
IV.	**Til fjallvega o. fl.:**				
	1. Til aðalfjallvega	1000		1000	
	2. Til annarra fjallvega	1000		1000	
	3. Til reiðvega	200		200	
	4. Til ferjuhalds	10		10	
	5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	70		70	
			2280		2280
V.	**Til brúargerða:**				
	1. Til stórbrúa	42100		14100	
	2. Til brúa 10 m og lengri	13450		19700	
	3. Til smábrúa	6200		6300	
	4. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	2140		1785	
			63890		41885
VI.	**Til sýsluvegasjóða**		13200		13300
VII.	**Til vega í kaupst. og kaupt.**		50160		42750
VIII.	**Til véla- og áhaldakaupa:**				
	1. Til véla- og verkfærak.	12000		13000	
	2. Til byggingar áhaldahúsa	2000		2000	
	3. Til bókasafns verkam.	30		35	
			14030		15035
IX.	**Til tilrauna í vegag.**		2064		1710
			368300		342000
X.	**Halli á vegáætlun 1966**		59300		
			427600		

Sundurliðun.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Til nýrra þjóðvega.

	1967	1968
1. Til hraðbrauta:		
1. Reykjanesbraut	6800	6800
2. Þrengslavegur	3200	3200
Fært á II. III. 1.	10000	10000

	1967	1968	Alls
2. Til þjóðbrauta:			
1. Vesturlandsvegur (B 1):			
a. Hvammsvík—Skeiðhóll	840	—	—
b. Skeiðhóll—Lambasnasir	160	1900	—
c. Kleifahlíð	850	—	—
d. Slitur—Mávadalsá	450	—	—
e. Bjarkarlundur—Kollabúðir	—	840	5040
2. Stykkishólmsvegur (B 26):			
a. Nesvogur	—	400	400
3. Ólafsvíkurvegur (B 37):			
a. Enni	870	830	—
b. Rif	190	290	—
c. Staðarsveit	—	300	2480
4. Grundarfjarðarvegur (B 48):			
a. Kolgrafir—Berserkjahraun	1340	80	1420
5. Vestfjarðavegur (C 1):			
a. Sunnan Þingmannaheiðar	900	1500	—
b. Breiðadalsheiði	1300	1900	5600
6. Barðastrandarvegur (C 10):			
a. Brjánslækur—Þverá	760	340	1100
7. Strandavegur (C 31):			
a. Í Bæjarhreppi	300	—	—
b. Um Kálfalæk	730	—	1030
8. Norðurlandsvegur (E 1):			
a. Í Reykjadal norðan Laugár	400	—	—
b. Austan Jökulsár á Fjöllum	400	—	800
9. Siglufjarðarvegur (D 39)	4500	4300	8800
10. Ólafsfjarðarvegur (E 2):			
a. Um Ólafsfjarðarmúla	1000	1000	2000
11. Kinnarvegur (E 20):			
a. Hjá Krossi	500	—	500
12. Þingeyjarsýslubraut (E 25):			
a. Við Einarsstaði	—	200	—
b. Um Aðaldalshraun	—	800	—
c. Húsavík—Syðri-Tunga	300	—	—
d. Lindarbrekka—Hóll	200	—	—
e. Austan Jökulsár vestan Heiðar	100	350	—
f. Á Ytra-Hálsi	500	500	—
g. Sunnan Þórshafnar	100	600	3650
13. Austurlandsvegur (F 1):			
a. Í Möðrudal	1800	800	—
b. Á Jökuldal	700	—	—
c. Um Hróarstungu	1000	—	—
d. Í Skriðdal	400	—	—

	1967	1968	Alls
e. Á Breiðdalsheiði	1000	420	—
f. Í Breiðdal	—	630	—
g. Streitishvarf—Lónsheiði	850	1450	—
h. Geithellnahr.—Bæjarhr.	500	500	10050
14. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (D 2):			
a. Á Hellisheiði	300	300	—
b. Í Jökulsárhlíð	410	—	1010
15. Norðfjarðarvegur (F 31):			
a. Um Fagradal	500	500	1000
16. Suðurfjarðavegur (F 39):			
a. Í Stöðvarfirði	340	400	740
17. Suðurlandsvegur (G 1):			
a. Gljúfurholtsá—Kotströnd	—	630	—
b. Brekkuholt—Efri-Rauðalækur	1380	620	—
c. Dalsás—Miðdalur	—	470	3100
19. Þingvallabraut (G 3):			
a. Valhöll—Leirugjá	420	—	—
b. Kafli um Vatnsvík og Klifið	200	—	—
c. Valhöll—Vatnsvík	—	780	1400
Fært á II. III. 2.	26490	23630	50120

3. Til landsbrauta:

	1967	1968	Alls
2. Grindavíkurvegur (A 5):			
a. Grindavík—Staður	350	—	—
b. Um Selháls	—	235	585
3. Kjósarskarðsvegur (A 24):			
a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá	150	125	—
b. Um Laxá	—	140	415
4. Dragavegur (B 2)	300	200	500
6. Skorradalsvegur (B 9):			
a. Merkigil—Háafell	270	200	470
8. Flókadalsvegur (B 14)	174	200	374
9. Reykdælavegur (B 16):			
a. Rauðsgil—Búrfell	—	200	200
10. Hálsasveitarvegur (B 17)	300	300	600
11. Grjóthálsvegur (B 20):			
a. Þverárrétt	—	155	155
12. Norðurárdalsvegur (B 22):			
a. Frá Hárekssstöðum	400	400	800
16. Hraunhreppsvegur (B 30):			
a. Um Akra	600	500	1100
17. Heydalsvegur (B 34):			
a. Hnappadalur	—	100	100
19. Skógarnesvegur (B 36)	—	100	100
22. Útnesvegur (B 41):			
a. Hellnahraun—Stapafell	710	270	980
23. Framsveitarvegur (B 43)	150	—	150
24. Skógarstrandarvegur (B 46):			
a. Skógarströnd	340	—	340
25. Langadalsvegur (B 47)	—	90	90
26. Hörðudalsvegur (B 48)	100	100	200
27. Hálsabæjarvegur (B 49)	100	—	100

		1967	1968	Alls
29.	Haukadalsvegur (B 51)	150	100	250
30.	Laxárdalsvegur (B 52):			
	a. Laxárdalur	150	183	—
	b. Norðan Laxár—Hjarðarholtsvegur	150	150	633
31.	Klofningsvegur (B 53)	800	800	1600
32.	Neðribyggðarvegur (B 54)	—	100	100
34.	Staðarhólsvegur (B 56)	100	100	200
35.	Sælingsdalsvegur (B 57)	—	100	100
40.	Örlygshafnarvegur (C 13):			
	a. Í Skershlíð	60	—	60
42.	Bíldudalsvegur (C 15):			
	a. Tálknafj.—Bíldudalur	600	—	—
	b. Trostansfj. á Vestfjarðaveg	650	100	1350
44.	Svalvogavegur (C 19):			
	a. Um og út fyrir Hafnarófæru	300	—	300
45.	Ingjaldssandsvegur (C 21):			
	a. Um Núp að Alviðru	145	—	—
	a. Um Sandheiði	125	—	270
47.	Súgandafjarðarvegur (C 25):			
	a. Um Botnsdal á Botnsheiði	400	700	1100
48.	Bolungarvíkurvegur (C 27)	500	800	1300
49.	Djúpvegur (C 29):			
	a. Hattareyri—Eyri í Sf.	1200	1500	2700
	b. Frá Ögri að Hjöllum			
50.	Vatnsfjarðarvegur (C 30):			
	a. Í Mjóafirði	150	—	—
	b. Í Ísafirði og Reykjarfirði	250	250	650
51.	Snæfjallastrandarvegur (C 34):			
	a. Mórilla—Lónseyri	265	210	475
52.	Strandavegur (C 37):			
	a. Í Veiðileysufirði	—	—	—
	b. Veiðileysuf.—Djúpuvík	970	—	—
	c. Selvíkurhöfði—Reykjarfjarðará	200	—	—
	d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík	87	500	—
	e. Eyri í Ingólfsf.—Ófeigsfj.	100	100	1957
53.	Drangsnesvegur (C 41)	—	254	254
55.	Miðfjarðarvegur (D 4):			
	a. Norðan Urriðaár	—	300	300
56.	Vesturárdalsvegur (D 5):			
	a. Að Húki	—	205	205
58.	Borgarvegur (D 10):			
	a. Frá Síðu að Bjarghúsum	—	315	315
59.	Víðidalsvegur (D 11):			
	a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi	780	—	780
62.	Reykjabraut (D 15):			
	a. Frá Beinakeldu að Reykjum	550	500	1050
63.	Svínvetningabraut (D 18):			
	a. Frá Sauðan.—Ytri-Löngum.	335	—	335
66.	Skagavegur (D 23):			
	a. Í Gönguskörðum	735	400	1135
67.	Neðribyggðarvegur (D 24):			
	a. Um Sölvabakka	—	100	100
68.	Þverárfjallsvegur (D 26):			
	a. Um Njálsstaðabrúnir	—	330	330

	1967	1968	Alls
69. Reykjastrandarvegur (D 27):			
a. Fagranesskriður	215	—	215
71. Skagafjarðarvegur (D 30):			
a. Við Víðimel	230	—	230
72. Efribyggðarvegur (D 31):			
a. Frá Álfgeirsvöllum að Vatni	—	615	615
74. Sléttuhlíðarvegur (D 50)	77	105	182
75. Að félagsheimili Varmahlíð (E 1—9)	—	120	120
76. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):			
a. Hóll—Vatnsendi	100	100	200
77. Svarfaðardalsvegur (E 4):			
a. Hjá Klaufabrekku	—	430	430
78. Skíðadalsvegur (E 5):			
a. Tungur	—	525	525
82. Hörgárdalsvegur (E 9):			
a. Möðruvallam.—Dunhagi	350	—	—
b. Sunnan Þríhyrnings	80	—	430
83. Dagverðareyrarvegur (E 11):			
a. Að útvarpsstöð	410	—	410
84. Blómsturvallavegur (E 12):			
a. Að Blómsturvallamelum	150	—	150
85. Eyjafjarðarbraut (E 13):			
a. Við Rifkelsstaði	100	200	300
86. Svalbarðsstrandarvegur (E 16):			
a. Dálksst.—Sveinbjarnargerði	450	—	450
87. Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):			
a. Hjá Draflastöðum	375	—	375
89. Fremstafellsvegur (E 21):			
a. Frá Kinnarvegi	—	200	200
90. Út-Kinnarvegur (E 22):			
a. Norðan Ófeigsstaða	247	—	247
93. Reykjahverfisvegur (E 26):			
a. Helluland—Grenjaðarstaður	—	170	170
94. Hvammavegur (E 27):			
a. Við nýja brú á Laxá	—	630	630
95. Fagranesvegur (E 29):			
a. Sunnan Hellulands	—	150	150
97. Austurhlíðarvegur (E 32):			
a. Við Laugaskóla	—	78	—
b. Norðan Öndólfsstaða	110	—	188
99. Baldursheimsvegur (E 35):			
a. Norðan Baldursheims	—	100	100
101. Uppsveitarvegur (E 38):			
a. Meiðavellir—Tóveggur	100	—	100
102. Hólsfjallavegur (E 39):			
a. Jökulsá—Beitivallamór	540	665	1205
110. Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9)	600	700	1300
112. Jökuldalsvegur efri (F 12)	—	500	500
113. Jökuldalsvegur eystri (F 13)	300	—	300
114. Hróarstunguvegir (F 14—F 17)	600	460	1060
115. Fellavegur efri (F 18)	80	—	80
116. Upphéraðsvegur (F 19)	300	600	900
117. Suðurdalsv. í Fljótsdal (F 22)	—	100	100
118. Fjarðarheiðarvegur (F 23)	350	500	850

		1967	1968	Alls
120.	Úthéraðs- og Borgarfj.v. (F 25)	200	700	900
121.	Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15, F 26—F 28)	103	114	217
123.	Mjóafjarðarvegur (F 32)	150	100	250
124.	Viðfjarðarvegur (F 33)	250	—	250
126.	Breiðdalsvegur syðri (F 44)	350	—	350
127.	Axarvegur (F 45)	100	—	100
128.	Djúpavogsvegur (F 46)	400	—	400
129.	Austurlandsv. í Skaftaf. (F 1):			
	a. Austan Jökulsár á Breiðams.	420	500	920
	a. Vestan Jökulsár á Breiðams.	400	400	800
130.	Suðurlandsvegur (G 1):			
	a. Skaftáreldahraun—Hraunbr.—Djúpibr.	820	—	—
	b. Skaftáreldahraun—Dyngjur	400	1470	2690
131.	Þorlákshafnarvegur (G 6):			
	a. Við Þorlákshöfn	—	400	400
133.	Geysisvegur (G 20):			
	a. Stakksá—Neðridalur	430	—	—
	b. Tungufljót—Kjóastaðir	370	633	1433
136.	Urriðafossvegur (G 46):			
	a. Egilsstaðir—Suðurlandsv.	200	—	200
137.	Gaulverjabæjarvegur (G 41)	150	—	150
140.	Rangárvallavegur (G 55):			
	a. Keldur—Reyðarvatn	125	—	125
141.	Þingskálavegur (G 56):			
	a. Um tún á Heiði	280	—	280
142.	Fljótshlíðarvegur (G 60):			
	a. Deild—Þverá	100	300	400
143.	Út-Landeyjavegur (G 62):			
	a. Þúfuvegur—Ytri-Hóll II	107	—	—
	b. Ytri-Hóll II—Ártún	395	640	1142
144.	Álftaversvegur (G 83):			
	a. Herjólfstaðir—Hraunbær	200	200	400
145.	Búlandsvegur (G 84):			
	a. Gröf—Hvammsá	—	125	125
	Fært á II. III. 3.	25410	23942	49352

II. Til aðalfjallvega.

		1967	1968
1.	Kaldadalsvegur	200	150
2.	Kjalvegur	250	300
3.	Sprengisandsleið	350	350
4.	Fjallabaksvegur nyrðri	200	200
	Fært á II. IV. 1.	1000	1000

III. Til brúargerða.

		1967	1968
1.	**Stórbrýr:**		
	1. Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1)	10.400	
	2. Brúará hjá Spóastöðum (G 11)	4.900	
	3. Fnjóská hjá Hrísagerði (E 1)	11.800	1.700
	4. Eldvatn hjá Ásum (G 1)	3.000	
	5. Jökulsá á Sólheimas. (G 1)	12.000	

6. Djúpadalsá í Skagaf. (E 1)		
7. Hamarsá í S.-Múl. (F 1)		5.100
8. Hrútá í Öræfum (F 1)		3.600
9. Hverfisfljót í V.-Sk. (G 1)		3.700
Fært á II. V. 1.	42.100	14.100

2. Brýr 10 m og lengri:	1967	1968
1. Flókadalsá hjá Brúsholti	805	
2. Dýrastaðaá í Bf. (E 1)	1.400	
3. Reykjafjarðará í Strs. (C 37)	1.165	
4. Kjósará í Strs. (C 37)	870	
5. Svartá hjá Stafnsrétt (sýsluv.)	1.340	
6. Norðurdalsá hjá Tóarseli (sýsluv.)	1.730	
7. Holtsá undir Eyjafj. (G 1)	2.400	
8. Rauðilækur í Rvs. (G 1)	1.740	
9. Gljúfurá og Bakkárholtsá í Ölfusi (G 1)	2.000	2.000
10. Hvítá hjá Kljáfossi (B 19)		2.210
11. Staðarhólsá hjá Bjarnast. (sýsluv.)		780
12. Mjóafj.á á Vestfj.v. (C 1)		1.000
13. Kjálkafj.á á Vestfj.v. (C 1)		1.190
14. Katadalsá í V.-Hún. (sýsluv.)		430
15. Húseyjarkvísl í Skf. (sýsluv.)		1.500
16. Flókadalsá í Fljótum í Skf. (sýsluv.)		815
17. Svartá hjá Skeggjast. (sýsluv.)		1.375
18. Torfufellsá í Eyjaf. (E 13)		775
19. Laxá hjá Hólmavaði (E 27)		2.000
20. Eyvindará í Mjóaf. (F 32)		1.450
21. Breiðdalsá í Breiðdal (F 1)		900
22. Njarðvíkurá í Bf. eystra (sýsluv.)		875
23. Fellsá í Suðursveit (F 1)		2.400
Fært á II. V. 2.	13.450	19.700

	1967	1968
3. Smábrýr	6.200	6.300
Fært á II. V. 3.	6.200	6.300

III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR OG LANDSBRAUTIR, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna.

I. Hraðbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Vesturlandsvegur	24.3	25.8
2. Suðurlandsvegur	17.5	37.3
3. Hafnarfjarðarvegur	17.5	7.5

	1967	1968
4. Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	24.2	28.1
5. Reykjanesbraut (um Breiðholt)	8.0	1.3
	91.5	100.0

II. Þjóðbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Vestfjarðavegur:		
a. Sunnan Þingmannaheiðar	3.4	3.1
b. Gemlufallsheiði		1.8
c. Jarðgöng í Breiðadalsheiði	3.7	
d. Breiðadalsheiði	2.0	
2. Siglufjarðarvegur	17.5	4.4
3. Ólafsfjarðarvegur (Múlavegur)	2.4	1.2
4. Austurlandsvegur (Möðrudalur—Jökuldalur)	3.0	3.0
5. Suðurfjarðavegur (um Vattarnes)	3.7	4.1
	35.7	17.6

III. Landsbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Heydalsvegur	1.0	1.7
2. Súgandafjarðarvegur		3.1
3. Djúpvegur (Ísafj.-flugvöllur)	0.4	
4. Bolungarvíkurvegur	2.0	
	3.4	4.8

III. a. FRAMKVÆMDIR VIÐ VEG MILLI HÚSAVÍKUR OG MÝVATNS AÐ KÍSILGÚRVERKSMIÐJU

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
Vegur frá kísilgúrverksmiðju við Mývatn um Grímsstaði, Hólasand og Reykjahverfi á Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri	29.5	23.1

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Þingsályktun þessi er flutt samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 17. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, en þar er kveðið svo á, að vegáætlun skuli endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár.

Frá því vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var samþykkt, hefur ráðstöfunarfé vegasjóðs verið aukið með breytingu á vegalögum. Af þessu, svo og af verðlagsbreytingum, leiðir, að bæði tekna- og gjaldamegin í áætlun fyrir árin 1967 og 1968 þarf að gera leiðréttingar.

Hér á eftir eru skýrðir einstakir liðir tekna- og gjaldahliðar vegáætlunar, sem lagt er til að breytist. Haldið er sömu sundurliðun á einstökum liðum og í gildandi vegáætlun.

I. TEKJUÁÆTLUN

A. Benzíngjald.

Hér fer á eftir yfirlit um benzínsölu undanfarinna ára, svo og þær áætlunartölur fyrir 1967 og 1968, sem lagðar eru til grundvallar tekjuáætluninni. Salan er á grundvelli tekna af benzíngjaldi.

Benzínsala í millj. lítra 1961—1968.

	Benzínsala brúttó	Aukning benzínsölu í %
1961	54.5	
1962	57.7	5.9
1963	60.8	5.4
1964	61.4	1.0
1965	65.3	6.4
1966	69.1	5.8
1967	71.0	2.8
1968	74.6	5.0

Innflutningur benzíns með hærri oktantölu en áður er nú hafinn, og er því talið varlegt að gera ráð fyrir, að aukning benzínsölunnar verði minni í ár en ella. Meirihluti bifreiða er gerður fyrir þessa hærri oktantölu, og munu þær því nýta hið nýja benzín betur en hið eldra. Gert er því ráð fyrir minni aukningu benzínsölu í ár en ella, en meiri aukningu 1968.

Reiknað er með, að endurgreiðsla benzíngjalds verði óbreytt bæði árin og sú sama og 1966.

Meiri hluti nýrra fólksbifreiða hér er framleiddur í Evrópu, og eru þær yfirleitt sparneytnari en eldri bifreiðar, sem hverfa úr notkun. Hinar nýju vörubifreiðar eru langflestar knúnar dísilvélum, en eldri bifreiðar, sem lagðar eru niður, eru flestar knúnar benzínvélum. Þessi atriði, ásamt ýmsum fleirum, valda því, að aukning benzínsölu hefur verið mun minni en nemur fjölgun bifreiða. Á tímabilinu 1961—1965 jókst benzínsalan um 19.8%, en bifreiðum fjölgaði á sama tíma um 49.2%.

Önnur atriði, sem veruleg áhrif hafa á benzínsölu eru t. d. veðurfar, ástand vega og almennt ástand í hagkerfinu. Sumarið 1965 viðraði t. d. sérstaklega vel til sumarferðalaga, sem getur átt verulegan þátt í tiltölulega mikilli sölu benzínsins það ár.

B. Þungaskattur.

Tekjur af þungaskatti voru um 67 millj. kr. 1966. Þungaskattur dísilbifreiða hækkaði um áramótin 1965—66 til samræmis við hækkun benzíngjalds. Reiknað er með, að tekjur af þungaskatti hækki um 6% á ári 1967 og 1968.

C. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi voru 12.1 millj. kr. 1966. Þar af er sennilegt, að um ⅚ eða 10 millj. kr. sé af innfluttum hjólbörðum og slöngum, en um ⅙ eða 2 millj. kr. af innfluttum bifreiðum. Innflutningur hjólbarða hefur aukizt undanfarin ár í samræmi við fjölgun bifreiða. Gert er ráð fyrir, að tekjur af gúmmígjaldi aukist um 9% á þessu ári, en um 11% 1968 vegna hins mikla innflutnings bifreiða 1966, en búast má við mikilli endurnýjun hjólbarða á tveggja ára gömlum einkabifreiðum.

D. Ríkisframlag.

Á þessum vetri hafa orðið stórtjón á ýmsum vegmannvirkjum af völdum veðra og náttúruhamfara. Má þar t. d. nefna brýrnar á Jökulsá á Sólheimasandi og Eldvatni.

Verður því ekki hjá því komizt að taka, við endurskoðun vegáætlunar nú, upp í gjaldaáætlunina verk, aðallega brúargerðir, sem ekki eru í gildandi vegáætlun.

Hinir föstu tekjustofnar vegasjóðs hrökkva ekki til að mæta slíkum stóráföllum, sem hér er um að ræða, og er því ráðgert, að 27 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs renni til vegasjóðs árið 1967.

E. Eftirstöðvar tekna fyrri ára.

Um skýringar vísast til kafla X. Halli á vegáætlun, bls 21.

II. UM SKIPTINGU ÚTGJALDA

I. Stjórn og undirbúningur.

1. **Launagreiðslur:**

Launagreiðslur fastra starfsmanna, eins og gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir, verða eins og hér segir í þús. kr.

	1967	1968
Laun fastra starfsm. skv. vegáætlun	7.660	7.870
Laun nýrra fastra starfsm., sem ekki eru heimilaðir í gildandi vegáætlun	542	1.074
	8.102 þús. kr.	8.944 þús. kr.

Lagt er til, að nýir fastir starfsmenn verði ráðnir á árunum 1967 og 1968, eins og hér segir:

	1967	1968
Aðalverkstjóri 17 fl.	1	1
Verkstjóri 14 fl.	1	1
Verkfræðingur 22 fl.	1	1

Aðalverkstjórar og verkstjórar, sem lagt er til að ráðnir verði sem fastir starfsmenn, hafa starfað hjá Vegagerð ríkisins allt árið um langt árabil. Er því ekki um neina útgjaldaaukningu fyrir vegagerðina að ræða við þá breytingu, þar sem launaliður hækkar sem launum þeirra nemur, en fé til framkvæmda lækkar að sama skapi.

Verkfræðingar þeir, sem lagt er til, að ráðnir verði, eru nýir starfsmenn. Hefur reynsla undanfarinna ára sýnt, að mikil þörf er á auknu starfsliði við undirbúning áætlana til margra ára, sérstaklega varðandi hraðbrautir, og einnig krefjast aukin útboð á verkum mjög aukinnar vinnu verkfræðinga.

2. **Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og ekkna þeirra:**

Í gildandi vegáætlun eru veittar 600 þús. kr. á þessum lið út áætlunartímabilið. Hefur þessi upphæð verið óbreytt frá 1962. Á s. l. ári nutu styrkja alls 18 verkstjórar og 6 verkstjóraekkjur. Kom því í hlut hvers um sig um 25 þús. kr. Hefur sú upphæð verið óbreytt í 4 ár.

Ef miðað væri við, að verkstjórar og ekkjur þeirra fengju 60% af fullum eftirlaunum miðað við 12. launaflokk, út frá því sjónarmiði, að þeir hafa ekki greitt neitt í lífeyrissjóð, þá hefði fjárveitingin á s. l. ári þurft að vera um 1.1 millj. kr., þegar frá eru dregnir styrkir til sömu aðila á 18. gr. fjárlaga.

Virðist því full sanngirni mæla með því, að eftirlaun til verkstjóra og ekkna þeirra verði miðuð við 60% af fullum eftirlaunum samkv. 12. launaflokki.

Er tillaga um fjárveitingu miðuð við það og þá reiknað með 19 verkstjórum og 6 ekkjum 1967 og 24 verkstjórum og 6 ekkjum 1968.

3. **Skrifstofukostnaður:**

Skrifstofukostnaður er áætlaður 2.9 m.kr. með hliðsjón af reynslu ársins 1965 og 1966. Stafar sú hækkun frá gildandi vegáætlun af hækkuðum kostnaði almennt og einnig af því, að vegna skorts á starfsfólki hefur orðið að greiða talsvert fyrir aukavinnu.

4. **Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda:**

Með hliðsjón af reynslu undanfarinna tveggja ára er lagt til, að fjárveiting þessi verði hækkuð um 500 þús. kr. árið 1967 og 1000 þús. kr. 1968, m. a. með hliðsjón af því, að á því ári þarf að undirbúa nýja vegáætlun 1969—1972.

5. **Umferðartalning og vegaeftirlit:**

1. *Umferðartalning:*

Í vegalögum frá 1963 er gert ráð fyrir flokkun vega eftir umferðarmagni. Strax á árinu 1964 og síðan hefur verið haldið uppi kerfisbundnum umferðartalningum um land allt. Hafa til þess verið notaðir umferðarteljarar, sem ýmist þarf að lesa af daglega eða sjálfritandi teljarar, sem lesa þarf af vikulega. Hefur reyndin orðið sú, að fela hefur orðið sérstökum starfsmanni að annast umferðartalningu, þar sem teljararnir eru frekar vandmeðfarnir. Á aðalvegum út frá Reykjavík er þó komið fyrir föstum sjálfritandi teljurum á hraðbrautum. Af þeirri reynslu, sem fengizt hefur af umferðartalningum undanfarin 3 ár, er ljóst, að auka þarf þær verulega til þess að fá öruggan tölulegan grundvöll fyrir endurbyggingu vegakerfisins og flokkun vega í samræmi við ákvæði vegalaga.

Kostnaður við umferðartalningar var árið 1965 um 300 þús. kr.

2. *Umferðareftirlit:*

Í umferðarlögum nr. 26/1958 er heimiluð umferð bifreiða með allt að 6 tonna öxulþunga og 2.35 m hámarksbreidd um alla opinbera vegi. Vegamálastjóri getur þó heimilað undanþágur frá þessum öxulþunga og þessari hámarksbreidd á einstökum vegarköflum, miðað við burðarþol vega og brúa.

Í framkvæmd var þessu hagað svo, að gefnar voru út almennar undanþágur um 9.5 tonna öxulþunga og 2.5 m hámarksbreidd á fjölförnustu og breiðustu vegum á Suðvesturlandi, og nær sú undanþága frá Akranesi að Hvolsvelli og um Suðurnes. Einnig var heimilaður 7 tonna öxulþungi á leiðinni Akranes—Húsavík, á nokkrum vegarköflum á Vestfjörðum og Austurlandi.

Eftirlit með því, að þessum sem og öðrum ákvæðum umferðarlaga sé framfylgt, er að sjálfsögðu í höndum lögregluyfirvalda á hverjum stað og þá sérstaklega vegalögreglunnar.

Í framkvæmd hefur raunin orðið sú, að lögregluyfirvöld hafa mjög lítið getað sinnt eftirliti með öxulþungaákvæðum umferðarlaganna sökum mannfæðar og tækjaskorts. Þegar takmarka hefur þurft leyfðan öxulþunga sérstaklega vegna aurbleytu að vorlagi, hefur Vegagerð ríkisins orðið að leggja til vigtir, menn og bifreiðar til þess að fylgjast með þunga bifreiða, en fengið aðstoð lögreglu til að stöðva bifreiðar og skrifa skýrslur. Kostnaður við eftirlit með þungatakmörkunum árið 1965 var um 300 þús. kr. og hefur væntanlega orðið a. m. k. sú upphæð á s. l. ári. Hefur þessi kostnaður verið greiddur af viðhaldsfé þjóðvega.

Þegar bifreiðar hafa verið vigtaðar á ýmsum leiðum í sambandi við takmarkanir á leyfðum öxulþunga vegna holklaka að vorlagi og nokkrum öðrum tilvikum, þá hefur komið í ljós, að flestar vörubifreiðar, og þá sérstaklega bifreiðar, sem stunda vöruflutninga milli fjarlægra staða, eru með öxulþunga

langt fram yfir það, sem lög leyfa og bifreiðar þessar eru skráðar fyrir. Eru mörg dæmi þess, að á leiðum, þar sem leyfður er 7 tonna öxulþungi, séu bifreiðar með 12—16 tonna öxulþunga. Á leiðum í nágrenni Reykjavíkur, þar sem leyfður er 9.5 tonna öxulþungi, er algengt, að bílar séu teknir með 16—20 tonna öxulþunga á einfaldan öxul.

Til skýringar má geta þess, að mesti leyfður öxulþungi á opinberum vegum í heiminum mun vera á einstökum vegum í Evrópu 13 tonn á einfaldan öxul, en á flestum beztu vegum er hámarkið þó enn víðast 10 tonn á öxul og víðast mun lægra.

Eftir að innflutningur bifreiða var gefinn frjáls árið 1961, hafa menn getað flutt inn og fengið skrásettar vörubifreiðar með hvaða burðarmagni sem er, ef þær aðeins voru af löglegri breidd, þ. e. 2.35 m. Eru þess einnig dæmi, að skrásettar séu vörubifreiðar með það miklu burðarmagni og þar með eiginþunga, að þær geta víðast hvar á landinu aðeins flutt 2—3 tonn, ef þær eiga að vera með leyfilegum öxulþunga.

Hvernig þróunin hefur verið í innflutningi vörubifreiða má glögglega lesa úr bifreiðaskýrslum. Skipting vörubifreiða eftir burðarmagni í árslok 1960 og 1966 hefur verið eins og hér segir, og er þó sleppt sendiferðabifreiðum, sem hafa burðarmagn 1—2 tonn.

Burðarmagn:

	2—5 t	%	5—7 t	%	Yfir 7 t	%	Alls
Árslok 1960	2732	81.6	413	12.3	214	6.1	3359
Árslok 1966	1884	47.7	1346	34.1	722	18.2	3952

Á þessu má sjá, að bifreiðar með yfir 5 tonna burðarmagn hafa á þessu 6 ára tímabili aukizt úr 18.4% í 52.3% af öllum vörubifreiðum. Fjöldi bifreiða með yfir 7 tonna burðarmagn hefur nær þrefaldazt á tímabilinu. Þegar aðgætt er, að bifreið með 5 tonna burðarmagn vegur hlaðin um 10 tonn og er þá að jafnaði með 6 tonna öxulþunga á afturöxli, þá er augljóst, hvernig muni vera með öxulþunga þeirra bifreiða, sem hafa mun meira burðarmagn. Hér við bætist, að við vöruflutninga á langleiðum hlaða menn iðulega bifreiðarnar langt fram yfir það, sem þær eru byggðar fyrir, og er þá augljóst mál, hvaða hætta er því samfara fyrir allan öryggisbúnað bifreiðanna.

Áhrifum þessara þungaflutninga á gamla og veikbyggða malarvegi er óþarfi að lýsa í löngu máli. Hinar ofhlöðnu bifreiðar rista vegina iðulega í sundur á löngum köflum, einkum að vorlagi, þegar burðarþol veganna er minnst.

Nú er raunar svo komið, að gildandi ákvæði um öxulþunga eru orðin dauður bókstafur, þar sem mest af þessum bifreiðum, sem notaðar eru í vöruflutningum á langleiðum, yrðu að aka nær tómar, ef fara ætti eftir þeim ákvæðum. Öllum gætnari mönnum, sem stunda vöruflutninga á langleiðum, er þetta ljóst og myndu fagna því, ef öxulþungaákvæðin væru rýmkuð, en þeim þá jafnframt framfylgt með ströngu eftirliti.

Eina færa leiðin úr þeim vanda, sem þessi mál eru komin í, virðist vera sú að rýmka ákvæðin um leyfðan öxulþunga nokkuð frá því, sem nú er, þannig að nýta megi hóflega þann bifreiðakost, sem fyrir hendi er innan löglegra marka. Hins vegar er þá teflt mjög tæpt um öryggi vega og þá einkum brúa. Verður slíkt því ekki framkvæmanlegt, nema komið sé upp öflugu eftirliti með því, að settum reglum verði hlýtt.

Miðað við þá reynslu, sem þegar er fengin, þá virðist mjög hagkvæmt að sameina umferðartalningu og eftirlit með þungatakmörkum. Er nauðsynlegt að auka hvort tveggja verulega frá því, sem nú er. Er því gerð tillaga um, að tekin verði upp sérstök fjárveiting undir liðnum Umferðartalning og vegaeftirlit að upphæð 1.2 millj. kr. Er í þessum kostnaði í ár reiknað með kaupum á nýjum vigtum og umferðarteljurum að upphæð 200 þús. kr.

II. Viðhald þjóðvega.

1. **Viðhaldskostnaður þjóðvega:**

Í vegáætlun fyrir 1967 eru veittar 102.75 millj. kr. til vegaviðhalds og árið 1968 108.0 millj. kr. Þessar fjárveitingar voru byggðar á vísitölu viðhaldskostnaðar í marz 1965, sem var 489 stig miðað við 100 árið 1949. Í áætlunum um viðhaldskostnað fyrir þessi ár var miðað við vetrarviðhaldskostnað að upphæð 7 millj. kr. Einnig var þar miðað við, að lengd akfærra þjóðvega yrði 8820 km 1967, en 8840 km 1968.

Vísitala viðhaldskostnaðar í ágúst s. l. var 570 stig. Hinn 1. sept. s. l. hækkaði kaupgjaldsvísitalan úr 185 í 188 stig, og við það hækkar vísitala viðhaldskostnaðar úr 570 í 571 stig, en með hliðsjón af lögum um verðstöðvun er ekki reiknað hér með annarri hækkun. Bein hækkun á fjárveitingu til vegaviðhalds frá vegáætlun í ár vegna hækkunar á viðhaldsvísitölu er 16.75%, þ. e. hækkun úr 489 í 571 stig. Nemur þessi hækkun því 17.2 millj. kr.

Kostnaður við vetrarviðhald, þ. e. snjómokstur og klakahögg, hefur verið afar breytilegur undanfarin ár, sem öll hafa þó verið frekar snjólétt að undanskildu s. l. ári, eins og sjá má af eftirfarandi yfirliti.

Ár	Vetrarviðhald, des. apr. í millj. kr.	Vísitala viðhalds, 1. ág. hvert ár	Vetrarviðhald, á vísitölu 1. febr.'67
1965	6.8	531	7.3
1966	17.0	570	17.0

Meðaltal kostnaðar við vetrarviðhald undanfarin 2 ár hefur því verið um 12.2 millj. kr. á ári miðað við verðlag 1. febrúar í ár. Öll þessi ár hefur snjómokstur verið framkvæmdur samkvæmt reglum, sem settar voru árið 1958. Samkvæmt þeim reglum greiðir Vegagerð ríkisins allan kostnað við snjómokstur á 1337 km eða 15.7% af vegakerfinu og einnig kostnað við opnun vega á vorin og oftast fyrsta mokstur á haustin. Á öðrum vegum er því aðeins mokaður snjór, að helmingur kostnaðar fáist greiddur úr héraði.

Fyrir það fé, sem varið hefur verið til snjómoksturs undanfarin ár, hefur mun meira fengizt síðari árin vegna betri tækja. Þannig er árið 1962 enginn veghefill til með snjótönn framan á hefli, en nú eru 25 vegheflar með þessum búnaði. Einnig hafa 7 dráttarbifreiðar verið búnar snjóplógum og einnig nokkur önnur tæki. Með þessu móti hefur tekizt að lækka kostnað við snjómokstur verulega, þar sem vegheflar og bílar eru mun fljótvirkari tæki en jarðýtur, ef ekki er um mikið fannfergi að ræða.

Sökum mjög breyttra aðstæðna á ýmsa lund má segja, að nauðsynlegt sé að endurskoða reglurnar um snjómokstur frá 1958. Má í því sambandi nefna, að mörg mjólkurbú hafa verið byggð í héruðum, þar sem engin slík starfsemi var áður. Byggðir hafa verið nýir flugvellir, sem þjóna eiga heilum byggðarlögum, eins og t. d. á Patreksfirði og Raufarhöfn. Opnazt hafa alveg nýjar leiðir með nýjum vegum, eins og fyrir Ólafsvíkurenni og Búlandshöfða, um fjallið Hálfdán milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar, um jarðgöng til Siglufjarðar og um Múla til Ólafsfjarðar, svo að nokkuð sé nefnt.

Gert er ráð fyrir, að reglur um greiðslu kostnaðar við snjómokstur frá 1958 verði rýmkaðar nokkuð á þessu ári og að sú breyting gangi í gildi á hausti komanda. Áætlað er, að þessi breyting hafi í för með sér 1 millj. kr. útgjöld í ár, en 5.0 millj. kr. á næsta ári.

Hækkun á kostnaði við snjómokstur er í ár áætlaður 2 millj. kr. hærri umfram meðaltal kostnaðar 1965 og 1966, þar sem sýnilegt er, það sem af er árinu, að kostnaður við snjómokstur í ár verður a. m. k. 14 millj. kr. vegna óvenjulegra snjóþyngsla. Þessi hækkun fyrir árið 1968 er hins vegar miðuð við meðaltal undanfarin 2 ár.

Haustið 1965 urðu miklar skemmdir á vegakerfinu vegna flóða í október og nóvember, eins og greint er frá í skýrslum um framkvæmd vegáætlunar 1965 og 1966. Viðgerð á þessum skemmdum kostaði um 4 millj. kr., og féll mestur hluti þess kostnaðar á árið 1966.

Í janúar þessa árs urðu enn á ný stórfelldar skemmdir vegna stórflóða á Suður- og Vesturlandi og einnig á Norðurlandi. Bráðabirgðaviðgerðum er nú að mestu lokið, en fullnaðarviðgerð verður að bíða til vors. Yfirlit um tjón af þessum flóðum er enn ekki fyrir hendi, en það mun væntanlega verða svipað og af flóðunum haustið 1965. Verður því ekki hjá því komizt að ætla fé til greiðslu þessa kostnaðar í vegáætlun í ár.

Hér er ekki gerð nein tillaga um hækkun á viðhaldskostnaði vegna náttúruhamfara á árinu 1968, þar sem gert er ráð fyrir, að slíkur kostnaður verði greiddur, svo sem verið hefur eða með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, ef til kemur.

Eins og greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1966, var tekið 5.5 millj. kr. bráðabirgðalán hjá Landsvirkjun til styrkingar Suðurlandsvegar í Flóa. Lán þetta er til 3 ára með 9% vöxtum. Greiðslur vaxta og afborgana verða um 1.8 millj. kr. 1967 og 3.2 millj. kr. 1968.

Í eftirfarandi yfirliti eru dregnar saman þær hækkanir á viðhaldskostnaði áranna 1967 og 1968, sem koma til viðbótar fjárveitingu til vegaviðhalds í gildandi vegáætlun þessara ára (upphæðir í millj. kr.):

		1967		1968
Fjárveiting í vegáætlun		102.8		108.0
Hækkanir:				
1. Vegna hækkunar viðhaldsvísitölu úr 489 í 571 stig	17.2		18.0	
2. Hækkun á kostn. við snjómokstur skv. meðaltali áranna 1965—1966	7.2		5.2	
3. Hækkun á kostn. við snjómokstur við breytingu á reglum frá 1958	1.0		5.0	
4. Hækkun vegna náttúruhamfara 1967	4.0			
5. Greiðslur af bráðabirgðaláni vegna Suðurlv. í Flóa	1.8	31.2	3.2	31.4
		134.0		139.4

2. **Vegmerkingar samkv. umferðarlögum:**

Lagt er til, að fjárveiting þessi verði hækkuð um 200 þús. kr. árið 1967 og 200 þús. kr. árið 1968. Er hækkunin fyrst og fremst til þess að mæta verðhækkunum, sem orðið hafa síðan áætlunin var gerð. Kostnaður við færslu á vegmerkjum vegna breytingar í hægri akstur 1968 er gert ráð fyrir, að verði greiddur af sérstakri fjárveitingu vegna þeirrar breytingar.

3. **Tryggingar, orlof o. fl.:**

Í vegáætlun hafa verið sérstakar fjárveitingar til greiðslu iðgjalds af slysatryggingum, orlofs og gjalds til atvinnuleysistryggingasjóðs (liðir X, XI og XII í vegáætlun). Seinustu árin hafa bætzt við fleiri gjöld sama eðlis, eins og launaskattur, sjúkrasjóðsgjald og gjald til orlofsheimila verkalýðsfélaga.

Til þess að fá fram raunverulegan kostnað við einstök verk, þá væri eðlilegast að reikna öll þessi gjöld beint með öðrum kostnaði. Ekki hefur þó þótt tiltækilegt að gera það nú, en í þess stað hefur liðum X, XI og XII í vegáætlun verið skipt niður hlutfallslega á framkvæmdaliði í vegáætlun (liðir II—V) og sá liður nefndur tryggingar, orlof o. fl.

III. Til þjóðvega.

1. **Til hraðbrauta:**

Fjárveitingar til hraðbrauta eru óbreyttar frá gildandi vegáætlun eða 10 millj. kr. hvort áranna 1967 og 1968, og skiptist sú fjárveiting eins og áður, þ. e. 6.8 millj. kr. til Reykjanesbrautar og 3.2 millj. kr. til Austurvegar.

Unnið er nú að því að ljúka lagningu Reykjanesbrautar ofan Hafnarfjarðar, og verður því verki lokið í ár. Er kostnaður við þær framkvæmdir ásamt greiðslum fyrir landspjöll o. fl. áætlaður 12.7 millj. kr. Nettótekjur af umferðargjaldi eru áætlaðar 14.0 millj. kr. 1967 og 15.0 millj. kr. 1968.

Föst lán vegna hraðbrauta voru 237.6 millj. kr. í árslok 1966. Greiðslur vaxta og afborgana af þessum lánum verða 42.2 millj. kr. árið 1967 og 47.1 millj. kr. 1968.

2. **Til þjóðbrauta:**

Beinar fjárveitingar til þjóðbrauta eru hækkaðar um 6.2 millj. kr., sem skiptast þannig:

Grundarfjarðarvegur	1.2	millj.	kr.
Vesturlandsvegur í Gilsfirði	1.3	—	—
Strandavegur sunnan Hólmavíkur	0.7	—	—
Austurlandsvegur	3.0	—	—
Alls	6.2	millj	kr.

Allar þessar fjárveitingar eru við það miðaðar að ljúka ákveðnum vegarköflum, sem valda sérstökum erfiðleikum vegna vetrarumferðar, og í því sambandi ekki hvað sízt vegna læknisþjónustu og mjólkurflutninga um tvo fyrstnefndu vegina. Á Strandavegi er fjárveitingin til greiðslu lána, sem sýslunefnd tók á s. l. ári til þess að fá nothæft vegarsamband að vetri til milli sveitarinnar og kauptúnsins. Á Austurlandsvegi er fyrst og fremst ætlazt til þess, að þetta fé fari til að tryggja samband um Breiðdalsheiði og Hróarstungu til Egilsstaða vegna læknisþjónustu og samgangna við flugvöll. Að öðru leyti eru fjárveitingar til einstakra vega óbreyttar.

Framkvæmdir í Vestfjarðavegi eru fyrirhugaðar í samræmi við Vestfjarðaáætlun, bæði sunnan Þingmannaheiðar og um Breiðadalsheiði.

Í Siglufjarðarvegi er áætlað, að gerð jarðganga verði lokið í sumar og vegur fullgerður inn að Lambanesreykjum, og eru þær framkvæmdir að mestu fyrir lánsfé samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Föst lán á þjóðbrautum voru í árslok 1966 alls 60.0 millj. kr. Afborganir og vextir af þessum lánum verða 9.9 millj. kr. árið 1967, en 9.7 millj. kr. árið 1968.

3. **Landsbrautir:**

Fjárveitingar til landsbrauta eru hækkaðar um 800 þús. kr., en eru að öðru leyti óbreyttar frá fyrri áætlun. Þessi hækkun er ætluð til Strandavegar í Árneshreppi til greiðslu lána, sem hreppsnefnd hefur tekið til þess að koma á ófullkomnu vegarsambandi og til þess að tengja brýrnar á Kjósará og Reykjafjarðará, sem byggja á í ár, við veginn. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að hafís getur útilokað Árneshrepp frá öllum samgöngum nema á landi.

4. **Til girðinga og uppgræðslu með vegum:**

Með girðingalögum frá 1965 eru lagðar verulega auknar kvaðir á veghaldara að kosta að öllu leyti girðingar með gömlum vegum, þegar lönd eru

tekin til ræktunar meðfram þeim. Sama gildir um uppsetningu á ristarhliðum, þegar girt er milli hreppa eða afréttar og heimalanda. Engar fjárveitingar hafa verið til þess að mæta þessum kröfum á vegum, sem búið er að leggja, og engin leið til þess að mæta þeim nema með sérstakri fjárveitingu.

Þá er á þessum lið einnig ætlað nokkurt fé til þess að græða upp flög með vegum, sem þegar hafa verið lagðir og veruleg hætta er á uppblæstri lands.

Samkvæmt 59. gr. vegalaga og einnig samkvæmt ákvæðum í jarðræktarlögum er veghaldara skylt að græða upp jarðrask vegna vegagerðar. Þar sem oftast er ekki hægt að framkvæma uppgræðslu, fyrr en ári eftir að verki er lokið, þá hefur mun minna verið gert af þessu en skyldi.

Á s. l. ári gerði Landgræðsla ríkisins talsverðar tilraunir með uppgræðslu á flögum með vegum á mismunandi landi á vegum Vegagerðar ríkisins og gáfu þær góða raun. Er ráðgert að kaupa til þessarar uppgræðslu hentug tæki og láta Landgræðsluna annast verkið. Er áætlað, að um þriðjungur fjárveitingar á þessum lið fari til uppgræðslu í ár.

IV. Til fjallvega o. fl.

1. **Til aðalfjallvega:**

Þar sem fjárveiting til aðalfjallvega er fyrst og fremst fólgin í viðhaldskostnaði þessara vega, þá er lagt til, að fjárveitingin í heild hækki um 13%, sem er nokkru minna en hækkun á viðhaldskostnaði nemur, frá því að vegáætlun var samin.

2. **Til annarra fjallvega:**

Lagt er til, að þessi fjárveiting hækki í svipuðu hlutfalli og fjárveiting til aðalfjallvega af sömu sökum og þar er tilgreint.

3. **Til reiðvega:**

Lagt er til, að fjárveitingin verði óbreytt.

4. **Til ferjuhalds:**

Lagt er til, að fjárveitingin lækki um 5 þús. kr., þar sem ferjuhald á Jökulsá á Breiðamerkursandi leggst niður á þessu ári.

V. Til brúargerða.

Brúargerðarkostnaður hefur hækkað, síðan vegáætlun var samin í marz 1965, og hafa áætlanir verið leiðréttar með tilliti til þess. Tekið skal þó fram, að á einstöku brúm er þessi hækkun minni, en á öðrum meiri, þar sem fullnaðarmælingar og botnrannsóknir lágu ekki fyrir um margar brýr, sem byggja átti á árunum 1967 og 1968, þegar vegáætlun var samin. Einnig var við afgreiðslu vegáætlunar á Alþingi 1965 veitt fé til nokkurra brúa, sem engar eða þá mjög ófullkomnar kostnaðaráætlanir höfðu verið gerðar um.

1. **Til stórbrúa:**

1. *Jökulsá á Breiðamerkursandi.*
Hækkun á áætluðum kostnaði stafar eingöngu af verðhækkunum.

2. *Brúará hjá Spóastöðum.*
Byggingu þessarar brúar var frestað á s. l. ári vegna athugana á öðrum brúarstæðum, er betur gætu samrýmzt framtíðarskipulagi í Skálholti en endurbygging brúarinnar skammt ofan við gömlu brúna.

Niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að horfið mun frá því að færa þjóðveginn hjá Skálholti suður og vestur fyrir staðinn. Er þá tæpast lengur ástæða til þess að færa brúna neðar af þeim sökum.

Hækkun á kostnaðaráætlun umfram verðhækkun stafar af því, að botnrannsóknir á brúarstæðinu hafa leitt í ljós mun erfiðari aðstæður en áætlað hafði verið.

3. *Fnjóská hjá Hrísagerði.*

Í vegáætlun var gert ráð fyrir, að ný brú á Fnjóská yrði með einni akrein. Umferðartalningar á þessari leið sýna nú, að meðalumferð um sumarmánuðina er um 500 bílar á dag. Af því leiðir, að þessi vegur er kominn í hraðbrautaflokk og því óhjákvæmilegt að byggja brúna með tveimur akreinum. Eykur það kostnaðinn nær því um helming. Er ráðgert að byggja brúna að mestu í ár, en henni verður þó ekki að fullu lokið fyrr en árið 1968, og er fjárveiting til þess tekin á það ár.

4. *Brú á Eldvatn hjá Ásum.*

Ný brú var byggð á Eldvatn hjá Ásum árið 1965. Var sú brú 54 m löng og kom í stað 24 m langrar járnbitabrúar með timburgólfi, sem byggð var árið 1910. Þessi nýja brú var byggð við hliðina á gömlu brúnni, sem var svo rifin. Þessi nýja brú átti einnig að leysa af hólmi járngrindabrú frá 1930 hjá Stóra-Hvammi og veginum austur Eldhraun breytt í samræmi við það.

Í hlaupi, sem kom í Skaftá í lok nóvember 1966, sópaðist burtu klettur í miðri ánni, sem gamla brúin hafði staðið á og einn af millistöplum nýju brúarinnar einnig. Við þetta seig brúin mikið og varð ófær til umferðar. Í flóðinu lækkaði farvegur árinnar um 5 m og foss, sem verið hafði nokkuð neðan við brúna, færðist upp fyrir hana.

Við könnun á þykkt hraunhellunnar, sem er austan við ána, kom í ljós, að hún er 15 m þykk, en undir henni er 7 m þykkt lag af jarðvegi. Hefur sá jarðvegur verið fyrir, þegar hraunið rann fram með Skaftártungu 1789. Engin leið var að sjá þetta fyrir, þar sem hvergi í gljúfrinu var annað að sjá þarna en heila klöpp.

Í lok janúar hrundi annar millistöpull brúarinnar, sem stóð á austurbakka árinnar, og þá hrundi öll yfirbygging brúarinnar. Ráðgert er að endurbyggja brúna á sama stað, en lengja hana um 10 m austur á hraunið, en nota stöplana að vestan. Er kostnaður við þetta áætlaður 3 millj. kr.

5. *Brú á Jökulsá á Sólheimasandi.*

Brúin á Jökulsá á Sólheimasandi var byggð á árunum 1921—1922 og var þá höfð 200 m löng vegna jökulhlaupa, sem komu í ána.

Farvegur árinnar er mjög grýttur á brúarstæðinu, og þegar brúin var byggð, voru engin tök á að grafa djúpt fyrir stöplum, þar sem beita varð eingöngu handverkfærum.

Af þessum sökum hefur áin grafið undan stöplum nokkrum sinnum. Árið 1945 lokaðist brúin á aðra viku af þessum sökum, og seig þá landstöpull að austan um 1 metra. Haustið 1965 hrundi vesturlandstöpull brúarinnar, og var hún þá stytt um eitt haf eða 20 m. Í janúar s. l. gróf enn á ný undan einum millistöpli með þeim afleiðingum, að öll umferð tepptist á aðra viku.

Þar sem brúin á Jökulsá er eina samgönguleiðin fyrir alla byggðina í Vestur-Skaftafellssýslu, þá er óhjákvæmilegt að endurbyggja brúna þegar á þessu ári, því að í nýju flóði gæti hæglega farið svo, að brúin hryndi alveg, og það gæti tekið marga mánuði að koma upp bráðabirgðabrú.

Er nú ráðgert að endurbyggja brúna nokkuð neðan við gömlu brúna, þar sem reka má staura undir stöpla. Er kostnaður við þessa brúargerð áætlaður um 12 millj. kr.

6. *Brú á Djúpadalsá í Skagafirði.*

Brú þessi var upphaflega áætluð á 3.1 millj. kr. án vega og varnargarða. Við afgreiðslu á vegáætlun var þessi upphæð lækkuð í 1.5 millj. kr. Nú er talið nauðsynlegt vegna umferðar að hafa brúna með 2 akreinum og byggja mjög dýra varnargarða. Verður kostnaður við þetta ásamt nauðsynlegum breytingum á vegi 9—10 millj. kr. Er því lagt til, að byggingu þessarar brúar verði frestað til 1969.

7., 8. og 9. *Brýr á Hamarsá, Hrútá og Hverfisfljót.*

Við þessar brýr er eingöngu um að ræða endurskoðun á áætlunum vegna verðbreytinga.

2. Til brúa 10 m og lengri:

Við þessar brýr er eingöngu um hækkanir að ræða vegna breytts verðlags með tveimur undantekningum.

5. *Brú á Svartá hjá Stafnsrétt.*

Fjárveiting til þessarar brúar í vegáætlun er 500 þús. kr., og mun sú fjárveiting vera byggð á hreinni ágizkun. Brú þessi þarf að vera 18 m löng og er áætluð á 1340 þús. kr. Brú á þessum stað á Svartá kemur efsta bæ í Svartárdal, Fossum, að engu gagni vegna þess að byggja þarf brú á Fossá til þess að komast að bænum þessa leið, og yrði þó aðeins um sumarveg að ræða, þar sem vegurinn norðan Stafnsréttar liggur um þröngt klif, sem mjög dýrt yrði að leggja veg um og myndi teppast í fyrstu snjóum. Brúin hjá Stafnsrétt hefur því eingöngu þýðingu, þegar réttað er í Stafnsrétt.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur samþykkt að óska eftir brú á Svartá norðan við umrætt klif, en þar þarf brúin að vera 27 m löng og er áætluð á 1825 þús. kr. Sú brú yrði á sýsluvegi að Fossum, en kæmi ekki að gagni fyrir fjárrekstra í Stafnsrétt.

Hér er kostnaður við brú á Svartá hjá Stafnsrétt færður til rétts verðs, þó að hæpið verði að telja að byggja svo dýra brú fyrir jafn takmörkuð afnot og þar verður.

7. *Brú á Holtsá undir Eyjafjöllum.*

Brú þessi var byggð á s. l. ári fyrir fjárv. Brúarár. Auk verðhækkana bætist við um 540 þús. kr. kostnaður vegna þess, að nauðsynlegt var að grafa nýjan farveg fyrir ána neðan brúar til þess að koma í veg fyrir, að áin flæði yfir bakka og skemmi lönd margra jarða, þ. á. m. margra ríkisjarða.

9. *Gljúfurholtsá og Bakkárholtsá í Ölfusi.*

Endurbygging þessara brúa var ekki áður í vegáætlun, en talið er óhjákvæmilegt að endurbyggja þær í ár vegna flutninga á þungum vélahlutum að Búrfellsvirkjun, en brýr þessar eru 41 ára gamlar og hafa verið verulegur farartálmi um langt skeið.

Verða brýr þessar byggðar með 2 akreinum og munu falla inn í framtíðarveglínu milli Hveragerðis og Selfoss.

Er áætlað að byggja báðar brýrnar í ár, en að Landsvirkjun muni aðstoða við greiðslu á helmingi kostnaðar til næsta árs.

Um brýr nr. 10—23 er aðeins um endurskoðun á áætlunum að ræða vegna breytts verðlags. Það á þó ekki við um brú á Húseyjarkvísl á sýsluvegi í Skagafirði. Engin áætlun lá fyrir um þá brú, þegar vegáætlun var samin, og því aðeins um byrjunarfjárveitingu að ræða.

3. **Til smábrúa:**

Þessar fjárveitingar hækka mjög lítið. Fjárhagsgeta vegasjóðs leyfir ekki meiri hækkun að sinni.

VI. Til sýsluvegasjóða.

Á árinu 1966 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. gr. vegalaga 6.170 þús. kr., en samkv. 23. gr. 405 þús. kr. eða samtals 6.575 þús. kr. Samkvæmt 28. gr. vegalaga á þá framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1967 að vera a. m. k. 13.2 millj. kr., sem er 1.3 millj. kr. hærra en gert er ráð fyrir í vegáætlun.

Innheimta sýsluvegasjóðsgjalda samkv. 21. gr. var árið 1966 miðuð við meðaltímakaup almennra verkamanna hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1965, sem var kr. 42.07 á klst. Sömu gjöld hefði, að öllu óbreyttu, átt að innheimta á árinu 1967 miðað við meðaltímakaupið 1. des. 1966, sem var kr. 46.76 á klst., og er það 11.2% hækkun frá 1965. Hins vegar hefur með heimild í lögum nr. 86/1966 verið ákveðið, að sýsluvegasjóðsgjald samkv. 21 gr. vegalaga skuli á árinu 1967 innheimt miðað við sama meðaltímakaup og árið 1966 eða kr. 42.07 á klst.

Tekjur sýsluvegasjóðanna 1967 samkv. 21. gr. verða því óbreyttar að mestu, en reiknað er þó með aukningu, sem nemur 1% fólksfjölgun í sýslunum á ári. Gert er ráð fyrir, að tekjur samkv. 23. gr. verði óbreyttar 1967 og 1968.

Samkvæmt framangreindum forsendum verða tekjur sýsluvegasjóðanna og greiðslur vegasjóðs til þeirra eins og hér segir (þús. kr.):

Ár	Tekjur samkv. 21. gr.	Tekjur samkv. 23. gr.	Tekjur í héraði alls	Framlag vegasjóðs	Heildartekjur
1967	6230	405	6635	13.200	19.835
1968	6300	405	6705	13.300	20.005

VII. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12.5% af heildartekjum vegasjóðs. Auk 12.5 % af heildartekjum vegasjóðs árið 1967, sem áætlaðar eru 350.1 millj. kr., koma til skipta á því ári 12.5% af mismuninum á raunverulegum heildartekjum vegasjóðs 1966, sem áætlað er, að verði 305.7 millj. kr., og tekjum samkv. vegáætlun, sem áætlaðar voru 254.4 millj. kr. í vegáætlun og skiptingin 1966 var miðuð við. Nemur þessi upphæð 6.41 millj. kr.

Heildarframlag samkv. 32. gr., 10% frádráttur samkv. 34. gr. og framlag til skipta samkvæmt íbúatölu verður þá, svo sem hér segir:

		1967	1968
1.	Framlag samkv. 32. gr.		
	1967: 12.5% af 51.3+350.1 = 401.4 ..... millj. kr.	50.16	
	1968: 12.5% 342.0 ..... —		42.75
2.	Frádráttur samkv. 10. gr. 10% ..... —	5.02	4.28
3.	Til skipta samkv. íbúatölu ..... —	44.96	38.47
4.	Áætluð íbúatala til skipta	162.900	166.800
5.	Áætluð skiptitala á íbúa ..... kr.	275.00	230.00

Íbúatala í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru 1. des. 1965 alls 158.995. Við áætlun á íbúafjölda þessara staða 1966 og 1967 er miðað, að öll fjölgun á íbúum landsins í heild, um 2% lendi þar.

VIII. Til véla- og áhaldakaupa.

1. Til véla- og verkfærakaupa.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um vegáætlun 1965—1968 var áætlað, að á áætlunartímabilinu yrði varið 76.6 millj. kr. til kaupa á nýjum vélum. Af þeirri upphæð voru 47 millj. kr. beinar fjárveitingar, en 29.6 millj. kr. afskriftafé véla. Þessari áætlun hefur verið fylgt, og fyrstu 2 árin hafa verið keyptar nýjar vélar fyrir 33 millj. kr. eða um 10% hærri upphæð en áætlun gerði ráð fyrir fyrstu 2 árin.

Þó að unnt verði að halda áfram þeirri endurnýjun véla, sem vegáætlun gerir ráð fyrir næstu 2 ár, þá verður samt í lok áætlunartímabilsins ekki búið að endurnýja nema liðlega helming af vélakosti vegagerðarinnar, sem var orðinn 10 ára og eldri árið 1963. Væri því æskilegt að auka þessa fjárveitingu, þó að ekki sé talið fært að gera tillögu um það að sinni.

2. Til byggingar áhaldahúsa.

Beinar fjárveitingar til byggingar áhaldahúsa hafa yfirleitt ekki verið í fjárlögum. Þær mjög ófullkomnu viðgerðastöðvar, sem komið hefur verið upp á ýmsum stöðum á landinu, hafa til þessa verið kostaðar af afskriftafé véla.

Þar sem brýn nauðsyn er á því að geta varið öllu afskriftafé véla til endurnýjunar á vélakostinum, eins og vikið er að hér að framan, þá er hér gerð tillaga um sérstaka fjárveitingu til byggingar áhaldahúsa.

Er ráðgert, að þessari fjárveitingu verði varið eins og hér segir (upphæðir í millj. kr.):

	1967	1968
Akureyri	1.0	1.0
Búðardalur	0.5	
Selfoss	0.5	0.5
Egilsstaðir		0.5
	2.0	2.0

Á Akureyri er ráðgert að koma upp nýju verkstæði og birgðastöð ofan við bæinn í stað bækistöðvar við Gránufélagsgötu, sem er að mestu í gömlum herskálum og alveg ófullnægjandi, þar sem þaðan fer fram viðgerðaþjónusta á vélum á svæðinu frá Blönduósi til Þórshafnar.

Á hinum þremur stöðunum er ætlunin að koma upp einföldum skálum, þar sem taka megi inn vinnuvélar til minni háttar viðgerða og hafa nauðsynlegustu birgðir af efni. Á þessum þremur stöðum eru nú fastar bækistöðvar fyrir vinnuvélar og því nauðsynlegt að hafa þar aðstöðu til minni háttar viðgerða, svo og til þess að hafa verkefni fyrir fastráðna vélamenn eins og veghefilsstjóra, sem alltaf þurfa að vera tiltækir.

3. Til bókasafns verkamanna.

Lagt er til, að fjárveitingar á þessum lið verði hækkaðar um 5 þús. kr. hvort árið miðað við gildandi vegáætlun til þess að geta haldið endurnýjun bókasafnsins í eðlilegu horfi.

IX. Til tilrauna við vega- og gatnagerð.

Þessi upphæð er óbreytt, ½% af heildartekjum vegasjóðs.

X. Halli á vegáætlun (sjá fskj. I).

Halli á vegáætlun árið 1966 er talinn 59.3 millj. kr., og er þá fylgt reglu undanfarinna ára og halli á vegáætlun talinn öll gjöld umfram heimild í gildandi vegáætlun 1965 og 1966. Á sama hátt er mismunur á heildartekjum og áætluðum tekjum samkvæmt vegáætlun sömu ár 77.5 millj. kr. talinn umframtekjur. Tekjuafgangur til frjálsrar ráðstöfunar árið 1967 er hins vegar einungis það, sem umframtekjur síðustu tveggja ára eru hærri en halli sömu ára eða 18.2 millj. kr.

Árið 1965 var að tilhlutan ríkisstjórnarinnar frestað framkvæmdum á vegáætlun (sbr. heimild í 22. gr. fjárl. þ. á.), sem hafði í för með sér 8.8 millj. kr. lækkun áætlunarinnar það ár. Unnið var að framkvæmdum þessum á s. l. ári, og kemur kostnaðurinn nú fram sem aukinn halli.

Samkv. 32. gr. vegalaga skulu 12½% af heildartekjum vegamála ár hvert renna til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. Á s. l. ári var þessum aðilum, til viðbótar áætluðu framlagi, greitt framlag af tekjuaukningunni árin 1964 og 1965 samtals um 3.4 millj. kr. Kemur sú upphæð einnig fram sem aukinn halli s. l. ár.

Að öðru leyti stafar hallinn af verðhækkunum og náttúruhamförum, svo sem frá er greint í skýrslu samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1966.

III. UM FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR, OG LANDSBRAUTIR, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

(Fjárhæðir í millj. kr.)

I. Hraðbrautir.

1. **Vesturlandsvegur.** Lánsheimild 1967 er óbreytt frá gildandi vegáætlun, en ónotuð heimild frá 1966 er færð yfir á árið 1968.
2. **Suðurlandsvegur.** Lánsheimild er óbreytt frá gildandi vegáætlun.
3. **Hafnarfjarðarvegur.** Lánsheimild er óbreytt frá gildandi vegáætlun.
4. **Reykjanesbraut.** (Engidalur—Keflavík). Lántökuheimild 1967 hækkar úr 16.5 millj. kr. í 24.2 millj. kr. Skýringar á tillögu um lántökuheimild 1968:

Gjöld: Vextir og afb. lána í árslok 1966	46.3	
— — — — tekinna 1967 (24.2)	3.9	
		50.2
Fjáröflun: Fjárv. í vegáætlun 1968 og framlag varnarliðsins	7.1	
Tekjur af umferðargjaldi	15.0	
Lánsfjárþörf árið 1968	28.1	
		50.2

5. **Reykjanesbraut um Breiðholt.**

Lán samkvæmt framkvæmdaáætlun 1967 er	8.0
Vextir og afb. af sama láni árið 1968 verða	1.3

II. Þjóðbrautir.

1. **Vestfjarðavegur, a—d.** Sömu heimildir og eru í gildandi vegáætlun.

2. **Siglufjarðarvegur.** Til að ljúka jarðgöngum 1967 þarf 17.5 millj. kr., og verður þá lántökuheimild 1968 að vera 4.4 millj. kr., sem skýrist þannig:

Gjöld: Vextir og afb. lána til ársloka 1966	6.1	
— — — — tekinna 1967 (17.5)	2.8	
		8.9
Fjáröflun: Fjárveiting í vegáætlun 1968	4.5	
Lánsfjárþörf 1968	4.4	
		8.9

3. **Ólafsfjarðarvegur (Múlavegur).**

Gjöld 1968: Vextir og afb. lána til ársloka 1966	1.8	
— — — — tekinna 1967 (2.4)	0.4	
		2.2
Fjáröflun 1968: Fjárveiting í vegáætlun 1968	1.0	
Lánsfjárþörf 1968	1.2	
		2.2

4. **Austurlandsvegur.** Lánsheimild óbreytt frá gildandi vegáætlun.

5. **Suðurfjarðavegur.**

Gjöld 1968: Vextir og afb. lána til ársloka 1966	0.47	
— — — — tekinna 1967 (3.7)	0.60	
		1.07
Fjáröflun 1968: Lánsfjárheimild í vegáætlun	3.0	
Kostnaður vegna lána	1.1	
		4.1

III. Landsbrautir.

6. **Heydalsvegur.**

Gjöld 1968: Vextir og afb. lána til ársloka 1966	0.2	
— — — — tekinna 1967 (1.0)	0.03	
		0.23
Fjáröflun 1968: Lántökuheimild í vegáætlun	1.5	
Kostnaður vegna lána	0.2	
		1.7

Lántökuheimildir annarra landsbrauta verða óbreyttar frá gildandi vegáætlun.

III. a UM FRAMKVÆMDIR VIÐ VEG MILLI HÚSAVÍKUR OG MÝVATNS AÐ KÍSILGÚRVERKSMIÐJU

Vegur þessi verður lagður á árunum 1967 og 1968 til þess að skapa greiða og örugga leið fyrir framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn til útskipunarhafnar á Húsavík. Kostnaður við lagningu vegarins greiðist úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir, að þessi vegur verði tekinn á vegáætlun 1969—1973 sem þjóðvegur í landsbrautaflokki.

IV. UM FLOKKUN VEGA

Ekki þykir ástæða til við þessa endurskoðun vegáætlunar að gera neinar breytingar á flokkun vega.

Fylgiskjal.

Hagur Vegasjóðs 1964—1968.
(Í millj. kr.).

	1964 (endanl.)		1965 endanl.)		1966 (ekki endanl.)		1967 (áætlað)		1968 (áætlað)	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Umframtekjur frá f. ári		15.0		20.1		26.2		77.5		0.0
Tekjur á árinu		247.2		261.0		305.7		350.1		342.0
Halli frá f. ári	0.0		5.2		5.9		59.3		0.0	
Útgjöld á árinu	247.3		255.6		307.8		368.3		342.0	
	247.3	262.2	260.8	281.1	313.7	331.9	427.6	427.6	342.0	342.0
Umframtekjur í árslok		20.1		26.2		77.5		0.0		0.0
Halli í árslok	5.2		5.9		59.3		0.0		0.0	
Frestun framkvæmda			8.8	8.8						
Vegáætl. '67—'68 (endurskoðuð)							427.6	427.6	342.0	342.0
÷ Hækkun við endurskoðun							163.2	163.2	64.0	64.0
Vegáætl. '64 og '65—'68	242.1	242.1	263.7	263.7	254.4	254.4	264.4	264.4	278.0	278.0

Ed. **420. Frumvarp til laga** [35. mál]

um bátaábyrgðarfélög.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 36 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari allt að 100 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt lögum þessum innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lögtaki skv. 17. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 100 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

3. gr. hljóðar svo:

Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haft haffærisskírteini samfleytt um tveggja ára skeið. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

5. gr. hljóðar svo:

Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar á sjómönnum.

Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem mætt er með a. m. k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en heimildin er veitt.

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein.

6. gr. hljóðar svo:

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. laganna um aðstoð.

10. gr. hljóðar svo:

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þeir ganga úr til skiptis. Á sama hátt skulu kosnir tveir endurskoðendur til vara til sama tíma. Aðalfundur ákveður þóknun endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra eða formanni frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Ákvæði 6. gr. l. nr. 61/1947 um stjórn félaganna skulu halda gildi sínu, þar til ný stjórn hefur verið kosin skv. 9. gr. þessara laga.

Núgildandi vátryggingarskilmálar skyldutryggðra skipa skulu haldast, þar til nýir skilmálar hafa verið ákveðnir, og skulu þeir gagnvart skipum, sem nú eru tryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, taka gildi um áramót.

Ed. 421. Frumvarp til laga [36. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 37 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Allar aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á vélum, tækjum, afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysa- og ábyrgðartryggingar sjómanna. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um rekstur.

3. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara. Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og tvo eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í varastjórn. Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr. Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér formann og varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

9. gr. hljóðar svo:

Hafi skip eigi fengið haffærisskírteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að tvö ár eru liðin, frá því að haffærisskírteinið rann út. Fái skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni

fúaskoðun. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.
Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

12. gr. hljóðar svo:
Vátryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Matsmenn þessir skulu enn fremur fylgjast með, hvort um fúaskemmdir sé að ræða í hinum tryggðu skipum. Matsmennirnir skulu við matið og fúaskoðunina fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur, en stjórnin skal hafa samráð við Skipaskoðun ríkisins, að því er varðar reglurnar um fúaskoðun skipanna.

13. gr. hljóðar svo:
Komi í ljós við skoðun vegna bráðafúa, að ekki sé um bráðafúaskemmdir að ræða, skiptist kostnaður vegna skoðunar að jöfnu milli Samábyrgðar og eiganda.

15. gr. hljóðar svo:
Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, og skulu þau ákveðin árlega.
Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Sþ. 422. Fyrirspurn [185. mál]

til ríkisstjórnarinnar um áætlun um fóðuriðnaðarverksmiðju á Norðausturlandi.

Frá Karli Kristjánssyni og Jónasi G. Rafnar.

Hvernig er áætlun sú, er Alþingi fól ríkisstjórninni — með þingsályktun 13. maí 1964 — að fá „sérfróða menn til að gera um kostnað við að koma upp og reka á hentugum stað á Norðausturlandi heymjöls- og/eða heykögglaverksmiðju, sem miðuð sé við það, að hún geti einnig hagnýtt sjófang til vinnslu og fóðurblöndunar"?

Nd. 423. Frumvarp til orkulaga. [105. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 201 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Orkustofnun starfar undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með raforkumál.
Stofnunin tekur við öllum eignum og tekur á sig efndir á skuldbindingum embættis raforkumálastjóra að undanskildum þeim, er um ræðir í 56. gr.

2. gr. hljóðar svo:
Hlutverk Orkustofnunar er:
1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál.
2. Að annast:
Yfirlitsrannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra;

yfirlitsrannsóknir í orkubúskap þjóðarinnar, er miði að því, að unnt sé að tryggja, að orkuþörf þjóðarinnar sé fullnægt og orkulindir landsins hagnýttar á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma;
aðrar rannsóknir á sviði orkumála, eftir því sem tilefni gefast, og ef við á gegn greiðslu.

3. Að halda skrá um orkulindir landsins. Skulu tilgreindar í skránni allar þær upplýsingar, sem máli skipta, eins og þær eru bezt vitaðar á hverjum tíma.
4. Að vinna að áætlunargerð til langs tíma um orkubúskap þjóðarinnar og hagnýtingu orkulinda landsins. Um þetta skal Orkustofnun hafa samvinnu við aðrar ríkisstofnanir og aðila, sem vinna að áætlunargerð til langs tíma.
5. Að safna skýrslum um orkuvinnslu, orkuinnflutning og útflutning og um orkunotkun þjóðarinnar, vinna úr þeim og gefa út. Að semja ár hvert og gefa út yfirlit um rekstur orkumannvirkja og um orkumál landsins í heild.
6. Að fylgjast í umboði ráðherra með rekstri rafmagnsveitna, hitaveitna, orkuvera, jarðhitasvæða og annarra meiri háttar orkumannvirkja.
7. Að stuðla að samvinnu allra aðila, sem að orkumálum starfa, og vinna að samræmingu í rannsóknum, framkvæmdum og rekstri á sviði orkumála.
8. Að hafa af hálfu ríkisins yfirumsjón með eftirliti með raforkuvirkjum og jarðhitavirkjum til varnar hættu og tjóni af þeim.
9. Að hafa umsjón með öllum fallvötnum og jarðhitasvæðum í eigu ríkisins, halda skrá yfir þau með greinargerð fyrir skilyrðum til hagnýtingar þeirra, eins og bezt er vitað á hverjum tíma, og láta ríkisstjórninni í té vitneskju um þetta.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar, þar á meðal skiptingu hennar í deildir, að fengnum tillögum stofnunarinnar.

6. gr. hljóðar svo:

Orkustofnun lætur sveitarfélögum og öðrum aðilum í té leiðbeiningar og upplýsingar um orkumál, þegar þess er óskað og eftir því sem við verður komið, gegn hæfilegu endurgjaldi.

7. gr. hljóðar svo:

Til að reisa og reka raforkuver stærra en 2000 kw þarf leyfi Alþingis.
Til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kw þarf leyfi ráðherra raforkumála.
Þá er heimilt að reisa og reka varastöð allt að 1000 kw án sérstaks leyfis.
Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.

12. gr. hljóðar svo:

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar jarðhita á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hann á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu fyrr en það hefur verið skoðað af matsmönnum og þeir talið það réttmætt. Ekki er jarðeigandi skyldur til, þegar svo stendur á sem í grein þessari segir, við brottför landseta að innleysa þau mannvirki, er ábúandi hefur gert til hagnýtingar jarðhita, önnur en þau, sem gerð hafa verið til heimilis- og búsþarfa.

18. gr. hljóðar svo:

Héraðsrafmagnsveita veitir raforku um tiltekið orkuveitusvæði og selur hana neytendum innan takmarka þess.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, ákveður orkuveitusvæði hverrar héraðsrafmagnsveitu, að fenginni umsögn viðkomandi sveitarfélags.

Ráðherra getur veitt einkarétt til að reka héraðsrafmagnsveitu á tilteknu orkuveitusvæði, veita raforku um orkuveitusvæðið og selja hana neytendum innan takmarka þess. Veitingu einkaréttar getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem nauð-

synleg þykja til að tryggja jafnrétti notenda og hagkvæma og fullnægjandi dreifingu raforkunnar um orkuveitusvæðið.

Þrátt fyrir einkarétt skv. þessari gr., getur ráðherra veitt Landsvirkjun leyfi til orkusölu til stórra notenda skv. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 59/1965, um Landsvirkjun.

26. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að 80% stofnkostnaðar héraðsrafmagnsveitna, að fenginni umsögn Orkustofnunar.

39. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum Orkustofnunar, framkvæmdastjóra Rafmagnseftirlits ríkisins. Nefnist hann rafmagnseftirlitsstjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Ráðherra skipar og ræður aðra fasta starfsmenn Rafmagnseftirlits ríkisins, að fengnum tillögum rafmagnseftirlitsstjóra.

Fast starfsfólk Rafmagnseftirlits ríkisins skal taka laun samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962.

41. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar gegn hættu og tjóni af þeim og til varnar gegn truflunum á starfrækslu virkja, sem fyrir eru eða síðar kunna að koma.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

a. Gerð, setningu og starfrækslu raforkuvirkja og annarra virkja, sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum, að tjón eða hætta getur stafað af.
b. Takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu og notkun tækja og annarra hluta raforkuvirkja, sem fullnægja ekki þessum skilyrðum.
c. Skyldu til þess að gefa skýrslu um raforkuvirki, sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu eldri virkja, svo og að hlíta fyrirmælum ráðherra um rannsókn á slíkum virkjum.
d. Eftirlit með raforkuvirkjum af hálfu ríkisins, þar með talið eftirlit með innflutningi og sölu raforkuvirkja og hluta þeirra og með smíði þeirra innanlands. Má ákveða, að raforkuvirki, hlutar þeirra og efni til þeirra skuli merkt sérstöku viðurkenningarmerki. Er engum heimilt að nota merkið nema með leyfi Rafmagnseftirlits ríkisins og eftir þeim reglum, sem það setur um notkun þess.
e. Löggildingu til rafvirkjunarstarfa og um menntun og hæfni eftirlitsmanna með raforkuvirkjum.
f. Skyldu stjórna rafmagnsveitna að hafa eftirlit með því, að rafmagnslagnir og tæki, sem notuð eru í sambandi við raforkuveitur þeirra, brjóti eigi í bága við ákvæði settra reglugerða, og um heimild handa Rafmagnseftirliti ríkisins eða héraðsrafmagnsveitum í umboði þess að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja og loka fyrir rafmagnsstrauminn hjá einstökum mönnum eða fyrirtækjum, sem hlíta ekki ákvæðum reglugerðarinnar, svo og að taka löggildingu um lengri eða skemmri tíma af þeim, sem hafa gerzt brotlegir við reglugerðina.
g. Ábyrgð eigenda, umráðamanna og notenda raforkuvirkja á ástandi og meðferð þeirra. Í reglugerð má m. a. einnig setja ákvæði um, að raforkuvirki sé ekki til lýta.

53. gr. hljóðar svo:

Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og aðra aðila, sem óska þess, eftir því sem við verður komið og gegn greiðslu borkostnaðar.

Um þetta skal gerður samningur hverju sinni.

57. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins. Nefnist hann rafmagnsveitustjóri ríkisins. Rafmagnsveitustjóri ríkisins hefur á hendi stjórn á rekstri fyrirtækisins og framkvæmdum þess undir umsjón þess ráðherra, sem fer með raforkumál.

Ráðherra ræður aðra fasta starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins, að fengnum tillögum forstjóra þeirra. Fast starfsfólk Rafmagnsveitna ríkisins skal taka laun samkvæmt ákvæðum laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Nánari ákvæði um starfssvið rafmagnsveitustjóra ríkisins skulu sett í reglugerð.

Ráðherra skipar rafmagnsveitustjóra til ráðuneytis nefnd þriggja manna og skal einn þeirra tilnefndur af Orkuráði, en tveir af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, annar þeirra sem fulltrúi strjálbýlis, en hinn þéttbýlis. Um starfssvið nefndarinnar skal nánar ákveðið í reglugerð.

62. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum rafmagnsveitustjóra og umsögn Efnahagsstofnunarinnar, gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.

Í gjaldskrá skal tilgreina:

1. Verð í heildsölu fyrir orku, sem seld er héraðsrafmagnsveitum.
2. Verð fyrir orku, selda beint til notenda.
3. Heimtaugargjöld notenda.
4. Önnur gjöld.

63. gr. hljóðar svo:

Tekjum Rafmagnsveitna ríkisins af raforkusölu skal varið til að mæta rekstrarkostnaði þeirra og óhjákvæmilegri eignaaukningu, þar með talin orkukaup, stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur, fyrning eigna. Enn fremur er heimilt að leggja allt að 10% í varasjóð.

Tekjuafgangur sá, sem eftir verður, þegar fé hefur verið lagt í varasjóð, skal renna í Orkusjóð.

74. gr. hljóðar svo:

Orkustofnun getur haft eftirlit með þeim framkvæmdum, sem Orkusjóður veitir fé til.

Er skylt að láta stofnuninni fyrirfram í té fullnægjandi upplýsingar um hið fyrirhugaða verk og gefa henni kost á að fylgjast í hvívetna með framkvæmd þess. Orkustofnun getur sett þau skilyrði um framkvæmd verksins, er hún telur þörf á til að stuðla að sem beztum árangri. Ber að hlýða fyrirmælum hennar í þessum efnum. Ber að stöðva greiðslur úr Orkusjóði til verksins, ef út af er brugðið og Orkustofnun óskar þess.

82. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1967.

Nd. 424. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum sínum, og leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna, Skúli Guðmundsson, er andvígur þessum breytingartillögum við frumvarpið og skilar séráliti.

Björn Fr. Björnsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Óskar E. Levy.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 425. Breytingartillögur [10. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (MB, BF, ÓL, PS).

1. Við 1 gr. B-liður falli niður.
2. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „21 árs“ í 3. mgr. komi: 20 ára.
   b. 4. málsgr. orðist svo:
      Áfengisauglýsingar eru bannaðar í íslenzkum blöðum, bókum, tímaritum, útvarpi og sjónvarpi.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „21 árs“ á tveim stöðum komi: 20 ára.
4. Við 6. gr. Á eftir orðunum „með foreldrum sínum“ í 2. mgr. komi: eða maka.
5. Við 9. gr. Í stað orðanna „21 árs“ í 2. mgr. komi: 20 ára.

Nd. 426. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað frumv., en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar telur frumv. á þskj. 17 ganga of langt, og ekki mun slíkt ákvæði eiga hliðstæðu í löggjöf nágrannaþjóða okkar.

Meiri hl. nefndarinnar telur rétta þá stefnu, sem Alþingi markaði í þessum málum með setningu laga nr. 26 2. maí 1958, með áorðnum breytingum, og leggur því til, að frumv. verði fellt.

Einn nefndarmanna, Bj. Fr. Björnsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Óskar E. Levy, frsm.	Pétur Sigurðsson.

Nd. 427. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að vísa frv. frá, en undirritaðir vilja samþykkja það.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 428. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.
Meiri hl. nefndarinnar mælir með að samþykkja frv. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti eða sérálitum.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.
Sigurður Ágústsson.

Ed. 429. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í frv. er gert ráð fyrir, að kosningarrétt til Alþingis skuli þeir hafa, sem eru 20 ára eða eldri. Breytingin er lækkun kosningaaldurs um eitt einasta ár, og minna getur það ekki verið, ef breytt skal til á annað borð. Síðustu ár hafa farið fram umræður um þetta efni, en ekki minnist ég tillagna um eins árs lækkun. Hins vegar hafa margir tjáð sig því hlynnta, að menn öðlist kosningarrétt 18 ára gamlir, og hafa heilir hópar ákveðið að beita sér fyrir því.

Þannig hefur Æskulýðsfylkingin lýst þeirri stefnu sinni, að lækka beri kosningaaldurinn niður í 18 ár. Samband ungra jafnaðarmanna hefur síðan 1960 haft það á stefnuskrá sinni, að menn fái kosningarrétt 18 ára, og jafnvel Samband ungra sjálfstæðismanna mælir með athugun á lækkun kosningaaldurs um þrjú ár. Loks er þess að geta, að heilum stjórnmálaflokki, Alþýðuflokknum, ber skylda til að beita sér fyrir því, að kosningaaldurinn verði lækkaður í 18 ár, samkvæmt samþykkt, er gerð var á þingi hans 1963.

Málið virðist eiga vaxandi fylgi að fagna. Það er mikið fyrirtæki að breyta stjórnarskránni, og því var sérstök nefnd sett á laggirnar, skipuð fulltrúum allra

flokka á þingi. Í fyllingu tímans tók nefndin jóðsótt og fæddi mús. Einu ári skal lækkun kosningaaldursins nema, en ekki þrem. Þetta á víst að heita málamiðlun, og þó felur það í sér raunverulegan sigur þeirra, sem andvígir eru rýmkun kosningarréttarins. Samþykkt frumvarpsins mun hefta frekari aðgerðir og tefja fyrir því um mörg ókomin ár, að markinu verði náð, 18 ára kosningaaldri.

Í greinargerð nefndarinnar er þess getið, að víðs vegar um heim gildi þegar reglan um 18 ára kosningaaldur og að fram sé komin á löggjafarþingi Bandaríkjanna tillaga þess efnis, að kosningaaldur við forsetakjör skuli lækkaður í 18 ár. Einnig er þar sagt frá víðtækum umræðum á Norðurlöndum um lækkun kosningaaldurs, en þar er nú miðað við ýmist 20 eða 21 árs aldur. Vitneskjan um þessar hræringar gat þó ekki örvað nefndina til dáða. Það mátti engan veginn stíga skrefið til fulls og vera spönn á undan grannþjóðunum, enda við vanastir því að vera eftirbátur annarra.

Enginn mun halda því fram, að ungmenni 18 og 19 ára skorti vit til þess að skilja og meta stjórnmál. Það er talið, að maðurinn nái greindarhámarki um tvítugt, og má þá ráða af líkum, að óviti er hann enginn á 19. eða 20. árinu. Þekking ungra manna og ábyrgðartilfinning fer hins vegar mjög eftir uppfræðslu og uppeldi, og þar eru vissulega miklir annmarkar á, svo gersamlega sem stjórnmálalegt uppeldi er vanrækt hér á landi. En illrar afleiðingar þeirrar vanrækslu gætir jafnt í öllum aldursflokkum og sízt meira hjá ungum en gömlum.

Í álitsgerð nefndarinnar segir svo á einum stað: „Er réttmætt að gera ráð fyrir því, að það mundi stuðla að aukinni ábyrgðartilfinningu og auknum þroska, ef hið unga fólk fengi rétt til þeirrar hlutdeildar um þjóðmál, sem kosningarréttur til alþingiskosninga og annarra almennra kosninga veitir.“ Þetta eru athyglisverð ummæli, sem ég tek undir. Látum ungt fólk finna til ábyrgðar, og það mun ekki bregðast traustinu frekar en þeir, sem eldri eru.

Það er ekki aðeins hugsanlegt, heldur og sennilegt, að lækkun kosningaaldurs í 18 ár mundi smám saman hafa heillavænleg áhrif á gang stjórnmála, og er þess sízt vanþörf í landi, þar sem menn telja sér til gildis að hafa ekki vit eða áhuga á þjóðmálum. Í því efni er stefnubreyting æskileg, og er vísast, að sú breyting fáist ekki án vaxandi áhrifa ungra manna.

Æskufólk er fjötrað of lengi, og á það víðar við en á stjórnmálasviðinu. Skólaganga er alltaf að lengjast og undirbúningsárum að fjölga, Fyrir þá sök fækkar dýrmætustu árum starfsævinnar, — þeim árum, þegar helzt er afreka að vænta. Þetta kemur greinilegast í ljós hjá langskólamönnum, og hefur því t. d. verið veitt eftirtekt í V.-Þýzkalandi, að hlutfallstala afreksmanna á sviði vísinda lækkar samtímis fjölgun náms- og undirbúningsára. Það er því ekki ólíklegt, að á komandi árum gæti vaxandi tilhneigingar til þess að auka olnbogarými ungra manna og gefa þeim fyrr frjálsar hendur en nú, jafnt í stjórnmálum sem á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Í greinargerð nefndarinnar er sýnt fram á, hvernig hundraðshluti þess fólks, sem gengur í hjónaband innan 20 ára aldurs, fer hækkandi hér á landi á síðari árum. Með hjónavígslunni fær þetta kornunga fólk mikilsverð réttindi og skyldur, — og hvers vegna þá ekki einnig réttinn til að kjósa til Alþingis?

Hér á landi, eins og víðar, fer meðalaldur kosningabærra manna hækkandi, vegna þess að fjölgun gamalmenna er hlutfallslega meiri en annarra aldursflokka. Við það breytist smám saman áhrifaaðstaða aldursflokkanna hinum yngri í óhag, en af því mun þjóðfélaginu mjög vafasamur hagnaður. Sem mótvægi í þessari þróun gagnar ekkert minna en niðurfærsla kosningaaldursins í 18 ár.

Fleira má til tína slíkri lækkun til stuðnings, og er á sumt drepið í áðurnefndri greinargerð, en skal ekki rakið hér. Það sést, þegar á allt er litið, að margt mælir með þessari lækkun, en fátt á móti. Helzta röksemdin gegn lækkuninni, ónógur þroski 18 og 19 ára manna, er hrein bábilja, svo sem áður hefur verið bent á.

Allsherjarnefnd varð ekki á eitt sátt um aldurslækkunina. Meiri hlutinn heldur

fast við eitt ár, en minni hlutinn mælir með því, að menn öðlist kosningarrétt 18 ára, enda virðist sú viðmiðun hafa legið í loftinu alllengi. Stjórnarskrárbreyting er fyrirhafnarsöm og sjaldan gerð, og því ber að varast það, sem vitanlega er ekki annað en hálfkák. Ef eins árs lækkun er hugsuð sem áfangi, þá hefði verið nær lagi að breyta stjórnarskránni þannig, að síðar mætti lækka aldurinn frekar með einföldum lögum. Þetta er ekki gert, heldur er 20 ára aldursmarkið stjórnarskrárbundið, og er það vafalaust í hag þeim aðilum, sem tregðast við auknum lýðréttindum ungs fólks.

Minni hluti allsherjarnefndar flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins á þá leið, að í stað orðanna „20 ára eða eldri" komi: 18 ára eða eldri. Að tveim breytingum öðrum, sem nefndin mælir með, stendur hún hins vegar óskipt.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Alfreð Gíslason.

Ed. 430. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (AG).

Í stað orðanna „20 ára eða eldri" í 1. gr. kemur: 18 ára eða eldri.

Nd. 431. Frumvarp til laga [186. mál]

um sérstaka aðstoð við félagsmenn verkalýðsfélaga til byggingar íbúðarhúsa.

Flm.: Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Þeir félagsmenn verkalýðsfélaga, sem eigi hafa rétt til lána úr lífeyrissjóðum, skulu eiga rétt á að fá að láni úr atvinnuleysistryggingasjóði af sérreikningi verkalýðsfélags síns í sjóðnum 125 þús. kr. Skulu þeir og hafa þennan rétt, þótt þeir fái lán frá húsnæðismálastjórn og aukalán þau, sem úthlutað er til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga samkv. lögum nr. 97 22. des. 1965, sbr. lög nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, 7. gr., B-lið.

Stjórn viðkomandi verkalýðsfélags úthlutar lánunum, en stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ávísar þeim síðan til húsnæðismálastjórnar, er sér um afgreiðslu þeirra og síðar um innheimtu.

Lán þessi skulu vera til 33 ára og greiðast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Vextir skulu vera 4%. Tryggja skal greiðslu lánanna með 1. eða 2. veðrétti í viðkomandi íbúð.

2. gr.

Stjórn verkalýðsfélags má og veita jafnhátt lán og það, sem um ræðir í 1. gr., úr sérreikningi verkalýðsfélags í atvinnuleysistryggingasjóði, og með þeim kjörum og kvöðum, sem þar er fyrir mælt, til félagsmanna verkalýðsfélaga, sem ekki eiga rétt á láni úr lífeyrissjóði, til endurbygginga á íbúð eða kaupa á eldri íbúð, enda fullnægi slík íbúð kröfum heilbrigðisyfirvalda og byggingarsamþykkta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Skal úthlutað samkvæmt þeim í fyrsta sinn á árinu 1967 til viðbótar þeim lánum, er húsnæðismálastjórn þá veitir, eða út á þær umsóknir, sem húsnæðismálastjórn hefur tekið gildar til lánveitinga á því ári, en eigi getað sinnt að sinni vegna lánsfjárskorts.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt til þess að tryggja þeim verkamönnum og öðrum meðlimum verkalýðsfélaga, sem eigi hafa rétt til lána úr lífeyrissjóðum, rétt til aukalána í íbúðarhúsabyggingar. Er hugmyndin sú að tryggja með þessu móti, að atvinnuleysistryggingasjóður, þessi mikla sameign verkalýðsfélaganna, sem hvert þeirra á sinn sérreikning í, notist hvað lán til íbúðarhúsabygginga snertir eins og lífeyrissjóður væri.

Skulu lánin vera að minnsta kosti 125 þús. kr., og er þá reiknað með, að viðkomandi fái 75 þús. kr. aukalán þau, sem ráð er gert fyrir til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga samkv. lögum nr. 97 22. des. 1965. Fengi viðkomandi eigi slíkt lán, mætti lánið úr atvinnuleysistryggingasjóði vera hærra. — Með þessu móti gætu þeir meðlimir verkalýðsfélaga, sem eigi hafa aðgang að lífeyrissjóðum og oft eru mjög tekjulágir menn, fengið allrífleg lán til íbúðabygginga, til þess að gera þeim kleift að ráðast í slíkar byggingar.

Óruggt er, að atvinnuleysistryggingasjóður mundi standa undir þessum lánveitingum, a. m. k. svo lengi sem ekki verður stórfellt atvinnuleysi hér á landi, og engir ættu meiri rétt á að fá að njóta lána úr þessum mikla sjóði en einmitt eigendur hans, meðlimir verkalýðsfélaganna.

Þá er gert svo ráð fyrir í 2. gr., að hægt sé að veita slíkt lán sem um getur í 1. gr. til endurbygginga á íbúð eða kaupa á eldri íbúð, en nú er mjög erfitt að fá slík lán eða að heita má ókleift.

Nánar í framsögu.

Ed. 432. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyting til bráðabirgða á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nm. (Þorv. G. Kristjánsson) var fjarstaddur, er n. afgreiddi málið.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Helgi Bergs.	Karl Kristjánsson.	Sv. Guðmundsson.

Nd. 433. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um fávitastofnanir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.	Matthías Bjarnason.
	Jón Skaftason, með fyrirvara.	Óskar Jónsson.	

Nd. 434. Frumvarp til laga [187. mál]

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

Flm.: Jón Ísberg.

1. gr.

Í stað orðanna „að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna“ í 101. gr. laganna komi: að þriðjungi eftir íbúatölu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal lagt á samkvæmt þeim árið 1967.

Greinargerð.

Næstum því einu tekjur sýslusjóða eru sýslusjóðsgjöld. Eru þau lögð á hreppana eftir reglum 101. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, eða eftir fasteignamati að einum þriðja, samanlögðum nettótekjum og nettóeign að einum þriðja og eftir tölu verkfærra manna að einum þriðja.

Samkvæmt eldri vegalögum áttu hreppstjórar að semja skrár yfir verkfæra menn í hreppum, en ákvæði um slíkar skrár er ekki að finna í nýju vegalögunum, enda ekki notaðar nú nema sem gjaldgrundvöllur sýslusjóðsgjalds. Þarna vantar því ákvæði um, hver eigi að semja verkfærra manna skrá. Hreppstjórar hafa gert það, en það er ekki lengur skylda þeirra. En hver svo sem gerir það, þá er það aukavinna, sem komast má hjá, ef þetta frumvarp nær fram að ganga, en þá er gert ráð fyrir, að þriðjungur sýslusjóðsgjalds verði lagður á eftir íbúatölu hreppanna. Auk þess má benda á, að stundum getur orkað tvímælis, hvort telja beri mann verkfæran eða ekki, t. d. mann, sem er 65% öryrki. Þessi breyting hefur ekki fjárhagsþýðingu, aðeins verið að gera framkvæmd ákvæðinna laga einfaldari og öruggari.

Nd. 435. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

Flm.: Jón Ísberg.

1. gr.

Aftan við orðin „eftir að lög þessi öðlast gildi“ í 2. málsgr. 7. gr. laganna komi: enda brjóti það ekki í bág við gildandi samninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 2. mgr. 7. gr. girðingalaga segir svo: „Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr. (sem aðalregla ½ á móti ½ og ⅕ á móti ⅘), og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi“. Þessi ákvæði laganna gera löglega gerða samninga að engu, og getur orkað tvímælis, hvort þau geta staðizt fyrir dómstólunum. Hafi t. d. bóndi selt jörð, sem liggur að hans jörð, og ákveðið hafi verið, að kaupandinn fengi og héldi við landamerkjagirðingu, enda tekið tillit til þess við söluverð jarðarinnar, þá svipta lögin bóndann eign, eða réttara að orða það þannig, að þá leggi lögin kvaðir á seljandann, sem hann hafði keypt sig undan. Sama gildir um nýbýling, sem fær land undir nýbýli með góðum kjörum gegn því að girða landið og halda girðingunni við. Svo má snúa dæminu við: Bóndi afhendir upprekstrarfélagi væna sneið af landi sínu gegn því, að upprekstrarfélagið girði milli afréttar og heimalands og haldi girðingunni við. Þá hefur þessi bóndi í rauninni verið sviptur ⅕ af söluverði eignar sinnar. Öll þessi dæmi eru tekin úr daglega lífinu. Í tveimur hinna fyrri dæma stóð til, að farið yrði í mál, en sættir tókust. Í síðasta dæminu er girðing nýsett upp, svo að um viðhald hefur vart verið að ræða, enda telur upprekstrarfélagið sig bundið af gerðum samningi, þótt tilvitnuð lagaákvæði gætu bent til annars. Þessi breytingartillaga við girðingalögin er því flutt til þess að koma í veg fyrir hugsanleg málaferli.

Nd. 436. Nefndarálit [132. mál]

um till. til þál. um þaraþurrkstöð á Reykhólum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt till. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, í samræmi við álit framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins, hvort hagkvæmt sé að reisa og reka þaraþurrkstöð á Reykhólum.

Alþingi, 11. marz 1967.

Jónas G. Rafnar, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Þórarinn Þórarinsson.
Matthías Á. Mathiesen.	Gísli Guðmundsson.	Eðvarð Sigurðsson.
	Sigurður Ágústsson.	

Fylgiskjal.

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS

Reykjavík, 31. marz 1967.

Iðnaðardeild neðri deildar,
Alþingi,
Reykjavík.

Málefni: Umsögn framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins um þingsályktunartillögu um þaraþurrkstöð á Reykhólum.

Með tilvísun til bréfs yðar, dags. 6. marz s. l., hefur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins á fundi sínum 28. þ. m. rætt tillögu til þingsályktunar um þaraþurrkstöð á Reykhólum. Á fundi þessum var einnig mættur Sigurður V. Hallsson, verkfræðingur.

Fram kom, eins og raunar var vitað, að allítarlegar rannsóknir hafa verið gerðar á framleiðslu þara á Reykhólum. Sigurður V. Hallsson hefur annazt þessar rannsóknir að mestu leyti, og hafa ýmsir aðilar styrkt hann í því skyni. Ekki hefur þó neinn einn opinber aðili haft heildaryfirsýn yfir rannsóknirnar, og ekki liggur fyrir lokaskýrsla um niðurstöður þeirra, eða skýrsla um rekstrargrundvöll slíks fyrirtækis sem hér um ræðir. Að þessu leyti er því ljóst, að rannsóknunum er ekki lokið.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins er á einu máli um það, að hér sé um athyglisvert mál að ræða, og leggur áherzlu á, að rannsóknunum verði lokið hið fyrsta og lögð fram um þær skýrsla, sem og um rekstrargrundvöll fyrirtækisins. Framkvæmdanefndin telur ekki unnt að undirbúa byggingu þaraþurrkstöðvar eða löggjöf um slíka stofnun eða marka að öðru leyti framtíðarstefnu í þessu máli, fyrr en slíkar skýrslur liggja fyrir.

Virðingarfyllst,

f. h. framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins,

Steingrímur Hermannsson.

Nd. 437. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Meginefni þessa frv. er að stofna sérstakan sjóð innan Iðnlánasjóðs, sem hafi það verkefni að verðuppbæta innlenda framleiðslu veiðarfæra eða nánar tiltekið Hampiðjunnar h/f, sem er eina hérlenda iðnfyrirtækið, sem er starfandi í þessari grein. Til að afla þessum sjóði tekna á aðallega að leggja nýjan innflutningstoll á innflutt veiðarfæri.

Við, sem stöndum að þessu nefndaráliti, viðurkennum fullkomlega nauðsyn þess, að veiðarfæraiðnaður sé starfræktur í landinu, og ekki síður hitt, að afkomu hans er nú þannig komið, að hann hefur þörf fyrir þær verðuppbætur, sem frv. fjallar um. Við teljum hins vegar, að svipað sé nú ástatt um fleiri iðnfyrirtæki, sem ýmist selja vörur sínar á erlendum markaði eða þurfa að keppa við erlenda framleiðslu á innlendum markaði án verulegrar tollverndar. Má t. d. í því sambandi benda á járniðnaðinn, en mjög hefur dregið úr starfrækslu hans seinustu mánuðina, m. a. vegna þess, að ýmsar vélar, sem hann hefur framleitt, eru nú fluttar inn.

Sama gildir um skipasmíðar. Við teljum ekki rétt að skilja eitt af þeim fyrirtækjum, sem þannig er ástatt um, frá hinum og veita því sérréttindi umfram önnur. Við teljum rétt, að allir, sem líkt er ástatt um, sitji hér við sama borð.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að bæði landbúnaður og sjávarútvegur njóta nú verðuppbóta sökum þess efnahagsástands, sem hefur skapazt í landinu. Það er bæði eðlilegt og réttlátt, að iðnaður, sem talinn er þjóðhagslega réttmætur, njóti hliðstæðrar fyrirgreiðslu í þessum efnum.

Þá viljum við benda á, að í framtíðinni þarf að stefna að því enn meira en verið hefur, að í landinu rísi upp iðnaður, sem selji framleiðslu sína á erlendum markaði. Í slíkum tilfellum þarf oft að reikna með því, að reksturinn beri sig ekki fyrstu árin eða meðan unnið er að því að ryðja framleiðsluvörunum braut á erlendum markaði. Það yrði eitt af hlutverkum verðtryggingarsjóðs iðnaðarins að veita slíkum iðnrekstri aðstoð, meðan hann þyrfti á henni að halda.

Þá teljum við rétt, að nokkrum hluta hins mikla greiðsluafgangs ríkisins á s. l. ári verði varið til að styrkja og efla iðnaðinn. Hitt álítum við rangt, að afla fjár í þessu skyni með því að skattleggja atvinnuveg, sem býr við hallarekstur.

Í samræmi við þetta leggjum við til, að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

   Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

   Stofna skal í Iðnlánasjóði verðtryggingarsjóð iðnaðarins, er hafi þann tilgang að efla og styrkja iðnað, sem selur framleiðslu sína á erlendum markaði eða keppir án verulegrar tollverndar við erlenda framleiðslu á innlendum markaði.

   Ríkissjóður leggur verðtryggingarsjóði iðnaðarins til sem stofnfé 50 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966.

2. 2. gr. orðist svo:

   Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:

   Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi verðtryggingarsjóðs iðnaðarins. Í reglugerðinni skal ákveða, eftir hvaða reglum skuli veita styrki eða vaxtalaus framlög til iðnaðarfyrirtækja, sem getið er í 7. gr. Styrki þessa skal m. a. veita með það fyrir augum að tryggja viðkomandi fyrirtækjum svo sem unnt er á þann hátt það verð fyrir framleiðslu þeirra, að rekstur þeirra geti borið sig.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 438. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein, 4. málsgrein, er orðist svo:

Frá tekjum sjómanna á öðrum íslenzkum skipum skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn miðast við þann vikufjölda, sem sjómenn eru lögskráðir á skip, og ákveðst kr. 500.00 á mánuði.

2. gr.

Lög þessi skulu öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um langt skeið hafa sjómenn á íslenzkum fiskiskipum notið nokkurs frádráttar vegna hlífðarfatakostnaðar. Þykir það sanngirnismál, að aðrir sjómenn njóti hliðstæðs réttar.

Nd. 439. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—1967).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ⅘ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða ⅕. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 9. gr.

Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr., og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands og síðasta Búnaðarþing samþykkti svofellda ályktun um málið:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir því, að svofelld breyting verði gerð á girðingalögum nr. 10 frá 1965:

Að inn í 7. gr. laganna á eftir orðunum „eins og segir í 5. gr.“ komi ný setning: Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða.

Framhald greinarinnar komi síðan óbreytt“.

Ed. 440. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir undirritaður meiri hluti nefndarinnar með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.
Bjartmar Guðmundsson.

Ed. 441. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar á tveim fundum. Samkomulag tókst ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tveim minni háttar breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu. Minni hlutinn (AG) mun skila séráliti um afstöðu sína. Einn nefndarmanna, HermJ, var fjarverandi, er nefndin afgreiddi málið.

BREYTINGARTILLAGA:

Fyrri málsgr. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenzkan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 442. Nefndarálit [56. mál]

um till. til þál. um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar, með sérstöku tilliti til fiskveiða.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og leitað umsagnar um málið hjá nokkrum aðilum, sem mæla með samþykkt tillögunnar. Nefndin telur nauðsynlegt, að athugun sú, sem tillagan gerir ráð fyrir að fram fari, verði gerð, og mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason, frsm. Jónas Pétursson.
Óskar E. Levy. Ágúst Þorvaldsson. Geir Gunnarsson.
Halldór Ásgrímsson. Halldór E. Sigurðsson.

Sþ. 443. Tillaga til þingsályktunar [191. mál]

um sérstaka ríkisstofnun til þess að stuðla að uppbyggingu niðursuðuiðnaðar o. fl.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að komið verði á fót sérstakri ríkisstofnun, er hafi það meginhlutverk að stuðla að uppbyggingu niðursuðuiðnaðar til hagnýtingar sjávarafurða, með því að veita tækniaðstoð og annast markaðsleit fyrir niðursoðnar sjávarvörur.

Greinargerð.

Fátt er nauðsynlegra fyrir smáþjóð eins og Íslendinga en að koma á fót fullkomnum iðnaði í því skyni að hagnýta náttúruauðæfi landsins svo sem bezt má verða.

Umhverfis landið eru einhver beztu fiskimið á Norður-Atlantshafi. Yfir 95% af útflutningi landsmanna eru sjávarafurðir, sem að mestu leyti eru fluttar úr landi sem óunnið hráefni. Sú þróun á sér stað meðal flestra annarra þjóða, að fólkið flyzt í vaxandi mæli úr sveitunum í þéttbýlið við sjávarsíðuna. Ef ekkert verður gert í náinni framtíð til þess að koma á fót öruggum iðnaði á þessum stöðum, má búast við vaxandi atvinnuleysi og versnandi afkomu fólksins. Nú þegar er svo komið, að um tímabundið atvinnuleysi er að ræða í mörgum sjávarþorpum umhverfis landið.

Það er því lífsnauðsyn fyrir íslenzku þjóðina, að allt verði gert, sem hægt er, til þess að koma á fót niðursuðu- og niðurlagningariðnaði sjávarafurða víðs vegar um landið og skapa þannig fólki örugga atvinnu, jafnframt því sem verðmæti sjávaraflans er margfaldað. Til þess að mögulegt sé að koma þessu í framkvæmd, verður að koma nýju skipulagi á þessi mál. Stofnkostnaður við niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur er hár og ýmis tæknileg vandamál við að etja, bæði í sambandi við byggingu og rekstur. Gera þarf margháttaðar tilraunir til þess að gera vöruna sem samkeppnishæfasta á hinum ýmsu mörkuðum, jafnframt því sem framkvæma þarf víðtæka markaðsleit, sem ætíð hlýtur að vera mjög kostnaðarsöm og í flestum tilfellum ofvaxin einstaklingum að leggja út í án stuðnings.

Það liggur því ljóst fyrir, að brýna nauðsyn ber til, að komið verði á fót stofnun, sem veiti tæknilega aðstoð við uppbyggingu áður greinds iðnaðar og annist markaðsleit, eftir því sem nauðsyn krefur.

Sþ. 444. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um lagningu Vesturlandsvegar í Kollafjarðarbotn.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota lántökuheimild í III. kafla gildandi vegáætlunar til þess að endurbyggja á næsta sumri þann hluta Vesturlandsvegar, er liggur upp frá Reykjavík í Kollafjarðarbotn.

Greinargerð.

Sá hluti Vesturlandsvegar, sem hér er lagt til að endurbyggður verði sem fyrsti áfangi, er fjölfarnasti þjóðvegur landsins.

Öll umferð frá Reykjavíkursvæðinu til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, fer um þennan veg. Auk þess er mestallt byggingarefni, möl og sandur, sem notað er á höfuðborgarsvæðinu, flutt eftir honum á stórum og þungum bifreiðum, er bókstaflega spæla upp veginn í rigningum og vorleysingum. Álagið á þessum hluta vegarins er því allt of mikið, eins og ástand hans nú sýnir mætavel.

Vegarstæði Vesturlandsvegar er ákveðið fyrir nokkru, og í vegáætlun fyrir árin 1965—1968 eru þessar lántökuheimildir, sem að engu leyti hafa verið notaðar enn þá:

Árið 1966	25.8	millj. kr.
— 1967	24.3	— —
— 1968	12.4	— —

Með flutningi tillögu þessarar á að freista þess að kanna, hvort þingmeirihluti sé ekki fyrir hendi til stuðnings við hana. Engan veginn verður talið, að það sé sérmál þeirra, er í Kjósarsýslu búa, hvort vegur þessi verði strax endurbyggður. Vænti ég því víðtæks stuðnings við tillöguna.

Nd. 445. Frumvarp til laga [193. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, eyðijörðina Hól í Ölfusi í Árnessýslu fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni frú Markúsínu Jónsdóttur, ábúanda jarðarinnar Egilsstaða í Ölfusi, en tún eyðijarðarinnar að Hóli liggur að jarðarmörkum Egilsstaða og hefur um áratugaskeið verið nytjað frá þeirri jörð.

Meðmæli oddvita Ölfushrepps eru fyrir hendi.

Fylgiskjal.

Hreppsnefnd Ölfushrepps mælir með því, að eiganda og ábúanda á Egilsstöðum í Ölfusi, Markúsínu Jónsdóttur, verði seld eyðijörðin Hóll, sem er eign ríkisins og ein af jörðum Arnarbælistorfunnar.

Jörðin hefur ekki verið í ábúð um langan tíma, en nokkur hluti hennar (túnið) hefur verið nytjað frá Egilsstöðum. Tún jarðanna eru samliggjandi. Er því eðlilegt, að jörðin sameinist Egilsstöðum, enda Egilsstaðir seldir úr Arnabælistorfunni á sínum tíma.

Gerðakoti, 9. apríl 1967.

Hermann Eyjólfsson,
oddviti Ölfushrepps.

Ed. 446. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Auður Auðuns, var ekki viðstödd afgreiðslu málsins á nefndarfundi.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Helgi Bergs.
Hermann Jónasson.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	

Nd. 447. Frumvarp til laga [194. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:
svo sem dráttarvéla, heyvinnuvéla, garðyrkjuvéla, jarðyrkjuvéla, mjaltavéla, mjólkurkælivéla og mjólkurtanka, enn fremur til tæknibúnaðar í sláturhúsum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á hverju ári koma fram nýjungar í véltækni. Gamlar aðferðir verða úreltar og nýjar koma í staðinn. Allur atvinnurekstur verður að fylgja þessari þróun. Nýjar vélar kosta mikið fé. Árlega verða bændur að kosta til, svo að nemur hundruðum milljóna, vegna endurnýjunar á vélum og tækjum vegna nýrrar tækni.

Nú er að ryðja sér til rúms ný tækni í sambandi við mjólkurframleiðslu, er stefnir að því að létta störf bænda og tryggja betur en áður hreinlæti við meðferð mjólkur og verja hana fyrir óhollum gerlagróðri og lækka kostnað við flutninga.

Mjaltavélar eru orðnar algengar, en nú er farið að byggja fjósin með sérstökum mjaltabásum og mjaltakerfum, þar sem mjólkin rennur eftir lokuðu rörakerfi í mjólkurgeymi, sem kældur er með rafknúinni kælivél.

Bændur hafa mikinn hug á að taka upp geymslu og kælingu mjólkur í tönkum, en þá skortir fé til slíkra framkvæmda, sem eru alldýrar.

Með þessu frumvarpi eru ákvæði laganna um Stofnlánadeild landbúnaðarins um lán til véla- og tækjakaupa við búrekstur bænda gerð fyllri og taldar upp þær vélar og tæki, sem bæri að veita lán til, ef frumv. yrði að lögum. Eru þessi nýju ákvæði miðuð við þá tækni, sem ryður sér til rúms og allir bændur þurfa að hafa, eins og t. d. mjaltavélar, mjaltakerfi, mjólkurtanka og mjólkurkælivélar.

Nd. 448. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Jón Ísberg, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 3. málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 4. málsgr. 50. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1967.

Greinargerð.

Sú breyting, sem farið er fram á, að gerð verði á almannatryggingalögunum, er, að greiddir verði sjúkradagpeningar og slysabætur með öllum börnum bótaþega, en ekki aðeins þremur fyrstu börnunum, eins og lögin mæla nú fyrir um.

Þessi takmörkun á greiðslum til þeirra bótaþega, er njóta sjúkra- og slysabóta, er sennilega komin í lögin fyrir misskilning. Í frumvarpi að tryggingalögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1945, segir svo í 31. gr., að foreldrar eigi rétt á fjölskyldubótum, „sem hafa á framfæri sínu 4 börn eða fleiri". Í 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins segir: „Þegar sjúkrabætur eru greiddar (þ. e. sjúkradagpeningar til fullorðinna einstaklinga), er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu." Ákvæðin um slysabætur er að finna í 55. gr. frumvarpsins og eru efnislega eins. Þessi ákvæði frumvarpsins urðu að lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946, en þar eru ákvæðin um fjölskyldubætur í 30., 31. og 32. gr. laganna, um sjúkrabætur í 40. gr. og um slysabætur í 53. gr.

Samkvæmt þeim ákvæðum, sem rakin hafa verið, er augljóst, að ætlunin var að ívilna þeim, sem urðu óvinnufærir vegna sjúkdóms eða slysa, þar sem þeir fengu fjölskyldubætur með öllum börnum sínum, en aðrir aðeins með fjórða barni og þar fram yfir. Nú eru greiddar fjölskyldubætur með öllum börnum, og er þegar af þeirri ástæðu ranglátt að takmarka greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga við aðeins 3 börn. Auk þess má benda á, að ætlun löggjafans mun vera, að bótaþegar sjúkra- og slysabóta njóti ekki minni bóta en öryrkjar, en öryrkjar eiga rétt á barnalífeyri fyrir öll sín börn.

Útgjaldaaukning vegna þessara breytinga er hverfandi lítil. Hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða, sem þeir, er vinna við framkvæmd tryggingalaganna, hafa áhuga á að fá framgengt.

Nd. 449. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Jón Ísberg, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Orðin „allt að þremur" í 1. málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1967.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum eru aðeins greiddir dagpeningar vegna atvinnuleysisbóta með þremur fyrstu börnum bótaþega. Þetta ákvæði hefur sennilega komizt inn fyrir misskilning vegna greiðslu fjölskyldubóta og til þess að vera í samræmi við almannatryggingalögin, enda sagt í greinargerð frumvarps að lögum um atvinnuleysistryggingar, að samræmi væri við bótaákvæði almannatryggingalaganna. Sú breyting, sem felst í þessu frumvarpi, hefur ekki mikil aukaútgjöld í för með sér, en þótt svo væri, ber að breyta þessu, vegna þess að hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða. Börn atvinnuleysingja umfram þrjú þurfa einnig að borða, og sé raunverulega um atvinnuleysi að ræða, þá hefur atvinnuleysinginn engar tekjur til þess að kaupa fyrir nauðþurftir sínar, aðrar en bæturnar. Bæturnar hrökkva að vísu skammt, en það er önnur saga, en þessa missmíð löggjafans er sjálfsagt að lagfæra.

Nd. 450. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til orkulaga.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 39. gr. Á eftir 2. málslið 1. mgr. komi: Skal hann vera rafmagnsverkfræðingur að menntun.
2. Við 57. gr. Á eftir 2. málslið 1. mgr. komi: Skal hann vera verkfræðingur að menntun.

Nd. 451. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Davíð Ólafsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Matthías Á. Mathiesen.
Einar Ágústsson. Skúli Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 452. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem er komið frá Ed. Voru þar gerðar nokkrar breytingar á hinu upphaflega frv., og hefur nefndin orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og Ed. afgreiddi það, á þskj. 376.

Alþingi, 10. apríl 1967.

Davíð Ólafsson, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Matthías Á. Mathiesen.
Einar Ágústsson. Skúli Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 453. Lög [137. mál]

um Búreikningastofu landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 363.

Alþt. 1966. A. (87. löggjafarþing). 166

Nd. **454. Lög** [155. mál]

um breyting á lögum nr. 1 31. jan. 1966, um leigubifreiðar.

(Afgreidd frá Nd. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 304.

Ed. **455. Lög** [7. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 11. apríl.)

Samhljóða þskj. 375.

Sþ. **456. Nefndarálit** [103. mál]

um till. til þál. um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og sent hana til umsagnar vegamálastjóra, sem mælir með samþykkt hennar.

Fjárveitinganefnd leggur einróma til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Í síðari málsgrein tillgr. falli niður orðin „fyrir árslok 1967“, en í staðinn komi: sem fyrst, og eigi síðar en í árslok 1968.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Halldór E. Sigurðsson, frsm.	Óskar E. Levy.
Matthías Bjarnason.	Jónas Pétursson.	Ágúst Þorvaldsson.	Geir Gunnarsson.

Halldór Ásgrímsson.

Sþ. **457. Nefndarálit** [32. mál]

um till. til þál. um rétt Íslands til landgrunnsins.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar.

Á síðasta Alþingi fluttu nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins sams konar tillögu, og kom hún til meðferðar utanríkismálanefndar. Undirritaðir, sem þá skipuðu meiri hluta nefndarinnar, lögðu til, að þeirri tillögu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, svo sem greint var á þskj. 708. Meiri hlutinn telur, að engin breyting hafi á orðið hvað snertir eðlilega meðferð þessa máls, og leggur því til, að **tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 11. apríl 1967.

Sigurður Bjarnason, form.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Davíð Ólafsson, frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 458. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um Landhelgisgæzlu Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér þá breytingu, sem Ed. hefur gert á frv., og mælir með samþykkt þess óbreytts.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Óskar Jónsson.	Ragnar Arnalds.
	Óskar E. Levy.	

Ed. 459. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. vill samþ. frv. óbreytt, en við teljum nauðsynlegt að gera á því talsverðar breytingar.

Frv. gerir ráð fyrir að bjóða út á árinu ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð 125 millj. kr., en reynslan hefur sýnt, að fé til kaupa á slíkum pappírum er að langmestu leyti tekið af sparifé banka og annarra innlánsstofnana. Jafnframt hefur ríkisstjórnin tilkynnt, að hún ætli að taka af viðskiptabönkunum 70—80 millj. kr. í viðbót í sambandi við fjáröflunaráætlun sína, auk þess sem í gildi eru reglur um bindingu 20—30% af sparifjáraukningu bankanna handa Seðlabankanum. Við teljum, að þetta sé ekki framkvæmanlegt allt í senn, án þess að viðskiptabankana reki algerlega í strand með að gegna því meginhlutverki sínu að sjá atvinnuvegunum fyrir nauðsynlegu rekstrarfé, til þess að þeir geti starfað. Sparifjárbindingin hefur þegar haft í för með sér mjög alvarlegan lánsfjárskort, með þeim afleiðingum, að þorri íslenzkra framleiðslufyrirtækja hefur neyðzt til að haga rekstri sínum með óhagkvæmari hætti en ella. Teljum við ekki á það bætandi. Við leggjum því til, að Seðlabankinn noti ekki heimild sína til sparifjárbindingar á þessu ári.

Á undanförnum árum hafa verið sívaxandi brögð að því, að alls konar skuldabréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óhæfu. Við teljum, að það sé frumskilyrði fyrir eðlilegu skattaeftirliti, að eignir séu taldar fram, þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, sem í vissum tilfellum getur verið réttlætanlegt. 2. brtt. okkar lýtur að því að gera það skylt að telja ríkisskuldabréfin og spariskírteinin fram, þótt ekki sé greiddur af þeim eignarskattur.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að veita 53 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til nokkurra nauðsynlegra framkvæmda. Fjármálaráðherra hefur upplýst, að greiðsluafgangur hafi numið 474 millj. kr., en okkur er ekki kunnugt um nema 173 millj. kr., sem Alþingi hafi ráðstafað af því. Hins vegar hefur fjármálaráðherra upplýst, að með þessum 53 millj. kr. sé greiðsluafgangi ráðstafað að fullu, og er skýring þess sú, að hann hyggst greiða upp þær skuldir við Seðlabankann, sem stofnað var til með greiðsluhalla áranna 1964 og 1965. Við teljum ekki eðlilegt, að stórfelldar eyðslusyndir þessara ára séu jafnaðar með umframskattlagningu á einu ári, heldur beri — úr því að búið er að taka þetta fé af skattgreiðendum — að nota tækifærið til að skila aftur einhverju af því fé, sem dregið hefur verið inn með niðurskurði opinberra framkvæmda á undanförnum árum. Talsmenn stjórnarinnar telja, að

skuldin við Seðlabankann sé óreiðuskuld og hana verði að greiða. En þá er á það að líta, að ríkissjóður stendur í óreiðuskuldum víðar. Skuldahalarnir vegna framkvæmda, sem ríkissjóði ber að greiða samkvæmt lögum, lengjast í sífellu. Framkvæmdir í vegum, höfnum, skólum, sjúkrahúsum o. fl., o. fl. eiga mörg hundruð milljónir króna hjá ríkissjóði — gjaldfallnar óreiðuskuldir. Teljum við, að ástæðulaust sé að greiða óreiðuskuldir við Seðlabankann upp að fullu, meðan öðrum óreiðuskuldum er velt áfram og þær auknar. Gerum við því breytingartillögu um það að veita nokkru af greiðsluafganginum til nokkurra þeirra opinberu framkvæmdaflokka, sem ríkissjóður er orðinn svo mjög skuldugur. M. a. teljum við sjálfsagt að bæta úr þeim brigðmælum, sem framin hafa verið með því að fella niður fjárveitingu á fjárlögum til vegamála á árunum 1966 og 1967, en við samþykkt vegalaganna var hátíðlega lofað, að árlegt framlag ríkissjóðs yrði ekki minna en 47 millj. kr.

Loks flytjum við brtt., sem felur í sér efnisatriði frv., sem legið hefur fyrir háttv. deild undanfarin þing án þess að fá afgreiðslu og fjallar um nýja tegund lánastarfsemi, sem miðar að því sérstaklega að efla framleiðni atvinnuveganna.

Við teljum það hina brýnustu nauðsyn, eins og nú er háttað málum í atvinnulífi þjóðarinnar, að markvisst sé unnið að því að bæta framleiðnina með aukinni vélvæðingu, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu, en að því miðar þessi brtt. Peningapólitík núverandi stjórnar hefur torveldað mjög alla viðleitni framleiðsluatvinnuveganna í þessa átt, og er nú svo komið, að fjárskortur neyðir fyrirtækin til óhagkvæmari rekstrar en vera þyrfti. Á því er nauðsynlegt að ráða bót án tafar.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Ed. 460. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (HB, KK, BJ).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og innlánsstofnana á árinu 1967.
2. Við 3. gr. Niður falli orðin: framtalsskyldu og.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966:
   - 94 m.kr. til vegagerðar.
   - 13 m.kr. til bygginga við menntaskólana.
   - 13 m.kr. til viðbyggingar Landsspítalans.
   - 15 m.kr. til hafna.
   - 15 m.kr. til skóla.
   - 15 m.kr. til sjúkrahúsa.
   - 8 m.kr. til félagsheimila.

4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Ríkisstjórninni heimilast f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð 200 millj. kr., sem Framkvæmdasjóður Íslands tekur innanlands eða utan í því skyni að stofna sérstaka lánadeild, framleiðnilánadeild, með þeim tilgangi að

veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu samkvæmt reglum, sem stjórn sjóðsins setur.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 66 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, ná ekki til framleiðnilánadeildar.

Ed. 461. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til laga um listamannalaun.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, er hljóði svo:

a. (4. gr.). Á fjárlögum fyrir árið 1968 og framvegis skal veita sérstaka fjárupphæð, auk þeirrar, sem um getur í 1. gr., til starfsstyrkja, er veittir séu tvö til þrjú ár í röð allt að 20 listamönnum, a. m. k. 3 milljónir króna á ári. Starfsstyrkjum skal úthluta samkvæmt reglum, er menntamálaráðherra setur að fengnu áliti nefndar, sem hann skipar og Bandalag íslenzkra listamanna á fulltrúa í. Má ráðherra fela þingnefnd þeirri, sem kosin er samkvæmt 1. gr., úthlutun starfsstyrkja listamanna.

b. (5. gr.). Verði almenn hækkun á launum opinberra starfsmanna, skal hækka heiðurslaun og almenn listamannalaun á fjárlögum í sama hlutfalli.

Ed. 462. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um listamannalaun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Auður Auðuns, form. — Ólafur Björnsson, fundaskr. — Bjartmar Guðmundsson, frsm.

Gils Guðmundsson, með fyrirvara. — Páll Þorsteinsson. — Karl Kristjánsson, með fyrirvara. — Jón Þorsteinsson.

Ed. 463. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila séráliti.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Ólafur Björnsson, form., frsm. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Sveinn Guðmundsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 464. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson.
Karl Kristjánsson. Páll Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.
Gils Guðmundsson.

Ed. 465. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við l. um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga til umsagnar.

Nefndin mælir með samþykkt frv., þrír nefndarmenn þó með fyrirvara.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara. Páll Þorsteinsson, með fyrirvara. Jón Þorsteinsson.
Gils Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 466. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Óskar Jónsson.
Óskar E. Levy. Pétur Sigurðsson. Ragnar Arnalds. Skúli Guðmundsson.

Nd. 467. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþykkt. RA gefur út sérálit.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Óskar Jónsson.
Skúli Guðmundsson.	Óskar E. Levy.	Pétur Sigurðsson.

Sþ. 468. Nefndarálit [133. mál]

um till. til þál. um ákvörðun á nýrri vegarlagningu yfir Fjarðarheiði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað umsagnar um hana hjá Vegagerð ríkisins. — Nefndin mælir einróma með samþykkt tillögunnar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta, svo fljótt sem við verður komið, fara fram fullnaðarmælingar og áætlanir um nýja vegarlagningu yfir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Héraðs, og sé gerð vegarins við það miðuð, að bifreiðasamgöngum megi halda uppi á þeirri leið hindranalítið á meðalvetrum um snjóalög.

Alþingi, 11. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Matthías Bjarnason.	Halldór E. Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.
Geir Gunnarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Óskar E. Levy.

Ed. 469. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Skipaútgerð ríkisins hóf starfsemi sína árið 1929. Hún hefur nálega fjóra áratugi veitt mikilvæga þjónustu með því að annast áætlunarferðir skipa, er flytja farþega, póst og vörur meðfram ströndum Íslands.

Löggjöf hefur ekki verið sett um Skipaútgerðina, en starfshættir stofnunarinnar hafa mótazt af langri reynslu. Forstjóri Skipaútgerðarinnar hefur haft á hendi stjórn hennar undir yfirstjórn samgöngumálaráðuneytis.

Á síðustu starfsdögum þessarar samkomu Alþingis og undir lok kjörtímabils

þingmanna ber hæstv. ríkisstjórn fram þetta frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins og vill fá það lögfest í skyndi.

Aðalefni frv. felst í 4. gr. þess, þar sem svo er fyrir mælt, að ráðherra skipi þrjá menn í stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar. Verkefni stjórnarnefndarinnar á að vera það að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sameiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar.

Ríkisstofnunum má yfirleitt skipta í tvo flokka að því er stjórn varðar. Annars vegar stofnanir, þar sem forstjóri er yfirmaður, undir yfirstjórn ráðherra. Hins vegar stofnanir, þar sem stjórn er kjörin af Alþingi og framkvæmdastjóri starfar í samráði við hina þingkjörnu stjórn og eftir fyrirmælum hennar.

Í þessu frv. er kveðið svo á, að ráðherra skipi forstjóra Skipaútgerðarinnar og ásamt honum þrjá stjórnarnefndarmenn.

Minni hl. samgöngumálanefndar getur ekki á þetta fallizt. Hann flytur á sérstöku þingskjali breytingartillögu við 4. gr., þess efnis, að stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar verði kosin af Alþingi, en samgöngumálaráðherra skipi formann úr hópi hinna þingkjörnu manna.

Afstaða minni hl. til frv. í heild mun fara eftir því, hvort þessi brtt. verður samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 470. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til laga um Skipaútgerð ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar (PÞ og ÁB).

Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Alþingi kýs hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar til fjögurra ára í senn. Samgöngumálaráðherra skipar einn þeirra formann. Ráðherra ákveður laun stjórnarnefndarinnar.

Verkefni stjórnarnefndarinnar er að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sameiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar, þ. á m. áætlanir um ferðir skipanna, um far- og farmgjaldataxta, um meiri háttar viðgerðir og endurbætur á skipum, húsakynnum eða tækjum, um vátryggingar skipanna, um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun tilboða í því sambandi og mat á tilboðum, sem berast kunna.

Nefndin skal halda gerðabók, sem löggilt er af ráðuneytinu.

Ed. 471. Frumvarp til laga [197. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI
Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
b. *Rúmlest* er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.85 teningsmetrar.
c. *Mánuður* er 30 nátta mánuður, eins og ákveðið er með sjómannalögum nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómílur frá sjálfu landinu.
g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
h. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr.

a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.
Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að ⅕ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.
Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgöngumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

a. þekki áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun;
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;

f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna;
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
j. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðugum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgöngumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:
a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12—30 rúmlestir í 6 mánuði;
c. er lögráða;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:
a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
c. sé minnst 18 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 6 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;
   eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti í 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
c. er eigi yngri en 19 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;
b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
   eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
   eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;

eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:
a. hefur staðizt farmannapróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði;
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

17. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur farmannapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík, enda fullnægi hann skilyrðum c- og d-liða 16. greinar.
Skírteini þetta gildir aðeins í sex mánuði frá því umræddu prófi er lokið.

19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins.

20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins, sem:
a. hefur staðizt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri:
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti;
b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst;
c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 60 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 300 rúmlestum séu að minnsta kosti 2 stýrimenn.

23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgöngumálaráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteini úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

V. KAFLI
Ákvæði ýmislegs efnis.

27. gr.

Allir þeir, sem öðlazt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

28. gr.

Samgöngumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 20 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

30. gr.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.—8. gr. laga þessara.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því er til skipstjórnarmanna tekur, lög nr. 42/1947, lög nr. 30/1957, lög nr. 47/1958, lög nr. 35/1961 og lög nr. 65/1965, um breytingar á fyrstnefndum lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hæstv. sjávarútvegsmálaráðherra. Vilja einstakir nefndarmenn taka það fram, að þeir hafi óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins. Frumvarp þetta var einnig flutt á síðasta Alþingi, og fylgdu því þá svofelldar athugasemdir:

Frumvarp þetta um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum er gert af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði hinn 5. ágúst 1965.

Í nefndinni áttu sæti Kristinn Gunnarsson fulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Gunnar Í. Hafsteinsson fulltrúi, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Hjörtur Magnússon fulltrúi og Jónas Sigurðsson skólastjóri.

Nefndinni var falið að endurskoða lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því er til skipstjórnarmanna og almennra ákvæða tekur. Hefur nefndin því starfað í samræmi við skipunina og tekið til athugunar ákvæði umræddra laga, er varða skipstjórnarmenn, og almenn ákvæði.

Á Alþingi því, sem nú situr, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Samkvæmt því lagafrumvarpi hafa ákvæði laganna nr. 66/1946, um atvinnuréttindi vélstjóra, verið lögð fram sem sérstakt frumvarp og liggur því beint við að leggja þetta frumvarp fram sem sérstakt lagafrumvarp.

Gildandi lög um efni það, sem hér um ræðir, eru sett á árinu 1946. Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á lögunum, enda óhjákvæmilegt vegna breyttra aðstæðna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Er því tímabært að setja nú sérstök lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, ekki sízt með tilliti til hins ört vaxandi skipastóls landsmanna og breyttra atvinnuhátta.

Þegar núgildandi lög voru sett um skipstjórnarmenn, var mikið framboð af þeim, enda um tiltölulega fá skip að ræða miðað við það, sem nú er.

Nú hefur orðið mjög mikil breyting á þessum málum og hefur skipastóll landsins margfaldazt síðan gildandi lög voru sett.

Helztu breytingar samkvæmt þessu lagafrumvarpi frá gildandi lögum eru þessar:

1. Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verzlunar- eða varðskipi, eru felldar niður.

2. Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frumvarpið til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð.

3. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.

4. Nýmæli er það í frumvarpi þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5. Siglingatími til að hljóta stýrimannsskírteini er samkvæmt frumvarpi þessu styttur nokkuð, og ekki bundinn við utanlandssiglingar eins og áður var á verzlunarskipum.

Þá er og aldursmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6. Í frumvarpi þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

7. Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Skylda til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli.

Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt, nema felldur er niður síðari málsliður um erlenda ríkisborgara.

Um 2. gr.

Felld eru niður ákvæði í h-, i- og k-liðum gildandi laga.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt, nema felld eru niður ákvæði um vélamenn. Þá er og vottorð frá skráningarstjóra talið jafngilda sjóferðabók.

II. kafli.

Um 4. gr.

Skilyrði um sundkunnáttu er fellt niður, enda er nú lögleidd almenn sundskylda.

Talið er nægilegt vottorð tveggja trúverðugra manna um siglingatíma á 6—12 rúmlesta bátum, þar sem ekki er skylt að lögskrá á þá.

Um 5.—8. gr.

Greinar þessar fjalla um kröfur þær, sem gerðar eru til að öðlast réttindi á skipum allt að 120 rúmlestum.

Meginefni þeirra er hið sama og samkvæmt lögum nr. 30/1957 og framlengingu á þeim lögum frá 1962, en eru nú felld inn í þessi lög til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sé hið sama og á verzlunarskipi, allt að 400 rúmlestir.

Um 10. gr.

Skilyrði samkvæmt b-lið 2. málsgreinar er breytt þannig, að af 18 mánaða stýrimannstíma þurfi minnst 6 mánaða yfirstýrimannstíma á skipum yfir 30 rúmlestir.

Um 11. gr.

Hér er um sams konar breytingu að ræða varðandi stýrimannsskírteini og er í 9. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 12. gr.

Samkvæmt b-lið lækkar aldursmark úr 16 árum í 15 ára aldur og siglingatími er styttur úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

Samkvæmt c-lið er aldursmark fært úr 21 ári í 19 ár.

III. kafli.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir einu skírteini til skipstjórnar á verzlunarskipum 400 rúmlesta og stærri.

Um 14. gr.

Aðalbreytingin samkvæmt þessari grein er sú, að fellt er niður skilyrði um siglingatíma í utanlandssiglingum.

Um 15. gr.

Samsvarandi breyting er hér gerð varðandi stýrimannsskírteini og í 13. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 16. gr.

Samkvæmt b-liðum er aldursmark fært í 15 ár og siglingatími styttur úr 48 mánuðum í 36 mánuði og skilyrði um utanlandssiglingatíma fellt niður.

Um 17.—18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir, að menn með prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar hljóti tímabundin réttindi sem undirstýrimenn á verzlunarskipum.

Um 19.—20. gr.

Fellt er niður ákvæði um rétt til skipstjórnar á varðskipum allt að hundrað rúmlestum.

Sérstakt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins er nú gert að skilyrði til skipstjórnarréttinda á varðskipum.

IV. kafli.

Um 21. gr.

Í síðustu málsgrein er skylda til að hafa stýrimann miðuð við 60 rúmlesta báta í stað 30 rúmlesta.

Um 22. gr.

Hér er miðað við, að á varðskipum 300 rúmlesta og stærri séu a. m. k. 3 stýrimenn og á minni varðskipum séu 2 stýrimenn.

Um 23. gr.

Grein þessi er í samræmi við lög nr. 64 14. maí 1965, um breytingu á lögum nr. 66 17. júlí 1946.

Um 24. gr.

Nýmæli í þessari grein um gildistíma atvinnuskírteinis er í samræmi við reglugerð nr. 165 16. sept. 1963, um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

Um 25.—26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. kafli.

Um 27.—28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Sektarákvæði er hækkað í allt að 20 000.00 kr.

Um 30. gr.

Þeir, sem hlotið höfðu réttindi til skipstjórnar á 75 rúmlesta skipum, hljóta nú réttindi á 120 rúmlesta skipum, án sérstakra skilyrða um siglingatíma.

Sþ. 472. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar, leitað umsagnar um það til Sambands ísl. sveitarfélaga, Tryggingastofnunar ríkisins og fengið þeirra álit.
Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt hagfelldast væri að koma á samstarfi milli sveitarfélaga, sýslufélaga og ríkis um skipulega uppbyggingu á dvalarheimilum fyrir aldrað fólk víðs vegar um landið.
Í því sambandi skal m. a. haft í huga, að komið verði upp íbúðarhúsum fyrir aldrað fólk, t. d. hjón, sem ættu þess kost að fá húsnæði leigt.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Jónas Pétursson.
Óskar E. Levy.
Ágúst Þorvaldsson.
Halldór E. Sigurðsson.
Halldór Ásgrímsson.
Matthías Bjarnason.
Geir Gunnarsson.

Nd. 473. Nefndarálit [134. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en bendir á, að fyrirsögn frv. hefur ekki verið breytt í samræmi við breytingu, er gerð var á því í Ed. Leggur nefndin því fram svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Við fyrirsögn frv. bætist: og jörðina Rjúpnafell í Norður-Múlasýslu.

HV var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Jónas Pétursson, form., frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Gísli Guðmundsson.
Sverrir Júlíusson.
Björn Pálsson.
Jón Ísberg.

Nd. 474. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþ. óbreytt.

LJós og JR voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Ragnar Jónsson.

Nd. 475. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Mælir hún með því, að það verði samþykkt, en einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru LJós og JR.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Ragnar Jónsson.

Skúli Guðmundsson. Einar Ágústsson.

Sþ. 476. Nefndarálit [23. mál]

um till. til þál. um námslaun, greiðslu skóladvalarkostnaðar o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á fundum sínum og sent hana nokkrum aðilum til umsagnar. Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hlutinn telur, að þar sem fyrr á þinginu voru samþ. lög um námslán og námsstyrki, sem fela í sér mjög mikla hækkun, þá sé tillagan óþörf, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillögunni verði vísað frá.

Alþingi, 12. apríl 1967.

Sigurður Ingimundarson, form. Matthías Bjarnason, fundaskr. Axel Jónsson, frsm.

Pétur Sigurðsson.

Nd. 477. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið um það umsagnir, og að því athuguðu telur meiri hluti nefndarinnar rétt að leggja til, að frumvarpið verði fellt.

Einn nefndarmanna, RA, mælir með samþykkt frv. og skilar séráliti.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Óskar E. Levy.
Skúli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.	Óskar Jónsson.

Nd. 478. Nefndarálit [36. mál]

um frv. til l. um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Hv. Ed. hefur haft frv. þetta til meðferðar og gert á því nokkrar breytingar. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Lúðvík Jósefsson.	Ingvar Gíslason.
Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.	Sverrir Júlíusson.

Nd. 479. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um bátaábyrgðarfélög.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá Ed., þar sem gerðar voru á því nokkrar breytingar. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Lúðvík Jósefsson.	Ingvar Gíslason.
Jón Skaftason.	Guðl. Gíslason.	Sverrir Júlíusson.

Sþ. 480. Þingsályktun [67. mál]

um bætta aðbúð sjómanna.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna og viðkomandi sveitarfélög, að stofnsettar verði og starfræktar sjómannastofur á síldveiðihöfnum á Austurlandi og á stærri fiskihöfnum annars staðar, þar sem þörfin er mest vegna aðkomusjómanna.

Nd. 481. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt ýtarlega um frv. á fundum sínum og fengið þá Torfa Ásgeirsson, skrifstofustjóra Efnahagsstofnunarinnar, og Aðalstein Eiríksson, fjármálaeftirlitsmann skóla, á sinn fund, og veittu þeir nefndinni upplýsingar um einstök atriði frv.

Þá komu á fund nefndarinnar þrír skólastjórar heimavistarskóla. Einnig barst nefndinni erindi frá nokkrum skólamönnum víðs vegar að. Þessir aðilar töldu frv. til verulegra bóta frá því, sem er, en bentu á nokkur atriði, sem þeir töldu, að breyta þyrfti. Þá kom einnig í ljós, að gera þarf smávægilegar breytingar á lögunum til samræmingar við lög um iðnfræðslu, sem samþykkt voru á s. l. ári.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. telur, að frv. sé til mikilla bóta frá því, sem er í gildandi lögum, bæði hvað snertir ákvæði um stofnkostnað og varðandi rekstrarkostnað skólanna. Varðandi stofnkostnaðinn er það mikilsvert atriði, að í frv. er gert ráð fyrir því, að hluti ríkisins greiðist á tveim til þrem árum í stað fimm ára, eins og nú er. Þá eru í frv. ákvæði, sem eiga að stuðla að því, að betur verði tryggt en nú er, að framkvæmdir í skólabyggingum verði vandlega undirbúnar, áður en verkið er hafið.

Varðandi rekstrarkostnaðinn eru ákvæði í frv., sem marka skýrar en nú er, hver sé hlutur ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóða hins vegar varðandi allan rekstrarkostnað skólanna.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frv. verði samþykkt, en flytur á sérstöku þingskjali nokkrar breytingartillögur.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Benedikt Gröndal, form.	Axel Jónsson, fundaskr., frsm.	Guðl. Gíslason.	Jón Ísberg.

Nd. 482. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

1. Við 1. gr. Fyrir „iðnskóla“ komi: iðnfræðsluskóla.
2. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist: og iðnfræðsluráðs að því er iðnfræðsluskóla varðar.

3. Við 7. gr.
   a. Á eftir „heimavistarrýmis“ í 1. málsl. 1. mgr. falli niður punktur, en við bætist: þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla.
   b. Á eftir 1. málsl. 1. mgr. komi:
      Ríkissjóði er heimilt að greiða 75% af áætluðum stofnkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanaksturs-skóla, þar sem að dómi menntamálaráðuneytisins væri ekki hægt að ráða skólastjóra og/eða fasta kennara, nema slíkt húsnæði sé til.
   c. Á eftir orðunum „Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms“ bætist inn: eða iðnfræðslu.
4. Við 11. gr. Í stað orðanna „í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt“ o. s. frv. til loka greinarinnar komi: eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjald er lagt á samkv. 1. gr. laga nr. 58/1961.
5. Við 15. gr. Í stað „fimm“ í þriðju línu 2. mgr. komi: sex.
6. Við 19. gr. (leiðrétting). Í stað „skólann“ í lok 2. málsl. 2. mgr. komi: skólanna.
7. Við 20. gr.
   a. Í stað „20%“ í b-lið greinarinnar komi: 25%.
   b. Í stað „má hækka stundafjölda“ í c-lið greinarinnar komi: hækkar stundafjöldi.
   c. Í stað „má hækka stundafjölda“ í d-lið greinarinnar komi: hækkar stundafjöldi.
   d. Í stað „15%“ í e-lið greinarinnar komi „20%“ — og á undan orðunum „vegna umsjónar“ komi: m. a.
   e. Við f-lið bætist: Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heimavinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 18. gr.
   f. Í stað „iðnskóla“ í 2. mgr. komi: iðnfræðsluskóla.
   g. Á undan næstsíðustu mgr. komi:
      Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár um vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.
8. Við 24. gr.
   a. Á eftir orðunum „nemenda í heimavistum“ í síðustu mgr. komi: í skólum utan skyldunáms.
   b. Aftan við gr. bætist: svo og iðnfræðsluráðs.
9. Við 29. gr. Við 2. mgr. bætist:
   Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.
10. Við 30. gr. Við 1. mgr. bætist:
   Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41/1955.

Ed. 483. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [170. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. apríl.)

1. gr.

33. gr. stjórnarskrárinnar orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa íslenzkan ríkisborgararétt og eiga lög-

heimili hér á landi. Þó getur enginn átt kosningarrétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé eigi sviptur lögræði.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 484. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. l. nr. 5 29. jan. 1951 og l. nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

1. málsgr. 2. gr. orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti, og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm.
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.
Sveinn Guðmundsson.
Gils Guðmundsson.
Helgi Bergs, með fyrirvara.

Sþ. 485. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar og leitað umsagnar vegamálastjóra um hana.

Nefndin varð sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Sigurður Ingimundarson, form.
Matthías Bjarnason, fundaskr., frsm.
Einar Ágústsson.
Axel Jónsson.
Pétur Sigurðsson.
Gísli Guðmundsson.
Ragnar Arnalds.

Sþ. 486. Nefndarálit [176. mál]

um till. til þál. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum og leggur til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd, er haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits samtaka sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Halldór Ásgrímsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Jónas Pétursson.
Halldór E. Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.	Óskar E. Levy.

Nd. 487. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Hannibal Valdimarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Björn Pálsson.	Jón Ísberg.	Sverrir Júlíusson.

Ed. 488. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963.

Frá Karli Kristjánssyni, Páli Þorsteinssyni og Gils Guðmundssyni.

Við 1. gr. Önnur málsgr. 36. gr. orðist svo:

Árlegt framlag ríkissjóðs til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera: Fjárhæð, sem nemur 25% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna.

Ed. 489. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumv. verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumv. eða fylgja slíkum tillögum, ef fram koma.

Fjarstaddur afgreiðslu var Jón Þorsteinsson.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Árnason.
Björn Jónsson.

Ed. 490. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til laga um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Jón Þorsteinsson var ekki viðstaddur afgreiðslu frumvarpsins.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Árnason.
Björn Jónsson.

Ed. 491. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumv. verði samþykkt eins og það er eftir 3. umræðu í neðri deild.

Fjarstaddur afgreiðslu var Jón Þorsteinsson.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Árnason.
Björn Jónsson.

Nd. 492. Lög [9. mál]

um Landhelgisgæzlu Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 352 (sbr. 259).

Nd. 493. Þingsályktun [132. mál]

um þaraþurrkstöð á Reykhólum.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, í samræmi við álit framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins, hvort hagkvæmt sé að reisa og reka þaraþurrkstöð á Reykhólum.

Ed. 494. Breytingartillaga [170. mál]

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við fyrri málsgrein 1. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi: Lækka má með lögum aldursmarkið í 18 ár.

Ed. 495. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til laga um jarðeignasjóð ríkisins.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Kaupverð jarða, sem Jarðeignasjóður kaupir samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal vera matsverð þriggja manna nefndar, sbr. 8. gr. Við ákvörðun matsverðsins skal hafa hliðsjón af þeim fjármunum, sem eigandi hefur lagt í jörðina.
2. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Landbúnaðarráðherra skipar þrjá menn í nefnd til fjögurra ára í senn til að meta kaupverð jarða, sbr. 4. gr., einn þeirra samkv. tilnefningu fjármálaráðuneytisins, og er hann formaður nefndarinnar, annan samkv. tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og þriðja samkv. tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Nd. 496. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Við 20. gr. Í stað „70%“ í næstsíðustu mgr. komi: 80% — og í stað „1—3“ komi: 1—4.

Nd. **497. Frumvarp til laga** [198. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

1. gr.

1. málsgrein 4. greinar laganna orðist svo:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir: Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutbundinni kosningu, en ráðherra skipar tvo menn, annan eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama hátt. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá. Noti aðilar ekki rétt sinn til tilnefningar aðalmanns eða varamanns, skipar ráðherra þá án tilnefningar. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Umboð núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins fellur niður 15. maí 1967.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Alþýðusamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands hafa sameiginlega farið þess á leit við sjávarútvegsmálaráðuneytið, að það beiti sér fyrir því, að lagt verði fyrir Alþingi frumvarp það, sem hér er lagt fram, en með frumvarpinu, ef samþykkt verður, fá útvegsmenn og sjómenn aðild að stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Ósk þessara aðila fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Það er ósk vor, að Landssamband ísl. útvegsmanna fái að tilnefna einn fulltrúa í stjórn verksmiðjanna og Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband og Alþýðusamband Íslands tilnefni sameiginlega einn fulltrúa.

Á fjölmennum fundi síldarsjómanna, sem haldinn var í nóvember s. l. á Reyðarfirði, var samþykkt að óska eftir því, að samtök sjómanna og útvegsmanna fái aðild að stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 30. nóvember til 2. desember s. l., var samþykkt að óska eftir aðild útvegsmanna og sjómanna að stjórn verksmiðjanna.

Vér leyfum oss að minna á, að síldarverksmiðjur ríkisins voru stofnaðar til þess að annast þjónustu við síldveiðiflotann og hafa þær rækt það verkefni alla tíð síðan. Útvegsmenn og sjómenn eiga mikilla hagsmuna að gæta, að verksmiðjurnar séu reknar með sem mestri hagsýni.

Vér teljum eðlilegt, að útvegsmönnum og sjómönnum verði veitt aðstaða til þess að koma tillögum sínum og athugasemdum á framfæri innan verksmiðjustjórnarinnar. Það myndi verða til þess að fyrirbyggja misskilning og draga úr tortryggni í garð verksmiðjanna og auka víðsýni verksmiðjustjórnarinnar um málefni þeirra.

Vér leyfum oss að vænta stuðnings hæstvirts ráðuneytis við málaleitun vora.“

Nd. **498. Nefndarálit** [159. mál]

um frv. til l. um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta er undirbúið af sjö manna stjórnskipaðri nefnd. Sú nefnd þurfti þó að skila ráðherra frumvarpinu ófullgerðu, skv. ósk hans. Síðan skipaði ríkisstjórnin nýja nefnd, fimm manna, til að endurskoða frv. frá hinni nefndinni.

Í frv. þessu eru ýmis ákvæði til bóta, en önnur til hins verra. Áætlanir til langs tíma um byggingarframkvæmdir, fyrirætlanir um styttri byggingartíma skólamannvirkja, ráðstafanir til samstöðu sveitarfélaga um einn heimavistarskóla o. fl. eru framfarir frá því, sem nú er.

Um ýmis önnur ákvæði frv. er mikil óvissa, hvernig reynast muni í framkvæmd. Má þar nefna nýjar reglur um skiptingu stofnkostnaðar skólamannvirkja milli bæjar- og sveitarfélaga annars vegar og ríkissjóðs hins vegar. Enga örugga vitneskju er unnt að fá um það fyrir fram, hvorum aðilanum þessar reglur verða til hagsbóta. Þá eru ákvæði frv. um launagreiðslur svo flóknar og torskildar, að jafnvel höfunda frv. greinir á um, hvernig skilja beri. Af þessu og mörgu fleira leiðir, að ekki verður séð, fyrr en reynslan sker úr, hvernig rekstrarkostnaður hvers einstaks skóla skiptist milli sveitarfélags og ríkissjóðs. Höfundar frv. segja, að við það sé miðað í frv., að greiðslubyrðin í heild og hvors aðila um sig, ríkissjóðs og sveitarfélaga, „haldist nokkurn veginn óbreytt", en þeir játa líka, að erfitt sé að sýna þetta með tölum „nema með mjög ítarlegri og umfangsmikilli rannsókn". Eitt er víst, að þessi rannsókn hefur ekki farið fram. Aftur á móti liggja fyrir upplýsingar um það, að hluti sveitarfélaga í rekstrarkostnaði flestra skóla barna- og gagnfræðastigs hefur vaxið mikið, t. d. heimavistarskóla um 21.4%, heimangönguskóla um 49.7% og farskóla um 85.8% á árunum 1956—1964, en nýrri skýrslur eru ekki fyrir hendi. Ekki á þetta frv. að leiðrétta greiðsluhlutföllin, sem þannig hafa orðið sveitarfélögum í óhag.

Þá eru í frv. ýmis ákvæði, sem minni hl. menntmn. telur óviðunandi. Má þ. á m. nefna eftirfarandi:

1. Stofnkostnaði skóla á að skipta milli ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir **áætluðum** kostnaði, að viðbættu álagi skv. byggingarvísitölu. Reynist kostnaðurinn meiri, skal sveitarfélagið greiða það, sem fram yfir er.
2. Sjö héraðsskólar í landinu eru nú ríkisskólar, og allur stofnkostnaður þeirra svo og rekstrarkostnaður er að sjálfsögðu greiddur úr ríkissjóði. Samkv. frv. eiga sveitarfélög þeirra nemenda, er nám stunda í þessum skólum, að greiða þann hluta rekstrarkostnaðarins, sem sambærilegur er hluta sveitarfélags í öðrum gagnfræðaskólum. Hagnaður byggðarlaga, er gáfu ríkissjóði skólana að sínum hluta skuldlausa og kvaðalausa 1962, til þess að ríkið annaðist reksturinn, á þá ekki að standa lengi.
3. Ráðherra á að fá heimild til að fresta greiðslu fjárveitinga til byggingar skólamannvirkja, jafnvel þótt ekkert skorti á það, að fjárveitingar nægi til að ljúka byggingu á þremur árum, ef hann telur fénu betur varið til annarra skólabygginga. Þannig á ráðherra að geta tekið fram fyrir hendur Alþingis.

Hér skulu ekki nefnd fleiri dæmi af þessu tagi.

Frv. þessu var vísað til menntmn. viku fyrir páskaleyfi þingmanna. Athugun n. á frumv. hefur því orðið að fara fram á mestu annríkisdögum þingsins. Ekki náðist samkomulag í n. um að senda nokkrum aðilum frv. til umsagnar. Málið varðar þó hvert einasta bæjar- og sveitarfélag í landinu, og hefði því verið full þörf á, að n. fengi einhverja vitneskju um álit þessara aðila á frv. og reyndar einnig fræðsluráða, skólastjóra og skólanefnda.

Samkomulag náðist ekki innan n. um afgreiðslu málsins, þar sem meiri hl. n. gat ekki fallizt á neinar þær breytingar á frv., sem minni hl. óskaði eftir. Af þessum ástæðum flytur minni hl. n. nokkrar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali, og mun afstaða hans til afgreiðslu málsins fara eftir því, hvort þessar brtt. ná samþykki deildarinnar eða ekki.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Sigurvin Einarsson, frsm. Ingvar Gíslason. Einar Olgeirsson, með fyrirvara.

Nd. 499. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar (SE, IG, EOl).

1. Við 5. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið skal sjá um eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoða reikninga, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.
2. Við 6. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: og telst þetta til stofnkostnaðar.
3. Við 7. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Ríkissjóður greiðir 50% stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, er lög þessi taka til, og 100% stofnkostnaðar fullbúins heimavistarrýmis. Með heimavistarrými teljast m. a. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar skólastjóraíbúðar heimangöngubarnaskóla, þar sem nauðsyn krefur slíkra bygginga.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Hlutaðeigandi sveitarsjóðir greiði þann hluta stofnkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
4. Við 8. gr. Greinin falli niður.
5. Við 13. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti, ef fjárveitingar til skólamannvirkis nægja ekki til greiðslu ⅓ hluta áætlaðs stofnkostnaðar.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir allan stofnkostnað þeirra skóla, sem eru eign ríkisins, þegar lög þessi taka gildi.
   Laugaskóli í S.-Þingeyjarsýslu kemur undir ákvæði þessarar greinar, verði sá skóli afhentur ríkinu samkv. heimild í lögum nr. 34 1962.
7. Við 15. gr. Síðasta mgr. orðist svo:
   Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að tryggt sé, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé handbært, þegar á þarf að halda.
8. Við 16. gr. Síðari mgr. orðist svo:
   Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður, ef með því sparast heimavistarrými, að mati ráðuneytisins.
9. Við 20. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar, að dómi ráðuneytisins, til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta, miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, vixl-

kennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.

b. 4. mgr. falli niður.

c. 7. mgr. falli niður.

10. Við 21. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, greiðir ríkissjóður að fullu. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað í þeim skólum, sem eru eign ríkisins.

11. Við 23. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Sveitarfélög greiða að hálfu á móti ríkissjóði hitun, rafmagnsnotkun, húsvörzlu og vátryggingargjöld skólamannvirkja. Þó greiðir ríkissjóður að ¾ hitunarkostnað í heimavistarskólum, þar sem ekki nýtur jarðhita. Allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, greiða sveitarfélög að fullu.

12. Við 24. gr. Síðasta mgr. orðist svo: Heimavistargjöld í heimavistum skulu nemendur ekki greiða.

Nd. 500. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisreikningurinn sýnir stórfelldar álögur á þjóðina, mikla eyðslu, en jafnframt mikla hlutfallslega lækkun á ríkisframlögum til verklegra framkvæmda.

Yfirskoðunarmenn hafa m. a. gert athugasemdir um miklar eftirstöðvar hjá innheimtumönnum ríkisins og útistandandi skuldir hjá ýmsum ríkisfyrirtækjum.

Hér skal nefnt eitt dæmi um það, hvernig sparnaðarfyrirheit núverandi ríkisstjórnar hafa reynzt í framkvæmd.

Árið 1961 lagði stjórnin frumvarp til nýrra laga um tekjuskatt og eignarskatt fyrir Alþingi og fékk það samþykkt í þinginu. Það nýmæli var í þeim lögum, að skattanefndir í sveitarfélögum voru lagðar niður, en landinu skipt í 8 skattumdæmi, með einum skattstjóra í hverju. Stjórnin og málsvarar hennar töluðu og skrifuðu um það sem mikið afreksverk að leggja niður 219 skattanefndir með 657 mönnum og 24 yfirskattanefndir að auki. Og um þetta sagði ríkisstjórnin m. a.: „fer ekki hjá því, að hér verði um talsverðan sparnað að ræða.“

En hvað segir ríkisreikningurinn um sparnaðinn?

Árið 1961, síðasta árið, sem eldra fyrirkomulagið við skattaálagninguna var í gildi, var kostnaður við skattanefndir, skattstofur og ríkisskattanefnd samtals 11 millj. og 200 þús. kr., en samkvæmt ríkisreikningnum, er hér liggur fyrir, var kostnaður við skattstofur og ríkisskattanefnd árið 1965 alls 32 millj. og 148 þús. kr. Þannig hefur kostnaður við álagningu skatta um það bil þrefaldazt á 4 árum. Þannig fór um sparnaðinn, sem ríkisstjórnin sagði að nýja kerfið mundi hafa í för með sér.

Fjárhagsnefnd hefur fengið afrit af skýrslu ríkisendurskoðunarinnar, dags. 10. jan. s. l., sem sýnir, hvað eftir var að endurskoða af reikningum ríkisstofnana, embætta o. fl. hinn 31. des. 1966. Einnig hefur nefndin fengið yfirlit, dags. 12. þ. m., er sýnir, hvað unnið hefur verið að endurskoðun þeirra reikninga, síðan

skýrslan var gefin. Af þessum gögnum sést, að enn er ólokið endurskoðun allmargra reikninga fyrir árið 1965 og nokkurra frá fyrri tímum.

Við teljum, að ríkisreikninga eigi ekki að samþykkja á Alþingi, fyrr en endurskoðun þeirra er lokið. Leggjum við því til, að afgreiðslu málsins verði frestað.

Skýrsla ríkisendurskoðunarinnar frá 10. jan. s. l. og bréf sömu stofnunar, dags. 12. þ. m., eru prentuð hér með sem fylgiskjöl.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Fylgiskjal I.

RÍKISENDURSKOÐUN,
Reykjavík.

SKÝRSLA

til yfirskoðunarmanna ríkisreiknings frá ríkisendurskoðuninni um, hvað ólokið var af endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. 31. desember 1966.

I.

Hér fer á eftir skrá yfir reikninga, sem bíða endurskoðunar:
Embættiskostnaður forseta Íslands 1965.
Embættiskostnaður landlæknis 1965.
Embættiskostnaður biskups 1964—1965.
Hagstofa 1964—1965.
Þjóðskráin 1964—1965.
Borgardómaraembættið 1964—1965.
Sakadómaraembættið 1964—1965.
Lögreglustjóraembættið 1965.
Bifreiðaeftirlitið 1965.
Saksóknaraembættið 1964—1965.
Hegningarhúsið í Reykjavík 1965.
Bændaskólinn og búið á Hólum 1965.
Garðyrkjuskólinn og búið á Reykjum 1965.
Menntaskólinn á Akureyri 1965.
Menntaskólinn að Laugarvatni 1965 (reikningsskil ókomin).
Héraðsskólinn að Laugarvatni 1963—1965.
Héraðsskólinn að Núpi 1965.
Íþróttakennaraskólinn 1964—1965.
Heyrnleysingjaskólinn 1965.
Landsbókasafnið 1965.
Þjóðskjalasafnið 1965.
Náttúrufræðistofnunin 1965.
Safn Einars Jónssonar 1965.
Ásgrímssafn 1965.
Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1964—1965 (reikningsskil 1965 ókomin).
Skattstjóraembættið í Reykjanesumdæmi 1965 (reikningsskil ókomin).
Skipaútgerð ríkisins 1964 (ríkisendursk. tók við endursk. 1. jan. 1965).
Landhelgisgæzlan 1964.
Fiskmat ríkisins 1965.
Síldarmat ríkisins 1964—1965.
Raforkumál lokið að mestu 1965 (reikningskil ókomin fyrir Rafmv. ríkisins).
Atvinnudeild Háskólans 1964.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna 1965.
Tilraunastöðin að Keldum 1965.
Vegamál 1965.
Veiðimálastjóri 1965.
Vélasjóður ríkisins 1965.

Auk þeirra mála, sem hér voru talin, er ólokið endurskoðun nokkurra smáreikninga, sem brátt verður lokið við.

Það skal tekið fram, að endurskoðað er jafnóðum hjá flestum stærri stofnunum og ríkisfyrirtækjum, þannig að endurskoðun þeirra er langt komin fyrir árið 1966.

Endurskoðun vegamála hefur seinkað af þeim sökum, að starfsmaður, sem til þess var ráðinn, lézt á árinu. — Endurskoðun Atvinnudeildarinnar, Rannsóknastofnana o. fl. hefur seinkað vegna þess, að endurskoðanda var leyft að hætta störfum hér fyrirvaralaust og annar var ekki ráðinn í hans stað að sinni.

II.

Endurskoðun tekna, annarra en aðflutningsgjalda, í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur er komið sem hér segir:

1. Lokið í öllum embættum til ársloka 1963, í 10 embættum 1964 og 1965.
2. Eftirlit var framkvæmt í 18 embættum 1965 og í 10 embættum á árinu 1966.
3. Embættismannaskipti urðu í þrem embættum á árinu 1966, Hafnarfirði, Siglufirði og Bolungarvík, og voru í því sambandi framkvæmdar úttektir á þeim.

Rétt er að taka það fram, að endurskoðun á tekjum embættanna hefur tafizt nokkuð, sökum þess að einn þeirra manna, sem unnu að henni, hætti störfum á miðju ári 1966 sökum vanheilsu og enn hefur ekki verið ráðinn maður í hans stað.

III.

Tollendurskoðun:

Eins og nokkur undanfarin ár eru tollreikningar í Reykjavík endurskoðaðir, áður en greiðsla á þeim fer fram, og verður aldrei óeðlilegur dráttur á afgreiðslu tolla þar vegna starfa endurskoðunarinnar.

Utan Reykjavíkur er ekki hægt að koma þessu fyrirkomulagi við. Stærstu tollumdæmin senda skjöl sín og bækur mánaðarlega til endurskoðunar, og er endurskoðað þar nokkurn veginn jafnóðum. Ef misfellur finnast, er strax tilkynnt um þær í símtali til hlutaðeigandi embættis, til þess að leiðréttingu verði við komið, svo fljótt sem auðið er. Í minnstu tollumdæmum, þar sem afgreiðslur að jafnaði eru mjög fáar og smáar, var endurskoðað eftir árið.

Á s. l. ári hefur verið hert mjög á tollinnheimtu úti á landi, og hefur það borið mikinn árangur. Framvegis verður lögð rík áherzla á, að innheimta þessi komist í viðunandi horf.

Ríkisendurskoðunin, 10. jan. 1967.

Árni Árnason.

Fylgiskjal II.

12. apríl 1967.

RÍKISENDURSKOÐUN,
Reykjavík.

Hér með fylgir skýrsla, sem send var yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins 10. janúar s. l., um, hvað þá væri ólokið af endurskoðun ríkisstofnana o. fl. miðað við árslok 1965.

Síðan um áramót hefur verið lokið við endurskoðun eftirtalinna reikninga, sem tilgreindir voru í I. kafla téðrar skýrslu:

Garðyrkjuskólinn og búið á Reykjum	árið 1965
Menntaskólinn á Akureyri	— —
Málleysingjaskólinn	— —
Landsbókasafnið	— —
Þjóðskjalasafnið	— —
Skattstofa Reykjanesumdæmis	— —
Tilraunastöðin á Keldum	— —
Embættiskostnaður saksóknara	— —
Embættiskostnaður sakadómara	— —
Landhelgisgæzlan	— —
Skipaútgerð ríkisins	— —

Endurskoðun vegareikninga fyrir árið 1965 er nokkuð á veg komin og mun ljúka í næsta mánuði.

Nokkuð er byrjað á endurskoðun reikninga ársins 1966, sem fram fer að loknum reikningsskilum, en endurskoðun hjá flestum stærri stofnunum og ríkisfyrirtækjum fer fram jafnóðum, eins og venja hefur verið.

Endurskoðun tekna, annarra en aðflutningsgjalda, í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur, sem um getur í II. kafla áðurnefndrar skýrslu, er nú komið sem hér segir:

Lokið í öllum embættum til ársloka 1963, í 15 embættum 1964 og 11 embættum 1965. Þá er endurskoðun aukatekna, þinglýsingar- og stimpilgjalda í embættum utan Reykjavíkur nálega lokið til ársloka 1965.

Endurskoðun á tekjum embættanna hefur tafizt nokkuð sökum þess, að einn þeirra manna, sem unnu að henni, hætti störfum á miðju ári 1966 sökum vanheilsu og kom enginn í hans stað fyrr en á árinu 1967.

Að öðru leyti vísast til meðf. skýrslu til yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, dags. 10. janúar s. l.

F. h. r.

Á. Á.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 501. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. Hannibal Valdimarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Jónas Pétursson, form.	Ben. Gröndal, fundaskr.	Sverrir Júlíusson, frsm.
Björn Pálsson.	Jón Ísberg.	Gísli Guðmundsson.

Ed. 502. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og rætt það á fundum sínum. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Útflutningsgjald af loðnumjöli, loðnulýsi og grásleppuhrognum samkv. 2. gr. laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1967.

Alþingi, 13. apríl 1967.

Jón Árnason, form. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Ólafur Jóhannesson. Helgi Bergs.
Gils Guðmundsson.

Ed. 503. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Helgi Bergs. Karl Kristjánsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Sveinn Guðmundsson. Unnar Stefánsson.
Björn Jónsson.

Nd. 504. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [6. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á l. um almannavarnir, nr. 94 29. des 1962.

Frá Ragnari Arnalds.

Með tilliti til þess, að lög nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, hafa ekki komið til framkvæmda nema að óverulegu leyti, og með því að ástæðan til þess virðist sú, að lögin séu reist á veikum stoðum, er geri þau í senn óvinsæl og lítt framkvæmanleg, telur deildin nauðsynlegt, að fram fari allsherjarendurskoðun laganna og að sérstaklega verði athugað í því sambandi, hvort það sé ekki líklegt til góðs árangurs að fela Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands og öðrum skyldum samtökum að undirbúa og annast þá hjálparstarfsemi, sem um ræðir í lögunum og í því lagafrumvarpi, sem hér liggur fyrir. Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um þessa endurskoðun, telur deildin rétt að fresta afgreiðslu frumvarpsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **505. Nefndarálit** [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og sendi það til umsagnar stjórn sjóðsins, sem mælir með samþykkt frv., ef ákvæði þess verði færð í heimildarform fyrir stjórn sjóðsins, svo að möguleiki gefist á samræmdri framkvæmd. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessari breytingu og sömuleiðis þeirri, er tryggingafræðingur sjóðsins mælir með varðandi áhafnir togara, taki þeir upp aðrar veiðar um skamman tíma en togveiðar.

Álit Guðjóns Hansens tryggingafræðings fylgir með nál. þessu sem fylgiskjal. Breytingartillagan er fram borin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form.	Sverrir Júlíusson, frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.
Ingvar Gíslason.	Guðl. Gíslason.	Lúðvík Jósefsson.
	Jón Skaftason.	

Fylgiskjal.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 17. marz 1967.

Stjórn Lífeyrissjóðs togarasjómanna
og undirmanna á farskipum,
Reykjavík.

Með bréfi, dags. 20. febrúar s. l., sendi sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis Lífeyrissjóði togarasjómanna og undirmanna á farskipum til umsagnar frumvarp Péturs Sigurðssonar til laga um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962. Enn fremur óskar nefndin eftir áliti sjóðstjórnar á eftirtöldum atriðum:

1. hvort hún sjái sér fært að mæla með endurgreiðslu til útgerðar togara á framlagi hennar, ef skipverji hefur fengið sinn hlut, þ. e. 4%, endurgreiddan,
2. að öðrum fiskimönnum en togarasjómönnum verði heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum,
3. hvort hún geti mælt með breytingu þess efnis, að ef togari fari til síldveiða, verði áhöfn heimilt (og útgerð) að greiða til lífeyrissjóðsins af tekjum sambærilegum togaratekjum eða fastri upphæð, t. d. kauptryggingu.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur óskað eftir álitsgerð frá undirrituðum um ofangreind atriði, og fer hún hér á eftir.

A. Um frumvarpið.

Efnislega er frumvarpið tvíþætt, annars vegar er gert ráð fyrir, að fáeinum starfsmönnum stéttarfélaga verði veitt aðild að sjóðnum, en hins vegar, að með tilteknum skilyrðum haldi sjóðfélagar rétti sínum til tryggingar um tímabil, sem hingað til hafa fallið úr. Óskir um rýmkun núgildandi ákvæða að þessu leyti hljóta að teljast eðlilegar, en hins vegar getur verið erfitt fyrir fram að gera sér grein fyrir þeim tilvikum, sem fyrir kunna að koma. Teldi ég því heppilegra, að ákvæðum frumvarpsins yrði breytt í heimildarákvæði fyrir stjórn sjóðsins, er síðan gæti

myndað sér reglur, er miðuðu að því að taka réttmætt tillit til óska sjómanna, útgerðarmanna og sjómannafélaga í þessu efni og væru jafnframt auðveldar í framkvæmd.

B. Um önnur atriði.

1. **Endurgreiðsla til útgerðar við úrgöngu skipverja úr sjóðnum.**

Ég hef ekki handbær gögn nefndar þeirrar, er samdi frumvarp til laga um lífeyrissjóð togarasjómanna, sem samþykkt var á Alþingi árið 1958, en víst er, að hagnaður af úrgöngu úr sjóðnum var áætlaður sem verulegur tekjuliður, þar eð iðgjöld vinnuveitenda mundu sitja eftir í sjóðnum. Því fer yfirleitt fjarri, að íslenzkir lífeyrissjóðir séu með 10% iðgjöldum færir um að standa við skuldbindingar sínar án þessa tekjuliðs. Hitt er ljóst, að úrganga hefur orðið sjóðnum stórum drýgri tekjulind en gert mun hafa verið ráð fyrir.

Í fyrirspurn sjávarútvegsnefndar er eingöngu minnzt á endurgreiðslu til útgerðar togara, en ekki til annarra vinnuveitenda. Sennilegt er líka, að sjóðurinn hafi haft mun meiri hagnað af úrgöngu togarasjómanna en annarra sjóðfélaga. Hefði verið eðlilegt með tilliti til hugsanlegrar lækkunar iðgjalda samkvæmt 9. grein laganna, að útgerðarfyrirtæki togara hefðu krafizt athugunar á því atriði, áður en farmönnum var veittur aðgangur að sjóðnum árið 1962. Nú stendur fyrir dyrum tryggingafræðilegt uppgjör á sjóðnum, og gæti sjóðstjórn ákveðið að láta gera slíka athugun í sambandi við það.

Samkvæmt framansögðu kemur til greina, að stjórn sjóðsins fresti að taka afstöðu í máli því, er hér um ræðir, þar til tölulegar athuganir á hag sjóðsins og hagnaði af úrgöngu hafa átt sér stað, en auk þess skal bent á eftirtalin atriði:

a. Athuga þarf hina lagalegu hlið málsins, þ. e. hvort fært er gagnvart núverandi sjóðfélögum að ráðstafa hluta af tekjum hans undanfarin ár.
b. Bókun sú, sem átti sér stað á fundi sjóðstjórnar 15. febrúar 1966, þegar samþykkt var að láta fara fram tryggingafræðilegt uppgjör á sjóðnum, mun m. a. hafa verið gerð með það fyrir augum, að bætur úr sjóðnum yrðu hækkaðar með því að reikna með meðallaunum 5 ára eða styttri tíma í stað núgildandi 10 ára meðaltals. Er þá nauðsynlegt að gera sér ljóst, hvort unnt er samtímis að hækka bætur og draga úr tekjum sjóðsins.
c. Unnið er nú að undirbúningi að stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn. Um væntanleg áhrif slíks sjóðs á starfsemi þeirra sjóða, sem fyrir eru, er ekki vitað, en ekki er ósennilegt, að mjög dragi úr framangreindri tekjulind eða jafnvel að hún hverfi úr sögunni, þar eð mönnum verði ekki heimilt að fyrirgera áunnum réttindum sínum með því að fá iðgjöld sín endurgreidd.

2. **Heimild annarra fiskimanna en togarasjómanna til aðildar.**

Ég tel, að þeir sjómenn og útgerðarmenn, sem nú greiða iðgjöld til sjóðsins, kynnu að vera andvígir frjálsri þátttöku fjölmennrar stéttar á þeim grundvelli, að slík þátttaka veikti fjárhagsgrundvöll sjóðsins (einkum má búast við mun minni hagnaði af úrgöngu, ef um frjálsa þátttöku er að ræða). Enn fremur mætti búast við, að í sjóðinn gengju fyrst og fremst þeir, sem sækjast eftir láni.

Ef um frjálsa þátttöku yrði að ræða, þyrfti vafalaust að setja ákvæði, er gerðu trygginguna sem auðveldasta í framkvæmd.

3. **Sérákvæði um síldveiðar togara.**

Ég tel skynsamlegt, að stjórn sjóðsins fái heimild til að ákveða iðgjald, er samsvari nokkurn veginn eðlilegum tekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

Virðingarfyllst,

Guðjón Hansen.

Nd. 506. Breytingartillaga [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 3. gr. laganna bætist:

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómannafélögum að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum.

Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerðum farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

Ed. 507. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Ólafur Björnsson, form.	Unnar Stefánsson, frsm.	Helgi Bergs.	Björn Jónsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Karl Kristjánsson.	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 508. Nefndarálit [21. mál]

um frv. til laga um framleiðnilánadeild við Framkvæmdasjóð Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að stofnuð verði sérstök lánadeild við Framkvæmdasjóð, sem hafi þann tilgang að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.

Nefndin hefur rætt frv., og liggja fyrir umsagnir Iðnaðarmálastofnunar Íslands og Búnaðarfélags Íslands, sem mæla með málinu, en nefndin hefur ekki orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm.	Karl Kristjánsson.	Björn Jónsson.

Ed. 509. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um rafvæðingu Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hl. n. hefur ekki fengizt til að taka afstöðu til frv.
Við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Nd. 510. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, og mætti vitamálastjóri á tveim fundum hennar til viðræðu um málið. Einnig mætti Magnús Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands íslenzkra sveitarfélaga á einum fundi nefndarinnar.

Nefndin er sammála um að mæla með frumvarpinu með breytingum, sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm.
Pétur Sigurðsson, fundaskr.
Ingvar Gíslason, með fyrirvara.
Lúðvík Jósefsson.
Sverrir Júlíusson.
Jón Skaftason.
Guðl. Gíslason.

Nd. 511. Nefndarálit [77. mál]

um frv. til l. um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Sex nefndarmenn leggja til, að frv. verði fellt, en undirritaður leggur til, að það verði samþykkt.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að sérstök nefnd ákveði heildarskipulag miðbæjarins og gerð helztu bygginga, sem þar verði reistar. Í nefndinni verði fulltrúar Alþingis, ríkisstjórnar, borgarstjórnar Reykjavíkur, Arkitektafélags Íslands og einnig eigi þar sæti meðal annarra þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins. Nefndin skal sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis.

Eins og rækilega er rökstutt í greinargerð, er brýn nauðsyn, að skipulagsmál miðbæjarins í Reykjavík verði tekin fastari tökum en verið hefur, og virðist mér, að samþykkt frumvarpsins gæti stórum auðveldað, að leyst yrðu vandamál við staðsetningu ýmissa stórbygginga, sem reisa þarf á vegum ríkis og Reykjavíkurborgar, án þess að útliti gamla miðbæjarins sé spillt að óþörfu.

Af þessum ástæðum mæli ég með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Ragnar Arnalds.

Nd. 512. Lög [5. mál]

um fávitastofnanir.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 5.

Nd. 513. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 293.

Nd. 514. Lög [149. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 376.

Nd. 515. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „Samgöngumálaráðherra“ komi: Samgöngumálaráðuneytið.
2. Við 3. gr.
   a. Fyrsta málsgr. orðist þannig:
      Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum. Sé um að ræða hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru samkvæmt 1. tölulið 6. gr. laganna, getur hafnamálastofnunin ákveðið, að hún annist framkvæmdirnar.
   b. Þriðja málsgr. falli niður.
3. Við 4. gr. Á eftir orðinu „dráttarbrautir“ komi: þurrkvíar, kranar.
4. Við 5. gr.
   a. Við 5. tölul. Orðin „eins og nauðsyn ber til“ o. s. frv. til loka tölul. falli niður.
   b. Á eftir 7. tölulið komi nýr tölul., svo hljóðandi:
      8. Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.
   c. Síðari málsgr. falli niður.

5. Við 6. gr.
   a. 1. tölul. orðist svo:
      75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldubrjóta), þótt þeir nýtist til viðlegu, dýpkana á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.
   b. Orðin „Allt að“ í 2. tölul. falli niður.
6. Við 7. gr. Við greinina bætist: nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.
7. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:
   Heimilt er að veita ríkisábyrgð á lánum vegna hafnargerða allt að jafnhárri þeirri upphæð, sem hafnarsjóður á að leggja fram.
8. Við 10. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðherra leggur áætlunina fyrir sameinað Alþingi til leiðbeiningar varðandi fjárútveganir og framkvæmd þessara mála.
9. Við 11. gr.
   a. Í stað orðanna „Hafnarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans“ komi: Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans samkvæmt tillögum hafnarstjórnar.
   b. Niður falli síðasti málsl. greinarinnar.
10. Við 12. gr. Á eftir orðunum „árlegan reksturskostnað hafnar“ í 1. málsgr. bætist: eða í þágu hafnarinnar.
11. Við 13. gr. Við 1. málsgr. bætist orðin: eða í þágu hennar.
12. Við 14. gr. Orðin „til staðfestingar“ falli niður.
13. Við 16. gr. Síðari hluti greinarinnar, á eftir orðunum „nægi ekki til að greiða kostnaðinn“ orðist svo:
    Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.
14. Við 19. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
    Fé hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirfarandi hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
15. Við 20. gr. 2. tölul. falli burt. 3. tölul. verði 2. tölul.
16. Við 25. gr. Á eftir orðunum „og getur það þá breytt gjaldskrá reglugerðar“ komi: hjá þeim höfnum, sem í vanskilum eru við ríkisábyrgðasjóð.
17. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðin „til að gilda“ falli niður.

Nd. 516. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Ingvari Gíslasyni og Jóni Skaftasyni.

1. Við 4. gr.
   a. Í stað „ábyrgð“ komi sjálfskuldarábyrgð.
   b. 4. mgr. orðist svo:
      Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnargerða, siglingamerki, dráttarbrautir, þurrkvíar, verbúðir, uppskipunarkranar og lönd undir hafnarmannvirki.
2. Við 6. gr.
   a. Á eftir 1. tölulið komi nýr tölul., svo hljóðandi:
      60% stofnkostnaðar bátakvía og einnar afgreiðslubryggju hafnarsjóðs með allt að 150 metra viðlegukanti í hverri höfn.
   b. 2. tölul. verði 3. tölul.

3. Við 7. gr. Niður falli orðin „kostnaðar vegna lóða- eða landkaupa fyrir höfn“ í 2. mgr.
4. Við 20. gr.
   a. Í stað 1. og 2. tölul. komi:
      1. Árlegt framlag ríkissjóðs, eigi minna en 20 milljónir króna á ári.
   b. 3. tölul. verði 2. tölul.

Nd. 517. Breytingartillaga [159. mál]

við brtt. á þskj. 499 [Skólakostnaður].

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 6. till. Aftan við 2. mgr. komi:
Héraðsgagnfræðaskólar með heimavist, sem sýsla eða sýslur standa að og þegar hafa verið stofnaðir eða síðar kunna að verða það, koma undir ákvæði þessarar greinar.

Ed. 518. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna „nr. 70 30. júní 1958“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: settri samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 15000—20000 kr., ef skipið er 200—600 rúmlestir brúttó að stærð, og 15000—25000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsimál út af broti, og þótt refsimáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptöku afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða. Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða með sektum, 200—2000 kr.

Leggja má löghald á skipið og selja það að undangenginni aðför, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku skv. 1. mgr. og aðför skv. 3. mgr. fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

3. gr.

Fyrri málsliður 6. gr. laganna orðist svo: Skipstjóri, er gerir sig sekan um ítrekað brot gegn 1. gr., skal auk refsingar þeirrar, sem getur um í 4. gr., sæta varðhaldi eigi skemur en 2 mánuði.

Í stað orðsins „fangelsi“ í síðari málslið greinarinnar komi: varðhald og í stað „3. gr.“ komi: 4. gr.

4. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Allar sektir samkvæmt lögum þessum eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgissjóð Íslands.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 5 18. maí 1920 með áorðnum breytingum og gefa þau út að nýju með fyrirsögninni: Lög um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Nd. 519. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

Frá Jóni Ísberg.

Við 1. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: enda brjóti það ekki í bág við gildandi samninga.

Nd. 520. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 9. gr. 3. málsliður falli niður.

Ed. 521. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til laga um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu á gildandi lögum, að leyfisgjald af bifreiðum, sem nú rennur í ríkissjóð, verði einn af tekjustofnum vegasjóðs.

Vegasjóður þarf á stórauknum tekjum að halda, þar sem aðkallandi er að leysa af hendi stórfelld verkefni í samgöngumálum. Þegar svo er háttað, verður að telja eðlilegt og sjálfsagt, að gjaldi, sem lagt er á innfluttar bifreiðar, sé varið til framkvæmda í vegamálum.

Minni hl. samgöngumálanefndar mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 522. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.
Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Jón Skaftason. Lúðvík Jósefsson.
Sverrir Júlíusson. Guðlaugur Gíslason. Ingvar Gíslason.

Nd. 523. Frumvarp til hafnalaga. [181. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

I. KAFLI
Yfirstjórn hafnamála.

1. gr.

Samgöngumálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn allra hafnamála.

2. gr.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra.

Hafnamálastjóri veitir forstöðu Hafnamálastofnun ríkisins, sem fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Ráðherra skipar verkfræðinga Hafnamálastofnunar, skrifstofustjóra og annað starfslið, að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

Ráðherra kveður með reglugerð nánar á um starfssvið og skipulag Hafnamálastofnunarinnar, eftir því sem þurfa þykir.

3. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum. Sé um að ræða hafnarframkvæmdir, sem styrktar eru samkvæmt 1. tölulið 6. gr. laganna, getur Hafnamálastofnunin ákveðið, að hún annist framkvæmdirnar.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

II. KAFLI
Um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga, fyrir hönd ríkissjóðs, í ábyrgð fyrir lánum, er hafnarsjóðir taka til hafnargerðar, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Til hafnargerða teljast samkvæmt lögum þessum:

Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar og hafnsögubátar.

5 gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 1. og 2. málsgr. 4. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telur þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessari grein, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra og undir yfirumsjón hans.
4. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki taldar fullnægjandi til þess að standa undir stofnkostnaði hafnarinnar.
5. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja.
6. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.
7. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.
8. Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

6. gr.

Hluti ríkissjóðs af stofnkostnaði hafnargerðar á hverjum stað skal vera sem hér segir:

1. 75% stofnkostnaðar hafnargarða (öldubrjóta), þótt þeir nýtist til viðlegu, dýpkana á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.
2. 40% stofnkostnaðar annarra styrkhæfra hafnarmannvirkja.

Hluti ríkissjóðs í kostnaði við hafnargerðir samkvæmt lögum þessum greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

7. gr.

Til styrkhæfs hafnargerðarkostnaðar teljast undirbúningsrannsóknir, hönnun og útboðskostnaður og byggingakostnaður samþykkts mannvirkis, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir, að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs kostnaðar teljast ekki vextir á byggingartíma, lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður, kostnaður vegna lóða- eða landkaupa fyrir höfn, gengistap á erlendum lánum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarhluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

8. gr.

Heimilt er að veita ríkisábyrgð á lánum vegna hafnargerða allt að jafnhárri þeirri upphæð, sem hafnarsjóður á að leggja fram.

9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, möl og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en það skal gert innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum.

III. KAFLI

Um framkvæmdaáætlanir.

10. gr.

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögur að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn. Skulu slíkar tillögur miðaðar við skiptingu þess fjár, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið, að til ráðstöfunar verði.

Ráðherra leggur áætlunina fyrir sameinað Alþingi til leiðbeiningar varðandi fjárútveganir og framkvæmd þessara mála.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.

Á tveggja ára fresti skal endurskoða áætlunina og leggja hana þannig fram á Alþingi á sama hátt og hina upphaflegu áætlun.

IV. KAFLI

Um stjórn hafna og rekstur.

11. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkv. samningi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans samkvæmt tillögum hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra.

12. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan reksturskostnað hafnar, eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Hafnargjöld á skip þau og báta, er nota höfnina, svo og á vöru, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
   a. Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl.
   b. Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggju og hafnarbakka.
   c. Vörugjald af innfluttum og útfluttum vörum, þ. á m. gjald af afla.
   d. Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot.
2. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
3. Leyfisgjald eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið skv. 17. gr.
4. Lóðargjöld.
5. Hafnsögugjald.
   Herskip, skemmtiferðaskip og íslenzk vitaskip og varðskip eru undanþegin gjöldum samkvæmt a—b-liðum 1. tl. þessarar greinar. Strandferðaskip, sem sigla eftir fastri áætlun, greiði hálft lestagjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju. Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og má þá ekki taka í hafnarsjóð vörugjald af þeim vörum, er um þá bryggju fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirki. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta vörugjald af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Heimilt er að ákveða, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

13. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja til hafnargerðarinnar og reksturs hafnarinnar eða í þágu hennar.

Sveitar- eða sýslusjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, og aðilar samkvæmt samningi, sbr. 1. tl. 5. gr., ef um fleiri er að ræða en einn.

14. gr.

Fyrir 15. september ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana hafnamálastjóra ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélags, eða fullnægt ákvæðum samnings um þetta efni, sbr. 1. tl. 5. gr.

15. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok marzmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er hafnamálastjóri lætur gera fyrir hafnarsjóði, og senda hafnamálastjóra í tvíriti.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar- eða sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, sbr. 1. tl. 5. gr., þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðastliðins árs fyrir 1. marz ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

16. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma fasteignir hafnarsjóðs, kaupa fasteignir, eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af tekjuafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að tekjuafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn. Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

17. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðis má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögu hafnarstjórnar og samþykki ráðuneytisins.

Þeim, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, er skylt að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan tveggja ára frá veitingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð fimm ár eða lengur.

V. KAFLI
Um Hafnabótasjóð.

18. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn þess ráðherra, er fer með hafnamál.

19. gr.

Fé Hafnabótasjóðs má ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmzt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að styrkja hafnarsjóði, sem eiga við sérstaka fjárhagsörðugleika að stríða vegna erfiðrar aðstöðu og dýrrar mannvirkjagerðar.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

20. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs ekki minna en kr. 8 000 000.00.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

21. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða utan allt að 350 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

Nú tekur Hafnabótasjóður lán með gengistryggingu eða vísitölukjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

22. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni. Ráðherra skal leita umsagnar hafnamálastjóra um allar umsóknir um framlög eða lán úr sjóðnum.

23. gr.

Seðlabanki Íslands annast vörzlu daglegrar afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.

24. gr.

Hafnabótasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, svo og stimpilgjöldum af lánsskjölum, þ. e. af útgefnum lántökum, ekki útlánsskjölum.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

25. gr.

Ráðuneytið setur samkvæmt lögum þessum og að fengnum tillögum hafnarstjórnar sérstaka hafnarreglugerð fyrir hverja höfn. Í þeirri reglugerð skulu m. a. sett nánari ákvæði um:

1. Stærð hafnarsvæðis og takmörk.
2. Gjöld til hafnarsjóðs samkvæmt 12. gr.
3. Kosning hafnarstjórnar, tölu stjórnarmanna og starfssvið.
4. Umferð og góða reglu í höfninni.

Ákveða má í reglugerðinni, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi og að það veð gangi í tvö ár fyrir samningsveðskuldum.

Einnig skal setja í reglugerðina ákvæði um sektir fyrir brot á henni. Sektir renna í hafnarsjóð þann, sem hlut á að máli.

Hafnarreglugerð, er sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 29 1946, gildir, unz ný reglugerð hefur verið sett í hennar stað samkvæmt þessum lögum, enda skal endurskoðun reglugerða og samræmingu við lög þessi lokið innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Nú telur ráðuneytið, að hækka beri gjöld eða taka upp ný gjöld samkvæmt 12. gr., og getur það þá breytt gjaldskrá reglugerðar hjá þeim höfnum, sem í vanskilum eru við ríkisábyrgðasjóð, án þess að tillaga um það liggi fyrir frá hafnarstjórn, enda hafi verið leitað umsagnar hafnarstjórnar með hæfilegum fyrirvara, áður en breyting er ákveðin.

26. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum, allt að 100 000.00 krónum.

27. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, með síðari breytingum, og lög nr. 93 16. desember 1943, um hafnarbótasjóð, ásamt síðari breytingum.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsta fjögurra ára áætlun um hafnaframkvæmdir skal lögð fyrir reglulegt Alþingi haustið 1968 fyrir tímabilið 1969—1972.

Nd. **524. Frumvarp til laga** [159. mál]

um skólakostnað.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 318 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka til eftirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna og iðnfræðsluráðs að því er iðnfræðsluskóla varðar.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla.

Ríkissjóði er heimilt að greiða 75% af áætluðum stofnkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanakstursskóla, þar sem að dómi menntamálaráðuneytisins væri ekki hægt að ráða skólastjóra og/eða fasta kennara, nema slíkt húsnæði sé til.

Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms eða iðnfræðslu með samþykki menntamálaráðuneytisins, greiðir ríkissjóður einn allan stofnkostnað heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Greiðsla á stofnkostnaði miðast við reglur (norm) byggingadeildar ráðuneytisins, sbr. 5. gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum telst, auk alls húsnæðis, innanstokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis, og kostnaður við frágang skólalóðar, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu eða köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntamálaráðuneytisins, telst til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóðir á sinn kostnað.

Allan annan stofnkostnað en þann, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt framansögðu, greiða hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

11. gr. hljóðar svo:

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr þeim standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjald er lagt á samkv. 101. gr. laga nr. 58/1961.

15. gr. hljóðar svo:

Framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptast á 2—3ja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.

Framlag ríkissjóðs til hverrar einstakrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan 3ja ára, frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, að því ári meðtöldu, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt, að verk megi hefja,

10% þegar botnplata er steypt,

20% þegar bygging er fokheld,
25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk,
20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram,
5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar (hús og búnaður).

Hafi sveitarfélag tvö eða fleiri skólamannvirki í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt, skal árlegri fjárveitingu skipt í fimm jafnar greiðslur, sem greiðast 1. marz, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Áætlun um skiptingu framlags ríkissjóðs til íþróttamannvirkja skv. 12. gr. eftir byggingarstigum framkvæmda skal ár hvert fylgja tillögum menntamálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

19. gr. hljóðar svo:

Skólastjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkvæmt III. kafla laganna. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd til samþykktar og senda ráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag, sem ráðuneytið ákveður.

Í sveitarfélögum, þar sem fleiri en einn skóli er á sama fræðslustigi, skulu skólanefndir (fræðsluráð) sjá um deildarskiptingu í skólum og annast skiptingu reiknaðra stunda milli einstakra skóla. Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, er skólanefndum (fræðsluráðum) í þessum sveitarfélögum heimilt að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólanna. Jafnframt skulu skólanefndir (fræðsluráð) gera áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna fjölda reiknaðra stunda og senda ráðuneytinu í samræmi við ákvæði fyrri mgr.

Til reiknaðra stunda teljast, auk kenndra stunda, m. a. aðstoð við skólastjórn, störf að félagsmálum nemenda, leshjálp, umsjón, leiðbeiningarstörf við kennslu; enn fremur greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og fyrir skrifstofuaðstoð, en slíkar greiðslur færast til reiknaðra stunda miðað við greiðslu fyrir stundakennslu í dagvinnu.

Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda fari ekki fram úr ákveðnu hámarki, sem er breytilegt eftir tölu nemenda samtímis í skóla, fræðslustigi, sérkennsluþörf og umsjónarþörf vegna heimavistar.

20. gr. hljóðar svo:

Hámark reiknaðra stunda á kennslumánuði skóla, sem falla undir ákvæði þessara laga, miðað við að fullnægt sé ákvæðum námsskrár, er:

a) Á **barnafræðslustigi**, miðað við 40 mínútna kennslustund:

Fyrir skóla með:

allt að 10 nemendum komi 9 stundir á hvern nemanda.
11— 20 nemendum komi 90 stundir, auk átta stunda á hvern nemanda umfram 10.
21— 40 nemendum komi 170 stundir, auk sjö stunda á hvern nemanda umfram 20.
41— 80 nemendum komi 310 stundir, auk sex stunda á hvern nemanda umfram 40.
81—160 nemendum komi 550 stundir, auk fimm stunda á hvern nemanda umfram 80.

161—240 nemendum komi 950 stundir, auk fjögurra stunda á hvern nemanda umfram 160.
fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og fyrir skóla með 240 nemendum.

b) **Á gagnfræðastigi** er miðað við 45 mínútna kennslustund, og fjöldi greiddra stunda má vera allt að 25% hærri en samkvæmt a-lið.

c) Sé nemendastundafjöldi á kennslumánuði hærri en venjuleg námsskrá fyrir níu mánaða barnaskóla eða gagnfræðaskóla segir til um, vegna styttri skólaárs, eða víxlkennslu bekkja, hækkar stundafjöldi á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu.

d) Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptum bekk (bekkjardeild) séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, hækkar stundafjöldi sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en tólf nemendur í sérkennslutímum í einstökum bekkjardeildum.

e) Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkvæmt a- og b-liðum um allt að 20% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist, m. a. vegna umsjónar utan kennslustunda.

f) Greiddar stundir vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði endurgreiðast úr ríkissjóði, en koma ekki til frádráttar stundafjölda skv. liðunum a—e. Störf stjórnskipaðra prófdómenda teljast ekki með reiknuðum stundum. Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heimavinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 18. gr.

Almenn ákvæði b—f-liða gilda einnig fyrir iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem við getur átt.

Víkja má frá ákvæðum a—e-liða til hækkunar, þegar svo stendur á, að ekki er hægt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða nauðsynlegri umsjón í heimavist eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði (2%) af áætluðum heildarútgjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir, með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs), fleiri en samrýmist reglum a—e eða sérstakri skriflegri undanþágu ráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár um vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.

Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 80% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli á rétt á, nema þegar 1—4 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.

Um greiðslur til smábarnaskóla gilda ákvæði 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna.

24. gr. hljóðar svo:

Húsnæði til skólahalds má taka á leigu með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

Hreinar leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla koma í hlut ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Um leigu á eignum skóla má ákveða í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum í skólum utan skyldunáms, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og skólanefnda svo og iðnfræðsluráðs.

29. gr. hljóðar svo:
Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.
Stofna skal samstarfsnefnd, skipaða fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

30. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41/1955.
Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 41/1955, með áorðnum breytingum, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Ed. 525. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var AG.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Hermann Jónasson.

Ed. 526. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til orkulaga.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við teljum nauðsynlegt að gera á frumvarpi þessu talsverðar breytingar, og gerum við tillögur um það á þessu þingskjali.
Fyrsta breytingin er um það, að einkaréttur ríkisins til að reisa og reka raforkuver yfir ákveðna stærð haldist óbreyttur, en stærðarmörkin séu hækkuð nokkuð frá gildandi lögum.
Fjórða breytingartillagan gerir ráð fyrir því, að orkuráð skuli framvegis gegna svipuðu hlutverki og raforkuráðið gerir nú. Samkvæmt frumvarpinu á orkuráð að hafa mun þrengra starfssvið en nú er, og teljum við þá breytingu sízt til bóta. Raforkuráðið hefur undanfarin ár gegnt veigamiklu hlutverki, og teljum við ekki rétt að þrengja verksvið þess frá því, sem nú er. 2.—3. og 5.—10. breytingartillaga eru breytingar, sem af þessu leiðir.

Þá flytjum við breytingartillögu við 71. grein þess efnis, að lán til að koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota megi nema allt að ⅘ stofnkostnaðar í stað ⅔.

Þá er loks síðasta breytingartillagan, sem lýtur að því, að tekin verði upp í lögin ákvæði til bráðabirgða um það, að haldið skuli áfram og lokið rafvæðingu dreifbýlisins á næstu árum, og láti Alþingi þannig skýrt í ljós vilja sinn í þessum efnum.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkinu er heimilt að reisa og reka orkuver, sem eru stærri en 100 kw.
   Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgr., verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.
   Þeir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.
   Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Orkustofnunar og orkuráðs, að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 kw að stærð til að fullnægja rafaflsþörf sinni, ef rafmagnsveitur ríkisins geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.
2. Við 8. gr. Á eftir „Orkustofnun“ komi: og orkuráði.
3. Við 17. gr. Á eftir „Orkustofnunar“ komi: og orkuráðs.
4. Á eftir 17. gr. (III. kafla) komi nýr kafli með fyrirsögninni: Um stjórn orkumála, — og fimm greinum þannig:
   a. (18. gr.) Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í orkuráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna.
      Þóknun til meðlima orkuráðs greiðist úr ríkissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.
   b. (19. gr.) Verkefni orkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í orkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum orkumálum.
   c. (20. gr.) Orkuráð skal eiga kost á að fylgjast með störfum Orkustofnunar og rafmagnsveitustjóra og rekstri rafmagnsveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar:
      1. Tillögur rafmagnsveitustjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitur.
      2. Tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum.
      3. Frumvarp að gjaldskrám rafmagnsveitna ríkisins.
      4. Efnahags- og rekstrarreikningar rafmagnsveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum, svo og skýrslur rafmagnsveitustjóra um rekstur rafmagnsveitna ríkisins.
      5. Fjárhagsáætlanir rafmagnsveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr orkusjóði.
      6. Frumvarp að reglugerð um rafmagnsveitur ríkisins.
      7. Erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra, rafmagnsveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins.
      8. Tillögur um ákvörðun orkuveitusvæða héraðsrafmagnsveitu.
      9. Frumvarp að reglugerðum og gjaldskrám héraðsrafmagnsveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega.
      10. Tillögur um nýjar rafmagnsveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær.
      11. Frumvörp að reglugerð og gjaldskrám rafmagnsveitna ríkisins.
      12. Ársreikningur og fjárhagsáætlanir rafmagnsveitna ríkisins.

13. Frumvörp að reglugerð um raforkuvirki.
14. Tillögur til breytinga á orkulögum.

d. (21. gr.) Ef orkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málskjölum til ríkisstjórnarinnar.

e. (22. gr.) Ráðherra getur sett orkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum orkuráðs og umsögnum orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.

5. Við 33. gr. Á eftir „Orkustofnunar" komi: og orkuráðs.
6. Við 57. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
7. Við 60. gr. Á eftir „Orkustofnun" komi: og orkuráð.
8. Við 61. gr. Á eftir „rafmagnsveitustjóra" í 1. málsgrein komi: og orkuráðs.
9. Við 62. gr. Á eftir „rafmagnsveitustjóra" komi : og orkuráðs.
10. Við 69. gr. 2. og 3. málsliður 1. málsgr. falli burt.
11. Við 71. gr. Í stað „⅔" í 2. tölulið komi: ⅘
12. Við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1967—1969 skal leggja rafmagnslínur frá rafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Skal framkvæmdunum skipt sem jafnast á árin. Þegar reiknuð er meðallengd á býli, skal sleppt lengd þeirra lína, sem tengja saman byggðarlög eða byggðarlög aðalveitu.

Rafmagnsveitustjóri skal gera kostnaðaráætlanir um raflínulagnir frá rafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2.5 km og 2.5—3 km. Einnig geri hann tillögur um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu tillögurnar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Áætlanir þessar og tillögur verði gerðar og lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1967.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Nd. 527. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Axel Jónsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson. Einar Olgeirsson.
Jón Ísberg. Guðl. Gíslason. Ingvar Gíslason.

Nd. 528. Breytingartillaga [158. mál]

við frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963.

Frá Sigurvin Einarssyni, Einari Olgeirssyni og Ingvari Gíslasyni.

Við 1. gr. Önnur málsgr. 36. gr. orðist svo:
Árlegt framlag ríkissjóðs til Rithöfundasjóðs Íslands skal vera: Fjárhæð, sem nemur 25% álagi á árlega fjárveitingu til rekstrar bæjar-, héraðs- og sveitarbókasafna.

Ed. 529. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. apríl.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:
Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. janúar 1967:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	72.82%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	17.06%
3.	Til Fiskimálasjóðs	5.86%
4.	Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.16%
5.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.52%
6.	Til Landssambands íslenzkra útvegsmanna	0.79%
7.	Til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	0.79%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af loðnumjöli, loðnulýsi og grásleppuhrognum samkv. 2. gr. laganna skal ekki greitt af framleiðslu ársins 1967.

Nd. 530. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 1 5. jan. 1958, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá Birgi Finnssyni.

1. Við 1. gr. Síðasti málsl. falli burt.
2. Á eftir 2. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Núverandi stjórnarmenn halda umboði sínu til loka kjörtímabils síns. Þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðherra skipar, skulu í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma.

Ed. 531. Lög [150. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 295.

Ed. 532. Lög [94. mál]

um jarðeignasjóð ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 405.

Ed. 533. Lög [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 9 jarðir og grasbýli í Neshreppi utan Ennis og eyðijörðina Lækjardal í Öxarfjarðarhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 416.

Ed. 534. Lög [73. mál]

um sölu kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 15 apríl.)

Samhljóða þskj. 417.

Ed. 535. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. apríl).

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ⅘ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða ⅕. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 9. gr.

Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr., og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, enda brjóti það ekki í bág við gildandi samninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **536. Lög** [111. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1965.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 207.

Nd. **537. Lög** [122. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 223.

Nd. **538. Lög** [134. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja sex eyðijarðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 402.

Nd. **539. Lög** [35. mál]

um bátaábyrgðarfélög.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 420 (sbr. 36).

Nd. **540. Lög** [36. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 421 (sbr. 37).

Nd. **541. Frumvarp til laga** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. apríl.)

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist:

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómannafélögum að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum.

Sömuleiðis er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa útgerðum farskipa, varðskipa og togara að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð, eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að leyfa sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

Þá er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða iðgjald, er samsvari meðaltekjum togarasjómanna, ef togari tekur upp um skamman tíma aðrar veiðar en togveiðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 542. Frumvarp til laga [198. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. apríl.)

1. gr.

1. málsgrein 4. greinar laganna orðist svo:

Stjórn síldarverksmiðja ríkisins skal skipuð 7 mönnum til þriggja ára í senn, sem hér segir. Sameinað Alþingi kýs fimm menn hlutbundinni kosningu, en ráðherra skipar tvo menn, annan eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna, og hinn eftir sameiginlegri tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Varamenn skulu kosnir og skipaðir á sama hátt. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa, nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá. Noti aðilar ekki rétt sinn til tilnefningar aðalmanns eða varamanns, skipar ráðherra þá án tilnefningar. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Núverandi stjórnarmenn halda umboði sínu til loka kjörtímabils síns. Þeir tveir stjórnarmenn, sem ráðherra skipar, skulu í fyrsta sinn skipaðir til sama tíma.

Nd. 543. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Birgi Finnssyni.

Við 11. gr. Fyrir orðið „samkvæmt“ í 3. málsl. 2. málsgr. komi: að fengnum.

Nd. 544. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Sigurvin Einarssyni.

Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 545. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá Gísla Guðmundssyni og Ingvari Gíslasyni.

Við 14. gr. Á eftir 1. málsl. 3. mgr. komi:
Sama gildir um heimavistarskóla gagnfræðaskólastigs, sem Norður-Þingeyjarsýsla rekur í Lundi í Öxarfirði, ef skólahús og aðrar eignir, sem skólinn notar, verða afhent ríkinu.

Ed. 546. Frumvarp til hafnalaga. [181. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 523 með þessari breytingu:

11. gr. hljóðar svo:
Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða og í samræmi við reglugerð.
Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkv. samningi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra.

Ed. 547. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur kynnt sér frumvarpið, en þar er lagt til, að stofnuð verði lánadeild veiðarfæraiðnaðar við Iðnlánasjóð, sem hafi það markmið að stuðla að innlendri veiðarfæraframleiðslu með framlögum og hagkvæmum lánum.
Tekjur þessa lánasjóðs veiðarfæraiðnaðar eru ráðgerðar í frumvarpinu 1% gjald af innfluttum veiðarfærum, sem nánar eru tilgreind í frumvarpinu. Auk þessa tekjustofns leggur ríkissjóður fram til sjóðsins stofnfé, 11.6 milljónir króna. Iðnlánasjóði er einnig veitt lántökuheimild til þessa sjóðs, 10 milljónir króna.
Það er vitanlegt, að innlendur veiðarfæraiðnaður hefur átt í mjög miklum vanda að undanförnu vegna erlendrar samkeppni. Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir að koma til móts við þennan ótollverndaða iðnað, þannig að hann geti starfað áfram og byggt sig upp. Er gert ráð fyrir, að þessar ráðstafanir geti orðið til þess, að þróun þessarar nauðsynlegu atvinnugreinar landsmanna, sem svo mjög er tengd sjávarútvegi, snúi við í jákvæða, hagstæða átt.
Iðnaðarnefnd gat ekki orðið sammála um að mæla með þessu frumvarpi. Meiri hluti nefndarmanna leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en minni hluti, Helgi Bergs, Hermann Jónasson og Gils Guðmundsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Sveinn Guðmundsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 548. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Það er efni þessa frumvarps, að stofna skuli innan Iðnlánasjóðs sérstaka lánadeild, sem hafi það verkefni að verðbæta innlenda framleiðslu veiðarfæra, og til þess að afla sjóðnum tekna í þessu skyni er gert ráð fyrir að leggja skatt á innflutt veiðarfæri.

Það getur ekki orkað tvímælis, að innlendur veiðarfæraiðnaður þarf nú öflugs stuðnings, ef hann á ekki að leggjast niður, en á hinn bóginn teljum við mjög nauðsynlegt, að veiðarfæraiðnaður verði framvegis starfræktur í landinu. Það verður þó að okkar dómi ekki hjá því komizt að hugleiða um leið, hvernig ástatt er um mörg fleiri iðnfyrirtæki, sem þurfa að keppa við erlenda framleiðslu á innlendum markaði án verulegrar tollverndar eða selja vörur sínar á erlendum markaði. Teljum við því fullkomlega tímabært að gera ráðstafanir til stuðnings fleiri slíkum iðnaðarfyrirtækjum en veiðarfæraiðnaðnum einum. Við teljum því rétt að leggja til, að lánadeild sú, er um ræðir við Iðnlánasjóð, hafi víðtækara hlutverk en frumvarpið gerir ráð fyrir, þó að líklegt megi telja, að stuðningur við veiðarfæraiðnaðinn yrði eitt fyrsta hlutverk hennar.

Við teljum enn fremur, að ekki sé kleift að afla þessari lánadeild tekna með því að skattleggja sjávarútveginn, sem þegar er rekinn með halla og haldið gangandi með fjártilfærsluráðstöfunum af hálfu ríkisins, og leggjum við því til, að stofnfé sjóðsins verði lagt fram af greiðsluafgangi ársins 1966.

Í samræmi við þetta leggjum við til, að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:
   Stofna skal í Iðnlánasjóði verðtryggingarsjóð iðnaðarins, er hafi þann tilgang að efla og styrkja iðnað, sem selur framleiðslu sína á erlendum markaði eða keppir án verulegrar tollverndar við erlenda framleiðslu á innlendum markaði.
   Ríkissjóður leggur verðjöfnunarsjóði iðnaðarins til sem stofnfé 50 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkissjóðs á árinu 1966.
2. 2. gr. orðist svo:
   Á eftir 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga þessara, komi ný grein, svo hljóðandi, og greinatala laganna breytist því til samræmis:
   Iðnaðarmálaráðherra setur með reglugerð, að fengnum tillögum Iðnþróunarráðs, nánari ákvæði um starfsemi verðtryggingarsjóðs iðnaðarins. Í reglugerðinni skal ákveða, eftir hvaða reglum skuli veita styrki eða vaxtalaus framlög til iðnaðarfyrirtækja, sem getið er í 7. gr. Styrki þessa skal m. a. veita með það fyrir augum að tryggja viðkomandi fyrirtækjum, svo sem unnt er, á þann hátt það verð fyrir framleiðslu, að rekstur þeirra geti borið sig.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Helgi Bergs, frsm. Hermann Jónasson. Gils Guðmundsson.

Sþ. 549. Breytingartillaga [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni og Birni Jónssyni.

Við II. Sundurliðun. 2. 10. a. (Ólafsfjarðarvegur). Nýr liður:
b. Milli Árgerðis og Karlsár í Dalvíkurhreppi 1967 2000 þús. kr.

Nd. 550. Frumvarp til laga [199. mál]

um æskulýðsmál.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi.

Þeir aðilar, er njóta skulu stuðnings samkvæmt lögum þessum, eru:

1. Félög, er vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfboðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmanna.
2. Aðrir aðilar, er sinna einkum velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulögðu starfi.

Heimilt er að styðja frjálsa félags- og tómstundastarfsemi í skólum, sem ekki er takmörkuð við nemendur viðkomandi skóla.

Lögin taka til íþrótta- og bindindisstarfsemi að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki þar um.

Lögin miðast einkum við æskulýðsstarfsemi fyrir ungmenni á aldrinum 12—21 árs.

II. KAFLI
Stjórn æskulýðsmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra æskulýðsmála, sem lög þessi fjalla um.

Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimm mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er þrjú ár.

3. gr.

Hlutverk Æskulýðsráðs ríkisins er:

1. Að skipuleggja og samræma opinberan stuðning við æskulýðsstarf í landinu og örva starfsemi þeirra samtaka, sem að æskulýðsmálum vinna.
2. Að leitast við að samræma æskulýðsstarfsemi félaga, skóla og sveitarfélaga og stuðla að samvinnu þessara aðila um æskulýðsmál og efla þau til sameiginlegra átaka um lausn ákveðinna verkefna.

3. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til æskulýðsmála. Tillögur skulu berast ráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert.
4. Að efna til umræðufunda og/eða ráðstefna um æskulýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
5. Að safna gögnum um æskulýðsmál hérlendis og erlendis, fylgjast með þróun þeirra mála og gera tillögur og láta í té umsagnir til stjórnvalda um mál, er varða æskulýð og æskulýðsstarfsemi. Ráðið hlutist til um, að fram fari fræðilegar rannsóknir á sviði æskulýðsmála.
6. Að sinna öðrum verkefnum, sem talin eru í lögum þessum eða ráðuneytið kann að fela því.

Menntamálaráðherra setur Æskulýðsráði ríkisins starfsreglur, þar sem verkefni ráðsins skulu rakin ítarlegar og fyllra en gert er í lögum þessum.

Kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar æskulýðsfulltrúa ríkisins að fengnum tillögum Æskulýðsráðs ríkisins, og greiðast laun hans úr ríkissjóði samkvæmt hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna. Fulltrúinn skal annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið og gegna öðrum þeim störfum að æskulýðsmálum, sem ráðherra felur honum með erindisbréfi.

Æskulýðsráði skal heimilt að leita sérfræðilegrar þjónustu eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Æskulýðsráð, skipuð fæst fimm mönnum, skulu starfa í öllum kjördæmum landsins.

Samband íslenzkra sveitarfélaga semur reglur fyrir þessi æskulýðsráð, en ráðuneytið staðfestir þær, að fenginni umsögn Æskulýðsráðs ríkisins.

Meðan æskulýðsráð er ekki stofnað í kjördæmi, skulu æskulýðsnefndir þær, er um getur í 6. gr., annast verkefni ráðsins hver í sínu umdæmi.

Æskulýðsráð kjördæma skulu m. a. gera tillögur til Æskulýðsráðs ríkisins um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi hvert í sínu umdæmi. Skulu tillögurnar hafa borizt fyrir 15. apríl ár hvert, ásamt skýrslu um æskulýðsstarfsemi í kjördæminu á liðnu ári.

6. gr.

Heimilt skal að stofna æskulýðsnefndir sveitarfélaga innan hvers kjördæmis.

Skulu starfsreglur þeirra samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar af Æskulýðsráði ríkisins, að fenginni umsögn hlutaðeigandi æskulýðsráðs í kjördæmi.

III. KAFLI

Stuðningur við félags- og tómstundastarfsemi.

7. gr.

Þjálfun og störf leiðbeinenda.

Stuðningur við félags- og tómstundastarfsemi skal m. a. fólginn í eftirfarandi:

1. Þátttöku í kostnaði við þjálfun leiðbeinenda.
2. Þátttöku í launagreiðslum til sérþjálfaðra leiðbeinenda.

Skal stefnt að því, að ríkissjóður greiði allt að 50% af framangreindum kostnaði og meira, ef fjárveitingar leyfa og Æskulýðsráð ríkisins samþykkir.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um leiðbeinendaþjálfun og hlutverk og störf leiðbeinenda, þar sem m. a. skal kveðið á um styrkhæf verkefni, lágmarkstölu nemenda og kennslustunda og önnur skilyrði, sem fullnægja þarf, til þess að leiðbeinendastörf séu styrkhæf.

8. gr.
Menntun æskulýðsleiðtoga.

Æskulýðsráð ríkisins gengst fyrir því, að haldin séu námskeið fyrir æskulýðsleiðtoga. Skulu námskeið þessi, ef ástæða þykir til, haldin í samráði við Kennaraskóla Íslands eða Íþróttakennaraskóla Íslands. Allur kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um námskeið þessi, þar sem m. a. skal ákveða lágmarkstölu þátttakenda, inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

Heimilt skal að styrkja efnilega æskulýðsleiðtoga til framhaldsnáms og þjálfunar erlendis, eftir því sem fjárveitingar leyfa.

9. gr.
Sumarbúðir, útivistarsvæði og ferðalög.

Heimilt skal að veita viðurkenndum aðilum styrki a) til sumarbúðastarfsemi fyrir æskufólk og b) til að lagfæra og bæta aðstæður á ákveðnum útivistarsvæðum.

Enn fremur skal heimilt að styrkja landssambönd til þátttöku í alþjóðlegum æskulýðsmótum og öðru æskulýðsstarfi, þegar ástæða þykir til og fjárveitingar leyfa.

Um framangreindar styrkveitingar skulu settar sérstakar reglur.

10. gr.
Önnur starfsemi í þágu æskufólks.

Heimilt skal að styðja einstök verkefni í þágu æskufólks, þ. á m. nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, svo og ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, er skapast kunna.

IV. KAFLI
Stuðningur bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál.

11. gr.

Samband íslenzkra sveitarfélaga semur í samráði við sveitar- og bæjarstjórnir og borgarstjórn Reykjavíkur reglur um stuðning þessara aðila við æskulýðsmál, en menntamálaráðherra staðfestir reglurnar. Skal stuðningur þessara aðila m. a. ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði.

V. KAFLI
Reglugerð og gildistaka.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, er menntamálaráðherra skipaði í desember 1963 og skilaði áliti í marz 1967. Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð ásamt fylgiskjölum:

„Hinn 20. desember 1963 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja frumvarp til laga um æskulýðsmál, þar sem sett væru ákvæði um skipulagðan stuðning hins opinbera (þ. e. ríkis og sveitarfélaga) við æskulýðsstarfsemi, er m. a. miði að því að veita æskufólki þroskandi viðfangsefni í tómstundum.

Í nefndina voru skipaðir: séra Bragi Friðriksson, þáv. framkvæmdastjóri Æskulýðsráðs Reykjavíkur, séra Eiríkur J. Eiríksson, sambandsstjóri Ungmennafélags Íslands, Gísli Halldórsson, forseti Íþróttasambands Íslands, Jón Pálsson, tómstundaráðunautur, Jónas B. Jónsson, skátahöfðingi, Ólafur Egilsson, þáv. formaður Æskulýðssambands Íslands, Ólafur Þ. Kristjánsson, stórtemplar, séra Ólafur Skúlason, þáv. æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins og Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Frá því í sept. 1965 hefur Sigurður Þorkelsson, fulltrúi í fræðslumálaskrifstofunni, verið ritari nefndarinnar.

Gagnasöfnun og undirbúningur.

Nefndin hefur safnað gögnum um opinberan stuðning við æskulýðsmál í nokkrum löndum. Sem fskj. með frv. fylgja ýmsar upplýsingar um skipan þessara mála í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Sambandslýðveldinu Þýzkalandi.

Nefndin hefur með tilstyrk Sambands íslenzkra sveitarfélaga safnað upplýsingum um stuðning sveitarfélaga við æskulýðsmál. Þá hefur nefndin safnað ýmsum upplýsingum um framlög hinna frjálsu æskulýðssamtaka sjálfra til starfsemi sinnar, svo og var safnað upplýsingum um félags- og tómstundastarfsemi í skólum. Gerð voru sérstök spurningablöð í sambandi við hinar tvær síðastnefndu gagnasafnanir, svo að betra samræmi fengist og samanburður. Listi hefur verið gerður um fjárveitingar til æskulýðsmála og skyldra mála í fjárlögum 1967.

Þá hefur nefndin safnað ýmsum hagskýrslulegum upplýsingum um fjölda æskufólks hér á landi eftir aldri og kyni o. s. frv.

Að frumkvæði nefndarinnar var boðið hingað til lands sérfræðingi í æskulýðsmálum, Jacobus W. Ooms að nafni, sem er framkvæmdastjóri Landssambands æskulýðsmiðstöðva í Hollandi, formaður Sambands hollenzkra æskulýðsfélaga og formaður stjórnskipaðrar nefndar, sem á að kanna möguleika á setningu heildarlöggjafar um æskulýðsmál í Hollandi. Hann kom hingað til lands fyrir milligöngu UNESCO og með fjárhagslegum tilstyrk hollenzkra stjórnvalda. Sérfræðingurinn dvaldist hér á landi um tíu daga skeið og kynntist bæði starfsemi hinna frjálsu æskulýðsfélaga í borg og byggð og opinberri æskulýðsstarfsemi á vegum ríkis og sveitarfélaga. Í sambandi við komu hans boðaði æskulýðslaganefnd til ráðstefnu um æskulýðsmál að Hlégarði í Mosfellssveit. Eftirtöldum aðilum var boðin þátttaka í fundinum: stjórn Æskulýðssambands Íslands og formönnum allra aðildarfélaga þess, en þau eru: Í.S.Í., U.M.F.Í., Samband ungra framsóknarmanna, Samband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra sjálfstæðismanna, Æskulýðsfylkingin, Bandalag ísl. farfugla, Stúdentaráð, Ungtemplarar, Iðnnemasamband Íslands og Samband bindindisfélaga í skólum. Þá var og boðið á fundinn framkvæmdastjórum æskulýðsráðanna í Reykjavík, Kópavogi og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, framkvæmdastjórum Í.S.Í. og Í.B.R., æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, séra Hjalta Guðmundssyni og fulltrúa frá K.F.U.M. og K. Nær allir þessara aðila áttu fulltrúa á fundinum. Var þarna tækifæri fyrir þau æskulýðssamtök og þá aðila að æskulýðsmálum, sem ekki áttu fulltrúa í æskulýðslaganefnd, að koma skoðunum sínum á framfæri við nefndina.

Frv. það, er hér liggur fyrir, skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla eru almenn ákvæði um tilgang laganna og hvaða aðilar skuli njóta stuðnings samkvæmt þeim. Er þar í fyrsta lagi lögð áherzla á stuðning við svonefnda „frjálsa æskulýðsstarfsemi“, þ. e. hin fjölmörgu félagasamtök æskumanna sjálfra og áhugamanna um æskulýðsmál. Nefndin telur miklu máli skipta, að þessi frjálsa starfsemi gegni áfram forustuhlutverki í íslenzkum æskulýðsmálum, og verði opinberum stuðningi einkum veitt til hennar í vaxandi mæli. Allmikill fjöldi æskufólks stendur þó utan við þessa félagastarfsemi. Þótt æskilegt sé, að unglingar starfi sem mest innan æskulýðs-

félaga í tómstundum, geta þó ýmsar ástæður valdið því, að þeir laðist ekki að slíku félagsstarfi. Má þar m. a. nefna skort á fjölbreytni og nýjungum í verkefnavali hinna gamalgrónu æskulýðsfélaga og tilhneigingu ýmiss æskufólks á vissu þroskaskeiði til að vera óháð og sjálfstætt í eigin augum og annarra. Hvernig þetta æskufólk ver tómstundum sínum, telur nefndin ekki síður skipta máli. Það er einkum fyrir þennan hóp æskufólks, sem ýmis sveitar- og bæjarfélög hafa á síðari árum komið á fót nokkurri tómstundastarfsemi, þ. á m. svokölluðum „opnum húsum", þar sem æskufólki í viðkomandi byggðarlagi er venjulega frjálst að koma að vild og njóta dægrastyttinga í menningarlegu umhverfi. Nefndin telur mikilvægt, að frumkvæði í þessum efnum verði áfram í höndum sömu aðila, þótt heimilt verði að leita til ríkisvaldsins um ýmiss konar stuðning, sé þess sérstök þörf. Nefndin telur að gæta þurfi þess vandlega, að eðlileg verkaskipting skapist milli afskipta sveitarfélaga annars vegar og skóla og frjálsra félaga hins vegar af æskulýðsmálum, þannig að afskiptum hinna fyrrnefndu verði haslaður völlur, þar sem afskiptum hinna síðarnefndu sleppir. Við samræmingu á starfsreglum æskulýðsráða kjördæma og æskulýðsnefnda sveitarfélaga þarf að leggja ríka áherzlu á þetta atriði.

Víðtæk æskulýðsstarfsemi fer fram innan skóla, bæði beint og óbeint, þar sem með nokkrum hætti má telja velflesta skólastarfsemi þjónustu við æskulýð. Nefndin telur, að félagslíf í skólum eigi fyrst og fremst að vera í höndum skólanna sjálfra, og þá aðallega nemenda hvers skóla. Þessa starfsemi telur nefndin svo mikilvæga, að hennar mætti ekki láta ógetið í lögum um æskulýðsmál. Heimilt er því innan ákveðinna marka að veita félagslífi í skólum nokkurn stuðning samkvæmt þessu frv. Meira máli skiptir þó, að eigi er unnt að líta fram hjá skólunum, ef samræma á aðgerðir í æskulýðsmálum þjóðarinnar. Afmarka þarf til nokkurrar hlítar afskipti skóla af nemendum utan kennslustunda og stuðla að samvinnu skóla við æskulýðsfélög og sveitarfélög um afnot skólahúsnæðis til æskulýðsstarfsemi á þeim tímum, sem kennsla fer ekki fram í húsnæðinu. Í því sambandi skal enn minnt á nauðsyn þess, að komið verði á skynsamlegri verkaskiptingu milli þessara aðila til þess að minnka togstreitu og tvíverknað. Þess má geta, að á nokkrum undanförnum árum hefur menntamálaráðuneytið heimilað allt að 150 stunda afslátt af kennsluskyldu á viku í skólum gagnfræðastigs í Reykjavík vegna félags- og tómstundastarfs í þágu nemenda. Á skólaárinu 1964—1965 var varið 552 þús. kr. í þessu skyni. Í frv. til laga um skólakostnað, sem nýlega hefur verið lagt fyrir Alþingi, er opnuð leið til þess að slíkur stuðningur nái til sambærilegra skóla annars staðar á landinu. Þá hefur menntamálaráðuneytið gengizt fyrir listkynningu í skólum á nokkrum undanförnum árum.

Rétt þótti að taka fram, að íþróttalög nr. 49/1956 væru áfram í fullu gildi, svo og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Íþróttasamtökin hafa nokkra sérstöðu meðal æskulýðsfélaga. Þau hafa myndað með sér sterk heildarsamtök, sem standa fastari fótum skipulagslega og fjárhagslega en flest eða öll önnur æskulýðssamtök. Að sjálfsögðu er á engan hátt ætlunin með lögum um æskulýðsmál að veikja þá aðstöðu, sem íþróttahreyfingin hefur skapað sér, heldur þvert á móti að leitast við að veita henni möguleika til nokkurs viðbótarstuðnings. Svipuðu máli gegnir um bindindisstarfsemi.

Ekki þótti rétt að útiloka stjórnmála- og trúfélög, sem sinna æskulýðsmálum, frá að njóta góðs af lögum þessum eftir því sem efni kunna að standa til. Hefur sú stefna orðið ofan á í nágrannalöndunum, að opinber stuðningur í þessum efnum skuli miðast við, hver verkefnin séu, en ekki hvaða aðilar framkvæma þau. Sérstakar reglur þyrfti væntanlega að setja um stuðning við félög af þessu tagi til þess að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun.

Ákvæði um aldursmörk er sett til þess að vekja athygli á til hvaða aldursskeiðs lögunum er einkum ætlað að ná. Ekki er þó talið kleift að rígbinda lögin við ákveðin mörk, þar sem næsta erfitt er að staðhæfa, hvenær bernsku þrýtur og æska hefst eða hvenær æskuskeiði lýkur og fullorðinsár byrja. Ekki virðist óeðlilegt að miða

lögin fyrst og fremst við svonefnd „táningaár“. Um 12 ára aldur má telja að kynþroskaskeið unglinga hefjist almennt og um 21 árs aldur er nú á tímum algengt að æskufólk hafi fest ráð sitt og fara vandamál þess þá að verða frekar fullorðinslegs eðlis, þ. e. fjölskylduframfærsla, barnauppeldi, húsnæðismál o. s. frv. — Opinber afskipti af velferðarmálum barna innan 12 ára (reyndar allt að 16 ára aldri) er fyrst og fremst fjallað um í barnaverndarlögum. Framangreind mörk eru aðeins til ábendingar um, að hvaða aldursskeiði lögunum skuli einbeitt sérstaklega, svo að fjárveitingar og annar stuðningur nýtist betur. Ef fjárveitingar og aðrar ástæður leyfa, er hins vegar í eðli sínu ekkert því til fyrirstöðu, og raunar æskilegt, að stuðningur laganna nái til starfsemi fyrir börn innan 12 ára aldurs og æskufólks eldra en 21 árs.

Annar kafli laganna fjallar um stjórn æskulýðsmála. Nefndin telur eðlilegt, að framkvæmd laga um æskulýðsmál heyri stjórnskipulega undir menntamálaráðherra og ráðuneyti hans. Sums staðar erlendis heyrir þessi málaflokkur t. d. undir félagsmálaráðuneytin, enn annars staðar hafa verið mynduð sérstök æskulýðsmálaráðuneyti. Mestu máli skiptir, að málaflokkur þessi heyri undir eitt ákveðið ráðuneyti, og eru æskulýðsmálin svo nátengd uppeldis- og skólamálum, að vel þykir fara á því, að þau falli undir það ráðuneyti, sem um þessi mál fjallar.

Ráðherra og ráðuneyti til aðstoðar í þessum efnum skal vera fimm manna ráð, er ber nafnið Æskulýðsráð ríkisins. Ráðinu er fyrst og fremst ætlað að vera ráðgefandi aðili. Höfuðhlutverk þess ætti að vera að samræma og samstilla þá krafta, sem að þessum málum vinna. Því er ekki ætlað að auka bein ríkisafskipti af æskulýðsmálum, heldur að stuðla að því, að störf þeirra aðila, sem nú vinna að slíkum málum, nýtist betur og markvissar. Þá er því ætlað að vera stjórnvöldum til aðstoðar við að skapa ákveðna stefnu í æskulýðsmálum í samræmi við efni og anda þessara laga, líkt og segja má að stefna hafi þegar verið mótuð í sambandi við einn þátt æskulýðsmála með lögfestingu og framkvæmd íþróttalaganna.

Nefndinni var nokkur vandi á höndum, er hún skyldi semja ákvæði um, hvernig ráð þetta skyldi skipað. Töldu ýmsir, að höfuðáherzlu bæri að leggja á, að þeir, sem nú vinna að æskulýðsmálum í reynd, ættu sem flesta fulltrúa til þess að geta gert sig þar gildandi, enda væri þá nokkur trygging fyrir því, að í ráðinu væru menn með reynslu og þekkingu í þessum efnum. Aðrir töldu, að megináherzlu bæri að leggja á, að ráðsmenn hefðu sem styrkasta aðstöðu gagnvart framkvæmda- og fjárveitingavaldi. Nefndin hefur reynt að fara bil beggja og leggur til, að ráðið verði að meirihluta skipað fulltrúum starfandi æskulýðssambanda, menntamálaráðherra skipar formann án tilnefningar, en fimmti fulltrúinn skal tilnefndur af Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, til þess að skapa tengsl við æskulýðsstarfsemi bæjar- og sveitarfélaga.

Auk þess sem áður er talið, er hlutverk ráðsins að safna gögnum um æskulýðsmál og fylgjast með þróun þeirra mála. Nefndin hefur orðið þess áskynja, að eigi liggja fyrir heildarskýrslur um starfsemi æskulýðsfélaga svo sem þyrfti að vera, né heldur fullnægjandi skýrslur um aðra æskulýðsstarfsemi. Nefndin hefur lítillega reynt að bæta úr þessu, svo sem fylgiskjöl sýna, en skort aðstöðu til að safna viðhlítandi skýrslum um þessi efni, heldur er aðeins um upplýsingasöfnun að ræða til þess að nefndin gæti sjálf fengið í mjög stórum dráttum nokkra yfirsýn yfir aðstæður á þessu sviði á Íslandi í dag. Á það hefur verið bent, að til þess að ráða fram úr vandamálum æskulýðsins er nauðsynlegt að hafa sem gleggstar upplýsingar um orsakir þeirra. Því er tímabært, að uppeldis- og félagsfræðilegar rannsóknir verði gerðar hér á landi á breiðum grundvelli, þeim stöðugt haldið áfram og niðurstöður þeirra hagnýttar á hverjum tíma. Slíkar rannsóknir telur nefndin að eigi að vera eitt allra fyrsta verkefni Æskulýðsráðs og í því skyni m. a. er ráðinu í 4. gr. veitt heimild til að leita sérfræðilegrar þjónustu.

Meðal verkefna ráðsins er að efna til umræðufunda og/eða ráðstefna um æsku-

lýðsmál eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Myndi ýmist vera um að ræða fámenna umræðufundi sérfræðinga á vissum sviðum þessara mála eða fjölmennari æskulýðsmálaráðstefnur með þátttöku fulltrúa frá áhrifamiklum stofnunum og félagsheildum, svo sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögu Páls alþm. Þorsteinssonar o. fl. á þskj. 50, 1963. Einnig má hugsa sér, að slíkar ráðstefnur verði, ef ástæður þykja til, haldnar til að fjalla sérstaklega um æskulýðsmál einstakra landshluta með þátttöku þeirra aðila, sem þar eru kunnugastir.

Þá er hlutverk ráðsins að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar til æskulýðsmála, en þær tillögur myndu m. a. byggðar á tillögum æskulýðsráða kjördæma um fjárþörf til þessara mála víðs vegar um landið. **Það skal skýrt tekið fram, að nefndin telur að í engu megi skerða þær fjárveitingar og þann fjárstuðning, sem einstök æskulýðssamtök njóta í dag.** Með þessu er t. d. átt við, að Í. S. Í. haldi óskertum öllum sínum tekjulindum að tilstuðlan hins opinbera, en njóti viðbótarstuðnings til framgangs tiltekinna málefna fyrir tilstilli Æskulýðsráðs ríkisins. Fjárveitingatillögur Æskulýðsráðs miðist fyrst og fremst við hin almennu verkefni ráðsins sjálfs, svo sem gagnasöfnun, rannsóknarstarfsemi og ráðstefnuhöld, og hin sérstöku verkefni, svo sem þjálfunar- og leiðtogamál og stuðning við ferðamál æskulýðs.

Gert er ráð fyrir, að ráðinn verði sérstakur æskulýðsfulltrúi ríkisins, er annist framkvæmdastjórn fyrir Æskulýðsráð. Slíkur fulltrúi hlýtur að starfa í náinni samvinnu við íþróttafulltrúa ríkisins, æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar og framkvæmdastjóra hinna ýmsu æskulýðsráða sveitarfélaganna. En hvernig þeirri samvinnu verður háttað, er rétt að skipað verði með reglugerð, þegar nokkur reynsla hefur fengizt af starfi fulltrúans og sýnt er, hver verður hin æskilega þróun og heppilegast fyrirkomulag í þessum efnum. Þegar höfð eru í huga þau skipulagsstörf, sem íþróttafulltrúi hefur unnið á sínu sviði, og þær byggingar félagsheimila og íþróttamannvirkja, sem reistar hafa verið, meðan hann hefur verið framkvæmdastjóri íþrótta- og félagsheimilasjóðanna, verður ljóst, hverju dugmikill æskulýðsfulltrúi ríkisins gæti áorkað í þágu þeirra verkefna, sem þessi lög fjalla um.

Í hverju kjördæmi skal vera æskulýðsráð. Tala fulltrúa í því fari eftir aðstæðum í hverju kjördæmi, en gert er ráð fyrir, að þeir verði eigi færri en fimm. Talið er æskilegt, að í hverju kjördæmi starfi slíkt ráð, er hafi yfirsýn yfir þarfir þess svæðis í æskulýðsmálum. Reynslan verður að skera úr um, hvort unnt verður að koma á fót starfhæfum ráðum í öllum kjördæmum, en ýmislegt bendir til, að bættar samgöngur og aukinn skilningur á samvinnu stærri svæða að sameiginlegum áhugamálum beini þróuninni í þessa átt. Ætlazt er til, að sveitarstjórnaraðilar í hverju kjördæmi undir forustu Sambands ísl. sveitarfélaga semji þessum ráðum starfsreglur. Sambandið myndi væntanlega semja fyrirmynd að slíkum reglum, sem síðan yrði stuðzt við í aðalatriðum á hverjum stað. Aðild sambandsins og ráðuneytisins að reglunum yrði til að tryggja, að nokkurt samræmi yrði á milli þeirra innbyrðis, en slíkt er mikilvægt með tilliti til verkaskiptingar og heildarstefnu í þessum málum.

Í hverju kjördæmi starfa í dag á ýmsum stöðum, sérstaklega í kaupstöðum, sjálfstæð æskulýðsráð eða nefndir. Lögin gera ráð fyrir, að þær starfi áfram og nýjar verði stofnaðar, eftir því sem sveitarstjórnum sjálfum sýnist. Er jafnvel hugsanlegt, að af landfræðilegum eða tímabundnum ástæðum verði ekki stofnuð æskulýðsráð í einhverju kjördæmi í bráð, og kæmu þá slíkar nefndir í þeirra stað. Er æskilegt, að sjálfræði og frumkvæði sveitarfélaga í þessum efnum verði í engu skert, en mikilvægt er, að starfsreglur slíkra æskulýðsnefnda verði samræmdar eftir föngum, sérstaklega í því skyni, að þær fari ekki inn á svið hinna frjálsu æskulýðssamtaka, þar sem þau eru virk. Í lögunum eru þessar starfseiningar kallaðar nefndir til aðgreiningar frá Æskulýðsráði ríkisins og æskulýðsráðum kjördæma, en ef viðkomandi aðilar kjósa af einhverjum ástæðum að kalla nefndirnar

öðrum nöfnum, t. d. í kaupstöðum, þar sem nú eru starfandi æskulýðsráð, þá sýnist varla neitt því til fyrirstöðu, þótt til hægri verka sé þeim valið heitið nefnd í lögunum.

Allir þeir aðilar, sem sinna æskulýðsstarfsemi hér á landi, virðast sammála um, að eitt af því, sem einna helzt hái slíkri starfsemi, sé skortur á þjálfuðum leiðbeinendum og fjárhagsleg vangeta til þess að greiða slíkum leiðbeinendum laun. Í 7. gr. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði allt að 50% kostnaðar við þjálfun leiðbeinenda og allt að 50% af launum þeirra. Verður að líta svo á, að íþróttahreyfingin eigi að njóta tilsvarandi styrkja frá íþróttasjóði, þ. e. 50% af kostnaði við íþróttakennslu. Annan leiðbeinendakostnað er ætlazt til að sveitarfélög greiði, sbr. 11. gr., svo og æskulýðssamtökin sjálf. Dæmigerð viðfangsefni leiðbeinenda: leikstjórn, söngstjórn, föndur ýmiss konar, sjó- og búvinna, dans, skák, bridge, skátun, bindindisfræðsla, félagsfræðsla og íþróttir. — En rétt væri, að íþróttir nytu þessa hundraðshluta í styrk úr íþróttasjóði.

Ákvæði um þennan fjárstuðning ríkissjóðs er heimildarákvæði, þar sem ekki er vitað fyrirfram, hversu mikið fé verður veitt í þessu skyni. Sveitarfélög og æskulýðsfélög eiga því enga lagalega kröfu á slíkum stuðningi, heldur takmarkast hann við fjárveitingar á hverjum tíma. Hins vegar kunna heimildarákvæði af framangreindu tagi e. t. v. að skapa siðferðilegar skyldur og bona fide eftirvæntingu um fjárhagslegan stuðning.

Annað atriði, sem menn virðast sammála um að hái mjög æskulýðsstarfsemi, er skortur á leiðtogum, þ. e. mönnum, sem hafa vilja og getu til þess að stjórna félagsmálum og skipuleggja þau. Segja má að vísu, að leiðtogahæfileikar séu meðfæddir og verði ekki áunnir, en allmikil reynsla er fyrir því erlendis og nokkur hérlendis, að leiðtoganámskeið hafi orðið til þess að örva menn til ýmiss konar forustustarfa í félagslífi og gera menn hæfari til þess að gegna slíkum störfum. Á leiðtoganámskeiðum er m. a. kennd nokkur þjóðfélagsfræði, sálarfræði, uppeldisfræði og siðfræði og t. d. veitt einhver tilsögn í ræðumennsku, fundarsköpum, fundarstjórn, leikjum, ferðastjórn, stjórnsýslu- og skipulagsmálum félaga o. s. frv., allt eftir því hvers konar leiðtogastörfum stefnt er að. Eðlilegt þykir, að ríkissjóður greiði allan kostnað við þessi námskeið, enda gangist Æskulýðsráð ríkisins fyrir, að þau verði haldin, annað hvort eitt eða það samþykki stuðning við slík námskeið á vegum einstakra félagssamtaka, og menntamálaráðuneytið setji um þau reglur. Í lögum um Kennaraskóla Íslands og frv., sem samið hefur verið um Íþróttakennaraskóla Íslands, eru ráðgerð námskeið svipuð þeim og hér er átt við, og er því gert ráð fyrir þeim möguleika, að samvinna verði höfð við þessa skóla um slík námskeið, ef henta þykir.

9. gr. frv. fjallar um stuðning við sumarbúðir, útivistarsvæði og ferðalög. Mönnum eru enn í fersku minni ólæti þau, sem urðu í Þjórsárdal sumarið 1963, og hliðstæðir atburðir hafa gerzt víðar um land á síðari árum, svo sem á Þingvöllum, Hreðavatni, Laugarvatni, Þórsmörk, Vaglaskógi, Hallormsstaðaskógi og í Reykjavík. Það er skoðun nefndarinnar, að ein höfuðástæðan til þess losarabrags, sem oft á tíðum skapast á útiskemmtunum æskufólks víðsvegar um landið, sé skortur á aðstöðu til leikja og dægradvala og aðrar ófullnægjandi ytri aðstæður, svo sem í hreinlætisefnum. Með því að bæta þessar aðstæður væri stigið mikilvægt skref í þá átt að búa betur í haginn fyrir menningarlegri umgengnisháttum á útivistarsvæðum. Eðlilegt er, að hin frjálsu æskulýðsfélög og viðkomandi sveitarfélög hafi frumkvæði á þessu sviði, en ríkisvaldið styrki slíka viðleitni eftir ákveðnum reglum. Sérstök tegund af útivistarsvæðum eru hin svonefndu tjaldbúðasvæði (camping), sem gjarnan mættu tíðkast hér meira að útlendri fyrirmynd, en á slíkum svæðum gefst mönnum gegn vægu gjaldi kostur á vissri aðstöðu til útivistar, enda gilda þá ströng og ákveðin fyrirmæli um góða umgengni og reglusemi. Sumarbúðir eru bæði hér á landi og erlendis snar þáttur í æskulýðsstarfsemi, en með sumarbúðum er fyrst og fremst átt við dvalarstaði í varanlegum húsakynnum, þar

sem ungu fólki gefst kostur að dveljast að sumarlagi við leiki og störf undir stjórn þjálfaðra æskulýðsleiðtoga. Ekki er að sjálfsögðu ætlazt til, að sumardvalarheimili barna njóti stuðnings skv. þessu ákvæði.

Alþjóðleg samvinna í æskulýðsmálum fer æ vaxandi með bættum og ódýrari samgöngum, og vildi nefndin leggja áherzlu á mikilvægi þessa samstarfs með heimildarákvæði um stuðning við það innan ákveðinna marka. Er bæði átt við alþjóðamót haldin hér á landi og þátttöku í slíkum mótum á erlendri grund. Ekki náðist samstaða innan nefndarinnar um heimild í frv. til beins stuðnings við innanlandsferðalög, heldur talið hagkvæmara að einbeita ríkisaðstoð að framangreindum stuðningi við sumarbúðir og útivistarsvæði, en ætla má, að þannig nýtist drýgst það takmarkaða fjármagn, sem væntanlega yrði fyrst í stað til umráða í þessu skyni.

Í 10. gr. eru opnaðir möguleikar til þess að styðja fleiri verkefni en þau, sem talin eru upp í öðrum ákvæðum frv. Er þá einkum höfð í huga útgáfustarfsemi, fræðslunámskeið og ýmiss konar starfsemi, sem haldið er uppi í svonefndum „opnum húsum." Þá er í gr. gert ráð fyrir stuðningi við nýjungar og tilraunir í æskulýðsstarfi, en einskis ber að láta ófreistað til þess að kanna nýjar leiðir á þessu sviði, en breyttir tímar hljóta jafnan að kalla á nokkur ný úrræði jafnhliða því sem haldið verði áfram gamalreyndum og viðurkenndum vinnubrögðum í þessum efnum. Fjölmiðlunartæki nútímans, svo sem sjónvarp, virðast t. d. bjóða upp á ýmsa möguleika á nýjungum í æskulýðsstarfi. Þá er og í gr. veitt heimild til þess að styðja ráðstafanir, sem miða að lausn sérstakra æskulýðsvandamála, sem upp kunna að koma. Eru hér hafðir í huga atburðir eins og í Þjórsárdal á árunum, en eðlilegt er, að stjórnvöld verði við því búin að mæta slíkum skyndivandræðum, annað hvort sjálf eða með stuðningi við þá aðila aðra, sem bezt væru til til þess fallnir að fjalla um slík vandamál. Þar sem heimildarákv. gr. eru allvíðtæk, væri rétt að setja um þau nánari reglur í sambandi við reglugerðarsetningu skv. 12. gr.

Síðasti kafli frv. fjallar um stuðning bæjar- og sveitarfélaga við æskulýðsmál. Eins og áður er að vikið, hafa ýmis sveitarfélög látið sig æskulýðsmál miklu skipta. Nefndin telur rétt, að heilbrigð og æskileg samvinna skapist milli ríkisvalds og sveitarstjórna í þessum málum. Sveitarfélög hafa venjulega sérstaklega mikilla hagsmuna að gæta á þessu sviði. Margvísleg vandamál skapast í þéttbýli í sambandi við æskulýðinn, m. a. sökum margbreytileika og ýmiss konar „freistinga", en í strjálbýli er orsakanna oft að leita í fábreytileik og óyndi af þeim sökum. Þessi vandi brennur því einna heitast á sveitarfélögunum og því ríður á miklu, að frumkvæði þeirra og framtaki í æskulýðsmálum sé veittur nokkur atbeini af hálfu ríkisvaldsins um leið og aðild sveitarfélaganna er nauðsynlegur þáttur í þeirri samræmingu og því samstillta átaki, sem þessu frv. er ætlað að stuðla að í æskulýðsmálum. Ætlunin er, að Samband ísl. sveitarfélaga verði tengiliður við ríkisvaldið að þessu leyti. Sambandið beiti sér fyrir, að samdar verði reglur um, hvernig slíkum stuðningi verði háttað í megindráttum, en menntamálaráðherra staðfesti síðan reglurnar, að höfðu samráði við Æskulýðsráð ríkisins. Ákvæðið stefnir að því marki að skapa frjálslega og vinsamlega samvinnu milli ríkisvalds og sveitarfélaga í þessu tilliti, þannig að allir aðilar megi vera fullsæmdir af. Stuðningi sveitarfélaga er m. a. ætlað að ná til þátttöku í kostnaði við störf leiðbeinenda, tækjakaup og húsnæði, en að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu, að stuðningur þeirra beinist að fleiri þáttum, ef fé og vilji er fyrir hendi í því skyni.

Þess skal getið, að ætlazt er til, að sá aðili, sem ákveði, hvort heimildarákvæði þessa frv. séu notuð, sé menntamálaráðuneytið, að höfðu samráði við Æskulýðsráð ríkisins, enda séu nauðsynlegar fjárveitingar fyrir hendi. Annars mun væntanlega fyrst og fremst reyna á, hvort heimildirnar verði notaðar, með samþykki eða synjunum framkvæmdavalds og löggjafarvalds á fjárveitingatillögum Æskulýðsráðs, sbr. 3. gr.

Hafa nú í stórum dráttum verið rakin meginatriði þessa frv.

Það skal tekið fram, að nefndin hefur ekki talið innan verksviðs síns að gera tillögur um beinar ráðstafanir til úrbóta á vandamálum unglinga með sérstök hegðunarvandkvæði („vandræðaunglinga"), þótt ákv. frv. hnígi að sjálfsögðu í þá átt að stuðla að því að skapa æskufólki þær aðstæður í tómstundum, að fyrirbyggt verði svo sem unnt er, að unglingar verði sjálfum sér og öðrum til vandræða sökum skorts á hæfilegum og aðlaðandi verkefnum utan starfstíma í skólum og öðrum verkstöðum. Frv. er með öðrum orðum ætlað að hafa fyrirbyggjandi áhrif, að byrgja brunninn. —

Geta má þess, að starfrækt er vistheimili drengja í Breiðavík í Barðastrandarsýslu og stúlknaheimilið Bjarg á Seltjarnarnesi fyrir unglinga með hegðunarvandkvæði. Ríkið sér um rekstur hins fyrrnefnda, en Hjálpræðisherinn hins síðarnefnda. Ríkissjóður greiðir meginhluta kostnaðar. Þá er árlega veittur fjárlagastyrkur (1967 kr. 250 þús.) til náms- og hælisvistar erlendis fyrir stúlkur, sem lent hafa á glapstigum. Þá starfa á Jaðri og í Hlaðgerðarkoti við Reykjavík heimavistarskólar fyrir börn og unglinga (allt að 16 ára), sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum í námi vegna heimilisástæðna og af öðrum svipuðum orsökum.

Rétt er að hafa í huga, að engin töframeðöl eru tiltæk hér á landi frekar en annars staðar í því skyni að leysa svonefnd „æskulýðsvandamál". Þessi vandamál eru reyndar í dag aðeins einn þáttur þess vanda að lifa og hrærast í fjölþættu og síbreytilegu þjóðfélagi nútímans. Þetta er eitt þeirra „vandamála" sem sífellt hljóta að búa með sérhverri þjóð og aldrei verða leyst til fullnaðar, en ávallt kalla á ný úrræði með hverri kynslóð, þar sem fyrst og fremst kann að reyna á þolinmæði og umburðarlyndi þeirra, sem um þessi mál fjalla á hverjum tíma.

Ýmsum kann e. t. v. að þykja, að eigi sé nógu hátt reitt til höggs í frv. þessu til lausnar á vandamálum æskulýðsins, opinberir aðilar eigi lögskyldir til stórfelldra fjárframlaga né ruddar nýjar og áður ókunnar leiðir til úrbóta. Nefndin telur þó, að verði frv. þetta lögfest, sé unnt innan ramma þess að hrinda í framkvæmd flestum þeim úrræðum, sem nú eru kunn, til þess að veita æskufólki „þroskandi verkefni í tómstundum", ef ríki og sveitarfélög hafa vilja og getu til að veita það fé til þessara mála, sem nauðsyn krefur til þess að kleift sé að sinna þeim á fullnægjandi og áhrifaríkan hátt. Þá er eigi síður mikilvægt, að dugmiklir og farsælir menn veljist í æskulýðsráð og nefndir og embætti æskulýðsfulltrúa að ógleymdu því, að skynsamleg samvinna og verkaskipting takist milli opinberra aðila og hinnar frjálsu æskulýðsstarfsemi, og áfram veljist til forustu í æskulýðssamtökunum fórnfúsir og áhugasamir leiðtogar.

Nefndin hefur af ásettu ráði sneitt hjá því að segja nákvæmlega og tæmandi fyrir um framkvæmd einstakra atriða í löggjöfinni, heldur er ætlunin, að þeim verði skipað með reglugerðum, eftir því sem þróun og reynsla kann að gefa tilefni til. Nefndin telur, að rúm rammalöggjöf, eins og frv. þetta felur í sér, henti bezt svo lifandi og frjóvu efni, sem hér um teflir. Það er von nefndarinnar, að slík rammalöggjöf megi verða til þess að skapa skilyrði fyrir framsýna og markvísa stefnu í æskulýðsmálum þjóðarinnar, sem verði íslenzkum æskulýð til heilla á ókomnum árum.

ÆSKULÝÐSSTARFSEMI Á ÍSLANDI

Bandalag íslenzkra farfugla.

Fyrsta farfuglafélagið, Farfuglafélag Reykjavíkur, stofnað 1930. Annað farfuglafélag er starfrækt á Akureyri.

Bandalag íslenzkra farfugla. Stofnað 1939. Sambandsfélagar um 880 (1966). Bandalagið er aðili að Alþjóðabandalagi farfugla (I.Y.H.F.).

Tilgangur farfuglahreyfingarinnar er fyrst og fremst að stuðla að auknu útilífi ungs fólks og kynningu þjóða í milli. Farfuglar eiga kost á ferðalögum, heil-

brigðu skemmtanalífi og margvíslegu tómstundastarfi innan lands og utan. Þess er jafnan gætt, að öll fyrirgreiðsla, sem bandalagið veitir félögum sínum, sé svo ódýr sem frekast er unnt. Með aðild bandalagsins að alþjóðasamtökum farfugla gilda félagsskírteini þess hvar sem er í heiminum hjá farfuglafélögum innan þessara alþjóðasamtaka, en þau reka víða ódýr gistiheimili. Hér á landi eru tvö gistiheimili rekin á vegum samtakanna (Reykjavík og Akureyri), og mun því eitt aðalstarf bandalagsins á næstu árum beinast að því að koma slíkum farfuglaheimilum upp víða.

Undanfarin ár hefur ríkissjóður veitt árlega kr. 25 000 til bandalagsins, en einnig kr. 150 000 til húsnæðiskaupa, sem koma til útborgunar árin 1965 og 1966, kr. 75 000 hvort ár.

Aðrir tekjustofnar eru skattar sambandsfélaga, sem nema 20% af skírteinisgjaldi, sem nemur kr. 40.00. Þessi upphæð mun nema nálægt kr. 7000 árlega, en breyting á skírteinisgjaldi er fyrirhuguð.

Öll störf, sem félagsmenn hafa innt af hendi í þágu samtakanna, eru unnin án endurgjalds.

Helztu kostnaðarliðir Farfugladeildar Reykjavíkur árið 1963, sem þá fór með málefni F. Í. F., voru þessir:

Viðhald skála	kr. 12.500
Gjald til alþjóðasamtaka	— 8 100
Félagsblað	— 8 100
Keypt teppi, rúm o. fl.	— 32 300

Auk þessa voru greiddar kr. 400 þús. sem fyrsta útborgun vegna húsakaupa. Kaupverð þeirrar eignar var kr. 1600 þús. Við það bætist kostnaður við breytingu á húsnæðinu, sem nam nokkuð á annað hundrað þúsund krónum.

Bandalag íslenzkra skáta.

Fyrsta sjálfstæða íslenzka skátafélag drengja er stofnað 1912 (innan KFUM er starfað fyrir 1912 að skátaíþróttum, en stofnað skátafélag 1913). Árið 1924 er stofnað Bandalag íslenzkra skáta, er verður strax aðili að Alþjóðasambandi skáta. Árið 1922 er stofnað fyrsta íslenzka kvenskátafélagið. Árið 1944 eru kvenskátafélögin tekin inn í Bandalag íslenzkra skáta. Árið 1966 starfaði 31 sambandsfélag á 27 stöðum með samtals 4134 félögum.

Markmið bandalagsins er að efla unga menn og konur til þess að verða traustir borgarar íslenzka ríkisins, með því að temja þeim drengskap, þjálfa athyglisgáfu þeirra, hlýðni og sjálfstraust, brýna fyrir þeim föðurlandsást, hugrekki, þegnskap og tillitssemi, kenna þeim ýmis störf, nytsöm sjálfum þeim og almenningi, og efla sálarstyrk þeirra og líkamsþrek.

Tekjur bandalagsins árið 1963:

Ríkisstyrkur	kr. 150 þús.
Merkjasala	— 80 —
Útgáfustarfsemi	— 15 —
Skattur	— 35 —
Samtals	kr. 280 þús.

Auk þess styrkur Reykjavíkurborgar til Kvenskátaskólans að Úlfljótsvatni kr. 35 000.

Helztu tekjur sambandsfélaganna voru:

Félagsgjöld	kr. 143 þús.
Tekjur af skeytum	— 185 —

Tekjur af bazar	kr.	75 þús.
Frá sveitarfélögum og félagsheimilasjóði	—	130 —
Frá ríki	—	25 —
Samtals	kr.	558 þús.

Skátafélögin eiga nú 11 skátaheimili í bæjum og nokkra skátaskála á fjöllum. Víða láta bæjar- og sveitarfélög skátum í té afnot af húsnæði til fundahalda, einkum í skólum.

Árið 1965 hækkaði ríkisstyrkur til bandalagsins úr kr. 150 þús. í 250 þús. og sama ár var veitt fyrsta fjárveiting af þremur, kr. 100 þús., til húsnæðiskaupa. Til skátahreyfingarinnar hefur ríkissjóður veitt í fjárlögum árið 1965:

Til bandalagsins	kr.	250 þús.
— húsnæðiskaupa	—	100 —
— hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði	—	50 —
— — vegna fiskasýningar	—	100 —
Alls	kr.	500 þús.

Árið 1966:

Til bandalagsins	kr.	250 þús.
— húsnæðiskaupa	—	100 —
— hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði	—	50 —
— — — — Reykjavík	—	50 —
— Einherja á Ísafirði	—	50 —
Alls	kr.	500 þús.

Í 30 ár hefur B. Í. S. gefið út skátablað og frá upphafi félagsskaparins hafa verið gefin út fræðslurit og foringjablöð. B. Í. S. starfrækir skrifstofu í Reykjavík. Skátafélag Reykjavíkur, Kvenskátafélag Reykjavíkur og B. Í. S. starfrækja sumarbúðir að Úlfljótsvatni hvert sumar. Flest skátafélög starfrækja útilegur í tjöldum eða skálum á öllum árstímum.

Í umræðum félagsforingja og stjórnar Bandalags ísl. skáta hefur það sjónarmið verið ráðandi, að hagkvæmasti stuðningur hins opinbera við einstök skátafélög væri sá að sjá þeim fyrir húsnæði og styrkjum til viðhalds því og greiðslu reksturskostnaðar. Félögunum og bandalaginu er nauðsynlegt að fá fjármagn til greiðslu víðtækrar foringja- og leiðbeinendamenntunar.

Íþróttasamband Íslands.

Snemma á síðustu öld verður vart áhuga á myndun félaga um iðkun íþrótta (framfarafélög, ræktunarfélög, skotfélög (t. d. í Reykjavík 1867), glímufélög, sundfélög). Öll þessi félög líða undir lok eftir stutt starf.

Fyrir félagsleg áhrif frá góðtemplarastúku í Reykjavík er Glímufélagið Ármann stofnað 1888. Um aldamótin 1900 eru stofnuð víða um land íþróttafélög, t. d. Knattspyrnufélag Reykjavíkur (1889); Íþróttafélag Reykjavíkur (1907); Glímufél. Grettir, Akureyri (1904); Eyrarbakka, Þingeyri, Seyðisfirði o. s. frv.

Árið 1912 er stofnað Íþróttasamband Ísland (Í.S.Í.).

Eftir að landinu var skipt í íþróttahéruð (1912), var skipulagi Í.S.Í. breytt þannig, að íþróttabandalög (félagsleg samtök) mynduðust í kaupstöðum (9) og héraðssambönd 17 talsins, sem ná yfir kaupstaði (5) og sýslur (21). Þá hafa einnig verið að myndast innan Í.S.Í. samtök þeirra félaga, sem iðka sömu íþróttagrein, sérsambönd, og eru þau 8 talsins (1966).

Félagar í 239 aðildarfélögum Í.S.Í. eru 28092 (1965) og þar af virkir íþróttaiðkendur 22012 (1965). Á 10 árum hefur orðið um 100% aukning virkra félaga. Frá því 1943 hefur Í.S.Í. starfrækt skrifstofu og haft framkvæmdastjóra.

Allt frá stofnun Í.S.Í. hefur það annazt útgáfu fræðslurita og leikreglna. „Íþróttablaðið", 10 tbl. á ári, er gefið út af Í.S.Í.

Tilgangur sambandsins er að efla, samræma og skipuleggja alla íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu. Það er fulltrúi Íslands í íþróttamálum áhugamanna gagnvart öðrum þjóðum. Í.S.Í. er lögum samkvæmt æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu.

Í.S.Í. er aðili að Alþjóða-Olympíunefndinni og ýmsum alþjóða-sérsamböndum. Sérsambönd Í.S.Í. eru aðilar að alþjóðasamböndum þeirra íþróttagreina, sem þau annast. Auk þessa er Í.S.Í. eða undiraðilar þess þátttakendur í norrænu samstarfi um íþróttamál.

Undanfarin ár hefur ríkissjóður veitt í fjárlögum styrk til reksturs Í.S.Í., enn fremur til utanfara íþróttamanna og námskeiða og til öflunar húsnæðis. Auk þessa, skv. 22. gr. fjárlaga, nýtur Í.S.Í. 22½ eyris af andvirði hvers selds vindlingapakka. Ýmis sérsambönd og nefndir Í.S.Í. hafa auk þessa fengið sérstakar fjárveitingar.

Í fjárlögum 1964 voru veittar kr. 350 þúsund til sérsambanda og nefnda, en til Í.S.Í. til reksturs kr. 250 þús., til utanfara íþróttamanna og námskeiða kr. 300 þús. og húsnæðis 150 þús. kr., auk styrksins skv. 22. gr. fjárlaga.

Árið 1965 námu styrkir í fjárlögum til sérsambanda og nefnda kr. 200.000, en til Í.S.Í.:

Til reksturs	kr.	250 000
— utanfara og námskeiða	—	300 000
	Kr.	550 000
Skv. 22. gr.	—	2 600 000
	Kr.	3 150 000
Ríkisstyrkur samtals	kr.	3 350 000

Árið 1964 veitti Reykjavíkurborg:

Til Í.S.Í.	kr.	200 000
— Íþróttabandalags Reykjavíkur	—	1 726 000

Skattur til sambandsins frá aðildarfélögum er 5 kr. fyrir hvern félaga 16 ára og eldri.

Fjárhagslegur stuðningur til félaganna af hálfu Í.S.Í. hefur verið sá, að Í.S.Í. úthlutar til þeirra kennslustyrkjum, sem íþróttanefnd ríkisins veitir úr íþróttasjóði. Þá hefur Í.S.Í. úthlutað utanfararstyrkjum til sambandsaðila af því fé, sem til þess er veitt í fjárlögum. Héraðssambönd og sérsambönd hafa verið styrkt verulega til fræðslu- og útbreiðslustarfa af tekjum skv. 22. gr. fjárlaga.

Helztu gjaldaliðir reiknings Í.S.Í. árið 1965 voru þessir:

Styrkir til aðila innan Í.S.Í.	kr.	1 306 þús.
Íþróttablaðið	—	265 —
Afskriftir	—	161 —
Skrifstofukostnaður o. fl.	—	496 —

Þegnskaparvinna er unnin af stjórnum og nefndum sambandsaðila Í.S.Í., og er svo einnig um ýmsa þjálfara og leiðbeinendur (300 af 650).

Fjárþörfin er talin mest til íþróttamannvirkja, fræðslu, námskeiða leiðbeinenda, útbreiðslustarfa, íþróttakennslu og öflunar leiðbeinenda. Sjálfboðavinna við mörg íþróttamannvirki er mikil.

K.F.U.M. og K.

Fyrsta Kristilegt félag ungra manna (K.F.U.M.) var stofnað í Reykjavík 1899. Kristileg félög ungra manna eru nú starfandi á 5 stöðum og telja 3500 félaga. Félögin starfa í fjórum deildum: Vinadeild, Yngrideild, Unglingadeild og Aðaldeild. Kristilegt félag ungra kvenna (K.F.U.K.) var stofnað 1899 (3. mán. eftir K.F.U.M.) og starfa slík félög nú á 5 stöðum með um 3000 félagskonum. Félögin eiga samkomuhús í 3 kaupstöðum.

Landssamband K.F.U.M. var stofnað 1953. Sambandið er upprunalega stofnað vegna skipulags alþjóðasambands K.F.U.M. (World Alliance of Y.M.C.A.) til þess að vera tengiliður milli aðalstöðva þess í Genf og einstakra félaga þess hér á landi, þar eð alþjóðahreyfingin skv. skipulagi sínu hefur ekki beint samband við einstök félög.

Verksvið sambandsins er ekki að styrkja félögin fjárhagslega og hefur það ekki bolmagn til þess. Það hefur mest komið í hlut K.F.U.M. í Reykjavík að aðstoða hin félögin við lánveitingar og fjármál, eftir því sem aðstæður hafa leyft.

Opinberir styrkir hafa engir verið til sambandsins. Leitazt hefur verið við að þurfa ekki að sækja um opinbera styrki, en fjár aflað með frjálsum framlögum velunnara.

Á fjórum stöðum starfrækja K.F.U.M. og K. sumarbúðir. Sumarbúðir K.F.U.M. í Vatnaskógi hafa hlotið árlega kr. 25 000 styrk í fjárlögum nokkur síðastliðin ár.

Starf í einstökum félögum er unnið í sjálfboðavinnu, svo og kennsla leiðbeinenda og foringja. Vinna við að reisa sumarbúðir og halda þeim við hefur að miklum hluta verið lögð fram sem sjálfboðavinna.

K.F.U.K. hefur ekkert „landssamband“, en þar sem þau starfa á sömu stöðum og K.F.U.M. er samstarf mjög náið, t. d. eru félagshúsin sameign félaganna.

Góðtemplarareglan á Íslandi.

Fyrsta íslenzka Góðtemplarastúkan er stofnuð á Akureyri 1884.

Heildarsamtök Góðtemplarastúknanna, Stórstúka Íslands, stofnuð 1886.

Fyrsta íslenzka barnastúkan stofnuð 1886 (stúkan Æskan nr. 1, Reykjavík).

Innan Stórstúku Íslands hafa barna- og unglingastúkurnar sitt eigið barnastúkuþing, og þeim er stjórnað af stórgæzlumanni unglingastarfs, sem á sæti í Stórstúku Íslands.

Barnastúkur eru 65 (1966). Aldur félaga 8—16 ára. Fjöldi félaga 7720 (1966).

Sérstök starfsemi, Ungtemplarar, var 1958 stofnuð í nánum tengslum við Stórstúku Íslands, t. d. kjósa þeir sérstakan stórgæzlumann, sem á sæti í Stórstúku Íslands.

Ungtemplarar vinna gegn áfengisbölinu, án þess að félögin séu bundin eins hinu hefðbundna fundaformi IOGT. Slík Ungtemplarafélög eru nú 10 talsins með um 800 félagsmenn (1965).

Stórstúka Íslands er aðili að Alþjóðasamtökum IOGT, Hástúkunni — (International Order of Good-Templars) og sambandi IOGT á Norðurlöndum. Íslenzkir Ungtemplarar eru aðilar að samtökum hliðstæðra félaga á Norðurlöndum.

Innan Stórstúku Íslands eru nú 36 góðtemplarastúkur, sem vinna saman í umdæmisstúkum. Félagafjöldi 2879 (1965). Umdæmisstúkur eru nú þrjár (Reykjavík og nágrenni, Norðurland og Vestfirðir). Í sérstöku þéttbýli vinna stúkufélagar saman í þingstúkum (t. d. Reykjavík, Eyjafjörður o. s. frv.). Þingstúka Reykjavíkur starfrækir sumarbúðir að Jaðri við Reykjavík (hófst 1945).

Stórstúka Íslands er samband allra deilda Góðtemplarareglunnar (IOGT) á Íslandi. Hún skipuleggur starfshætti stúknanna og annast fræðslustarfsemi um áfengismál og félagsstörf með erindaflutningi, fræðsluritum og blaða- og bókaútgáfu.

Félagar 1. janúar 1964 voru:

Í undirstúkum		3 080
Í barnastúkum		6 919
Ungtemplarar	um	800
	Samtals um	10 400

1. janúar 1954 voru félagar:

Í undirstúkum		3 715
Í barnastúkum		6 574
	Alls	10 289

Flest ár frá stofnun Stórstúku Íslands hafa erindrekar starfað á hennar vegum.

Skrifstofu starfrækir Stórstúkan í Reykjavík ásamt bókaverzlun.

Stórstúka Íslands gefur ekki út tímarit eða blað um bindindismál, en blaðið Eining er gefið út mánaðarlega á vegum sérstakrar samvinnunefndar. Eins styrkir Stórstúkan útgáfu bindindisblaðsins „Reginn" á Siglufirði.

Frá því 1897 hefur Stórstúkan gefið út barnablaðið Æskuna.

Allt frá stofnun fyrstu Góðtemplarastúkunnar og fram til 1950 voru það þær ásamt ungmennafélögunum, sem reistu og starfræktu samkomuhús.

Í fjárlögum 1962 var veittur styrkur til Stórstúku Íslands að upphæð kr. 240 þús. Aðrar tekjur Stórstúkunnar voru það ár:

Skattar frá undirstúkum	kr.	25 þús.
Framlög frá stúkum og einstakl.	—	21 —
Ýmislegt	—	45 —
	Alls kr.	331 þús.

Helztu gjaldaliðir voru:

Laun embættismanna	kr.	6 þús.
Skrifstofukostnaður	—	40 —
Styrkveitingar	—	58 —
Starfsfé	—	144 —
Ýmislegt	—	40 —
	Alls kr.	288 þús.

Styrkur ríkissjóðs hefur síðustu árin hækkað árlega og var í fjárlögum 1966 kr. 450 000.

Auk þess var veittur byggingarstyrkur vegna Góðtemplarahúss í Reykjavík á fjárlögum 1965 kr. 500 000 og 1966 kr. 400 000.

Reykjavíkurborg og ýmis önnur bæjarfélög styrkja unglingastarfsemi reglunnar bæði beint og óbeint.

Margvísleg störf innan Góðtemplararreglunnar og út á við eru unnin í sjálfboðavinnu, má t. d. nefna undirbúning móta, námskeiða, sumardvalarheimila og rekstur góðtemplarahúsa og smíði þeirra.

Fjárþörfin varðar aðallega kostnað við starfsemi og erindisrekstur.

Ungmennafélag Íslands.

Fyrsta ungmennafélagið var stofnað 1906 á Akureyri.

Þó rekja megi stofnun ísl. ungmennafélaganna til erlendra áhrifa, þá voru unglingafélög til í nokkrum sveitum, sem stofnuð voru á 19. öld fyrir áeggjan Torfa Bjarnasonar, skólastjóra í Ólafsdal.

Samband ungmennafélaganna, Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), er stofnað 1907.

Ungmennafélögin eru 192 talsins (1965), sem skipa sér saman í 16 héraðasambönd. Félagatal um 11000 (1965).

Stefnuskrá UMFÍ er að sameina íslenzkan æskulýð um að vernda og efla sjálfstæði Íslendinga á þjóðlegum menningargrundvelli. Takmarki sínu hyggst félagsskapurinn einkum ná samkvæmt eftirfarandi starfsskrá:

1. Að vinna að útrýmingu skaðnautna í landinu.
2. Að vinna að því að klæða landið skógi og öðrum gróðri.
3. Að efla áhuga æskulýðsins fyrir að vernda og fegra móðurmálið og sinna sögu og bókmenntum þjóðarinnar að fornu og nýju.
4. Að efla heimilisiðnað og glæða með æskulýðnum tryggð og rækt við heimili sín, átthaga og ættarjörð.
5. Að stunda íþróttir og halda landsmót, þar sem keppt er í íþróttum og kynnt störf og áhugamál félaganna.
6. Að efla í hvívetna fræðslu og uppeldisstarf meðal æskulýðsins. Stuðla að því að unglingarnir geti notið framhaldsmenntunar, hver við sitt hæfi, og að þeirra bíði lífvænleg atvinna að loknu námi. Að efla með æskunni sparsemi, skyldurækni, vinnusemi og fórnarlund.
7. Að efla þjóðlegt skemmtanalíf með menningarsniði. Halda uppi málfunda-starfsemi og hjálpa æskulýðnum til þegnlegs þroska með því að æfa hann við að rökhugsa þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra. Í þessu skyni séu haldin námskeið m. a. með samvinnu við skóla landsins.
8. Að vinna í anda friðar-, manngildis- og menningarhugsjónar kristindómsins.
9. Að styðja að jafnrétti karla og kvenna.
10. Að vinna að náinni samvinnu við ungmennafélög hinna Norðurlandanna og við æskulýð allra þjóða á grundvelli jafnréttis og sjálfstæðis.

Ungmennafélögin eru starfandi í 188 sveitarfélögum og fjórum kaupstöðum. Allt frá stofnun fyrstu ungmennafélaganna hafa þau unnið að því að reisa og reka samkomuhús og hafa verið mjög virkir aðilar að smíði og rekstri félagsheimila hin síðustu ár. Tímaritið Skinfaxa hefur UMFÍ gefið út frá því 1910. UMFÍ rekur skrifstofu í Reykjavík. Erindreka hefur UMFÍ ekki getað haft að staðaldri.

Árið 1963 voru heildartekjur UMFÍ 389 þús. kr. Þar af voru veittar í fjárlögum til félagsmála kr. 150 000, vegna Þrastaskógar kr. 15 000, til starfsíþrótta kr. 25 000, úr íþróttasjóði kr. 79 000. Skattar sambandsaðila voru kr. 34 000.

Helztu gjaldaliðir voru:

Til íþróttamála	um	kr. 74 000
— starfsíþrótta	um	— 48 000
— Þrastaskógar	um	— 54 000
Framkvæmdastjórn		— 62 000
Útgáfukostnaður		— 23 000

Árið 1964 voru ríkisstyrkir til félagsmála og Þrastaskógar óbreyttir, en til starfsíþrótta var ríkisstyrkur hækkaður um 50 þús. kr. og styrkur frá íþróttasjóði hækkaði í 105 þús. kr.

Árið 1965 hækkaði ríkisstyrkur til félagsmála í kr. 200 þús. og til Þrastaskógar í 45 þús. kr.

Skattar sambandsfélaganna eru kr. 5 fyrir hvern félaga 16 ára og eldri.

Fjárþörfin er mest til útgáfustarfa, menntunar leiðbeinenda og til erindisrekstrar.

Æskulýðssamband Íslands.

Stofnað árið 1958 með 9 aðilum, en fjölgaði í 11 árið 1959. Félagar innan sambandsaðila eru samtals 60—65 þúsund. Aðildarsambönd eru: Bandalag íslenzkra farfugla, Iðnnemasamband Íslands, Íslenzkir ungtemplarar, Íþróttasamband Íslands, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Samband bindindisfélaga í skólum, Samband ungra

framsóknarmanna, Samband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra sjálfstæðismanna, Ungmennafélag Íslands og Æskulýðsfylkingin — samband ungra sósíalista.

Markmið Æ. S. Í. er að efla samstarf og kynningu meðal íslenzkra æskulýðsfélaga og koma fram sem fulltrúi þeirra innanlands og utan.

Markmiði sínu hyggjast samtökin m. a. ná með því:

1. Að halda uppi námskeiðum fyrir forystumenn æskulýðsfélaga í landinu um menningar- og félagsmál.
2. Að reka upplýsinga- og fyrirgreiðsluskrifstofu í Reykjavík fyrir æskulýðssamtökin í landinu.
3. Að veita íslenzkum æskulýðssamtökum að öðru leyti alla þá þjónustu, sem tök eru á.
4. Samtökin skulu starfa í anda mannréttindaskrár Sameinuðu þjóðanna og vilja hafa vinsamleg samskipti við æskulýðssamtök, hvar sem er í heiminum. Stjórnmáladeilur, trúmáladeilur svo og samþykktir og áskoranir um þau mál eru ekki leyfðar á vegum Æ. S. Í.

Þátttaka í Æ. S. Í. hefir engin áhrif á inanfélagsstarfsemi hlutaðeigandi sambanda.

Meðlimir samtakanna geta orðið öll þau landssamtök íslenzks æskulýðs, sem starfa vilja samkvæmt lögum samtakanna, hafa a. m. k. 100 félagsmenn, enda sé meginhluti þeirra undir 35 ára aldri.

Æ. S. Í. er aðili að World Assembly of Youth (WAY) og Council of European National Youth Committees (CENYC), en hefur auk þess samskipti við æskulýðssambönd í allmörgum einstökum löndum, þar á meðal á Norðurlöndum.

Innanlands hefur sambandið m. a. gengizt fyrir ráðstefnum, námskeiðum og umræðufundum um ýmis efni, sem sameiginleg eru aðildarsamböndum, þ. á m. um „Félagsstarf ungs fólks — gagnsemi þess og vandamál", „Útgáfustarfsemi æskulýðsfélaga", mannréttindamál og fleira.

„Fréttabréf Æ.S.Í." kemur út 4 sinnum á ári.

Í apríl 1963 veitti menntamálaráðuneytið Æ.S.Í. viðurkenningu sem ráðgjafaraðila um þau æskulýðsmálefni, sem ráðuneytið fjallar um.

„Herferð gegn hungri (HGH)" var komið á fót á vegum sambandsins og starfaði undir stjórn sérstakrar framkvæmdanefndar að fjársöfnun til styrktar vanþróuðum þjóðum. Hafa nú safnazt á vegum herferðarinnar samtals um 9.2 millj. króna.

Árin 1964 og 1965 nam ríkisstyrkur til sambandsins kr. 50 000 hvort ár, 1966 og 1967 kr. 80 000, en auk þess hefur sambandið hlotið viðbótarfjárveitingar frá viðkomandi ráðuneyti til sérstakra verkefna. Styrkur frá Reykjavíkurborg var kr. 25 000, en 1966 og 1967 kr. 35 000. Árgjöld aðildarsambanda eru frá kr. 500 til kr. 1000.

Árið 1966 voru niðurstöður rekstursreiknings Æ.S.Í. 92 þús. kr.

Skrifstofukostnaður	kr. 24 500
Útgáfukostnaður	— 7 500
Erlend samskipti	— 22 500
Ráðstefnur innanlands	— 12 000

Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar.

Kirkjan hefur sérstöðu þeirra aðila, sem nærri koma æskulýðsmálum, þar sem annars vegar hefur kirkjan eðli sínu samkvæmt afskipti af börnum og ungmennum sem öðrum skírðum meðlimum sínum og boðar þá til messugjörða og hefur barnasamkomur, og á hinn bóginn beitir hún sér fyrir skipulögðu starfi, sem eingöngu er ætlað börnum og ungmennum.

Hið skipulega æskulýðsstarf kirkjunnar er aðallega fólgið í eftirfarandi viðfangsefnum:

A. Sumarbúðir rekur kirkjan fyrir börn á aldrinum 8 til 12 ára. Fyrstu sumar-

búðir kirkjunnar voru að Löngumýri í Skagafirði árið 1954. Síðan hefur þessi starfsemi smáaukizt og s. l. sumar (1966) voru sumarbúðirnar sex í þremur landshlutum. Aðsókn hefur verið meiri en svo, að unnt hafi verið að sinna öllum beiðnum.

B. Vinnubúðir eru ætlaðar ungmennum á aldrinum 17—22 ára. Hafa þær verið reknar í samvinnu við Heimsráð kirkna í Genf og skozku kirkjuna, auk þess sem einn hópur hefur starfað í samvinnu við Lúthersku kirkjuna í Ameríku. Starfar unga fólkið í vinnubúðum í sumarleyfi sínu. Auk þess hafa hópar farið til Skotlands til starfa í vinnubúðum þar í samvinnu við skozku kirkjuna, og einstaklingar hafa tekið þátt í slíku starfi í Frakklandi, Hollandi, Þýzkalandi og víðar.

C. Ungmennaskipti hafa verið á dagskrá æskulýðsstarfs kirkjunnar frá því árið 1961. Fara íslenzkir unglingar til ársdvalar í öðrum löndum, fram að þessu eingöngu í Bandaríkjunum og Þýzkalandi, stunda skólanám og eru á heimilum fólks, sem tekur skiptinemann sem einn af fjölskyldunni. Þá dvelja hér einnig erlend ungmenni um árabil. Árlega taka í kringum 25 ungmenni þátt í skiptunum, og hafa heimkomnir skiptinemar nú stofnað eigið samband, sem vinna á að því að tryggja sem beztan árangur af starfi þessu og hjálpa heimkomnum skiptinemum auk hinna erlendu, sem hér dvelja.

D. Æskulýðsfélög hafa verið stofnuð í ýmsum söfnuðum á síðari árum. Hið fyrsta á Akureyri, og í hinu forna Hólastifti er nú starfandi samband æskulýðsfélaganna á því svæði, sem rekur eigin sumarbúðir við Vestmannavatn í byggingu, sem æskulýðssambandið hefur reist. Á hverju ári er haldið þing, þar sem stjórn er kosin og skýrslur fluttar auk annarra starfa, sem miða að þjálfun ungmenna til að taka að sér forustu í æskulýðsfélögunum. Í Reykjavík og nágrenni hafa einnig verið stofnuð æskulýðsfélög á síðustu árum, og er nú í undirbúningi að stofna samband þeirra, sem síðar yrði landssamband eins og einnig er á stefnuskrá Æskulýðssambands kirkjunnar í Hólastifti. Æskulýðsfélögin eru opin ungmennum strax á fermingarári þeirra; er stjórn félaganna í höndum ungmennanna sjálfra, en presturinn er ráðgjafi stjórnarinnar.

Æskulýðsstarf kirkjunnar er að því er heildinni viðkemur í höndum æskulýðsnefndar, sem skipuð er bæði prestum og leikmönnum, en framkvæmdaraðilinn er æskulýðsfulltrúi kirkjunnar, en það starf var stofnað með lögum árið 1960.

Önnur æskulýðsstarfsemi.

Stjórnmálafélög. Samband ungra jafnaðarmanna er stofnað árið 1927, Samband ungra sjálfstæðismanna 1930, Samband ungra framsóknarmanna 1938 og Æskulýðsfylkingin 1938. Stjórnmálaflokkarnir hafa jafnan látið sig æskulýðsmál miklu skipta. Hafa ráðstefnur, námskeið og útgáfustarfsemi verið meðal helztu verkefna æskulýðssamtaka stjórnmálaflokkanna.

Sveitarfélög hafa á síðari árum látið æskulýðsmál allmjög til sín taka. Á þetta sérstaklega við um Reykjavík og hina stærri kaupstaði. Starfa nú á ýmsum stöðum svonefnd æskulýðsráð, er m. a. reka æskulýðsheimili með ýmiss konar tómstundastarfsemi, sem einkum er ætlað að ná til ófélagsbundins æskulýðs.

Í hinum ýmsu **skólum** landsins fer fram alls konar félagsmálastarfsemi, sem teljast verður til æskulýðsstarfs. Nýtur það starf með ýmsum hætti nokkurs tilstyrks ríkis og sveitarfélaga.

Þetta yfirlit um æskulýðsstarfsemi á Íslandi er að sjálfsögðu á engan hátt tæmandi, en gefur þó væntanlega nokkra hugmynd um hana í höfuðdráttum. Mörg fleiri samtök en þau, sem hér að framan eru talin, hafa ungt fólk innan vébanda sinna og hafa þannig beint og óbeint hlutverki að gegna í æskulýðsstarfi. Má m. a. nefna tónlistarfélög og leikfélög, sem flest njóta opinberra styrkja og veita æskufólki verkefni í tómstundum. Þá mætti og nefna æskulýðsþætti Ríkisútvarps og dagblaða. Einnig eru almenningsbókasöfn mikilvægur aðili að tómstundamálum.

Löggjöf varðandi æskulýðsmál.

Má þar fyrst nefna lög um vernd barna og ungmenna (nr. 53/1966). Hafa þau m. a. að geyma ákvæði um vinnuvernd, eftirlit með kvikmyndum og öðrum skemmtunum og ýmislegt annað eftirlit með háttsemi barna og unglinga.

Íþróttalög (nr. 49/1956) geyma m. a. ákvæði um íþróttanefnd og íþróttafulltrúa ríkisins, íþróttir í skólum, frjálsa íþróttastarfsemi og íþróttasjóð, en heimilt er að greiða allt að 40% af stofnkostnaði íþróttamannvirkja úr sjóðnum. Fé til sjóðsins er veitt í fjárlögum ár hvert, og nam fjárveiting til hans í fjárlögum 1967 kr. 5.4 millj. Lög um félagsheimili (nr. 77/1947) heimila allt að 40% styrk úr félagsheimilasjóði til stofnkostnaðar félagsheimila, en 50% af innheimtum skemmtanaskatti rennur í sjóðinn. Á árinu 1965 námu tekjur sjóðsins kr. 6.5 millj.

Ýmis íslenzk löggjöf snertir æskulýðsmál beint eða óbeint, má þar nefna löggjöf á sviði menntamála, félagsmála og dómsmála. Mætti sérstaklega nefna lög nr. 63/1941, um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu. Þá snerta lögreglusamþykktir og barnaverndarreglugerðir þessi mál allmjög.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðastofnunum, er láta æskulýðsmál mikið til sín taka, t. d. Evrópuráðinu og UNESCO. Loks er Ísland aðili að mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu, svo og t. d. alþjóðasamþykktum um lágmarksaldur sjómanna.

Í nágrannalöndum okkar, sem upplýsinga hefur verið aflað frá, fyrirfinnst engin heildarlöggjöf um æskulýðsmál, heldur einungis löggjöf um vissa þætti þessara mála.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Reynt er í gr. að marka tilgang og hlutverk laganna, þannig að ákveðin stefna sé mörkuð, er veiti þó allmikið svigrúm fyrir þá, sem munu hafa framkvæmd laganna með höndum.

Lögunum er bæði ætlað að styðja hina frjálsu félagsstarfsemi og að efla viðleitni til þess að veita ófélagsbundnu æskufólki hæfileg verkefni í tómstundum.

Talið er æskilegt, að lögin geti náð til æskulýðsstarfsemi í skólum innan vissra marka. Slík starfsemi verði þó fyrst og fremst í höndum skólanna sjálfra.

Ætlazt er til, að íþrótta- og bindindisstarfsemi njóti góðs af þessum lögum eftir því sem efni standa til, en sérreglur um þá starfsemi í öðrum lögum og reglugerðum haldi gildi sínu. Stjórnmála- eða trúfélög falli enn fremur undir lögin, að svo miklu leyti sem æskulýðsstarfsemi þeirra fullnægir skilyrðum laganna.

Aldursákvæðið er til leiðbeiningar um, hvaða aldursskeið lögin taki fyrst og fremst til, en útilokar ekki stuðning við nokkru yngra eða eldra fólk, t. d. ylfingastarf í skátafélögum eða vissa þætti í starfsemi æskulýðsfélaga stjórnmálaflokkanna.

Um 2. gr.

Ætlazt er til, að hinir þrír fulltrúar í Æskulýðsráði ríkisins, sem tilnefndir skulu af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og hliðstæðum æskulýðssamböndum, verði kosnir á sameiginlegum fundi þessara aðila, er menntamálaráðuneytið boði til. Aðildarfélög Æ.S.Í. eru nú: Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Samband ungra framsóknarmanna, Samband ungra jafnaðarmanna, Samband ungra sjálfstæðismanna, Æskulýðsfylkingin, Bandalag ísl. farfugla, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Ungtemplarar, Iðnnemasamband Íslands og Samband bindindisfélaga í skólum.

Utan við Æskulýðssambandið er nú t. d. Bandalag ísl. skáta og KFUM og K og æskulýðsstarfsemi þjóðkirkjunnar. Kæmi til greina, að aðilar þeir, sem velja hina þrjá fulltrúa, skiptist á um að eiga fulltrúa í ráðinu, ef ástæða þykir til.

Um 3. gr.

Æskulýðsráði er fyrst og fremst ætlað að verða ráðgefandi aðili, er vinni að því að samræma og samstilla aðgerðir í æskulýðsmálum. Ráðinu er sérstaklega ætlað að vera þeim ráðherra og því ráðuneyti, sem fer með æskulýðsmál, til trausts og halds í þessum efnum. Ráðinu er enn fremur ætlað að efna til æskulýðsráðstefna og funda árlega, þar sem fulltrúar frá margháttuðum landssamtökum og sérfræðingar myndu ræða æskulýðsvandamál þau, er efst væru á baugi hverju sinni. Þá er ráðinu ætlað að gangast fyrir að haldin séu námskeið fyrir æskulýðsleiðtoga, sbr. 8. gr.

Um 4. gr.

Sú sérfræðilega þjónusta, sem átt er við í gr., er t. d. þjónusta hagfræðinga við skýrslugerðir og sálfræðinga og félagsfræðinga við athuganir á æskulýðsvandamálum.

Um 5. gr.

Æskulýðsráðum kjördæmanna er fyrst og fremst ætlað að samræma æskulýðsstarfsemi hvert í sínu umdæmi. Að sjálfsögðu myndi ráðuneytið bera starfsreglur þessara æskulýðsráða undir Æskulýðsráð ríkisins, áður en þær verða staðfestar.

Um 6. gr.

Það er á valdi hlutaðeigandi sveitarstjórna að stofna æskulýðsnefndir þær, sem hér um ræðir. Er frumkvæði í þeim efnum komið undir áhuga og framtaki á hverjum stað. Tvö eða fleiri sveitarfélög gætu að sjálfsögðu sameinazt um stofnun æskulýðsnefnda, ef henta þætti. Æskulýðsráð myndi væntanlega samræma starfsreglur nefndanna og veita leiðbeiningar um samning þeirra.

Um 7. gr.

Í gr. er átt við leiðbeinendur, er annast tilsögn í ýmsum tómstundagreinum. Þann kostnað við þjálfun leiðbeinanda og launagreiðslur til þeirra, sem ríkissjóður greiðir ekki, er ætlazt til að sveitarstjórnir og/eða æskulýðsfélög greiði.

Um 8. gr.

Með æskulýðsleiðtogum er átt við ýmiss konar forustumenn í félagsstarfsemi æskulýðssamtaka.

Í 2. gr. laga nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, segir: „Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.“ Í lagafrv., sem samið hefur verið um Íþróttakennaraskóla Íslands, er enn fremur gert ráð fyrir, að Íþróttakennaraskólinn geti efnt til námskeiða fyrir áhugamenn um félagsstörf. Er eðlilegt að gera ráð fyrir samvinnu við þessa aðila um menntun æskulýðsleiðtoga.

Um 9. gr.

Með viðurkenndum aðilum er átt við aðila, sem Æskulýðsráð ríkisins viðurkennir í þessu sambandi.

Heimildin til að styrkja sumarbúðastarfsemi nær aðeins til rekstrarkostnaðar, en ekki stofnkostnaðar.

Útivistarsvæði eru fyrst og fremst áningar- eða viðkomustaðir á ferðalögum, venjulega án varanlegra húsakynna.

Um 10. gr.

Með sérstökum verkefnum er t. d. átt við útgáfu ýmiss konar leiðbeiningarrita og upplýsingabæklinga um æskulýðsmál, fræðslunámskeið, ritgerðasamkeppni o. fl.

Heimildin til þess að styðja tilraunir og nýjungar í æskulýðsstarfi miðar að því að hvetja æskulýðssamtök og stjórnvöld til þess að leita nýrra leiða og fylgjast með nýjum úrræðum í þessum efnum.

Heimildin til að styðja ráðstafanir til lausnar á sérstökum æskulýðsvandamálum, er upp kunna að koma, er einkum höfð með hliðsjón af ýmiss konar skyndilegu vandræðaástandi og fjöldaólátum, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Ef slíkir atburðir koma fyrir, er æskilegt að stjórnvöld, væntanlega að frumkvæði Æskulýðsráðs ríkisins, geti brugðið skjótt við og gripið til ráðstafana, er miði að því að koma í veg fyrir slíkt framvegis.

Gert er ráð fyrir, að reglur um stuðning skv. þessari gr. verði settar í reglugerð þá, sem ákveðin er í 12. gr.

Um 11. gr.

Æskilegt væri að semja sýnishorn af slíkum reglum, sem hér er fjallað um, er gætu orðið til fyrirmyndar eða hliðsjónar við samning þessara reglna almennt. Aðild menntamálaráðherra og Sambands íslenzkra sveitarfélaga er fyrst og fremst hugsuð til þess að eðlilegt samræmi verði milli þessara reglna innbyrðis, en að frumkvæði eða sjálfræði sveitarfélaga verði eigi skert í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnir standi meginstraum af kostnaði við æskulýðsráð kjördæma og æskulýðsnefndir.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa."

Fylgiskjal I.

Um stuðning bæjar- og sveitarfélaga.

1. Akranes.

Á Akranesi starfar æskulýðsráð. Hlutverk þess er að vinna að eflingu félags- og tómstundaiðju meðal æskufólks á Akranesi.

Það hefur staðið fyrir tómstundavinnu unglinga á vetrum og varið til þess kr. 40 000 árið 1964. Jafnframt er starfræktur vinnuskóli á sumrin fyrir 10—13 ára börn og varið til þess kr. 40 000 auk launa til barnanna fyrir störf. Auk þess styrkir bæjarsjóður íþróttabandalag Akraness með kr. 65 000 og skátafélag Akraness með kr. 40 000.

2. Ísafjörður.

Á Ísafirði er starfrækt æskulýðsráð. Ekki hefur verið gengið frá starfsreglum fyrir það, en stuðzt við reglur æskulýðsráða Akureyrar og Reykjavíkur.

Hefur æskulýðsráðið gengizt fyrir ýmsum tómstundaiðkunum unglinga og notið til þess styrks að upphæð kr. 40 000 árið 1964.

Auk þess hefur bæjarsjóður lagt fé til unglingavinnu, sem fyrst og fremst hefur beinzt að skógræktarstörfum. Nam sú upphæð kr. 80 000 árið 1964.

Þá hafa íþróttasamtökin hlotið styrk kr. 40 000, og stúkan Ísfirðingur kr. 5 000 til unglingastarfsemi. Auk þess hefur verið byggt íþróttasvæði.

3. Sauðárkrókur.

Á fjárhagsáætlun Sauðárkróks hefur undanfarin ár verið gert ráð fyrir 20 til 30 þús. krónum, sem ganga skyldu til íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

4. Siglufjörður.

Á Siglufirði starfar æskulýðsráð. Tilgangur þess er að vinna að bættum þroskaskilyrðum æskufólks, bindindi og reglusemi. Það rekur æskulýðs- og tómstundaheimili, sem er allvel búið tækjum, sem að mestu eru gjafir velunnara.

Á fjárhagsáætlun Siglufjarðar fyrir árið 1964 er kr. 150 000 framlag til heimilisins. Auk þess eru veittar til hliðstæðrar starfsemi kr. 48 000 og til Tónlistarskóla Siglufjarðar kr. 100 000.

5. Ólafsfjörður.

Undanfarin ár hefur bærinn haft nokkra unglingavinnu fyrir 9—13 ára börn. Þá hefur fé verið varið til byggingar félagsheimilis, íþróttasvæðis, reksturs sundlaugar og ráðgert að leggja fé til byggingar skíðaskála.

6. Dalvík.

Í Dalvík starfar æskulýðsráð, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar tómstundaiðju meðal æskulýðs á Dalvík.

Árið 1963 voru veittar kr. 28 000 til æskulýðsfélaga, en í framkvæmdasjóð vegna félagsheimilisbyggingar kr. 500 000 og vegna íþróttahússbyggingar kr. 500 000.

7. Akureyri.

Á Akureyri starfar æskulýðsráð, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar tómstundaiðju meðal æskulýðs á Akureyri.

Kaupstaðurinn hefur fastráðið mann sem framkvæmdastjóra Æskulýðsráðsins og íþróttaráðsins.

Á fjárhagsáætlun Akureyrar 1963 eru kr. 478 þús. veittar til æskulýðsfélaga, kr. 330 þús. til reksturs íþróttamannvirkja, kr. 900 þús. til nýbygginga íþróttamannvirkja og kr. 50 000 til byggingar æskulýðsheimilis við Vestmannavatn.

8. Húsavík.

Húsavíkurbær veitir íþróttafélagi og æskulýðsnefnd Húsavíkurkirkju ókeypis húsnæðisaðstöðu í barnaskólahúsinu. Auk þess eru veittar 20—25 þúsund krónur í styrk og tónlistarskóli er styrktur með 55 þúsund króna framlagi.

9. Seyðisfjarðarkaupstaður.

Tómstundanámskeið hafa verið haldin fyrir unglinga á vetrum og voru ætlaðar til þess kr. 41 000 árið 1964. Þá var íþróttahús staðarins lánað endurgjaldslaust til íþróttaiðkana barna og unglinga.

10. Neskaupstaður.

Á Neskaupstað starfar æskulýðsráð, en mun ekki hafa sett sér starfsreglur. Kostnaður við það greiðist allur úr bæjarsjóði. 1964 voru veittar kr. 100 000 til starfsemi ráðsins. Auk þess voru veittar kr. 11 000 til ýmissa æskulýðsfélaga.

Félagsheimili er í byggingu, en þar verður starfsemi ráðsins til húsa.

11. Vestmannaeyjar.

Á árinu 1964 voru veittar kr. 285 000 til æskulýðsstarfsemi, sem skiptist þannig:

Til tómstundaheimilis	kr.	150 000
— íþróttastarfsemi	—	85 000
— sumarbúða í Krýsuvík	—	50 000

12. Selfoss.

Á Selfossi starfar æskulýðsráð, sem leitast við að veita æskufólki þroskandi viðfangsefni í tómstundum. Starfsemin er sniðin að fyrirmynd Reykjavíkur. Hrepps-

sjóður hefur styrkt þessa starfsemi fjárhagslega eftir þörfum. Hreppurinn hefur einnig útvegað og lánað húsnæði til starfseminnar endurgjaldslaust. Þá hefur ungmennafélagið og skátafélögin notið styrks og ókeypis húsnæðis.

Á sumrin er haldið uppi og kostuð starfsemi fyrir börn og unglinga, einkum við garðyrkju.

13. Keflavík.

Í Keflavík starfar æskulýðsráð. Það hefur ekki sett sér neinar ákveðnar starfsreglur, en leitazt við að halda uppi starfsemi, sem það telur holla og nauðsynlega, en einstök félög geta ekki haldið uppi vegna kostnaðar. Telur æskulýðsráð að það eigi að vera fulltrúi bæjarfélagsins gagnvart hinum ýmsu félögum.

Árið 1964 var framlag bæjarsjóðs til íþróttafélaga kr. 100 000 og til barnastúku kr. 7 000.

14. Njarðvíkur.

Æskulýðsnefnd starfar í Njarðvíkurhreppi, en starfsemi hennar er fremur laus í reipunum.

Árið 1963 voru veittar kr. 20 000 til æskulýðsnefndar, kr. 15 000 til skáta, kr. 50 000 til íþróttavalla, kr. 350 000 til byggingar félagsheimilis og kr. 20 000 til sumarbúða barna og unglinga. Auk þessa er haldið uppi unglingavinnu fyrir 7—15 ára börn.

15. Hafnarfjörður.

Í Hafnarfirði starfar æskulýðsráð, sem hefur bæði staðið fyrir tómstundanámskeiðum og dægradvölum.

Bæjarsjóður veitti tæplega 240 þús. króna styrk árið 1963 til æskulýðsfélaga, um kr. 84 þús. til íþróttavalla og kr. 25 000 til tónlistarskóla.

16. Garðahreppur.

Æskulýðsnefnd starfar í Garðahreppi, sem á að vera hreppsnefnd til ráðuneytis um æskulýðsmál.

Í hreppnum starfar æskulýðsfélag, sem naut 20 000 kr. styrks úr hreppssjóði 1964. Þá hafa verið lagðar fram kr. 30 000 til undirbúnings sumarbúða.

17. Kópavogskaupstaður.

Í Kópavogi starfar æskulýðsráð, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu félags- og tómstundaiðju meðal æskufólks í Kópavogi. Hefur bærinn ráðið sér æskulýðsfulltrúa.

Til æskulýðsráðs voru veittar kr. 225 000 árið 1964, til íþróttamála kr. 150 000 og til íþróttamannvirkja kr. 400 000.

18. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Árið 1962 var ákveðið að koma á fót æskulýðsnefnd fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Helztu þættir starfseminnar til þessa hafa verið eftirfarandi:

1. Leitazt við að koma á öðrum og betri háttum á skemmtunum æskufólks með því að halda sérstakar æskulýðsskemmtanir, þar sem algers bindindis er krafizt, snyrtilegs klæðaburðar og prúðmannlegrar framkomu.
2. Leitað eftir samstarfi og aðild að ýmsum þáttum starfsemi Landssambands gegn áfengisbölinu, þjóðkirkju Íslands og íþróttahreyfingarinnar.

3. Efnt til námsflokkakennslu í ensku og dönsku fyrir fólk á öllum aldri með kvöldkennslu.
4. Staðið fyrir stofnun tónlistarfélags í sýslunum.
5. Haldnir almennir fræðslufundir. Þá hefur verið stofnað félag vegna hestamanna o. fl.

19. Reykjavík.

Æskulýðsráð Reykjavíkur var stofnað árið 1955. Ráðið er fyrst og fremst ráðgefandi stofnun um æskulýðsmál borgarinnar, en hefur þó eins og kunnugt er einnig rekið ýmiss konar félags- og tómstundaiðju á eigin vegum. Fulltrúar í æskulýðsráði eru kjörnir hlutfallskosningu af borgarstjórn til 4 ára í senn.

Ráðið hefur á ýmsan hátt orðið brautryðjandi í æskulýðsstarfi bæjar- og sveitarfélaga, og veitt fjölmörgum aðilum um land allt ýmiss konar aðstoð og fyrirgreiðslu.

Í vali verkefna hefur æskulýðsráð einkum leitazt við að kynna nýjar greinar tómstundastarfs og standa fyrir starfsemi, sem aðrir aðilar um æskulýðsmál hafa ekki á stefnuskrá sinni eða bolmagn til að framkvæma.

Starfsemin hefur eflzt að miklum mun undanfarin tvö ár vegna bættrar aðstöðu að Fríkirkjuvegi 11, og víðtækrar samvinnu æskulýðsráðs og fræðsluyfirvalda.

Stuðlað hefur verið að myndun flokka fyrir tómstundaiðju í gagnfræðastigsskólum borgarinnar í samvinnu við fræðsluyfirvöld. Hefur starfsemin vaxið ár frá ári, og tóku um 2100 nemendur þátt í þessum flokkum s. l. skólaár. Á fjárhagsáætlun fyrir 1967 er gert ráð fyrir 500 000 kr. framlagi til þessa starfs.

Tómstundaflokkar fyrir æskufólk 13—25 ára starfa einnig að Fríkirkjuvegi 11 og víðar. Í þessum flokkum voru s. l. vetur rúmlega 300 þátttakendur.

Efnt hefur verið til sérstakra námskeiða fyrir leiðbeinendur, og er fyrirhugað að standa fyrir slíkum námskeiðum framvegis, í sept. á hverju ári. Sjóvinnunámskeið fyrir pilta eru haldin árlega og ætlað til þeirra um 150 000 kr.

Æskulýðsráð hefur aðstoðað ungt fólk, sem haft hefur hug á því að stofna félög um áhugamál sín, og starfa fjölmörg félög og klúbbar í náinni samvinnu við æskulýðsráð.

Einnig hefur ráðið veitt fjölmörgum starfandi æskulýðsfélögum húsnæði og ýmsa aðra fyrirgreiðslu. Til dæmis nutu 30 aðilar húsnæðis í tómstundaheimili æskulýðsráðs s. l. vetur.

Í Golfskálanum á Öskjuhlíð er einnig rekið tómstundaheimili á vegum æskulýðsráðs, en þar starfa vélhjóla-, bifreiða- og flugmódelklúbbur.

Æskulýðsráð telur það eitt af helztu hlutverkum sínum að leitast við að ná til ófélagsbundinnar æsku.

Þess vegna hefur verið gerð tilraun að Fríkirkjuvegi 11 með það, sem nefnt hefur verið „opið hús“ fyrir unglinga, fjögur kvöld vikunnar. Þar geta þeir komið saman, spilað, teflt, hlustað á tónlist, dansað, lesið bækur og blöð o. s. frv.

Efnt var reglulega til dansleikja á sunnudagseftirmiðdögum fyrir 13—15 ára unglinga s. l. vetur.

Aðsókn að „opna húsinu“ hefur verið mjög góð allt frá upphafi.

Sumarstarf æskulýðsráðs hefur einnig eflzt mjög og mætti t. d. nefna Ferðamiðlun æskufólks, Stangveiðiklúbbinn og búvinnunámskeið.

Til þess að kynna tómstundastarf og æskulýðsfélög er gefið út upplýsingaritið **Unga Reykjavík.**

Eitt merkasta verkefni sem æskulýðsráð vinnur nú að, er undirbúningur að byggingu æskulýðsheimilis við Tjarnargötu.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 1967 er gert ráð fyrir, að kostnaður við æskulýðsráð verði alls kr. 2 890 000 auk sjóvinnunámskeiða 150 000. Áætlun 1966 var 1 892 000, reikningar 1965 voru 1 675 000.

Helztu liðir þessarar áætlunar eru:

Laun	kr.	1 000 000
Ljós, hiti, ræsting og annar kostnaður við Fríkirkjuveg 11 og Golfskálann	—	625 000
Kvöldstarfsemi („opið hús“)	—	160 000
Starfsemi í skólunum á vegum æskulýðsráðs	—	500 000

Fylgiskjal II.

FJÁRVEITINGAR 1967.

Ýmsir styrkir til æskulýðsmála og skyldra mála í fjárlögum 1967.

14. gr.

Til skíðakennslu í barna- og gagnfræðaskólum	kr.	160 000
— framkvæmdar sundskyldu í skólum	—	5 000 000
— námsflokkastarfsemi	—	150 000
— tónlistarstarfsemi	—	4 195 000
— bókmenntakynningar í skólum	—	88 000
— listkynningar í skólum	—	200 000
— fræðslumyndasafns	—	1 210 000
— íþróttasjóðs	—	5 400 000
— Í.S.Í.	—	250 000
— — til utanfara íþróttamanna og námskeiða	—	300 000
— íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar	—	137 000
— ferðakennslu í íþróttum	—	180 000
— útgáfu handbókar um skólaíþróttir	—	20 000
— Ólympíunefndar	—	300 000
Styrkur til náms og hælisvistar fyrir stúlkur á glapstigum	—	250 000
Barnaverndarráð	—	400 000
Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga (Breiðavíkurheimilið)	—	2 178 000
— uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur	—	300 000
— skólaheimilisins Bjarg, Seltjarnarnesi	—	1 000 000
— starfsemi KFUM í Vatnaskógi	—	25 000
— Þjóðdansafélagsins	—	8 000
— upptökuheimilis í Kópavogi	—	354 000
— byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta	—	1 000 000
— Stúdentaráðs	—	75 000
— Skáksambands Íslands	—	125 000
— — — vegna þátttöku í Ólympíumótinu á Kúbu	—	75 000
— Taflfélags Reykjavíkur vegna húsakaupa	—	40 000
— rannsókna á félagslegum högum stúdenta	—	50 000

Kostnaður við embætti íþróttafulltrúa ríkisins greiðist af fjárveitingum til Fræðslumálaskrifstofunnar.

(Hlutur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti ársins 1965 nam kr. 6.5 millj).

15. gr.

Til kirkjulegrar æskulýðsstarfsemi	kr.	300 000
— Æskulýðssamb. þjóðkirkjunnar í Hólastifti v/sumarbúða við Vestmannavatn	—	250 000
— æskulýðsfél. þjóðkirkjunnar á Suðurlandi v/sumarbúða í Skálholti	—	250 000

Laun æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar greiðast af fjárveitingum til Biskupsskrifstofunnar.

16. gr.

Til Ungmennafélags Íslands v/starfsíþrótta	kr.	50 000
— leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur	—	100 000

17. gr.

Til Ungmennafélags Íslands	kr.	250 000
— — — vegna Þrastaskógar	—	45 000
— Bandalags skáta	—	300 000
— — — vegna húsakaupa	—	100 000
— Bandalags farfugla	—	50 000
— Æskulýðssambands Íslands	—	80 000
— — — til greiðslu kostnaðar v/söfnunar Herferðar gegn hungri	—	150 000
— Æskulýðsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	—	25 000
— — Eyjafjarðar	—	25 000
— Bandalags ísl. skáta vegna hjálparsveita	—	300 000

20. gr.

Til bygg. dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga (Breiðavíkurheimilið)	kr.	400 000
— byggingar upptökuheimilis í Kópavogi	—	850 000

22. gr.

45 aura gjald af hverjum seldum vindingapakka og skiptist gjaldið að jöfnu til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Í 11. gr. fjárlaga er kr. 2 751 000 fjárveiting til bindindisstarfsemi.

Til Templarahallar, byggingarstyrkur	kr.	1 000 000

Fylgiskjal III.

FÉLAGSSTÖRF Í SKÓLUM

Til þess að kanna félagslíf í skólum voru sendir listar í nálægt 100 skóla með spurningum þar að lútandi.

Svör bárust frá 44 aðilum eða um 44%.

Spurningar voru í því formi að flestum mátti svara með já eða nei.

Hér á eftir koma töflur, sem unnar hafa verið úr þeim svörum sem bárust. Tafla I sýnir á hvern hátt svörin við þeim spurningum, sem mátti svara með já/nei, skiptast hlutfallslega milli þessara svara eða að þeim er ósvarað.

Tafla II sýnir svör við 3. spurningu, þ. e. hvort einhver 16 félaga starfi innan skólans. Sýnir hún hvað þau starfa í hlutfallslega mörgum af þeim skólum, sem svöruðu, og fjölda þessara félaga í þeim.

Tafla III sýnir svör við 13. spurningu, sem lýtur að samskiptum við aðra skóla. Sýnir hún hundraðstölu þeirra skóla sem svöruðu, sem eiga samskipti við aðra skóla á hverju þeirra fimm sviða, sem spurt var um, og raunverulegan fjölda.

TAFLA I.

Hlutfallsleg tíðni svara.

Spurningar	Já	Nei	Ósvarað	Ágætlega	Vel	Illa	Alls
1. Er almennt heildar skólafélag starfandi	65,9	34,1					100
2. Eru sérfélög eða félagsdeildir starfræktar innan skólafélagsins	40,9	38,6	20,5				100
4. Er rekin málfundarstarfsemi	56,8	34,1	9,1				100
5. Hvernig eru fundir eða æskulýðsfélög sótt			31,8	27,3	38,6	2,3	100
6. Skipta skólastjórar eða kennarar sér af því hverjir stjórna félögunum	34,1	40,9	25,0				100
7. Kjósa nemendur sjálfir stjórnir félaga sinna	79,5	0	20,5				100
8. Annast skólastjóri eða kennarar eftirlit með félagsstarfinu	81,8	6,8	11,4				100
9. Leggur skólinn fé til félagsstarfsemi nemenda	25,0	56,8	18,2				100
10. Er kenndur dans	38,6	50,0	11,4				100
11. Annast heildarskólafélagið dansæfingar? Ef ekki hver?	59,1	25,0	15,9				100
12. Er samstarf milli félaga skólans og hliðstæðra félaga annarra skóla	29,5	44,5	25,0				100
14. Fer fram á vegum skólans fræðsla um starfrækslu félaga	20,5	61,4	18,1				100
15. Er æskilegt að nemendur taki þátt í félagsstarfsemi utan skólans að vetrinum ..	15,9	25,0	18,2	Takmarkað 40,9			100

TAFLA II

3. spurning: Starfa eftirtalin sérfélög eða félagsdeildir innan skólans? (Eftirfarandi tafla sýnir **tíðni** þeirra samkvæmt þeim blöðum, sem svarað var).

	Alls	%
a. Bindindisfélag	6	13.6
b. Skátafélag	2	4.5
c. Trúræknisfélag	0	0
d. Íþróttafélag	17	38.6
e. Ungmennafélag	1	2.2

	Alls	%
f. Taflfélag	25	56.8
g. Spilaklúbbur	10	22.7
h. Leikfélag	11	25.0
i. Listkynning	3	6.8
j. Bókmenntafélag	5	11.3
k. Tómstundafélag	15	34.0
l. Tónlistarfélag	6	13.6
m. Söngfélag	5	11.3
n. Raunvísindafélag	1	2.2
o. Útgáfa skólablaðs	6	13.6
p. Hestamannafélag	1	2.2

44 svör bárust.

Í sumum tilfellum hér að ofan var ekki um formleg félög að ræða, en börnin hittust oft til þess að spila, tefla, leika á hljóðfæri eða æfa leikrit fyrir skemmtanir.

TAFLA III

13. spurning: Tíðni samskipta við félög annarra skóla.

	Alls	%
a. Íþróttir	14	31.8
b. Tafl	8	18.2
c. Spil	1	2.3
d. Málfundir	1	2.3
e. Gagnkvæmar heimsóknir til samkomuhalds	9	20.5

44 svör bárust.

Í mörgum hinna smærri skóla úti á landi virðast ekki starfa formleg félög, en skemmtanir eru þó víða haldnar hálfsmánaðarlega. Hefjast þær þá oft með skemmtiatriðum, en lýkur með dansi.

Skemmtanir fara nær alltaf fram undir eftirliti kennara, en æfingar og félagsstarfsemi fer oft fram undir handleiðslu þeirra.

Annars eru lélegar upplýsingar um framlag kennara til tómstundastarfs skólabarna.

Fylgiskjal IV.

HAGSKÝRSLUUPPLÝSINGAR

Greining ungmenna eftir aldri, kyni og búsetu.

Hér fara á eftir 3 töflur, sem ætlað er að sýna fjölda ungmenna, eftir aldri þeirra, kyni og eftir búsetu, þ. e. hve mörg búa í Reykjavík og nágrenni, kaupstöðum, kauptúnum og þorpum og í sveitum.

Enn fremur hvað þetta er mikill hluti íbúa viðkomandi svæða og loks hvar þau standa í hjúskaparstétt.

Tafla I sýnir skiptinguna eftir aldri, kyni og búsetu. Er henni skipt í þrjár töflur, a, b og c, þar sem

a. sýnir hvert aldursár fyrir sig,
b. aldur dreginn saman í 6 flokka,
c. aldur dreginn saman í þrjá flokka.

Tafla II sýnir greiningu þjóðarinnar í þúsundustu hluta eftir aldri (12—25 ára), kyni og búsetu.

Þetta eru ekki nákvæmar tölur, þar sem þær eru miðaðar við árið 1964, en byggðar á íbúaskrá árið 1960.

Tafla III sýnir greiningu ungmenna 15—25 ára eftir hjúskaparstétt og kyni, enn fremur skilnaði eftir kyni og aldri, 15—24 ára, árin 1961, 1962 og 1963.

Að síðustu er línurit, sem á að gefa mynd af því, hve stór hluti hvers árgangs eftir kyni er í skólum og hve stór hluti er í hjónabandi.

TAFLA Ia, Ib og Ic.

TAFLA Ia	Stór-Reykjavík (Rvík, Kópav., Seltjarnarneshreppur)			Kaupstaðir Njarðvíkur, Selfoss			Annað þéttbýli öll kauptún og þorp			Dreifbýli (ásamt Alafossi, Silfurtúni, Þorlákshöfn og Laugarvatni)			Allt landið		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Aldur 1964															
12 ára	894	822	1716	546	481	1027	248	233	481	388	344	732	2076	1880	3956
13 -	856	860	1716	465	532	997	262	239	501	348	337	685	1931	1968	3899
14 -	885	800	1685	545	470	1015	266	258	524	381	332	713	2077	1860	3937
15 -	841	786	1627	514	463	977	220	215	435	365	299	664	1940	1763	3703
16 -	768	815	1583	508	480	988	209	239	448	351	347	698	1836	1881	3717
17 -	813	738	1551	475	435	910	213	220	433	342	292	634	1843	1685	3528
18 -	749	650	1399	443	403	846	205	213	418	334	298	632	1731	1564	3295
19 -	687	685	1372	442	401	843	208	188	396	335	319	654	1672	1593	3265
20 -	665	633	1298	409	376	785	200	159	359	315	294	609	1589	1462	3051
21 -	610	655	1265	343	382	725	193	180	373	324	293	617	1470	1510	2980
22 -	606	635	1241	358	366	724	184	162	346	284	273	557	1432	1436	2868
23 -	536	576	1112	297	337	634	158	133	291	273	218	491	1264	1264	2528
24 -	444	561	1005	311	308	619	139	126	265	252	236	488	1146	1231	2377
25 -	479	503	982	297	277	574	147	109	256	253	229	482	1176	1118	2294
Samtals 12-25 ára	9833	9719	19552	5953	5711	11664	2852	2674	5526	4545	4111	8656	23183	22215	45398

TAFLA Ib	Stór-Reykjavík (Rvík, Kópav., Seltjarnarneshr.			Kaupstaðir Njarðvíkur, Selfoss			Annað þéttbýli öll kauptún og þorp			Dreifbýli (ásamt Alafossi, Silfurtúni, Þorlákshöfn og Laugarvatni)			Allt landið		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Aldur 1964															
12-13 ára	1750	1682	3432	1011	1013	2024	510	472	982	736	681	1417	4007	3848	7855
14-15 -	1726	1586	3312	1059	933	1992	486	473	959	746	631	1377	4017	3623	7640
16-17 -	1581	1553	3134	983	915	1898	422	459	881	693	639	1332	3679	3566	7245
18-19 -	1436	1335	2771	885	804	1689	413	401	814	669	617	1286	3403	3157	6560
20-21 árs	1275	1288	2563	752	758	1510	393	339	732	639	587	1226	3059	2972	6031
22-25 ára	2065	2275	4340	1263	1288	2551	628	530	1158	1062	956	2018	5018	5049	10067
TAFLA Ic															
12-15 ára	3476	3268	6744	2070	1946	4016	996	945	1941	1482	1312	2794	8024	7471	15495
16-21 árs	4292	4176	8468	2620	2477	5097	1228	1199	2427	2001	1843	3844	10141	9695	19836
22-25 ára	2065	2275	4340	1263	1288	2551	628	530	1158	1062	956	2018	5018	5049	10067

TAFLA II.

Greining ungmenna 12-25 ára eftir búsetu, kyni og aldri í þúsundustu hlutum íbúa viðkomandi staða.


Aldur 1964	Stór Reykjavík (Rvík, Kópav., Seltjarnarneshr.)			Kaupstaðir Njarðvíkur, Selfoss			Annað þéttbýli			D r e i f b ý l i			Allt landið		
	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls
Byggt á tölum 1960	39.209	40.940	80.149	21.944	21.656	43.600	10.583	10.027	20.880	17.886	15.377	33.263	89.892	88.000	177.892
	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo	o/oo
12-13 ára	44,6	41,1	42,8	46,0	46,8	46,4	48,2	47,1	47,0	41,1	44,3	42,6	44,6	43,7	44,2
14-15 -	44,0	38,7	41,3	48,2	43,1	45,7	45,9	47,1	45,9	41,7	41,0	41,4	44,7	41,2	42,9
16-17 -	40,3	37,9	39,1	44,8	42,3	43,5	39,9	45,8	42,2	38,8	41,6	40,0	40,9	40,5	40,7
18-19 -	36,6	32,6	34,5	40,3	37,1	38,7	39,0	40,0	39,0	37,4	40,1	38,7	37,9	35,9	36,9
20-21 árs	32,5	31,5	32,0	34,3	35,0	34,6	37,1,	33,8	35,1	35,7	38,2	36,7	34,0	33,8	33,9
22-25 ára	52,7	55,6	54,1	57,6	59,5	58,5	59,3	52,9	55,5	59,4	62,2	60,7	55,8	57,4	56,6
12-15 ára	88,7	79,8	84,1	94,3	89,9	92,1	94,1	94,2	93,0	82,9	85,3	84,0	89,3	84,9	87,1
16-21 árs	109,5	102.0	105,7	119,4	114,4	116,9	116,0	119,6	130,6	111,9	119,9	115,6	112,8	110,2	111,5
22-25 ára	52,7	55,6	54,1	57,6	59,5	58,5	59,3	52,9	55,5	59,4	62,2	60,7	55,8	57,4	56,6

TAFLA III.

Aldur 1964	Konur			Karlar			Karlar og konur	
	Giftar	Ógiftar	Alls	Kvæntir	Ókvæntir	Alls	Í hjóna-bandi	Utan hjóna-bands
15 ára og yngri	0			0			0	
16 -	5	1876	1881	0	1836	1836	5	3712
17 -	50	1635	1685	1	1842	1843	51	3477
18 -	195	1369	1564	20	1711	1731	215	3080
19 -	345	1248	1593	75	1597	1672	420	2845
20 -	600	862	1462	185	1404	1589	785	2266
21 -	720	790	1510	390	1080	1470	1110	1870
22 -	825	611	1436	520	912	1432	1345	1523
23 -	825	439	1264	530	734	1264	1355	1173
24 -	895	336	1231	690	456	1146	1585	792
25 -	885	233	1118	735	441	1176	1620	674

1964	Í hjónabandi	Utan hjónabands	Hundraðstala hvers aldurs-árgangs í hjónabandi
16-17 ára	56	7189	0,8 %
18-19 -	635	5925	9,7 %
20-21 árs	1895	4136	31,4 %
16-21 árs	2586	17250	15,4 %
22-25 ára	5905	4162	58,6 %

	Hjónaskilnaðir					
	1961		1962		1963	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Aldur 15-19 ára		1		1		1
- 20-24 -	9	14	8	11	16	27


Tölvunar fjöldi þurrabúðarmanna í hjáleigum
Tölvunar fjöldi
Aldur
Karlar
Konur
Fjöldi í aldursaflokki

Fylgiskjal V.

Upplýsingar erlendis frá.

1. Danmörk.

Opinber stuðningur við æskulýðsstarfsemi í Danmörku fer aðallega fram innan ramma laga nr. 219/1954, um æskulýðsskóla og kvöldskóla.

Skv. lögunum veita ríki og sveitarfélög fyrst og fremst styrki til svokallaðra æskulýðsskóla og kvöldskóla, en slíkir skólar svara nánast til námsflokka og lengri námskeiða hjá okkur. Skólarnir eru fyrir unglinga á aldrinum 14—18 ára. Fyrir unglinga eldri en 18 ára eru starfræktir svonefndir kvöldháskólar. Ríkið greiðir 75% kennaralauna, en sveitarfélögin eða þeir aðilar, sem standa fyrir starfseminni, greiða allan annan kostnað. Með þessu móti fá dönsk æskulýðssamtök nokkurn styrk til fræðslu- og upplýsingastarfsemi sinnar.

En sá kafli laganna, sem einkum tekur til beinnar æskulýðsstarfsemi, er VI. kafli þeirra (43.—48. gr.), er ber yfirskriftina: Tómstundastarfsemi o. fl.

Í fyrsta lagi heimila lögin fjárstuðning við almenna tómstundaklúbba, er starfi á vegum æskulýðs- og kvöldskólanna. 1958—1959 voru veittar 50 þús. d.kr. í þessu skyni af ríkisfé.

Í öðru lagi geta æskulýðsfélög eða sveitarfélögin sjálf stofnað tómstundaklúbba, sem opnir skulu vera öllu æskufólki á aldrinum 14—18 ára. Ríkinu er lögskylt að greiða 45% kostnaðar, en sveitarfélögunum 35%. Klúbbarnir eru undir eftirliti sveitarfélaganna í framkvæmd. 1958—1959 voru veittar 100 þús. d.kr. í þessu skyni.

Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum 50% af útgjöldum vegna húsnæðisstyrkja í ýmsu formi til æskulýðsfélaga. 1958—1959 var varið 25 þús. d.kr. í þessu skyni.

Til þjálfunar æskulýðsleiðtoga veitti ríkið æskulýðssamtökunum 150 þús. d.kr. 1958—1959. Er þetta talinn mikilvægasti stuðningur ríkisins frá sjónarmiði æskulýðssamtakanna sjálfra.

Ríkið greiðir 50% útgjalda vegna þjálfara og leiðbeinenda á vegum æskulýðssamtakanna. Fjárlagastyrkur til þeirra nam 1958—1959 kr. 50 þús. dönskum.

1958—1959 veitti ríkið 225 þús. d.kr. í styrki til að bæta húsnæðisaðstöðu æskulýðssamtakanna. Greitt er allt að 50% kostnaðar, en þó fær enginn aðili hærri upphæð en 15 þús. d.kr.

1958—1959 námu heildarstyrkveitingar ríkisins vegna VI. kafla framangreindra laga um 600 þús. d.kr., auk þess eru sveitarfélögin lögskyld til að leggja fram fé í þessu skyni til móts við framlög ríkisins, og nema þær fjárhæðir nokkrum hundruðum þúsunda.

Þá má geta þess, að svonefnt „friluftsråd" hefur árlega til umráða um 1 millj. d.kr. af getraunafé, og njóta æskulýðssamtökin þess beint og óbeint, þar sem ráðið styrkir og kemur á fót sumarbúðum, tjaldstæðahverfum, námskeiðum, leiðbeiningastarfsemi o. fl.

Lögin gera ráð fyrir, að komið sé á fót æskulýðsnefndum í hverju sýslu-, bæjar- og sveitarfélagi, og eru þessar nefndir sagðar hafa verið mikil lyftistöng fyrir æskulýðsstarfsemina, enda skipaðar ungu fólki að hluta, en nefndirnar hafa eftirlit með, hvernig opinberum styrkjum er varið og gera tillögur til stjórnvalda um styrkveitingar til æskulýðsmála.

Á árinu 1960 voru framangreind lög að nokkru aukin og endurbætt í því skyni að auka stuðning ríkis og sveitarfélaga við æskulýðsstarfsemina. Til marks um hinn aukna stuðning má nefna, að í fjárlögum 1963—1964 er varið 700 þús. d.kr. til að bæta húsnæðisaðstöðu æskulýðsstarfseminnar, og gert er ráð fyrir jafnhárri upphæð á móti frá bæjar- og sveitarfélögum. Til „opinna" tómstundaklúbba eru í fjárlögum 1963—1964 ætlaðar 450 þús. d.kr. Til æskulýðsleiðtoga og leiðbeinendanámskeiða er í fjárlögum 1964 varið 500 þús. d.kr. (1963 bárust umsóknir að fjárhæð 900 þús. kr. í þessu skyni).

2. Finnland.

Samkvæmt reglugerð frá árinu 1963 er Æskulýðsnefnd ríkisins sérfræðilegur aðili, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið og skal fjalla um ýmiss konar æskulýðsstarfsemi. Í nefndinni eiga sæti fimmtán menn skipaðir af menntamálaráðuneytinu. Bindindis- og íþróttamál heyra ekki undir nefndina. Í tillögum um ríkisstyrk til æskulýðsfélaga ber nefndinni m. a. að taka tillit til, að hve miklu leyti starfsemi viðkomandi félaga miðar að því að styrkja þá þjóðfélagsskipan, sem stjórnarskrá landsins gerir ráð fyrir. Nefndin skal m. a. stuðla að vísindarannsóknum, er varða uppeldi æskulýðsins og styðja samstarfið milli æskulýðsfélaga og skóla.

Við Félagsfræðiskólann í Helsinki er sérstök deild, er annast menntun æskulýðsleiðtoga. Námið tekur tvö ár og er ætlað að gera menn m. a. hæfa til að takast á hendur æskulýðsfulltrúastörf hjá sveitarfélögum og umsjón með tómstundastörfum í skólum.

Hluta af tekjum getraunastarfseminnar í Finnlandi er varið til styrktar æskulýðsstarfi. Á árinu 1957 nam slíkur styrkur 40 millj. mörkum. Framlag sveitarfélaga til æskulýðsmála greiðist að mestu leyti af hlutdeild sveitarfélaganna af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins, en af þeim ágóða fá sveitarfélögin 250 mörk miðað við hvern íbúa, enda sé fénu varið til einhvers konar beinna eða óbeinna áfengisvarna.

Heimilt er að styrkja pólitísk æskulýðsfélög af almannafé, enda sé fénu ekki varið til beinnar flokkspólitískrar starfsemi. 23% af opinberum fjárveitingum til æskulýðsstarfsemi rennur til hinna pólitísku æskulýðsfélaga, þótt meðlimafjöldi þeirra sé aðeins 10% af félagsbundnu æskufólki í landinu. Er talið, að æskulýðsstarfsemi stjórnmálaflokkanna gegni sérstaklega mikilvægu hlutverki fyrir þjóðfélagið, þar sem starfsemi þeirra beinist svo mjög að félagslegum og þjóðfélagslegum efnum. Styrkir til stjórnmálafélaga ungs fólks miðast við þingmannafjölda flokkanna í finnska þinginu.

3. Noregur.

Norska ríkisstjórnin skipaði hinn 21. febrúar 1958 fimm manna nefnd, ásamt einum ritara, til þess að fjalla um opinberan stuðning við æskulýðsfélög. Nánar tiltekið var verkefni nefndarinnar:

1. Semja greinargerð um, hvernig háttað er æskulýðsstarfsemi í Noregi í dag og stuðningi ríkisvaldsins við þessa starfsemi.
2. Semja greinargerð um framlag æskulýðssamtakanna sjálfra til þessarar starfsemi.
3. Semja greinargerð um stuðning ríkisvaldsins við slíka starfsemi í nokkrum löndum, sem hægt er með eðlilegum hætti að bera saman við Noreg.
4. Meta þörfina á opinberum stuðningi og hvaða hlutfall skuli vera milli þess stuðnings og eigin framlags æskulýðssamtaka og meðlima þeirra.
5. Gera tillögur um tilhögun slíks opinbers stuðnings við æskulýðssamtök, þ. á m. hvort gera skuli greinarmun á pólitískum og ópólitískum félögum í þessu tilliti.

Helztu tillögur nefndarinnar voru:

1. Ríkisvaldið veiti fé til að þjálfa leiðtoga, er starfi í þágu æskulýðssamtakanna, einkum með því að veita fjárstyrki eftir sérstökum reglum til leiðtoganámskeiða.
2. Ríkisvaldið veiti styrki til leiðbeinendastarfsemi á vegum æskulýðssamtaka, einkum til leiðbeinenda, er ferðist á vegum æskulýðssambanda milli einstakra félagsdeilda.
3. Ríkisvaldið hlutist til um, að aðilar að byggingu félagsheimila eigi kost á hagkvæmum ríkislánum.
4. Nefndin telur ekki æskilegt, að ríkisvaldið veiti æskulýðssamtökum fjárstyrki

til leigu á húsnæði, tækjakaupa, efniskaupa og því um líks. Það eigi að vera hlutverk bæjar- og sveitarfélaga að styrkja slíka þætti í starfsemi æskulýðssamtaka.

5. Ríkisvaldið styrki ýmis sameiginleg verkefni og sérstök verkefni æskulýðssamtaka, svo sem ráðstefnur, útgáfu sameiginlegs æskulýðstímarits og bóka um æskulýðsvandamál, svo og þátttöku í alþjóðlegri æskulýðsstarfsemi.
6. Sett verði á stofn æskulýðsleiðtoganámskeið við Norges Kommunal- og Socialskole, — sem fastur þáttur skólanámsins.

Þá lagði nefndin til, að beinir ríkisstyrkir til æskulýðsstarfsemi verði hækkaðir úr 155 þús. n.kr. á ári í 650 þús. n.kr.

Nefndin lagði og til, að við styrkveitingar skuli ekki gert upp á milli pólitískra og ópólitískra æskulýðssamtaka. Aðalatriðið sé, til hvers eigi að verja styrknum, en ekki hver umsækjandinn sé.

Samkvæmt þingsályktun frá árinu 1947 var sett á stofn Íþrótta- og æskulýðsskrifstofa ríkisins og er hún deild í menntamálaráðuneytinu. Engin sérstök löggjöf um æskulýðsmál er til í Noregi.

4. Svíþjóð.

L. nr. 575/1954, um ríkisstuðning við æskulýðsfélög og tómstundastarfsemi.

Lögin skiptast í þrjá meginkafla: 1) stuðning við æskulýðsleiðtoganámskeið, 2) stuðning við leiðbeinendastarfsemi, 3) stuðning við tómstundastarfsemi.

Stuðningur er bundinn við æskulýðssamtök, sem einkum hafa æskufólk á aldrinum 12—25 ára innan vébanda sinna.

Þær námsgreinar, sem kenndar eru á **leiðtoganámskeiðum**, eru m. a.: sálfræði, uppeldisfræði, heilsufræði, félagsfræði, bindindisfræðsla, kynlífsfræðsla, skipulagsmál, ræðumennska, leiklistartilsögn, tónlistarfræðsla, leikir, útilíf, tómstundastörf, stjórnsýslumál.

Ríkisstyrkur nemur 10 s.kr. miðað við hvern þátttakanda í námskeiðunum, auk þess er greiddur nokkur ferðastyrkur til þátttakenda, sem þess þarfnast. Styrkveitingar eru bundnar við æskulýðssamtök, sem hafa 3000 eða fleiri félaga.

1958—1959 voru veittar 878 þús. s.kr. í þessu skyni.

Stuðningur við **leiðbeinendastarfsemi** er fólginn í því, að ríkið greiðir 75% af launum þeirra leiðbeinenda, er starfa á vegum æskulýðssamtaka, þó ekki meira en 12 000 s.kr. á ári fyrir hvern leiðbeinanda og allt að 4000 s.kr. á ári í ferðakostnað hvers leiðbeinanda.

Leiðbeinendurnir verða að vera viðurkenndir af fræðslumálastjórn, sem einnig ákveður, hvaða æskulýðssamtök hafi þörf fyrir „ríkisstyrkta“ leiðbeinendur. Hlutverk leiðbeinendanna sé að leiðbeina æskufólki í félagslegum efnum og efla jákvæða, heilbrigða og menningarlega tómstundastarfsemi.

1958—1959 voru veittar 574 þús. s.kr. í þessu skyni.

Stuðningur við **tómstundastarfsemi** byggist á því að veita fjárstuðning til tómstundaflokka, er stunda skipulagða tómstundastarfsemi. Í flokkunum þurfa að vera 5—25 þátttakendur. Þeir séu undir stjórn ábyrgra leiðtoga, sem hlotið hafa viðurkenningu hlutaðeigandi sveitarfélaga. Dæmigerð verkefni slíkra tómstundaflokka eru: áhugaleiklist, þjóðdansar, ljósmyndun, módelgerð, tónlistarstarfsemi, vélaföndur.

Greiddur er helmingur efniskostnaðar og launa, þó ekki meira en 4.50 s.kr. fyrir hvern þátttakanda og allt að 2 s.kr. miðað við þátttakanda vegna húsaleigu og annars kostnaðar í hvert skipti, sem komið er saman.

1958—1959 voru veittar 3 millj. s.kr. í þessu skyni.

1957 var lögunum breytt á þann veg, að pólitísk æskulýðsfélög teljast styrkhæf upp frá því — með ákveðnum takmörkunum og að fullnægðum tilteknum skilyrðum — vegna vissra æskulýðsleiðtoganámskeiða, leiðbeinenda-, tómstunda- og íþróttastarfsemi.

Sveitarfélögin í Svíþjóð styrkja verulega æskulýðsstarfsemi hvert í sínu umdæmi, einkum á sviði húsnæðismála, efniskaupa, tómstundaflokka og leiðbeinendastarfsemi.

Í ýmsum stærri borgum eins og Gautaborg og Stokkhólmi eru rekin æskulýðsheimili og tómstundaklúbbar á vegum bæjarfélaganna, sem stjórnað er af fastlaunuðum leiðbeinendum og atvinnu-æskulýðsleiðtogum. Er mjög deilt um, hvort bæjarfélögin eigi sjálf að reka slíka starfsemi. Æskulýðssamtökin kvarta um samkeppni af hálfu þessarar bæjarstarfsemi, og er mjög mikið rætt um þörf á samvinnu og „koordineringu" á þessu sviði milli æskulýðssamtakanna og bæjarfélaganna.

Í öðrum borgum, eins og t. d. Málmey, er lögð megináherzla á að styðja og örva hina frjálsu æskulýðsstarfsemi. Greitt er í Málmey 60% af húsnæðiskostnaði æskulýðsfélaga. Verulegir styrkir eru veittir til klúbb- og tómstundaheimila æskulýðsfélaga, sem lögbundið er að komið skuli á fót í nýjum íbúðahverfum. Æskulýðsráðunautur bæjarins er félögunum innan handar með upplýsingar og skipulagsleiðbeiningar. Bærinn gefur út æskulýðsblað, sem sendist æskulýðsfélögunum. Í æskulýðsnefnd bæjarins sitja fulltrúar frá félögunum, og gerir nefndin tillögur um framlög bæjarins til æskulýðsmála. Um framkvæmdir af hálfu nefndarinnar sér æskulýðsmálaskrifstofa bæjarins, en þar starfa fimm manns.

5. Sambandslýðveldið Þýzkaland.

(Úr bókinni „Jugend in Freiheit und Verantwortung".)

Æskulýðsáætlun Sambandslýðveldisins er ætlað að „þroska æskufólk líkamlega, andlega og siðferðislega jafnframt starfsfræðslu, leyfa því frjálsan þroska innan eigin félagsskapar og gegna skyldum sínum við fjölskylduna, þjóðfélagið og ríkið". Í þessu skyni er í áætluninni gert ráð fyrir stuðningi við æskulýðsfélög og starfsemi í þágu ungmenna, bæði með leiðbeiningum og fjárveitingum. Er í þessu efni aðallega starfað samkvæmt þrem grundvallarreglum:

1. Fyrsta grundvallarreglan hvílir á stjórnarskrá Sambandslýðveldisins, en skv. henni njóta „löndin" (sambandsríkin) sjálfstæðis í tilteknum málum, einkum í menningarmálum. Sambandsstjórnin getur því ekki stutt allar greinir æskulýðsstarfs, en hlýtur í samráði við landsstjórnirnar að takmarka sig við þau mál, er meginþýðingu hafa fyrir Sambandslýðveldið í heild, eða þau mál, sem helzt heyra undir Sambandslýðveldið að lögum eða samkvæmt eðli sínu. Af þessu leiðir, að smærri hópum, bæjar- eða sveitarfélögum, héruðum eða „löndum", ber að jafnaði frumkvæði um æskulýðsmál og eiga þá í vændum atbeina Sambandsstjórnar.

Því má telja, að frumkvæði hins opinbera takmarkist einkum við það, sem hér segir:

a. Uppeldi og þjálfun ungmenna, að því leyti, sem slíkt gerist umfram heimilisuppeldi, skólamál, starfsþjálfun og kristindómsfræðslu, einkum að því er tekur til pólitiskrar fræðslu og þjálfunar í alþjóðlegu samstarfi.
b. Þjálfun æskulýðsstarfsmanna, hvort sem þeir hafa slíkt að aðal- eða aukastarfi (sjálfboðastarfi).
c. Starf er lýtur að því að samhæfa unga innflytjendur þjóðfélaginu og efnahagskerfi þess, bæði að því er snertir unga flóttamenn og menn, sem koma frá héruðum utan Þýzkalands (þ. e. t. d. austan Oder—Neisse landamæranna).
d. Byggingu, búnað og starfrækslu æskulýðsstöðva, sem hafa þýðingu út yfir héraðamörk, einkum má hér nefna dvalarheimili ungmenna, sem dvelja fjarri heimilum við nám eða þjálfun, svo og hressingarhæli og starfsskóla æskulýðsfulltrúa.
e. Æskulýðsstarf í héruðum, þar sem neyðarástand ríkir, og
f. Verkefni æskulýðs- og námsmannafélaga og vinnumiðlunarstöðva, er starfa á grundvelli sambandsþjóðlegra samtaka.

2. Annað aðalverkefnið stafar af gildandi löggjöf um vernd æskulýðsins og hvílir á sambandinu milli frjálsra félaga og alríkisvalds. Samkvæmt þessari löggjöf ber héraðs- og landsyfirvöldum að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir varðandi æskulýðsmál, enda ber þeim fyrst og fremst að neyta fulltingis þeirra samtaka, er af frjálsum vilja hafa efnt til æskulýðsstarfa, og ber þeim að reyna slíkt samstarf til þrautar, áður en þau taka frumkvæði í þessum efnum.

Hér gildir sem sagt sú regla, að fyrst og fremst ber að efla frjáls félagssamtök á sviði æskulýðsmála, enda beri þau fullkomna ábyrgð á starfi sínu, eigi síður á sviði fræðslumála almennt heldur en á sviði félagsmála og réttarfars. Leiðir af sjálfu, að á þessu sviði ber samtökum andstöðuflokka eigi minni vernd og fulltingi en samtökum stjórnarflokka, enda fyrirgera engin stjórnmálasamtök slíku fulltingi önnur en þau, sem afneita eða berjast gegn þeim meginatriðum almenns frjálsræðis (frelsishugtaksins), er stjórnlögin segja fyrir um.

3. Þriðja meginatriðið í þessu æskulýðsstarfi er það að „hjálpa þeim, sem hjálpa sér sjálfir" í þessu efni, þannig að frjáls samtök áhugamanna geti öðlazt aðstoð til þess að gera enn betur.

Þess vegna miðast fjárstyrkur til almennra samtaka ekki við það að bæta að fullu öll útgjöld þeirra félaga, sem talin eru styrkhæf. Gætir hér þeirrar reglu, að félögin sæki því aðeins um alríkisaðstoð að þau geti ekki borið allan sinn kostnað sjálf. Eru því umsóknir þeirra um aðstoð því aðeins teknar til greina, að þau sanni hugkvæmni og vilja til góðs framtaks og allgóða fjárhagsgetu af eigin rammleik.

Með þessu er sýnt, að áætlunin er nátengd samstarfi við hvert einstakt land innan ríkjasambandsins (Sambandslýðveldisins), svo og við frjáls félagssamtök, og að alríkið á ekki frumkvæði að neinu nýmæli eða ráðstöfun, enda á slíkt að upphefjast í héraði eða landi. Verður að játa, að þetta fyrirkomulag felur í sér nokkrar takmarkanir og ókosti og leggur alríkinu nokkurn fjötur um fót. Getur einkum orðið tafsamt fyrir ókunnuga að afla sér nákvæms fróðleiks um framlög hins opinbera. Á hinn bóginn verður naumast fundin skárri lausn á grundvelli gildandi stjórnlaga Sambandslýðveldisins, en í þeim er sérstök áherzla lögð á sjálfstæði hvers einstaks „lands" (sambandsríkis) í mennta- og menningarmálum. Og sannleikurinn er sá, að þetta kerfi hefur gefið mjög góða raun, ekki sízt vegna þeirra takmarkana, sem ýmsir hefðu a priori viljað telja ókosti, því að fátt er vænlegra til áhrifa og velgengni en framtak frjálsra félagssamtaka, stutt með drjúgu framlagi hins opinbera.

Þýzka æskulýðsáætlunin (Der Deutsche Bundesjugendplan) er ekki „langtímaáætlun", heldur er hún fólgin í árlegum fjárveitingaáætlunum til æskulýðsmála, og eru þær á hverju ári háðar samþykki sambandsþingsins, skv. tillögum nefndar eða ráðs (Aktionsausschuss für Jugendfragen), sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sambandsríkjanna og frjálsra æskulýðssamtaka, og skilar ráðið tillögum til þess ráðuneytis sambandslýðveldisins, sem fer með æskulýðsmál. Er hlutverk ráðsins einkum að meta umsóknir um styrki í ljósi fenginnar reynslu og æskilegrar nýbreytni.

Æskulýðsáætlunin hefur verið við lýði allt frá árinu 1950, en það ár nam fjárveiting til hennar 17.5 millj. mörkum. Á árinu 1966 nam fjárveitingin 66.5 millj. mörkum. Auk þess er talið, að ríkis- og sveitarfélögin og æskulýðssamtökin sjálf leggi árlega fram helmingi hærri fjárhæð, þannig að á árinu 1966 hafi samtals verið varið 199.5 millj. marka til æskulýðsmála í Sambandslýðveldinu. Talið er, að árlega njóti 10—12 millj. ungmenna góðs af æskulýðsáætluninni og þar af sé um 80% ófélagsbundið æskufólk.

Fylgiskjal VI.

Skýrsla Jacobus W. Ooms.

SKÝRSLA UM HEIMSÓKN TIL ÍSLANDS

I. Tilgangur fararinnar.

Sérstök stjórnskipuð nefnd vinnur að því verkefni að gera tillögur um almenna löggjöf varðandi æskulýðsmál, er feli í sér ákvæði um fjárhagslegan stuðning af hálfu hins opinbera við æskulýðsstarfsemi í landinu, einkum að því er varðar tómstundastörf.

Íslenzka ríkisstjórnin óskaði eftir því við UNESCO, að stofnunin sendi sérfræðing til Íslands til viðræðna og til þess að láta í té ráðleggingar í sambandi við verkefni nefndarinnar. Samkvæmt ósk UNESCO greiddi hollenzka ríkisstjórnin fargjöld og uppihald fyrir sérfræðinginn. Það varð að samkomulagi millum ríkisstjórnanna beggja og UNESCO, að undirritaður var beðinn um að takast ferð þessa á hendur.

II. Starfsaðferðir.

Athugun á ástandinu í þessum málum á Íslandi gat farið fram á staðnum með viðræðum, heimsóknum, ferðalögum og móttökum.

Upplýsingar voru látnar í té varðandi ástandið í æskulýðsmálum annarra landa.

Viðræður fóru fram um aðgerðir, sem gætu haft þýðingu á Íslandi og unnt væri að hrinda þar í framkvæmd.

III. Athugun.

Nokkur ummæli varðandi ástandið á Íslandi:

1. Reykjavík er eina stóra bæjarfélagið, og þar er nærri helmingur íbúa landsins búsettur. Borgin er í mjög örum vexti. Hinn hluti íbúanna býr í allmörgum litlum kaupstöðum og í sveitum landsins, en þar standa bæirnir mjög dreift og langt hver frá öðrum.
2. Íþróttasamtökin gegna mjög mikilvægu hlutverki.
3. Aðgerðir ríkisins hafa stuðlað að því að gera byggingu félagsheimila auðveldari (50% af skemmtanaskatti er varið til byggingar þeirra), og eru nú 126 slík félagsheimili risin upp. Eins og stendur er mjög stór skuld útistandandi í þessu sambandi.
4. Íþróttafélögin og hin pólitísku æskulýðsfélög eru fjölmennust innan Æskulýðssambands Íslands, en í raun réttri stafar það aðallega sem eins konar landsnefnd fyrir World Assembly of Youth (WAY) og önnur alþjóðasamtök á sviði æskulýðsmála, svo sem CENYC.
5. Margir hafa bent á, hver nauðsyn er á að auka möguleika til tómstundaiðkana. Þetta hefur leitt til þess, að á mörgum stöðum hefur verið komið á fót æskulýðsráðum og æskulýðsmiðstöðvum. Í Reykjavík hafa æskulýðsstöðvar eins og „Heim der offenen Tür“ í Berlín og Hamborg (þar sem æskulýðsfélög fá herbergi til sinna afnota, og síðan eru sérstök herbergi til afnota fyrir það æskufólk, sem ekki er í neinum sérstökum samtökum) verið notuð sem fyrirmynd að rekstri æskulýðsmiðstöðva.

IV. Upplýsingar.

Undirritaður lét í té upplýsingar um ýmis vandamál í öðrum löndum, hver þróunin hefur verið þar og hvaða hugmyndir hafa komið fram til úrbóta. Sérstaklega voru teknar til athugunar þær hugmyndir, sem fram komu á æskulýðsþingi UNESCO, sem haldið var í Grenoble árið 1964, og skýrt frá niðurstöðum þingsins. Einnig var skýrt frá þróun þessara mála í Danmörku,

Þýzkalandi, Englandi, Frakklandi og Ítalíu, og sömuleiðis skýrt ítarlega frá þróun og gangi mála í Hollandi.

Í þessu sambandi var sérstaklega fjallað um vandamál þau, sem við er að etja í þessum löndum og hvernig brugðizt hefur verið við þeim og hvaða stefna hefur verið tekin upp í því sambandi. Þá var skýrt frá sambandi hinna ýmsu aðila, sem hér eiga hlut að máli, þ. e. opinberir aðilar, einkaaðilar og hin ýmsu samtök. Jafnframt var nokkuð sagt frá þjálfun og menntun æskulýðsleiðtoga og hverjir möguleikar eru fyrir það æskufólk, sem ekki er bundið í neinum sérstökum samtökum.

Viðræður.

Undirritaður ræddi að sjálfsögðu sérstaklega við laganefnd þá, sem nú vinnur að því að gera tillögur um aðgerðir á sviði æskulýðsmála. Auk þess að veita nefndinni upplýsingar og leiðbeiningar eftir því sem unnt var, kom undirritaður fram með ýmsar tillögur varðandi þau atriði, sem nefndin einkum bar fyrir brjósti. Þar sem viðræður þessar voru að sjálfsögðu í eðli sínu trúnaðarmál, er eigi mögulegt að rekja þær nákvæmlega hér, nema hvað taldar skulu upp megintillögur þær, sem undirritaður kom fram með, en þær eru sem hér segir:

1. Komið verði á fót sérstakri ráðuneytisdeild, er fjalli um æskulýðsmál sérstaklega, og veiti henni forstöðu sérstakur æskulýðsmálafulltrúi.
2. Samræma þarf ýmsar þær aðgerðir, sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd.
3. Nauðsynlegt er, að Æskulýðssambandi Íslands verði fundin ákveðnari verkefni heima fyrir, auk þess að halda uppi sambandi við erlend æskulýðssamtök.
4. Mælt er eindregið með því, að samþykkt verði sérstök lög um æskulýðsmál. Ættu þau að vera víðtæk og rúm í eðli sínu og mynda rammalöggjöf um þessi mál. Ætti slík löggjöf annars vegar að skapa aðhald og marka ákveðna stefnu í þessum málum, en hins vegar að vera hvatning og örvun til þess að koma í framkvæmd nýjum hugmyndum og verkefnum á sviði æskulýðsmála.
5. Mjög væri æskilegt, að hin einstöku æskulýðsráð á hverjum stað hefðu með sér nánari samvinnu og sameinuðust í landssamband æskulýðsráða, auk þess sem fjölga þyrfti slíkum ráðum og koma þeim á fót á ýmsum stöðum, þar sem þau eru ekki starfandi enn þá. Bæjar- og sveitarstjórnir á hverjum stað, svo og ráðuneytið, ættu að ákveða, hvaða verkefnum æskulýðsráðin eiga að gegna. Æskulýðsráðin ættu fyrst og fremst að vera ráðgefandi og annast samræmingu á störfum þeim, sem beinast að aðstoð við æskufólk. Einnig gætu æskulýðsráðin orðin til þess að hvetja ungt fólk til að beina kröftum sínum að hollum viðfangsefnum. Sömuleiðis mætti síðar fela æskulýðsráðunum ákveðin framkvæmdaatriði, svo fremi sem það ekki rekst á þau verkefni, sem félögin hafa með höndum. Í æskulýðsráðunum eigi sæti fulltrúar frá félögum þeim og samtökum, sem vinna að æskulýðsmálum, svo og frá opinberum aðilum. Einnig væri að sjálfsögðu hægt að skipa óháða sérfræðinga til að eiga sæti í einstökum æskulýðsráðum.
6. Sökum þess hve Reykjavík er í örum vexti þarf að huga sérstaklega að vandamálum æskunnar þar og gera ráðstafanir til úrbóta hið allra fyrsta.
7. Þjálfun æskulýðsleiðtoga er að öllum líkindum það mál, sem mikilvægast er og fyrst þarf að taka til athugunar. Nauðsynlegt er að ráða nokkra menn, sem starfi eingöngu að því að vera leiðtogar á sviði æskulýðsmála. Þyrftu þeir að fara utan til að afla sér þjálfunar og aukinnar þekkingar á þessu sviði.

8. Hinn mikli fjöldi félagsheimila, sem nú eru starfandi í landinu, myndi réttlæta það, að komið væri á fót sérstöku sambandi félagsheimila fyrir landið í heild.
9. Nauðsynlegt er að skipuleggja vel nýtingu félagsheimilanna í landinu. Auk þess að gefa þeim félagasamtökum, sem fyrir eru, kost á húsrými, væri vel hægt að hugsa sér, að þau fengju sjálf að ráða nokkru um skipulag starfsins og þannig væri sameinað starf skipulegra félagasamtaka og hins „opna" æskulýðsheimilis.

Rotterdam, 26. ágúst 1965.

J. W. Ooms.

Nd. 551. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 21. gr.
a. 2. málsgr. falli niður.
b. 3. málsgr. falli niður.

Nd. 552. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 14. gr. Orðin „Alþýðuskólann á Eiðum" falli burt.

Sþ. 553. Breytingartillaga [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni, Birni Jónssoni og Ingvari Gíslasyni.

Við III. kafla II. 3. (Þjóðbrautir). Nýr töluliður:
Þingeyjarsýslubraut 1967 7 millj. kr., 1968 8 millj. kr.

Sþ. 554. Breytingartillaga [177. mál]

við till. til þál. um undirbúning ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela nefnd, sem kosin var hinn 5. maí 1966 til þess að íhuga og gera tillögur um, með hverjum hætti minnzt skuli ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi, að starfa áfram.

Skal nefndinni heimilt að hefja undirbúningsframkvæmdir þeirra tillagna varðandi hátíðina, sem við nánari athugun þykir rétt að framkvæma, en aðalákvarðanir hennar skulu bornar undir ríkisstjórnina, áður en framkvæmdir hefjast.

Nefndinni heimilast að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar, og skal greiða kostnað við störf hennar úr ríkissjóði.

Sþ. **555. Nefndarálit** **[177. mál]**

um till. til þál. um undirbúning ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin mælir með því meginefni tillögunnar, að landnámshátíðarnefnd verði falið að starfa áfram og að kostnaður við störf hennar greiðist úr ríkissjóði.

Hins vegar telur fjvn. nauðsynlegt, að fengnar séu nánari upplýsingar um einstakar hugmyndir, sem fram koma í nefndaráliti landnámshátíðarnefndar, áður en unnt sé að taka til þeirra endanlega afstöðu, og leggur því til, að þær verði ekki taldar upp í sjálfri tillögugreininni.

Ljóst er þó, að nauðsynlegt er fyrir nefndina að fá sem fyrst vitneskju um, hver sé vilji Alþingis og ríkisstjórnarinnar varðandi undirbúning landnámshátíðarinnar, þannig að hún geti einbeitt sér að þeim atriðum, sem fallizt verður á að framkvæma, og með tilliti til þess, að þingi er nú að ljúka, leggur fjvn. til, að því verði bætt inn í tillögugreinina, að nefndin skuli bera aðalákvarðanir sínar undir ríkisstjórnina. Hefur þá ríkisstjórnin aðstöðu til þess að hafa samráð við þingið eða þingflokkana um meiri háttar ákvarðanir.

Það helzta, sem komið hefur fram í umræðum fjvn. um einstakar till. hátíðarnefndarinnar, er þetta:

Nefndarmenn eru ekki fylgjandi hugmyndinni um þjóðarhús á Þingvöllum, en telja hins vegar, að gera þurfi átak til þess að bæta þar, eða í nágrenninu, aðstöðu til gistingar og annarrar fyrirgreiðslu við ferðafólk, og að athuga þurfi nánar, á hvern hátt þetta verði bezt gert.

Koma þarf einnig til athugunar, hvernig alfriðun staðarins verði tryggilegast framkvæmd og hvaða byggingar verði leyfðar í næsta nágrenni hans, þar á meðal listamannabúðir, ef reistar yrðu.

Nefndin er hlynnt bókaútgáfu í tilefni hátíðarinnar, en telur hugmyndina um 58 binda útgáfu vera of viðamikla og ekki líklega til að ná til alþýðu manna. Aftur á móti mundi ritun og útgáfa Íslandssögu frá upphafi byggðar til vorra daga vera verðugt verkefni í sambandi við landnámshátíðina, að dómi fjvn.

Að öðru leyti en hér hefur verið nefnt eru fjárveitinganefndarmenn yfirleitt hlynntir tillögum landnámshátíðarnefndar, þar á meðal tillögunni um byggingu á eftirlíkingu af sögualdarbæ.

Sérstaklega vill fjvn. fyrir sitt leyti taka undir þá ábendingu, að stefnt verði að því að koma upp nýju Alþingishúsi í tilefni landnámshátíðarinnar, og væntir þess, að greinargerð um það mál verði lögð fram á næsta þingi af nefnd þeirri, sem falið hefur verið að gera tillögur um framtíðarhúsnæði Alþingis.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að tillögugreininni verði breytt eins og fram kemur á þskj. 554.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jónas Pétursson, með fyrirvara.
Matthías Bjarnason.	Geir Gunnarsson.	Ágúst Þorvaldsson, með fyrirvara.
Óskar E. Levy.	Halldór E. Sigurðsson.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 556. Frumvarp til laga [200. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Jón Ísberg.

Aftan við b-lið 30. gr. laganna bætist:

Þó mega sveitarfélög, þar sem hlunnindajarðir eru, leggja útsvar á hlunnindatekjur án persónufrádráttar eftir sömu reglum og lagt er á aðra gjaldendur sveitarfélagsins, enda verði ekki lagt útsvar á þessar tekjur í heimasveit gjaldþegns, sbr. þó k-lið þessarar greinar.

Greinargerð.

Nú á seinni árum hafa nokkrar laxveiðiár verið leigðar til laxveiðimanna fyrir mjög háar upphæðir. Hafa eigendur margra jarða haft mjög góðar tekjur af þessu, þótt eðlilega skiptist þær mjög misjafnt á jarðir eftir legu þeirra. Hafi eigendur þessara jarða flutzt búferlum úr viðkomandi sveitarfélagi, vilja þeir ógjarna selja jarðirnar, ef þeir fá verulegar hlunnindatekjur, og er þá annað tveggja, að jarðirnar eru leigðar án hlunnindatekna eða þær fara í eyði. En í báðum tilfellum fær sveitarfélagið, þar sem hlunnindajörðin er, ekkert í sinn sjóð.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, heimilar sveitarfélögum að leggja á þessar tekjur eftir sömu reglum og farið er eftir í sveitarfélaginu við útsvarsálagningu, þótt viðkomandi gjaldendur eigi lögheimili í öðrum sveitarfélögum. Og til þess að ganga ekki á rétt heimilissveitar, þá er þeim heimilað að leggja á mismuninn, ef ekki er notaður að fullu útsvarsstiginn í sveitarfélaginu, þar sem lagt er á, sbr. reglur 30. gr. útsvarslaganna. Heimilissveit gjaldþegns tapar að vísu þar nokkrum tekjum, en yfirleitt kemur það léttara niður hjá þeim, því að aðalreglan er, að þessir eigendur flytjast í þéttbýlið, þar sem hvert tugþúsund hverfur í mikilli veltu, en fátæka sveitarhreppa munar meira um það. Staða gjaldanda er hin sama og áður, aðeins reynt að spyrna við hinum stríða straumi fjármagns úr dreifbýli til þéttbýlis með því að láta hluta sveitarsjóða í þessum tekjum verða eftir heima.

Nd. 557. Frumvarp til laga [201. mál]

um breyting á lögum um Atvinnujöfnunarsjóð, nr. 69 12. maí 1966.

Flm.: Jón Ísberg.

1. gr.

Á eftir fyrstu mgr. 5. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt skal sjóðstjórninni að lána fyrirtækjum í nýjum iðngreinum sérstök stofnlán, er mega nema sömu upphæð og stofnframlög eigenda, og verði vextir hinir sömu og eigendur raunverulega fá í arð eftir stofnfjármagn sitt. Slík lán verða ekki endurkræf, fyrr en fjárhagur fyrirtækjanna er kominn á traustan grundvöll, og hafa ekki áhrif á aðrar lánveitingar úr sjóðnum til viðkomandi fyrirtækja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það leikur ekki á tveim tungum, að mörg eða flestöll fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið hér á landi, hafa ekki yfir nægilegu fjármagni að ráða til þess að komast klakklaust yfir byrjunarerfiðleika. Þetta er eðlilegt, þar sem landið er fjármagnssnautt, en alls staðar þörf framkvæmda og fjárfesting tiltölulega mikil.

Fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið, hafa því treyst á lánsfé að langmestu leyti, en þá koma næstum því strax þungar afborganir. Sérstaklega kemur þetta þungt niður á fyrirtækjum, sem eru að ryðja braut nýjum iðngreinum, vegna þess að auk venjulegra byrjunarerfiðleika þarf oft að eyða stórfé í auglýsingar og til þess að kynna framleiðsluna.

Margar leiðir koma til greina til þess að auðvelda stofnun og rekstur slíkra fyrirtækja. En þá staðreynd verður að viðurkenna, að auknum fólksfjölda þjóðarinnar verður að útvega vinnu, og það vinnuafl verður að leita til iðnaðarins, vegna þess að í landbúnaði og sjávarútvegi er þróunin sú, að sífellt færri hendur framleiða stöðugt meira magn vegna nýrrar tækni og afkastameiri tækja.

Í þessu frumvarpi er bent á aðeins eina leið af mörgum, sem til greina koma, þar sem lagt er til, að Atvinnujöfnunarsjóður geti lagt fram sem sérstakt stofnlán jafnháa upphæð og stofnendur fyrirtækis, enda verði um nýja framleiðslu að ræða á þeim stað, þar sem fyrirtækið er stofnsett. Þetta ákvæði tekur til alls landsins, því að alls staðar er þörfin brýn. Þótt nú sé atvinnuástandið gott í mörgum landshlutum, þá verður að tryggja það í framtíðinni. Hins vegar eiga mörg héruð við atvinnuleysi að stríða, og kemur þetta ákvæði fyrst þar til framkvæmda, eins og t. d. á Norðvesturlandi.

Í atvinnumálum eru uppi tvær meginstefnur: að ríkið reki verksmiðjur og fyrirtæki og að einstaklingar leggi fram fjármagn og beri ábyrgð á rekstrinum. Hér á landi virðist ríkið í raun og veru vera eini aðilinn, sem getur lagt fram það mikið fjármagn, að um nokkurn verulegan rekstur geti verið að ræða, og meðan ástandið er þannig, verður þjóðin að hafa svo og svo mikinn ríkisrekstur, hvort sem hún vill eða ekki. Þetta frumvarp er flutt til þess að auðvelda einstaklingum að setja á stofn fyrirtæki í nýjum iðngreinum, og það ætti að vera þeim hvatning til að koma þeim á fót og mundi þá stuðla að eflingu einstaklingsframtaks einmitt á þeim vettvangi, þar sem ríkið er hvort sem er ekki hæfur aðili, þ. e. iðnaði í tiltölulega smáum stíl, sem veitir atvinnu nokkrum tugum eða hundruðum manna.

Til að skýra þessa hugmynd betur, vil ég taka þessi dæmi:

Stofnað er hlutafélag með 500 þús. kr. hlutafé, og þá getur félagið fengið jafnháa upphæð eða 500 þús. kr. í stofnlán, og vextir af því yrðu hinir sömu og raunverulegur arður yrði. Sama á sér stað, ef t. d. samvinnufélag setur á stofn verkstæði og sams konar verkstæði er ekki í nágrenninu. Þá getur það einnig fengið á móti stofnframlagi allt að sömu upphæð.

Reglur um reikningsskil, afskriftir, nýjar fjárfestingar o. fl. verður vitanlega að setja og fylgjast með því, að þessu framlagi sé varið eins og ætlazt er til.

Í 3. mgr. 5. gr. laganna um Atvinnujöfnunarsjóð, sem yrði 4. mgr., ef þetta frumvarp nær fram að ganga, er heimild fyrir stjórn sjóðsins að láta gera athuganir á rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, og ber vitanlega að nota þá heimild, þegar til þess kemur, að umrædd fjárhagsaðstoð verði veitt.

Því verður vafalaust haldið fram á móti þessu máli, að þessi fjárhagsaðstoð Atvinnujöfnunarsjóðs muni draga úr vilja manna til þess að leggja fram fjármagn í ný fyrirtæki. Það er út af fyrir sig eðlileg skoðun þeirra manna, sem aldrei hafa komið nálægt atvinnurekstri nema sem fastlaunaðir embættismenn eða starfsmenn opinberra stofnana eða fyrirtækja. En fyrir hina mörgu í kauptúnum og kaupstöðum landsins, Reykjavík ekki undanskilin, er það hvatning að stofna til nýrra iðngreina, ef þeir eiga von á slíkum stuðningi auk venjulegra lána.

Þótt heimildin sé almenn, verður hún fyrst og fremst notuð til þess að bæta atvinnuástandið, þar sem það er verst á hverjum tíma, t. d. nú á Norðvesturlandi, en það er eina kjördæmið, þar sem fólki hefur fækkað á síðasta kjörtímabili.

Það er kominn tími til þess að horfast í augu við staðreyndir og spyrna fótum við, áður en um seinan verður. Landið verður að vísu á sínum stað, en fólkið flyzt þangað, sem það hefur möguleika til að vinna fyrir sér.

Gamalt kínverskt máltæki segir eitthvað á þá leið, að viljir þú seðja hungur

manns, átt þú að gefa honum hnefa af korni, en viljir þú koma í veg fyrir hungur hans framvegis, átt þú að kenna honum að rækta korn. Og þetta frumvarp gengur einmitt í þá átt, að styðja menn og þá um leið byggðarlög til þess að sjá sér farborða.

Við biðjum ekki um ölmusu, heldur snæri nútímans. Á tímum Jóns Hreggviðssonar báðu menn um snæri, nú biðjum við um afl þeirra hluta, sem gera skal, fjármagn.

Ed. 558. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til orkulaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft til athugunar frumvarp til orkulaga. Nefndin varð ekki sammála. Minni hluti mun skila séráliti eða álitum. Meiri hluti leggur hins vegar til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var samþ. í Nd., en þar voru gerðar nokkrar breytingar, m. a. samkvæmt tilmælum frá Tæknifræðingafélagi Íslands og Félagi löggiltra rafvirkjameistara.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Ólafur Björnsson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.

Þorvaldur Garðar Kristjánson.

Nd. 559. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Sigurður Ágústsson.

Þórarinn Þórarinsson. Matthías Á. Mathiesen. Gísli Guðmundsson.

Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 560. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Það er áberandi með ýmsa menn úr stuðningsliði ríkisstjórnarinnar um þessar mundir á Alþingi, að þeir vilja komast hjá því að taka afstöðu til ýmissa frumvarpa og þingsályktunartillagna, sem menn úr stjórnarandstöðunni flytja.

Stjórnarstuðningsmenn ræða ekki þessi mál, en taka þátt í því við 1. umræðu að vísa þeim til nefnda — og þar fást þau síðan ekki afgreidd á venjulegan hátt, en eru „svæfð", eins og kallað er.

Reyndar er það skiljanlegt, að meiri hlutinn — þ. e. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar — vilji komast hjá að fella með hávaða og harki, sem þjóðin heyrir, mál, er þeim dylst ekki að eru nytjamál, en telja þó af einhverjum óskýranlegum ástæðum ekki rétt að nái fram að ganga, eða meiri hlutinn í þingflokkum þeirra er andvígur.

Eitt þessara þagnarþeysmála hjá stjórnarliðsmönnum er frv. þetta til laga um breyt. á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frumvarpið er flutt af öllum þingmönnum Framsóknarflokksins, sem sæti eiga í efri deild. Efni frumvarpsins er í stuttu máli sagt að efla veðdeild Búnaðarbankans stórlega til þess að sinna því hlutverki fyrst og fremst að veita lán þeim mönnum, sem vilja kaupa jarðir til búsetu handa sér. Lánin megi vera allt að 70% af virðingarverði jarðanna, vaxtakjör: 4% ársvextir og lánstíminn: 40 ár.

Hjá veðdeildinni hlaðast upp lánbeiðnir vegna jarðakaupa, sem fram þurfa að ganga, en deildin er févana til úrlausnar. Þetta veldur bændastéttinni geysilegum vandræðum.

Af eðlilegum ástæðum þurfa eigendaskipti á bújörðum að geta átt sér stað. Kynslóðaskipti m. a. hafa það í för með sér.

Hlutverk veðdeildar Búnaðarbankans á að vera að veita fyrirgreiðslu við eigendaskiptin með lánum, sem eru að vöxtum og lánstíma við hæfi landbúnaðarins. Þá fyrirgreiðslu vantar nú. Úr þeirri vöntun mundi umrætt frumvarp verulega bæta, ef að lögum yrði.

Frumvarpinu var vísað til fjárhagsnefndar 3. nóv. 1966. Á þeim rúmlega 6 mánuðum, sem síðan eru liðnir, hefur það ekki fengizt afgreitt í nefndinni.

Á fundi nefndarinnar, sem haldinn var í gær, fékkst meiri hlutinn enn ekki til þess að taka afstöðu til málsins. Er því sýnt, að ætlunin er að hindra með sem hljóðlátustum hætti afgreiðslu málsins á þessu þingi.

Við undirritaðir teljum þetta óviðeigandi meðferð þýðingarmikils þingmáls — og ekki feimnilausa andstöðu meiri hlutans.

Leyfum við okkur að gefa út minnihlutaálit og mælum eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Karl Kristjánsson, frsm. Helgi Bergs. Björn Jónsson.

Nd. 561. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá menntamálaráðherra.

1. 14. gr. falli niður.
2. Síðasti málsliður 1. málsgreinar og 2. og 3. málsgrein 21. gr. falli niður.

Sþ. 562. Breytingartillögur [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni og Óskari Jónssyni.

1. Við III. I. 2. Liðurinn orðist svo:

	1967	1968
Suðurlandsvegur	40.0	65.0

2. Við III. III. 4. (Landsbrautir). Við bætist nýr töluliður:

Hafnarskeiðsvegur, til rannsókna og undirbúnings	1.0	1.0

Nd. 563. Breytingartillaga [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá Gísla Guðmundssyni og Ingvari Gíslasyni.

Við 12. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ríkið yfirtekur samkv. ákvæðum laga nr. 34/1962 heimavistarskóla gagnfræðastigs, sem Norður-Þingeyjarsýsla rekur í Lundi í Öxarfirði, ef skólahús og aðrar eignir, sem skólinn notar, verða afhent ríkinu.

Ed. 564. Frumvarp til laga [159. mál]

um skólakostnað.

(Eftir 3. umr. í Nd., 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 318 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka til eftirtalinna skóla: barnaskóla, unglingaskóla, miðskóla, gagnfræðaskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra mála, sem lög þessi fjalla um.

2. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi og hvar stofna skuli heimangönguskóla og hvar heimavistarskóla, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, hlutaðeigandi skólanefnda (fræðsluráða) og sveitarstjórna og iðnfræðsluráðs að því er iðnfræðsluskóla varðar.

7. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, sem lög þessi taka til, og 85% af stofnkostnaði fullbúins heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúða við heimavistarskóla.

Ríkissjóði er heimilt að greiða 75% af áætluðum stofnkostnaði skólastjóra- og kennaraíbúða skyldunámsins við þá heimangöngu- eða heimanaksturssskóla, þar sem að dómi menntamálaráðuneytisins væri ekki hægt að ráða skólastjóra og/eða fasta kennara, nema slíkt húsnæði sé til.

Sameinist tvö eða fleiri núverandi sveitarfélög um heimavistarskóla skyldunáms eða iðnfræðslu með samþykki menntamálaráðuneytisins, greiðir ríkissjóður einn allan stofnkostnað heimavistarrýmis, þ. á m. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Greiðsla á stofnkostnaði miðast við reglur (norm) byggingadeildar ráðuneytisins, sbr. 5. gr.

Til stofnkostnaðar samkvæmt lögum þessum telst, auk alls húsnæðis, innanstokksmunir, kennslutæki, áhöld og búnaður. Auk þess teljast til stofnkostnaðar þau útgjöld, sem nauðsynleg eru vegna tengingar við almenningsveitur og vegakerfi næsta nágrennis, og kostnaður við frágang skólalóðar, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Kostnaður við borun eftir heitu eða köldu vatni, sem eingöngu er gerð fyrir skólann, með samþykki menntamálaráðuneytisins, telst til stofnkostnaðar, sem ríkissjóður tekur þátt í, en réttindakaup annast sveitarsjóðir á sinn kostnað.

Allan annan stofnkostnað en þann, sem ríkissjóður greiðir samkvæmt framansögðu, greiða hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

11. gr. hljóðar svo:

Ef tvö eða fleiri sveitarfélög eða hlutar úr þeim standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar eftir sömu reglum og sýslusjóðsgjald er lagt á samkv. 101. gr. laga nr. 58/1961.

14. gr. hljóðar svo:

Framlög ríkisins til skólamannvirkja skiptast á 2—3ja ára greiðslutímabil vegna hverrar framkvæmdar.

Framlag ríkissjóðs til hverrar einstakrar framkvæmdar skal vera til reiðu innan 3ja ára, frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, að því ári meðtöldu, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

20% þegar ráðuneytið hefur samþykkt, að verk megi hefja,
10% þegar botnplata er steypt,
20% þegar bygging er fokheld,
25% þegar múrverki er lokið og bygging er tilbúin undir tréverk,
20% þegar úttekt af hálfu ráðuneytisins hefur farið fram,
5% þegar skóli er fullbúinn til notkunar (hús og búnaður).

Hafi sveitarfélag tvö eða fleiri skólamannvirki í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs án viðmiðunar við framangreind stig framkvæmda. Þegar framlög ríkissjóðs eru greidd á þennan hátt, skal árlegri fjárveitingu skipt í fimm jafnar greiðslur, sem greiðast 1. marz, 1. maí, 1. júlí, 1. október og 1. nóvember.

Áætlun um skiptingu framlags ríkissjóðs til iþróttamannvirkja skv. 12. gr. eftir byggingarstigum framkvæmda skal ár hvert fylgja tillögum menntamálaráðuneytisins við undirbúning fjárlaga.

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé greitt, og skulu framlög þeirra og mótframlög ríkissjóðs greidd í sérstakan reikning byggingarinnar í banka eða sparisjóði, sem samkomulag verður um milli menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

15. gr. hljóðar svo:

Ef henta þykir að kaupa húsnæði til skólahalds, skal viðkomandi sveitarstjórn sækja um það til ráðuneytisins, sem lætur fara fram athugun og mat á verðmæti húsnæðisins. Ef af kaupum verður, tekur ríkissjóður þátt í kaupverði í sömu hlutföllum og í stofnkostnaði nýbygginga. Slíkar byggingar skulu teknar í framkvæmdaáætlun um skólabyggingar.

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur, ef að mati ráðuneytisins er hagkvæmara að kaupa sérstakar skólabifreiðir en að greiða fyrir flutning nemenda á annan hátt.

III. KAFLI
Rekstrarkostnaður.

16. gr. hljóðar svo:

Öll föst laun skólastjóra, fastra kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar, svo og laun stjórnskipaðra prófdómenda, greiðast beint úr ríkissjóði.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum mánaðarlega á starfstíma skóla laun vegna stunda- og forfallakennslu, allar aukagreiðslur til skólastjóra og kennara, sem leiðir af samningum ríkisins við stéttarsamtök þeirra eða af kjaradómi.

Við heimavistarskóla skyldunámsins greiðir ríkissjóður laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna í mötuneyti, hafi fjöldi þeirra og ráðningarkjör hlotið samþykki ráðuneytisins, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslustjórans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að ¼ hluta.

17. gr. hljóðar svo.

Við ákvörðun reiknaðra stunda eru allar kennslustundir og aðrar starfsstundir kennara fyrir sama fræðslustig lagðar að jöfnu. Eigi skiptir máli, hvort greitt er fyrir þær með föstum launum eða þær eru greiddar sem stundakennsla. Á sama hátt er eigi gerður munur á venjulegum kennslustundum og þeim stundum, er greiðsla fyrir heimavinnu fylgir eða greiddar eru sem yfirvinna eða með álagi vegna vinnu í kaffitíma.

18. gr. hljóðar svo:

Skólastjórar skulu í byrjun hvers almanaksárs gera áætlun um nemendafjölda, fjölda reiknaðra stunda á kennslumánuði og áætlaðan kostnað ríkissjóðs næsta skólaár samkvæmt III. kafla laganna. Áætlun þessa skal leggja fyrir skólanefnd til samþykktar og senda ráðuneytinu fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag, sem ráðuneytið ákveður.

Í sveitarfélögum, þar sem fleiri en einn skóli er á sama fræðslustigi, skulu skólanefndir (fræðsluráð) sjá um deildarskiptingu í skólum og annast skiptingu reiknaðra stunda milli einstakra skóla. Að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, er skólanefndum (fræðsluráðum) í þessum sveitarfélögum heimilt að ráðstafa hluta reiknaðra stunda til sameiginlegra stjórnunarstarfa vegna skólanna. Jafnframt skulu skólanefndir (fræðsluráð) gera áætlun um kostnað ríkissjóðs vegna fjölda reiknaðra stunda og senda ráðuneytinu í samræmi við ákvæði fyrri mgr.

Til reiknaðra stunda teljast, auk kenndra stunda, m. a. aðstoð við skólastjórn, störf að félagsmálum nemenda, leshjálp, umsjón, leiðbeiningarstörf við kennslu; enn fremur greiðslur fyrir eyður í stundaskrá og fyrir skrifstofuaðstoð, en slíkar greiðslur færast til reiknaðra stunda miðað við greiðslu fyrir stundakennslu í dagvinnu.

Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda fari ekki fram úr ákveðnu hámarki, sem er breytilegt eftir tölu nemenda samtímis í skóla, fræðslustigi, sérkennsluþörf og umsjónarþörf vegna heimavistar.

19. gr. hljóðar svo:

Hámark reiknaðra stunda á kennslumánuði skóla, sem falla undir ákvæði þessara laga, miðað við að fullnægt sé ákvæðum námsskrár, er:

a) Á **barnafræðslustigi**, miðað við 40 mínútna kennslustund:
Fyrir skóla með:
allt að 10 nemendum komi 9 stundir á hvern nemanda.
11— 20 nemendum komi 90 stundir, auk átta stunda á hvern nemanda umfram 10.
21— 40 nemendum komi 170 stundir, auk sjö stunda á hvern nemanda umfram 20.
41— 80 nemendum komi 310 stundir, auk sex stunda á hvern nemanda umfram 40.
81—160 nemendum komi 550 stundir, auk fimm stunda á hvern nemanda umfram 80.
161—240 nemendum komi 950 stundir, auk fjögurra stunda á hvern nemanda umfram 160.
fleiri en 240 nemendur komi jafnmargar stundir á hvern nemanda og fyrir skóla með 240 nemendum.

b) Á **gagnfræðastigi** er miðað við 45 mínútna kennslustund, og fjöldi greiddra stunda má vera allt að 25% hærri en samkvæmt a-lið.

c) Sé nemendastundafjöldi á kennslumánuði hærri en venjuleg námsskrá fyrir níu mánaða barnaskóla eða gagnfræðaskóla segir til um, vegna styttri skólaárs, eða víxlkennslu bekkja, hækkar stundafjöldi á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu.

d) Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptum bekk (bekkjardeild) séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, hækkar stundafjöldi sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en tólf nemendur í sérkennslutímum í einstökum bekkjardeildum.

e) Sé heimavist við skóla, má auka stundafjölda samkvæmt a- og b-liðum um allt að 20% vegna þeirra nemenda, sem eru samtímis í heimavist, m. a. vegna umsjónar utan kennslustunda.

f) Greiddar stundir vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði endurgreiðast úr ríkissjóði, en koma ekki til frádráttar stundafjölda skv. liðunum a—e. Störf stjórnskipaðra prófdómenda teljast ekki með reiknuðum stundum. Sama gildir um greiðslu yfir- og eftirvinnuálags, heimavinnu og vinnu í kaffitímum, sbr. 17. gr.

Almenn ákvæði b—f-liða gilda einnig fyrir iðnfræðsluskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem við getur átt.

Víkja má frá ákvæðum a—e-liða til hækkunar, þegar svo stendur á, að ekki er hægt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða nauðsynlegri umsjón í heimavist eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði (2%) af áætluðum heildarútgjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir, með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs), fleiri en samrýmist reglum a—e eða sérstakri skriflegri undanþágu ráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

Þegar ekki er fullnægt ákvæðum námsskrár um vikulegar kennslustundir og um kennslugreinar og þar af leiðandi ekki þörf fyrir þann stundafjölda, sem greindur er í a- til e-liðum, lækkar fjöldi reiknaðra stunda og samsvarandi greiðslur úr ríkissjóði til samræmis.

Eigi skal að jafnaði setja eða skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skyldukennsla þeirra sé allt að 80% af þeim stundafjölda, er viðkomandi skóli

á rétt á, nema þegar 1—4 kennarar, að skólastjóra meðtöldum, fullnægja kennsluþörf og rétti skólans með fjölda skyldustunda sinna.

Um greiðslur til smábarnaskóla gilda ákvæði 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna.

20. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur, svo og flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, í sömu hlutföllum og stofnkostnaður mundi greiddur. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

21. gr. hljóðar svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að ákveða, að skólar greiði hver um sig árlega miðað við nemendafjölda ákveðið gjald til Fræðslumyndasafns ríkisins, er gangi til að afla innlendra og erlendra fræðslumynda. Gegn þessu gjaldi fái skólarnir afnot af myndum safnsins. Gjaldið greiðist að ¾ úr ríkissjóði, en að ¼ úr sveitarsjóði. Gjaldið skal ákveðið í reglugerð.

22. gr. hljóðar svo:

Sveitarfélög greiða ein húsvörzlu, hitun, lýsingu, ræstingu og allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, og ráða starfslið til þeirra starfa, sem hér um ræðir, að fengnum tillögum skólastjóra.

Í heimavistarskólum fyrir nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, greiðir ríkissjóður, auk framantalins kostnaðar, helming fæðiskostnaðar og helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu.

23. gr. hljóðar svo:

Húsnæði til skólahalds má taka á leigu með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

Hreinar leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla koma í hlut ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur.

Um leigu á eignum skóla má ákveða í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið ákveður heimavistargjöld nemenda í heimavistum í skólum utan skyldunáms, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og skólanefnda svo og iðnfræðsluráðs.

24. gr. hljóðar svo:

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkvæmt 12. gr.

Umráð og umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

Skylt er sveitarfélögum að sjá um eðlilegt viðhald eigna þessara að mati byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

IV. KAFLI

Endurskoðun og reikningshald.

25. gr. hljóðar svo:

Fjármálaeftirlit skóla hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara, að því er varðar skóla, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, samkvæmt því sem

menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð. Skulu fjármálaeftirlitinu afhentir ársreikningar skólanna til endurskoðunar og úrskurðar.

Menntamálaráðuneytinu skal sent samrit ársreikninga skólanna, athugasemda og úrskurða.

Rísi ágreiningur um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

26. gr. hljóðar svo:

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, sem lög þessi taka til, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Val reikningshaldara er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hver skuli annast reikningshald og endurskoðun þeirra skóla, sem taldir eru í 14. gr. og eru að öllu leyti eign ríkisins.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

27. gr. hljóðar svo:

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra og skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir skólans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

28. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið setur reglugerðir um framkvæmd laga þessara.

Stofna skal samstarfsnefnd, skipaða fulltrúum menntamálaráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

29. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu vera komin að fullu til framkvæmda 1. sept. 1968. Þó geta sveitarfélög, sem að húsmæðraskóla standa, að fengnum tillögum skólanefndar, fyrir 1. sept. 1968 ákveðið, að skipting rekstrarkostnaðar skólans skuli áfram fara eftir reglum laga nr. 41/1955.

Jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda falla úr gildi lög nr. 41/1955, með áorðnum breytingum, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Nd. 565. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Óskari Jónssyni.

Við 8. gr. bætist:

6 m.kr. til greiðslu ríkisframlaga vegna vatnsveitna.

Ed. 566. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Helgi Bergs.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 567. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frumv. til athugunar og rætt það á fundi sínum. Mælir nefndin einróma með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Helgi Bergs.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 568. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til (JÁ var fjarstaddur afgreiðslu málsins), að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ákvæði laga nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna, taka ekki til annarra sveitabýla en þeirra, sem stofna vatnsveitufélag, og þar sem öflun neyzluvatns krefst yfirleitt mikils stofnkostnaðar, er ástæða til, að sveitabýli, þótt þau hafi ekki aðstöðu til að eiga aðild að vatnsveitufélagi, geti átt kost á fjárhagslegri aðstoð úr ríkissjóði til vatnsveitna vegna heimilisnota, og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti athuga fyrir næsta reglulegt Alþingi, hvernig slík fjárhagsaðstoð verður bezt tryggð með lagaákvæðum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.	Unnar Stefánsson.

Ed. 569. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir 3. umræðu í neðri deild. JÁ var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.	Unnar Stefánsson.

Nd. 570. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Gíslason.
Guðl. Gíslason.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	Jón Skaftason, með fyrirvara.
	Sverrir Júlíusson.	

Sþ. 571. Breytingartillögur [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá Sigurvin Einarssyni og Hannibal Valdimarssyni.

	þús. kr. 1967	1968
1. Við II. Sundurliðun. I.		
a. Við 2. (Til þjóðbrauta).		
1. Við 5. Nýr liður:		
Vestfjarðavegur (C 1) (um Gufudalssveit)	600	600
2. Við 6. Nýr liður:		
Barðastrandarvegur (C 10) (um Rauðsdal) .....,	450	—
b. Við 3. (Til landsbrauta).		
1. Við 30. Nýr liður:		
Laxárdalsvegur (B 52)	—	300

		þús. kr.	
2.	Við 35. Nýir liðir:		
	a. Reykhólasveitarvegur (C 6)	300	300
	b. Fjarðarhlíðarvegur (C 8)	150	150
	c. Rauðasandsvegur (C 12) (Bjarngötudalur)	350	—
3.	Við 40. Nýir liðir:		
	a. Örlygshafnarvegur (C 13) (Vörðubrekka)	300	—
	b. Kollsvíkurvegur (C 14)	400	—
4.	Við 42. Nýir liðir:		
	a. Ketildalavegur (C 18)	300	300
	b. Selárdalskirkja (C 18—1)	100	—
5.	Við 44. Nýr liður:		
	Svalvogavegur (C 19)	400	—
6.	Við 45. Nýr liður:		
	Ingjaldssandsvegur (C 21) (Sundsheiði)	250	250
7.	Við 49. Nýr liður:		
	Ögurkirkja við Djúp (C 29—1)	100	—
8.	Við 50. Nýir liðir:		
	a. Vatnsfjarðarvegur (C 30) (hjá Hörgshlíð)	150	—
	b. Vatnsfjarðarkirkja (C 30—1)	100	—
	c. Laugardalsvegur (C 31)	150	—
9.	Við 51. Nýr liður:		
	Snæfjallastrandarvegur (C 33)	200	—
10.	Við 52. Nýir liðir:		
	a. Strandavegur (C 37) (Ingólfsfjörður—Seljanes)	200	—
	b. Krossárdalsvegur (C 38)	150	150
	c. Kollabúðaheiðarvegur (C 40)	100	100
2.	Við II. Sundurliðun. III. 2. 2. (Til brúargerða). Nýr liður:		
	Steinadalsá (C 2)	800	—
3.	Við III. kafla.	millj. kr.	
	a. Við II. (Þjóðbrautir).	1967	1968
	1. Við 1. b. (Vestfjarðavegur, Gemlufallsheiði).		
	Við bætist	1.8	—
	2. Við 1. Nýr töluliður:		
	Barðastrandarvegur (C 10) (Kleifaheiði)	1.7	1.7
	b. Við III. (Landsbrautir).		
	1. Við 1. Nýir liðir:		
	a. Tröllatunguheiði (C 4)	2.5	2.5
	b. Tálknafjarðarvegur (C 17)	1.5	1.5
	c. Flateyrarvegur (C 23)	0.5	—
	2. Við 2. Nýr liður:		
	Djúpvegur (C 28) (Eyri—Skarð)	2.5	3.0

Nd. 572. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. til bráðabirgða á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Ragnar Jónsson.	Skúli Guðmundsson.	Einar Ágústsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 573. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Ragnar Jónsson.	Skúli Guðmundsson.	Einar Ágústsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. 574. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Ólafi Jóhannessyni og Helga Bergs.

Við 28. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 575. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila séráliti.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Ragnar Jónsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Ed. 576. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til hafnalaga.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda beggja þingdeilda, sem haldinn var með hafnarmálastjóra og framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Enn fremur hefur nefndin rætt frumvarpið á fundi sínum í dag.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts, eins og það liggur nú fyrir, en tveir nefndarmenn, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, vilja þó áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson.
Gils Guðmundsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Helgi Bergs.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 577. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til laga um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með, að frumvarpið verði samþykkt. JÁ var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson. Unnar Stefánsson.

Ed. 578. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. JÁ var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson. Unnar Stefánsson.

Nd. 579. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. mælir með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Sigurður Bjarnason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Sigurður Ágústsson.
	Guðl. Gíslason.	

Nd. 580. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Óskar Jónsson.
Óskar E. Levy.	Skúli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.
	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.	

Nd. 581. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á þeim lögum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið til Nd. frá Ed., eftir að sú deild hefur gert á því lítils háttar breytingu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það er nú.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason.
Guðl. Gíslason.	Jón Skaftason.	Lúðvík Jósefsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Ed. **582. Lög** [138. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 266.

Ed. **583. Lög** [151. mál]

um listamannalaun.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 296.

Ed. **584. Lög** [123. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 224.

Nd. **585. Lög** [6. mál]

um breyting á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962.

(Afgreidd frá Nd. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. **586. Lög** [166. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 356.

Sþ. **587. Nefndarálit** [184. mál]

um till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Í vegalögum er gert ráð fyrir, að þingsályktunartillaga til vegáætlunar sé lögð fram með fjárlagafrv. í þingbyrjun. Á þetta ákvæði einnig við, þegar um endurskoðun

vegáætlunar er að ræða. Frá þessu ákvæði vegalaga hefur að vísu verið brugðið áður í framkvæmd, en þó aldrei neitt í líkingu við það, sem nú er.

Tillagan var lögð fram 10. apríl s. l., og er verið að ganga frá nefndaráliti tveimur dögum fyrir þingslit. Mótmælir minni hluti fjárveitinganefndar slíkum vinnubrögðum sem algerðri óhæfu.

Þá vill minni hlutinn vekja athygli á því, að fjárveiting til þjóðbrauta hækkar um 6.2 millj. króna, sem er lægri fjárhæð en gengur til afborgana og vaxta af lánum til þjóðbrauta, sem eru 9.9 millj. króna, og aukin fjárveiting til allra landsbrauta í landinu er 0.8 millj. króna. Til hraðbrauta er aukningin engin. Sjá þá allir, hvert stefnir, er svo fer um framkvæmdafé í aukinni dýrtíð og vaxandi álögum á umferðina, eins og verið hefur, síðan gengið var frá vegáætlun fyrir tveimur árum.

Minni hlutinn mun ekki flytja sérstakar breytingartillögur, en áskilur sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að verða bornar af einstökum alþingismönnum.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ágúst Þorvaldsson.

Geir Gunnarsson.

Sþ. 588. Breytingartillögur [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá fjárveitinganefnd.

	millj. kr. 1967	1968
Við III. kafla.		
1. Við I. 1. (Hraðbrautir, Vesturlandsvegur).		
Fyrir „25.8“ kemur		38.2
2. Við II. (Þjóðbrautir).		
a. Við 1. Nýir liðir:		
1. Barðastrandarvegur (C 10)	—	1.0
2. Strandavegur (C 31)	—	0.5
3. Norðurlandsvegur:		
a. Um Hrútafjörð	1.0	1.5
b. Um Æsustaðaskriður í Langadal	—	1.0
b. Við 3. Nýir liðir:		
1. Ólafsfjarðarvegur:		
a. Milli Árgerðis og Karlsár	1.0	1.0
2. Þingeyjarsýslubraut:		
a. Í Aðalreykjadal	1.0	1.0
c. Við 4. Nýr liður:		
Norðfjarðarvegur:		
a. Við Egilsstaði	1.5	—
b. Í Oddsskarði	—	1.0
3. Við III. (Landsbrautir).		
a. Við 1. (Heydalsvegur).		
Fyrir „1.7“ kemur		3.7
b. Við 1. Nýr liður:		
Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	1.0	1.5
c. Við 3. (Djúpvegur).		
Fyrir „0.4“ kemur	0.8	

d. Við 4. Nýir liðir:	millj. kr. 1967	1968
1. Heggstaðanesvegur	—	0.5
2. Deildardalsvegur	—	0.3
3. Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25) (sunnan Mýness)	—	1.0
4. Gullfossvegur	0.5	0.5
5. Eldhraunsvegur	0.5	0.5
6. Mýrdalssandsvegur	0.5	1.5
7. Þykkvabæjarvegur	0.2	0.2

Sþ. 589. Nefndarálit [184. mál]

um till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hluti nefndarinnar mun því skila séráliti.

Við athugun sína á tillögunni leitaði nefndin upplýsinga um einstök atriði vegáætlunarinnar hjá vegamálastjóra, en hann mætti á fundi nefndarinnar. Nefndin er þó sammála um að bera fram nokkrar breytingartillögur við þann kafla laganna, sem fjallar um framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Hefur nefndin leyft sér að flytja þær á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að tillaga til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968 verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Óskar E. Levy. Matthías Bjarnason.

Ed. 590. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skólakostnað.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. mun skila séráliti.

Alþingi, 17. apríl 1967.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Unnar Stefánsson.
Bjartmar Guðmundsson.

Sþ. 591. Breytingartillögur [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Lúðvík Jósefssyni og Páli Þorsteinssyni.

	millj. kr.	
1. Við III. kafla, II. (Þjóðbrautir).		
a. Við 4. Liðurinn orðist svo:	1967	1968
Austurlandsvegur	8.0	8.0
b. Við 4. Nýir liðir:		
1. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (Hellisheiði)	2.5	2.5
2. Norðfjarðarvegur (Oddsskarð)	6.0	6.0
2. Við III. kafla, III. (Landsbrautir). Nýr liður:		
Fjarðarheiðarvegur	3.0	3.0

Nd. 592. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en undirritaðir telja, að gera verði á því talsverðar breytingar, og flytja tillögur um það á sérstöku þingskjali.

Samkvæmt frv. á að afla 125 millj. kr. lánsfjár vegna framkvæmdaáætlunarinnar með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina. Þau útboð, sem fyrr hafa farið fram á slíkum verðtryggðum, skattfrjálsum skuldabréfum, hafa sýnt, að það fé, sem á þennan hátt aflast, kemur að langmestu leyti úr bönkum og sparisjóðum. Samhliða þessari skerðingu á ráðstöfunarfé innlánsstofnana hefur verið gerður samningur við viðskiptabankana um, að þeir keyptu ríkistryggð skuldabréf fyrir 10% sparifjáraukningar á þessu ári, auk þess sem í gildi eru reglur um bindingu 20—30% af sparifjáraukningu þessara stofnana í Seðlabankanum.

Þessi mikla skerðing á fjármagni því, sem þarna um ræðir, teljum við að geri bönkum og öðrum peningastofnunum illfært, að ekki sé sagt ómögulegt, að gegna því hlutverki, sem þeim er ætlað. Lánsfjárskorturinn í landinu er kunnari en svo, að rekja þurfi, og ónógt rekstrarfé flestra fyrirtækja hefur þegar haft hinar alvarlegustu afleiðingar í fjölmörgum tilvikum. Við leggjum því til, að Seðlabankinn noti ekki á þessu ári heimild sína til sparifjárbindingar.

Við gerum í öðru lagi tillögu um það, að umrædd skuldabréf skuli framtalsskyld, en á undanförnum árum hefur það farið mjög í vöxt, að alls konar skuldabréf hafa með lögum verið undanþegin þessari skyldu. Við teljum, að slík ákvæði torveldi mjög eðlilegt skattaeftirlit og að Alþingi eigi ekki að opna slíkar leiðir til undanskots fjármuna.

Þriðja breytingartillaga okkar fjallar um það að verja nokkrum hluta af greiðsluafgangi ársins 1966 til að standa skil á ógreiddum framlögum ríkissjóðs til vega, skóla, sjúkrahúsa, hafna og félagsheimila.

Það er skoðun okkar, að Alþingi beri ákvörðunarvald um það, á hvern hátt greiðsluafgangi ríkissjóðs skuli varið, en slíkt hefur aðeins verið gert að óverulegu leyti nú.

Greiðsluafgangur ársins 1966 mun hafa numið 474 millj. kr. Ef brtt. okkar yrði samþykkt, mundi hann skiptast þannig:

Til verðjöfnunarsjóðs fyrir fiskiðnað	140 millj.kr.
Til hagræðingarsjóðs landbúnaðarins	30 millj.kr.
Til ráðstafana vegna kals í túnum	3 millj.kr.
Til greiðslu skulda skv. brtt.	173 millj.kr.
Til greiðslu yfirdráttar láns í Seðlabanka	128 millj.kr.

Loks flytjum við brtt. um nýja tegund lánastarfsemi, sem miðar að því að efla framleiðslugetu atvinnuveganna. Lagt er til, að veitt verði ríkisábyrgð fyrir 200 millj. kr. láni, sem Framkvæmdasjóður tekur í því skyni að stofna sérstaka framleiðnilánadeild.

Við teljum höfuðnauðsyn, eins og nú hagar til í atvinnulífi þjóðarinnar, að bæta framleiðnina með aukinni vélvæðingu, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.

Fjárskorturinn undanfarin ár hefur leitt til óhagkvæmari rekstrar margra fyrirtækja en vera þyrfti og komið í veg fyrir umbætur á þessu sviði.

Hér þarf að verða breyting á, og að því miðar þessi tillaga.

Alþingi, 18. apríl 1967.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 593. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ, SkG, LJós).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: enda noti Seðlabanki Íslands ekki heimild sína til að binda hluta af sparifjáraukningu banka, sparisjóða og innlánsstofnana á árinu 1967.
2. Við 3. gr. Niður falli orðin: framtalsskyldu og.
3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

   Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966:
   - 94 m.kr. til vegagerðar.
   - 13 m.kr. til bygginga við menntaskóla.
   - 13 m.kr. til viðbyggingar Landsspítalans.
   - 15 m.kr. til hafna.
   - 15 m.kr. til skóla.
   - 15 m.kr. til sjúkrahúsa.
   - 8 m.kr. til félagsheimilasjóðs.

4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Ríkisstjórninni heimilast f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð 200 millj. kr., sem Framkvæmdasjóður Íslands tekur innanlands eða utan í því skyni að stofna sérstaka lánadeild, framleiðnilánadeild, með þeim tilgangi að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu samkvæmt reglum, sem stjórn sjóðsins setur.

   Ákvæði 2. gr. laga nr. 66 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð, ná ekki til framleiðnilánadeildar.

Ed. 594. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til laga um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Tíminn, sem háttv. Ed. er ætlaður til að afgreiða þetta frv., er svo naumt skammtaður, þar sem komið er alveg að þingslitum, að nefndin hefur ekki haft ráðrúm til að athuga frv. til neinnar hlítar.

Þetta er vandasamt mál og margþætt. Sum ákvæði frv. munu vera til bóta miðað við gildandi lög, önnur eru aftur á móti varhugaverð eða jafnvel spor aftur á bak.

Minni hl. menntamálanefndar flytur á sérstöku þingskjali allmargar brtt. við frv. Afstaða hans til málsins mun fara eftir því, hvort þær verða samþykktar.

Alþingi, 18. apríl 1967.

Páll Þorsteinsson, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 595. Breytingartillögur [159. mál]

við frv. til l. um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar (PÞ, KK).

1. Við 5. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Menntamálaráðuneytið skal sjá um eftirlit með undirbúningi skólamannvirkja, endurskoðun reikninga, kostnaðaráætlanir, útboðs- og vinnulýsingar, láta líta eftir, að framkvæmd verksins sé í samræmi við teikningar og útboðs- og vinnulýsingar, sjá um úttekt að verki loknu o. s. frv.
2. Við 6. gr. Aftan við 1. mgr. bætist: og telst þetta til stofnkostnaðar.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað 1. og 2. málsgr. komi:
      Ríkissjóður greiðir 50% stofnkostnaðar fullbúins kennslurýmis þeirra skóla, er lög þessi taka til, og 100% stofnkostnaðar fullbúins heimavistarrýmis. Með heimavistarrými telst m. a. skólastjóra- og kennaraíbúðir. Ríkissjóður greiðir 75% stofnkostnaðar skólastjóraíbúðar heimangöngubarnaskóla, þar sem nauðsyn krefur slíkra bygginga.
   b. Síðasta mgr. orðist svo:
      Hlutaðeigandi sveitarsjóðir greiði þann hluta stofnkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
4. Við 8. gr. Greinin falli niður.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Leikfimihús, sundlaugar, opnar eða yfirbyggðar, og leiksvæði skóla njóti greiðslu úr ríkissjóði til stofnkostnaðar sem kennslurými. Um stærðir þessara mannvirkja og tæki til þeirra skal kveða á í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur.
   Heimilt er ríkissjóði að greiða stofnkostnað íþróttahúsa, félagsheimila, sundlauga, opinna eða yfirbyggðra, og íþróttasvæða, sem bæjar- og sveitarfélög hyggjast reisa ein eða í samvinnu við ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra, á sama hátt og stofnkostnað kennslurýmis í skólum, miðað við nýtingu þeirra vegna skólahalds.

Áður en framkvæmdir hefjast, skal ráðuneytið gera samning við eigendur þeirra mannvirkja, er undir lög þessi falla, að hve stórum hundraðshluta aðild viðkomandi skóla verði, svo og um sameiginlegan rekstur og afnot.

Þátttaka ríkissjóðs í stofnkostnaði íþróttamannvirkja skv. lögum þessum er háð því, að fylgt hafi verið ákvæðum 6. gr. þessara laga um undirbúning og 9. gr. um, hvenær hefja megi framkvæmdir, svo og að mótframlag sveitarfélaga sé greitt, sbr. 15. gr., áður en framlag ríkissjóðs er greitt. Sá hluti íþróttamannvirkis, sem byggður er samkvæmt lögum þessum, nýtur ekki styrks úr íþróttasjóði eða félagsheimilasjóði.

6. Við 13. gr. Fyrri málsl. orðist svo:

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti, ef fjárveitingar til skólamannvirkis nægja ekki til greiðslu ⅓ hluta áætlaðs stofnkostnaðar.

7. Við 14. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Greiðsla á framlagi ríkissjóðs hverju sinni er háð því, að tryggt sé, að framlag viðkomandi sveitarsjóða sé handbært, þegar á þarf að halda.

8. Við 15. gr. Síðari mgr. orðist svo:

Andvirði skólabifreiða greiðir ríkissjóður, ef með því sparast heimavistarrými, að mati ráðuneytisins.

9. Við 19. gr.

a. 3. málsgr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, að reiknaðar stundir eru ekki nægjanlegar, að dómi ráðuneytisins, til að fullnægja námsskrá og þörfum hvers einstaks skóla fyrir nauðsynlega starfskrafta, miðað við starfstíma skóla, nemendafjölda, víxlkennslu og störf þau, sem nauðsynleg eru á þessu sviði, og skal þá fjölga reiknuðum stundum svo, að þessu marki verði náð.

b. 4. mgr. falli niður.

c. 7. mgr. falli niður.

10. Við 20. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum, viðhaldskostnað húsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar og húsaleigu í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Flutningskostnað nemenda, þegar við það sparast heimavist, bygging skólamannvirkja eða hagkvæmt þykir af öðrum ástæðum, greiðir ríkissjóður að fullu. Heilbrigðisþjónustu í öllum skólaflokkum greiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarsjóði.

Ríkissjóður greiðir allan rekstrarkostnað í þeim skólum, sem eru eign ríkisins.

11. Við 22. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Sveitarfélög greiða að hálfu á móti ríkissjóði hitun, rafmagnsnotkun, húsvörzlu og vátryggingargjöld skólamannvirkja. Þó greiðir ríkissjóður að ¾ hitunarkostnað í heimavistarskólum, þar sem ekki nýtur jarðhita. Allan annan rekstrarkostnað, sem ekki er sérstaklega nefndur, greiða sveitarfélög að fullu.

12. Við 23. gr. Síðasta mgr. orðist svo: Heimavistargjöld vegna húsnæðis skulu nemendur ekki greiða.

13. Við 24. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

Skólar gagnfræðastigsins og húsmæðraskólar eru eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur. Ákvæði þetta gildir ekki um framkvæmdir samkvæmt 12. gr.

Nd. 596. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um Skipaútgerð ríkisins.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Efni frv. er eingöngu það að setja Skipaútgerð ríkisins þriggja manna stjórn. Skal ráðherra skipa alla stjórnina og einnig forstjórann.

Þar sem skipum útgerðarinnar hefur fækkað, siglingar þeirra til útlanda fallið niður og þjónusta fyrirtækisins dregizt saman, virðist lítil þörf á að setja þrjá nýja embættismenn við útgerðina.

Þætti hins vegar ráðlegt að setja þessu ríkisfyrirtæki sérstaka stjórn, væri ekki minni þörf á að setja stjórn yfir ýmis önnur ríkisfyrirtæki, t. d. póst- og símamál, raforkumál, vegamál, landssmiðju, áfengis- og tóbaksverzlun og innkaupastofnun, svo að nokkur séu nefnd.

Engin sérstök nauðsyn virðist þó vera á slíkri fjölgun embættismanna og þá ekki heldur hjá Skipaútgerð ríkisins. Því síður virðist eðlilegt, að ráðherra skipi alla mennina í stjórnina og forstjórann í ofanálag. Munu fá eða engin dæmi finnast um slíkt fyrirkomulag hjá öðrum stofnunum ríkisins.

Hér virðist þörf á, að Alþingi spyrni fótum við óþarfri fjölgun embættismanna.

Við undirritaðir, er skipum minni hl. samgöngumálanefndar, leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. apríl 1967.

Sigurvin Einarsson, frsm. Ragnar Arnalds. Björn Pálsson.

Sþ. 597. Breytingartillögur [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá fjárveitinganefnd.

Við II. Sundurliðun. III. 2. (Til brúargerða).

1. Við 5. Textinn orðist svo:
   Svartá hjá Fossum (sýsluv.).
2. Við 10. Textinn orðist svo:
   Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 19).

Sþ. 598. Breytingartillögur [184. mál]

við till. til þál. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

Frá Skúla Guðmundssyni, Birni Pálssyni, Ólafi Jóhannessyni, Ragnari Arnalds.

1. Við I. 3. (Landsbrautir).
   Við 72. Nýr liður:

	þús. kr. 1967	1968
Vegur að Ábæjarkirkju, Skf.	86	

2. Við III. 2. (Brýr 10 m og lengri).
   a. Við 13. Nýr liður:

Austurá hjá Skárast., V.-Hún. (sýsluvegur)		1.500

   b. Við 14. Nýr liður:

Laxá á Þverárfjallsvegi utan við Illugastaði, Skf.		1.500

   c. Við 17. Nýr liður:

Norðurá hjá Borgargerði, Skf.		2.000

Nd. 599. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Útflutningsgjald af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna skal af framleiðslu ársins 1967 vera 4% af fob-verði.

Nd. 600. Lög [8. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 5 29. jan. 1951 og lög nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 518.

Sþ. 601. Þingsályktun [44. mál]

um dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, á hvern hátt hagfelldast væri að koma á samstarfi milli sveitarfélaga, sýslufélaga og ríkis um skipulega uppbyggingu á dvalarheimilum fyrir aldrað fólk víðs vegar um landið.
Í því sambandi skal m. a. haft í huga, að komið verði upp íbúðarhúsum fyrir aldrað fólk, t. d. hjón, sem ættu þess kost að fá húsnæði leigt.

Sþ. 602. Þingsályktun [56. mál]

um athugun á radíóstaðsetningarkerfum fyrir siglingar, með sérstöku tilliti til fiskveiða.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 62.

Sþ. 603. Þingsályktun [64. mál]

um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 72.

Sþ. 604. Þingsályktun [103. mál]

um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlisins í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Verði nefndinni heimilað að ráða sérfræðilega aðstoð, bæði verkfræðilega og hagfræðilega, svo að unnt verði að finna niðurstöðu, byggða á eins traustum grundvelli og mögulegt er, bæði að því er varðar tæknileg og þjóðhagsleg sjónarmið. Í nefndina verði valinn einn maður búsettur á Akranesi.

Nefndin skili áliti sem fyrst, og eigi síðar en í árslok 1968. Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 605. Þingsályktun [133. mál]

um ákvörðun á nýrri vegarlagningu yfir Fjarðarheiði.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á samgöngumálaráðherra að láta, svo fljótt sem við verður komið, fara fram fullnaðarmælingar og áætlanir um nýja vegarlagningu yfir Fjarðarheiði milli Seyðisfjarðar og Héraðs, og sé gerð vegarins við það miðuð, að bifreiðasamgöngum megi halda uppi á þeirri leið hindranalítið á meðalvetrum um snjóalög.

Sþ. 606. Þingsályktun [176. mál]

um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd, er haldi áfram athugunum á því, hvort hagkvæmt muni að taka upp staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Skal, auk mats á hagsmunum ríkissjóðs og skattgreiðenda almennt, leitað álits samtaka sveitarfélaga og helztu samtaka vinnumarkaðarins. Leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi.

Sþ. 607. Breytingartillaga [184. mál]

við brtt. á þskj. 588 [Vegáætlun].

Frá fjárveitinganefnd.

	millj. kr. 1967	1968
Við 2. b. 2. Liðurinn orðist svo:		
Þingeyjarsýslubraut:		
a. Í Aðalreykjadal	1.0	0.5
b. Milli Jökulsár og Þórshafnar	—	0.5

Sþ. **608. Breytingartillaga** [177. mál]

við brtt. á þskj. 554 [Ellefu hundruð ára afmæli byggðar á Íslandi].

Frá Gísla Guðmundssyni.

2. málsgr. falli niður.

Sþ. **609. Þingsályktun** [177. mál]

um undirbúning ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi árið 1974.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar að fela nefnd, sem kosin var hinn 5. maí 1966 til þess að íhuga og gera tillögur um, með hverjum hætti minnzt skuli ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi, að starfa áfram.

Skal nefndinni heimilt að hefja undirbúningsframkvæmdir þeirra tillagna varðandi hátíðina, sem við nánari athugun þykir rétt að framkvæma, en aðalákvarðanir hennar skulu bornar undir ríkisstjórnina, áður en framkvæmdir hefjast.

Nefndinni heimilast að afla sér nauðsynlegrar aðstoðar, og skal greiða kostnað við störf hennar úr ríkissjóði.

Nd. **610. Breytingartillaga** [179. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

Frá Einari Ágústssyni, Skúla Guðmundssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 3. gr. bætist: Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.

Nd. **611. Lög** [158. mál]

um breyting á og viðauka við lög um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 26. apríl 1963.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 317.

Ed. **612. Breytingartillaga** [181. mál]

við frv. til hafnalaga.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 28. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1967.

Sþ. **613. Fjáraukalög** [110. mál]

fyrir árið 1965.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 206.

Nd. **614. Lög** [183. mál]

um breyting til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 418.

Sþ. **615. Þingsályktun** [184. mál]

um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1967 og 1968.

(Afgreidd frá Sþ. 18. apríl.)

Alþingi ályktar, samkv. 17. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963, að árin 1967 og 1968 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi áætlun:

I. ÁÆTLUN UM TEKJUR VEGASJÓÐS 1967—1968

(Fjárhæðir í millj. króna).

	1967	1968
A. Tekjur af benzíngjaldi	260.6	273.8
B. Tekjur af þungaskatti	71.2	75.5
C. Tekjur af gúmmígjaldi	13.2	14.7
D. Ríkisframlag	27.0	
E. Eftirstöðvar tekna fyrri ára	18.2	
	390.2	364.0
F. Umframtekjur frá fyrri árum til að mæta halla 1965 og 1966	59,3	
	449.5	
Frá dregst:		
Áætluð endurgreiðsla benzíngjalds vegna gjaldfrjálsrar sölu undanfarið ár	21.2	21.2
Áætluð endurgreiðsla þungaskatts vegna álagðs þungaskatts undanfarið ár	0.7	0.8
Nettótekjur alls	427.6	342.0

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	1967		1968	
I. Stjórn og undirbúningur:				
1. Launagreiðslur	8100		8945	
2. Eftirlaunagreiðslur	1200		1400	
3. Verkfræðilegur undirbún.	3000		3500	
4. Skrifstofukostn.	2900		2900	
5. Umferðartalning og eftirl.	1200		1000	
		16400		17745
II. Viðhald þjóðvega:				
1. Viðhaldskostn. þjóðv.	134000		139400	
2. Vegamerkingar	1200		1200	
3. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	4100		4600	
		139300		145200
III. Til nýrra þjóðvega:				
1. Til hraðbrauta	10000		10000	
2. Til þjóðbrauta	26490		23630	
3. Til landsbrauta	25410		23942	
4. Til girðinga og uppgræðslu	3176		2823	
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	1900		1700	
		66976		62095
IV. Til fjallvega o. fl.:				
1. Til aðalfjallvega	1000		1000	
2. Til annarra fjallvega	1000		1000	
3. Til reiðvega	200		200	
4. Til ferjuhalds	10		10	
5. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	70		70	
		2280		2280
V. Til brúargerða:				
1. Til stórbrúa	42100		14100	
2. Til brúa 10 m og lengri	13450		19700	
3. Til smábrúa	6200		6300	
4. Tryggingagjöld, orlof o. fl.	2140		1785	
		63890		41885
VI. Til sýsluvegasjóða		13200		13300
VII. Til vega í kaupst. og kaupt.		50160		42750
VIII. Til véla- og áhaldakaupa:				
1. Til véla- og verkfærak.	12000		13000	
2. Til byggingar áhaldahúsa	2000		2000	
3. Til bókasafns verkam.	30		35	
		14030		15035
IX. Til tilrauna í vegag.		2064		1710
		368300		342000
X. Halli á vegáætlun 1966		59300		
		427600		

Sundurliðun.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Til nýrra þjóðvega.

	1967	1968
1. Til hraðbrauta:		
1. Reykjanesbraut	6800	6800
2. Þrengslavegur	3200	3200
Fært á II. III. 1.	10000	10000

	1967	1968	Alls
2. Til þjóðbrauta:			
1. Vesturlandsvegur (B 1):			
a. Hvammsvík—Skeiðhóll	840	—	—
b. Skeiðhóll—Lambasnasir	160	1900	—
c. Kleifahlíð	850	—	—
d. Slitur—Mávadalsá	450	—	—
e. Bjarkarlundur—Kollabúðir	—	840	5040
2. Stykkishólmsvegur (B 26):			
a. Nesvogur	—	400	400
3. Ólafsvíkurvegur (B 37):			
a. Enni	870	830	—
b. Rif	190	290	—
c. Staðarsveit	—	300	2480
4. Grundarfjarðarvegur (B 48):			
a. Kolgrafir—Berserkjahraun	1340	80	1420
5. Vestfjarðavegur (C 1):			
a. Sunnan Þingmannaheiðar	900	1500	—
b. Breiðadalsheiði	1300	1900	5600
6. Barðastrandarvegur (C 10):			
a. Brjánslækur—Þverá	760	340	1100
7. Strandavegur (C 31):			
a. Í Bæjarhreppi	300	—	—
b. Um Kálfalæk	730	—	1030
8. Norðurlandsvegur (E 1):			
a. Í Reykjadal norðan Laugár	400	—	—
b. Austan Jökulsár á Fjöllum	400	—	800
9. Siglufjarðarvegur (D 39)	4500	4300	8800
10. Ólafsfjarðarvegur (E 2):			
a. Um Ólafsfjarðarmúla	1000	1000	2000
11. Kinnarvegur (E 20):			
a. Hjá Krossi	500	—	500
12. Þingeyjarsýslubraut (E 25):			
a. Við Einarsstaði	—	200	—
b. Um Aðaldalshraun	—	800	—
c. Húsavík—Syðri-Tunga	300	—	—
d. Lindarbrekka—Hóll	200	—	—
e. Austan Jökulsár vestan Heiðar	100	350	—
f. Á Ytra-Hálsi	500	500	—
g. Sunnan Þórshafnar	100	600	3650
13. Austurlandsvegur (F 1):			
a. Í Möðrudal	1800	800	—
b. Á Jökuldal	700	—	—
c. Um Hróarstungu	1000	—	—
d. Í Skriðdal	400	—	—

	1967	1968	Alls
e. Á Breiðdalsheiði	1000	420	—
f. Í Breiðdal	—	630	—
g. Streitishvarf—Lónsheiði	850	1450	—
h. Geithellnahr.—Bæjarhr.	500	500	10050
14. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (D 2):			
a. Á Hellisheiði	300	300	—
b. Í Jökulsárhlíð	410	—	1010
15. Norðfjarðarvegur (F 31):			
a. Um Fagradal	500	500	1000
16. Suðurfjarðavegur (F 39):			
a. Í Stöðvarfirði	340	400	740
17. Suðurlandsvegur (G 1):			
a. Gljúfurholtsá—Kotströnd	—	630	—
b. Brekkuholt—Efri-Rauðalækur	1380	620	—
c. Dalsás—Miðdalur	—	470	3100
19. Þingvallabraut (G 3):			
a. Valhöll—Leirugjá	420	—	—
b. Kafli um Vatnsvík og Klifið	200	—	—
c. Valhöll—Vatnsvík	—	780	1400
Fært á II. III. 2.	26490	23630	50120

3. Til landsbrauta:

	1967	1968	Alls
2. Grindavíkurvegur (A 5):			
a. Grindavík—Staður	350	—	—
b. Um Selháls	—	235	585
3. Kjósarskarðsvegur (A 24):			
a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá	150	125	—
b. Um Laxá	—	140	415
4. Dragavegur (B 2)	300	200	500
6. Skorradalsvegur (B 9):			
a. Merkigil—Háafell	270	200	470
8. Flókadalsvegur (B 14)	174	200	374
9. Reykdælavegur (B 16):			
a. Rauðsgil—Búrfell	—	200	200
10. Hálsasveitarvegur (B 17)	300	300	600
11. Grjóthálsvegur (B 20):			
a. Þverárrétt	—	155	155
12. Norðurárdalsvegur (B 22):			
a. Frá Hárekssstöðum	400	400	800
16. Hraunhreppsvegur (B 30):			
a. Um Akra	600	500	1100
17. Heydalsvegur (B 34):			
a. Hnappadalur	—	100	100
19. Skógarnesvegur (B 36)	—	100	100
22. Útnesvegur (B 41):			
a. Hellnahraun—Stapafell	710	270	980
23. Framsveitarvegur (B 43)	150	—	150
24. Skógarstrandarvegur (B 46):			
a. Skógarströnd	340	—	340
25. Langadalsvegur (B 47)	—	90	90
26. Hörðudalsvegur (B 48)	100	100	200
27. Hálsabæjarvegur (B 49)	100	—	100

	1967	1968	Alls
29. Haukadalsvegur (B 51)	150	100	250
30. Laxárdalsvegur (B 52):			
a. Laxárdalur	150	183	—
b. Norðan Laxár—Hjarðarholtsvegur	150	150	633
31. Klofningsvegur (B 53)	800	800	1600
32. Neðribyggðarvegur (B 54)	—	100	100
34. Staðarhólsvegur (B 56)	100	100	200
35. Sælingsdalsvegur (B 57)	—	100	100
40. Örlygshafnarvegur (C 13):			
a. Í Skershlíð	60	—	60
42. Bíldudalsvegur (C 15):			
a. Tálknafj.—Bíldudalur	600	—	—
b. Trostansfj. á Vestfjarðaveg	650	100	1350
44. Svalvogavegur (C 19):			
a. Um og út fyrir Hafnarófæru	300	—	300
45. Ingjaldssandsvegur (C 21):			
a. Um Núp að Alviðru	145	—	—
a. Um Sandheiði	125	—	270
47. Súgandafjarðarvegur (C 25):			
a. Um Botnsdal á Botnsheiði	400	700	1100
48. Bolungarvíkurvegur (C 27)	500	800	1300
49. Djúpvegur (C 29):			
a. Hattareyri—Eyri í Sf.	1200	1500	2700
b. Frá Ögri að Hjöllum			
50. Vatnsfjarðarvegur (C 30):			
a. Í Mjóafirði	150	—	—
b. Í Ísafirði og Reykjarfirði	250	250	650
51. Snæfjallastrandarvegur (C 34):			
a. Mórilla—Lónseyri	265	210	475
52. Strandavegur (C 37):			
a. Í Veiðileysufirði	—	—	—
b. Veiðileysuf.—Djúpuvík	970	—	—
c. Selvíkurhöfði—Reykjarfjarðará	200	—	—
d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík	87	500	—
e. Eyri í Ingólfsf.—Ófeigsfj.	100	100	1957
53. Drangsnesvegur (C 41)	—	254	254
55. Miðfjarðarvegur (D 4):			
a. Norðan Urriðaár	—	300	300
56. Vesturárdalsvegur (D 5):			
a. Að Húki	—	205	205
58. Borgarvegur (D 10):			
a. Frá Síðu að Bjarghúsum	—	315	315
59. Víðidalsvegur (D 11):			
a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi	780	—	780
62. Reykjabraut (D 15):			
a. Frá Beinakeldu að Reykjum	550	500	1050
63. Svínvetningabraut (D 18):			
a. Frá Sauðan.—Ytri-Löngum.	335	—	335
66. Skagavegur (D 23):			
a. Í Gönguskörðum	735	400	1135
67. Neðribyggðarvegur (D 24):			
a. Um Sölvabakka	—	100	100
68. Þverárfjallsvegur (D 26):			
a. Um Njálsstaðabrúnir	—	330	330

		1967	1968	Alls
69.	Reykjastrandarvegur (D 27):			
	a. Fagranesskriður	215	—	215
71.	Skagafjarðarvegur (D 30):			
	a. Við Víðimel	230	—	230
72.	Efribyggðarvegur (D 31):			
	a. Frá Álfgeirsvöllum að Vatni	—	615	615
74.	Sléttuhlíðarvegur (D 50)	77	105	182
75.	Að félagsheimili Varmahlíð (E 1—9)	—	120	120
76.	Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):			
	a. Hóll—Vatnsendi	100	100	200
77.	Svarfaðardalsvegur (E 4):			
	a. Hjá Klaufabrekku	—	430	430
78.	Skíðadalsvegur (E 5):			
	a. Tungur	—	525	525
82.	Hörgárdalsvegur (E 9):			
	a. Möðruvallam.—Dunhagi	350	—	—
	b. Sunnan Þríhyrnings	80	—	430
83.	Dagverðareyrarvegur (E 11):			
	a. Að útvarpsstöð	410	—	410
84.	Blómsturvallavegur (E 12):			
	a. Að Blómsturvallamelum	150	—	150
85.	Eyjafjarðarbraut (E 13):			
	a. Við Rifkelsstaði	100	200	300
86.	Svalbarðsstrandarvegur (E 16):			
	a. Dálksst.—Sveinbjarnargerði	450	—	450
87.	Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):			
	a. Hjá Draflastöðum	375	—	375
89.	Fremstafellsvegur (E 21):			
	a. Frá Kinnarvegi	—	200	200
90.	Út-Kinnarvegur (E 22):			
	a. Norðan Ófeigsstaða	247	—	247
93.	Reykjahverfisvegur (E 26):			
	a. Helluland—Grenjaðarstaður	—	170	170
94.	Hvammavegur (E 27):			
	a. Við nýja brú á Laxá	—	630	630
95.	Fagranesvegur (E 29):			
	a. Sunnan Hellulands	—	150	150
97.	Austurhlíðarvegur (E 32):			
	a. Við Laugaskóla	—	78	—
	b. Norðan Öndólfsstaða	110	—	188
99.	Baldursheimsvegur (E 35):			
	a. Norðan Baldursheims	—	100	100
101.	Uppsveitarvegur (E 38):			
	a. Meiðavellir—Tóveggur	100	—	100
102.	Hólsfjallavegur (E 39):			
	a. Jökulsá—Beitivallamór	540	665	1205
110.	Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9)	600	700	1300
112.	Jökuldalsvegur efri (F 12)	—	500	500
113.	Jökuldalsvegur eystri (F 13)	300	—	300
114.	Hróarstunguvegir (F 14—F 17)	600	460	1060
115.	Fellavegur efri (F 18)	80	—	80
116.	Upphéraðsvegur (F 19)	300	600	900
117.	Suðurdalsv. í Fljótsdal (F 22)	—	100	100
118.	Fjarðarheiðarvegur (F 23)	350	500	850

		1967	1968	Alls
120.	Úthéraðs- og Borgarfj.v. (F 25)	200	700	900
121.	Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15, F 26—F 28)	103	114	217
123.	Mjóafjarðarvegur (F 32)	150	100	250
124.	Viðfjarðarvegur (F 33)	250	—	250
126.	Breiðdalsvegur syðri (F 44)	350	—	350
127.	Axarvegur (F 45)	100	—	100
128.	Djúpavogsvegur (F 46)	400	—	400
129.	Austurlandsv. í Skaftaf. (F 1):			
	a. Austan Jökulsár á Breiðams.	420	500	920
	a. Vestan Jökulsár á Breiðams.	400	400	800
130.	Suðurlandsvegur (G 1):			
	a. Skaftáreldahraun—Hraunbr.—Djúpibr.	820	—	—
	b. Skaftáreldahraun—Dyngjur	400	1470	2690
131.	Þorlákshafnarvegur (G 6):			
	a. Við Þorlákshöfn	—	400	400
133.	Geysisvegur (G 20):			
	a. Stakksá—Neðridalur	430	—	—
	b. Tungufljót—Kjóastaðir	370	633	1433
136.	Urriðafossvegur (G 46):			
	a. Egilsstaðir—Suðurlandsv.	200	—	200
137.	Gaulverjabæjarvegur (G 41)	150	—	150
140.	Rangárvallavegur (G 55):			
	a. Keldur—Reyðarvatn	125	—	125
141.	Þingskálavegur (G 56):			
	a. Um tún á Heiði	280	—	280
142.	Fljótshlíðarvegur (G 60):			
	a. Deild—Þverá	100	300	400
143.	Út-Landeyjavegur (G 62):			
	a. Þúfuvegur—Ytri-Hóll II	107	—	—
	b. Ytri-Hóll II—Ártún	395	640	1142
144.	Álftaversvegur (G 83):			
	a. Herjólfstaðir—Hraunbær	200	200	400
145.	Búlandsvegur (G 84):			
	a. Gröf—Hvammsá	—	125	125
	Fært á II. III. 3.	25410	23942	49352

II. Til aðalfjallvega.

		1967	1968
1.	Kaldadalsvegur	200	150
2.	Kjalvegur	250	300
3.	Sprengisandsleið	350	350
4.	Fjallabaksvegur nyrðri	200	200
	Fært á II. IV. 1.	1000	1000

III. Til brúargerða.

		1967	1968
1.	Stórbrýr:		
1.	Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1)	10.400	
2.	Brúará hjá Spóastöðum (G 11)	4.900	
3.	Fnjóská hjá Hrísagerði (E 1)	11.800	1.700
4.	Eldvatn hjá Ásum (G 1)	3.000	
5.	Jökulsá á Sólheimas. (G 1)	12.000	

	1967	1968
6. Djúpadalsá í Skagaf. (E 1)		
7. Hamarsá í S.-Múl. (F 1)		5.100
8. Hrútá í Öræfum (F 1)		3.600
9. Hverfisfljót í V.-Sk. (G 1)		3.700
Fært á II. V. 1.	42.100	14.100

2. Brýr 10 m og lengri:	1967	1968
1. Flókadalsá hjá Brúsholti	805	
2. Dýrastaðaá í Bf. (E 1)	1.400	
3. Reykjafjarðará í Strs. (C 37)	1.165	
4. Kjósará í Strs. (C 37)	870	
5. Svartá hjá Fossum (sýsluv.)	1.340	
6. Norðurdalsá hjá Tóarseli (sýsluv.)	1.730	
7. Holtsá undir Eyjafj. (G 1)	2.400	
8. Rauðilækur í Rvs. (G 1)	1.740	
9. Gljúfurholtsá og Bakkárholtsá í Ölfusi (G 1)	2.000	2.000
10. Hvítá hjá Bjarnastöðum (B 19)		2.210
11. Staðarhólsá hjá Bjarnast. (sýsluv.)		780
12. Mjóafj.á á Vestfj.v. (C 1)		1.000
13. Kjálkafj.á á Vestfj.v. (C 1)		1.190
14. Katadalsá í V.-Hún. (sýsluv.)		430
15. Húseyjarkvísl í Skf. (sýsluv.)		1.500
16. Flókadalsá í Fljótum í Skf. (sýsluv.)		815
17. Svartá hjá Skeggjast. (sýsluv.)		1.375
18. Torfufellsá í Eyjaf. (E 13)		775
19. Laxá hjá Hólmavaði (E 27)		2.000
20. Eyvindará í Mjóaf. (F 32)		1.450
21. Breiðdalsá í Breiðdal (F 1)		900
22. Njarðvíkurá í Bf. eystra (sýsluv.)		875
23. Fellsá í Suðursveit (F 1)		2.400
Fært á II. V. 2.	13.450	19.700

	1967	1968
3. Smábrýr	6.200	6.300
Fært á II. V. 3.	6.200	6.300

III. FRAMKVÆMDIR VIÐ HRAÐBRAUTIR, ÞJÓÐBRAUTIR OG LANDSBRAUTIR, SEM VERÐA EKKI AÐ ÖLLU LEYTI GREIDDAR AF FÉ VEGASJÓÐS Á ÁÆTLUNARTÍMABILINU

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna.

I. Hraðbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Vesturlandsvegur	24.3	38.2
2. Suðurlandsvegur	17.5	37.3
3. Hafnarfjarðarvegur	17.5	7.5

	1967	1968
4. Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík)	24.2	28.1
5. Reykjanesbraut (um Breiðholt)	8.0	1.3
	91.5	112.4

II. Þjóðbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Vestfjarðavegur:		
a. Sunnan Þingmannaheiðar	3.4	3.1
b. Gemlufallsheiði		1.8
c. Jarðgöng í Breiðadalsheiði	3.7	
d. Breiðadalsheiði	2.0	
2. Barðastrandarvegur (C 10)		1.0
3. Strandavegur (C 31)		0.5
4. Norðurlandsvegur:		
a. Um Hrútafjörð	1.0	1.5
b. Um Æsustaðaskriður í Langadal		1.0
5. Siglufjarðarvegur	17.5	4.4
6. Ólafsfjarðarvegur (Múlavegur)	2.4	1.2
7. Ólafsfjarðarvegur:		
a. Milli Árgerðis og Karlsár	1.0	1.0
8. Þingeyjarsýslubraut:		
a. Í Aðalreykjadal	1.0	0.5
b. Milli Jökulsár og Þórshafnar		0.5
9. Austurlandsvegur (Möðrudalur—Jökuldalur)	3.0	3.0
10. Norðfjarðarvegur:		
a. Við Egilsstaði	1.5	
b. Í Oddsskarði		1.0
11. Suðurfjarðavegur (um Vattarnes)	3.7	4.1
	40.2	24.6

III. Landsbrautir.

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
1. Heydalsvegur	1.0	3.7
2. Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	1.0	1.5
3. Súgandafjarðarvegur		3.1
4. Djúpvegur (Ísafj.-flugvöllur)	0.8	
5. Bolungarvíkurvegur	2.0	
6. Heggstaðanesvegur		0.5
7. Deildardalsvegur		0.3
8. Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25) (sunnan Mýness)		1.0
9. Gullfossvegur	0.5	0.5
10. Eldhraunsvegur	0.5	0.5
11. Mýrdalssandsvegur	0.5	1.5
12. Þykkvabæjarvegur	0.2	0.2
	6.5	12.8

III. a. FRAMKVÆMDIR VIÐ VEG MILLI HÚSAVÍKUR OG MÝVATNS AÐ KÍSILGÚRVERKSMIÐJU

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1967	1968
Vegur frá kísilgúrverksmiðju við Mývatn um Grímsstaði, Hólasand og Reykjahverfi á Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri	29.5	23.1

Nd. **616. Lög** [173. mál]

um Skipaútgerð ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 378.

Nd. **617. Lög** [178. mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 483.

Nd. **618. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga** [170. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

(Afgreitt frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 483.

Nd. **619. Lög** [179. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 399.

Nd. **620. Lög** [129. mál]

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 529.

Nd. **621. Lög** [189. mál]

um breyting á lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 438.

Ed. **622. Orkulög.** [105. mál]

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 423 (sbr. 201).

Ed. **623. Lög** [156. mál]

um sölu lands úr ríkisjörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 308.

Ed. **624. Lög** [190. mál]

um breyting á girðingalögum, nr. 10 25. marz 1965.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 535.

Ed. **625. Lög** [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 373.

Ed. **626. Hafnalög.** [181. mál]

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 546 (sbr. 523).

Ed. **627. Lög** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 541.

Ed. **628. Lög** [198. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 542.

Ed. **629. Lög** [159. mál]

um skólakostnað.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 564 (sbr. 318).

Sþ.

630. Nefndaskipun.

(87. löggjafarþing.)

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. *Fjárveitinganefnd:*

Jón Árnason, formaður,
Halldór Ásgrímsson,
Jónas Pétursson,
Matthías Bjarnason,[1])
Halldór E. Sigurðsson,
Geir Gunnarsson,
Óskar E. Levy,
Birgir Finnsson, fundaskrifari,[2])
Ágúst Þorvaldsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1967 (1, n. 94 (meiri hl.), n. 96 (1. minni hl.), n. 98 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. 1. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Geir Gunnarsson.
2. Fjáraukalög 1965 (206, n. 305).
   Frsm.: Birgir Finnsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Jarðakaup ríkisins (16).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Skipulagning strandferðanna (24).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Dvalarheimili fyrir aldrað fólk (46, n. 472).
   Frsm.: Jón Árnason.
4. Loftpúðaskip (60).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Staðsetningarkerfi fyrir siglingar (62, n. 422).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
6. Lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans (63).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Rannsókn á samgöngumöguleikum yfir Hvalfjörð (199, n. 456).
   Frsm.: Halldór E. Sigurðsson.
8. Olíumöl á Vesturlandsveg (203).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Vegarlagning yfir Fjarðarheiði (254, n. 468).
   Frsm.: Jón Árnason.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 14. til 27. nóv., tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 10. til 23. nóv., tók sæti hans í nefndinni Friðjón Skarphéðinsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga- og allsherjarnefndir.

10. Ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar (390, n. 555).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
11. Staðgreiðsla opinberra gjalda (388, n. 486).
    Frsm.: Jón Árnason.
12. Vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968 (419, n. 587 (minni hl.), n. 589 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
    Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
13. Fiskirækt í fjörðum (196).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Lánasjóður fyrir tækninýjungar í iðnaði (288).
    Nefndarálit kom ekki.

2. *Allsherjarnefnd:*
   Pétur Sigurðsson,
   Einar Ágústsson,
   Matthías Bjarnason, fundaskrifari,
   Axel Jónsson,
   Gísli Guðmundsson,
   Ragnar Arnalds,
   Sigurður Ingimundarson, formaður.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum lánsfé (13, n. 100 (meiri hl.), n. 108 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Ingimundarson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
2. Námslaun o. fl. (23, n. 476 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Axel Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
3. Sumarheimili kaupstaðarbarna í sveit (29, n. 345 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
4. Þyrlur til strandgæzlu (30).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar (65, n. 287).
   Frsm.: Axel Jónsson.
6. Héraðsdómaskipan (15).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu (41).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins (12).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Húsnæðismál (43).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Listasöfn og listsýningar (52).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Afnám fálkaorðunnar (55).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Uppbygging sjónvarps (56).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Skólaskip (61).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

14. Þungaflutningar í snjó (72, n. 485).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
15. Aðbúð og læknaþjónusta fyrir síldarsjómenn (76, n. 311).
    Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
16. Fiskeldisstöðvar (99).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Fullnaðarpróf í tæknifræði (192).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Heildarlöggjöf um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið (195).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Endurskoðun stjórnarskrárinnar (227).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Endurskoðun á sjómannalögum (330).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Auknar sjúkratryggingar (261).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Samstarf gegn alþjóðlegum einokunarauðhringum (212).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Milliþinganefnd um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál (221).
    Nefndarálit kom ekki.

3. *Utanríkismálanefnd:*

Sigurður Bjarnason, formaður,	*Varamenn:* Þorvaldur G. Kristjánsson,
Hermann Jónasson,	Ólafur Jóhannesson,
Davíð Ólafsson,	Gunnar Gíslason,
Matthías Á. Mathiesen,	Guðlaugur Gíslason,
Þórarinn Þórarinsson,	Helgi Bergs,
Einar Olgeirsson,	Gils Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskrifari.	Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Réttur til landgrunnsins (33, n. 383 (minni hl.), n. 457 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Þórarinn Þórarinsson.
   Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
2. Tillögur U Þants til lausnar á styrjöldinni í Vietnam (45).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Diplomatiskt samband við Þýzka alþýðulýðveldið (177).
   Nefndarálit kom ekki.

4. *Kjörbréfanefnd:*
   Matthías Á. Mathiesen, formaður,
   Ólafur Jóhannesson,
   Auður Auðuns,
   Óskar E. Levy,
   Björn Fr. Björnsson,[1])
   Alfreð Gíslason,
   Friðjón Skarphéðinsson, fundaskrifari.
   Nefndin rannsakaði kjörbréf Jóns Ísbergs, 2. (vara)þm. Norðurl. v., og lét uppi munnlegt álit um það.

---

1) Á fundi nefndarinnar 6. apríl tók sæti hans í nefndinni Óskar Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Þingfararkaupsnefnd. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Halldór Ásgrímsson,
Jónas G. Rafnar,
Gunnar Gíslason,
Halldór E. Sigurðsson,
Björn Jónsson,
Jón Þorsteinsson, formaður.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*
Ólafur Björnsson, formaður,
Karl Kristjánsson,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Sveinn Guðmundsson,
Helgi Bergs,
Björn Jónsson,
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari.[1])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Síldarflutningaskip (2, n. 59).
Frsm.: Jón Þorsteinsson.
2. Gjaldaviðauki (3, n. 28).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
3. Lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á millilandaflugvél (4, n. 38).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
4. Framleiðnilánadeild (21, n. 508 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Búnaðarbanki Íslands (47, n. 560 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Karl Kristjánsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
6. Verðjöfnun á olíu og benzíni (64, n. 101).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
7. Rafvæðing Vestur-Skaftafellssýslu (79, n. 509 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
8. Verðstöðvun (157, n. 179 (1. minni hl.), n. 180 (2. minni hl.), n. 181 (meiri hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
9. Tekjuskattur og eignarskattur (194).
Nefndarálit kom ekki.
10. Ríkisreikningurinn 1965 (207, n. 280).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
11. Tollskrá o. fl. (223, n. 285 (meiri hl.), n. 298 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
Frsm. minni hl.: Björn Jónsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 14. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Unnar Stefánsson

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

12. Lífeyrissjóður barnakennara (293, n. 337).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
13. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (294, n. 338).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
14. Skipulag framkvæmda á vegum ríkisins (371).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Lántaka vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967 (399, n. 459 (minni hl.), n. 463 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
16. Kjarasamningar opinberra starfsmanna (418, n. 432).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
17. Tekjuskattur og eignarskattur (438, n. 503).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
18. Heimild til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd o. fl. (266, n. 507).
    Frsm.: Unnar Stefánsson.
19. Orkulög (423 (sbr. 201), n. 526 (1. minni hl.), n. 558 (meiri hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
    Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.
    Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.

2. *Samgöngumálanefnd:*
   Bjartmar Guðmundsson,
   Páll Þorsteinsson,
   Jón Árnason, fundaskrifari,
   Sigurður Ó. Ólafsson,
   Ásgeir Bjarnason,
   Björn Jónsson,
   Jón Þorsteinsson, formaður.

   Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
   1. Vegalög (18, n. 521 (minni hl.)).
      Frsm. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
      Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
   2. Leigubifreiðar (304, n. 341).
      Frsm.: Jón Þorsteinsson.
   3. Skipaútgerð ríkisins (378, n. 440 (meiri hl.), n. 469 (minni hl.)).
      Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
      Frsm. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
      Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 124 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. *Landbúnaðarnefnd:*
   Bjartmar Guðmundsson, formaður,
   Ásgeir Bjarnason,
   Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,
   Jón Árnason,
   Páll Þorsteinsson,
   Björn Jónsson,
   Jón Þorsteinsson.[1])

1) Á fundi nefndarinnar 17. apríl tók sæti hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sala eyðijarðarinnar Lækjarbæjar (81, n. 273).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
2. Framleiðnisjóður landbúnaðarins (154, n. 173).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
3. Jarðræktarlög (220, n. 568).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
4. Sala sex eyðijarða í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu (255, n. 342).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
5. Varnir gegn útbreiðslu sauðfjársjúkdóma (260, n. 324).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
6. Búreikningastofa landbúnaðarins (265, n. 323).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
7. Jarðeignasjóður ríkisins (405, n. 489).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
8. Sala 9 jarða í Neshreppi utan Ennis og Lækjardals í Öxarfjarðarhreppi (416, n. 491).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
9. Sala kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi (417, n. 490).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
10. Sala lands úr jörðinni Grenivík í Grýtubakkahreppi (308, n. 577).
    Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
11. Girðingalög (535, n. 569).
    Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
12. Sala jarðanna Þormóðsdals og Bringna (373, n. 578).
    Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
   Jón Árnason, formaður,
   Helgi Bergs,
   Þorvaldur G. Kristjánsson,
   Sveinn Guðmundsson,
   Ólafur Jóhannesson,
   Gils Guðmundsson,
   Friðjón Skarphéðinsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Bátaábyrgðarfélög (36, n. 392 (meiri hl.), n. 403 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
2. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (37, n. 394 (meiri hl.), n. 404 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
3. Verðlagsráð sjávarútvegsins (69, n. 234).
   Frsm.: Jón Árnason.
4. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (245, n. 502).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

5. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (290, n. 312 (1. minni hl.), n. 315 (2. minni hl.), n. 319 (meiri hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
   Frsm. 2. minni hl.: Gils Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
6. Bann gegn botnvörpuveiðum (8, n. 484).
   Frsm.: Jón Árnason.
7. Togarakaup ríkisins (333).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Hafnalög (546 (sbr. 523), n. 576).
   Frsm.: Jón Árnason.
9. Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum (541, n. 566).
   Frsm.: Jón Árnason.
10. Síldarverksmiðjur ríkisins (542, n. 567).
    Frsm.: Jón Árnason.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna (471).
Frsm.: Jón Árnason.

5. *Iðnaðarnefnd:*
   Þorvaldur G. Kristjánsson,
   Hermann Jónasson,
   Auður Auðuns,
   Sveinn Guðmundsson, fundaskrifari,
   Helgi Bergs,
   Gils Guðmundsson,
   Friðjón Skarphéðinsson, formaður.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnlánasjóður (130, n. 151).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
2. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum (391, n. 446).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
3. Iðnlánasjóður (356, n. 547 (meiri hl.), n. 548 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*
Endurbætur á hitunarkerfi Þjóðleikhússins. Menntmrn. fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 670 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við endurbætur á upphitunarkerfi Þjóðleikhússins. — Bréf 12. okt. (Db. 141).

Endurbætur á húseign karlakórsins Geysis. Stjórn karlakórsins Geysis fer fram á, að kórnum verði veittur 300 þús. kr. styrkur í fjárl. 1967 til greiðslu kostnaðar við endurbætur á húseign kórsins. — Bréf 2. des. (Db. 548).

Endurbætur á hverasvæðum í Hveragerðishreppi. Fjmrn. sendir fjvn. erindi oddvita Hveragerðishrepps, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 200 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við að ljúka við endurbætur á hverasvæðum í hreppnum. — Bréf 25. ágúst. (Db. 37).

Endurbætur á lóð sjómannaskólans. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 800 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við lagfæringu á lóð sjómannaskólans. — Bréf 28. nóv. (Db. 512).

Endurbætur á læknisbústað Borgarneslæknishéraðs. Dómsmrn. fer fram á, að fjárveiting til endurbóta á læknisbústað Borgarneslæknishéraðs hækki um 100 þús. kr. frá því, sem fyrirhugað er í frv. til fjárl. ársins 1967. — Bréf 25. nóv. (Db. 489).

Endurbætur á læknisbústaðnum á Kleppjárnsreykjum.

1. Björn Jónsson fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 650 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við endurbætur á læknisbústaðnum á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði. — Bréf 15. nóv. (Db. 458).
2. Dómsmrn. sendir og mælir með erindi stjórnar læknisbústaðarins á Kleppjárnsreykjum, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við endurbætur á bústaðnum. — Bréf 23. nóv. (Db. 462).

Endurbætur í Reykholti.

1. Einar Guðnason og Vilhjálmur Einarsson fara fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 300 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við að fjarlægja fjós, er stendur við héraðsskólann í Reykholti. — Bréf 20. nóv. (Db. 445).
2. Menntmrn. fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 300 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við að fjarlægja fjós það, sem stendur við héraðsskólann í Reykholti. — Bréf 14. nóv. (Db. 405).

Endurbætur á sendiherrabústað í París. Utanrrn. fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 131 þús. kr. til viðbótar við það, sem áður var farið fram á, til greiðslu kostnaðar við endurbætur á bústað sendiherra Íslands í París. — Bréf 24. nóv. (Db. 472).

Endurbætur á sundhöll Siglufjarðar. Bæjarstjórinn á Siglufirði fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til áframhaldandi endurbóta á sundhöll Siglufjarðar, sama fjárveiting og verið hefur. — Bréf 18. nóv. (Db. 465).

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af benzíni fyrir snjóbifreiðar. Lúðvík Jósefsson, 5. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., og Páll Þorsteinsson, 4. þm. Austf., fara fram á, að á 22. gr. fjárl. 1967 verði heimilað að endurgreiða innflutningsgjald af því benzíni, sem notað er á snjóbifreiðar. — Bréf 18. nóv. (Db. 468).

Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af efni í dráttarbraut M. Bernharðssonar. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., fer fram á, að í 22. gr. fjárl. 1967 verði ríkisstj. heimilað að endurgreiða Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f á Ísafirði aðflutningsgjöld af efni til dráttarbrautar, sem fyrirtækið byggði á árunum 1961—1965. — Bréf 8. des. (Db. 556).

Endurkaup á víxlum út á birgðir fullunninna iðnaðarvara. Seðlabanki Íslands sendir reglur bankans um endurkaup á víxlum út á birgðir fullunninna iðnaðarvara. — Bréf 1. marz. (Db. 722).

Endurnýjun bókasafns Reykjarfjarðarhrepps. Oddviti Reykjarfjarðarhrepps fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittur styrkur til að endurnýja bókasafn hreppsins, en safnið eyðilagðist í eldi haustið 1965. — Bréf 9. nóv. (Db. 373).

Endurnýjun röntgentækja sjúkrahúss Akureyrar. Stjórn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 900 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við endurnýjun á röntgentækjum sjúkrahússins. — Bréf 29. sept. (Db. 52).

Endurnýjun togaraflotans, sjá Lífeyrissjóður togarasjómanna 2.

Endurskoðun laga um lax- og silungsveiði.

1. Stjórn Félags áhugamanna um fiskrækt fer fram á, að styrkur til fiskeldis skv. 16. gr. hækki verulega frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv., að lög um lax- og silungsveiði verði endurskoðuð o. fl. — Bréf 10. nóv. (Db. 365).
2. Þórir Steinþórsson sendir ályktun aðalfundar Landssambands veiðifélaga, sem haldinn var s. l. sumar, varðandi endurskoðun l. um lax- og silungsveiði. — Bréf 3. nóv. (Db. 330).

Endurskoðun reikninga ríkisstofnana. Ríkisendurskoðunin sendir fjhn. Nd. skýrslu yfir, hverju sé ólokið af endurskoðun reikninga ríkisstofnana o. fl. — Bréf 12. apríl. (Db. 874).

Endurskoðun þingskapa Alþingis. Sigurður Bjarnason alþm. sendir frv. og nál. nefndar, sem kosin var til að endurskoða þingsköp Alþingis. — Bréf 1. febr. (Db. 638).

Erfðarannsóknir. Fjmrn. sendir erindi menntmrn. ásamt fskj., þar sem farið er fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 500 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við erfðarannsóknir. — Bréf 7. sept. (Db. 45).

Evrópuráðið. Ritari Evrópuráðsins sendir ályktanir ráðsins til útbýtingar í utanríkismálanefnd og heilbrigðis- og félagsmálanefnd. — Bréf 22. des. (Db. 614). — Sjá einnig Stjórnmálaumræður.

Evrópuþjóðir, sjá Bætt sambúð.

Eysteinn Jónsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 13, Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af benzíni fyrir snjóbifreiðar.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, sjá: Endurbætur á lóð sjómannaskólans, Fiskimálaráð 1, Radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða 1, Rannsóknir á þörungagróðri við strendur Íslands, Skólaskip og þjálfun sjómannsefna 1, Togarakaup ríkisins 1.

Faxaflóabátur, sjá Flóabátaferðir 5.

Fávitastofnanir.

1. Umsögn dómsmrn. um frv. til l. um fávitastofnanir. — Bréf 10. jan. (Db. 610).
2. Lára Sigurbjörnsdóttir sendir ályktun fundar Kvenréttindafélags Íslands frá 18. okt. varðandi hin tíðu landbúnaðarslys og jafnframt ályktun sama fundar, þar sem mælt er með frv. til l. um fávitastofnanir. — Bréf 31. okt. (Db. 301).
3. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um frv. til l. um fávitastofnanir. — Bréf 30. nóv. (Db. 517).

4. Umsögn Styrktarfélags vangefinna um sama frv. — Bréf 17. nóv. (Db. 421).
Ferðakostnaður námsstjóra. Menntmrn. sendir og mælir með erindi fræðslumálastjóra, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 521 120 kr. til greiðslu ferðakostnaðar námsstjóra. — Bréf 6. des. (Db. 543).
Félag áhugamanna um fiskrækt, sjá Styrkur til.
Félag íslenzkra bifreiðaeigenda, sjá Vegaframkvæmdir.
Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, sjá Togarakaup ríkisins 2.
Félag íslenzkra fræða, sjá: Húsnæðismál rannsóknarbókasafna, Lóðaúthlutun Þingvallanefndar.
Félag íslenzkra iðnrekenda, sjá: Iðnlánasjóður 1, Verðjöfnunargjald af veiðarfærum 1.
Félag íslenzkra leikara, sjá Listamannalaun og listasjóður.
Félag íslenzkra niðursuðuverksmiðja, sjá Fiskimálaráð 2.
Félag löggiltra rafvirkjameistara, sjá Orkulög 1.
Félag myndlistaráhugamanna í Neskaupstað, sjá Styrkur til.
Félag Sameinuðu þjóðanna, sjá Styrkur til.
Félag síldar- og fiskmjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, sjá Verðlagsráð sjávarútvegsins 1.
Félagsheimili að Leirá. Menntmrn. sendir og mælir með erindi byggingarnefnda Leirárskóla og félagsheimilisins að Leirá, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 1 418 250 kr. til byggingarinnar. — Bréf 30. nóv. (Db. 528).
Félagsmálaráðuneytið, sjá: Tekjustofnar sveitarfélaga 3, Tillögur.
Finnur Ó. Thorlacius, sjá Eftirlaun og styrktarfé 7.
Fiskeldisstöðvar. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um till. til þál. um fiskeldisstöðvar. — Bréf 13. marz (Db. 784).
Fiskiðja ríkisins. Umsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um frv. til l. um Fiskiðju ríkisins. — Bréf 8. marz. (Db 755).
Fiskifélag Íslands, sjá: Fiskimálaráð 3, Tillögur.
Fiskimálaráð.
1. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um frv. til l. um Fiskimálaráð. — Bréf 25. marz. (Db. 821).
2. Umsögn Félags ísl. niðursuðuverksmiðja um sama frv. — Bréf 16. marz. (Db. 796).
3. Umsögn Fiskifélags Íslands um sama frv. — Bréf 29. marz. (Db. 825).
4. Umsögn fiskimálasjóðs um sama frv. — Bréf 10. apríl. (Db. 859).
5. Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna um sama frv. — Bréf 3. apríl. (Db. 828).

Fiskimálasjóður, sjá Fiskimálaráð 4.
Fiskrækt í Lagarfljóti. Veiðimálastjóri sendir greinargerð um fiskrækt á vatnasvæði Lagarfljóts. — Bréf 30. nóv. (Db. 506).
Fiskræktarsjóður. Þórir Steinþórsson sendir ályktun Landssambands veiðifélaga, sem haldinn var s. l. sumar, varðandi stofnun fiskræktarsjóðs. — Bréf 3. nóv. (Db. 328).
Fiskveiðasjóður Íslands, sjá: Bann gegn botnvörpuveiðum 2, Lækkun dráttarvaxta.
Fiskveiðilandhelgi, sjá: Botnvörpuveiðar innan, Togveiðar innan.
Fiskveiðilandhelgi Íslands úti fyrir Vestfjörðum. Jón Hálfdánarson sendir ályktun hreppsnefndar Flateyrarhrepps frá 28. okt. varðandi fiskveiðilögsögu Íslands úti fyrir Vestfjörðum og Breiðafirði. — Bréf 29. okt. (Db. 327).
Fjarðarheiði, sjá: Snjóbifreiðaferðir yfir, Vegagerð yfir.
Fjárlög 1967.
1. Samgmrn. fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á 13. gr. frv. til fjárl. ársins 1967, að því er varðar rekstraráætlun alþjóðaflugþjónustunnar á Íslandi. — Bréf 29. nóv. (Db. 501).
2. Utanrrn. fer fram á, að tilteknar breytingar verði gerðar á frv. til fjárl.

ársins 1967, að því er varðar fjárveitingu til Alþjóðarauðakrossins o. fl. — Bréf 24. nóv. (Db. 475).

3. Skólastjóri Barnamúsikskóla Reykjavíkur fer fram á, að fjárveiting til skólans skv. fjárl. 1967 hækki frá því, sem fyrirhugað er í frv. til fjárl. ársins 1967. — Bréf 12. okt. (Db. 70).
4. Bókafulltrúi fer fram á, að tilteknar breytingar til hækkunar verði gerðar á frv. til fjárl. 1967, að því er varðar fjárveitingar til bókasafna. — Bréf 18. nóv. (Db. 504).
5. Samgmrn. fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 400 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við hafnarannsóknir og mælingar. — Bréf 28. nóv. (Db. 495).
6. Menntmrn. sendir og mælir með erindi Háskóla Íslands, þar sem farið er fram á, að fjárveiting til orðabókar háskólans hækki um 125 þús. kr. frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1967. — Bréf 15. nóv. (Db. 404).
7. Menntmrn. sendir og mælir með erindi háskólarektors, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu launa vélritunarstúlku við háskólann. — Bréf 8. des. (Db. 561).
8. Skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands fer fram á, að tilteknir liðir á 14. gr. í frv. til fjárl. ársins 1967 verði hækkaðir. — Bréf 13. nóv. (Db. 428).
9. Jónas Pétursson fer fram á f. h. hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við byggingu íþróttahúss við barna- og unglingaskóla Reyðarfjarðar. — Bréf 26. sept. (Db. 69).
10. Íþróttasamband Íslands fer fram á, að fjárveitingar í fjárl. 1967 til íþróttasjóðs hækki verulega frá því, sem nú er. — Bréf 20. sept. (Db. 49).
11. Menntmrn. sendir og mælir með erindi skólameistara menntaskólans á Akureyri, þar sem farið er fram á, að fjárveitingar til skólans skv. fjárl. 1967 hækki um 755 þús. kr. frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. ársins 1967. — Bréf 18. nóv. (Db. 370).
12. Rektor menntaskólans í Reykjavík gerir tilteknar athugasemdir við fjárlfrv. ársins 1967 að því er varðar fjárveitingar til skólans. — Bréf 6. des. (Db. 549).
13. Fjmrn. fer fram á, að tiltekin breyt. verði gerð á 22. gr. fjárlfrv. fyrir árið 1967, þess efnis, að heimilað verði að ábyrgjast lán fyrir A.S.Í. og önnur verkalýðssambönd að upphæð allt að 10 millj. kr. vegna byggingar orlofsheimila. — Bréf 7. des. (Db. 570).
14. Menntmrn. fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 200 þús. kr. til styrktar óperuflutnings o. fl. og hækki því liðurinn „styrkur til tónlistarstarfsemi samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins“ um þá upphæð. — Bréf 27. nóv. (Db. 490).
15. Menntmrn. sendir erindi Ríkisútgáfu námsbóka, þar sem farið er fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 3 615 000 kr. til útgáfunnar. — Bréf 12. nóv. (Db. 393).
16. Dómsmrn. fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 600 þús. kr. til greiðslu á rottueyðingarkostnaði sveitarfélaga skv. l. nr. 27 1945. — Bréf 28. nóv. (Db. 502).
17. Fjmrn. fer fram á, að fjárveiting til Slysavarnafélags Íslands skv. fjárl. 1967 hækki um 75 þús. kr. frá því, sem fyrirhugað er í fjárlfrv. 1967, og renni féð til greiðslu aðflutningsgjalda af fjallabúnaði fyrir björgunarsveitir félagsins. — Bréf 6. des. (Db. 565).
18. Bæjarstjórinn á Sauðárkróki gerir fyrirspurn varðandi fjárveitingu í fjárl. 1967 til sundlaugarinnar á Sauðárkróki. — Bréf 18. febr. (Db. 695).
19. Utanrrn. fer fram á, að í fjárl. 1967 verði ríkisstj. heimilað að greiða hluta Íslands af kostnaði, sem leiðir af flutningi NATO frá París til Belgíu. — Bréf 24. nóv. (Db. 479).

20. Utanrrn. fer fram á, að tilteknar breytingar til hækkunar verði gerðar á frv. til fjárl. ársins 1967 (launagreiðslur við embætti sendifulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum). — Bréf 25. nóv. (Db. 482).
21. Vélanefnd ríkisins fer fram á, að fjárveiting til vélasjóðs skv. fjárl. 1967 verði 2 400 000 kr. — Bréf 9. nóv. (Db. 361).
22. Vélanefnd fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 2 millj. kr. til kaupa á jarðræktarvélum. — Bréf 11. nóv. (Db. 367).

Fjármálaráðuneytið, sjá: Bókasöfn verkalýðsfélaga, Endurbætur á hverasvæðum í Hveragerðishreppi, Fjárlög 1967 13, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Húsaleigustyrkur presta, Kaup á Nonnahúsi á Akureyri 1, Snjóbifreiðaferðir Guðmundar Jónassonar, Tillögur.

Flóabátaferðir.

1. Breiðafjarðarbátur. Lárus Guðmundsson fer fram á f. h. flóabátsins Baldurs h/f, að félaginu verði veittur 1500 þús. kr. styrkur á árinu 1967 til rekstrar Breiðafjarðarbáts. — Bréf 3. nóv. (Db. 322).
2. Aðalsteinn Aðalsteinsson, oddviti Flateyjarhrepps, fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittur styrkur til útgerðar Breiðafjarðarbátsins m/b Konráðs í Flatey. — Bréf 28. okt. (Db. 384).
3. Djúpbátur. Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., sendir reikninga og rekstraráætlun fyrir Djúpbátinn h/f ásamt umsókn um rekstrarstyrk fyrir Djúpbátinn á árinu 1967. — Bréf 10. nóv. (Db. 363).
4. Dýrafjarðarbátur. Oddviti Mýrahrepps í V.-Ísafjarðarsýslu fer fram á, að veittur verði styrkur í fjárl. 1967 til rekstrar Dýrafjarðarbáts. — Bréf 15. okt. (Db. 607).
5. Faxaflóabátur. Stjórn Skallagríms h/f fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittur styrkur vegna ferða m/s Akraborgar frá Reykjavík til Akraness og Borgarness. — Bréf 2. nóv. (Db. 332).
6. Mjóafjarðarbátur. Oddviti Mjóafjarðarhrepps fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 200 þús. kr. til rekstrar Mjóafjarðarbáts. — Bréf 28. okt. (Db. 298).
7. Skipaútgerð ríkisins sendir greinargerð um rekstur ýmissa flóabáta. — Bréf 23. nóv. (Db. 470).

Flugbíll, sjá Smíði.

Flugmálafélag Íslands, sjá Styrkur til.

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, sjá Styrkur til.

Forseti Íslands þakkar afmæliskveðjur Alþingis sér til handa. — Bréf í maí. (Db. 5).

Forseti Íslands þakkar jóla- og nýárskveðjur sér til handa. — Bréf ódagsett. (Db. 630).

Forsætisráðuneytið, sjá: Aldarafmæli Ísafjarðarkaupstaðar, Samkomudagur Alþingis, Tillögur.

Fóstruskóli, sjá Barnaheimili og.

Fóstruskóli Sumargjafar, sjá Styrkur til.

Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, sjá Húsnæðismál 1.

Framkvæmdavald, sjá Dreifing.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Fjmrn. fer fram á, að ríkisstj. verði heimilað í 22. gr. fjárl. 1967 að verja 30 millj. kr. af greiðsluafgangi ársins 1966 til framleiðnisjóðs landbúnaðarins. — Bréf 26. nóv. (Db. 505).

Framsagnarnámskeið fyrir laganema í Háskóla Íslands. Menntmrn. sendir erindi varðandi kostnað við framsagnarnámskeið fyrir laganema í Háskóla Íslands og leggur til, að vegna þess verði veittar 25 þús. kr. í fjárl. 1967. — Bréf 3. des. (Db. 527).

Fráfall Steingríms Steinþórssonar. Theodóra Sigurðardóttir þakkar samúðarkveðjur Alþingis vegna fráfalls Steingríms Steinþórssonar fyrrv. ráðherra og búnaðarmálastjóra. — Bréf ódagsett. (Db. 600).

Friðarverðlaun Nóbels. Nóbelsnefnd norska Stórþingsins sendir dreifibréf varðandi úthlutun friðarverðlauna Nóbels fyrir árið 1967. — Bréf 25. nóv. (Db. 602).
Friðjón Skarphéðinsson, sjá: Bygging lögreglustöðvar o. fl. á Akureyri, Eftirlaun og styrktarfé 24, Styrkur til æskulýðsmálanefndar Eyjafjarðar.
Frjálsíþróttasamband Íslands, sjá Styrkur til.
Fræðileg rannsókn á skólakerfinu. Menntmrn. fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 1 024 528 kr. til greiðslu kostnaðar við fræðilega rannsókn á skólakerfinu. — Bréf 27. okt. (Db. 275).
Fræðslumálastjóri, sjá: Námslaun, greiðsla skóladvalarkostnaðar o. fl. 2, Tillögur.
Fullnaðarpróf í tæknifræði o. fl.
1. Umsögn Tæknifræðingafélags Íslands um till. til þál. um fullnaðarpróf í tæknifræði o. fl. — Bréf 13. marz. (Db. 781).
2. Umsögn Tækniskóla Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 13. marz. (Db. 776).
3. Skólafélag Tækniskóla Íslands skorar á Alþingi að samþ. sömu till. til þál. — Bréf í febr. (Db. 739).

Fyrirhleðsla í Grundará í Eyrarsveit. Stephan Stephensen fer fram á f. h. ábúanda og eiganda jarðarinnar Grundar í Eyrarsveit á Snæfellsnesi, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslu í Grundará í Eyrarsveit á Snæfellsnesi. — Bréf 22. sept. (Db. 48).
Fyrirhleðsla í Héraðsvötn. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v., fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslu í Héraðsvötn í Skagafirði. — Bréf 14. nóv. (Db. 407).
Fyrirhleðsla í Kollabúðaá. Þorvaldur G. Kristjánsson, 4. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, 11. landsk. þm., og Sigurður Bjarnason, 2. þm. Vestf., fara fram á, að Sigurði Kristjánssyni bónda, Kollabúðum, verði veittur 40 þús. kr. styrkur til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslu í Kollabúðaá. — Bréf 8. nóv. (Db. 356).
Fyrirhleðsla í Laxá í Vestur-Skaftafellssýslu. Guðjón Ólafsson, Blómsturvöllum, fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 90 þús. kr. vegna fyrirhleðslu í Laxá í Vestur-Skaftafellssýslu. — Bréf 24. okt. (Db. 456).
Fyrirhleðsla í Reykjadalsá í Miðdölum. Arngrímur Magnússon fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslu í Reykjadalsá í Miðdölum, Dalasýslu. — Bréf 6. nóv. (Db. 369).
Fyrirhleðsla í Vatnsdalsá. Gunnar Gíslason fer fram á f. h. Gísla Pálssonar á Hofi í Vatnsdal, að veitt verði fé á fjárl. 1967 til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslu í Vatnsdalsá undan landi Hofs. — Bréf 14. nóv. (Db. 406).
Fyrirhleðsla í Þverá í Þverárhlíð. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., fer fram á f. h. bændanna að Kvíum í Þverárhlíð í Mýrasýslu, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslu í Þverá í Þverárhlíð. — Bréf 15. nóv. (Db. 437).
Fyrirhleðslur í ám í Austur-Skaftafellssýslu. Páll Þorsteinsson fer fram á, að fé verði veitt í fjárl. 1967 til greiðslu kostnaðar við fyrirhleðslur í ýmsum ám í Austur-Skaftafellssýslu. — Bréf 18. nóv. (Db. 426).

Gagnfræðaskóli á Sauðárkróki, sjá Bygging.
Gagnfræðaskóli á Selfossi, sjá Bygging.
Garveda, Anna, sjá Ríkisborgararéttur.
Geðverndarfélag Íslands, sjá Styrkur til.
Geir Hallgrímsson, sjá Varaþingmenn 2.
Gillert, Kristin, sjá Ríkisborgararéttur.
Gísli Guðmundsson, sjá: Barnakennsla í Fjallahreppi, Hafnargerðir og lendingarbætur 3, Snjóbifreiðaferðir á austanverðu Norðurlandi.

Goodall, Alexander Littlejohn, sjá Ríkisborgararéttur.
Greiðasala í Staðarskála í Hrútafirði. Óskar E. Levy, 4. þm. Norðurl. v., fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittur hærri styrkur en verið hefur til þess að halda uppi greiðasölu fyrir ferðamenn í Staðarskála í Hrútafirði. — Bréf 16. nóv. (Db. 403).
Grenivík, sjá Sala landspildu úr ríkisjörðinni.
Gróðurvernd í Búðahrauni. Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 50 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við gróðurvernd í Búðahrauni. — Bréf 5. nóv. (Db. 326).
Grundará í Eyrarsveit, sjá Fyrirhleðsla í.
Grýtubakkahreppur, sjá: Sala landspildu úr ríkisjörðinni Grenivík, Sala sex eyðijarða í Grýtubakkahreppi.
Guðfræðideild Háskóla Íslands, sjá Skipun prestakalla 3.
Guðlaugur Gíslason, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 12, Styrkur til náttúrugripasafns í Vestmannaeyjum, Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum 2.
Guðmundur J. Einarsson, sjá Sala Uppsala í Barðastrandarhreppi 1.
Guðmundur Elíasson, sjá Málverk af forsetum Alþingis.
Guðmundur Guðlaugsson, sjá Ríkisborgararéttur.
Guðmundur Jónasson, sjá Snjóbifreiðaferðir Guðmundar Jónassonar.
Guðmundur Jónsson, sjá Minnisvarði um Svein Pálsson.
Gunnar Gíslason, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 11, Fyrirhleðsla í Héraðsvötn, Fyrirhleðsla í Vatnsdalsá, Skólabifreið fyrir Staðarhrepp, Styrkur til Jóns Björnssonar á Hafsteinsstöðum, Varaþingmenn 6, Vatnsveita fyrir Bæ á Höfðaströnd, Vatnsveita fyrir Holtsmúla í Skagafjarðarsýslu.
Gunnar Guðbjartsson, sjá: Skólakostnaður 1, Styrkur til Vatnsveitufélags Eiðhúsabænda.
Gusik, Luzia Martha Theresia, sjá Ríkisborgararéttur.
Günter Hammer biður um að fá sendar upplýsingar um íslenzk frímerki o. fl. — Bréf 20. maí. (Db. 3).
Gyula Kohn sendir bók um ævi Johns F. Kennedy Bandaríkjaforseta. — Bréf 14. des. (Db. 598).

Hafnalög.
1. Eimskipafélag Íslands h/f mótmælir tilteknum ákvæðum í frv. til hafnalaga. — Bréf 12. apríl. (Db. 871).
2. Hafnarstjórinn í Reykjavík gerir tilteknar athugasemdir við sama frv. — Bréf 13. apríl. (Db. 880).

Hafnargerðir og lendingarbætur.
1. Brjánslækur. Hreppsnefnd Barðastrandarhrepps fer fram á, að í fjárlögum 1967 verði veitt fé til að fullgera bryggju á Brjánslæk. — Bréf 22. nóv. (Db. 584).
2. Eyri í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp. Oddviti Reykjarfjarðarhrepps fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veitt fé til byggingar bryggju á Eyri í Mjóafirði. — Bréf 9. nóv. (Db. 374).
3. Heiðarhöfn. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e., fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 100 þús. kr. til byggingar ferjubryggju í Heiðarhöfn á Langanesi. — Bréf 5. des. (Db. 530).
4. Ólafsvíkurhöfn. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl., sendir og mælir með erindi hrepps- og hafnarnefnda Ólafsvíkurhrepps varðandi hafnarbætur í Ólafsvík. — Bréf 24. nóv. (Db. 473).
5. Siglufjarðarhöfn. Bæjarstjórinn á Siglufirði fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til dýpkunarframkvæmda í Siglufjarðarhöfn, og jafnframt, að fjárveiting til hafnarinnar verði svo há sem mögulegt sé. — Bréf 22. nóv. (Db. 493).

6. Stokkseyrarhöfn Landbrh. sendir og mælir með erindi hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til hafnarbóta á Stokkseyri. — Bréf 27. okt. (Db. 268).
7. Umsögn stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um frv. til l. um ríkisframlag til hafnargerða og lendingarbóta. — Bréf 6. des. (Db. 588).
8. Umsögn vita- og hafnarmálastjóra um sama frv. — Bréf 18. nóv. (Db. 430).

Hafnarstjórinn í Reykjavík, sjá Hafnalög 2.

Hafnsaga í Höfn í Hornafirði. Sveitarstjóri Hafnarhrepps fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittur 200 þús. kr. styrkur vegna hafnsögu í Hornafirði. — Bréf 16. nóv. (Db. 439).

Hafrannsóknastofnun, sjá: Bann gegn botnvörpuveiðum 3, Lax- og silungsveiði 4.

Halldór Ásgrímsson, sjá: Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af benzíni fyrir snjóbifreiðar, Landþurrkun í Út-Hjaltastaðaþinghá.

Halldór E. Sigurðsson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 29, Fyrirhleðsla í Þverá í Þverárhlíð, Hægri handar akstur 2.

Hamborg, sjá Sýning á íslenzkri alþýðulist.

Handritastofnun Íslands, sjá Ráðning aðstoðarstúlku í handritaviðgerðarstofu.

Hannibal Valdimarsson, sjá: Skógarvörður fyrir Vestfirði, Útflutningsgjald af sjávarafurðum 1—2, Varaþingmenn 20.

Hansen, Dagmar Johanne Pauline, sjá Ríkisborgararéttur.

Háskóli Íslands, sjá: Framsagnarnámskeið fyrir laganema, Tillögur.

Hásætisræða Ólafs Noregskonungs. Utanrrn. sendir afrit af bréfi sendiráðs Íslands í Osló, þar sem skýrt er frá forsetakjöri í norska þinginu, ásamt eintaki af hásætisræðu Ólafs Noregskonungs, er haldin var við setningu Stórþingsins norska. — Bréflaust. (Db. 72).

Heaney, Ann Patricia, sjá Ríkisborgararéttur.

Heaney, Charles William, sjá Ríkisborgararéttur.

Helga Friðbjarnardóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 8.

Helgi Þórarinsson, sjá Sala Skarðs í Snæfjallahreppi 1.

Herdís Guðmundsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 9.

Herferð gegn hungri, sjá Styrkur til.

Hermann Jónasson, sjá Skógarvörður fyrir Vestfirði.

Héraðsskóli í Austur-Skaftafellssýslu. Umsögn fræðslumálastjóra um frv. til l. um héraðsskóla í Austur-Skaftafellssýslu. — Bréf 5. apríl. (Db. 837).

Héraðsskólinn á Laugarvatni, sjá Viðhald og endurbætur á.

Héraðsvötn, sjá Fyrirhleðsla í.

Hið íslenzka náttúrufræðifélag, sjá Styrkur til.

Hilmar S. Hálfdánarson, sjá Varaþingmenn 3—4.

Hjúkrunarfélag Íslands, sjá Skipulagning hjúkrunarmála.

Hjörtur E. Þórarinsson, sjá Varaþingmenn 5.

Holm, Caspar Peder, sjá Ríkisborgararéttur.

Hólmfríður Jónsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 10.

Hólmfríður Rögnvaldsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 11.

Hótelstjórinn á Hótel Sögu tilkynnir leigutaxta herbergja á hótelinu og býður ýmsa aðra þjónustu hótelsins til samkvæmishalds o. fl. — Bréf ódagsett. (Db. 427).

Hríseyjarferja. Hilmar Símonarson fer fram á, að honum verði heimilað að hækka fargjöld með Hríseyjarferjunni. — Bréf 3. des. (Db. 558). — Sjá einnig Styrkur til vélarkaupa.

Hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.
1. Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn tilkynnir, að Carl Sæmundsen stórkaupmaður komi til Reykjavíkur til að afhenda Alþingi hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. — Símskeyti 16. júní. (Db. 6).
2. Carl Sæmundsen sendir Alþingi gjafaafsal fyrir svonefndu Jóns Sigurðssonar húsi í Kaupmannahöfn. — Bréf 17. júní. (Db. 7).

3. Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn sendir bréf Carls Sæmundsens stórkaupmanns ásamt fskj., þar sem tilkynnt er ákvörðun kaupmannsins um að afhenda Alþingi hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn að gjöf. — Bréf 15. júní. (Db. 8).
4. Sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn tilkynnir, að B. Husted-Andersen landsréttarlögmaður muni annast þinglýsingu á afsali fyrir húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn og jafnframt muni hann sjá um stjórn og rekstur hússins í samráði við sendiráðið. — Bréf 7. júlí. (Db. 17).
5. Sendiherra Íslands í Danmörku tilkynnir, að leigutaki kjallarans í húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn hafi fallizt á að rýma kjallarann gegn nokkurri bótagreiðslu. — Bréf 5. des. (Db. 551).
6. Carl Sæmundsen sendir Alþingi árnaðaróskir í tilefni áramótanna og vonar, að takast megi að gera hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn að virðulegum minnisvarða. — Símskeyti 29. des. (Db. 603).
7. Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn sendir svör Husted-Andersens við spurningum forseta Alþingis varðandi leigu á húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. — Bréf 18. jan. (Db. 611).
8. Carl Sæmundsen sendir erindi varðandi hús Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn. — Bréf 26. jan. (Db. 629).

Húsaleigustyrkur presta. Fjmrn. sendir erindi Prestafélags Íslands, þar sem farið er fram á, að húsaleigustyrkur presta, þeirra sem ekki búa í embættisbústöðum, hækki. — Bréf 4. nóv. (Db. 320).

Húsmæðraskólinn á Ísafirði, sjá Bygging kennaraíbúða við.

Húsnæði fyrir Tækniskóla Íslands. Menntmrn. sendir erindi Tækniskóla Íslands, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 485 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við innréttingu á tveimur stofum í sjómannaskólahúsinu fyrir skólann. — Bréf 22. okt. (Db. 229).

Húsnæðismál.

1. Umsögn Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar um till. til þál. um húsnæðismál. — Bréf 14. marz. (Db. 789).
2. Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um sömu till. til þál. — Bréf 11. apríl. (Db. 864).

Húsnæðismál rannsóknarbókasafna.

1. Stjórn Félags íslenzkra fræða sendir ályktun fundar félagsins frá 7. apríl varðandi húsnæðismál tveggja stærstu rannsóknarbókasafna þjóðarinnar o. fl. — Bréf 8. apríl. (Db. 857).
2. Formaður Félags íslenzkra fræða sendir ályktun fundar félagsins varðandi nauðsyn þess, að sérhver þjóð eigi á að skipa góðu vísindalegu bókasafni, o. fl. — Bréf 17. apríl. (Db. 889).

Húsnæðismálastofnun ríkisins.

1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 22. des. 1965, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. — Bréf 7. marz. (Db. 753).
2. Helgi Arnlaugsson sendir ályktun aðalfundar Sveinafélags skipasmiða frá 28. febr., þar sem skorað er á Alþingi að samþ. sama frv. — Bréf 3. marz. (Db. 735).

Hvalfjörður, sjá Rannsókn á samgöngumöguleikum yfir.

Hveragerði, sjá Endurbætur á hverasvæðum í.

Hægri handar akstur.

1. Björgvin Sigurðsson sendir ályktun fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Árnessýslu, þar sem skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu um, hvort taka eigi upp hægri handar akstur á Íslandi. — Bréf 19. febr. (Db. 707).

2. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl., sendir undirskriftalista með nöfnum 206 alþingiskjósenda í Vesturlandskjördæmi, þar sem skorað er á Alþingi að láta fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu um, hvort taka eigi upp hægri handar akstur á Íslandi. — Bréflaust. (Db. 891).
3. Óskar Jónsson, 4. þm. Sunnl., sendir undirskriftalista frá 660 bifreiðastjórum o. fl. í Suðurlandskjördæmi, þar sem mótmælt er, að tekinn verði upp hægri handar akstur á Íslandi. — Bréf 11. apríl. (Db. 862).
4. Óskar Jónsson, 4. þm. Sunnl., sendir undirskriftalista með nöfnum 754 atvinnu- og einkabifreiðastjóra, þar sem mótmælt er, að upp verði tekinn hægri handar akstur á Íslandi, og óskað er eftir, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um málið. — Bréf 17. apríl. (Db. 884).

Höfn í Hornafirði, sjá: Hafnsaga í, Sjóvarnargarður við.

Höggmyndalist Gunnfríðar Jónsdóttur. Gunnfríður Jónsdóttir fer fram á, að henni verði veittur styrkur í fjárl. 1967 vegna útgáfu bókar um höggmyndalist hennar. — Bréf 10. nóv. (Db. 380).

Hörgá, sjá Brú á.

Iceland Review, sjá Styrkur til.

Iðnaðarbanki Íslands, sjá Iðnlánasjóður 2—3.

Iðnaðarmálaráðuneytið, sjá: Iðnlánasjóður 4, Stjórn Kísiliðjunnar, Tillögur.

Iðnlánasjóður.

1. Umsögn Félags íslenzkra iðnrekenda um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 22. apríl 1966, um breyt. á l. nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð. — Bréf 23. des. (Db. 596).
2. Umsögn Iðnaðarbanka Íslands um sama frv. — Bréf 14. jan. (Db. 618).
3. Umsögn Iðnaðarbanka Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð. — Bréf 22. marz. (Db. 818).
4. Iðnmrn. fer fram á, að tiltekin leiðrétting verði gerð á sama frv. — Bréf 8. des. (Db. 553).
5. Umsögn Landssambands iðnaðarmanna um sama frv. — Bréf 21. jan. (Db. 625).

Iðnnemasamband Íslands, sjá Styrkur til.

Indiana Sturludóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 12.

Ingibjörg Eyjólfsdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 13.

Ingvar Gíslason, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 2, 8, Snjóbifreiðaferðir á austanverðu Norðurlandi, Varaþingmenn 5.

Ísafjarðarkaupstaður, sjá: Aldarafmæli, Læknamiðstöð á, Menntaskóli á.

Íslenzk endurtrygging, sjá Takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna.

Ísrael, sjá: Boð til forseta Alþingis um að vera viðstaddur vígslu nýs þinghúss í Jerúsalem, Palestínumálið.

Íþróttafulltrúi, sjá: Skólakostnaður 2, Sundskylda í skólum.

Íþróttahús fyrir Dalvíkurhrepp, sjá Bygging.

Íþróttakennaraskóli Íslands, sjá: Bygging heimavistarhúss við Íþróttakennaraskóla Íslands, Fjárlög 1967 8.

Íþróttasamband Íslands, sjá Fjárlög 1967 10.

Íþróttasjóður, sjá Fjárlög 1967 10.

Jacobsen, Elsebeth, sjá Ríkisborgararéttur.

Jarðakaup ríkisins.

1. Umsögn búnaðarþings 1967 um till. til þál. um endurskoðun l. um jarðakaup ríkisins o. fl. — Bréf 6. marz. (Db. 742).
2. Umsögn landnámsstjóra um sömu till. til þál. — Bréf 7. febr. (Db. 645).

3. Umsögn Stéttarsambands bænda um sömu till. til þál. — Bréf 11. marz. (Db. 769).
Jarðboranir árið 1966. Raforkumálastjóri sendir yfirlit um jarðboranir árið 1966. — Bréf 6. marz. (Db. 757).
Jarðeignasjóður ríkisins. Búnaðarmálastjóri sendir athugasemdir búnaðarþings 1967 um frv. til l. um jarðeignasjóð ríkisins. — Bréf 1. marz. (Db. 716).
Jarðræktarlög. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965. — Bréf 14. marz. (Db. 788).
Jarðskjálftamælingastöð á Akureyri, sjá Bygging lögreglustöðvar, fangageymslu og.
Jarðvegsrannsóknir hjá Garðyrkjuskóla ríkisins. Landbrn. sendir og mælir með erindi Garðyrkjubændafélags Árnessýslu, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 150 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við jarðvegsrannsóknir hjá Garðyrkjuskóla ríkisins. — Bréf 25. nóv. (Db. 487).
Jens Pálsson, sjá Mannfræðirannsóknir á Íslendingum.
Jensen, Kaj Erik, sjá Ríkisborgararéttur.
Jóhann Hafstein, sjá Varaþingmenn 2.
Jón Árnason, sjá Barnaheimili á Akranesi.
Jón Ísberg, sjá Varaþingmenn 6—9.
Jón Kjartansson, sjá Varaþingmenn 10—11.
Jón Sigurðsson, sjá Hús.
Jón Þorsteinsson, sjá Varaþingmenn 22.
Jónas Pétursson, sjá: Eftirlaun og styrktarfé 4, Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af benzíni fyrir snjóbifreiðar, Fjárlög 1967 9, Varaþingmenn 21.
Jónas G. Rafnar, sjá: Bygging lögreglustöðvar o. fl. á Akureyri, Eftirlaun og styrktarfé 4, 8, 22, 24, Styrkur til vélarkaupa í Hríseyjarferjuna.
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sjá Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Kahn, Elisha Eliezer, sjá Ríkisborgararéttur.
Kalrannsóknir, sjá Styrkur til.
Kandidatanámskeið. Menntmrn. sendir erindi háskólarektors ásamt fskj., þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 300 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við námskeið fyrir kandidata og við fyrirlestrahald sérfræðinga. — Bréf 12. des. (Db. 580).
Karl Kristjánsson, sjá Snjóbifreiðaferðir á austanverðu Norðurlandi.
Karlakórinn Geysir, sjá Endurbætur á húseign.
Kaup á bóka- og steinasafni Tómasar Tryggvasonar. Menntmrn. sendir og mælir með erindi Rannsóknastofnunar iðnaðarins, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 100 þús. kr. til kaupa á bóka- og steinasafni Tómasar Tryggvasonar jarðfræðings. — Bréf 1. nóv. (Db. 324).
Kaup á dýralæknisbústað í Stykkishólmi. Landbrn. fer fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 300 þús. kr. vegna kaupa ríkisins á dýralæknisbústað í Stykkishólmi. — Bréf 6. des. (Db. 539).
Kaup á fasteign Önnu Þórhallsdóttur við Elliðavatn. Anna Þórhallsdóttir fer fram á, að fjvn. beiti sér fyrir, að ríkissjóður kaupi fasteign hennar við Elliðavatn. — Bréf 18. okt. (Db. 139).
Kaup á handbókinni Iceland. Utanrrn. fer fram á, að á fjárl. 1967 verði veittar 200 þús. kr. til kaupa á handbókinni Iceland 1966, sem Seðlabanki Íslands mun gefa út á næsta ári. — Bréf 21. nóv. (Db. 444).
Kaup á húsi Steingríms Sigurðssonar að Laugarvatni. Steingrímur Sigurðsson sendir skjöl varðandi kaup ríkisins á húsi hans að Laugarvatni. — Bréf 22. nóv. (Db. 454).
Kaup á kvikmyndinni: Fjærst í eilífðar útsæ. Utanrrn. fer fram á, að 10. gr. II. 17 í fjárl. 1967 hækki um 700 þús. kr. og verði fénu varið til kaupa á kvikmyndinni: Fjærst í eilífðar útsæ. — Bréf 12. des. (Db. 576).

Kaup á Nonnahúsi á Akureyri.
1. Fjmrn. fer fram á, að í 14. gr. fjárl. 1967 verði veittar 50 þús. kr. vegna kaupa á Nonnahúsi á Akureyri. — Bréf 7. des. (Db. 571).
2. Stjórn Zontaklúbbs Akureyrar fer fram á, að í fjárl. 1967 verði félaginu veittur 50 þús. kr. styrkur vegna kaupa á Nonnahúsi á Akureyri. — Bréf 29. nóv. (Db. 534).

Kaup á Smiðjuholti o. fl. Einar Guðnason og Vilhjálmur Einarsson fara fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til að ljúka við heimavistarhús Reykholtsskóla, til kaupa á iðnbýlinu Smiðjuholti, til viðhalds skólahúsinu í Reykholti o. fl. — Bréf 20. nóv. (Db. 447).

Kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu.
1. Umsögn Efnahagsstofnunarinnar um till. til þál. um rannsókn á kaupmætti tímakaups verkamanna í dagvinnu. — Bréf 13. apríl. (Db. 877).
2. Umsögn kjararannsóknarnefndar um sömu till. til þál. — Bréf 9. marz. (Db. 774).

Keflavík, sjá Bygging barnaskóla í.

Kennaranámskeið. Menntmrn. sendir og mælir með erindi fræðslumálastjóra, þar sem farið er fram á, að í fjárl. 1967 verði veittar 300 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við kennaranámskeið. — Bréf 6. des. (Db. 542).

Kielarvikan. Forseti fylkisþings Slésvíkur og Holtsetalands býður forseta Sþ. og þremur öðrum alþingismönnum til Kielarvikunnar, sem halda á 17.—21. júní 1967. — Bréf 20. febr. (Db. 709).

Kirkjumálaráðuneytið, sjá Tillögur.

Kísiliðjan, sjá Stjórn.

Kjararannsóknarnefnd, sjá Kaupmáttur tímakaups verkamanna í dagvinnu.

Kjarasamningur opinberra starfsmanna. Bandalag háskólamanna gerir tilteknar athugasemdir við frv. til l. um breyt. til bráðabirgða á l. nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. — Bréf 15. apríl. (Db. 883).

Kolviðarneslaug, sjá Umbætur á.

Kosningaaldur, sjá Lækkun.

Kópavogur, sjá: Barnaheimili í, Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins 3, Sala nýbýlalanda og hluta jarðarinnar, Skólabyggingar í.

Kristinn Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 14.

Kristín Pálmadóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 15.

Kristín L. Sigurðardóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 16.

Kristnisjóður Íslands. Forstjóri Söfnunarsjóðs Íslands sendir afrit af bréfi sínu til kirkjumrh. varðandi Kristnisjóð Íslands, sem stofnaður var árið 1941. — Bréf 12. des. (Db. 577, 578). — Sjá einnig Skipun prestakalla.

Kvist, Jörn Andersen, sjá Ríkisborgararéttur.

Kyvik, Hans Jakob, sjá Ríkisborgararéttur.

Lagarfljót, sjá Laxastigi í.

Lagfæring á lóð sjómannaskólans. Skólastjórar stýrimannaskólans og vélskólans í Reykjavík fara fram á, að á fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við lagfæringu á lóð sjómannaskólahússins. — Bréf 15. nóv. (Db. 401).

Lagning olíumalar á Vesturlandsveg. Umsögn vegamálastjóra um till. til þál. um lagningu olíumalar á Vesturlandsveg. — Bréf 16. marz. (Db. 813).

Landbúnaðarráðuneytið, sjá: Jarðvegsrannsóknir hjá Garðyrkjuskóla ríkisins, Kaup á dýralæknisbústað í Stykkishólmi, Sala landspildu úr ríkisjörðinni Grenivík 1, Sala sex eyðijarða í Grýtubakkahreppi 1, Sala nýbýlalanda og hluta jarðarinnar Kópavogs 2, Sala kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi 1, Sala Lækjarbæjar í Fremri-Torfustaðahreppi 1, Sala níu jarða og grasbýla í Neshreppi utan Ennis 1, Sala Skarðs í Snæfjallahreppi 2, Sala Uppsala í Barðastrandarhreppi 2, Sala Vola í Hraungerðishreppi 2—3, Sjóvarn-

argarður á Stokkseyri, Styrkur til Kvenfélagasambands Íslands, Styrkur til Landssambands hestamannafélaga, Styrkur til Látravíkur h/f, Tillögur.

Landhelgisgæzla Íslands.

1. Ólafur V. Sigurðsson stýrimaður gerir athugasemdir við frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands. — Bréf 19. marz. (Db. 814).
2. Skipaskoðunarstjóri gerir athugasemdir við sama frv. — Bréf 22. febr. (Db. 705).
3. Stjórn Skipstjórafélags Íslands gerir athugasemdir við sama frv. — Bréf 28. nóv. (Db. 498).
4. Starfsmannafélag Landhelgisgæzlu Íslands gerir athugasemdir við sama frv. — Bréf 18. nóv. (Db. 438).

— Sjá einnig: Lífeyrissjóður togarasjómanna 2, Radíóstaðsetningarkerfi fyrir siglingar með sérstöku tilliti til fiskveiða 2, Tillögur.

Landlæknir, sjá: Læknaskipunarlög 1, Sala nýbýlalanda og hluta jarðarinnar Kópavogs 3, Tillögur, Þyrlur til strandgæzlu, björgunar og heilbrigðisþjónustu 1, Öryrkjaheimili og endurhæfingarstöðvar 1.

Landmælingar Íslands. Samgmrn. sendir og mælir með erindi Landmælinga Íslands, þar sem farið er fram á, að fjárveiting til mælinganna í fjárl. 1967 verði 1 229 000 kr. — Bréf 7. nóv. (Db. 341).

Landnámsstjóri, sjá: Jarðakaup ríkisins 2, Sala lands úr ríkisjörðinni Grenivík 2, Sala sex eyðijarða í Grýtubakkahreppi 2, Sala Holts í Dyrhólahreppi 1, Sala nýbýlalanda og hluta jarðarinnar Kópavogs 4, Sala kristfjárjarðarinnar Litlu-Þúfu í Miklaholtshreppi 2, Sala Lækjarbæjar í Fremri-Torfustaðahreppi 2, Sala níu jarða og grasbýla í Neshreppi utan Ennis 2, Sala Skarðs í Snæfjallahreppi 3, Sala Uppsala í Barðastrandarhreppi 3, Sala Vola í Hraungerðishreppi 4—5.

Landsbanki Íslands, sjá Bankaráð.

Landsbókasafn, sjá: Ráðning aðstoðarstúlku í handritaviðgerðarstofu, Tillögur.

Landssamband fatlaðra, sjá Sjálfsbjörg.

Landssamband hestamannafélaga, sjá Styrkur til.

Landssamband iðnaðarmanna, sjá Iðnlánasjóður 5.

Landssamband íslenzkra stangveiðimanna, sjá: Lax- og silungsveiði 5, Styrkur til, Styrkur til fiskræktarstöðva.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, sjá: Bann gegn botnvörpuveiðum 4—5, Fiskimálaráð 5, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum 1, Skólaskip og þjálfun sjómannsefna o. fl. 2, Útflutningsgjald af sjávarafurðum 3, Verðjöfnunargjald af veiðarfærum 2, Verðlagsráð sjávarútvegsins 2.

Landssamband sjúkrahúsa, sjá Rekstrarstyrkur 2.

Landssamband veiðifélaga, sjá: Lax og silungsveiði 6, Styrkur til lax- og silungseldis.

Landþurrkun í Út-Hjaltastaðaþinghá. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., sendir og mælir með erindi Landþurrkunar- og áveitufélags Hjaltastaðaþinghár, þar sem farið er fram á, að á fjárl. 1967 verði veittur 150 þús. kr. framhaldsstyrkur til greiðslu kostnaðar við landþurrkun í Út-Hjaltastaðaþinghá. — Bréf 2. nóv. (Db. 317).

Laugargerðisskóli, sjá Umbætur á Kolviðarneslaug.

Lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna. Umsögn Félags framreiðslumanna um frv. til l. um lausn deilu framreiðslumanna og veitingamanna. — Bréf 8. nóv. (Db. 347).

Lax- og silungseldi, sjá: Styrkur til, Styrkur til Látravíkur h/f.

Lax- og silungsveiði.

1. Umsögn Búnaðarfélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði. — Bréf 20. des. (Db. 601).
2. Umsögn búnaðarþings um sama frv. — Bréf 14. marz. (Db. 794).

3. Dómsmrn. fer fram á, að tilteknar breyt. verði gerðar á sama frv. — Bréf 16. nóv. (Db. 422).
4. Umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um sama frv. — Bréf 7. nóv. (Db. 340).
5. Umsögn Landssambands íslenzkra stangveiðimanna um sama frv. — Bréf 16. nóv. (Db. 425).
6. Umsögn Landssambands veiðifélaga um sama frv. — Bréf 25. nóv. (Db. 499).
7. Umsögn náttúruverndarráðs um sama frv. — Bréf 17. marz. (Db. 801).
8. Umsögn Veiðifélags Árnesinga um sama frv. — Bréf 30. nóv. (Db. 521).
9. Umsögn veiðimálanefndar og veiðimálastjóra um sama frv. — Bréf 18. febr. (Db. 700).
10. Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri gera frekari aths. við sama frv. — Bréf 24. febr. (Db. 708).

— Sjá einnig Endurskoðun laga um.

Laxastigi í Lagarfljóti.

1. Bjarni Þórðarson sendir ályktun stofnfundar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, þar sem farið er fram á, að á fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við að gera laxastiga í Laxfossi í Lagarfljóti. — Bréf 5. nóv. (Db. 338).
2. Sveinn Jónsson sendir f. h. Veiðifélags Fljótsdalshéraðs erindi félagsins ásamt fskj., þar sem m. a. er farið fram á, að í fjárl. 1967 verði veitt fé til greiðslu kostnaðar við að gera laxastiga í Lagarfljóti. — Bréf 7. okt. (Db. 71).

Laxá í Vestur-Skaftafellssýslu, sjá Fyrirhleðsla í.

Leikfélag Reykjavíkur. Stjórn Leikfélags Reykjavíkur óskar eftir að fá viðtal við fjárveitinganefnd. — Bréf 4. nóv. (Db. 339).

Libnau, Karl Bernhard, sjá Ríkisborgararéttur.

Libnau, Kristín, sjá Ríkisborgararéttur.

Listamannalaun.

1. Ritari Arkitektafélags Íslands tekur fram, að umsögn félagsins um frv. til l. um listamannalaun hafi verið send í sameiginlegri umsögn Bandalags íslenzkra listamanna. — Bréf 17. apríl. (Db. 898).
2. Myndlistarfélagið gerir tilteknar athugasemdir við frv. til l. um listamannalaun. — Bréf 4. apríl. (Db. 838, 839).

Listamannalaun og listasjóður. Umsögn Félags íslenzkra leikara um frv. til l. um listamannalaun og listasjóð. — Bréf 6. jan. (Db. 609).

Listasafn Íslands, sjá: Rekstrarfé, Tillögur.

Litla-Þúfa í Miklaholtshreppi, sjá Sala.

Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

1. Umsögn stjórnar Lífeyrissjóðs togarasjómanna og undirmanna á farskipum um frv. til l. um breyt. á l. nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. — Bréf 21. marz. (Db. 817).
2. Sigfús Bjarnason sendir ályktanir aðalfundar Sjómannafélags Reykjavíkur frá 26. febr. varðandi frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum, frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, frv. til l. um Landhelgisgæzlu Íslands, endurnýjun togaraflotans o. fl. — Bréf 28. marz. (Db. 851).

Loftpúðaskip.

1. Umsögn skipaskoðunarstjóra um till. til þál. um loftpúðaskip. — Bréf 25. febr. (Db. 711).
2. Framhaldsumsögn skipaskoðunarstjóra um sömu till. til þál. — Bréf 9. marz. (Db. 764).

Lóð sjómannaskólans, sjá Lagfæring á.

Lóðaúthlutun Þingvallanefndar. Ólafur Halldórsson o. fl. senda ályktun aðalfundar Félags íslenzkra fræða 16. marz, þar sem mótmælt er lóðaúthlutun Þingvallanefndar á Þingvöllum og skorað er á Alþingi að stöðva slíka úthlutun o. fl. — Bréf ódagsett. (Db. 806).
Lúðvík Jósefsson, sjá: Barnaheimili í Neskaupstað, Endurgreiðsla aðflutningsgjalda af benzíni fyrir snjóbifreiðar, Sjómannaheimili í Neskaupstað, Styrkur til Félags myndlistaráhugamanna í Neskaupstað, Styrkur til náttúrugripasafns í Neskaupstað, Varaþingmenn 1.
Lýsisherzluverksmiðja í Reykjavík. Framkvæmdastjóri Hydrol h/f tilkynnir, að hlutafélagið eigi og starfræki lýsisherzluverksmiðju í Reykjavík, og gefur jafnframt ýmsar upplýsingar um hana o. fl. — Bréf 15. nóv. (Db. 397).
Lækjarbær, sjá Sala.
Lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans. Umsögn Fiskveiðasjóðs Íslands um till. til þál. um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans. — Bréf 3. apríl. (Db. 827).
Lækkun kosningaaldurs.
1. Hákon Guðmundsson yfirborgardómari sendir álit nefndar, sem kosin var af Alþingi til að athuga, hvort tímabært sé og æskilegt að lækka kosningaaldur o. fl. — Bréf 10. febr. (Db. 656).
2. Stjórn Félags ungra jafnaðarmanna sendir ályktun félagsins, þar sem skorað er á Alþingi að breyta stjórnarskránni á þann hátt, að kosningaaldur lækki í 18 ár. — Bréf 15. marz. (Db. 815).

Læknamiðstöð á Ísafirði. Bæjarstjóri Ísafjarðarkaupstaðar sendir ályktun bæjarstjórnarinnar þar frá 15. febr., þar sem farið er fram á, að komið verði á fót læknamiðstöð á Ísafirði. — Bréf 18. febr. (Db. 698).
Læknaskipunarlög.
1. Umsögn landlæknis um frv. til l. um breyt. á læknaskipunarlögum, nr. 43 12. maí 1965. — Bréf 6. marz. (Db. 749).
2. Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan mælir með sama frv. — Bréf 8. febr. (Db. 663).

— Sjá einnig Lífeyrissjóður togarasjómanna 2.
Læknisbústaður í Borgarnesi, sjá Endurbætur á.
Lögreglustöð á Akureyri, sjá Bygging.
Löngumýrarskóli, sjá Bygging kennarabústaðar við.

Magnús Jónsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 14.
Mai, Anna Ingeborg, sjá Ríkisborgararéttur.
Mannfræðirannsóknir á Íslendingum. Jens Pálsson fer fram á, að honum verði veittur allt að 280 þús. kr. styrkur til áframhaldandi mannfræðirannsókna á Íslendingum á árunum 1967—1968. — Bréf 15. nóv. (Db. 453).
